ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 24

24. árgangur

20.4.2017

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2017/EES/24/01 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB frá 16. september 2009 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila 1

2017/EES/24/02 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/102/EB frá 16. september 2009 á sviði félagaréttar um einkahlutafélög eins aðila 10

2017/EES/24/03 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/775 frá 18. maí 2016 um viðmiðun vegna úthlutunar heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda án endurgjalds til umráðenda loftfara skv. 5. mgr. 3. gr. f í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/87/EB 16

2017/EES/24/04 Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 18

2017/EES/24/05 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit 41

2017/EES/24/06 Reglugerð ráðsins (EB) nr. 967/2008 frá 29. september 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara 125

2017/EES/24/07 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 127

2017/EES/24/08 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1254/2008 frá 15. desember 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit 155

2017/EES/24/09 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 537/2009 frá 19. júní 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar skrána yfir þriðju lönd þar sem tilteknar landbúnaðarafurðir, sem eru lífræn framleiðsla, verða að vera upprunnar til að setja megi þær á markað í Bandalaginu 158

2017/EES/24/10 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 271/2010 frá 24. mars 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr 834/2007 að því er varðar kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu 162

2017/EES/24/11 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 471/2010 frá 31. maí 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar skrána yfir þriðju lönd þar sem tilteknar landbúnaðarafurðir, sem eru lífræn framleiðsla, verða að vera upprunnar til að setja megi þær á markað í Sambandin 166

2017/EES/24/12 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 344/2011 frá 8. apríl 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit 169

2017/EES/24/13 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 426/2011 frá 2. maí 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit 171

2017/EES/24/14 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 590/2011 frá 20. júní 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 173

2017/EES/24/15 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1084/2011 frá 27. október 2011 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 177

2017/EES/24/16 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1267/2011 frá 6. desember 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 179

2017/EES/24/17 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 126/2012 frá 14. febrúar 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 að því er varðar skrifleg sönnunargögn og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá Bandaríkjum Ameríku 193

2017/EES/24/18 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 203/2012 frá 8. mars 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar ítarlegar reglur um lífrænt vín 200

2017/EES/24/19 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 505/2012 frá 14. júní 2012 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit 206

2017/EES/24/20 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 508/2012 frá 20. júní 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 214

2017/EES/24/21 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 751/2012 frá 16. ágúst 2012 um leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 259

2017/EES/24/22 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 125/2013 frá 13. febrúar 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi á lífrænum vörum frá þriðju löndum 265

2017/EES/24/23 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 392/2013 frá 29. apríl 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 að því er varðar eftirlitskerfið fyrir lífræna framleiðslu 288

2017/EES/24/24 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 567/2013 frá 18. júní 2013 um leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 298

2017/EES/24/25 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 586/2013 frá 20. júní 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum og um undanþágu frá reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar framlagningardag ársskýrslunnar 301

2017/EES/24/26 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1030/2013 frá 24. október 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit 312

2017/EES/24/27 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1364/2013 frá 17. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar notkun á ungviði lagareldisdýra sem ekki er úr lífrænu eldi og ungviði samlokna sem ekki er úr lífrænu eldi 314

2017/EES/24/28 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 354/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit 316

2017/EES/24/29 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 355/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 324

2017/EES/24/30 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 442/2014 frá 30. apríl 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar beiðnir um færslu á skrá yfir þriðju lönd sem eru viðurkennd að því er varðar jafngildi í tengslum við innflutning á lífrænum vörum 350

2017/EES/24/31 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 644/2014 frá 16. júní 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi á lífrænum vörum frá þriðju löndum 352

2017/EES/24/32 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 829/2014 frá 30. júlí 2014 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 362

2017/EES/24/33 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 836/2014 frá 31. júlí 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit 369

2017/EES/24/34 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1287/2014 frá 28. nóvember 2014 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 371

2017/EES/24/35 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1358/2014 frá 18. desember 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar uppruna lagareldisdýra úr lífrænu eldi, búskaparhætti í lagareldi, fóður fyrir lagareldisdýr úr lífrænu eldi og vörur og efni sem leyfilegt er að nota við lífrænt lagareldi 392

2017/EES/24/36 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/131 frá 26. janúar 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 398

2017/EES/24/37 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/931 frá 17. júní 2015 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 402

2017/EES/24/38 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1980 frá 4. nóvember 2015 um leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 421

2017/EES/24/39 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2345 frá 15. desember 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 424

2017/EES/24/40 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/459 frá 18. mars 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 438

2017/EES/24/41 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/673 frá 29. apríl 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit 441

2017/EES/24/42 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/910 frá 9. júní 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 456

2017/EES/24/43 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1330 frá 2. ágúst 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum 458

2017/EES/24/44 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1785 frá 7. október 2016 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýmoxaníl, fosfan- og fosfíðsölt og natríum-5-nítrógvæjakólat, natríum-o-nítrófenólat og natríum-p-nítrófenólat í eða á tilteknum afurðum 512

2017/EES/24/45 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1822 frá 13. október 2016 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir aklónífen, deltametrín, flúasínam, metómýl, súlkótríón og þíódíkarb í eða á tilteknum afurðum 533

2017/EES/24/46 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1866 frá 17. október 2016 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 3-deken-2-ón, asíbensólar-S-metýl og hexaklórbensen í eða á tilteknum afurðum 577

2017/EES/24/47 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1834 frá 17. október 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið mónepantel 605

2017/EES/24/48 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1936 frá 4. nóvember 2016 um að samþykkja kalsíumoxíð (brennt kalk) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3 608

2017/EES/24/49 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/950 frá 15. júní 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2,4-DB, betasýflútrín, karfentrasónetýl, *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 (DSM 9660), sýasófamíð, deltametrín, dímetenamíð-P, etófúmesat, fenamídón, flúfenaset, flúrtamón, foramsúlfúrón, fosþíasat, ímasamox, joðsúlfúrón, ípródíón, ísoxaflútól, línúrón, malínhýdrasíð, mesótríón, oxasúlfúrón, pendímetalín, píkoxýstróbín, silþíófam og trífloxýstróbín 611

2017/EES/24/50 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/952 frá 15. júní 2016 um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Saccharomyces cerevisiae* af stofni LAS02, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 614

2017/EES/24/51 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1424 frá 25. ágúst 2016 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu þífensúlfúrónmetýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 618

2017/EES/24/52 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1429 frá 26. ágúst 2016 um samþykki fyrir virka efninu *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni MBI 600, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndar-vara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 623

2017/EES/24/53 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/37/ESB frá 26. júní 2013 um breytingu á tilskipun 2003/98/EB um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera 628

2017/EES/24/54 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/114/EB frá 12. desember 2006 um villandi auglýsingar og samanburðarauglýsingar (kerfisbundin útgáfa) 636

2017/EES/24/55 Skrá yfir þriðju lönd sem eru viðurkennd að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna samkvæmt tilskipun 2008/106/EB (Staðan 1. ágúst 2015) 643

2017/EES/24/56 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1361 frá 9. ágúst 2016 um viðurkenningu á International Sustainability and Carbon Certification system til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt 646

2017/EES/24/57 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1362 frá 9. ágúst 2016 um viðurkenningu á Roundtable on Sustainable Biomaterials EU RED til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt 648

2017/EES/24/58 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1433 frá 26. ágúst 2016 um viðurkenningu á Biomass Biofuels Sustainability voluntary scheme til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt 650

2017/EES/24/59 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2039 frá 13. nóvember 2015 um jafngildi milli regluramma Suður-Afríku um miðlæga mótaðila og krafnanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár 652

2017/EES/24/60 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2040 frá 13. nóvember 2015 um jafngildi milli regluramma tiltekinna fylkja í Kanada um miðlæga mótaðila og krafnanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár 655

2017/EES/24/61 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2041 frá 13. nóvember 2015 um jafngildi milli regluramma Mexíkó um miðlæga mótaðila og krafnanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár 661

2017/EES/24/62 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2042 frá 13. nóvember 2015 um jafngildi milli regluramma Sviss um miðlæga mótaðila og krafnanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár 665

2017/EES/24/63 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1013 frá 8. júní 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 184/2005 um hagskýrslugerð Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu 669

2017/EES/24/64 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2309 frá 16. desember 2016 um fjórðu aðlögun á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum að framförum á sviði vísinda og tækni 678

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/101/EB **2017/EES/24/01**

frá 16. september 2009

um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila

(kerfisbundin útgáfa) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum g-lið 2. mgr. 44. gr.,

með hliðsjón af almennri áætlun um afnám hafta á staðfesturétti ([1]), einkum VI. bálki,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Umtalsverðar breytingar hafa nokkrum sinnum verið gerðar á fyrstu tilskipun ráðsins 68/151/EBE frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu ([4]) og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra, hefur verið breytt verulega nokkrum sinnum ([5]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Samræming ákvæða landslaga varðandi upplýsingagjöf, gildi skráðra skuldbindinga og ógildingu félaga sem eru takmörkuð af hlutum eða hafa að öðru leyti takmarkaða bótaábyrgð er sérstaklega mikilvæg, einkum í þeim tilgangi að verja hagsmuni þriðja aðila.

3) Grundvallarskjöl félagsins skal birta svo að þriðji aðili geti kynnt sér innihald þeirra og aðrar upplýsingar um félagið, einkum einstök atriði um aðila þá sem hafa heimild til að skuldbinda félagið.

4) Með fyrirvara um efnislegar kröfur og formsatriði, sem aðildarríkin hafa komið á með landslögum, skulu félög geta valið hvort þau senda skyldubundin skjöl og upplýsingar á pappír eða með rafrænum hætti.

5) Hagsmunaaðilar skulu geta fengið endurrit af slíkum skjölum og upplýsingum úr skránni á pappír svo og með rafrænum hætti.

6) Aðildarríkjunum skal heimilt að ákveða að hafa lögbirtingablaðið, sem tilnefnt er til útgáfu á skyldubundnum skjölum og upplýsingum, á pappírsformi eða rafrænu formi eða að sjá um að það sé birt á jafnskilvirkan hátt.

7) Auðvelda skal aðgang yfir landamæri að upplýsingum um félög með því að leyfa, til viðbótar við lögbundna birtingarskyldu á einu þeirra tungumála sem leyfð eru í aðildarríki félagsins, að valfrjálst sé að skrá skjölin og upplýsingarnar, sem krafist er, á öðrum tungumálum. Þriðji aðili, sem starfar í góðri trú, á að geta reitt sig á þýðingar þeirra.

8) Þess ber að geta að yfirlýsingin um skyldubundnar upplýsingar, sem um getur í þessari tilskipun, skal koma fram í öllum bréfum og eyðublöðum fyrir pantanir félagsins, hvort sem þau eru á pappírsformi eða á öðrum miðli. Í ljósi tækniþróunar er einnig rétt að þessum yfirlýsingum verði komið fyrir á vefsetri félagsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 15.7.2010, bls. 33.

([1]) Stjtíð. EB L 2, 15.1.1962, bls. 36/62.

([2]) Stjtíð. ESB C 204, 9.8.2008, bls. 25.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 17. júní 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 13. júlí 2009.

([4]) Stjtíð. EB L 65, 14.3.1968, bls. 8.

([5]) Sjá A-hluta I. viðauka.

9) Tryggja þarf hagsmuni þriðja aðila með ákvæðum er takmarka eins og mögulegt er ástæður fyrir ógildingu skuldbindinga sem gengist er undir í nafni félagsins.

10) Til að tryggja réttaröryggi um tengsl félagsins og þriðja aðila, og um innbyrðis tengsl félagsmanna, er nauðsynlegt að takmarka möguleikana á ógildingu og afturvirkni ógildingaryfirlýsingar og gefa stuttan frest sem veitir þriðja aðila tækifæri til að leggja fram mótmæli gegn slíkri yfirlýsingu.

11) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til lögleiðingar tilskipananna sem eru settir fram í B-hluta I. viðauka,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

Ráðstafanir til samræmingar, sem mælt er fyrir um í tilskipun þessari, gilda um lög og stjórnsýslufyrirmæli í aðildarríkjunum varðandi eftirfarandi gerðir félaga:

— í Belgíu:

naamloze vennootschap,	société anonyme,
commanditaire vennootschap op aandelen,	société en commandite par actions,
personenvennootschap met beperkte aansprakelijkheid;	société de personnes à responsabilité limitée;

— í Búlgaríu:

акционерно дружество, дружество с ограничена отговорност, командитно дружество с акции,

— í Tékklandi:

společnost s ručením omezeným, akciová společnost,

— í Danmörku:

aktieselskab, kommanditaktieselskab, anpartsselskab,

— í Þýskalandi:

die Aktiengesellschaft, die Kommanditgesellschaft auf Aktien, die Gesellschaft mit beschränkter Haftung,

— í Eistlandi:

aktsiaselts, osaühing,

— á Írlandi:

Companies incorporated with limited liability,

— í Grikklandi:

ανώνυμη εταιρία, εταιρία περιωρισμένης ευθύνης, ετερόρρυθμη κατά μετοχές εταιρία,

— á Spáni:

la sociedad anónima, la sociedad comanditaria por acciones, la sociedad de responsabilidad limitada,

— í Frakklandi:

société anonyme, société en commandite par actions, société à responsabilité limitée, société par actions simplifiée,

— á Ítalíu:

società per azioni, società in accomandita per azioni, società a responsabilità limitata,

— á Kýpur:

δημόσιες εταιρείες περιορισμένης ευθύνης με μετοχές ή με εγγύηση, ιδιωτικές εταιρείες περιορισμένης ευθύνης με μετοχές ή με εγγύηση,

— í Lettlandi:

akciju sabiedrība, sabiedrība ar ierobežotu atbildību, komanditsabiedrība,

— í Litháen:

akcinė bendrovė, uždaroji akcinė bendrovė,

— í Lúxemborg:

société anonyme, société en commandite par actions, société à responsabilité limitée,

— í Ungverjalandi:

részvénytársaság, korlátolt felelősségű társaság,

— á Möltu:

kumpannija pubblika/public limited liability company, kumpannija privata/private limited liability company,

— í Hollandi:

naamloze vennootschap, besloten vennootschap met beperkte aansprakelijkheid,

— í Austurríki:

die Aktiengesellschaft, die Gesellschaft mit beschränkter Haftung,

— í Póllandi:

spółka z ograniczoną odpowiedzialnością, spółka komandytowo-akcyjna, spółka akcyjna,

— í Portúgal:

a sociedade anónima de responsabilidade limitada, a sociedade em comandita por acções, a sociedade por quotas de responsabilidade limitada,

— í Rúmeníu:

societate pe acțiuni, societate cu răspundere limitată, societate în comandită pe acțiuni;

— í Slóveníu:

delniška družba, družba z omejeno odgovornostjo, komaditna delniška družba,

— í Slóvakíu:

akciová spoločnosť, spoločnosť s ručením obmedzeným,

— í Finnlandi:

yksityinen osakeyhtiö/privat aktiebolag, julkinen osakeyhtiö/publikt aktiebolag,

— í Svíþjóð:

aktiebolag,

— í Breska konungsríkinu:

Companies incorporated with limited liability.

2. KAFLI

BIRTING UPPLÝSINGA

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að félögum sé skylt að birta a.m.k. eftirfarandi skjöl og upplýsingar sem um getur í 1. gr.:

a) stofnsamning og samþykktir ef þær er að finna í sérstöku skjali,

b) breytingar á skjölum sem tilgreind eru í a-lið, þar með taldar framlengingar á gildistíma félagsins,

c) allan texta stofnsamnings eða samþykkta með áorðnum breytingum eftir sérhverja breytingu á stofnsamningnum eða samþykktum,

d) skipun, starfslok og deili á þeim mönnum sem annaðhvort í formi löglega stofnsettrar stofnunar eða sem aðilar að slíkri stofnun:

i. hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins í viðskiptum við þriðja aðila og í málarekstri, þegar upplýsingar eru birtar þarf að koma fram hvort þeir menn, sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, megi gera það einir eða þurfi að gera það sameiginlega,

ii. sitja í stjórn félagsins eða framkvæmdastjórn þess eða hafa eftirlit með því,

e) fjárhæð skráðs hlutafjár a.m.k. einu sinni á ári ef stofnsamningur eða samþykktir tiltaka leyfilegt hlutafé nema því aðeins að hækkun á skráðu hlutafé kalli á breytingu á samþykktunum,

f) bókhaldsgögn fyrir hvert fjárhagsár sem ber að birta samkvæmt tilskipunum ráðsins 78/660/EBE ([1]), 83/349/EBE ([2]), 86/635/EBE ([3]) og 91/674/EBE ([4]),

g) sérhverjar breytingar skráðrar skrifstofu félags;

h) félagsslit,

i) yfirlýsingu dómstóla um ógildingu félagsins,

([1]) Fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð (Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11).

([2]) Sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans (Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana (Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1).

([4]) Tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikningsskil vátryggingafélaga (Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7).

j) skipun skilanefndarmanna, deili á þeim og völd hvers og eins þeirra nema kveðið sé skýrt og sérstaklega á um völd þeirra í lögum eða samþykktum félagsins,

k) lok skilanefndarmeðferðar, svo og staðfestingu á afskráningu í aðildarríkjum þar sem afskráning af félagaskrá hefur réttaráhrif.

3. gr.

1. Í hverju aðildarríki skal í aðalskrá, verslanaskrá eða félagaskrá geyma möppu fyrir hvert félag sem þar er skráð.

2. Að því er snertir þessa grein merkir hugtakið „með rafrænum hætti“ að upplýsingarnar eru upphaflega sendar og við þeim tekið á ákvörðunarstað með rafrænum búnaði fyrir vinnslu (þ.m.t. stafræn þjöppun) og geymslu gagna og eingöngu sendar, fluttar og mótteknar á þann hátt sem aðildarríkin ákveða, með rafþræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum.

3. Öll skjöl og upplýsingar, sem skylt er að birta skv. 2. gr., skal varðveita í möppunni eða færa í skrána. Efnisinnihald færslna í skrána skal koma fram í sérhverju tilviki í möppunni.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að félögum, sem og öðrum aðilum og stofnunum, sem ber skylda til að senda tilkynningar eða standa að þeim, gefist kostur á að senda inn skjöl og upplýsingar, sem skylt er að birta skv. 2. gr., með rafrænum hætti. Að auki geta aðildarríkin krafið alla eða tiltekna flokka félaga um að senda inn allar eða tilteknar gerðir slíkra skjala og upplýsinga með rafrænum hætti.

Öll skjöl og upplýsingar, sem um getur í 2. gr. og eru send inn, hvort sem er á pappír eða með rafrænum hætti, skal varðveita í möppunni eða færa í skrána á rafrænu formi. Aðildarríkin skulu í þessu skyni tryggja að öll slík skjöl og upplýsingar, sem eru send inn á pappír, verði færð yfir á rafrænt form í skránni.

Skjölin og upplýsingarnar, sem um getur í 2. gr. og hafa verið send inn á pappír fram til 31. desember 2006, þarf ekki að færa sjálfkrafa yfir á rafrænt form í skránni. Aðildarríkin skulu eigi að síður tryggja að þau séu færð yfir á rafrænt form í skránni eftir að hafa tekið við umsókn um birtingu með rafrænum hætti í samræmi við ráðstafanir sem samþykktar voru til framkvæmdar 4. mgr.

4. Endurrit af skjölunum eða upplýsingunum, sem getið er í 2. gr., skulu vera fáanleg í heild eða að hluta við umsókn. Umsækjandi getur lagt inn umsóknir í skrána á pappír eða með rafrænum hætti að eigin vali.

Endurrit, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu vera fáanleg úr skránni á pappír eða með rafrænum hætti, að vali umsækjenda. Þetta gildir um öll skjöl og upplýsingar sem þegar hafa verið skráð. Þó geta aðildarríkin ákveðið að allar eða tilteknar gerðir skjala og upplýsinga, sem send voru inn á pappír tiltekinn dag eða fyrir þann dag, sem má eigi vera síðar en 31. desember 2006, verði ekki fáanlegar úr skránni með rafrænum hætti ef tiltekinn tími hefur liðið frá því að þau voru send inn og þar til umsóknin er lögð inn í skrána. Þessi tiltekni tími má ekki vera skemmri en tíu ár.

Gjaldið fyrir að fá endurrit af skjölunum eða upplýsingunum, sem um getur í 2. gr, í heild eða að hluta, á pappír eða með rafrænum hætti, skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaðinum við gerð þeirra.

Pappírsendurrit, sem látin eru í té, skulu vera staðfest sem „rétt endurrit“ nema umsækjandi telji slíka staðfestingu óþarfa. Rafræn endurrit, sem látin eru í té, skulu ekki vera staðfest sem „rétt endurrit“ nema umsækjandi óski eftir slíkri staðfestingu.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá til þess að staðfesting á rafrænum endurritum tryggi bæði að uppruni þeirra sé ósvikinn og sanngildi efnis þeirra, með því að nota a.m.k. þróaða, rafræna undirskrift í skilningi 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 1999/93/EB ([1]).

5. Birting skjala og upplýsinga, sem um getur í 3. mgr., kemur til framkvæmda með útgáfu textans í heild eða að hluta í lögbirtingablaði, sem aðildarríkin tilnefna, eða með tilvísun til skjalsins sem hefur verið fært inn í möppuna eða skrána. Lögbirtingablaðið, sem tilnefnt er til þessa, getur verið á rafrænu formi.

Aðildarríkin geta ákveðið að í stað útgáfu í lögbirtingablaði komi jafnskilvirk úrræði, sem skulu fela í sér notkun á kerfi þar sem nálgast má upplýsingarnar, sem birtar eru, í tímaröð á miðlægum, rafrænum verkvangi.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma Bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir (Stjtíð. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12).

6. Félagið getur aðeins borið fyrir sig skjölin og upplýsingarnar gagnvart þriðja aðila eftir að þau hafa verið birt í samræmi við 5. mgr., nema félagið sýni fram á að þriðji aðili hafi haft vitneskju um þau.

Ef viðskipti eiga sér stað innan sextán daga frá birtingu skal þó ekki bera fyrir sig skjöl og upplýsingar gagnvart þriðja aðila sem færa sönnur á að ómögulegt hafi verið fyrir hann að vita um þau.

7. Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að forðast misræmi milli upplýsinga sem eru birtar í samræmi við 5. mgr. og þeirra sem fram koma í skrá eða möppu.

Ef um misræmi er að ræða er þó óheimilt að bera fyrir sig upplýsingar, sem birtar eru í samræmi við 5. mgr., gagnvart þriðja aðila; þriðji aðili getur eigi að síður borið þær fyrir sig, nema félagið sýni fram á að hann hafi haft vitneskju um upplýsingarnar sem varðveittar eru í möppunni eða færðar í skrána.

Enn fremur getur þriðji aðili ávallt borið fyrir sig skjöl og upplýsingar þótt formsatriðum um birtingu hafi ekki enn verið fullnægt, nema ástæðan fyrir því að skjöl öðlast ekki gildi sé sú að þau hafi ekki verið birt.

4. gr.

1. Skjöl og upplýsingar, sem ber að birta skv. 2. gr. skulu samin og send á einu af þeim tungumálum sem leyfð eru í reglum um tungumál í aðildarríkinu þar sem mappan, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., er geymd.

2. Auk lögbundu birtingarskyldunnar, sem um getur í 3. gr., skulu aðildarríkin leyfa valfrjálsa birtingu skjala og upplýsinga, sem um getur í 2. gr., í samræmi við 3. gr. á einhverju opinberu tungumáli eða tungumálum Bandalagsins.

Aðildarríkin geta mælt fyrir um að þýðing slíkra skjala og upplýsinga verði löggilt.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að auðvelda þriðja aðila aðgang að þýðingum sem frjálst er að birta.

3. Auk lögbundnu birtingarskyldunnar, sem getið er í 3. gr., og valfrjálsu birtingarinnar, sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar, geta aðildarríkin leyft að viðkomandi skjöl og upplýsingar séu birt á einhverju öðru tungumáli eða tungumálum í samræmi við 3. gr.

Aðildarríkin geta mælt fyrir um að þýðing slíkra skjala og upplýsinga verði löggilt.

4. Ef um misræmi er að ræða milli skjalanna og upplýsinganna, sem birt eru á opinberum tungumálum skrárinnar, og þýðingarinnar, sem valfrjálst er að birta, er ekki hægt að bera fyrir sig hið síðarnefnda gagnvart þriðja aðila. Þriðji aðili getur eigi að síður borið fyrir sig þýðingarnar sem valfrjálst er að birta, nema félagið sýni fram á að þriðji aðilinn hafi haft vitneskju um þá útgáfu sem lögbundna birtingarskyldan gildir um.

5. gr.

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að í bréfum og á eyðublöðum fyrir pantanir, hvort sem er á pappírsformi eða á öðrum miðli, komi fram eftirfarandi upplýsingar:

a) nauðsynlegar upplýsingar til að unn sé að bera kennsl á skrána þar sem mappan, sem getið er í 3. gr. er geymd, ásamt númeri félagsins í þeirri skrá,

b) lagalegt form félagsins, staðsetning skráðar skrifstofu þess og, þar sem við á, að verið sé að slíta félagi.

Þegar eigið fé félagsins er nefnt í þessum skjölum er átt við skráð hlutafé sem greitt hefur verið að fullu.

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að á vefsetri félaga skuli vera a.m.k. upplýsingarnar sem getið er í fyrstu málsgrein og, ef við á, tilvísun til skráðs hlutafjár sem greitt hefur verið að fullu.

6. gr.

Sérhvert aðildarríki skal ákveða hvaða einstaklingar sjái um formsatriði varðandi birtingu.

7. gr.

Aðildarríkin skulu setja ákvæði um viðeigandi refsingu í eftirfarandi tilvikum:

a) ef vanrækt er að birta bókhaldsgögn svo sem mælt er fyrir um í f-lið 2. gr.,

b) ef tilskildar upplýsingar, sem kveðið er á um í 5. gr., vantar í viðskiptaskjöl eða á vefsetur félags.

3. KAFLI

GILDI SKULDBINDINGA SEM FÉLAGIÐ GENGST UNDIR

8. gr.

Hafi viðskipti átt sér stað í nafni félags, sem verið er að stofna og hefur enn ekki fengið réttarstöðu lögaðila, og það tekur ekki á sig skuldbindingar sem af þeim leiða, skulu einstaklingar þeir sem það gerðu bera ótakmarkaða ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn nema öðruvísi sé um samið.

9. gr.

Með því að uppfylla formkröfur um birtingu upplýsinga um einstaklinga, sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félags í hlutverki stofnunar þess, er komið í veg fyrir að byggt sé á hvers kyns göllum varðandi skipun þeirra gagnvart þriðja aðila nema félagið sanni að þriðji aðili hafi haft vitneskju þar um.

10. gr.

1. Gerðir stofnana félags eru bindandi fyrir það, jafnvel þótt þær séu ekki í samræmi við tilgang félagsins, nema slíkar gerðir fari fram úr því valdi sem lög veita þessum stofnunum eða heimila að þeim sé veitt.

Þó geta aðildarríki kveðið á um að félag skuli ekki bundið, séu slíkar gerðir ekki í samræmi við tilgang þess, ef í ljós kemur að þriðji aðili vissi að gerðin var ekki í samræmi við þennan tilgang eða óhugsandi sé annað en að honum hafi verið fullkunnugt þar um sé tekið tillit til aðstæðna; birting samþykkta ein og sér er ekki nægileg sönnun þess.

2. Ekki má bera fyrir sig gagnvart þriðja aðila takmarkanir á valdi stofnana félagsins samkvæmt samþykktum þess eða ákvörðunum lögbærra stofnana þess jafnvel þótt þær hafi verið birtar.

3. Kveði landslög á um að veita megi í samþykktum einum manni eða fleiri saman heimild til að koma fram fyrir hönd félags, sem undanþága frá almennum lagareglum um þetta efni, geta lög þessi kveðið á um að unnt sé að bera fyrir sig slíkt ákvæði í samþykktunum gagnvart þriðja aðila með því skilyrði að það sé í tengslum við almenna fyrirsvarsheimild; spurningin um það hvort unnt er að bera fyrir sig slíkt ákvæði í samþykktunum gegn þriðja aðila fer eftir 3. gr.

4. KAFLI

ÓGILDING FÉLAGS

11. gr.

Í öllum aðildarríkjum, þar sem ekki er kveðið á um fyrirbyggjandi eftirlit af hálfu stjórnvalda eða dómstóla við stofnun félags, skal útbúa stofnsamning félagsins, samþykktir þess og breytingar á þessum skjölum og staðfesta á tilskildu lagalegu formi.

12. gr.

Eigi má kveða á um ógildingu félaga í lögum aðildarríkjanna nema í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) ógilding byggist á úrskurði dómstóls,

b) aðeins má kveða á um ógildingu af þeim ástæðum:

i. að enginn stofnsamningur hafi verið gerður ellegar ekki verið farið að reglum um fyrirbyggjandi eftirlit eða tilskildum lagalegum formkröfum ekki fullnægt,

ii. að tilgangur félagsins sé ólöglegur eða stríði gegn almannareglu,

iii. að í stofnsamningnum eða samþykktum sé ekki greint frá heiti félagsins, þeim fjárhæðum sem einstaklingar hafa skráð sig fyrir, heildarfjárhæð skráðs hlutafjár eða tilgangi félagsins,

iv. að ákvæðum landslaga um lágmarkshlutafé, sem á að greiðast að fullu, hafi ekki verið hlítt,

v. að allir stofnendur séu vanhæfir,

vi. að stofnendur séu færri en tveir enda stríði það gegn þeim landslögum sem taka til félagsins.

Ef áðurnefndar ástæður fyrir ógildingu eru ekki fyrir hendi á félag ekki að verða fyrir því að teljast án tilvistar, sæta algerri ógildingu, takmarkaðri ógildingu eða ógildingaryfirlýsingu.

13. gr.

1. Ákvörðun um það hvort bera megi fyrir sig úrskurð dómstóls um ógildingu gagnvart þriðja aðila skal tekin samkvæmt 3. gr. Þar sem landslög veita þriðja aðila rétt til að vefengja úrskurðinn leyfist honum það því aðeins að það sé gert innan sex mánaða frá því að úrskurður dómstólsins er birtur opinberlega.

2. Ógilding felur í sér að félag sé lagt niður eins og um félagsslit sé að ræða.

3. Ógilding á ekki ein sér að hafa áhrif á gildi skuldbindinga sem gengist hefur verið undir í nafni félagsins eða gagnvart því, sbr. þó afleiðingar félagsslita.

4. Í lög hvers aðildarríkis má setja ákvæði um afleiðingar ógildingar með tilliti til félagsmanna innbyrðis.

5. Að því leyti sem skuldbindingar við lánardrottna krefjast ber hluthöfum skylda til að greiða að fullu það hlutafé sem þeir skráðu sig fyrir en ógreitt er.

5. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

14. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

15. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2012, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögu, ef við á, um breytingar á ákvæðum f-liðar 2. gr. og 3., 4., 5. og 7. gr. í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur við beitingu þeirra, um markmið þeirra og um þá tækniþróun sem hefur orðið á þeim tíma.

16. gr.

Tilskipun 68/151/EBE, eins og henni var breytt með gerðunum sem skráðar eru í A-hluta I. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skyldur aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar tilskipunarinnar sem settir eru fram í B-hluta I. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

17. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

18. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 16. september 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BUZEK	C. MALMSTRÖM
forseti	*forseti*

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun ásamt skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 16. gr.)

Tilskipun ráðsins 68/151/EBE
(Stjtíð. EB L 65, 14.3.1968, bls. 8)

Ákvæði liðar III.H í I. viðauka við aðildarlögin frá 1972 (Stjtíð. EB L 73, 27.3.1972, bls. 89)

Ákvæði liðar III.C í I. viðauka við aðildarlögin frá 1979 (Stjtíð. EB L 291, 19.11.1979, bls. 89)

Ákvæði liðar II.D í I. viðauka við aðildarlögin frá 1985 (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 157)

Ákvæði liðar XI.A í I. viðauka við aðildarlögin frá 1994 (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 194)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB (Stjtíð. ESB L 221, 4.9.2003, bls. 13)

Ákvæði liðar 1.4.A í II. viðauka við aðildarlögin frá 2003 (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 338)

Tilskipun ráðsins 2006/99/EB (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 137) — Aðeins liður A.1 í viðaukanum

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 16. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
68/151/EBE	11. september 1969
2003/58/EB	30. desember 2006
2006/99/EB	1. janúar 2007

II. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 68/151/EBE	Þessi tilskipun
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
1. mgr. 3. gr.	1. mgr. 3. gr.
2. mgr. 3. gr.	3. mgr. 3. gr.
3. mgr. 3. gr.	3. mgr. 4. gr.
4. mgr. 3. gr.	3. mgr. 5. gr.
5. mgr. 3. gr.	3. mgr. 6. gr.
Fyrsti og annar undirliður 6. mgr. 3. gr.	Fyrsti og annar undirliður 7. mgr. 3. gr.
7. mgr. 3. gr.	þriðji undirliður 7. mgr. 3. gr.
8. mgr. 3. gr.	3. mgr. 2. gr.
3. gr. a	4. gr.
4. gr.	5. gr.
5. gr.	6. gr.
6. gr.	7. gr.
7. gr.	8. gr.
8. gr.	9. gr.
9. gr.	10. gr.
10. gr.	11. gr.
inngangsorð 11. gr.	inngangsorð 12. gr.
1. liður 11. gr.	a-liður 12. gr.
inngangsorð 2. liðar 11. gr.	inngangsorð b-liðar 12. gr.
a–f-liður 2. liðar 11. gr.	i–vi-liður b-liðar 12. gr.
12. gr.	13. gr.
Fyrsta, önnur og þriðja málsgrein 13. gr.	—
Fjórða málsgrein 13. gr.	14. gr.
14. gr.	18. gr.
—	15. gr.
—	16. gr.
—	17. gr.
—	I. viðauki
—	II. viðauki

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/102/EB **2017/EES/24/02**

frá 16. september 2009

á sviði félagaréttar um einkahlutafélög eins aðila

(kerfisbundin útgáfa) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 44. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tólftu tilskipun ráðsins 89/667/EBE frá 21. desember 1989 um einkahlutafélög eins aðila ([3]), hefur verið breytt verulega nokkrum sinnum ([4]). Fyrir skýrleika sakir og til hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Tilteknar verndarráðstafanir, sem ætlað er að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra og aðildarríkin krefjast af félögum og fyrirtækjum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans, skulu samræmdar með það í huga að slíkar verndarráðstafanir verði jafngildar í Bandalaginu.

3) Á þessu sviði gilda um öll hlutafélög, fyrsta tilskipun ráðsins 68/151/EBE frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra ([5]), fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([6]) og sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. ([7]) sáttmálans, varðandi upplýsingagjöf, gildi skuldbindinga, ógildingu, ársreikninga og samstæðureikninga eftir því sem við á. Samt sem áður eiga önnur tilskipun ráðsins 77/91/EBE frá 13. desember 1976 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra ([8]), þriðja tilskipun ráðsins 78/855/EBE frá 9. október 1978 um samruna almenningshlutafélaga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans ([9]) og sjötta tilskipun ráðsins 82/891/EBE frá 17. desember 1982, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans um skiptingu almenningshlutafélaga ([10]), sem tengjast hver um sig stofnun og hlutafé, samruna og skiptingu, einungis við um hlutafélög.

4) Krafist er réttarheimildar fyrir takmörkun ábyrgðar sjálfstæðs atvinnurekanda í Bandalaginu, án þess að hún brjóti í bága við þau lög aðildarríkjanna sem krefjast þess í sérstökum undantekningartilvikum að viðkomandi atvinnurekandi sé ábyrgur fyrir skuldbindingum fyrirtækis síns.

5) Einkahlutafélag má vera félag eins aðila frá því það er sett á stofn, eða getur orðið það vegna þess að hlutabréf þess hafa komist í eigu eins hluthafa. Þar til frekari samræmingu ákvæða landslaga um samstæður [áður félagahópa] hefur verið komið á mega aðildarríkin setja tiltekin sérákvæði og kveða á um viðurlög í tilvikum þar sem einstaklingur er eini félagsmaðurinn í mörgum félögum eða þar sem félag eins aðila eða önnur lögpersóna er eini einstaki aðilinn að félagi. Eini tilgangurinn með þessu ákvæði er að taka tillit til þess mismunar sem nú er að finna á vissum landslögum. Í þessu augnamiði mega aðildarríkin í sérstökum tilvikum kveða á um hömlur á notkun rekstrarformsins einkahlutafélag eða afnema takmarkanir á ábyrgð einkaeiganda. Aðildarríkjum er frjálst að kveða á um reglur til að mæta áhættu sem einkahlutafélög gætu haft í för með sér vegna þess að í þeim er aðeins einn einstakur félagsaðili, einkum til að tryggja að skráð hlutafé sé greitt.

6) Ef svo ber við að öll hlutabréfin komast í eigu eins hluthafa þarf að birta deili á þessum eina aðila með því að færa slíkt í skrá sem er aðgengileg almenningi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 15.7.2010, bls. 33.

([1]) Stjtíð. ESB C 77, 31.3.2009, bls. 42.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 18. nóvember 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 13. júlí 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 40.

([4]) Sjá A-hluta II. viðauka.

([5]) Stjtíð. EB L 65, 14.3.1968, bls. 8.

([6]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11.

([7]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1.

([8]) Stjtíð. EB L 26, 31.1.1977, bls. 1.

([9]) Stjtíð. EB L 295, 20.10.1978, bls. 36.

([10]) Stjtíð. EB L 378, 31.12.1982, bls. 47.

7) Ákvarðanir sem þessi eini aðili tekur þegar hann gegnir sama hlutverki og hluthafafundur skulu skráðar skriflega.

8) Samningar milli eina aðilans og félags hans, sem hann er fulltrúi fyrir, skulu á sama hátt vera færðir til bókar, að svo miklu leyti sem slíkir samningar varða ekki daglegan rekstur sem fram fer undir eðlilegum kringumstæðum.

9) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar frest til að innleiða í landslög og beita tilskipununum sem eru tilgreindar í B-hluta II. viðauka,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ráðstafanir til samræmingar, sem mælt er fyrir um í tilskipun þessari, skulu taka til laga og stjórnsýslufyrirmæla í aðildarríkjunum um þær gerðir félaga sem eru taldar upp í I. viðauka.

2. gr.

1. Félag má samanstanda af einum aðila þegar það er stofnað og einnig þegar öll hlutabréf þess komast í eigu eins aðila (félag eins aðila).

2. Þar til frekari samræmingu landslaga um félagahópa hefur verið komið á mega aðildarríkin samþykkja sérstök ákvæði eða viðurlög í þeim tilvikum þar sem:

a) einstaklingur er eini aðilinn í mörgum félögum eða

b) félag eins aðila eða önnur lögpersóna er eini aðilinn að félagi.

3. gr.

Ef félag verður félag eins aðila vegna þess að öll hlutabréf þess komast á hendur eins aðila, skal skrá þær upplýsingar, sem og deili á aðilanum, í möppuna eða skrána, sem um getur í 1. og 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 68/151/EBE, eða færa inn í skrá sem félagið heldur og er aðgengileg almenningi.

4. gr.

1. Einstaki félagsmaðurinn skal fara með vald hluthafafundar félagsins.

2. Ákvarðanir sem teknar eru af eina aðilanum á því sviði sem tilgreint er í 1. mgr. skulu skráðar í fundargerðarbók eða færðar til bókar á annan hátt.

5. gr.

1. Samningar milli eina aðilans og félags hans, sem hann er fulltrúi fyrir, skulu skráðir í fundargerðarbók eða færðir til bókar á annan hátt.

2. Aðildarríkin þurfa ekki að beita 1. mgr. um daglega starfsemi sem fram fer undir eðlilegum kringumstæðum.

6. gr.

Tilskipun þessi gildir ef aðildarríki heimilar einnig félög eins aðila samkvæmt skilgreiningu í 1. mgr. 2. gr. þegar um er að ræða almenningshlutafélög.

7. gr.

Aðildarríki þarf ekki að heimila stofnun félaga eins aðila ef löggjöf þess kveður á um að sjálfstæðir atvinnurekendur megi setja á fót fyrirtæki með ábyrgð sem takmarkast við fjárhæð sem varið er til tilgreindrar starfsemi, með því skilyrði að þær verndarráðstafanir sem gripið er til gagnvart slíkum fyrirtækjum séu sambærilegar við þær sem kveðið er á um í tilskipun þessari eða öðrum reglum Bandalagsins sem gilda um félög skv. 1. gr.

8. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu texta þeirra laga sem þau setja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

9. gr.

Tilskipun 89/667/EBE, eins og henni var breytt með gerðunum, sem tilgreindar eru í A-hluta II. viðauka, er hér með felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna er varða frest til að innleiða tilskipanirnar, sem settar eru fram í B-hluta II. viðauka, í landslög og beita þeim.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

10. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

11. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 16. september 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BUZEK	C. MALMSTRÖM
forseti	*forseti*

I. VIÐAUKI

Tegundir félaga sem um getur í 1. gr.

— *í Belgíu:*

„société privée à responsabilité limitée/besloten vennootschap met beperkte aansprakelijkheid“,

— *í Búlgaríu:*

„дружество с ограничена отговорност, акционерно дружество“,

— *í Tékklandi:*

„společnost s ručením omezeným",

— *í Danmörku:*

„anpartsselskaber",

— *í Þýskalandi:*

„Gesellschaft mit beschränkter Haftung",

— *í Eistlandi:*

„aktsiaselts, osaühing",

— *á Írlandi:*

„private company limited by shares or by guarantee",

— *í Grikklandi:*

„εταιρεία περιορισμένης ευθύνης",

— *á Spáni:*

„sociedad de responsabilidad limitada",

— *í Frakklandi:*

„société à responsabilité limitée",

— *á Ítalíu:*

„società a responsabilità limitata",

— *á Kýpur:*

„ιδιωτική εταιρεία περιορισμένης ευθύνης με μετοχές ή με εγγύηση",

— *í Lettlandi:*

„sabiedrība ar ierobežotu atbildību",

— *í Litháen:*

„uždaroji akcinė bendrovė",

— *í Lúxemborg:*

„société à responsabilité limitée",

— *í Ungverjalandi:*

„korlátolt felelősségű társaság, részvénytársaság",

— *á Möltu:*

„kumpannija privata/Private limited liability company",

— *í Hollandi:*

„besloten vennootschap met beperkte aansprakelijkheid",

— *í Austurríki:*

„Aktiengesellschaft, Gesellschaft mit beschränkter Haftung",

— *í Póllandi:*

„spółka z ograniczoną odpowiedzialnością",

— *í Portúgal:*

„sociedade por quotas",

— *í Rúmeníu:*

„societate cu răspundere limitată",

— *í Slóveníu:*

„družba z omejeno odgovornostjo",

— *í Slóvakíu:*

„spoločnosť s ručením obmedzeným",

— *í Finnlandi:*

„osakeyhtiö/aktiebolag",

— *í Svíþjóð:*

„aktiebolag",

— *í Breska konungsríkinu*

„private company limited by shares or by guarantee".

———

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun ásamt yfirliti yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 9. gr.)

Tilskipun ráðsins 89/667/EBE
(Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 40)

Ákvæði liðar XI.A í I. viðauka við aðildarlögin frá 1994
(Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 194)

Ákvæði liðar 4.A í II. viðauka við aðildarlögin frá 2003
(Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 338)

Tilskipun ráðsins 2006/99/EB (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 137) — Einungis liður A.4 í viðaukanum

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar

(sem um getur í 9. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
89/667/EBE	31. desember 1991	1. janúar 1993 ef um er að ræða félög sem eru þegar við lýði 1. janúar 1992
2006/99/EB	1. janúar 2007	

III. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 89/667/EBE	Þessi tilskipun
Inngangsorðin í 1. gr.	1. gr.
Fyrsti til 27. undirliður 1. gr.	I. viðauki
2. til 7. gr.	2. til 7. gr.
1. mgr. 8. gr.	—
2. mgr. 8. gr.	—
3. mgr. 8. gr.	8. gr.
—	9. gr.
—	10. gr.
9. gr.	11. gr.
—	I. viðauki
—	II. viðauki
—	III. viðauki

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/775 **2017/EES/24/03**

frá 18. maí 2016

um viðmiðun vegna úthlutunar heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda án endurgjalds til umráðenda loftfara skv. 5. mgr. 3. gr. f í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/87/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 5. mgr. 3. gr. f,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB er kveðið á um sérstakan varasjóð, sem losunarheimildir eru lagðar í, fyrir tiltekna umráðendur loftfara.

2) Komið var á fót sérstökum varasjóði til viðbótar skv. 5. gr. framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2014/389/ESB ([2]) að teknu tilliti til aðildar Króatíu að Sambandinu.

3) Setja ætti fram viðmiðunina, sem skal nota til að úthluta losunarheimildum án endurgjalds til þeirra umráðenda loftfara sem lagðar voru inn umsóknir fyrir til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 3.gr. f (4. mgr.) í tilskipun 2003/87/EB eigi síðar en 30. júní 2016, bæði fyrir sérstakan varasjóð, sem komið var á fót með 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB, og fyrir sérstakan varasjóð sem var stofnaður skv. 5. gr. framkvæmdarákvörðunar 2014/389/ESB.

4) Í báðum tilvikum leiddi útreikningurinn á viðmiðuninni, á grundvelli þeirra umsókna sem lagðar voru fram, til þess að árleg úthlutun á tonnkílómetra varð meiri en árleg úthlutun á tonnkílómetra til umráðenda loftfara skv. 4. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB. Viðmiðunin skv. e-lið 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB, eins og hún er sett fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/638/ESB ([3]), á einnig við um sérstaka varasjóðinn til viðbótar sem komið var á fót skv. 5. gr. framkvæmdarákvörðunar 2014/389/ESB að teknu tilliti til aðildar Króatíu að Sambandinu í krafti ix. liðar a-liðar 1. liðar I. þáttar 10. kafla V. viðauka við lögin um aðild Króatíu.

5) Í samræmi við 6. mgr. 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB skal viðmiðunin vegna úthlutunar heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda án endurgjalds til umráðenda loftfara skv. 5. mgr. 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB áfram vera sú sem notuð er við úthlutun án endurgjalds skv. 4. mgr. 3. gr. e. og komið er á með ákvörðun 2011/638/ESB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 128, 19.5.2016, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2016 frá 2. desember 2016 um breytingu á XX viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/389/ESB frá 23. júní 2014 um frekari fyrri losun frá flugi og viðbótarlosunarheimildir vegna flugs með tilliti til aðildar Króatíu að Evrópusambandinu (Stjtíð. ESB L 183, 24.6.2014, bls. 135).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. september 2011 um viðmiðanir vegna úthlutunar heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda án endurgjalds til umráðenda loftfara skv. 3. gr. e í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 252, 28.9.2011, bls. 20).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Viðmiðunin, sem skal nota við úthlutun losunarheimilda án endurgjalds til umráðenda loftfara skv. 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB fyrir tímabilið frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2020, skal vera 0,000642186914222035 losunarheimildir á tonnkílómetra á ári.

2. Viðmiðunin, sem skal nota við úthlutun losunarheimilda án endurgjalds til umráðenda loftfara skv. 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB að því er varðar 5. gr. framkvæmdarákvörðunar 2014/389/ESB fyrir tímabilið frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2020, skal vera 0,000642186914222035 losunarheimildir á tonnkílómetra á ári.

2. gr.

Útreikningar í tengslum við fjölda losunarheimilda, sem skal úthluta í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. gr., skulu námundaðir niður að næstu losunarheimild.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 18. maí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 834/2007 **2017/EES/24/04**

frá 28. júní 2007

um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Lífræn framleiðsla er heildrænt kerfi bústjórnunar og matvælaframleiðslu sem sameinar bestu starfsvenjur í umhverfismálum, líffræðilega fjölbreytni á háu stigi, varðveislu náttúruauðlinda, beitingu strangra staðla hvað varðar velferð dýra og framleiðsluaðferð sem er í samræmi við kröfur tiltekinna neytenda um vörur sem eru framleiddar með því að nota náttúruleg hráefni og vinnsluferli. Lífræn framleiðsluaðferð gegnir því tvíþættu samfélagslegu hlutverki þar sem hún veitir annars vegar sértækan markað sem svarar eftirspurn neytenda hvað varðar lífrænar vörur og hins vegar leggur hún sitt af mörkum til almannaheilla þar sem hún stuðlar að umhverfisvernd og velferð dýra ásamt dreifbýlisþróun.

2) Hlutdeild lífrænnar ræktunar í landbúnaði er nú að aukast í flestum aðildarríkjum. Vaxandi eftirspurn neytenda á undanförnum árum er sérlega athyglisverð. Nýlegar umbætur sameiginlegrar landbúnaðarstefnu, þar sem áhersla er lögð á markaðsmiðun og framboð gæðavara til þess að anna eftirspurn neytenda, eru líklegar til að örva enn frekar markað lífrænna vara. Við þessar aðstæður gegnir löggjöf um lífræna framleiðslu æ mikilvægara hlutverki hvað varðar ramma um landbúnaðarstefnu og tengist mjög þróun á búvörumarkaði.

3) Lagarammi Bandalagsins sem gildir um geira lífrænnar framleiðslu ætti að hafa að markmiði að tryggja sanngjarna samkeppni og eðlilega starfsemi innri markaðarins að því er varðar lífrænar vörur og viðhalda og réttlæta tiltrú neytenda á vöru sem merkt er sem lífræn. Ennfremur ætti hann að hafa að markmiði að skapa skilyrði til framfara fyrir þennan geira í samræmi við framleiðslu- og markaðsþróun.

4) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins um aðgerðaáætlun ESB um lífrænt framleidd matvæli og lífrænan búskap er lagt til að staðlar Bandalagsins um lífrænan búskap séu bættir og efldir ásamt kröfum um innflutning og eftirlit. Í niðurstöðum sínum frá 18. október 2004 bað ráðið framkvæmdastjórnina að endurskoða lagaramma Bandalagsins á þessu sviði í þeim tilgangi að tryggja einföldun og heildarsamræmi og einkum að fastsetja meginreglur til að hvetja til samhæfingar staðla og draga úr sundurliðun eftir því sem hægt er.

5) Því er rétt að skilgreina ítarlegar markmið, meginreglur og reglur sem eiga við um lífræna framleiðslu til þess að stuðla að gagnsæi og tiltrú neytenda ásamt samræmdum skilningi á hugtakinu lífræn framleiðsla.

6) Því er rétt að fella niður reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ([2]) og taka upp nýja reglugerð í hennar stað.

7) Almennur rammi Bandalagsins fyrir reglur um lífræna framleiðslu ætti að fastsetja með tilliti til jurta, búfjár og lagareldisframleiðslu, þ.m.t. reglur um söfnun villtra plantna, þangs og þara, reglur um aðlögun og reglur um framleiðslu unninna matvæla, að meðtöldu víni, fóðri og

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Áliti var skilað 22. maí 2007 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*).

([2]) Stjtíð. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerðinni eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 394/2007 (Stjtíð. ESB L 98, 13.4.2007, bls. 3).

lífrænu geri. Rétt er að framkvæmdastjórnin heimili notkun vara og efna og úrskurði um aðferðir sem heimilt er að beita í lífrænum búskap og vinnslu lífrænna matvæla.

8) Rétt er að greiða enn frekar fyrir þróun lífrænnar framleiðslu, einkum með því að hvetja til þess að notuð sé ný tækni og efni sem henta betur til lífrænnar framleiðslu.

9) Erfðabreyttar lífverur og vörur sem eru unnar úr eða með erfðabreyttum lífverum samræmast ekki hugtakinu lífræn framleiðsla og skilningi neytenda á því hvað lífrænar vörur eru. Því er ekki rétt að nota þær í lífrænum búskap eða vinnslu lífrænna vara.

10) Takmarkið er að í lífrænum vörum sé sem minnst af erfðabreyttum lífverum. Gildandi viðmiðunarmörk vegna merkinga fela í sér efri mörk sem eru eingöngu tengd tilfallandi og tæknilega óhjákvæmilegu magni erfðabreyttra lífvera.

11) Lífrænn búskapur ætti fyrst og fremst að byggjast á endurnýjanlegum auðlindum innan staðbundinna kerfa í landbúnaði. Í því skyni að lágmarka notkun auðlinda sem ekki eru endurnýjanlegar ber að endurvinna úrgang og aukaafurðir úr plöntu- og dýraríkinu þannig að næringarefnin skili sér aftur í jarðveg.

12) Lífræn framleiðsla jurta ætti að stuðla að viðhaldi frjósams jarðvegs og jarðvegsbótum og koma jafnframt í veg fyrir veðrun. Plöntur skal helst næra um vistkerfi jarðvegs og ekki með leysanlegum áburði sem bætt er við jarðveginn.

13) Helstu þættir sem lúta að stjórnunarkerfi lífrænnar framleiðslu á plöntum eru frjósemi jarðvegs, val á tegundum og afbrigðum, margra ára skiptiræktunarkerfi, endurvinnsla lífræns efnis og ræktunaraðferðir. Aðeins skal nota viðbótaráburð, jarðvegsnæringu og plöntuvarnarefni ef slíkt er í samræmi við markmið og meginreglur lífrænnar framleiðslu.

14) Búfjárframleiðsla er undirstaða í skipulagi bújarða þar sem lífrænn búskapur er stundaður að því leyti að hún leggur ræktarlandi til nauðsynleg lífræn efni og næringarefni og stuðlar með því að jarðvegsbótum og þróun sjálfbærs landbúnaðar.

15) Svo að komast megi hjá umhverfismengun, einkum mengun náttúruauðlinda á borð við jarðveg og vatn, skal lífræn framleiðsla búfjár í meginatriðum byggjast á nánum tengslum milli slíkrar framleiðslu og landsins, heppilegu skiptiræktarkerfi til margra ára og fóðrun búfjár á lífrænt ræktuðum plöntuafurðum sem eru framleiddar á bújörðinni sjálfri eða nærliggjandi bújörðum þar sem lífrænn búskapur er stundaður.

16) Þar sem lífræn ræktun búfjár er starfsemi sem tengist jarðnæði ættu dýr ávallt að hafa aðgang að svæðum undir berum himni eða beitilandi sé þess kostur.

17) Lífræn búfjárrækt skal taka mið af ströngum stöðlum um velferð dýra og tegundarbundnum atferlisfræðilegum þörfum, ennfremur skal umsjón með heilbrigði dýra byggjast á forvarnarstarfi. Hvað það varðar skal sérstaklega gæta að aðbúnaði, búskaparháttum og þéttleika dýra. Ennfremur ber við val á búfjárkynjum að taka tillit til hæfni þeirra til þess að laga sig að staðarskilyrðum. Framkvæmdarreglur um búfjárframleiðslu og lagareldisframleiðslu ættu að minnsta kosti að tryggja að ákvæðum Evrópusamnings um vernd dýra í landbúnaði sé fylgt, ásamt síðari tilmælum fastanefndar samningsins (T-AP).

18) Lífræna búfjárframleiðslukerfið ætti að miðast við að ljúka framleiðsluferlum ólíkra tegunda búfjár með dýrum sem hafa hlotið lífrænt eldi. Því er rétt að örva aukningu genamengis lífrænt alinna dýra, auka sjálfbærni og þar með tryggja þróun innan geirans.

19) Unnar lífrænar vörur ætti að framleiða með því að beita vinnsluaðferðum sem tryggja að lífrænt heildstæði og mikilvæg gæði vörunnar haldist á öllum stigum framleiðsluferlisins.

20) Unnin matvæli ber aðeins að merkja sem lífrænt ræktuð þegar öll eða nánast öll innihaldsefni úr landbúnaði eru lífrænt ræktuð. Þó er rétt að fastsetja sérákvæði hvað varðar merkingu á unnum matvælum sem hafa að geyma innihaldsefni úr landbúnaði sem ekki er hægt að fá með lífrænni ræktun, en það á við um afurðir dýraveiða og fiskveiða. Ennfremur er rétt að unnt sé að vísa til lífrænnar framleiðslu í skrá innihaldsefna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, í þeim tilgangi að miðla upplýsingum til neytenda, stuðla að gagnsæi á markaði og notkun lífrænt ræktaðra innihaldsefna.

21) Það er viðeigandi að kveða á um sveigjanleika að því er varðar beitingu framleiðslureglna, þannig að unnt sé að laga staðla og kröfur um lífræna ræktun að staðbundnum veðurfars- eða landfræðilegum skilyrðum, tilteknum búskaparháttum og þróunarstigum. Slíkt ætti að gera kleift að beita undantekningarreglum en aðeins innan þeirra marka sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins um sértæk skilyrði.

22) Brýnt er að viðhalda tiltrú neytenda á lífrænum vörum. Undantekningar frá kröfunum sem eiga við um lífræna framleiðslu ættu því aðeins að takmarkast við þau tilvik þegar beiting undantekningarreglna er talin eiga rétt á sér.

23) Í þágu neytendaverndar og sanngjarnrar samkeppni skulu hugtökin sem notuð eru til að gefa til kynna lífræna vöru varin fyrir því að þau séu notuð um aðra vöru í gervöllu Bandalaginu óháð því hvaða tungumál er notað. Sú vernd gildir einnig um afleidd orð eða stytt, hvort sem þau eru notuð ein sér eða í samsetningum.

24) Til glöggvunar fyrir neytendur á markaði í gervöllu Bandalaginu skal ESB-kennimerkið vera skyldubundið fyrir öll lífrænt ræktuð forpökkuð matvæli sem framleidd eru innan Bandalagsins. Annars ætti að vera unnt að nota ESB-kennimerkið að eigin frumkvæði ef um er að ræða lífræna vöru sem ekki er forpökkuð og er framleidd innan Bandalagsins eða lífræna vöru sem flutt er inn frá þriðju löndum.

25) Þó er talið viðeigandi að takmarka notkun ESB-kennimerkis við vöru, sem innheldur eingöngu eða nærri því eingöngu lífrænt ræktuð innihaldsefni, til þess að ekki sé villt um fyrir neytendum hvað varðar lífrænan uppruna vörunnar í heild. Því skal ekki leyfa notkun þess í merkingu á vöru í aðlögun eða unnin matvæli ef innan við 95% af innihaldsefnum úr landbúnaði eru lífræn.

26) ESB-kennimerkið skal ekki undir nokkrum kringumstæðum koma í veg fyrir að samtímis sé notað innlent kennimerki eða kennimerki í einkaeign.

27) Auk þess er rétt að neytendur séu upplýstir um upprunastað hráefnis úr landbúnaði sem innihaldsefni vöru eru unnin úr, og þannig forðast villandi viðskiptahætti og hugsanlegan rugling meðal neytenda að því er varðar uppruna vöru í Bandalaginu eða utan Bandalagsins þegar ESB-kennimerkið er notað.

28) Reglur Bandalagsins skulu efla samræmda hugmynd um lífræna framleiðslu. Lögbær yfirvöld, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar skulu forðast háttsemi sem gæti leitt til hindrana á frjálsum flutningum vöru sem stenst kröfur og yfirvald eða aðili í öðru aðildarríki hefur vottað. Síst skyldu þessir aðilar leggja á viðbótareftirlit eða fjárkvaðir.

29) Í þágu samkvæmni við löggjöf Bandalagsins á öðrum sviðum, að því er varðar plöntu- og búfjárframleiðslu, skal aðildarríkjum heimilt að beita innan eigin yfirráðasvæða framleiðslureglum sem gilda innanlands og eru strangari en reglur Bandalagsins um lífrænar vörur, að því tilskildu að slíkar innlendar reglur eigi einnig við um aðra framleiðslu en lífræna og séu að öðru leyti í samræmi við löggjöf Bandalagsins.

30) Notkun erfðabreyttra lífvera er bönnuð í lífrænni framleiðslu. Í þágu skýrleika og samræmis ætti ekki að vera unnt að merkja vöru sem lífrænt ræktaða ef þarf að merkja hana sem vöru sem inniheldur erfðabreyttar lífverur, samanstendur af erfðabreyttum lífverum eða er framleidd úr erfðabreyttum lífverum.

31) Til þess að tryggja að lífrænar vörur séu framleiddar í samræmi við kröfurnar sem fastsettar eru innan lagaramma Bandalagsins um lífræna framleiðslu skal starfsemi rekstraraðila á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar á lífrænum vörum vera háð eftirlitskerfi sem komið er á fót og stjórnað í samræmi við reglurnar sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([1]).

32) Í tilteknum tilvikum kann að virðast óhóflegt að beita kröfum um tilkynningu og eftirlit gagnvart tilteknum hópum smásala, til dæmis þeirra sem selja afurðir milliliðalaust til lokaneytanda eða notanda. Því er rétt að heimila aðildarríkum að veita þeim rekstraraðilum undanþágu frá þessum kröfum. Til þess að forðast svik er eigi að síður nauðsynlegt að útiloka frá undanþágu þá smásala sem framleiða, vinna eða geyma vörur aðrar en í tengslum við sölustað, eða sem flytja inn lífræna vöru eða hafa boðið út ofangreinda starfsemi til þriðja aðila.

33) Heimilt skal vera að setja lífrænar vörur, sem fluttar eru inn til Evrópubandalagsins, á markað í Bandalaginu merktar sem lífrænar ef vörurnar hafa verið framleiddar í samræmi við reglur um framleiðslu og hafa heyrt undir eftirlitskerfi sem er í samræmi við eða samsvarar þeim sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins. Að auki skulu vörur sem fluttar eru inn í samræmi við jafngilt kerfi falla undir vottorð sem lögbært yfirvald gefur út, eða viðurkennt eftirlitsyfirvald eða -aðili viðkomandi þriðja lands.

34) Þegar jafngildi er metið með tilliti til innfluttrar vöru skal taka mið af alþjóðlegum stöðlum sem kveðið er á um í Alþjóðamatvælaskránni.

35) Talið er viðeigandi að halda skrá yfir þriðju lönd sem framkvæmdastjórnin viðurkennir að virði framleiðslustaðla og eftirlitskerfi sem jafngilda því sem kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins. Hvað varðar þriðju lönd sem ekki eru á þeirri skrá er við hæfi að framkvæmdastjórnin taki saman skrá yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem viðurkennt er að séu lögbær til þess að tryggja eftirlit og vottun í viðkomandi þriðju löndum.

36) Rétt er að safna viðeigandi tölfræðilegum upplýsingum sem nauðsynlegar eru til þess að afla traustra gagna sem þarf til þess að beita þessari reglugerð og fylgja henni eftir, og sem nýtast sem tæki fyrir framleiðendur, markaðsaðila og stefnumótandi aðila. Rétt er að skilgreina tölfræðilegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru innan ramma hagskýrsluáætlunar Bandalagsins.

([1]) Stjtíð. ESB L165, 30.4.2004, bls. 1. Leiðrétt útgáfa Stjtíð. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1.

37) Þessi reglugerð skal gilda frá dagsetningu sem tryggir framkvæmdastjórninni nægan tíma til að samþykkja þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru framkvæmd hennar.

38) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

39) Öflug þróun lífræna geirans, tiltekin afar viðkvæm álitaefni sem tengjast aðferð lífrænnar framleiðslu og þörfin á að tryggja hnökralausa starfsemi innri markaðarins og eftirlitskerfisins kalla á ákvæði um framtíðarendurskoðun á reglum Bandalagsins um lífrænan búskap, að teknu tilliti til reynslunnar sem fæst af beitingu þessara reglna.

40) Þar til samþykktar verða ítarlegar framleiðslureglur á vettvangi Bandalagsins hvað varðar tilteknar dýrategundir og vatnaplöntur og smáþörunga er við hæfi að aðildarríkin eigi kost á að kveða á um beitingu landsstaðla, eða ef þeir eru ekki fyrir hendi, einkastaðla sem aðildarríkin samþykkja eða viðurkenna.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

MARKMIÐ, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Þessi reglugerð er til grundvallar sjálfbærri þróun lífrænnar framleiðslu og tryggir jafnframt skilvirka starfsemi innri markaðarins, þar sem tryggð er sanngjörn samkeppni, efld tiltrú neytenda og hagsmunir neytenda verndaðir.

Hún hefur að geyma ákvæði um sameiginleg markmið og meginreglur til þess að renna stoðum undir þær reglur sem fastsettar eru með þessari reglugerð varðandi:

a) öll stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar lífrænna vara og eftirlit með þeim,

b) notkun vísana til lífrænnar framleiðslu í merkingum og auglýsingum.

2. Þessi reglugerð gildir um eftirfarandi landbúnaðarafurðir, þ.m.t. afurðir lagareldis, þegar slíkar afurðir eru settar á markað eða ætlaðar til markaðssetningar:

a) lifandi eða óunnar landbúnaðarafurðir,

b) unnar landbúnaðarafurðir sem nota á til matar,

c) fóður,

d) plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar.

Afurðir úr veiddum, villtum land- og lagardýrum teljast ekki lífræn framleiðsla.

Þessi reglugerð gildir einnig um ger sem notað er til matar eða fóðurs.

3. Þessi reglugerð gildir um alla rekstraraðila sem fást við starfsemi, á hvaða stigi framleiðslu, vinnslu og dreifingar sem vera skal, sem tengist vörunum sem 2. málsgrein tekur til.

Þó skal starfsemi stóreldhúsa ekki falla undir þessa reglugerð. Aðildarríki geta beitt landsreglum, eða, séu þær ekki fyrir hendi, einkastöðlum um merkingu og eftirlit með vörum sem eiga uppruna sinn í starfsemi stóreldhúsa, að því marki sem slíkar reglur eru í samræmi við lög Bandalagsins.

4. Reglugerð þessi gildir með fyrirvara um önnur ákvæði Bandalagsins eða landsákvæði, í samræmi við lög Bandalagsins, um þær vörur, sem eru tilgreindar í þessari grein, svo sem ákvæði um framleiðslu, vinnslu, markaðssetningu, merkingu og eftirlit, þar á meðal löggjöf um matvæli og fóður.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „lífræn framleiðsla“: notkun framleiðsluaðferðar sem er í samræmi við þær reglur sem fastsettar eru með þessari reglugerð á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar,

b) „stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar“: öll stig frá og með frumframleiðslu lífrænnar vöru til og með geymslu, vinnslu, flutningi, sölu eða afhendingu til lokaneytanda og, eftir því sem við á, merkingar, auglýsingar, innflutningur, útflutningur og undirverktakastarfsemi.

c) „lífrænn“: kemur úr lífrænni framleiðslu eða tengist henni,

d) „rekstraraðili“: einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir því að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar í lífrænum fyrirtækjum undir þeirra stjórn,

e) „plöntuframleiðsla“: framleiðsla afurða nytjaplantna þ.m.t. uppskera villtra plöntuafurða til verslunar,

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

f) „búfjárframleiðsla“: framleiðsla húsdýra eða taminna landdýra (þ.m.t. skordýr),

g) skilgreining á „lagareldi“ er sú sem er að finna í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1198/2006 frá 27. júlí 2006 um Sjávarútvegssjóð Evrópu ([1]),

h) „aðlögun“ er umbreyting frá ólífrænum búskap til lífræns búskapar á tilteknu tímabili, en á því tímabili er farið að ákvæðum sem varða lífræna framleiðslu,

i) „vinnsla“: varðveisla og/eða meðhöndlun lífrænnar vöru (þar á meðal slátrun og skurður búfjárafurða) og einnig pökkun, merking og/eða breytingar gerðar á merkingum sem gefa til kynna að um sé að ræða lífræna framleiðslu,

j) skilgreiningar á „matvælum“, „fóðri“ og „markaðssetningu“ er að finna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([2]),

k) „merking“: hvers kyns hugtök, orð, upplýsingar, vörumerki, sérheiti, myndefni eða tákn sem tengist vöru og er sett á allar umbúðir, skjöl, tilkynningar, merkimiða, plötur, hringi eða kraga sem fylgja vörum eða vísa til þeirra;

l) skilgreining á „forpökkuðum matvælum“ (var áður matvæli í neytendaumbúðum) er sú sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ([3]),

m) „auglýsing“: hvers kyns kynning til almennings, með hvaða hætti sem er öðrum en með merkingum, sem er gagngert ætlað eða sennilegt er að hafi áhrif á og móti afstöðu, trú og atferli í þeim tilgangi að örva beint eða óbeint sölu á lífrænni vöru,

n) „lögbært yfirvald“: miðlægt yfirvald aðildarríkis, sem er til þess bært að skipuleggja opinbert eftirlit á sviði lífrænnar framleiðslu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, eða hvert annað yfirvald sem fengið hefur umboð til slíks. Einnig nær hugtakið, eftir því sem við á, til samsvarandi yfirvalds þriðja lands,

o) „eftirlitsyfirvald“: opinber stjórnsýslustofnun aðildarríkis sem lögbært yfirvald hefur falið að fullu eða að hluta umboð til þess að annast eftirlit og vottun á sviði lífrænnar framleiðslu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Hugtakið tekur einnig til, eftir því sem við á, samsvarandi yfirvalds þriðja lands eða samsvarandi yfirvalds sem starfar í þriðja landi,

p) „eftirlitsaðili“: sjálfstæður, einkarekinn þriðji aðili sem annast eftirlit og vottun á sviði lífrænnar framleiðslu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Hugtakið tekur einnig til, eftir því sem við á, samsvarandi aðila þriðja lands eða samsvarandi aðila sem starfar í þriðja landi,

q) „samræmismerki“: fullyrðing um samræmi við tiltekna staðla eða önnur normskjöl í formi merkis,

r) „innihaldsefni“: skilgreininguna er að finna í 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2000/13/EB,

s) „plöntuvarnarefni“: skilgreininguna er að finna í tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([4]),

t) „erfðabreytt lífvera“: skilgreininguna er að finna í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE ([5]) og sem er ekki fengin með aðferðum sem varða breytingar á erfðaefni sem um getur í I. viðauka B við þá tilskipun,

u) „framleitt úr erfðabreyttum lífverum“: að hluta eða að fullu afleitt úr erfðabreyttum lífverum en inniheldur ekki erfðabreyttar lífverur eða er ekki samsett úr þeim,

v) „framleiðsla með erfðabreyttum lífverum“: framleiðsla, sem verður til þegar erfðabreytt lífvera er notuð sem síðasta lífveran í framleiðsluferlinu, en inniheldur ekki erfðabreyttar lífverur eða er ekki samsett eða framleidd úr þeim,

w) „aukefni í fóðri“: skilgreininguna er að finna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([6]),

([1]) Stjtíð. ESB L 223, 15.8.2006, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1. Reglugerðinni eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 575/2006 (Stjtíð. ESB L 100, 8.4.2006, bls. 3).

([3]) Stjtíð. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/142/EB (Stjtíð. ESB L 368, 23.12.2006, bls. 110).

([4]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/31/EB (Stjtíð. ESB L 140, 1.6.2007, bls. 44).

([5]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1830/2003 (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 24).

([6]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

x) „jafngildur“: þegar lýst er ólíkum kerfum eða ráðstöfunum er átt við að þau geti þjónað sama tilgangi og meginreglum ef beitt er reglum sem tryggja sama áreiðanleikastig varðandi samræmi,

y) „hjálparefni við vinnslu“: öll efni sem í sjálfu sér er ekki neytt sem innihaldsefnis í matvælum heldur ætluð til notkunar við vinnslu hráefna, matvæla eða innhaldsefna þeirra til þess að ná ákveðnu tæknilegu markmiði í meðhöndlun eða vinnslu og sem kann að leiða til þess að efnaleifar séu í fullunninni vöru sem ekki var til ætlast en sem ekki er hægt að komast hjá af tæknilegum ástæðum, að því tilskildu að ekki stafi af þessum leifum nein heilbrigðisáhætta og þær hafi engin tæknileg áhrif á fullunna vöru,

z) skilgreining á „jónandi geislun“ er sú sem er að finna í tilskipun ráðsins 96/29/Euratom frá 13. maí 1996, um grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar ([1]) og eins og hún var takmörkuð með 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/2/EB frá 22. febrúar 1999 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar matvæli og innihaldsefni matvæla sem hafa verið meðhöndluð með jónandi geislun ([2]).

aa) „starfsemi stóreldhúsa“: vinnsla lífrænnar vöru á veitingastöðum, sjúkrahúsum, mötuneytum og öðrum svipuðum matvælafyrirtækjum á sölu- eða afhendingarstað til lokaneytenda.

II. BÁLKUR

MARKMIÐ OG MEGINREGLUR VARÐANDI LÍFRÆNA FRAMLEIÐSLU

3. gr.

Markmið

Lífræn framleiðsla skal stefna að eftirfarandi markmiðum:

a) koma á fót sjálfbæru stjórnunarkerfi fyrir landbúnað

i. sem virðir kerfi og hringrás náttúrunnar og viðheldur og bætir heilbrigði jarðvegs, vatns, plantna og dýra og jafnvægið milli þeirra,

ii. sem stuðlar að háu stigi líffræðilegrar fjölbreytni,

iii. sem nýtir orku og náttúruauðlindir á ábyrgan hátt, t.d. vatn, jarðveg, lífrænt efni og loft,

iv. sem virðir stranga staðla um velferð dýra og kemur einkum til móts við atferlisfræðilegar þarfir eftir tegundum,

b) leitast við að framleiða hágæðavörur,

c) leitast við að framleiða fjölbreytt matvæli og aðrar landbúnaðarafurðir sem eru í samræmi við eftirspurn neytenda eftir vörum sem eru framleiddar með aðferðum sem skaða hvorki umhverfi, heilbrigði manna, plöntuheilbrigði né heilbrigði dýra og velferð þeirra.

4. gr.

Almennar meginreglur

Lífræn framleiðsla skal byggjast á eftirfarandi meginreglum:

a) viðeigandi útfærsla og stjórnun líffræðilegra ferla sem byggjast á vistfræðilegum kerfum þar sem nýttar eru náttúruauðlindir sem eiginlegar eru kerfinu með aðferðum:

i. sem nýta lífverur og kraftrænar framleiðsluaðferðir,

ii. þar sem stunduð er ræktun nytjaplantna og búfjárframleiðsla sem tekur mið af landsháttum, eða stundað lagareldi sem samræmist meginreglu um sjálfbæra nýtingu fiskiauðlinda,

iii. sem útiloka notkun erfðabreyttra lífvera og vara sem framleiddar eru úr eða með erfðabreyttum lífverum, að undanskildum dýralyfjum,

iv. sem byggjast á áhættumati og beitingu varúðar- og forvarnarráðstafana eftir því sem við á,

b) takmörkun á utanaðkomandi aðföngum. Þegar utanaðkomandi aðföng eru nauðsynleg, eða þegar viðeigandi rekstrarvenjur og aðferðir sem um getur í a-lið eru ekki fyrir hendi, skulu þau takmarkast við:

i. aðföng sem eiga uppruna í lífrænni framleiðslu,

ii. náttúruleg efni eða afleiður þeirra,

iii. jarðefnaáburð með lága leysni.

c) notkun efnafræðilega myndaðra aðfanga skal stranglega takmörkuð við sérstök undantekningartilvik sem hér segir:

i. þegar viðeigandi rekstrarvenjur eru ekki fyrir hendi, og

ii. þegar utanaðkomandi aðföng sem um getur í b-lið eru ekki til á markaði, eða

iii. þegar notkun utanaðkomandi aðfanga sem um getur í b-lið stuðlar að óviðunandi umhverfisáhrifum,

([1]) Stjtíð. EB L 159, 29.6.1996, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 66, 13.3.1999, bls. 16. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

d) aðlögun ef nauðsyn krefur, og innan ramma þessarar reglugerðar, á reglum um lífræna framleiðslu að teknu tilliti til hreinlætisaðstöðu, svæðisbundnum loftslagsbreytingum og staðháttum, þróunarstigi og tilteknum búskaparháttum.

5. gr.

Sértækar meginreglur sem eiga við um búskap

Auk almennu meginreglnanna sem 4. gr. tekur til skal lífrænn búskapur byggjast á eftirtöldum sértæku meginreglum:

a) viðhald og umbætur lífs í jarðvegi og náttúrulegrar frjósemi jarðvegs, stöðugleika jarðvegs og líffræðilegrar fjölbreytni jarðvegs til að forðast og berjast gegn þjöppun jarðvegs og veðrun jarðvegs, og plöntur nærist aðallega í gegnum vistkerfi jarðvegs,

b) lágmarka ber notkun óendurnýjanlegra auðlinda og utanaðkomandi aðföng,

c) endurvinna skal úrgang og aukaafurðir úr jurta- og dýraríkinu og nýta sem aðföng við framleiðslu plantna og búfjárframleiðslu,

d) taka ber tillit til vistfræðilegs jafnvægis á staðnum eða á svæðinu þegar teknar eru ákvarðanir um framleiðslu,

e) viðhalda skal heilbrigði dýra með því að örva náttúrulegar ónæmisvarnir dýra, einnig með vali á hentugu kyni og búskaparháttum,

f) viðhalda skal plöntuheilbrigði með forvarnarráðstöfunum, t.d. vali hentugra tegunda og afbrigða sem þola vel skaðvalda og sjúkdóma, viðeigandi skiptiræktun, kraftrænum og efnislegum aðferðum og verndun náttúrlegra útrýmenda skaðvalda,

g) stunda ber búfjárframleiðslu sem tekur mið af staðháttum og er háð landgæðum,

h) velferð dýra skal vera á háu stigi og taka ber mið af tegundabundnum þörfum,

i) framleiðsla afurða lífræns búfjár af dýrum sem hafa verið alin á lífrænum bújörðum frá burði eða klaki og ævilangt,

j) við val á kynjum ber að hafa í huga hæfni dýranna til að laga sig að staðháttum, lífsþrótt þeirra og mótstöðu gegn sjúkdómum eða heilbrigðisvandamál,

k) fóðra skal búfé með lífrænu fóðri úr innihaldsefnum sem eru afurðir lífræns búskapar og úr náttúrulegum efnum sem ekki eru landbúnaðarafurðir,

l) beita skal þeim aðferðum við búfjárrækt sem efla ónæmiskerfið og styrkja náttúrulegar sjúkdómavarnir, einkum og að meðtalinni reglulegri hreyfingu og aðgangi að svæðum og beitarlöndum undir berum himni þar sem við á,

m) útiloka skal eldi dýra sem eru manngerð og fjöllitna,

n) viðhalda ber líffræðilegri fjölbreytni náttúrulegra vatnavistkerfa, varanlegu heilbrigði vatnsumhverfis og gæðum aðliggjandi vatnavistkerfa og vistkerfa á landi þar sem lagareldisframleiðsla fer fram,

o) fóðra skal vatnalífverur með fóðri sem fengið er með sjálfbærri nýtingu fiskiauðlinda eins og hún er skilgreind í 3. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2371/2002 frá 20. desember 2002 um varðveislu og sjálfbæra nýtingu fiskiauðlinda innan sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar ([1]) eða með lífrænu fóðri sem er búið til úr innihaldsefnum úr lífrænum landbúnaði og náttúrulegum efnum sem ekki eru úr landbúnaði.

6. gr.

Sértækar meginreglur sem eiga við um vinnslu lífrænt ræktaðra matvæla

Auk almennu meginreglnanna sem 4. gr. tekur til skal framleiðsla á unnum lífrænt ræktuðum matvælum byggjast á eftirtöldum sértæku meginreglum:

a) lífræn matvælaframleiðsla úr lífrænum landbúnaðarafurðum, nema þegar innihaldsefni er ekki fáanlegt á markaði í lífrænu formi,

b) takmarka skal notkun aukefna í matvælum, ólífrænna innihaldsefna sem gegna einkum tæknilegu og skynrænu hlutverki, og snefilefna og hjálparefna við vinnslu, þannig að notkun slíkra efna sé í lágmarki og aðeins ef um er að ræða brýna tæknilega nauðsyn eða með sérstök næringarmarkmið í huga,

c) útiloka skal efni og vinnsluaðferðir sem gætu verið misvísandi hvað varðar raunverulegt eðli vörunnar,

d) vanda skal til vinnslu matvæla og beita helst lífrænum, kraftrænum og efnislegum aðferðum.

([1]) Stjtíð. EB L 358, 31.12.2002, bls. 59.

7. gr.

Sértækar meginreglur sem eiga við um vinnslu lífrænt ræktaðs fóðurs

Auk almennu meginreglnanna sem 4. gr. tekur til skal framleiðsla á lífrænt ræktuðu fóðri byggjast á eftirtöldum sértæku meginreglum:

a) lífræn fóðurframleiðsla úr lífrænu fóðurefni, nema þegar fóðurefni er ekki fáanlegt á markaði í lífrænu formi,

b) takmarka ber notkun fóðuraukefna og hjálparefna við vinnslu við lágmarksumfang og aðeins ef um er að ræða brýna tæknilega eða dýraræktarlega nauðsyn, eða með sérstök næringarmarkmið í huga,

c) útiloka skal efni og vinnsluaðferðir sem gætu verið misvísandi hvað varðar raunverulegt eðli vörunnar,

d) vanda skal til vinnslu fóðurs og beita helst lífrænum, kraftrænum og efnislegum aðferðum.

III. BÁLKUR

FRAMLEIÐSLUREGLUR

1. KAFLI

Almennar framleiðslureglur

8. gr.

Almennar kröfur

Rekstraraðilar skulu virða framleiðslureglurnar sem settar eru fram í þessum bálki ásamt framkvæmdarreglunum sem kveðið er á um í a-lið 38. gr.

9. gr.

Bann við notkun erfðabreyttra lífvera

1. Erfðabreyttar lífverur og vörur unnar úr eða með erfðabreyttum lífverum skal ekki nota sem matvæli, fóður, hjálparefni við vinnslu, plöntuvarnarefni, áburð, jarðvegsnæringu, fræ, plöntufjölgunarefni, örverur eða dýr við lífræna framleiðslu.

2. Að því er varðar tilgang bannsins sem um getur í 1. mgr. varðandi erfðabreyttar lífverur eða vörur sem framleiddar eru úr erfðabreyttum lífverum til matvæla og fóðurs geta rekstraraðilar treyst merkimiðum sem fylgja vöru eða hvaða fylgiskjali öðru sem er, áföstu eða lögðu fram í samræmi við tilskipun 2001/18/EB, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1829/2003 frá 22. september 2003 um erfðabreytt matvæli og fóður ([1]) eða reglugerð (EB) 1830/2003 um rekjanleika og merkingu erfðabreyttra lífvera og rekjanleika matvæla og fóðurvara, sem framleidd eru úr erfðabreyttum lífverum.

Rekstraraðilar geta gert ráð fyrir því að engar erfðabreyttar lífverur eða vörur framleiddar úr erfðabreyttum lífverum hafi verið notaðar við framleiðslu aðkeyptra matvæla og fóðurvara þegar þær síðarnefndu eru ekki merktar eða þeim fylgir ekki skjal í samræmi við tilgreindar reglugerðir, nema þeir hafi fengið aðrar upplýsingar þess efnis að merking viðkomandi vara sé ekki í samræmi við þær reglugerðir.

3. Að því er varðar bannið sem um getur í 1. mgr. varðandi vörur sem ekki eru matvæli eða fóður, eða vörur framleiddar með erfðabreyttum lífverum, skulu rekstraraðilar sem nota slíkar ólífrænar vörur sem keyptar eru af þriðju aðilum fara þess á leit að seljandi staðfesti að afgreiddar vörur hafi ekki verið framleiddar með erfðabreyttum lífverum.

4. Framkvæmdastjórnin mun taka ákvörðun um ráðstafanir um framkvæmd banns við notkun erfðabreyttra lífvera og vara sem framleiddar eru úr eða með erfðabreyttum lífverum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr.

10. gr.

Bann við notkun jónandi geislunar

Notkun jónandi geislunar er bönnuð við meðferð lífrænt ræktaðra matvæla eða fóðurs, eða hráefnis til nota í lífræn matvæli eða fóður.

2. KAFLI

Framleiðsla á bújörðum

11. gr.

Almennar framleiðslureglur á bújörðum

Öll bújörðin skal rekin í samræmi við kröfurnar sem eiga við um lífræna framleiðslu.

Þó er heimilt, í samræmi við tiltekin skilyrði sem lögð verða fram í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr., að skipta bújörð upp í skýrt afmarkaðar einingar eða lagareldisframleiðslustöðvar sem ekki eru allar reknar undir merkjum lífrænnar framleiðslu. Að því er varðar dýr skulu ólíkar tegundir koma við sögu. Að því er varðar lagareldi getur sama tegundin komið við sögu, að því tilskildu að viðunandi skil séu milli ólíkra framleiðslustaða. Að því er varðar plöntur skulu ólíkar tegundir sem auðvelt er að aðgreina koma við sögu.

Ef ekki eru allar einingar bújarðar nýttar til lífrænnar framleiðslu, í samræmi við aðra undirgrein, skal rekstraraðili halda landi, dýrum og afurðum sem notuð eru vegna lífrænu eininganna, eða eru framleiðsla þeirra, aðgreindu frá því sem notað er vegna ólífrænu eininganna, eða er framleiðsla þeirra, enn fremur skal halda viðeigandi skrá til þess að sýna fram á aðgreininguna.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1981/2006 (Stjtíð. ESB L 368, 23.12.2006, bls. 99).

12. gr.

Framleiðslureglur vegna plantna

1. Auk almennra reglna um framleiðslu á bújörðum sem kveðið er á um í 11. gr. skulu eftirfarandi reglur eiga við um lífræna plöntuframleiðslu:

a) við lífræna plöntuframleiðslu skal beita ræktunaraðferðum sem viðhalda eða auka lífrænt efni í jarðvegi, efla stöðugleika jarðvegs og líffræðilega fjölbreytni í jarðvegi, og koma í veg fyrir þjöppun jarðvegs og veðrun,

b) frjósemi og lífvirkni jarðvegs skal halda við og auka með skiptiræktunartímabili til margra ára, sem tekur til belgaldina og annarra grænáburðarplantna, og með notkun húsdýraáburðar eða lífræns efnis, hvort tveggja helst myltað, úr lífrænni framleiðslu,

c) notkun lífaflrænnar efnablöndu er leyfileg,

d) auk þess má aðeins nota áburð og jarðvegsnæringu ef notkun hefur verið heimiluð við lífræna framleiðslu í samræmi við 16. gr.,

e) ekki skal nota köfnunarefnisáburð úr jarðefnum,

f) allar plöntuframleiðsluaðferðir sem notaðar eru skulu miðast við að komist verði hjá umhverfismengun, eða henni haldið í lágmarki,

g) forvarnir gagnvart tjóni af völdum skaðvalda, sjúkdóma og illgresis skal fyrst og fremst byggjast á vernd sem náttúrulegir útrýmendur annast, vali á tegundum og afbrigðum, skiptiræktun, ræktunaraðferðum og varmaferli,

h) ef um er að ræða skilgreinda ógnun við nytjaplöntu má aðeins nota plöntuvarnarefni ef notkun hefur verið heimiluð við lífræna framleiðslu í samræmi við 16. gr.,

i) aðeins má nota fræ og plöntufjölgunarefni sem eru lífrænar vörur til að framleiða vörur aðrar en fræ og plöntufjölgunarefni. Í þessu skyni með tilliti til fræja og plöntufjölgunarefna skulu móðurplantan, þegar um er að ræða fræ, og frumplantan þegar um er að ræða plöntufjölgunarefni, hafa verið framleiddar í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð, í að minnsta kosti eina kynslóð eða tvö vaxtartímabil þegar um er að ræða fjölæra uppskeru,

j) aðeins má nota efni til hreinsunar og sótthreinsunar við plöntuframleiðslu ef notkun hefur verið heimiluð við lífræna framleiðslu í samræmi við 16. gr.,

2. Söfnun villtra plantna sem eru sjálfsprottnar á náttúrulegum svæðum, í skógum og á landbúnaðarsvæðum, eða hluta þeirra, telst lífræn framleiðsluaðferð að því tilskildu:

a) að svæðin hafi ekki, á a.m.k. þriggja ára tímabili fyrir söfnun, verið meðhöndluð með vörum öðrum en þeim sem heimilaðar eru til nota við lífræna framleiðslu í samræmi við 16. grein,

b) að söfnunin hafi ekki áhrif á stöðugleika náttúrulegs búsvæðis, eða á viðhald tegundarinnar á söfnunarsvæðinu.

3. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar framleiðslureglunum sem settar eru fram í þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr.

13. gr.

Framleiðslureglur vegna þangs og þara

1. Söfnun villts þangs og þara, sem er sjálfsprottinn í sæ, eða hluta hans, telst lífræn framleiðsluaðferð að því tilskildu:

a) að vaxtarsvæðin búi yfir miklum vistfræðilegum gæðum eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum ([1]), og meðan beðið er eftir framkvæmd hennar, að gæðin séu samsvarandi gæðum tilgreindra vatnasvæða samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/113/EB frá 12. desember 2006 um tilskilin gæði vatns fyrir skeldýr ([2]) og séu ekki óhentug frá heilsufarslegu sjónarmiði. Meðan beðið er eftir að innleiddar verði ítarlegri reglur með framkvæmdarlöggjöf skal ekki safna villtu, ætu þangi og þara á svæðum sem ekki standast kröfurnar fyrir svæði af A- eða B-flokki eins og þau eru skilgreind í II. Viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ([3]),

b) að söfnunin hafi ekki áhrif á langtímastöðugleika náttúrulega búsvæðisins, eða á viðhald tegundarinnar á söfnunarsvæðinu.

2. Þang- og þarabúskapur skal stundaður á strandsvæðum þar sem umhverfis- og hollustueinkenni eru að minnsta kosti jafngild þeim sem lýst er í 1. mgr. til þess að þau megi teljast lífrænt ræktuð. Auk þess gilda eftirtalin skilyrði:

a) beita skal sjálfbærum aðferðum á öllum framleiðslustigum, frá söfnun nýsprottins þangs og þara til uppskeru,

b) tryggja skal viðhald fjölbreytts genasafns með því að safna nýsprottnu, villtu þangi og þara reglulega til þess að bæta stofn innanhússræktunar,

([1]) Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með ákvörðun nr. 2455/2001/EB (Stjtíð. EB L 331, 15.12.2001, bls. 1).
([2]) Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 14.
([3]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206. Leiðrétt útgáfa í Stjtíð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 83.

c) ekki skal nota áburð nema þar sem aðstaða er innanhúss og aðeins ef notkun hans hefur verið heimiluð við lífræna framleiðslu í þessu skyni í samræmi við 16. gr.

3. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar framleiðslureglunum sem settar eru fram í þessari grein, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr.

14. gr.

Framleiðslureglur vegna búfjár

1. Auk almennra reglna um framleiðslu á bújörðum sem kveðið er á um í 11. gr. skulu eftirfarandi reglur eiga við um búfjárframleiðslu:

a) hvað varðar uppruna dýranna:

i. lífrænt ræktað búfé skal vera borið og alið á lífrænum bújörðum,

ii. hvað undaneldi varðar er heimilt að flytja dýr sem ekki hafa verið alin á lífrænan hátt til bújarðar að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Slík dýr og afurðir þeirra má flokka sem lífræn að loknum aðlögunartíma sem um getur í c-lið 1. mgr. 17. gr.,

iii. dýr sem fyrir eru á bújörð í upphafi aðlögunartíma og afurðir þeirra má flokka sem lífræn að loknum aðlögunartímanum sem um getur í c-lið 1. mgr. 17. gr.,

b) hvað varðar búskaparhætti og aðbúnað:

i. starfsfólk sem annast dýr skal búa yfir nauðsynlegri grunnþekkingu og færni að því er varðar heilbrigði og velferðarþarfir dýranna,

ii. búskaparhættir, þ.m.t. þéttleiki dýra og aðbúnaður, skulu tryggja að þroskunarþörf, lífeðlisfræðilegri þörf og atferlisfræðilegri þörf dýranna sé fullnægt,

iii. búfé skal hafa stöðugan aðgang að svæðum undir berum himni, helst bithaga, hvenær sem veðurskilyrði og ástand jarðvegs gera það kleift, nema þegar kveðið er á um takmörkun og skyldur sem tengjast heilsuvernd manna og dýra með löggjöf Bandalagsins,

iv. fjöldi búfjár skal takmarkaður með það í huga að lágmarka ofbeit, troðkun jarðvegs, veðrun eða mengun af völdum dýra eða dreifingu húsdýraáburðar.

v. lífrænt ræktuðu búfé skal haldið aðskildu frá öðru búfé. Þó skal beit lífrænt ræktaðra dýra á almennum bithaga og beit annarra dýra á lífrænum bithaga heimiluð með tilteknum takmarkandi skilyrðum,

vi. tjóðrun eða einangrun búfjár skal bönnuð, nema ef um er að ræða einstök dýr um takmarkaðan tíma, og að svo miklu leyti sem slíkt er réttlætanlegt af ástæðum sem varða öryggi, velferð eða heilbrigði dýra og dýraafurða,

vii. lágmarka skal flutningstíma búfjár,

viii. öll þjáning, þar með talin sköddun, skal lágmörkuð á öllu æviskeiði dýrsins, einnig þegar kemur að slátrun,

ix. býflugnabú skulu höfð á svæðum þar sem nóg er af hunangslegi og frjókornum sem eru einkum úr plöntum sem eru afurðir lífrænnar framleiðslu eða, eins og við á, úr sjálfsprottnum gróðri í skógi með ólífræna skógvörslu eða plöntum sem aðeins eru meðhöndlaðar með aðferðum sem hafa lítil umhverfisáhrif. Býflugnabú skulu höfð í hæfilegri fjarlægð frá öllu því sem getur leitt til smitunar býflugnaræktarafurða eða skerts heilbrigðis býflugna;

x. býflugnabú og efniviður sem notaður er við býflugnarækt skulu einkum vera úr náttúrulegu hráefni,

xi. við söfnun býræktarafurðanna er bannað að aflífa býflugurnar í vaxkökunum,

c) að því er varðar undaneldi:

i. við æxlun skal viðhafa náttúrulegar aðferðir. Þó er sæðing leyfileg,

ii. ekki skal knýja fram æxlun með hormónameðferð eða meðferð með áþekkum efnum, nema um sé að ræða dýralæknismeðferð þar sem einstakt dýr á í hlut,

iii. ekki skal beita öðrum tegundum tæknifrjóvgunar, svo sem einræktun og flutningi fósturvísa,

iv. velja skal viðeigandi búfjárkyn. Val á kynjum skal einnig stuðla að því að komist verði hjá þjáningu og hægt sé að forðast sköddun dýra,

d) að því er varðar fóður:

i. fóðurs fyrir búfé skal fyrst og fremst afla á bújörðinni þar sem dýrin eru höfð eða frá öðrum lífrænum bújörðum á sama svæði,

ii. búfé skal gefið lífrænt fóður sem miðast við næringarþörf dýrsins á ólíkum þroskaskeiðum þess. Hluti gjafarinnar getur innihaldið fóður frá bújörðum sem eru að aðlagast lífrænum búskap,

iii. allt búfé nema býflugur skal hafa stöðugan aðgang að bithaga eða gróffóðri,

iv. ólífræn fóðurefni úr jurtaríkinu, fóðurefni úr dýraríkinu og úr steinefnum, fóðuraukefni, tilteknar afurðir, notaðar í fóður, og hjálparefni við vinnslu skal aðeins nota ef notkun þeirra hefur verið heimiluð til notkunar í lífrænni framleiðslu í samræmi við 16. gr.,

v. ekki skal nota vaxtarhvata eða manngerðar amínósýrur,

vi. spendýr sem eru á spena skulu fóðruð með náttúrulegri mjólk, helst móðurmjólk,

e) að því er varðar forvarnarstarf gagnvart sjúkdómum og meðferð sem varðar heilbrigði dýra og dýraafurða:

i. forvarnarstarf gagnvart sjúkdómum byggist á vali kynja og stofna, ræktunaraðferð, hágæðafóðri og hreyfingu, viðeigandi þéttleika dýra og viðeigandi aðstöðu þar sem hollustusamlegum skilyrðum er haldið við,

ii. sjúk dýr skulu strax fá meðferð svo komist verði hjá þjáningu; heimilt er að nota efnafræðilega mynduð dýralyf til hefðbundinna lækninga, einnig sýklalyf, ef nauðsyn krefur og við ströng skilyrði, þegar notkun jurtalyfja, smáskammtalyfja og annarra lyfja á ekki við. Einkum skal skilgreina takmarkanir sem lúta að meðhöndlun og biðtíma til afurðanýtingar,

iii. notkun ónæmisfræðilegra dýralyfja er heimiluð,

iv. meðhöndlun sem tengist heilsuvernd manna og vernd dýraheilbrigðis og kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins skal heimiluð:

f) að því er varðar hreinsun og sótthreinsun skal aðeins nota efni til hreinsunar og sótthreinsunar í húsum og aðstöðu fyrir búfé ef notkun hefur verið heimiluð við lífræna framleiðslu í samræmi við 16. gr.

2. Ráðstafanir og skilyrði, sem eru nauðsynleg til framkvæmdar framleiðslureglunum sem settar eru fram í þessari grein, skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr.

15. gr.

Framleiðslureglur sem varða lagareldisdýr

1. Auk almennra reglna um framleiðslu á bújörðum sem kveðið er á um í 11. gr. skulu eftirfarandi reglur eiga við um lagareldi:

a) hvað varðar uppruna lagareldisdýranna:

i. lífrænt lagareldi skal byggjast á eldi ungviðis sem er upprunnið í lífrænt ræktuðum eldisstofni og bújörðum þar sem lífræn framleiðsla er stunduð,

ii. sé ungviði, sem er upprunnið í lífrænt ræktuðum eldisstofni eða á bújörðum þar sem lífræn framleiðsla er stunduð, ekki tiltækt er heimilt að flytja dýr sem ekki eru upprunnin í lífrænni framleiðslu til bújarðar með tilteknum skilyrðum,

b) hvað varðar búskaparhætti:

i. starfsfólk sem annast dýr skal búa yfir nauðsynlegri grunnþekkingu og færni að því er varðar heilbrigði og velferðarþarfir dýranna,

ii. búskaparhættir, þ.m.t. fóðrun, hönnun aðbúnaðar, þéttleiki dýra og vatnsgæði skulu tryggja að þroskunarþörf, lífeðlisfræðilegri þörf og atferlisfræðilegri þörf dýranna sé fullnægt,

iii. við búskaparhætti skal lágmarka skaðleg umhverfisáhrif frá bújörð, einnig af völdum lausagöngu búfjár,

iv. lífrænt ræktuðum dýrum skal haldið aðskildum frá öðrum dýrum í lagareldi,

v. við flutninga skal tryggja áframhaldandi velferð dýranna,

vi. lágmarka skal þjáningu dýranna, einnig við slátrun,

c) að því er varðar undaneldi:

i. ekki má beita framkallaðri fjöllitnun, tilbúinni kynblöndun, klónun eða framleiðslu einkynja stofna, að undanskilinni handflokkun,

ii. velja skal viðeigandi stofn,

iii. koma skal á fót tegundabundnum skilyrðum til stjórnunar á undaneldisstofnum, undaneldi og framleiðslu ungviðis,

d) að því er varðar fóður fyrir fiska og krabbadýr:

i. dýrunum skal gefið fóður sem miðast við næringarþörf dýrsins á ólíkum þroskaskeiðum þess,

ii. sá hluti fóðurs sem er úr jurtaríkinu skal vera upprunninn úr lífrænni framleiðslu og sá hluti fóðurs sem er úr lagardýrum skal vera upprunninn úr sjálfbærri nýtingu fiskiauðlinda,

iii. ólífræn fóðurefni úr jurtaríkinu, fóðurefni úr dýraríkinu og úr steinefnum, fóðuraukefni, tilteknar afurðir, notaðar í fóður, og hjálparefni við vinnslu skal aðeins nota ef notkun þeirra hefur verið heimiluð til notkunar í lífrænni framleiðslu í samræmi við 16. gr.,

iv. ekki skal nota vaxtarhvata eða manngerðar amínósýrur,

e) að því er varðar samlokur og aðrar tegundir sem ekki eru fóðraðar heldur þrífast á náttúrulegu svifi:

i. slíkir síarar fái alla næringuna sem þeir þurfa úr náttúrunni, nema þegar um er að ræða ungviði sem er alið í klakstöð eða eldisstöð.

ii. þeir skulu aldir í vatni sem stenst viðmiðanir svæða í A- eða B-flokki eins og þau eru skilgreind í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004,

iii. á eldissvæðunum skulu vera mikil vistfræðileg gæði í skilningi tilskipunar 2000/60/EB og þar til hún kemur til framkvæmdar, gæði sem eru jafngild tilgreindum vatnasvæðum í samræmi við tilskipun 2006/113/EB,

f) að því er varðar forvarnarstarf gagnvart sjúkdómum og meðferð sem varðar heilbrigði dýra og dýraafurða:

i. forvarnarstarf gagnvart sjúkdómum skal byggjast á því að dýrunum sé haldið við kjörskilyrði með viðeigandi staðsetningu, viðeigandi hönnun aðstöðu, beitingu góðra búskaparhátta og rekstraraðferða, þ.m.t. reglubundinni hreinsun og sótthreinsun húsnæðis, gæðafóðri, viðeigandi þéttleika dýra, og vali á kyni og stofni,

ii. sjúk dýr skulu strax fá meðferð svo komist verði hjá þjáningu; heimilt er að nota efnafræðilega mynduð dýralyf til hefðbundinna lækninga, einnig sýklalyf, ef nauðsyn krefur og við ströng skilyrði, þegar notkun jurtalyfja, smáskammtalyfja og annarra lyfja á ekki við. Einkum skal skilgreina takmarkanir sem lúta að meðhöndlun og biðtíma til afurðanýtingar,

iii. notkun ónæmisfræðilegra dýralyfja er heimiluð,

iv. meðhöndlun sem tengist heilsuvernd manna og vernd dýraheilbrigðis og kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins skal heimiluð.

g) Að því er varðar hreinsun og sótthreinsun skal aðeins nota efni til hreinsunar og sótthreinsunar á tjörnum, búrum, húsum og aðstöðu ef notkun hefur verið heimiluð við lífræna framleiðslu í samræmi við 16. gr.

2. Ráðstafanir og skilyrði, sem eru nauðsynleg til framkvæmdar framleiðslureglunum sem settar eru fram í þessari grein, skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr.

16. gr.

Vörur og efni sem notuð eru í búskap og forsendur þess að þau séu leyfð

1. Í samræmi við málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 37. gr. skal framkvæmdastjórnin leyfa til notkunar í lífrænni framleiðslu og fella inn í takmarkaða skrá þær afurðir og efni sem má nota við lífrænan búskap í eftirfarandi markmiðum:

a) sem plöntuvarnarefni,

b) sem áburð og jarðvegsnæringu,

c) sem ólífrænt fóðurefni úr jurtaríkinu, fóðurefni úr dýraríkinu og úr steinefnum og tiltekin efni til nota í fóður,

d) sem fóðuraukefni og hjálparefni við vinnslu,

e) sem efni til hreinsunar og sótthreinsunar á tjörnum, búrum, byggingum og aðstöðu til dýraeldis,

f) sem efni til hreinsunar og sótthreinsunar á byggingum og aðstöðu til plöntuframleiðslu, að meðtalinni geymslu á bújörð.

Einvörðungu er heimilt að nota afurðir og efni af takmörkuðu skránni að því tilskildu að tilsvarandi notkun sé leyfð í almennum landbúnaði í viðkomandi aðildarríkjum, í samræmi við viðeigandi ákvæði Bandalagsins eða ákvæði landslaga sem eru í samræmi við lög Bandalagsins.

2. Heimild til að nota afurðir og efni sem um getur í 1. mgr. er háð markmiðum og meginreglum sem mælt er fyrir um í II. bálki og eftirfarandi almennum og sértækum viðmiðunum sem meta skal sem eina heild:

a) notkun þeirra er nauðsynleg til sjálfbærrar framleiðslu og skiptir sköpum hvað varðar fyrirhugaða notkun,

b) allar afurðir og efni skulu vera úr jurta- eða dýraríkinu, steinefnum eða örverum, nema þegar afurðir eða efni af þeim uppruna eru ekki tiltæk í nógu miklu magni eða gæðum, eða ef aðrir valkostir eru ekki fyrir hendi,

c) sé um að ræða afurðir sem um getur í a-lið 1. mgr. skal eftirfarandi eiga við:

i. notkun þeirra skiptir sköpum til þess að ná tökum á skaðlegum lífverum eða tilteknum sjúkdómi þegar ekki eru tiltækir aðrir líffræðilegir eða eðlisfræðilegir valkostir eða aðrir valkostir í tengslum við undaneldi eða ræktun, eða aðrar skilvirkar stjórnunaraðferðir,

ii. ef afurðir eru ekki úr jurta- eða dýraríkinu, örverum eða steinefnum, og eru ekki eins og náttúrulegt form þeirra, er aðeins unnt að leyfa notkun þeirra ef notkunarskilyrðin útiloka alla beina snertingu við ætan hluta uppskerunnar,

d) ef um er að ræða afurðir sem um getur í b-lið 1. mgr. skiptir notkun þeirra sköpum til að ná fram eða viðhalda frjósemi jarðvegs eða til þess að uppfylla tiltekin næringarskilyrði fyrir plönturnar, eða af ástæðum sem tengjast jarðvegsbótum,

e) sé um að ræða afurðir sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. skal eftirfarandi eiga við:

i. þær eru nauðsynlegar til að viðhalda heilbrigði dýra, velferð dýra og lífsþrótti, og stuðla að viðeigandi fæðu sem uppfyllir lífeðlisfræðilegar og atferlisfræðilegar þarfir viðkomandi tegundar eða ef ógerlegt er að framleiða eða geyma slíkt fóður nema með því að nota þessi efni,

ii. fóður úr steinefnum, snefilefnum, vítamínum eða forvítamínum skal vera af náttúrulegum uppruna. Ef slíkt efni er ófáanlegt er heimilt að nota efnafræðilega skýrt afmörkuð hliðstæð efni við lífræna framleiðslu.

3. a) Í samræmi við þá málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 37. gr. getur framkvæmdastjórnin sett fram skilyrði og takmarkanir hvað varðar landbúnaðarafurðir, sem heimilt er að nota að því er varðar afurðir og efni sem um getur í 1. mgr., notkunaraðferðina, skammta, tímamörk notkunar, snertingu við landbúnaðarafurðir, og ef nauðsyn krefur, ákveðið að innkalla þessar afurðir og þessi efni.

b) Telji aðildarríki að bæta þurfi við eða taka út af skránni sem um getur í 1. mgr., afurð eða efni, eða að breyta þurfi skilyrðum fyrir notkun sem um getur í a-lið, skal viðkomandi aðildarríki tryggja að málsskjöl séu opinberlega send framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum, og hafi hún að geyma rökstuðning fyrir umræddri viðbót, afturköllun eða breytingum. Umsóknir um breytingar eða afturköllun skulu birtar, einnig ákvarðanir þar að lútandi.

c) Afurðir og efni, sem hafa verið í notkun fyrir samþykkt þessarar reglugerðar í tilgangi sem svarar til þess sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar, er heimilt að nota áfram eftir að reglugerðin hefur verið samþykkt. Framkvæmdastjórninni getur í öllum tilvikum afturkallað slíkar afurðir eða efni í samræmi við 2. mgr. 37. gr.

4. Aðildarríkin geta á yfirráðasvæði sínu sett reglur um notkun afurða og efna í lífrænum búskap í öðrum tilgangi en þeim sem um getur í 1. mgr., að því tilskildu að notkunin sé háð markmiðum og meginreglum sem mælt er fyrir um í II. bálki og almennum og sértækum viðmiðunum sem kveðið er á um í 2. mgr. og að því marki sem slíkt er í samræmi við lög Bandalagsins. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um slíkar landsreglur.

5. Notkun afurða og efna, sem falla ekki undir 1. og 4. mgr. og er háð markmiðum og meginreglum sem mælt er fyrir um í II. bálki og almennum viðmiðunum sem um getur í þessari grein, er leyfileg í lífrænum búskap.

17. gr.

Aðlögun

1. Eftirfarandi reglur skulu eiga við bújörð þar sem lífræn framleiðsla er hafin:

a) aðlögunartími hefst í fyrsta lagi þegar rekstraraðili hefur tilkynnt lögbæru yfirvaldi um starfsemi sína og falið bújörð sína eftirlitskerfi í samræmi við 1. mgr. 28. gr.,

b) á aðlögunartímanum gilda allar reglurnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð,

c) aðlögunartíma skal ákveða út frá tegund nytjaplantna eða dýra sem verið er að framleiða,

d) á bújörð eða einingu sem er að hluta nýtt til lífrænnar framleiðslu og að hluta í aðlögun að lífrænni framleiðslu skal rekstraraðili halda afurðum lífrænnar framleiðslu og afurðum aðlögunar að lífrænni framleiðslu aðskildum og dýrum aðskildum eða þannig að auðvelt sé að aðskilja þau og halda viðeigandi skrár til að sýna fram á aðgreininguna.

e) þegar ákveða á aðlögunartímann sem um getur hér á undan er heimilt að taka til greina tímabil sem er næst á undan þeim degi sem aðlögunartíminn hefst, að því marki sem tiltekin skilyrði eru uppfyllt,

f) dýr og dýraafurðir sem eru framleidd á aðlögunartímanum sem um getur í undirgrein c skulu ekki sett á markað með þeim vísunum sem um getur í 23. og 24. gr. að því er varðar merkingu og auglýsingar fyrir afurðirnar.

2. Ráðstafanir og skilyrði, sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglunum sem settar eru fram í þessari grein, einkum hvað varðar tímabilin sem um getur í c- til f-lið 1. mgr., skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr.

3. KAFLI

Framleiðsla unnins fóðurs

18. gr.

Almennar reglur um framleiðslu unnins fóðurs

1. Framleiðsla á unnu, lífrænu fóðri skal aðskilin framleiðslu unnins ólífræns fóðurs í tíma eða rúmi.

2. Fóðurefni úr lífrænni framleiðslu eða fóðurefni úr framleiðslu í aðlögun skulu ekki sett í lífrænu vöruna um leið og sams konar fóðurefni, sem framleidd eru með ólífrænum aðferðum,

3. Ekkert fóðurefni sem notað er eða unnið í lífrænni framleiðslu skal hafa verið unnið með hjálp leysiefna sem eru gerð með efnasmíði.

4. Ekki má nota efni og aðferðir, sem endurgera eiginleika sem hafa tapast við vinnslu og geymslu á lífrænu fóðri, sem bæta upp afleiðingar gáleysis við vinnslu eða sem geta á annan hátt verið misvísandi hvað varðar rétta eiginleika viðkomandi afurða.

5. Ráðstafanir og skilyrði, sem eru nauðsynleg til framkvæmdar framleiðslureglunum sem settar eru fram í þessari grein, skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr.

4. KAFLI

Framleiðsla unninna matvæla

19. gr.

Almennar reglur um framleiðslu unninna matvæla

1. Vinnsla unninna matvæla úr lífrænni framleiðslu skal aðskilin vinnslu ólífrænna matvæla í tíma eða rúmi.

2. Eftirtalin skilyrði skulu gilda um samsetningu unninna matvæla úr lífrænni framleiðslu:

a) varan skal einkum unnin úr innihaldsefnum úr landbúnaði; þegar ákvarðað er hvort vara sé einkum unnin úr innihaldsefnum úr landbúnaði skal ekki taka tillit til viðbætts vatns og salts til matreiðslu,

b) aðeins má nota aukefni, hjálparefni við vinnslu, bragðefni, vatn, salt, blöndur úr örverum og ensímum, steinefni, snefilefni, vítamín, einnig amínósýrur og önnur snefilefni í matvæli til sérstakra, næringarlegra nota, svo fremi að þau hafi verið heimiluð til notkunar í lífrænni framleiðslu í samræmi við 21. gr.,

c) aðeins má nota ólífræn innihaldsefni úr landbúnaði ef þau hafa verið heimiluð til notkunar í lífrænni framleiðslu í samræmi við 21. gr. eða hafa verið leyfð til bráðabirgða í aðildarríki,

d) lífrænt innihaldsefni skal ekki notað ásamt sams konar innihaldsefni í ólífrænu formi eða innihaldsefni úr framleiðslu í aðlögun,

e) matvæli, sem eru framleidd úr plöntum í aðlögun, skulu eingöngu innihalda innihaldsefni úr einni nytjaplöntu úr landbúnaði.

3. Ekki má nota efni og aðferðir sem endurgera eiginleika sem hafa tapast við vinnslu og geymslu á lífrænum matvælum, sem bæta upp afleiðingar gáleysis við vinnslu eða sem geta á annan hátt verið misvísandi hvað varðar rétta eiginleika viðkomandi afurða.

Þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar framleiðslureglnanna sem um getur í þessari grein, einkum hvað varðar vinnsluaðferðir og skilyrði bráðabirgðaleyfis aðildarríkjanna sem um getur í c-lið 2. mgr., skulu samþykktar í samræmi við þá málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 37. gr.

20. gr.

Almennar reglur um framleiðslu gers úr lífrænni ræktun

1. Við lífræna framleiðslu gers skal aðeins nota næringarefnablöndu úr lífrænni framleiðslu. Aðrar afurðir og efni má aðeins nota að svo miklu leyti sem þau hafa verið heimiluð til notkunar í lífrænni framleiðslu í samræmi við 21. gr.

2. Ger úr lífrænni ræktun skal ekki nota í matvæli eða fóður úr lífrænni framleiðslu ásamt hefðbundnu geri.

3. Heimilt er að mæla fyrir um ítarlegar framleiðslureglur í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr.

21. gr.

Viðmiðanir fyrir tilteknar afurðir og efni í vinnslu

1. Leyfi til að nota afurðir og efni við lífræna framleiðslu og til að færa þau á takmarkaða skrá yfir afurðir og efni sem um getur í b- og c-lið 2. mgr. 19. gr. skal veitt með fyrirvara um markmið og meginreglur sem skilgreind eru í II. bálki og eftirfarandi viðmiðanir sem meta skal sem eina heild:

i. aðrir valkostir sem leyfilegir eru í samræmi við þennan kafla eru ekki fyrir hendi,

ii. ef ekki væri gripið til þeirra væri ekki hægt að framleiða eða geyma matvælin, eða uppfylla tilteknar næringar-fræðilegar kröfur sem kveðið er á um á grundvelli löggjafar Bandalagsins.

Auk þess skulu afurðirnar og efnin sem um getur í b-lið 2. mgr. 19. gr. vera tiltæk í náttúrunni og mega aðeins hafa gengist undir kraftræn, eðlisfræðileg eða líffræðileg ferli eða ensím- eða örveruferli, nema þegar slíkar afurðir og efni eru ekki tiltæk á markaði í nægilegum mæli eða af nægilegum gæðum.

2. Framkvæmdastjórnin skal í samræmi við þá málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 37. gr. taka ákvörðun um að leyfa notkun afurða og efna og færa þau á takmarkaða skrá, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, og kveða á um sértæk skilyrði og takmarkanir við notkun þeirra, og um afturköllun afurða ef svo ber undir.

Telji aðildarríki að bæta þurfi við eða taka út af skránni sem um getur í 1. mgr., afurð eða efni, eða að breyta þurfi skilyrðum fyrir notkun sem um getur í þessari málsgrein, skal viðkomandi aðildarríki tryggja að málsskjöl séu opinberlega send framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum, og hafi hún að geyma rökstuðning fyrir umræddri viðbót, afturköllun eða breytingum.

Umsóknir um breytingar eða afturköllun skulu birtar, einnig ákvarðanir þar að lútandi.

Heimilt er að nota afurðir og efni, sem notuð voru áður en þessi reglugerð var samþykkt og sem b- og c-liður 2. mgr. 19. gr. gilda um, eftir að reglugerðin hefur verið samþykkt. Framkvæmdastjórnin getur í öllum tilvikum afturkallað slíkar afurðir eða efni í samræmi við 2. mgr. 37. gr.

5. KAFLI

Sveigjanleiki

22. gr.

Framleiðslureglur í sérstökum undantekningartilvikum

1. Í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr. og þau skilyrði sem sett eru fram í 2. mgr. þessarar greinar, og með fyrirvara um markmið og meginreglur sem kveðið er á um í II. bálki, getur framkvæmdastjórnin kveðið á um að veittar séu undanþágur frá framleiðslureglunum sem kveðið er á um í 1. til 4. kafla.

2. Þeim undanþágum sem um getur í 1. mgr. skal haldið í lágmarki og, eftir því sem við, á skulu þær háðar tímamörkum og þær má aðeins veita í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar þær eru nauðsynlegar til þess að tryggja að unnt sé að hefja lífræna framleiðslu eða viðhalda henni á bújörðum sem háðar eru veðurfars-, landfræðilegum eða kerfislægum hömlunum,

b) þar sem nauðsyn krefur til þess að tryggja aðgang að fóðri, fræi og plöntufjölgunarefni, lifandi dýrum og öðrum aðföngum til bújarða, þegar slík aðföng eru ekki fáanleg á markaði í lífrænu formi,

c) þar sem nauðsyn krefur til þess að tryggja aðgang að innihaldsefnum úr landbúnaði, þegar slík innihaldsefni eru ekki fáanleg á markaði í lífrænu formi,

d) þegar þær eru nauðsynlegar til þess að leysa tiltekin vandamál sem tengjast lífrænni framleiðslu búfjár,

e) þegar þær eru nauðsynlegar að því er varðar notkun á tilteknum afurðum og efnum í vinnslunni sem um getur í b-lið 2. mgr. 19. gr. til þess að tryggja framleiðslu skýrt skilgreindra matvæla í lífrænu formi,

f) þegar ráðstafanir til bráðabirgða eru nauðsynlegar til þess að lífræn framleiðsla geti haldið áfram eða hafist að nýju eftir hamfarir,

g) þegar nauðsynlegt er að nota aukefni í matvælum og önnur efni sem um getur í b-lið 2. mgr. 19. gr. eða fóðuraukefni og önnur efni sem um getur í d-lið 1. mgr. 16. gr. og slík efni eru ekki fáanleg á markaði nema framleidd með erfðabreyttum lífverum,

h) þegar notkun aukefna í matvælum og annarra efna sem um getur í b-lið 2. mgr. 19. gr. eða fóðuraukefna sem um getur í d-lið 1.mgr. 16. gr. er nauðsynleg á grundvelli laga Bandalagsins eða landslaga.

3. Í samræmi við málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 37. gr. getur framkvæmdastjórnin kveðið á um tiltekin skilyrði fyrir því að undanþágur sem kveðið er á um 1. mgr. séu veittar.

IV. BÁLKUR

MERKING

23. gr.

Notkun hugtaka sem varða lífræna framleiðslu

1. Í þessari reglugerð telst vara, sem merkt er hugtökum sem vísa til lífrænu framleiðsluaðferðarinnar, vera slík vara ef vörunni, innihaldsefnum hennar eða fóðurefnum er lýst á umbúðum, í auglýsingum eða viðskiptaskjölum með orðum sem gefa kaupanda til kynna að varan, innihaldsefni hennar eða fóðurefni hafi verið framleidd í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Einkum geta hugtökin sem tíunduð eru í viðaukanum, afleiddar myndir þeirra eða styttingar, t.d. forskeytin líf- eða vist-, ein og sér eða í samsetningum, verið notuð í gervöllu Bandalaginu og á öllum tungumálum Bandalagsins við merkingu og auglýsingar á vörum sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð eða í samræmi við hana.

Við merkingu og auglýsingu lifandi eða óunninna land-búnaðarafurða skal aðeins nota hugtök sem vísa til lífrænnar framleiðsluaðferðar þegar öll innihaldsefni afurðarinnar eru að auki framleidd í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð.

2. Hugtökin sem um getur í 1. mgr. skulu hvergi notuð í Bandalaginu, á neinu tungumáli Bandalagsins, til merkingar, auglýsingar og í viðskiptaskjölum vegna vöru sem ekki uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð, nema þau eigi ekki við um landbúnaðarafurðir í matvælum og fóðri eða tengjast greinilega ekki á nokkurn hátt lífrænni framleiðslu.

Ekki skal heldur nota nein hugtök, þ.m.t. hugtök sem notuð eru í vörumerkjum, eða aðferðir notaðar við merkingu eða auglýsingu sem eru líklegar til þess að blekkja neytandann eða notandann með því að gefa í skyn að vara eða innihaldsefni hennar fullnægi kröfum sem settar eru fram í þessari reglugerð.

3. Ekki skal nota hugtökin sem um getur í 1. mgr. um vöru sem þarf að merkja eða auglýsa samkvæmt ákvæðum Bandalagsins sem vöru sem inniheldur erfðabreyttar lífverur, er gerð úr erfðabreyttum lífverum eða framleidd úr erfðabreyttum lífverum.

4. Að því er varðar unnin matvæli má nota hugtökin sem um getur í 1. mgr. sem hér segir:

a) í vörulýsingu, að því tilskildu:

   i. að unnu matvælin séu í samræmi við 19. gr.,

   ii. að 95% af þyngd innihaldsefna úr landbúnaði að minnsta kosti séu úr lífrænni framleiðslu,

b) í skrá yfir innihaldsefni eingöngu, að því tilskildu að matvælin séu í samræmi við 19. gr. (1. mgr., a-, b- og d-liður 2. mgr.),

c) í skrá yfir innihaldsefni og á sama sjónræna sviði og vörulýsing, að því tilskildu:

   i. að helsta innihaldsefnið sé afurð veiða eða fiskveiða,

   ii. að þau innihaldi önnur innihaldsefni úr landbúnaði sem séu öll úr lífrænni framleiðslu,

   iii. að matvælin séu í samræmi við 19. gr. (1. mgr., a-, b- og d-liður 2. mgr.).

Skrá yfir innihaldsefni skal sýna hvaða innihaldsefni eru úr lífrænni framleiðslu.

Þegar b- og c-liður þessarar málsgreinar eiga við má vísun til lífrænnar framleiðsluaðferðar aðeins birtast í tengslum við lífræn innihaldsefni og á skrá yfir innihaldsefni skulu vera upplýsingar um heildarhlutfall lífrænna innihaldsefna miðað við heildarmagn innihaldsefna úr landbúnaði.

Hugtökin og upplýsingarnar um hundraðshluta sem um getur í undirgreininni hér að framan skulu birtast í sömu litum, sömu stærð og gerð leturs og aðrar upplýsingar í skrá yfir innihaldsefni.

5. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ákvæði þessarar greinar séu uppfyllt.

6. Í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr. getur framkvæmdastjórnin gert breytingar á skrá hugtaka sem sett er fram í viðauka.

24. gr.

Lögboðnar upplýsingar

1. Þar sem notuð eru hugtök sem um getur í 1. mgr. 23. gr.:

a) einnig skal birta á merkingu kenninúmer, sem um getur í 10. mgr. 27. gr., sem er kenninúmer eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila sem rekstraraðilinn, sem hefur haft með höndum síðustu aðgerð framleiðslu- eða vinnsluferlis, heyrir undir,

b) kennimerki Bandalagsins sem um getur í 1. mgr. 25. gr. í tengslum við forpökkuð matvæli skal einnig birtast á umbúðunum,

c) þegar notað er kennimerki Bandalagsins skulu upplýsingar um þann stað þaðan sem hráefni úr landbúnaði sem afurðin er unnin úr hafa verið fengin einnig birtast á sama sjónræna sviði og kennimerkið og skulu þær vera á einu eftirfarandi sniða, eftir því sem við á:

   — „ESB-landbúnaður“, þegar hráefni úr landbúnaði er upprunnið í ESB,

   — „Landbúnaður utan ESB“, þegar hráefni úr landbúnaði er upprunnið í þriðju löndum,

   — „ESB-landbúnaður/Landbúnaður utan ESB“, þegar hluti hráefna úr landbúnaði er upprunninn í Bandalaginu og hluti er upprunninn í þriðja landi.

Í stað fyrrnefndra upplýsinga „ESB-landbúnaður“ eða „Landbúnaður utan ESB“ má geta lands eða bæta því við, enda séu öll hráefni úr landbúnaði sem varan er úr upprunnin í því landi.

Hvað varðar ofangreindar upplýsingar „ESB-“ eða „utan ESB“ er heimilt að virða að vettugi lítið magn miðað við vægi innihaldsefna að því tilskildu að heildarmagn innihaldsefna sem virt eru að vettugi sé ekki meira en sem nemur 2% af heildarþyngd hráefna úr landbúnaði.

Ofangreindar upplýsingar „ESB“ eða „utan ESB“ skulu ekki birtast í lit, stærð eða leturgerð sem er meira áberandi en vörulýsingin.

Notkun kennimerkis Bandalagsins sem um getur í 1. mgr. 25. gr. og upplýsinganna sem um getur í fyrstu undirgrein skal vera valkvæð að því er varðar vörur sem fluttar eru inn frá þriðju löndum. Þegar kennimerki Bandalagsins sem um getur í 1. mgr. 25. gr. birtist í merkingu skulu upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein einnig birtast í merkingu.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu vera auðskiljanlegar og merktar á áberandi stað þannig að þær sjáist greinilega og séu auðlesnar og óafmáanlegar.

3. Framkvæmdastjórnin skal í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr. mæla fyrir um tilteknar viðmiðanir að því er varðar framsetningu, samsetningu og stærð upplýsinganna sem um getur í a- og c-lið 1. mgr.

25. gr.

Kennimerki um lífræna framleiðslu

1. Kennimerki Bandalagsins um lífræna framleiðslu má nota í merkingu, framsetningu og auglýsingu á vörum sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

Ekki má nota kennimerki Bandalagsins ef um er að ræða afurðir og matvæli í aðlögun, eins og um getur í b- og c- lið 4. mgr. 23. gr.

2. Kennimerki lands eða einkaaðila má nota í merkingu, framsetningu og auglýsingu á vörum sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

3. Framkvæmdastjórnin skal í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr. mæla fyrir um tilteknar viðmiðanir að því er varðar framsetningu, samsetningu, stærð og hönnun kennimerkis Bandalagsins.

26. gr.

Sértækar kröfur varðandi merkingu

Framkvæmdastjórnin skal í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr. mæla fyrir um tilteknar kröfur varðandi merkingu og samsetningu og skulu þær gilda um:

a) lífrænt fóður,

b) afurðir úr jurtaríkinu í aðlögun,

c) plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar.

V. BÁLKUR

EFTIRLIT

27. gr.

Eftirlitskerfi

1. Aðildarríkin skulu koma á fót eftirlitskerfi og tilnefna eitt lögbært yfirvald eða fleiri til að annast eftirlit með því að virtar séu þær skuldbindingar sem kveðið er á um í þessari reglugerð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 882/2004.

2. Auk skilyrðanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 882/2004 skal eftirlitskerfið sem komið er á fót í samræmi við þessa reglugerð að minnsta kosti fela í sér beitingu varúðar- og eftirlitsráðstafana sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja í samræmi við þá málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 37. gr.

3. Að því er varðar þessa reglugerð skal ákvarða eðli og tíðni eftirlits á grundvelli mats á hættu á frávikum og brotum að því er varðar kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Í öllum tilvikum skulu allir rekstraraðilar, að undanteknum heildsölum sem versla aðeins með forpakkaðar vörur og rekstraraðilum sem selja lokaneytendum eða notendum í skilningi 2. mgr. 28. gr., háðir eftirliti, a.m.k. einu sinni á ári, til að sannprófa að þeir fari að tilskildum ákvæðum.

4. Lögbæru yfirvaldi er heimilt:

a) að veita eftirlitsyfirvald sitt öðrum eftirlitsaðila, einum eða fleiri. Eftirlitsyfirvald skal leggja fram viðeigandi tryggingar fyrir hlutlægni sinni og óhlutdrægni og hafa tiltækt sérmenntað starfsfólk og þau tilföng sem þarf til að það geti sinnt hlutverki sínu.

b) að fela eftirlitsstörf einum eftirlitsaðila eða fleiri. Þegar svo háttar til skulu aðildarríkin tilnefna yfirvöld sem bera ábyrgð á að samþykkja og annast eftirlit með slíkum aðilum.

5. Lögbært yfirvald má aðeins fela eftirlitsstörf tilteknum eftirlitsaðila ef skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 eru uppfyllt, einkum í eftirtöldum tilvikum:

a) til er nákvæm lýsing á verkefnunum, sem eftirlitsaðilinn má framkvæma, og þeim skilyrðum sem hann má annast þau við,

b) sannað hefur verið að eftirlitsaðilinn:

   i. hafi þá sérþekkingu, búnað og grunnvirki sem þarf til að annast þau verkefni sem honum hefur verið úthlutað,

   ii. hafi yfir að ráða nægu starfsfólki með viðeigandi menntun og hæfi, og iii. sé óhlutdrægur og engir hagsmunaárekstrar eigi sér stað að því er varðar framkvæmd þeirra verkefna sem honum hefur verið úthlutuð,

c) eftirlitsaðilinn er faggiltur samkvæmt nýjustu, tilkynntu útgáfu sem birst hefur í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*, Evrópustaðli EN 45011, eða ISO-leiðbeiningum 65 (almennar kröfur vegna aðila sem reka vöruvottunarkerfi) og lögbær yfirvöld hafa samþykkt hann,

d) eftirlitsaðilinn tilkynnir lögbærum yfirvöldum reglulega um niðurstöður úr því eftirliti sem sinnt er og þegar lögbært yfirvald óskar eftir því. Ef niðurstöður eftirlits gefa til kynna að ekki sé farið að kröfum eða benda til þess að slíkt sé líklegt skal eftirlitsaðilinn tilkynna lögbæru yfirvaldi það þegar í stað.

e) skilvirk samræming er milli lögbæra yfirvaldsins sem úthlutar verkefnunum og eftirlitsaðilans.

6. Til viðbótar við ákvæði 5. mgr. skal lögbært yfirvald taka tillit til eftirfarandi viðmiðana þegar eftirlitsaðili er samþykktur:

a) staðlaðrar eftirlitsaðferðar sem ber að framfylgja og sem inniheldur ítarlega lýsingu á eftirlits- og varúðarráðstöfunum sem aðilinn skuldbindur sig til að leggja á rekstraraðila sem hann hefur eftirlit með,

b) ráðstafana sem eftirlitsaðili hyggst beita þegar vart verður brota og/eða frávika.

7. Lögbær yfirvöld skulu ekki fela eftirlitsaðilum eftirtalin verkefni:

a) eftirlit og úttekt á öðrum eftirlitsaðilum,

b) valdheimild til þess að veita undantekningar, eins og um getur í 22. gr., nema kveðið sé á um það í sértækum skilyrðum sem framkvæmdastjórnin setur fram í samræmi við 3. mgr. 22. gr.

8. Í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 skulu lögbær yfirvöld sem fela eftirlitsaðilum eftirlitsverkefni skipuleggja úttektir eða eftirlit með eftirlitsaðilum eftir þörfum. Lögbæra yfirvaldinu, sem úthlutar verkefnunum, er heimilt að afturkalla úthlutunina ef í ljós kemur, við úttekt eða eftirlit, að slíkir aðilar annist ekki verkefnin, sem þeim eru falin, með fullnægjandi hætti. Það skal draga úthlutunina til baka án tafar ef eftirlitsaðilinn grípur ekki til viðeigandi og tímanlegra aðgerða til úrbóta.

9. Auk ákvæða 8. mgr. skal lögbært yfirvald:

a) tryggja að eftirlit sem eftirlitsaðilinn annast sé hlutlægt og óháð,

b) sannprófa skilvirkni eftirlits á hans vegum,

c) kynna sér þau brot eða frávik sem koma í ljós og þær ráðstafanir til úrbóta sem beitt er,

d) afturkalla viðurkenningu téðs aðila ef hann stenst ekki þær kröfur sem um getur í a- og b-lið, eða fullnægir ekki lengur þeim viðmiðunum sem um getur í 5. og 6. mgr., eða ef hann stenst ekki kröfurnar sem settar eru fram í 11., 12. og 14. mgr.

10. Aðildarríkin skulu úthluta kenninúmeri hverju eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila sem sinnir eftirlitsverkefnum sem um getur í 4. mgr.

11. Eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar skulu veita lögbærum yfirvöldum aðgang að skrifstofum sínum og starfsstöðvum og veita allar þær upplýsingar og aðstoð sem lögbært yfirvald telur að þurfi til þess að staðið sé við skuldbindingar í samræmi við þessa grein.

12. Eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar skulu tryggja að hið minnsta sé beitt varúðar- og eftirlitsráðstöfunum sem um getur í 2. mgr. gagnvart rekstraraðilum sem háðir eru eftirliti þeirra.

13. Aðildarríkin skulu tryggja að eftirlitskerfið sem starfrækt er geri kleift að rekja hverja vöru á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, meðal annars, til þess að veita neytendum tryggingu fyrir því að lífrænar vörur hafi verið framleiddar í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð.

14. Eigi síðar en 31. janúar ár hvert skulu eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar skila lögbærum yfirvöldum skrá yfir rekstraraðila sem þeir höfðu eftirlit með 31. desember á undangengnu ári. Yfirlitsskýrsla um eftirlitsstarfsemi ársins á undan skal lögð fram fyrir 31. mars á hverju ári.

28. gr.

Aðild að eftirlitskerfinu

1. Hver sá rekstraraðili sem framleiðir, vinnur, geymir eða flytur inn frá þriðja landi vörur í skilningi 2. mgr. 1. gr. eða setur slíkar vörur á markað skal, áður en hann markaðssetur vörur sem lífrænt ræktaðar eða í aðlögun:

a) tilkynna starfsemi sína til lögbærs yfirvalds þess aðildarríkis þar sem starfsemin fer fram,

b) beita eftirlitskerfinu, sem um getur í 27. gr., í fyrirtæki sínu.

Fyrsta undirgrein á einnig við um útflytjendur sem flytja út vörur sem framleiddar eru samkvæmt framleiðslureglunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

Ef rekstraraðili felur þriðja aðila einhverja starfsemi í undirverktöku skal sá rekstraraðili engu að síður uppfylla kröfurnar sem um getur í a- og b-lið og starfsemin, sem undirverktakinn annast, skal falla undir eftirlitskerfið.

2. Aðildarríkin geta veitt rekstraraðilum, sem selja slíkar vörur beint til neytenda eða notenda, undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar svo fremi þeir framleiði ekki, tilreiði eða geymi þær öðruvísi en í tengslum við sölustað, eða flytji inn slíkar vörur frá þriðja landi.

3. Aðildarríkin tilnefna yfirvald eða samþykkja aðila til að veita slíkum tilkynningum móttöku.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að hver sá rekstraraðili, sem fer að reglum þessarar reglugerðar og greiðir sanngjarnt gjald sem er framlag til kostnaðar af eftirliti, hafi rétt til þess að heyra undir eftirlitskerfið.

5. Eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar skulu halda uppfærða skrá sem hefur að geyma nöfn og heimilisföng rekstraraðila sem þeir hafa eftirlit með. Þessi skrá skal vera tiltæk þeim sem hlut eiga að máli.

6. Í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr. skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdarreglur til þess að veita upplýsingar um tilhögun tilkynningar og framlagningar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, einkum að því er varðar upplýsingarnar sem fylgja tilkynningunni sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar.

29. gr.

Skrifleg sönnunargögn

1. Eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar sem um getur í 4. mgr. 27. gr. skulu útvega skrifleg sönnunargögn hverjum þeim rekstraraðila sem þeir hafa eftirlit með og sem innan ramma starfsemi sinnar uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð. Skriflegu sönnunargögnin skulu að minnsta kosti gera kleift að sanngreina rekstraraðilann og tegund eða svið vara ásamt gildistíma.

2. Rekstraraðilinn skal staðfesta skrifleg sönnunargögn birgja sinna.

3. Framsetning skriflegra sönnunargagna sem um getur í 1. mgr. verður ákvörðuð í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr. að teknu tilliti til kosta rafrænnar vottunar.

30. gr.

Ráðstafanir vegna brota og frávika

1. Þegar vart verður fráviks frá því að kröfunum sem settar eru fram í þessari reglugerð sé fylgt skal eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili tryggja að ekki sé vísað til lífrænnar framleiðsluaðferðar í merkingu og auglýsingu fyrir alla lotuna eða framleiðslueininguna sem frávikið hefur áhrif á, þar sem það er í réttu hlutfalli við réttmæti kröfunnar sem hunsuð hefur verið og eðli og kringumstæður þeirrar starfsemi sem frávikið fólst í.

Þegar upp kemur alvarlegt brot eða brot sem hefur langvarandi áhrif skal eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili banna viðkomandi rekstraraðila að markaðssetja vörur, þar sem vísað er til lífrænnar framleiðsluaðferðar á merkingu og í auglýsingum, á tímabili sem samið verður um við lögbært yfirvald aðildarríkisins.

2. Upplýsingar um frávik og brot á reglum sem hafa áhrif á það hvort varan teljist lífræn framleiðsla skulu tafarlaust tilkynntar eftirlitsaðilum, eftirlitsyfirvöldum, lögbærum yfirvöldum og viðkomandi aðildarríkjum, og framkvæmdastjórninni þegar við á.

Umfang slíkrar tilkynningar ræðst af því hvað brotið eða frávikið sem vart hefur orðið telst alvarlegt eða víðtækt.

Framkvæmdastjórnin getur í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr. sett fram fyrirmæli að því er varðar framsetningu og fyrirkomulag slíkra tilkynninga.

31. gr.

Upplýsingaskipti

Þegar lögð hefur verið fram beiðni, sem er tilhlýðilega rökstudd með nauðsyn þess að tryggja að vara hafi verið framleidd í samræmi við þessa reglugerð, skulu lögbær yfirvöld, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar skiptast á viðeigandi upplýsingum um niðurstöður eftirlits þeirra við önnur lögbær yfirvöld, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila. Þau geta enn fremur haft frumkvæði að því að skiptast á framangreindum upplýsingum.

VI. BÁLKUR

VIÐSKIPTI VIÐ ÞRIÐJU LÖND

32. gr.

Innflutningur vara sem uppfylla kröfur

1. Heimilt er að setja afurðir, sem eru fluttar inn frá þriðja landi, á markað í Bandalaginu sem afurðir lífrænnar framleiðslu að því tilskildu:

a) að afurðin sé í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í II., III. og IV. bálki, enn fremur við framkvæmdarreglurnar sem hafa áhrif á framleiðslu hennar og samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð,

b) allir rekstraraðilar, einnig útflytjendur, hafa sætt eftirliti af hálfu eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila sem er viðurkenndur í samræmi við 2. mgr.,

c) viðkomandi rekstraraðilar séu ávallt færir um að leggja fram fyrir innflytjendur eða landsyfirvöld skrifleg sönnunargögn, sem um getur í 29. grein, sem gerir kleift að sanngreina rekstraraðilann sem vann síðustu aðgerðina og sannprófa að hann hafi virt ákvæði a- og b-liðar, sem eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili, sem um getur í b-lið, gefur út.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr., viðurkenna þau eftirlitsyfirvöld og þá eftirlitsaðila sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem um getur í 27. gr., sem eru til þess bærir að framkvæma eftirlit og gefa út skrifleg sönnunargögn, sem um getur í c-lið 1. mgr. þessara greinar, í þriðju löndum og skal taka saman skrá yfir þau eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila.

Eftirlitsaðilinn er faggiltur samkvæmt nýjustu, tilkynntu útgáfu sem birst hefur í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*, Evrópustaðli EN 45011, eða ISO-leiðbeiningum 65 (almennar kröfur vegna aðila sem reka vöruvottunarkerfi). Faggildingaraðili skal annast reglubundið vettvangsmat hjá eftirlitsaðilum og hafa eftirlit með þeim og endurmeta starfsemi þeirra til margra ára.

Þegar framkvæmdastjórnin tekur beiðnir um viðurkenningu til meðferðar skal hún hvetja eftirlitsyfirvöldin eða eftirlitsaðilana til að veita allar tilskildar upplýsingar. Framkvæmdastjórninni

er einnig heimilt að fela sérfræðingum það verkefni að kanna á staðnum reglur um framleiðslu og það eftirlit sem fer fram af hálfu viðkomandi eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila í þriðja landi.

Viðurkenndu eftirlitsyfirvöldin eða eftirlitsaðilarnir skulu leggja fram matsskýrslurnar sem faggildingarstofnunin eða, eftir því sem við á, lögbær yfirvöld gefa út við reglubundið mat, eftirlit og endurmat til margra ára á staðnum á starfsemi þeirra.

Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð aðildarríkjanna og á grundvelli matsskýrslunnar, tryggja viðeigandi eftirlit með viðurkenndum eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum með því að endurskoða viðurkenningu þeirra reglulega. Ákvarða skal eðli eftirlitsins á grundvelli mats á áhættu á því að brot á reglum eigi sér stað eða að brotið sé gegn ákvæðum í þessari reglugerð.

33. gr.

Innflutningur afurða þar sem lagðar eru fram jafngildar tryggingar

1. Einnig er heimilt að setja afurðir, sem eru fluttar inn frá þriðja landi, á markað í Bandalaginu sem afurðir lífrænnar framleiðslu að því tilskildu:

a) að afurðin sé framleidd í samræmi við framleiðslureglur sem jafngildar eru þeim sem um getur í III. og IV. bálki,

b) að rekstraraðilarnir hafi sætt jafnskilvirkum eftirlitsráðstöfunum og þeim sem um getur í V. bálki og að slíkum eftirlitsráðstöfunum hafi verið beitt að staðaldri og á skilvirkan hátt,

c) að rekstraraðilar á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar í þriðju löndum hafi látið eftirlitskerfi, sem hefur hlotið viðurkenningu í samræmi við 2. mgr., eða eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðila, sem hefur hlotið viðurkenningu í samræmi við 3. mgr., hafa eftirlit með starfsemi sinni,

d) að afurðin falli undir skoðunarvottorð, sem gefið er út af lögbærum yfirvöldum eða eftirlitsyfirvöldum eða eftirlitsaðilum þriðju landa sem hafa hlotið viðurkenningu í samræmi við 2. mgr. eða gefið út af eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila sem hefur hlotið viðurkenningu í samræmi við 3. mgr., sem staðfestir að afurðin fullnægi skilyrðunum sem sett eru fram í þessari málsgrein.

Frumrit vottorðsins sem um getur í þessari málsgrein verður að fylgja afurðunum til athafnasvæðis fyrsta viðtakanda; eftir það skal innflytjandi hafa vottorðið tiltækt handa eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila í a.m.k. tvö ár.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr., að viðurkenna þriðju lönd sem eru með framleiðslukerfi sem uppfyllir meginreglur og framleiðslureglur jafngildar þeim reglum sem mælt er fyrir um í II., III. og IV. bálki, og eftirlitsráðstafanir sem eru jafnskilvirkar þeim sem mælt er fyrir um í V: bálki, og henni er heimilt að taka saman skrá yfir þessi lönd. Jafngildismatið skal taka mið af viðmiðunarreglum Alþjóðamatvælaskrárinnar CAC/GL 32.

Þegar framkvæmdastjórnin tekur beiðnir um viðurkenningu til meðferðar skal hún hvetja þriðja landið til að veita allar nauðsynlegar upplýsingar. Framkvæmdastjórninni er heimilt að fela sérfræðingum vettvangskannanir um framleiðslureglur og eftirlitsráðstafanir af hálfu hlutaðeigandi þriðja lands.

Fyrir 31. mars ár hvert skulu þriðju lönd, sem hafa hlotið umrædda viðurkenningu, senda framkvæmdastjórninni gagnorða ársskýrslu um beitingu og framkvæmd eftirlitsráðstafana sem komið hefur verið á fót í viðkomandi þriðja landi.

Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð aðildarríkjanna og á grundvelli upplýsinga í ársskýrslunum, tryggja viðeigandi eftirlit með viðurkenndum þriðju löndum með því að endurskoða viðurkenningu þeirra reglulega. Ákvarða skal eðli eftirlitsins á grundvelli mats á áhættu á því að brot á reglum eigi sér stað eða að brotið sé gegn ákvæðum í þessari reglugerð.

3. Að því er varðar vörur, sem ekki eru fluttar inn skv. 32. gr. og eru ekki fluttar inn frá þriðja landi sem hefur hlotið viðurkenningu skv. 2. mgr. þessarar greinar, er framkvæmdastjórninni heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 37. gr. (2. mgr.), að viðurkenna þau eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðila, þ.m.t. eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðila sem um getur í 27. gr., sem eru til þess bær að annast eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum skv. 1. mgr. og taka saman skrá yfir þau eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila. Jafngildismatið skal taka mið af viðmiðunarreglum Alþjóðamatvælaskrárinnar CAC/GL 32.

Framkvæmdastjórnin skal taka til meðferðar sérhverja beiðni um viðurkenningu sem eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili í þriðja landi leggur fram.

Þegar framkvæmdastjórnin tekur beiðnir um viðurkenningu til meðferðar skal hún hvetja eftirlitsyfirvöldin eða eftirlitsaðilana til að veita allar tilskildar upplýsingar. Faggildingaraðili eða, eftir því sem við á, lögbært yfirvald skal annast reglubundið vettvangsmat hjá eftirlitsyfirvöldum eða eftirlitsaðilum og hafa eftirlit með þeim og endurmeta starfsemi þeirra til margra ára. Framkvæmdastjórninni er einnig heimilt að fela sérfræðingum það verkefni að kanna á staðnum reglur um framleiðslu og það eftirlit sem fer fram af hálfu viðkomandi eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila í þriðja landi.

Viðurkenndu eftirlitsyfirvöldin eða eftirlitsaðilarnir skulu leggja fram matsskýrslurnar sem faggildingarstofnunin eða, eftir því sem við á, lögbær yfirvöld gefa út við reglubundið mat, eftirlit og endurmat til margra ára á staðnum á starfsemi þeirra.

Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð aðildarríkjanna og á grundvelli slíkra matsskýrslna, tryggja viðeigandi eftirlit með viðurkenndum eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum með því að endurskoða viðurkenningu þeirra reglulega. Ákvarða skal eðli eftirlitsins á grundvelli mats á áhættu á því að brot á reglum eigi sér stað eða að brotið sé gegn ákvæðum í þessari reglugerð.

VII. BÁLKUR

LOKAREGLUR OG BRÁÐABIRGÐAREGLUR

34. gr.

Frjáls flutningur lífrænna vara

1. Lögbær yfirvöld, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar skulu ekki, af ástæðum sem tengjast framleiðsluaðferð, merkingu eða framsetningu þeirrar aðferðar, banna eða takmarka markaðssetningu lífrænna vara sem annað eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili í öðru aðildarríki hefur eftirlit með, svo fremi að slíkar vörur uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð. Einkum skal tekið fram að ekki má krefjast viðbótareftirlits eða fjárútláta til viðbótar við það sem gert er ráð fyrir í V. bálki þessarar reglugerðar.

2. Aðildarríkin geta beitt strangari reglum á yfirráðasvæði sínu hvað varðar lífræna framleiðslu á plöntum og búfé, þegar þær reglur eiga einnig við um ólífræna framleiðslu og að því tilskildu að þær samræmist lögum Bandalagsins og setji ekki bann eða takmarkanir við markaðssetningu lífrænna vara sem upprunnar eru utan yfirráðasvæðis umrædds aðildarríkis.

35. gr.

Upplýsingar sendar framkvæmdastjórninni

Aðildarríkin skulu reglulega koma eftirfarandi upplýsingum til framkvæmdastjórnarinnar:

a) nöfnum og heimilisföngum lögbærra yfirvalda, og þar sem við á, kenninúmerum og samræmismerkjum,

b) skrám yfir eftirlitsyfirvöld og -aðila og kenninúmer, og þar sem við á, samræmismerkjum. Framkvæmdastjórnin skal birta reglulega skrá yfir eftirlitsyfirvöld og -aðila.

36. gr.

Tölfræðilegar upplýsingar

Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni þær tölfræðilegu upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og eftirfylgni. Rétt er að skilgreina tölfræðilegu upplýsingarnar innan ramma hagskýrsluáætlunar Bandalagsins.

37. gr.

Nefnd um lífræna framleiðslu

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar stjórnsýslunefndar um lífræna framleiðslu.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Tímabilið, sem kveðið er á um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

38. gr.

Framkvæmdarreglur

Í samræmi við þá málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 37. gr. og með fyrirvara um markmiðin og meginreglurnar sem mælt er fyrir um í II. bálki skal framkvæmdastjórnin samþykkja ítarlegar reglur um beitingu þessarar reglugerðar. Þar sé einkum að finna eftirfarandi:

a) ítarlegar reglur varðandi framleiðslureglurnar sem mælt er fyrir um í III. bálki, einkum að því er varðar sértækar kröfur og skilyrði sem rekstraraðilum ber að virða,

b) ítarlegar reglur að því er varðar reglur um merkingu sem mælt er fyrir um í IV. bálki,

c) ítarlegar reglur að því er varðar eftirlitskerfi sem komið er á fót í samræmi við V. bálk, einkum hvað varðar lágmarkseftirlitskröfur, umsjón og endurskoðun, sérstök skilyrði sem gilda um úthlutun verka til eftirlitsaðila í einkaeign, viðmiðanir til samþykkis slíkra aðila og afturköllun þess, og skrifleg sönnunargögn sem um getur í 29. gr.,

d) ítarlegar reglur að því er varðar reglur innflutning frá þriðju löndum sem mælt er fyrir um í VI. bálki, einkum að því er varðar viðmiðanir og málsmeðferðir sem fylgja á varðandi viðurkenningu, með tilliti til 32. og 33. greinar, þriðju landa og eftirlitsaðila, einnig birtingu skráa yfir viðurkennd þriðju lönd og eftirlitsaðila, og að því er varðar vottorðið sem um getur í d-lið 1. mgr. 33. gr., þar sem tekið er tillit til kosta rafrænnar vottunar.

e) ítarlegar reglur að því er varðar frjálsan flutning lífrænna vara, sem mælt er fyrir um í 34. grein, og upplýsingar til framkvæmdastjórnarinnar sem mælt er fyrir um í 35. gr.

39. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 2092/91 felld úr gildi

1. Reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er hér með felld úr gildi frá og með 1. janúar 2009.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina (EBE) nr. 2092/91 sem tilvísanir í þessa reglugerð.

40. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Eftir því sem þörf krefur skulu ráðstafanir, til að auðvelda umskiptin frá reglunum sem settar voru fram með reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til þessarar reglugerðar, samþykktar í samræmi við málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 37. gr.

41. gr.

Skýrslugjöf til framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir ráðið eigi síðar en 31. desember 2011.

2. Í skýrslunni skal einkum lagt mat á þá reynslu sem fengist hefur af beitingu þessarar reglugerðar og einkum fjallað um eftirfarandi atriði:

a) gildissvið þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar matvæli úr lífrænni framleiðslu sem tilreidd eru í stóreldhúsum,

b) bann við notkun erfðabreyttra lífvera, einnig framboð vara sem ekki eru framleiddar með erfðabreyttum lífverum, yfirlýsingu seljanda, möguleikann á sértækum vikmörkum og áhrif þeirra á geira lífrænnar framleiðslu,

c) starfsemi innri markaðarins og eftirlitskerfisins, einkum mat á að viðtekin venja leiði ekki til ósanngjarnrar samkeppni eða hindrana fyrir framleiðslu og markaðssetningu lífrænna vara.

3. Ef við á skal framkvæmdastjórnin láta viðeigandi tillögur fylgja skýrslunni.

42. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Að því er varðar tilteknar dýrategundir, tilteknar vatnaplöntur og tiltekna smáþörunga, þar sem ekki hefur verið mælt fyrir um ítarlegar framleiðslureglur, skulu gilda reglurnar um merkingu sem kveðið á um í 23. grein og um eftirlit í V. bálki. Meðan nákvæmar reglur um framleiðslu hafa ekki verið teknar upp skulu landsreglur gilda eða, ef þeim er ekki fyrir að fara, einkastaðlar sem aðildarríkin hafa samþykkt eða viðurkennt.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 28. júní 2007.

Fyrir hönd ráðsins,

S. GABRIEL

forseti.

VIÐAUKI

HUGTÖK SEM UM GETUR Í 1. MGR. 23. GR.

BG:	биологичен.
ES:	ecológico, biológico.
CS:	ekologické, biologické.
DA:	økologisk.
DE:	ökologisch, biologisch.
ET:	mahe, ökoloogiline.
EL:	βιολογικό.
EN:	organic.
FR:	biologique.
GA:	orgánach.
IT:	biologico.
LV:	bioloģisks, ekoloģisks.
LT:	ekologiškas.
LU:	biologesch.
HU:	ökológiai.
MT:	organiku.
NL:	biologisch.
PL:	ekologiczne.
PT:	biológico.
RO:	ecologic.
SK:	ekologické, biologické.
SL:	ekološki.
FI:	luonnonmukainen.
SV:	ekologisk.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 889/2008 2017/EES/24/05

frá 5. september 2008

um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og um niðurfellingu á reglugerð (EBE) nr 2092/91 ([1]), einkum 9. gr. (4. mgr.), 11. gr. (önnur málsgrein), 12. gr. (3. mgr.), 14. gr. (2. mgr.), 16. gr. (c-liður 3. mgr.), 17. gr. (2. mgr.), 18. gr. (5. mgr.), 19. gr. (önnur málsgrein 3. mgr.), 21. gr. (2. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 24. gr. (3. mgr.), 25. gr. (3. mgr.), 26. gr., 28. gr. (6. mgr.), 29. gr. (3. mgr.) og 38. gr. (a-, b-, c- og e-liður), og 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 834/2007, einkum í III, IV og V bálki hennar, er mælt fyrir um grunnkröfur að því er varðar framleiðslu, merkingu og eftirlit með lífrænum vörum í plöntu- og búfjárgeiranum. Mæla skal fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd þessara krafna.

2) Þróun nýrra ítarlegra framleiðslureglna varðandi tilteknar dýrategundir, lífrænt lagareldi, þang og þara og ger, sem notuð eru sem matvæli eða fóður á vettvangi Bandalagsins, mun þurfa lengri tíma og því skal taka reglurnar til frekari útfærslu í síðari málsmeðferð. Því er rétt að slíkar vörur falli ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar. Að því er varðar tilteknar tegundir búfjár, lagareldisafurðir og þang og þara skulu þó reglur Bandalagsins, sem gilda um framleiðslu, eftirlit og merkingu, gilda, að breyttu breytanda, um þessar afurðir í samræmi við 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

3) Mæla skal fyrir um tilteknar skilgreiningar til að forðast tvíræðni og tryggja samræmda beitingu reglnanna um lífræna framleiðslu.

4) Lífræn plöntuframleiðsla byggist á því að næra plöntur fyrst og fremst um vistkerfi jarðvegarins. Vatnsrækt, þar sem plöntur vaxa með ræturnar í óvirkri næringarblöndu með uppleysanlegum steinefnum og næringarefnum, skal því ekki leyfð.

5) Lífræn plöntuframleiðsla felur í sér fjölbreytilegar ræktunaraðferðir og takmarkaða notkun áburðar og næringar með lága leysni, því skal tilgreina þessar ræktunaraðferðir. Einkum skal mæla fyrir um skilyrði fyrir notkun á tilteknum vörum sem ekki eru búnar til (e. *non-synthetic*).

6) Notkun varnarefna, sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið eða leitt til þess að leifar þeirra finnist í landbúnaðarafurðum, skal takmarka verulega. Setja skal beitingu forvarnarráðstafana í forgang að því er varðar skaðvalda, sjúkdóma og illgresiseyðingu. Að auki skal mæla fyrir um skilyrði fyrir notkun tiltekinna plöntuvarnarefna.

7) Að því er varðar lífrænan búskap var leyft samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 ([2]) að nota tiltekin plöntuvarnarefni, áburð og jarðvegsnæringu sem og tiltekin ólífræn fóðurefni, fóðuraukefni og hjálparefni við vinnslu fóðurs og tilteknar vörur, sem notaðar eru til að hreinsa og sótthreinsa, við vel skilgreindar aðstæður. Til að tryggja samfelldni í lífrænum búskap skal leyfa áfram vörurnar og efnin, sem um er að ræða, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í c-lið 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Til glöggvunar þykir enn fremur rétt að tilgreina vörurnar og efnin, sem voru leyfð samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2092/91, í viðaukunum við þessa reglugerð. Bæta má öðrum vörum og efnum við þessar skrár í framtíðinni samkvæmt öðrum lagagrundvelli, nánar tiltekið 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Því er rétt að auðkenna sérstaka stöðu hvers vöru- og efnaflokks með tákni í skránni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 230, 22.7.1991, bls. 1.

8) Heildræn nálgun í lífrænum búskap krefst þess að búfjárframleiðsla tengist jörðinni þar sem framleiddi húsdýraáburðurinn er notaður sem næring fyrir ræktun nytjaplantnanna. Þar eð búfjárrækt gerir alltaf ráð fyrir ræktun lands til landbúnaðar skal setja ákvæði sem banna landlausa búfjárframleiðslu. Við val á búfjárkynjum í lífrænni búfjárframleiðslu skal hafa hliðsjón af getu þeirra til að aðlagast staðbundnum aðstæðum, lífsþrótti þeirra og mótstöðu gegn sjúkdómum, auk þess sem stuðla skal að mikilli líffræðilegri fjölbreytni.

9) Við vissar aðstæður geta rekstraraðilar lent í erfiðleikum við að fá lífræn kynbótadýr úr skertu genasafni sem getur hamlað þróun í geiranum. Því skal kveða á um þann möguleika á að færa takmarkað magn af ólífrænt öldum dýrum á bújörð til undaneldis.

10) Lífræn búskapur skal tryggja að sérstökum atferlisfræðilegum þörfum dýranna sé fullnægt. Í þessu tilliti skal húsakostur fullnægja þörfum allra tegunda búfjár að því er varðar loftræstingu, birtu og rými og að það fari vel um dýrin og nægilegt rými skal standa þeim til boða þannig að hvert dýr geti fullnægt hreyfiþörf sinni og þroskað eðlislægt félagsatferli sitt. Mæla skal fyrir um sérstakan aðbúnað og búskaparhætti að því er varðar tiltekin dýr, þ.m.t. býflugur. Þessi sérstaki aðbúnaður skal tryggja velferð dýra á háu stigi en þetta er forgangsatriði í lífrænni búfjárrækt og getur því gengið lengra en kröfur Bandalagsins um velferð sem gilda almennt um búskap. Lífrænir búskaparhættir eiga að koma í veg fyrir að alifuglar séu aldir of hratt. Því skal mæla fyrir um sértæk ákvæði til að forðast þétt-bærar eldisaðferðir. Einkum skulu alifuglar annaðhvort aldir þar til þeir ná ákveðnum lágmarksaldri eða að öðrum kosti vera af hægvaxandi alifuglastofnum svo að í hvorugu tilfellinu sé til staðar hvati til að nota þétt-bærar eldisaðferðir.

11) Dýrin skulu að jafnaði hafa varanlegan aðgang að útisvæðum til beitar, svo fremi að veður leyfi, og slík útisvæði ættu að meginreglu til að vera skipulögð í viðeigandi skiptikerfi.

12) Til að koma í veg fyrir umhverfismengun náttúruauðlinda, s.s. jarðvegs og vatns af völdum næringarefna, skal setja efri mörk fyrir notkun húsdýraáburðar á hektara og fyrir fjölda búfjár sem haldið er á hektara. Þessi mörk skulu vera í hlutfalli við köfnunarefnisinnihald húsdýraáburðarins.

13) Banna skal sköddun sem leiðir til streitu, tjóns, sjúkdóma eða þjáninga hjá dýrunum. Hins vegar má leyfa sérstakar aðgerðir, sem eru nauðsynlegar fyrir tiltekna tegund framleiðslu og vegna öryggis dýra og manna, samkvæmt takmarkandi skilyrðum.

14) Búfé skal fóðra á grasi og fóðri sem eru framleidd í samræmi við reglur um lífrænan búskap, helst þannig að þau komi frá sjálfri bújörðinni, þar sem tekið er tillit til lífeðlisfræðilegra þarfa búfjárins. Svo að uppfylla megi grunnþarfir búfjár um næringu getur auk þess reynst nauðsynlegt að nota tiltekin steinefni, snefilefni og vítamín við vel skilgreindar aðstæður.

15) Þar eð þess má vænta að svæðisbundinn munur á möguleikum jórturdýra í lífrænum búskap á að afla sér nauðsynlegra vítamína A, D og E úr fóðurskömmtum verði áfram fyrir hendi vegna loftslags og aðgengilegra fóðurgjafa skal leyfa notkun slíkra vítamína fyrir jórturdýr.

16) Umsjón með heilbrigði dýra skal einkum byggjast á sjúkdómavörnum. Að auki skal beita sértækum ráðstöfunum varðandi hreinsun og sótthreinsun.

17) Í lífrænum búskap er óheimilt að nota hefðbundin lyf, sem eru framleidd með efnafræðilegum aðferðum, til lækninga í forvarnarskyni. Ef veikindi eða áverki dýrs krefst tafarlausrar meðhöndlunar skal þó notkun hefðbundinna lyfja, sem eru framleidd með efna-fræðilegum aðferðum, haldið í algjöru lágmarki. Til að tryggja trúverðugleika lífrænnar framleiðslu gagnvart neytendum skal að auki vera mögulegt að grípa til takmarkandi ráðstafana, s.s. að tvöfalda biðtíma til afurðanýtingar eftir notkun hefðbundinna lyfja sem eru framleidd með efnafræðilegum aðferðum.

18) Mæla skal fyrir um sértækar reglur um forvarnarstarf gagnvart sjúkdómum og meðhöndlun sem varðar heilbrigði dýra og dýraafurða í býrækt.

19) Setja skal ákvæði þar sem þess er krafist að rekstraraðilar, sem framleiða fóður eða matvæli, hafi hliðsjón af viðeigandi aðferðum, sem byggjast á kerfisbundinni greiningu á mikilvægum vinnsluþrepum, til að tryggja að framleiddar unnar vörur séu í samræmi við reglur um lífræna framleiðslu.

20) Til að tryggja framleiðslu á tilteknum, lífrænum matvælum og fóðri eru tilteknar ólífrænar vörur og efni nauðsynleg. Samræming á vinnslureglum fyrir vín á vettvangi Bandalagsins mun þurfa lengri tíma. Því skulu téðar vörur vera undanskildar að því er varðar vinnslu á víni þar til mælt verður fyrir um sértækar reglur þar að lútandi í síðari málsmeðferð.

21) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2092/91 var notkun tiltekinna innihaldsefna, sem koma ekki úr landbúnaði, tiltekinna hjálparefna við vinnslu matvæla og tiltekinna ólífrænna innihaldsefna úr landbúnaði, leyfð við vinnslu á lífrænum matvælum við vel skilgreindar aðstæður Til að tryggja samfelldni í lífrænum búskap skal leyfa áfram vörurnar og efnin, sem um er að ræða, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Til glöggvunar þykir

enn fremur rétt að tilgreina vörurnar og efnin, sem voru leyfð samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2092/91, í viðaukunum við þessa reglugerð. Bæta má öðrum vörum og efnum við þessar skrár í framtíðinni samkvæmt öðrum lagagrundvelli, nánar tiltekið 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Því er rétt að auðkenna sérstaka stöðu hvers vöru- og efnaflokks með tákni í skránni.

22) Með tilteknum skilyrðum má safna og flytja lífrænar og ólífrænar vörur samtímis. Mæla skal fyrir um sértæk ákvæði til að skilja að lífrænar og ólífrænar vörur á viðeigandi hátt meðan á meðhöndlun stendur og til að koma í veg fyrir hvers kyns samblöndun.

23) Aðlögun yfir í lífræna framleiðsluaðferð krefst tiltekinna aðlögunartímabila fyrir allar þær aðferðir sem notaðar eru. Mæla skal fyrir um sérstök tímabil fyrir hina ýmsu framleiðslugeira með hliðsjón af þeirri framleiðslu sem stunduð var á bújörðinni.

24) Í samræmi við 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skal mæla fyrir um sérstök skilyrði fyrir notkun undanþága sem kveðið er á um í þeirri grein. Rétt þykir að setja fram slík skilyrði að því er varðar tilvik þegar ekki eru tiltæk lífrænt alin dýr, fóður, bývax, fræ og útsæðiskartöflur og lífræn innihaldsefni sem og að því er varðar sérstök vandamál sem tengjast hirðingu og fóðrun dýra og þegar um er að ræða hamfarir.

25) Landfræðilegur og kerfislægur mismunur í landbúnaði og takmarkanir vegna loftslags geta hamlað þróun á lífrænni framleiðslu á tilteknum svæðum en slíkt kallar á undantekningar frá tilteknum búskaparháttum að því er varðar eiginleika húsa og aðstöðu fyrir búfé. Því skal leyfa tjóðrun dýra, við vel skilgreindar aðstæður, á bújörðum sem eru litlar sökum landfræðilegrar staðsetningar sinnar og kerfislægra takmarkana, einkum með tilliti til fjalllendis, og aðeins þegar ekki er mögulegt að halda nautgripina í hópum sem henta atferlisþörfum þeirra.

26) Í þeim tilgangi að tryggja þróun upprennandi lífræns búfjárgeira voru heimilaðar, samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2092/91, nokkrar tímabundnar undanþágur að því er varðar tjóðrun dýra, aðbúnað þeirra og þéttleika. Þessum undanþágum skal haldið við til bráðabirgða þar til daginn sem þær falla úr gildi til að raska ekki lífræna búfjárgeiranum.

27) Að teknu tilliti til mikilvægis frævunar fyrir lífræna býræktargeirann skal vera unnt að veita undanþágur sem heimila samhliða framleiðslu á lífrænum og ólífrænum býræktareiningum á sömu bújörðinni.

28) Við vissar aðstæður getur verið erfiðleikum háð fyrir bændur að tryggja sér birgðir af búfé, sem er lífrænt alið, og lífrænt fóður og því skal veita heimild fyrir takmörkuðu magni aðfanga, sem ekki eru framleidd með lífrænum hætti, til bújarða til notkunar í takmörkuðu magni.

29) Framleiðendur sem fást við lífræna framleiðslu hafa gert verulegt átak í því að þróa framleiðslu á lífrænum fræjum og lífrænu plöntufjölgunarefni til að koma á miklu úrvali yrkja af plöntutegundum, svo að lífræn fræ og plöntufjölgunarefni séu fáanleg fyrir þessar tegundir. Sem stendur er þó ekki enn fáanlegt nógu mikið af lífrænum fræjum og lífrænu plöntufjölgunarefni fyrir margar tegundir, og í þeim tilvikum skal leyfa notkun ólífrænna fræja og ólífræns plöntufjölgunarefnis.

30) Til að aðstoða rekstraraðila við að finna lífræn fræ og útsæðiskartöflur skal hvert aðildarríki tryggja að komið sé á fót gagnagrunni yfir þau afbrigði þeirra lífrænu fræja og útsæðiskartaflna sem eru fáanleg á markaðinum.

31) Umgengni við fullvaxna nautgripi getur sett umsjónarmenn þeirra og aðra einstaklinga, sem meðhöndla dýrin, í hættu. Því skal setja ákvæði sem gera það kleift að veita undanþágur meðan á lokaáfanga slátureldis spendýra stendur, einkum að því er varðar nautgripi.

32) Hamfarir eða mjög útbreiddir dýra- eða plöntusjúkdómar geta haft alvarleg áhrif á lífræna framleiðslu á viðkomandi svæðum. Gera þarf viðeigandi ráðstafanir til að tryggja viðhald búskapar eða jafnvel endurreisn búskapar. Því skal notkun á ólífrænt öldum dýrum eða ólífrænu fóðri heimiluð í takmarkaðan tíma á svæðum sem orðið hafa fyrir áhrifum.

33) Í samræmi við 3. mgr. 24. gr. og 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skal mæla fyrir um sérstakar viðmiðanir að því er varðar framsetningu, samsetningu, stærð og hönnun kennimerkis Bandalagsins sem og um framsetningu og samsetningu á kenninúmeri eftirlitsyfirvaldsins eða eftirlitsaðilans og um upplýsingar um staðinn þaðan sem landbúnaðarafurðin er upprunnin.

34) Í samræmi við 26. gr. reglugerðar (EB) 834/2007 skal mæla fyrir um sértækar kröfur um merkingu á lífrænu fóðri að teknu tilliti til afbrigða og samsetningar fóðurs og þverlægra ákvæða um merkingar sem gilda um fóður.

35) Til viðbótar við eftirlitskerfið, sem byggist á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([3]), skal mæla fyrir um sértækar eftirlitsráðstafanir. Einkum ítarlegar kröfur að því er varðar öll stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar sem tengjast lífrænum vörum.

36) Upplýsingar sem aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni verða að gera henni kleift að nota upplýsingarnar sem hún fékk sendar beint og á eins skilvirkan hátt og mögulegt er til að geta haft umsjón með tölfræðilegum upplýsingum og tilvísunargögnum. Til að ná þessu markmiði skulu allar upplýsingar, sem eiga að vera aðgengilegar eða sem miðla á milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar, sendar á rafrænu eða stafrænu formi.

37) Skipti á upplýsingum og skjölum milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og miðlun og sending upplýsinga frá aðildarríkjunum til framkvæmdastjórnarinnar fara almennt fram á rafrænu eða stafrænu formi. Til að bæta hvernig slík upplýsingaskipti fara fram samkvæmt reglum um lífræna framleiðslu og rýmka notkun þeirra er nauðsynlegt að aðlaga núverandi tölvukerfi eða setja upp ný. Framkvæmdastjórnin skal setja ákvæði um að þetta sé gert og hrinda því í framkvæmd eftir að aðildarríkjunum hefur verið tilkynnt þar um fyrir milligöngu nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

38) Nauðsynlegt er að aðlaga ört úrvinnsluskilyrði vegna upplýsinganna í þessum tölvukerfum og form og innihald skjala, sem miðla á samkvæmt reglugerð (EB) nr. 834/2007, í samræmi við breytingar á gildandi reglum eða stjórnunarkröfum. Einnig er nauðsynlegt að samræma framsetningu þeirra skjala sem aðildarríkin eiga að senda. Til að ná þessum markmiðum og til að einfalda málsmeðferðina og tryggja að hægt sé að gera viðkomandi tölvukerfi starfhæf strax skal mæla fyrir um form og innihald skjalanna á grundvelli fyrirmynda eða spurningalista, sem framkvæmdastjórnin skal aðlaga og uppfæra eftir að hafa tilkynnt nefndinni um lífræna framleiðslu þar um.

39) Mæla skal fyrir um umbreytingarráðstafanir vegna tiltekinna ákvæða sem komið var á samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til að stofna samfelldni lífrænnar framleiðslu ekki í hættu.

40) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 207/93 frá 29. janúar 1993 um skilgreiningu á innihaldi VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og ábendingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum og nákvæmar reglur um hvernig ber að hrinda ákvæðum 4. mgr. 5. gr. hennar í framkvæmd ([4]), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1452/2003 frá 14. ágúst 2003 um að viðhalda undanþágunni, sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 að því er varðar tilteknar tegundir fræs og plöntufjölgunarefnis, og að mæla fyrir um reglur um málsmeðferð og viðmiðanir varðandi þá undanþágu ([5]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 223/2003 frá 5. febrúar 2003 um kröfur sem gerðar eru um merkingar í tengslum við lífræna framleiðslu fóðurs, fóðurblandna og fóðurefna og breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 ([6]), skulu felldar úr gildi og ný reglugerð koma í þeirra stað.

41) Reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er felld úr gildi með reglugerð (EB) nr. 834/2007 frá og með 1. janúar 2009. Þó skulu mörg ákvæði hennar gilda áfram, með nokkrum breytingum, og skal því taka þau upp innan ramma þessarar reglugerðar. Fyrir skýrleika sakir er rétt að setja fram samsvörun á milli þessara ákvæða reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 og ákvæða þessarar reglugerðar.

42) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

([3]) Stjtíð. ESB L165, 30.4.2004, bls. 1. Leiðrétt útgáfa Stjtíð. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 25, 2.2.1993, bls. 5.

([5]) Stjtíð. ESB L 206, 15.8.2003, bls. 17.

([6]) Stjtíð. ESB L 31, 6.2.2003, bls. 3.

Efni

I. bálkur	Inngangsákvæði	47
II. bálkur	Reglur um framleiðslu, vinnslu, pökkun, flutning og geymslu á vörum	47
1. kafli	Plöntuframleiðsla	47
2. kafli	Búfjárframleiðsla	48
1. þáttur	Uppruni dýra	48
2. þáttur	Gripahús og búskaparhættir	49
3. þáttur	Fóður	52
4. þáttur	Forvarnarstarf gagnvart sjúkdómum og meðhöndlun sem varðar heilbrigði dýra og dýraafurða	53
3. kafli	Unnar vörur	54
4. kafli	Söfnun, pökkun, flutningur, geymsla á vörum	56
5. kafli	Reglur um aðlögun	57
6. kafli	Framleiðslureglur í sérstökum undantekningartilvikum	59
1. þáttur	Veðurfarslegar, landfræðilegar eða kerfislægar hamlanir	59
2. þáttur	Þegar lífræn aðföng til búfjarða eru ófáanleg	60
3. þáttur	Sérstök vandamál í tengslum við að halda lífrænt alið búfé	61
4. þáttur	Hamfarir	61
7. kafli	Gagnagrunnur yfir fræ	62
III. bálkur	Merking	63
1. kafli	Kennimerki Bandalagsins	63
2. kafli	Sértækar kröfur varðandi merkingar fóðurs	64
3. kafli	Aðrar sértækar kröfur varðandi merkingu	64
IV. bálkur	Eftirlit	65
1. kafli	Lágmarkskröfur um eftirlit	65
2. kafli	Kröfur um eftirlit með plöntum og plöntuafurðum	66
3. kafli	Kröfur um eftirlit með búfé og búfjárafurðum	67
4. kafli	Kröfur um eftirlit með vinnslu á afurðum	68
5. kafli	Kröfur um eftirlit með innflutningi	69
6. kafli	Kröfur um eftirlit með einingum sem gera verktakasamninga við þriðju aðila	69

7. kafli	Kröfur um eftirlit með einingum sem framleiða fóður	70
8. kafli	Brot og upplýsingaskipti	70
V. bálkur	Sending upplýsinga til framkvæmdastjórnarinnar, umbreytingarákvæði og lokaákvæði	71
1. kafli	Sending upplýsinga til framkvæmdastjórnarinnar	71
2. kafli	Umbreytingarákvæði og lokaákvæði	72

I. BÁLKUR

INNGANGSÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um sértækar reglur um lífræna framleiðslu, merkingu og eftirlit að því er varðar afurðir sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi afurðir:

a) afurðir lagareldis,

b) þang og þara,

c) tegundir búfjár aðrar en þær sem um getur í 7. gr.,

d) ger sem er notað sem matvæli eða fóður.

Þó skulu II., III., og IV. bálkur gilda, að breyttu breytanda, um afurðir sem um getur í a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar þar til mælt hefur verið fyrir um ítarlegar framleiðslureglur fyrir þessar afurðir á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar sem mælt er fyrir um í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, gilda eftirfarandi skilgreiningar á hugtökum í þessari reglugerð:

a) „ólífrænn“: kemur ekki úr lífrænni framleiðslu eða tengist henni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 834/2007 og þessa reglugerð,

b) „dýralyf“: vörur eins og þær eru skilgreindar í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB um Bandalagsreglur um dýralyf ([7]),

c) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili innan Bandalagsins, sem annaðhvort sjálfur eða í gegnum fulltrúa sinn, leggur vörusendingu fram til frjálsrar dreifingar í Bandalaginu,

d) „fyrsti viðtakandi“: sá einstaklingur eða lögaðili sem fær innfluttu vörusendinguna afhenta og mun taka við henni til frekari vinnslu og/eða markaðssetningar,

e) „bújörð“: allar framleiðslueiningar sem starfa undir einni stjórn í þeim tilgangi að framleiða landbúnaðarafurðir,

f) „framleiðslueining“: allar eignir sem eru notaðar í framleiðslugeira, s.s. framleiðslustaðir, landspildur, bithagar, útisvæði, gripahús, geymsluaðstaða fyrir uppskeru, plöntuafurðir, búfjárafurðir, hráefni og hvers kyns önnur aðföng sem máli skipta fyrir þennan sérstaka framleiðslugeira,

g) „vatnsræktarframleiðsla“ (e. *hydroponic production*): aðferð við að rækta plöntur með ræturnar í steinefnaríkri næringarlausn eða í óvirkum miðli, s.s. perlusteini, möl eða steinull, sem næringarlausn er bætt út í,

h) „meðhöndlun dýralæknis“: öll meðhöndlun til lækninga eða fyrirbyggjandi meðhöndlun sem varðar tiltekinn sjúkdóm,

i) „fóður í aðlögun“: fóður sem er framleitt meðan á aðlögun að lífrænni framleiðslu stendur, að því undanskildu sem var uppskorið á fyrstu 12 mánuðunum í kjölfar þess að aðlögun hófst eins og um getur í a-lið 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

II. BÁLKUR

REGLUR UM FRAMLEIÐSLU, VINNSLU, PÖKKUN, FLUTNING OG GEYMSLU LÍFRÆNNA VARA

1. KAFLI

Plöntuframleiðsla

3. gr.

Jarðsvegsræksla (e. *soil management*) og áburðargjöf

1. Þegar ekki er hægt að uppfylla næringarþörf plantna með ráðstöfunum sem kveðið er á um í a-, b- og c-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má aðeins nota áburð og jarðvegsnæringu, sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð, í lífrænni framleiðslu og aðeins að því marki sem nauðsynlegt er. Rekstraraðilar skulu halda til haga skriflegum sönnunargögnum um þörf þess að nota vöruna.

2. Heildarmagn húsdýraáburðar, eins og hann er skilgreindur í tilskipun ráðsins 91/676/EBE ([8]) um verndun vatns gegn mengun af völdum nítrata úr landbúnaði, sem er notað á bújörðinni má ekki vera meira en 170 kg af köfnunarefni á ári/hektara landbúnaðarsvæðis sem er notað. Þessi mörk gilda einungis um notkun á húsdýraáburði, þurrkuðum húsdýraáburði og þurrkuðum alifuglaáburði, myltum húsdýraskít, þ.m.t. alifuglaáburður, myltum húsdýraáburði og fljótandi húsdýraúrgangi.

3. Bújarðir þar sem lífræn framleiðsla er stunduð geta eingöngu stofnað til skriflegra samstarfssamninga við aðrar bújarðir og fyrirtæki, sem fara að reglum um lífræna framleiðslu, með það í huga að dreifa umframframleiðslu á húsdýraáburði frá lífrænni framleiðslu. Hámarkið, sem um getur í 2. mgr., skal reikna út frá öllum einingum, þar sem lífræn framleiðsla er stunduð, sem eiga hlut að slíkri samvinnu.

([7]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.

([8]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1991, bls. 1.

4. Nota má viðeigandi örverublöndur til að bæta heildarástand jarðvegarins eða tiltækileika næringarefna í jarðveginum eða plöntunum.

5. Heimilt er að nota viðeigandi blöndur, sem eru að stofni til úr plöntum, eða örverublöndur til að örva myltingu.

4. gr.

Bann við vatnsræktarframleiðslu

Vatnsræktarframleiðsla er bönnuð.

5. gr.

Varnir gegn skaðvöldum, sjúkdómum og illgresi

1. Ef ekki er unnt að vernda plöntur nægilega vel fyrir skaðvöldum og sjúkdómum með þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í a-, b-, c- og g-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má einungis nota vörurnar, sem um getur í II. viðauka við þessa reglugerð, í lífrænni framleiðslu. Rekstraraðilar skulu halda til haga skriflegum sönnunargögnum um þörf þess að nota vöruna.

2. Að því er varðar vörur , sem notaðar eru í gildrum og skömmturum, að undanskildum ferómónskömmturum, skulu gildrurnar og/eða skammtararnir þannig gerðir að komið sé í veg fyrir að efnin sleppi út í umhverfið og að efnin komist ekki í snertingu við plönturnar sem verið er að rækta. Gildrunum skal safnað saman að notkun lokinni og fargað á öruggan hátt.

6. gr.

Sértækar reglur um sveppaframleiðslu

Við framleiðslu á sveppum má nota undirlag ef það samanstendur einungis af eftirfarandi efnisþáttum:

a) húsdýraáburði og húsdýraskít:

   i. sem kemur annaðhvort frá bújörðum þar sem lífrænar framleiðsluaðferðir eru notaðar,

   ii. eða sem um getur í I. viðauka, aðeins þegar afurðin, sem um getur í i. lið, er ekki fáanleg og ef þeir eru ekki meira en 25% af þyngd allra þátta undirlagsins, að undanskildu yfirbreiðsluefni og viðbættu vatni, áður en myltað er,

b) afurðum úr landbúnaði, nema þeim sem um getur í a-lið, frá bújörðum þar sem lífrænar framleiðsluaðferðir eru notaðar,

c) mó sem hefur ekki verið efnafræðilega meðhöndlaður,

d) viði sem hefur ekki verið meðhöndlaður með efnavörum eftir að hann er höggvinn,

e) jarðefnum, sem um getur í I. viðauka, vatni og jarðvegi.

2. KAFLI

Búfjárframleiðsla

7. gr.

Gildissvið

Í þessum kafla er mælt fyrir um ítarlegar framleiðslureglur varðandi eftirfarandi dýrategundir: nautgripi, þ.m.t. dýr af ættkvíslinni bubalus (bufflar) og ameríkuvísundar, dýr af hestaætt, svín, sauðfé, geitur, alifugla (tegundir sem getið er í III. viðauka) og býflugur.

1. þáttur

Uppruni dýra

8. gr.

Uppruni lífrænt alinna dýra

1. Við val á kynjum eða stofnum skal taka tillit til hæfni dýranna til að laga sig að staðháttum, lífsþróttar þeirra og mótstöðu gegn sjúkdómum. Auk þess skal við val á kynjum eða stofnum dýra forðast sérstaka sjúkdóma eða heilbrigðisvanda sem tengjast sumum kynjum eða stofnum, sem eru notaðir í þéttbærum búskap, s.s. svínastreitu, vatnsvöðva (PSE-heilkenni), bráðadauða, bráðafósturláti og erfiðleika í fæðingu sem kalla á keisaraskurð. Innlend kyn og stofnar skulu njóta forgangs umfram önnur.

2. Að því er varðar býflugur skulu *Apis mellifera* og staðbrigði þeirra njóta forgangs.

9. gr.

Uppruni ólífrænt alinna dýra

1. Í samræmi við ii. lið a-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má flytja ólífrænt alin dýr til bújarðar til undaneldis en aðeins ef nægilegur fjöldi lífrænt alinna dýra er ekki fáanlegur og með fyrirvara um skilyrðin sem kveðið er á um í 2. til 5. mgr. þessarar greinar.

2. Þegar búið er að koma upp hjörð eða hópi í fyrsta skipti skal ala ólífrænt alin ungviði spendýra í samræmi við reglur um lífræna framleiðslu um leið og búið er að venja þau undan. Þar að auki skulu eftirfarandi takmarkanir taka gildi daginn sem dýrin bætast við hjörðina:

a) bufflar, kálfar og folöld skulu vera yngri en sex mánaða gömul,

b) lömb og kiðlingar skulu vera yngri en 60 daga gömul,

c) smágrísir skulu vega minna en 35 kg.

3. Ólífrænt alin fullorðin karlspendýr og eibær kvenspendýr, til endurnýjunar á hjörð eða hópi, skal síðan ala í samræmi við reglurnar um lífræna framleiðslu. Þar að auki er fjöldi kvenspendýra háður eftirfarandi takmörkunum á ári:

a) að hámarki 10% af fullorðnum hrossum eða nautgripum, þ.m.t. af ættkvíslinni bubalus (bufflar) og ameríkuvísundar, og 20% af fullorðnum svínum, sauðfé og geitum,

b) fyrir einingar, sem eru með færri en 10 hesta eða nautgripi, eða með færri en fimm svín, sauðkindur eða geitur, skal öll endurnýjun eins og getið er hér að ofan takmarkast við að hámarki eitt dýr á ári.

Þetta ákvæði þessarar málsgreinar verður endurskoðað árið 2012 með það fyrir augum að hverfa frá því í áföngum.

4. Hlutfallið, sem um getur í 3. mgr., má hækka í allt að 40%, með fyrirvara um fyrirframleyfi lögbæra yfirvalds, í eftirfarandi sértilvikum:

a) þegar ráðist er í meiri háttar stækkun á bújörðinni,

b) þegar skipt er um dýrakyn,

c) þegar uppbygging nýrrar búfjárgreinar er hafin,

d) þegar hætta er á að kyn hverfi úr landbúnaði eins og mælt er fyrir um í IV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1974/2006 ([9]) og í því tilviki þurfa dýr af því kyni ekki nauðsynlega að vera eibær.

5. Við endurnýjun býgarðanna má skipta út 10% býflugnadrottninga og sveima fyrir ólífrænt ræktaðar býflugnadrottningar og sveima í lífrænum framleiðslueiningum að því tilskildu að býflugnadrottningarnar og sveimarnir séu hafðir í býgörðum með vaxkökum með hunangi eða tilbúnum vaxtöflum frá lífrænum framleiðslueiningum.

2. þáttur

Gripahús og búskaparhættir

10. gr.

Reglur sem varða aðbúnað

1. Einangrun, upphitun og loftræsting bygginga skal vera þannig að hringrás lofts, rykmagn, hiti, loftraki og styrkur gastegunda haldist innan slíkra viðmiðunarmarka að tryggt sé að dýrunum verði ekki meint af. Byggingar skulu vera með góðri, náttúrlegri loftræstingu og hleypa inn nægri dagsbirtu.

2. Húsakostur fyrir búfé skal ekki vera lögboðinn á svæðum þar sem veðrátta er þannig að dýrin geta gengið úti.

3. Þéttleiki dýra í byggingum skal vera slíkur að tryggt sé að vel fari um dýrin, þeim líði vel og að tegundabundnum þörfum þeirra sé fullnægt, og skal einkum taka tillit til tegundar, kyns og aldurs viðkomandi dýra. Einnig skal taka tillit til atferlisfræðilegra þarfa dýranna sem eru einkum komnar undir stærð hópsins og kyni dýranna. Þéttleikinn skal tryggja velferð dýranna þannig að þau fái nægt rými til að geta staðið eðlilega, eigi hægt með að leggjast, snúa sér, þau geti sinnt eðlislægum líkamsþrifum og komið við öllum eðlilegum stellingum og hreyfingum, svo sem að þau geti teygt úr sér og að fuglar geti blakað vængjum.

4. Í III. viðauka er mælt fyrir um minnsta leyfilega yfirborðsflöt fyrir inni- og útisvæði, sem og aðra eiginleika húsakosts fyrir mismunandi tegundir og flokka dýra.

11. gr.

Sértækar reglur um aðbúnað og búskaparhætti fyrir spendýr

1. Gripahús skulu vera með sléttum, en ekki hálum gólfum. Minnst helmingur yfirborðsflatarins innandyra, eins og tilgreint er í III. viðauka, skal vera heill, þ.e.a.s. hvorki rimlar né grindur.

2. Í húsunum skulu vera nægilega stór og þægileg, hreinleg og þurr svæði, þar sem dýrin geta legið og hvílst, og gólfið skal vera heilt en ekki rimlar. Á hvíldarsvæðinu skal vera nægilegur og þurr undirburður. Undirburður skal vera hálmur eða annað heppilegt náttúruefni. Undirburðinn má bæta og auðga með hverjum þeim jarðefnum sem tilgreind eru í I. viðauka.

3. Þrátt fyrir 3. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 91/629/EBE ([10]) skal vera bannað að hafa kálfa eina í stíu eftir að þeir verða einnar viku gamlir.

4. Þrátt fyrir 8. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 91/630/EBE ([11]) skal hafa gyltur í hópum nema á síðustu stigum fyrir got og meðan grísir eru á spena.

5. Smágrísi skal hvorki hafa á pöllum né í grísabúrum.

6. Svæði fyrir svín til að hreyfa sig skulu vera þannig að þau geti rótað þar og grafið og látið frá sér úrgang. Að því er rótið varðar má notast við ýmiss konar undirlag.

([9]) Stjtíð. ESB L 368, 23.12.2006, bls. 15.

([10]) Stjtíð. EB L 340, 11.12.1991, bls. 28.

([11]) Stjtíð. EB L 340, 11.12.1991, bls. 33.

12. gr.

Sértækar reglur um aðbúnað og búskaparhætti fyrir alifugla

1. Alifugla skal ekki hafa í búrum.

2. Vatnafuglar skulu hafa aðgang að straumvatni, tjörn, stöðuvatni eða tjörn hvenær sem veðrátta og hollustusamleg skilyrði leyfa til þess að tegundabundnar þarfir þeirra og kröfur um velferð dýra séu virtar.

3. Hús fyrir alla alifugla skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) að minnsta kosti þriðjungur gólfflatar skal vera heill, þ.e. hvorki rimlar né grindur, og þakinn undirburðarefni á borð við hálm, hefilspæni, sand eða torf,

b) í alifuglahúsum fyrir varphænur skal nægilega stór hluti gólfflatar, sem hænurnar hafa aðgang að, vera ætlaður til að safna driti þeirra,

c) þar skulu vera prik af fjölda og lengd sem er í réttu hlutfalli við stærð hópsins og fuglanna, eins og mælt er fyrir um í III. viðauka,

d) þar skulu vera op til að ganga inn og út um af stærð sem er við hæfi fuglanna og samanlögð lengd opanna skal minnst vera 4 m fyrir hverja 100 m² gólfflatar sem fuglarnir hafa aðgang að í húsunum,

e) í hverju alifuglahúsi skulu ekki vera fleiri en:

   i. 4800 kjúklingar,

   ii. 3000 varphænur,

   iii. 5200 perluhænsn,

   iv. 4000 moskusandar- eða pekingandarkollur eða 3200 moskusandar- eða pekingandarsteggir eða aðrar endur,

   v. 2500 geldhanar, gæsir eða kalkúnar,

f) á hverri einingu skal nýtanlegt heildarflatarmál alifuglahúsa, sem eru ætluð til kjötframleiðslu, ekki fara yfir 1600 m²,

g) alifuglahúsin skulu þannig byggð að allir fuglarnir hafi greiðan aðgang að útisvæðum.

4. Heimilt er að nota gervilýsingu til viðbótar dagsbirtu svo að veita megi að hámarki 16 klukkustunda birtu á dag með samfelldri næturhvíld án gervilýsingar í a.m.k. 8 klukkustundir.

5. Til að koma í veg fyrir notkun þéttbærra eldisaðferða skulu alifuglar annaðhvort aldir þar til þeir ná ákveðnum lágmarksaldri eða að öðrum kosti vera af hægvaxandi alifuglastofnum. Þegar rekstaraðilinn notast ekki við hægvaxandi alifuglastofna skal lágmarksaldur við slátrun vera eftirfarandi:

a) 81 dagur fyrir kjúklinga,

b) 150 dagar fyrir geldhana,

c) 49 dagar fyrir pekingendur,

d) 70 dagar fyrir moskusandarkollur,

e) 84 dagar fyrir moskusandarsteggi,

f) 92 dagar fyrir stokkendur,

g) 94 dagar fyrir perluhænsn,

h) 140 dagar fyrir kalkúnshana og aligæsir og i) 100 dagar fyrir kalkúnshænur.

Lögbæra yfirvaldið skal skilgreina viðmiðin fyrir hægvaxandi stofna eða útbúa skrá yfir þá og sjá rekstraraðilum, öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni fyrir þessum upplýsingum.

13. gr.

Sértækar kröfur og aðbúnaður í býrækt

1. Staðsetning býgarða skal vera þannig að innan 3 km geisla frá býgarðinum séu hunangslagar- og frjókornagjafar mestmegnis lífrænt ræktaðar plöntur og/eða villtur gróður og/eða plöntur sem hafa verið meðhöndlaðar samkvæmt aðferðum sem hafa lítil áhrif á umhverfið og eru jafngildar þeim aðferðum sem lýst er í 36. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1698/2005 ([12]) eða í 22. gr. reglugerðar ráðsins 1257/1999 ([13]) sem geta ekki haft áhrif á það hvort býræktarframleiðslan flokkast sem lífræn eða ekki. Framangreindar kröfur gilda ekki þar sem blómgun verður ekki eða býflugnabúin eru í dvala.

2. Aðildarríkin geta tiltekið land eða svæði þar sem ekki er raunhæft að stunda býrækt sem samræmist reglum um lífræna framleiðslu.

3. Býflugnabúin skulu í meginatriðum vera úr náttúruefni sem skapar ekki hættu á mengun fyrir umhverfið eða býræktarafurðirnar.

([12]) Stjtíð. ESB L 277, 21.10.2005, bls. 1.
([13]) Stjtíð. EB L 160, 26.6.1999, bls. 80.

4. Bývaxið, sem er notað í nýja ramma, skal vera frá lífrænum framleiðslueiningum.

5. Með fyrirvara um 25. gr. má einungis nota náttúruafurðir, s.s. býþétti, vax og plöntuolíur, í býflugnabúunum.

6. Notkun tilbúinna fæliefna er bönnuð meðan hunangstekja fer fram.

7. Slenging hunangs úr vaxkökum sem í eru ungviði er bönnuð.

14. gr.

Aðgangur að útisvæðum

1. Útisvæði mega vera að hluta til yfirbyggð.

2. Grasbítar skulu hafa aðgang að bithaga til beitar hvenær sem aðstæður leyfa, í samræmi við iii. lið b-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

3. Þegar grasbítar hafa aðgang að bithaga á beitartímabilinu og ef þeir eru í lausagöngu í húsi á veturna má falla frá þeirri skyldu að sjá þeim fyrir útisvæðum að vetrarlagi.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. skulu naut eldri en ársgömul hafa aðgang að beitilandi eða útisvæði.

5. Alifuglar skulu hafa aðgang að útisvæði a.m.k. þriðjung ævi sinnar.

6. Útisvæði fyrir alifugla skulu að mestu leyti vera gróin svæði þar sem dýrin geta fundið sér skjól og alifuglar skulu hafa greiðan aðgang að nægilega mörgum drykkjarílátum og fóðurtrogum.

7. Ef alifuglum er haldið innandyra vegna takmarkana eða skyldna á grundvelli löggjafar Bandalagsins skulu þeir hafa varanlegan aðgang að nægilegu magni gróffóðurs og viðeigandi efni sem gerir þeim kleift að uppfylla atferlisfræðilegar þarfir sínar.

15. gr.

Þéttleiki dýra

1. Heildarþéttleiki dýra skal ekki fara yfir mörkin 170 kíló af köfnunarefni á ári og á hvern hektara af landbúnaðarsvæði eins og um getur í 2. mgr. 3. gr.

2. Til að ákvarða viðeigandi þéttleika dýra, sem um getur hér að framan, skal lögbært yfirvald aðildarríkjanna ákvarða hversu margar búfjáreiningar jafngilda framangreindum mörkum og hafa til viðmiðunar þær tölur sem mælt er fyrir um í IV. viðauka eða viðkomandi ákvæði landslaga sem samþykkt eru samkvæmt tilskipun 91/676/EBE.

16. gr.

Bann við landlausri búfjárframleiðslu

Landlaus búfjárframleiðsla, þar sem umráðandi búfjárins ræktar ekki land til landbúnaðar og/eða hefur ekki gert skriflegan samstarfssamning við annan rekstraraðila í samræmi við 3. mgr. 3. gr., er bönnuð.

17. gr.

Samhliða framleiðsla á lífrænt og ólífrænt öldu búfé

1. Heimilt er að hafa búfé, sem ekki er alið lífrænt, á bújörðinni að því tilskildu að það sé alið innan eininga þar sem byggingar og landspildur eru skýrt aðgreind frá þeim einingum þar sem stunduð er framleiðsla í samræmi við reglurnar um lífræna framleiðslu og að um aðra tegund sé að ræða.

2. Ólífrænt alið búfé má nota lífrænan bithaga í takmarkaðan tíma ár hvert að því tilskildu að slík dýr komi úr búrekstrarkerfi, eins og það er skilgreint í b-lið 3. mgr., og að lífrænt alin dýr séu ekki í bithaganum á sama tíma.

3. Lífrænt alin dýr má hafa á beit á sameiginlegu landi, að því tilskildu að:

a) landið hafi ekki verið meðhöndlað með vörum, sem ekki eru leyfðar til lífrænnar framleiðslu, í a.m.k. þrjú ár,

b) öll ólífrænt alin dýr, sem nota viðkomandi land, komi úr búrekstrarkerfum sem jafngilda þeim sem lýst er í 36. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005 eða í 22. gr. reglugerðar 1257/1999,

c) búfjárafurðir af lífrænt öldum dýrum teljist ekki vera úr lífrænni framleiðslu á meðan þau nota þetta land nema hægt sé að færa sönnur á að búféð sé aðgreint frá ólífrænt öldum dýrum á fullnægjandi hátt.

4. Farbeitardýr mega bíta á ólífrænu landi þegar þau eru rekin af einu beitilandi yfir á annað. Inntaka á ólífrænu fóðri í formi grass og annars gróðurs, sem dýrin bíta á þessu tímabili, skal ekki fara yfir 10% af heildarhlutfalli fóðurs á ári. Þessa tölu skal reikna sem hundraðshluta af þurrefni fóðurs úr landbúnaði.

5. Rekstraraðilar skulu halda til haga skriflegum sönnunargögnum um beitingu ákvæðanna sem um getur í þessari grein.

18. gr.

Stjórnun dýra

1. Aðgerðir á borð við að bregða teygju um dindil sauðkinda, taglskella/halaklippa dýr, klippa/skerða tennur eða gogga, eða afhorna dýr skal ekki stunda reglubundið í lífrænum búskap. Þó geta lögbær yfirvöld leyft, í hverju tilviki fyrir sig, sumar þessara aðgerða af öryggisástæðum eða ef þeim er ætlað að bæta heilbrigði, velferð eða hreinlæti búfjárins.

Þess skal gætt að dýrin þjáist sem minnst með því að beita fullnægjandi deyfingu/svæfingu og/eða verkjastillingu og með því að láta hæft starfslið framkvæma aðgerðirnar, einungis á því aldursskeiði dýranna þegar þau finna minnst fyrir því.

2. Vönun er leyfð í því skyni að viðhalda gæðum afurða og hefðbundnum framleiðsluaðferðum en einungis samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í annarri undirgrein 1. mgr.

3. Sköddun, s.s. að klippa vængi býflugnadrottninganna, er bönnuð.

4. Ferming og afferming dýra skal fara fram án þess að nokkurs konar raförvun sé beitt til að þvinga dýrin. Notkun hefðbundinna róandi lyfja fyrir flutning eða í flutningi er bönnuð.

3. þáttur

Fóður

19. gr.

Fóður frá eigin bújörð eða frá öðrum lífrænum bújörðum

1. Þegar um er að ræða grasbíta, nema á þeim tíma á hverju ári þegar dýr fara milli bithaga skv. 4. mgr. 17. gr., skulu a.m.k. 50% af fóðrinu koma frá bújörðinni sjálfri eða, ef því verður ekki komið við, framleidd í samvinnu við aðrar lífrænar bújarðir sem eru fyrst og fremst á sama svæði.

2. Ef um er að ræða býflugur skal við lok framleiðslu-skeiðsins skilja eftir nægilegan forða af hunangi og frjókornum í býflugnabúunum til að tryggja að þær lifi veturinn.

3. Fóðrun býflugnasambúa skal aðeins heimil ef afkomu býflugnabúanna er stefnt í hættu vegna loftslagsskilyrða og eingöngu á tímabilinu frá lokum síðustu hunangssöfnunar og þar til 15 dögum áður en næsta tímabil söfnunar á hunangslegi og hunangsdögg hefst. Fóðrið skal vera lífrænt hunang, lífrænt sykursýróp eða lífrænn sykur.

20. gr.

Fóður sem uppfyllir næringarþarfir dýra

1. Öll ungviði spendýra skulu alin á móðurmjólk frekar en náttúrulegri mjólk: nautgripir að lágmarki í þrjá mánuði, þ.m.t. dýr af ættkvíslinni bubalus (bufflar) og ameríkuvísundar og dýr af hestaætt, sauðfé og geitur í 45 daga og svín í 40 daga.

2. Ræktunarkerfi fyrir grasbíta skulu byggjast á hámarksnotkun bithaga í samræmi við aðgengi að bithögum á hverjum árstíma. Að minnsta kosti 60% þurrefnis í daglegum fóðurskammti grasbíta skal vera gróffóður, nýtt eða þurrkað fóður, eða vothey. Heimilt að minnka þetta hlutfall í 50% fyrir dýr í mjólkurframleiðslu, í mest þrjá mánuði, snemma á mjólkurmyndunarskeiðinu.

3. Bæta skal gróffóðri, nýju eða þurrkuðu fóðri eða votfóðri í daglegan fóðurskammt svína og alifugla.

4. Bannað er að halda búfé við þannig aðstæður eða fóðra það þannig að það auki hættu á blóðleysi.

5. Mögulegt skal vera að hverfa frá slátureldi hvenær sem er í eldisferlinu. Þvingunareldi er bannað.

21. gr.

Fóður í aðlögun

1. Að meðaltali má allt að 30% af fóðrinu í fóður-skömmtunum vera fóður í aðlögun. Ef fóðrið, sem er í aðlögun, er frá einingu, sem er hluti af bújörðinni sjálfri, má auka þetta hlutfall í 60%.

2. Að meðaltali má allt að 20% af því fóðri, sem búfé fær, fást með beit eða vera uppskera af landi sem er að staðaldri notað sem beitiland eða af landspildum með fjölærum fóðurjurtum á fyrsta aðlögunarári, að því tilskildu að viðkomandi land sé hluti af bújörðinni sjálfri og hafi ekki verið hluti af lífrænni framleiðslueiningu sömu bújarðar síðustu fimm árin. Ef bæði er notað fóður í aðlögun og fóður af landspildum á fyrsta aðlögunarári þeirra má samanlagt heildarhlutfall slíks fóðurs ekki vera meira en hámarkshlutinn sem fastsettur er í fyrstu málsgrein.

3. Reikna skal tölurnar í 1. og 2. mgr. árlega sem hlutfall af þurrefni fóðurs úr jurtaríkinu.

22. gr.

Afurðir og efni sem um getur í iv. lið d-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007

1. Ólífræn fóðurefni úr jurta- eða dýraríkinu má nota í lífrænni framleiðslu með fyrirvara um takmarkanir sem mælt er fyrir um í 43. gr., en aðeins ef þau eru tilgreind í V. viðauka og farið er eftir takmörkunum sem þar er mælt fyrir um.

2. Lífræn fóðurefni úr dýraríkinu og fóðurefni úr steinefnum má nota í lífrænni framleiðslu en aðeins ef þau eru tilgreind í V. viðauka og farið er eftir takmörkunum sem þar er mælt fyrir um.

3. Afurðir og aukaafurðir frá fiskveiðum má nota í lífrænni framleiðslu en aðeins ef þau eru tilgreind í V. viðauka og farið er eftir takmörkunum sem þar er mælt fyrir um.

4. Fóðuraukefni, tilteknar afurðir, sem eru notaðar í fóður, og hjálparefni við vinnslu má nota í lífrænni framleiðslu en aðeins ef þau eru tilgreind í VI. viðauka og farið er eftir takmörkunum sem þar er mælt fyrir um.

4. þáttur

Forvarnarstarf gagnvart sjúkdómum og meðhöndlun sem varðar heilbrigði dýra og dýraafurða

23. gr.

Forvarnarstarf gagnvart sjúkdómum

1. Með fyrirvara um 3. mgr. 24. gr. er notkun hefðbundinna dýralyfja, sem eru framleidd með efnafræðilegum aðferðum, eða sýklalyfja sem fyrirbyggjandi meðhöndlun, bönnuð.

2. Notkun efna sem örva vöxt eða framleiðslu (þ.m.t. sýklalyf, hníslalyf og önnur tilbúin hjálparefni sem stuðla að auknum vexti) og notkun hormóna eða áþekkra efna í því skyni að stjórna æxlun eða í öðrum tilgangi (s.s. til að framkalla eða samstilla gangmál) er bönnuð.

3. Þegar búfé er fengið frá ólífrænum einingum geta sérstakar ráðstafanir átt við, s.s. skimunarprófanir eða sóttvarnartímabil, allt eftir aðstæðum á hverjum stað.

4. Vistarverur, stíur, búnað og áhöld skal þrífa vandlega og sótthreinsa til að koma í veg fyrir að dýrin smiti hvert annað og að sjúkdómsberandi lífverur nái að hreiðra um sig. Skít, hland og óétið eða spillt fóður skal fjarlægja svo oft sem nauðsyn krefur til að minnka óþef og koma í veg fyrir að skordýr eða nagdýr dragist að.

Að því er varðar f-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má aðeins nota efni, sem tilgreind eru í VII. viðauka, við þrif og sótthreinsun í húsum og aðstöðu fyrir húsdýr og á áhöldum. Nagdýraeitur (eingöngu til notkunar í gildrum), og þau efni sem tilgreind eru í II. viðauka má nota við eyðingu skordýra og annarra skaðvalda í gripahúsum og annarri aðstöðu þar sem búfé er haldið.

5. Hús skulu standa tóm að loknu eldi hverrar lotu alifugla. Á þeim tíma skal hreinsa og sótthreinsa byggingar og innréttingar. Að loknu eldi hverrar lotu alifugla skal ennfremur láta gerði standa auð til að gróður nái að vaxa á ný.

Aðildarríkin skulu fastsetja tímabilin þegar gerðin eiga að vera auð. Rekstraraðilinn skal halda til haga skriflegum sönnunargögnum um að þetta tímabil hafi verið virt. Þessar kröfur gilda ekki ef alifuglar eru ekki aldir í lotum, eru ekki hafðir í gerðum og eru frjálsir ferða sinna yfir daginn.

24. gr.

Meðhöndlun dýralæknis

1. Þegar dýr verða veik eða slasast, þrátt fyrir forvarnarráðstafanir til að tryggja heilbrigði dýra eins og mælt er fyrir um í i. lið e-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, skulu þau þegar í stað hljóta meðhöndlun, í einangrun ef nauðsyn krefur, og í viðeigandi vistarverum.

2. Nota skal jurtalækningalyf, smáskammtaafurðir, snefilefni og vörur, sem eru tilgreindar í 3. lið V. viðauka og lið 1.1 í VI. viðauka, fremur en að nota hefðbundin lyf til dýralækninga, sem eru framleidd með efnafræðilegum aðferðum, að því tilskildu að lækningaverkun þeirra sé áhrifarík fyrir viðkomandi dýrategund og það ástand sem meðhöndlunin beinist að.

3. Ef notkun ráðstafananna, sem um getur í 1. og 2. mgr., kemur ekki að gagni við að berjast gegn sjúkdómi eða áverka og ef meðhöndlun er nauðsynleg til að koma í veg fyrir þjáningu eða nauð dýrsins er heimilt að nota hefðbundin dýralyf, sem eru framleidd með efnafræðilegum aðferðum, eða sýklalyf á ábyrgð dýralæknis.

4. Ef dýr eða hópur dýra er meðhöndlaður oftar en þrisvar sinnum á 12 mánaða tímabili með hefðbundnum dýralyfjum, sem eru framleidd með efnafræðilegum aðferðum, eða sýklalyfjum, eða er meðhöndlaður oftar en einu sinni ef afurðaskeið hans er styttra en eitt ár, að undanskildum bólusetningum, meðhöndlun vegna sníkjudýra og skyldubundnum útrýmingaráætlunum, er óheimilt að selja viðkomandi búfé eða afurðir úr því sem lífrænar afurðir og dýrin skulu fara í gegnum aðlögunartímann sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 38. gr.

Halda skal skrár fyrir eftirlitsaðilann og eftirlitsyfirvaldið með skriflegum sönnunargögnum um að slíkar aðstæður hafi komið upp.

5. Biðtími til afurðanýtingar frá því að dýri er síðast gefið hefðbundið dýralyf við eðlileg notkunarskilyrði og þar til framleiddar eru lífrænar afurðir úr dýrinu skal vera tvöfaldur lögboðinn biðtími til afurðanýtingar, eins og um getur í 11. gr. tilskipunar 2001/82/EB, en 48 klukkustundir ef þessi tími er ekki tilgreindur.

25. gr.

Sértækar reglur um forvarnarstarf gagnvart sjúkdómum og meðhöndlun sem varðar heilbrigði dýra og dýraafurða í býrækt

1. Eingöngu er heimilt að nota nagdýraeitur (eingöngu til notkunar í gildrum) og viðeigandi efni, sem tilgreind eru í II. viðauka, til að verja ramma, býflugnabú og vaxkökur með hunangi, einkum gegn skaðvöldum.

2. Heimilt er að beita eðlisfræðilegri meðhöndlun, t.d. gufu eða beinum loga, til að sótthreinsa býgarða.

3. Aðeins má aflífa karllirfurnar svo hægt sé að einangra meindýrasmit af völdum Varroa destructor.

4. Ef sjúkdómur eða annað herjar á býflugnasambúin, þrátt fyrir allar forvarnarráðstafanir, skulu þau meðhöndluð þegar í stað og ef nauðsyn krefur má koma sambúunum fyrir í einangruðum býgörðum.

5. Notkun dýralyfja í lífrænni býrækt er heimil svo fremi að samsvarandi notkun sé leyfð í aðildarríkinu í samræmi við viðeigandi ákvæði Bandalagsins eða landsákvæði sem eru í samræmi við lög Bandalagsins.

6. Heimilt er að nota maura-, mjólkur-, edik- og oxalsýru, svo og mentól, þýmól, evkalyptól og kamfóru, ef um er að ræða smit af völdum Varroa destructor.

7. Ef veitt er meðhöndlun með hefðbundnum lyfjum, sem eru framleidd með efnafræðilegum aðferðum, skal meðhöndluðu sambúunum komið fyrir í einangruðum býgörðum meðan meðhöndlunin varir og fjarlægja skal allt vax og setja í staðinn vax sem kemur frá lífrænni býrækt. Um þessi sambú gildir að því næst skal aðlögunartíminn vera eitt ár eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 38. gr.

8. Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 7. mgr. gilda ekki um vörur sem eru tilgreindar í 6. mgr.

3. KAFLI

Unnar vörur

26. gr.

Reglur um framleiðslu á unnu fóðri og matvælum

1. Aukefni, hjálparefni við vinnslu og önnur efni og innihaldsefni, sem notuð eru til að vinna matvæli eða fóður, og allar vinnsluaðferðir sem notaðar eru, s.s. reyking, skulu vera í samræmi við meginreglur um góða framleiðsluhætti.

2. Rekstraraðilar, sem framleiða unnið fóður eða matvæli, skulu koma á fót og uppfæra viðeigandi verklagsreglur sem byggjast á kerfisbundinni greiningu á mikilvægum vinnsluþrepum.

3. Notkun verklagsreglnanna, sem um getur í 2. mgr., skal ávallt tryggja að hinar framleiddu unnu vörur séu í samræmi við reglur um lífræna framleiðslu.

4. Rekstraraðilar skulu fara að og beita verklagsreglunum sem um getur í 2. mgr. Einkum skulu rekstraraðilar:

a) grípa til varúðarráðstafana til að koma í veg fyrir áhættu á mengun af völdum óleyfilegra efna eða vara,

b) láta viðeigandi hreinsunaraðgerðir fara fram, vakta skilvirkni þeirra og skrá þessar aðgerðir,

c) tryggja að ólífrænar vörur séu ekki settar á markað með merkingum sem vísa til lífrænna framleiðsluaðferða.

5. Til viðbótar við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 2. og 4. mgr., skal rekstraraðilinn, ef ólífrænar vörur eru einnig unnar eða geymdar í viðkomandi tilreiðslueiningu:

a) láta vinnslu standa stöðugt yfir uns framleiðslulotunni hefur verið lokið að fullu á öðrum stað eða tíma en samsvarandi vinnsla á ólífrænum vörum,

b) geyma lífrænar vörur, fyrir og eftir vinnslu, aðskildar frá ólífrænum vörum á öðrum stað eða tíma,

c) tilkynna eftirlitsyfirvaldinu eða eftirlitsaðilanum þar um og hafa tiltæka uppfærða skrá yfir allar aðgerðir og unnið magn,

d) grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja sanngreiningu á framleiðslulotum og forðast blöndun við eða skipti á lífrænum vörum,

e) láta vinnslu á lífrænum vörum aðeins fara fram eftir að framleiðslubúnaðurinn hefur verið hreinsaður á viðeigandi hátt.

27. gr.

Notkun á tilteknum vörum og efnum við vinnslu matvæla

1. Að því er varðar b-lið 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má aðeins nota eftirfarandi efni við vinnslu lífrænna matvæla, að undanskildu víni:

a) efni sem eru tilgreind í VIII. viðauka við þessa reglugerð,

b) örveru- og ensímblöndur sem að öllu jöfnu eru notaðar við matvælavinnslu,

c) efni og vörur, eins þau eru skilgreind í i. lið b-liðar 2. mgr. 1. gr. og c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 88/388/EBE ([14]), sem eru merkt sem náttúruleg bragðefni eða náttúrulegar bragðefnablöndur í samræmi við d-lið 1. mgr. og 2. mgr. 9. gr. þeirrar tilskipunar,

d) litarefni til að stimpla kjöt eða eggjaskurn í samræmi við 8. mgr. 2. gr. og 9. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB ([15]), eftir því sem við á,

e) drykkjarvatn og salt (með natríumklóríð og kalíumklórið sem grunnefnisþætti) sem eru að jafnaði notuð í matvælavinnslu,

f) steinefni (þ.m.t. snefilefni), vítamín, amínósýrur og snefilefni eru aðeins leyfð að því tilskildu að lög mæli fyrir um notkun þeirra í viðkomandi matvælum.

2. Að því er varðar útreikninginn sem um getur í ii. lið a-liðar 4. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007,

a) skal reikna aukefni í matvælum, sem tilgreind eru í VIII. viðauka og merkt eru með stjörnu í dálkinum með kenninúmeri aukefnisins, sem innihaldsefni úr landbúnaði,

b) skal ekki reikna efnablöndur og efni, sem um getur í b-, c-, d-, e- og f-lið 1. mgr. þessarar greinar og efni sem ekki eru merkt með stjörnu í dálkinum með kenninúmeri aukefnisins, sem innihaldsefni úr landbúnaði.

3. Notkun eftirfarandi efna, sem tilgreind eru í VIII. viðauka, skal endurskoðuð fyrir 31. desember 2010:

a) natríumnítríts og kalíumnítrats í A-þætti, með það í huga að afturkalla þessi aukefni,

b) brennisteinsdíoxíðs og kalíummetabísúlfíts í A-þætti,

c) saltsýru í B-þætti vegna vinnslu á Gouda-, Edam- og Maasdammer-ostum, Boerenkaas, Friese og Leidse Nagelkaas.

Endurskoðunin, sem um getur í a-lið, skal taka mið af viðleitni aðildarríkjanna til að finna aðra örugga kosti en nítrít/nítröt og koma á fót viðeigandi námi í öðrum vinnsluaðferðum og hollustuháttum fyrir vinnsluaðila/framleiðendur á lífrænu kjöti.

([14]) Stjtíð. EB L 184, 15.7.1988, bls. 61.
([15]) Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13.

28. gr.

Notkun tiltekinna ólífrænna innihaldsefna úr landbúnaði við vinnslu matvæla

Að því er varðar c-lið 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má nota ólífræn innihaldsefni úr landbúnaði, sem tilgreind eru í IX. viðauka við þessa reglugerð, við vinnslu lífrænna matvæla.

29. gr.

Leyfi aðildarríkja fyrir ólífrænum innihaldsefnum matvæla úr landbúnaði

1. Ef innihaldsefni úr landbúnaði er ekki tilgreint í IX. viðauka við þessa reglugerð má aðeins nota viðkomandi innihaldefni samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

a) rekstraraðilinn hefur framvísað öllum nauðsynlegum gögnum hjá lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem sýnt er fram á að viðkomandi innihaldsefni sé ekki framleitt í nægjanlegu magni innan Bandalagsins, í samræmi við reglurnar um lífræna framleiðslu, eða að ekki sé hægt að flytja þau inn frá þriðju löndum,

b) lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu hefur heimilað notkun innihaldsefnisins til bráðabirgða, í 12 mánuði hið mesta, eftir að hafa gengið úr skugga um að rekstraraðilinn hafi haft nauðsynlegt samband við birgja í Bandalaginu til þess að fullvissa sig um að viðkomandi innihaldsefni með nauðsynlega eiginleika séu ófáanleg,

c) að engin ákvörðun hafi verið tekin, í samræmi við ákvæði 3. eða 4. mgr., um að veitt leyfi fyrir viðkomandi innihaldsefni skuli afturkallað.

Aðildarríkið má framlengja leyfið, sem kveðið er á um í b-lið, þrisvar sinnum hið mesta og í 12 mánuði í senn.

2. Hafi leyfi, eins og um getur í 1. mgr., verið veitt skal viðkomandi aðildarríki án tafar veita hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni upplýsingar um eftirfarandi:

a) dagsetningu leyfisins og, ef um er að ræða framlengingu á leyfi, dagsetningu fyrsta leyfisins,

b) nafn, heimilisfang, símanúmer og, ef við á, símbréfsnúmer og tölvupóstfang leyfishafa; nafn og heimilisfang tengiliðs við yfirvaldið sem veitti leyfið,

c) heiti viðkomandi innihaldsefnis úr landbúnaði og, ef nauðsyn krefur, nákvæma lýsingu á því og gæðakröfur sem það þarf að uppfylla,

d) í hvaða vörutegund umbeðið innihaldsefni er nauðsynlegur efnisþáttur,

e) nauðsynlegt magn og rökstuðningur fyrir þessu magni,

f) ástæður fyrir skortinum og hve lengi er búist við að hann vari,

g) hvaða dag aðildarríkið sendir hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þessa tilkynningu. Framkvæmdastjórninni og/eða aðildarríkjunum er heimilt að veita almenningi þessar upplýsingar.

3. Leggi aðildarríki athugasemdir fyrir framkvæmdastjórnina eða aðildarríkið sem veitti leyfið, þar sem fram kemur að nægar birgðir af viðkomandi innihaldsefni séu fáanlegar á tímabilinu sem skortur er talinn vara, skal aðildarríkið íhuga hvort afturkalla beri leyfið eða stytta fyrirhugaðan gildistíma þess og tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þær ráðstafanir, sem það hefur gripið til eða hyggst grípa til, innan 15 virkra daga eftir móttöku upplýsinganna.

4. Að beiðni aðildarríkis eða að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar skal málið sent nefndinni, sem framkvæmdastjórnin kom á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, til athugunar. Heimilt er að ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þeirrar greinar, að áður veitt leyfi skuli afturkallað eða gildistíma þess breytt eða, eftir því sem við á, að viðkomandi innihaldsefni verði tekið upp í IX. viðauka við þessa reglugerð.

5. Þegar um er að ræða framlengingu, eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr., gildir málsmeðferðin í 2. og 3. mgr.

4. KAFLI

Söfnun, pökkun, flutningur og geymsla á vörum

30. gr.

Söfnun á vörum og flutningur til tilreiðslueininga

Rekstraraðilar mega safna lífrænum og ólífrænum vörum samtímis, en aðeins þegar viðeigandi ráðstafanir eru gerðar til að koma í veg fyrir mögulega blöndun eða skipti við ólífrænar vörur og til að tryggja sanngreiningu á lífrænum vörum. Rekstraraðili skal hafa upplýsingar um söfnunardaga, -tíma og -leið og hvaða dag og hvenær dags tekið er við vörunum tiltækar fyrir eftirlitsaðilann eða -yfirvaldið.

31. gr.

Pökkun og flutningur á vörum til annarra rekstraraðila eða eininga

1. Rekstraraðilar skulu tryggja að lífrænar vörur séu eingöngu fluttar til annarra eininga, þ.m.t. heildsala og smásala, í viðeigandi pakkningum, ílátum eða ökutækjum, sem þannig er lokað að ekki er unnt að skipta um innihald í þeim án þess að hrófla við innsiglinu eða skemma það, og með merkimiða þar sem fram kemur, með fyrirvara um aðrar merkingar sem krafist er samkvæmt lögum:

a) nafn og heimilisfang rekstraraðilans og, þegar það er annar aðili, eiganda eða seljanda vöru,

b) heiti vörunnar eða lýsing á fóðurblöndunni ásamt tilvísun til lífrænnar framleiðsluaðferðar,

c) nafn og/eða kenninúmer eftirlitsaðilans eða -yfirvaldsins sem rekstraraðilinn heyrir undir, og d) ef við á, auðkenni framleiðslulotunnar samkvæmt auðkenniskerfi sem annaðhvort er samþykkt á landsvísu eða sem samningur hefur náðst um við eftirlitsaðilann eða -yfirvaldið og sem gerir kleift að tengja lotuna bókhaldinu sem um getur í 66. gr.

Upplýsingarnar, sem um getur í a- til d-lið í fyrstu undirgrein, má einnig setja fram í fylgiskjali ef hægt er að tengja það á óyggjandi hátt pakkningunni, ílátinu eða ökutækinu sem afurðin er flutt í. Í fylgiskjalinu skulu vera upplýsingar um birgi og/eða flutningsaðila.

2. Þess skal ekki krafist að pakkningum, ílátum eða ökutækjum sé lokað ef:

a) flutningur fer fram beint milli rekstraraðila og annars rekstraraðila sem falla báðir undir eftirlitskerfið með lífrænum afurðum og b) vörunum fylgir skjal með upplýsingunum sem krafist er skv. 1. mgr og c) bæði rekstraraðili sem sendir og rekstraraðili sem er viðtakandi halda til haga skjalfestum gögnum um slíkar flutningsaðgerðir sem eru tiltækar eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvaldi slíkra flutningsaðgerða.

32. gr.

Sérreglur um flutning á fóðri til annarra framleiðslu-/ tilreiðslueininga eða geymslusvæða

Auk ákvæðanna í 31. gr. skulu rekstraraðilar tryggja, þegar fóður er flutt til annarra framleiðslu- eða tilreiðslueininga eða geymslusvæða, að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) lífrænt framleiddu fóðri, fóðri í aðlögun og ólífrænu fóðri skal haldið vel aðgreindu í flutningi,

b) ökutækin og/eða ílátin, sem hafa verið notuð til að flytja ólífrænar vörur, eru notuð til að flytja lífrænar afurðir að því tilskildu að:

i. viðeigandi hreinsunaraðgerðir hafi farið fram og gengið úr skugga um skilvirkni þeirra áður en hafist er handa við flutning á lífrænum vörum; rekstraraðilar skulu skrá þessar aðgerðir,

ii. allar viðeigandi ráðstafanir séu gerðar, með hliðsjón af þeirri áhættu sem metin er í samræmi við 3. mgr. 88. gr., og ef nauðsyn krefur skulu rekstraraðilar ábyrgjast að ekki sé hægt að setja ólífrænar vörur á markað með merkingum sem vísa til lífrænnar framleiðslu,

iii. rekstraraðilinn haldi til haga skjalfestum gögnum um slíkar flutningsaðgerðir sem eru tiltækar eftirlitsaðilanum eða eftirlitsyfirvaldinu,

c) flutningur á fullunnu lífrænu fóðri skal fara fram aðgreint frá flutningi á öðrum fullunnum vörum í rúmi eða tíma,

d) í flutningi skal skrá magn vörunnar í upphafi og við hverja afhendingu.

33. gr.

Móttaka á vörum frá öðrum einingum og öðrum rekstraraðilum

Þegar rekstraraðili tekur við lífrænni afurð skal hann kanna hvort pakkningar eða ílát séu lokuð, sé þess krafist, og hvort merkingar, sem kveðið er á um í 31. grein, séu til staðar.

Rekstraraðilinn skal bera saman upplýsingarnar á merkimiðanum, sem um getur í 31. gr., við upplýsingarnar í fylgiskjölunum. Geta skal um niðurstöður þessarar sannprófunar með skýrum hætti í skriflega bókhaldinu sem um getur í 66. gr.

34. gr.

Sérreglur um móttöku á vörum frá þriðja landi

Flytja skal lífrænar vörur inn frá þriðja landi í viðeigandi pakkningum eða ílátum, sem þannig er lokað að ekki er unnt að skipta um innihald í þeim, og þar sem fram koma deili á útflytjanda og önnur merki og tölur, sem gera kleift að sanngreina lotuna, og með eftirlitsvottorðinu um innflutning frá þriðju löndum eins og við á.

Þegar fyrsti viðtakandi tekur við lífrænni vöru, sem er flutt inn frá þriðja landi, skal hann athuga hvort pakkningar eða ílát séu lokuð og, ef um er að ræða vörur sem fluttar eru inn í samræmi við 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, skal hann athuga að vottorðið sem getið er um í þeirri grein taki til vörutegundarinnar í vörusendingunni. Geta skal um niðurstöður þessarar sannprófunar með skýrum hætti í skriflega bókhaldinu sem um getur í 66. gr. þessarar reglugerðar.

35. gr.

Geymsla á vörum

1. Svæði til geymslu á vörum skulu skipulögð þannig að tryggt sé að unnt sé að sanngreina framleiðslulotur og forðast blöndun við eða mengun frá vörum og/eða efnum sem ekki eru í samræmi við reglurnar um lífræna framleiðslu. Lífrænar vörur skulu vera sanngreinanlegar á skýran hátt hvenær sem er.

2. Ef um er að ræða lífrænar plöntu- og búfjárframleiðslueiningar er geymsla aðfanga, annarra en þeirra sem er heimiluð samkvæmt þessari reglugerð, bönnuð í framleiðslueiningunni.

3. Geymsla hefðbundinna dýralyfja og sýklalyfja á bújörðum er heimil að því tilskildu að dýralæknir hafi gefið út lyfseðil fyrir þeim í tengslum við meðhöndlun, eins og um getur í ii. lið e-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, að þau séu geymd undir eftirliti og færð í búfjárskýrslu eins og um getur í 76. gr. þessarar reglugerðar.

4. Ef rekstraraðilar meðhöndla bæði ólífrænar vörur og lífrænar vörur og hinar síðarnefndu eru geymdar í geymsluaðstöðu þar sem aðrar landbúnaðarafurðir eða matvæli eru einnig geymd:

a) skal halda lífrænu vörunum aðskildum frá öðrum landbúnaðarafurðum og/eða matvælum,

b) skal gera allar ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að sanngreina vörusendingar og forðast blöndun við eða skipti á lífrænum vörum,

c) skulu viðeigandi hreinsunaraðgerðir hafa farið fram og gengið úr skugga um skilvirkni þeirra áður en lífrænar vörur eru settar í geymslu; rekstraraðilar skulu skrá þessar aðgerðir.

5. KAFLI

Reglur um aðlögun

36. gr.

Plöntur og plöntuafurðir

1. Til að plöntur og plöntuafurðir geti talist lífrænar þarf framleiðslureglunum, sem um getur í 9., 10., 11., og 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og 1. kafla þessarar reglugerðar, að hafa verið fylgt, og, eftir atvikum, framleiðslureglum í sérstökum undantekningartilvikum í 6. kafla þessarar reglugerðar, á landspildunum á aðlögunartíma, sem er a.m.k. tvö ár fyrir sáningu, eða, ef um er að ræða graslendi eða

fjölærar fóðurjurtir, a.m.k. tvö ár áður en þau eru notuð sem fóður úr lífrænum búskap eða, ef um er að ræða fjölæra ræktun aðra en fóðurjurtir, a.m.k. þrjú ár fyrir fyrstu uppskeru lífrænna afurða.

2. Lögbæra yfirvaldið getur ákveðið að viðurkenna afturvirkt hvaða fyrra tímabil sem er sem hluta af aðlögunartímanum þar sem:

a) landspildurnar féllu undir ráðstafanir sem skilgreindar eru í áætlun sem framkvæmd var samkvæmt reglugerðum (EB) nr. 1257/99, (EB) nr. 1698/2005 eða samkvæmt annarri opinberri áætlun að því tilskildu að viðkomandi ráðstafanir tryggi að vörur, sem ekki eru leyfðar í lífrænni framleiðslu, hafi ekki verið notaðar á þessum landspildum, eða

b) landspildurnar voru náttúrleg svæði eða landbúnaðarsvæði sem voru ekki meðhöndluð með vörum sem ekki eru heimilaðar í lífrænni framleiðslu.

Tímabilið, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, má einungis líta á sem afturvirkt þegar fullnægjandi sannanir hafa verið lagðar fyrir lögbært yfirvald sem gera því kleift að fullvissa sig um að skilyrðin hafi verið uppfyllt í a.m.k. þrjú ár.

3. Lögbæra yfirvaldið getur ákveðið, í tilteknum tilvikum ef land hefur mengast af vörum sem ekki eru leyfðar í lífrænni framleiðslu, að lengja aðlögunartímann umfram það tímabil sem um getur í 1. mgr.

4. Ef um er að ræða landspildur, sem þegar er búið að aðlaga eða sem verið var að aðlaga að lífrænum búskap, sem voru meðhöndlaðar með vöru sem ekki er leyfð í lífrænni framleiðslu, geta aðildarríkin stytt aðlögunartímann, sem um getur í 1. mgr., í eftirfarandi tveimur tilvikum:

a) landspildur sem hafa verið meðhöndlaðar með vöru sem ekki er leyfð í lífrænni framleiðslu, sem hluti af skyldubundinni varnarráðstöfun gegn sjúkdómi eða skaðvaldi sem lögbært yfirvald aðildarríkisins grípur til,

b) landspildur sem hafa verið meðhöndlaðar með vöru sem ekki er leyfð í lífrænni framleiðslu, sem hluti af vísindalegum prófunum sem lögbært yfirvald aðildarríkisins hefur samþykkt.

Í tilvikunum, sem kveðið er á um í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, skal lengd aðlögunartímans ákveðin með hliðsjón af eftirfarandi þáttum:

a) tryggt skal að eftir að viðkomandi afurð hefur brotnað niður hafi aðeins orðið eftir óverulegt magn efnaleifa í jarðvegi við lok aðlögunartímans og, ef um fjölæra ræktun er að ræða, í plöntunni,

b) óheimilt er að selja afurð að lokinni meðhöndlun með tilvísun til lífrænna framleiðsluaðferða.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína um að gera kröfu um skyldubundnar ráðstafanir.

37. gr.

Sérstakar reglur um aðlögun fyrir land þar sem lífræn búfjárframleiðsla fer fram

1. Reglur um aðlögun, sem um getur í 36. gr. þessarar reglugerðar, skulu gilda um allt svæði framleiðslueiningarinnar þar sem fóður er framleitt.

2. Þrátt fyrir ákvæðin í 1. mgr. má stytta aðlögunartímann í eitt ár fyrir bithaga og útisvæði fyrir tegundir sem ekki eru grasbítar. Stytta má þetta tímabil í sex mánuði hafi viðkomandi land ekki verið meðhöndlað á næstliðnu ári með vörum sem ekki eru leyfðar í lífrænni framleiðslu.

38. gr.

Búfé og búfjárafurðir

1. Ef ólífrænt alið búfé er flutt til bújarðar samkvæmt ii. lið a-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 eða 9. gr. og/eða 42. gr. þessarar reglugerðar og ef selja á búfjárafurðir sem lífrænar afurðir skal framleiðslureglunum, sem um getur í 9., 10., 11. og 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og í 2. kafla II. bálks og eftir atvikum í 42. grein þessarar reglugerðar, hafa verið beitt í a.m.k.:

a) 12 mánuði ef um er að ræða hesta eða nautgripi, þ.m.t. af ættkvíslinni bubalus (bufflar) og ameríkuvísundar, sem eru aldir til kjötframleiðslu og í öllum tilvikum í a.m.k. þrjá fjórðu hluta af æviskeiði þeirra,

b) sex mánuði ef um er að ræða smá jórturdýr og svín og dýr til mjólkurframleiðslu,

c) 10 vikur ef um er að ræða alifugla til kjötframleiðslu, sem komið er með áður en þeir ná þriggja daga aldri,

d) sex vikur ef um er að ræða alifugla til eggjaframleiðslu.

2. Ef ólífrænt alin dýr eru á bújörð í upphafi aðlögunartíma í samræmi við iii. lið a-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má flokka afurðir þeirra sem lífrænar ef aðlögun á allri framleiðslueiningunni er gerð samhliða, þ.m.t. búfé, bithagar og/eða sérhvert landsvæði sem er notað til ræktunar á

fóðri. Samanlagðan heildaraðlögunartíma, bæði fyrir dýr sem þegar eru til staðar og afkvæmi þeirra, bithaga og/eða sérhvert landsvæði sem notað er til ræktunar á fóðri, má stytta í 24 mánuði ef dýrin eru að mestu leyti fóðruð á afurðum frá framleiðslueiningunni.

3. Aðeins má selja afurðir úr býrækt með tilvísun til lífrænnar framleiðsluaðferðar ef farið hefur verið eftir reglunum um lífræna framleiðslu í a.m.k. eitt ár.

4. Aðlögunartími fyrir býgarða gildir þó ekki ef um er að ræða beitingu 5. mgr. 9. gr. í þessari reglugerð.

5. Á meðan á aðlögunartímanum stendur skal vaxinu skipt út fyrir vax sem kemur úr lífrænni býrækt.

6. KAFLI

Framleiðslureglur í sérstökum undantekningartilvikum

1. þáttur

Framleiðslureglur í sérstökum undantekningartilvikum, sem tengjast veðurfarslegum, landfræðilegum eða kerfislægum hömlunum, í samræmi við a-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007

39. gr.

Tjóðrun dýra

Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eiga við geta lögbær yfirvöld heimilað að nautgripir á litlum bújörðum séu tjóðraðir ef ekki er hægt að halda gripunum í hópum sem hæfa atferlisþörfum þeirra, að því tilskildu að þeir hafi aðgang að bithögum meðan á beitartímabili stendur, í samræmi við 2. mgr. 14. gr., og aðgang að útisvæðum a.m.k. tvisvar í viku þegar beit er ekki möguleg.

40. gr.

Samhliða framleiðsla

1. Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eiga við getur framleiðandi rekið lífrænar og ólífrænar framleiðslueiningar á sama svæði:

a) ef um er að ræða framleiðslu fjölærra nytjaplantna sem þurfa a.m.k. þriggja ára ræktunartímabil, ef það er erfiðleikum háð að greina á milli afbrigða, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

   i. framleiðslan, sem um er að ræða, er hluti af nýskipunaráætlun sem framleiðandi skuldbindur sig formlega til að fylgja en samkvæmt henni skal hefjast handa við að skipta yfir í lífræna framleiðslu á síðasta hluta svæðisins sem um er að ræða svo fljótt sem auðið er og í öllu falli innan fimm ára,

   ii. gripið hefur verið til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að afurðir frá öllum viðkomandi einingum séu ávallt skildar að,

   iii. eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila er tilkynnt um uppskeru allra viðkomandi afurða með a.m.k. 48 klukkustunda fyrirvara,

   iv. þegar uppskeru lýkur tilkynnir framleiðandi eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila strax um nákvæmt magn sem er uppskorið af viðkomandi einingum og um þær ráðstafanir sem beitt var til að aðskilja afurðirnar,

   v. lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt nýskipunaráætlunina og eftirlitsráðstafanirnar sem um getur í 1. og 2. kafla IV. bálks; þetta samþykki skal staðfesta árlega eftir að nýskipunaráætluninni hefur verið hrint í framkvæmd,

b) ef um er að ræða svæði til landbúnaðarrannsókna eða formlegrar menntunar sem lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum hafa samþykkt, að því tilskildu að skilyrðin, sem sett eru fram í ii., iii. og iv. lið a-liðar og viðeigandi hluta v. liðar hafi verið uppfyllt,

c) ef um er að ræða fræframleiðslu, framleiðslu plöntufjölgunarefna og örgræðlinga og að því tilskildu að skilyrðin, sem sett eru fram í ii., iii. og iv. lið a-liðar og viðeigandi hluta v. liðar, hafi verið uppfyllt,

d) ef um er að ræða graslendi sem eingöngu er notað til beitar.

2. Lögbæra yfirvaldið getur heimilað bújörðum, sem framkvæma landbúnaðarrannsóknir eða halda úti formlegri menntun, að ala lífrænt og ólífrænt ræktað búfé af sömu tegund ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) gerðar hafa verið viðeigandi ráðstafanir, sem tilkynntar eru fyrirfram til eftirlitsyfirvaldsins eða eftirlitsaðilans, í því skyni að tryggja varanlegan aðskilnað búfjár, búfjárafurða, húsdýraáburðar og fóðurs í hverri einingu,

b) framleiðandi gerir eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila viðvart fyrir fram áður en búfé eða búfjárafurðir eru afhentar eða seldar,

c) rekstraraðilinn gerir eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila nákvæmlega grein fyrir því magni, sem framleitt er innan eininganna, ásamt öllum einkennum sem gera það kleift að sanngreina afurðirnar, og staðfestir að gerðar hafi verið ráðstafanir til að aðskilja afurðirnar.

41. gr.

Rekstur býræktareininga til frævunar

Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eiga við getur rekstraraðilinn, þegar um er að ræða frævun, rekið lífrænar og ólífrænar býræktareiningar á sömu bújörð að því tilskildu að öllum kröfum í reglum um lífræna framleiðslu sé fullnægt, að undanskildum ákvæðum um staðsetningu býgarðanna. Í því tilviki er óheimilt að selja afurðina sem lífræna afurð.

Rekstraraðilinn skal halda til haga skriflegum sönnunargögnum um notkun þessa ákvæðis.

2. þáttur

Framleiðslureglur í sérstökum undantekningartilvikum sem tengjast ófáanleika lífrænna aðfanga til bújarða í samræmi við b-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007

42. gr.

Notkun ólífrænt alinna dýra

Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/200,7 eiga við og með fyrirframleyfi lögbærra yfirvalda,

a) er leyfilegt, þegar hóp er komið upp í fyrsta sinn, hann endurnýjaður eða byggður upp að nýju og ekki eru fáanlegir nógu margir lífrænt aldir alifuglar, að flytja ólífrænt alda alifugla inn í lífrænna framleiðslueiningu með alifugla, að því tilskildu að varphænur til eggjaframleiðslu og alifuglar til kjötframleiðslu séu yngri en þriggja daga,

b) má flytja ólífrænt aldar varphænur til eggjaframleiðslu, sem eru ekki eldri en 18 vikna, inn í lífræna framleiðslueiningu fram til 31. desember 2011 ef lífrænt aldar varphænur standa ekki til boða og að því tilskildu að viðeigandi ákvæðum, sem mælt er fyrir um í 3. og 4. þætti 2. kafla, sé fullnægt.

43. gr.

Notkun ólífrænt ræktaðs fóðurs úr landbúnaði

Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eiga við er heimilt að nota takmarkað hlutfall af ólífrænu fóðri úr jurta- og dýraríkinu ef bændum er ókleift að afla fóðurs eingöngu úr lífrænni framleiðslu. Mesta leyfilega hlutfall af ólífrænu fóðri á hverju 12 mánaða tímabili fyrir aðrar tegundir en grasbíta skal vera:

a) 10% á tímabilinu frá 1. janúar 2009 til 31. desember 2009,

b) 5% á tímabilinu frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2011.

Tölurnar skal reikna árlega sem hlutfall af þurrefni fóðurs úr landbúnaði. Mesta leyfilega hlutfall af ólífrænu fóðri í daglegum skammti skal vera 25%, reiknað sem hundraðshluti þurrefnis.

Rekstraraðilinn skal halda til haga skriflegum sönnunargögnum um nauðsyn þess að nota þetta ákvæði.

44. gr.

Notkun ólífræns bývax

Ef um er að ræða nýja aðstöðu eða á meðan á aðlögunartíma stendur má aðeins nota ólífrænt bývax

a) ef bývax frá lífrænni býrækt er ekki fáanlegt á markaði,

b) ef sýnt hefur verið fram á að það er laust við mengun af völdum efna sem ekki eru heimiluð í lífrænni framleiðslu og c) að því tilskildu að það komi úr vaxlokum (e. f*rom the cap*).

45. gr.

Notkun fræs eða plöntufjölgunarefnis sem ekki er framleitt samkvæmt lífrænu framleiðsluaðferðinni

1. Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eiga við,

a) má nota fræ og plöntufjölgunarefni frá framleiðslueiningu sem er í aðlögun að lífrænum búskap,

b) mega aðildarríkin, ef a-liður á ekki við, heimila notkun á ólífrænum fræjum eða plöntufjölgunarefnum ef þau eru ekki fáanleg úr lífrænni framleiðslu. Þó gilda eftirfarandi 2. til 9. mgr. að því er varðar notkun á ólífrænu fræi og útsæðiskartöflum.

2. Nota má ólífræn fræ og útsæðiskartöflur að því tilskildu að fræin eða útsæðiskartöflurnar séu ekki meðhöndlaðar með öðrum plöntuvarnarefnum en þeim sem heimiluð eru til að meðhöndla fræ í samræmi við 1. mgr. 5. gr., nema lögbær yfirvöld aðildarríkis hafi mælt fyrir um efnameðhöndlun með tilliti til plöntuheilbrigðis í samræmi við tilskipun ráðsins 2000/29/EB ([16]) að því er varðar öll yrki tiltekinnar tegundar á því svæði þar sem nota á fræ eða útsæðiskartöflur.

([16]) Stjtíð. EB L 169, 10.7.2000, bls. 1.

3. Í X. viðauka eru settar fram þær tegundir lífrænt ræktaðra fræja eða útsæðiskartaflna sem sýnt hefur verið fram á að til sé nægilegt magn og verulegur fjöldi yrkja af alls staðar í Bandalaginu.

Ekki er heimilt að veita leyfi samkvæmt b-lið 1. mgr., vegna tegundanna sem tilgreindar eru í X. viðauka, nema það sé réttlætt á grundvelli einhverra af þeim ástæðum sem um getur í d-lið 5. mgr.

4. Aðildarríki mega framselja ábyrgðina á því að veita leyfið, sem um getur í b-lið 1. mgr., til annarrar opinberrar stjórnsýslustofnunar, sem er undir þeirra eftirliti, eða til eftirlitsyfirvalda eða eftirlitsaðila sem um getur í 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

5. Eingöngu er heimilt að veita leyfi til að nota fræ eða útsæðiskartöflur, sem eru ekki framleiddar samkvæmt lífrænu framleiðsluaðferðinni, í eftirfarandi tilvikum:

a) ef ekkert yrki af þeim tegundum sem notandi vill fá er skráð í gagnagrunninn sem um getur í 48. gr.,

b) ef enginn birgir, þ.e. rekstraraðili sem setur fræ eða útsæðiskartöflur á markað handa öðrum rekstraraðilum, getur útvegað fræið eða útsæðiskartöflurnar fyrir sáningu eða gróðursetningu þrátt fyrir að notandinn hafi pantað fræið eða útsæðiskartöflurnar í tæka tíð,

c) ef yrkið sem notandi vill fá er ekki skráð í gagnagrunninn, sem um getur í 48. gr., og ef notandi getur fært sönnur á að ekkert annað skráð yrki sömu tegundar geti komið í staðinn og að leyfið skipti því miklu máli fyrir framleiðslu hans,

d) ef hægt er að réttlæta leyfið vegna notkunar í tengslum við rannsóknir, prófanir í litlum mæli á vettvangi eða vegna varðveislu á yrki með samþykki lögbærs yfirvalds í aðildarríki.

6. Leyfið skal veitt áður en til sáningar kemur.

7. Leyfið skal eingöngu veitt einstökum notendum eina árstíð í senn og yfirvaldið eða aðilinn sem ber ábyrgð á leyfisveitingunni skal skrá heimilt magn af fræi eða útsæðiskartöflum.

8. Þrátt yfir 7. mgr. er lögbærum yfirvöldum aðildarríkis heimilt að veita öllum notendum almennt leyfi:

a) fyrir tiltekinni tegund þegar og svo fremi að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í a-lið 5. mgr., séu uppfyllt,

b) fyrir tilteknu yrki þegar og svo fremi að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í c-lið 5. mgr., séu uppfyllt.

Leyfin, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu koma skýrt fram í gagnagrunninum sem um getur í 48. gr.

9. Ekki er heimilt að veita leyfi nema á tímabilum sem hafa verið uppfærð í gagnagrunninum í samræmi við 3. mgr. 49. gr.

3. þáttur

Framleiðslureglur í sérstökum undantekningartilvikum sem tengjast sérstökum vandamálum við að halda lífrænt alið búfé í samræmi við d-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007

46. gr.

Sérstök vandamál í tengslum við að halda lífrænt alið búfé

Lokaáfangi sláturelds hjá fullorðnum nautgripum, sem eru aldir til kjötframleiðslu, má fara fram innandyra að því tilskildu að þetta innistöðutímabil vari ekki lengur en sem nemur fimmtungi af ævi þeirra og í engum tilvikum lengur en þrjá mánuði.

4. þáttur

Framleiðslureglur í sérstökum undantekningartilvikum sem tengjast hamförum í samræmi við f-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007

47. gr.

Hamfarir

Lögbært yfirvald má heimila tímabundið:

a) ef um er að ræða að mörg dýr hafa drepist vegna kringumstæðna sem rekja má til heilbrigðisvanda eða hamfara: að endurnýja eða byggja upp aftur hjörð eða hóp með ólífrænt öldum dýrum ef lífrænt alin dýr eru ekki fáanleg,

b) ef um er að ræða að margar býflugur hafa drepist vegna kringumstæðna sem rekja má til heilbrigðisvanda eða hamfara: að byggja upp aftur býgarða með ólífrænt ræktuðum býflugum ef lífrænir býgarðar eru ekki fáanlegir,

c) notkun á ólífrænu fóðri í takmarkaðan tíma og í tengslum við sérstakt svæði hjá einstökum rekstraraðilum ef framleiðsla fóðurjurta misferst eða ef takmarkanir eru settar, einkum vegna óvenjulegs tíðarfars, ef smitsjúkdómar brjótast út, mengun verður af völdum eiturefna eða sem afleiðing af eldsvoða,

d) fóðrun býflugna með lífrænu hunangi, lífrænum sykri eða lífrænu sykursýrópi ef um er að ræða kringumstæður, sem rekja má til langvarandi óvenjulegra veðurskilyrða eða hamfara, sem hamla framleiðslu á hunangslegi eða hunangsdögg.

Að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds skulu einstakir rekstraraðilar halda til haga skriflegum sönnunargögnum um notkun á framangreindum undanþágum. Aðildarríki skulu tilkynna hvort öðru og framkvæmdastjórninni um undanþágur sem þau hafa veitt samkvæmt c-lið fyrstu undirgreinar innan eins mánaðar eftir að samþykkið var veitt.

7. KAFLI

Gagnagrunnur yfir fræ

48. gr.

Gagnagrunnur

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að tölvuvæddum gagnagrunni sé komið á fót til að skrá yrki fræja eða útsæðiskartaflna, sem eru framleiddar samkvæmt lífrænu framleiðsluaðferðinni og fást á yfirráðasvæði þess.

2. Annaðhvort lögbært yfirvald aðildarríkis eða yfirvald eða aðili, sem aðildarríki tilnefnir í þessu skyni, hér á eftir nefndur „stjórnandi gagnagrunnsins“ skal hafa umsjón með gagnagrunninum. Aðildarríkjum er einnig heimilt að tilnefna yfirvald eða einkaaðila í öðru landi.

3. Hvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það hvaða yfirvald eða einkaaðila það hefur tilnefnt til að stjórna gagnagrunninum.

49. gr.

Skráning

1. Yrki, sem til eru fyrir fræ eða útsæðiskartöflur sem eru framleiddar samkvæmt lífrænu framleiðsluaðferðinni, skulu skráð í gagnagrunninn, sem um getur í 48. gr., að beiðni birgis.

2. Yrki, sem ekki hefur verið skráð í gagnagrunninn, telst ófáanlegt að því er varðar 5. mgr. 45. gr.

3. Hvert aðildarríki skal ákveða á hvaða tíma árs skuli uppfæra gagnagrunninn reglulega fyrir hverja tegund eða tegundahóp sem er ræktaður á yfirráðasvæði þess. Upplýsingar skulu skráðar í gagnagrunninn með tilliti til þessarar ákvörðunar.

50. gr.

Skilyrði fyrir skráningu

1. Til að fá skráningu skal birgirinn:

a) færa sönnur á að hann eða síðasti rekstraraðili, í þeim tilvikum þegar birgirinn verslar eingöngu með fræ eða útsæðiskartöflur í tilbúnum pakkningum, hafi heyrt undir eftirlitskerfið sem um getur í 27. gr. reglugerðar (EBE) nr. 834/2007,

b) færa sönnur á að fræið eða útsæðiskartöflurnar sem á að setja á markað uppfylli almennu kröfurnar um fræ og útsæðiskartöflur,

c) láta í té allar tilskildar upplýsingar skv. 51. gr. þessarar reglugerðar og skuldbinda sig til að uppfæra þessar upplýsingar að beiðni stjórnanda gagnagrunnsins eða hvenær sem þörf er á slíkri uppfærslu til að tryggja áfram áreiðanlegar upplýsingar.

2. Stjórnanda gagnagrunnsins er heimilt, með samþykki lögbærs yfirvalds aðildarríkis, að hafna umsókn birgis um skráningu eða eyða skráningu sem þegar hefur verið samþykkt ef birgirinn uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr.

51. gr.

Skráðar upplýsingar

1. Gagnagrunnurinn, sem um getur í 48. gr., skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar fyrir hvert skráð yrki og fyrir hvern birgi:

a) vísindaheiti tegundarinnar og yrkisheitið,

b) nafn og samskiptaupplýsingar um birginn eða fulltrúa hans,

c) svæði þar sem birgirinn getur afhent fræ eða útsæðiskartöflur til notanda á venjulegum tíma þegar þörf er á afgreiðslu,

d) land eða svæði þar sem yrkið er prófað og samþykkt vegna sameiginlegu skráarinnar yfir stofna nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegundir eins og skilgreint er í tilskipunum ráðsins 2002/53/EB um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði ([17]) og 2002/55/EB um markaðssetningu grænmetisfræs ([18]),

e) hvenær fræin eða útsæðiskartöflurnar verða fáanlegar,

f) nafn og/eða kenninúmer eftirlitsyfirvaldsins eða eftirlitsaðilans sem annast eftirlit með rekstraraðilanum, eins og um getur í 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

2. Birgirinn skal þegar í stað upplýsa stjórnanda gagnagrunnsins um það ef einhver skráð yrki eru ekki lengur fáanleg. Breytingarnar skulu skráðar í gagnagrunninn.

([17]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.
([18]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

3. Auk upplýsinganna sem tilgreindar eru í 1. mgr. skal gagnagrunnurinn innihalda skrá yfir tegundirnar sem taldar eru upp í X. viðauka.

52. gr.

Aðgangur að upplýsingum

1. Þeir sem nota fræ og útsæðiskartöflur, sem og almenningur, skulu hafa ókeypis aðgang að upplýsingunum í gagnagrunninum, sem um getur í 48. gr., um Netið. Aðildarríkin geta ákveðið að allir notendur sem hafa tilkynnt starfsemi sína í samræmi við a-lið 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 geti fengið, óski þeir þess, útdrátt úr gögnum sem varða einn tegundahóp eða fleiri frá stjórnanda gagnagrunnsins.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir notendur, sem um getur í 1. mgr., fái upplýsingar, a.m.k. einu sinni á ári, um kerfið og hvernig nálgast megi upplýsingarnar úr gagnagrunninum.

53. gr.

Skráningargjald

Heimilt er að krefjast gjalds fyrir hverja skráningu sem samsvarar kostnaði við að setja inn upplýsingar og viðhalda þeim í gagnagrunninum sem um getur í 48. gr. Lögbært yfirvald aðildarríkisins skal samþykkja fjárhæð gjaldsins sem stjórnandi gagnagrunnsins setur upp.

54. gr.

Ársskýrsla

1. Yfirvöld eða aðilar sem tilnefndir eru til að veita leyfi í samræmi við 45. gr. skulu skrá öll leyfi og koma þessum upplýsingum á framfæri í skýrslu til lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu og stjórnanda gagnagrunnsins.

Í skýrslunni skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar fyrir hverja tegund sem leyfi þarf fyrir skv. 5. mgr. 45. gr.:

a) vísindaheiti tegundarinnar og yrkisheitið,

b) rökstuðningur fyrir leyfi sem tilgreindur er með tilvísun í a-, b-, c-, eða d-lið 5. mgr. 45. gr.,

c) heildarfjöldi leyfa,

d) heildarmagn fræs eða útsæðiskartaflna sem um ræðir,

e) efnameðhöndlun með tilliti til plöntuheilbrigðis, eins og um getur í 2. mgr. 45. gr.

2. Að því er varðar leyfi skv. 8. mgr. 45. gr. skal skýrslan hafa að geyma upplýsingarnar sem um getur í a-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar og hversu lengi leyfin voru í gildi.

55. gr.

Yfirlitsskýrsla

Lögbær yfirvöld aðildarríkis skulu fyrir 31. mars ár hvert safna saman skýrslum og senda yfirlitsskýrslu, sem tekur til allra leyfa aðildarríkjanna frá fyrra almanaksári, til framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna. Skýrslan skal taka til upplýsinganna sem tilgreindar eru í 54. gr. Upplýsingarnar skal birta í gagnagrunninum sem um getur í 48. gr. Lögbær yfirvöld geta falið stjórnanda gagnagrunnsins það verkefni að safna saman skýrslunum.

56. gr.

Upplýsingar samkvæmt beiðni

Að beiðni aðildarríkis eða framkvæmdastjórnarinnar skulu hin aðildarríkin eða framkvæmdastjórnin fá aðgang að nánari upplýsingum um leyfi sem veitt eru í einstökum tilvikum.

III. BÁLKUR

MERKING

1. KAFLI

Kennimerki Bandalagsins

57. gr.

Kennimerki Bandalagsins

Í samræmi við 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skal kennimerki Bandalagsins vera í samræmi við fyrirmyndina í XI. viðauka við þessa reglugerð.

Kennimerki Bandalagsins skal nota í samræmi við reglur um tæknilega endurgerð sem mælt er fyrir um í XI. viðauka við þessa reglugerð.

58. gr.

Skilyrði fyrir notkun kenninúmersins og upprunastaður

1. Upplýsingarnar um kenninúmer eftirlitsyfirvaldsins eða eftirlitsaðilans, sem um getur í a-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) 834/2007, skulu:

a) hefjast á upphafsstafaorði, sem auðkennir aðildarríkið eða þriðja landið, eins og um getur í alþjóðlega staðlinum fyrir tveggja stafa landskóða samkvæmt staðlinum ISO 3166 (Codes for the representation of names of countries and their subdivisions),

b) innihalda hugtak sem kemur á tengslum við lífrænu framleiðsluaðferðina eins og um getur í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007,

c) innihalda tilvísunarnúmer sem lögbæra yfirvaldið skal ákveða og d) settar næst fyrir neðan kennimerki Bandalagsins ef kennimerki Bandalagsins er notað í merkingunni.

2. Upplýsingar um staðinn þar sem hráefnin úr landbúnaði, sem vörurnar eru samsett úr, eru unnin, eins og um getur í c-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) 834/2007, skal setja næst fyrir neðan kenninúmerið sem um getur í 1. mgr.

2. KAFLI

Sértækar kröfur varðandi merkingar fóðurs

59. gr.

Gildissvið, notkun vörumerkja og vörulýsing

Þessi kafli gildir ekki um gæludýrafóður, fóður fyrir loðdýr eða fóður handa lagareldisdýrum.

Einungis er heimilt að nota vörumerki og vörulýsingar með merkingum, sem um getur í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, ef a.m.k. 95% af þurrefni vörunnar er fóðurefni úr lífrænni framleiðslu.

60. gr.

Merkingar á unnu fóðri

1. Með fyrirvara um 61. gr. og 2. mgr. 59. gr. þessarar reglugerðar er heimilt að nota hugtökin, sem um getur í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) 834/2007 á unnu fóðri að því tilskildu að:

a) unna fóðrið uppfylli ákvæðin í reglugerð (EB) 834/2007, einkum iv. og v. lið d-liðar í 1. mgr. 14. gr. og 18. gr. reglugerðarinnar,

b) unna fóðrið uppfylli ákvæðin í þessari reglugerð, einkum, 22. og 26. gr.,

c) a.m.k. 95% af þurrefni afurðarinnar sé lífrænt.

2. Með fyrirvara um kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. er eftirfarandi yfirlýsing leyfileg ef um er að ræða vörur sem samanstanda af mismunandi magni fóðurs úr lífrænni framleiðslu og/eða fóðurefnum úr afurðum í aðlögun að lífrænum búskap og/eða ólífrænum efnum:

„heimilt að nota í lífrænni framleiðslu í samræmi við reglugerðir (EB) 834/2007 og (EB) 889/2008“

61. gr.

Skilyrði fyrir notkun merkinga á unnu fóðri

1. Merkingarnar, sem kveðið er á um í 60. gr., skulu vera:

a) aðgreindar frá textanum sem um getur í 5. gr. tilskipunar ráðsins 79/373/EBE ([19]) eða 1. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 96/25/EB ([20]),

b) í lit eða með sniði eða stafagerð sem er ekki meira áberandi en lýsing eða heiti á fóðrinu, sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 79/373/EBE eða b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 96/25/EB, eftir því sem við á,

c) með merkingum innan sama sjónsviðs sem segja til um, miðað við þyngd þurrefnis:

   i. hlutfall fóðurefna úr lífrænni framleiðslu,

   ii. hlutfall fóðurefna úr afurðum í aðlögun að lífrænum búskap,

   iii. hlutfall fóðurefna sem falla ekki undir i. og ii. lið,

   iv. heildarhlutfall fóðurs úr landbúnaði,

d) með skrá yfir heiti fóðurefna úr lífrænni framleiðslu,

e) með skrá yfir heiti fóðurefna úr afurðum í aðlögun að lífrænni framleiðslu.

2. Merkingunum, sem kveðið er á um í 60. gr. má einnig fylgja tilvísun til þeirrar kröfu að nota skuli fóðrið í samræmi við 21. og 22. gr.

3. KAFLI

Aðrar sértækar kröfur varðandi merkingu

62. gr.

Afurðir úr jurtaríkinu í aðlögun

Afurðir úr jurtaríkinu í aðlögun mega hafa merkinguna „framleitt á aðlögunartímabili þar sem horfið er til lífrænna búskaparhátta“ að því tilskildu að:

a) a.m.k. 12 mánaða aðlögunartími hafi verið virtur fyrir uppskeru,

([19]) Stjtíð. EB L 86, 6.4.1979, bls.30.
([20]) Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 35.

b) merkingin sé birt með lit, leturstærð og leturgerð sem eru ekki meira áberandi en vörulýsing afurðarinnar og skal öll merkingin vera með sömu leturstærð,

c) í afurðinni sé aðeins innihaldsefni úr einni nytjaplöntu úr landbúnaði,

d) merkingin tengist kenninúmeri eftirlitsaðilans eða eftirlitsyfirvaldsins sem um getur í 10. mgr. 27. gr. reglugerðar 834/2007.

IV. BÁLKUR

EFTIRLIT

1. KAFLI

Lágmarkskröfur um eftirlit

63. gr.

Fyrirkomulag eftirlits og skuldbindingar rekstraraðilans

1. Þegar fyrirkomulag eftirlits er reynt í fyrsta sinn skal rekstraraðilinn taka saman og viðhalda:

a) nákvæmri lýsingu á einingunni og/eða athafnasvæðinu og/eða starfseminni,

b) öllum hagnýtum ráðstöfunum sem gera skal innan einingarinnar og/eða athafnasvæðisins og/eða starfseminnar til að tryggja að farið sé að reglum um lífræna framleiðslu,

c) varúðarráðstöfunum sem gera skal til að draga úr hættu á mengun af völdum óleyfilegra afurða eða efna ásamt þeim hreinsunaraðgerðum sem grípa skal til á geymslustöðum og í öllu framleiðsluferli rekstraraðilans.

Eftir því sem við á geta lýsingin og ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, verið hluti af gæðakerfi sem rekstraraðili kemur á fót.

2. Lýsingin og ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu koma fram í yfirlýsingu sem rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð, undirritar. Einnig skal yfirlýsingin innihalda skuldbindingu rekstraraðilans þess efnis að:

a) hann hagi aðgerðum þannig að þær séu í samræmi við reglur um lífræna framleiðslu,

b) hann samþykki að ef brot er framið eða ef um vanrækslu er að ræða skuli ráðstöfunum samkvæmt reglum um lífræna framleiðslu framfylgt,

c) hann samþykki að gera kaupendum afurðarinnar viðvart skriflega í því skyni að tryggja að merkingar, sem vísa til lífrænnar framleiðsluaðferðar, séu fjarlægðar af þessari framleiðslu.

Yfirlýsingin, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, skal staðfest af eftirlitsaðilanum eða -yfirvaldinu sem gefur út skýrslu þar sem bent er á hugsanlega annmarka og ósamræmi við reglur um lífræna framleiðslu. Rekstraraðilinn skal meðárita skýrsluna og gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta.

3. Við beitingu 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skal rekstraraðilinn veita lögbæru yfirvaldi upplýsingar um eftirfarandi:

a) nafn og heimilisfangi rekstraraðila,

b) staðsetningu athafnasvæðis og, eftir því sem við á, landspildna (gögn úr þinglýsingarbók) þar sem starfsemin fer fram,

c) tegund starfsemi og afurða,

d) skuldbindingu rekstraraðilans um að starfsemin fari fram í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og í þessari reglugerð,

e) ef um er að ræða bújörð: dagsetningu þegar framleiðandi hætti að nota vörur sem ekki eru heimilaðar fyrir lífræna framleiðslu á viðkomandi landspildum,

f) nafn samþykkta aðilans, sem rekstraraðilinn fól að hafa eftirlit með starfsemi sinni, ef aðildarríkið hefur komið á eftirlitskerfi með því að samþykkja slíka aðila.

64. gr.

Breytingar á fyrirkomulagi eftirlits

Rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð, skal tilkynna eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila í tæka tíð um allar breytingar á lýsingunni eða ráðstöfununum, sem um getur í 63. gr., og um upphaflega eftirlitsfyrirkomulagið sem sett er fram í 70., 74., 80., 82., 86. og 88. gr.

65. gr.

Eftirlitsheimsóknir

1. Eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn skal framkvæma eftirlit með öllum rekstraraðilum a.m.k. einu sinni á ári.

2. Eftirlitsyfirvaldinu eða eftirlitsaðilanum er heimilt að taka og prófa sýni úr vörum sem ekki eru leyfðar til lífrænnar framleiðslu eða til að athuga hvort framleiðslutækni samræmist reglum um lífræna framleiðslu. Einnig er heimilt að taka sýni og greina þau með tilliti til hugsanlegrar mengunar af völdum vara sem ekki eru leyfðar til lífrænnar framleiðslu. Samt sem áður skal framkvæma slíka greiningu þar sem grunur leikur á um notkun á vörum sem ekki eru leyfðar til lífrænnar framleiðslu.

3. Að hverri heimsókn lokinni skal semja eftirlitsskýrslu sem rekstraraðili einingarinnar eða fulltrúi hans meðáritar.

4. Enn fremur skal eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn fara í eftirlitsheimsóknir af handahófi, sem ekki er tilkynnt um fyrirfram, sem skulu byggðar á almennu mati á áhættu á því að reglum um lífræna framleiðslu sé ekki fylgt þar sem a.m.k. er tekið tillit til niðurstaðna fyrra eftirlits, magns þeirra vara sem um ræðir og hættunnar á afurðaskiptum.

66. gr.

Skriflegt bókhald

1. Geyma skal birgða- og fjárhagsbókhald í einingunni eða á athafnasvæðinu sem gerir rekstraraðila kleift að þekkja og eftirlitsyfirvaldinu eða eftirlitsaðilanum kleift að sannprófa:

a) birgi og, þegar það er annar aðili, seljanda eða útflytjanda varanna,

b) eðli og magn lífrænna vara sem sendar hafa verið til einingarinnar og, þar sem við á, allt efni sem keypt hefur verið og notkun þess og, þar sem við á, samsetningu fóðurblandnanna,

c) eðli og magn lífrænna vara sem hafðar eru í geymslu á athafnasvæðinu,

d) eðli, magn og viðtakendur og, þegar það eru aðrir aðilar, kaupendur, aðra en lokaneytendur, vara sem sendar hafa verið frá einingunni eða athafnasvæðum eða geymsluaðstöðu fyrsta viðtakanda,

e) þegar um er að ræða rekstraraðila sem ekki geyma eða meðhöndla slíkar afurðir: eðli og magn lífrænna vara, sem keyptar hafa verið og seldar, og birgja, og, þegar það eru aðrir aðilar, seljendur eða útflytjendur og kaupendur og, þegar það eru aðrir aðilar, viðtakendur.

2. Skriflega bókhaldið skal einnig hafa að geyma niðurstöður sannprófunar við móttöku lífrænna vara og hvers kyns aðrar upplýsingar sem eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið krefst til þess að viðeigandi eftirlit geti farið fram. Upplýsingarnar í bókhaldinu skulu studdar viðeigandi gögnum. Bókhaldið skal sýna hvert jafnvægið er á milli aðfanga og framleiðslu.

3. Starfræki rekstraraðili fleiri en eina framleiðslueiningu á sama svæði verða einingarnar fyrir lífrænar vörur, ásamt geymslustöðum fyrir aðföng, einnig að falla undir lágmarkskröfur um eftirlit.

67. gr.

Aðgangur að aðstöðu

1. Rekstraraðilinn skal:

a) veita eftirlitsyfirvaldinu eða eftirlitsaðilanum, í þeim tilgangi að stunda eftirlit, aðgang að öllum hlutum einingarinnar og öllum athafnasvæðum og að bókhaldi og fylgiskjölum sem máli skipta,

b) veita eftirlitsyfirvaldinu eða eftirlitsaðilanum allar þær upplýsingar sem telja má nauðsynlegar vegna eftirlitsins,

c) afhenda, þegar eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn óskar eftir því, niðurstöður eigin gæðatryggingaáætlana.

2. Til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. skulu innflytjendur og fyrstu viðtakendur afhenda þær upplýsingar um innfluttar vörusendingar sem um getur í 84. gr.

68. gr.

Skrifleg sönnunargögn

Að því er varðar beitingu 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skulu eftirlitsyfirvöldin og eftirlitsaðilarnir nota fyrirmyndina fyrir skriflegu sönnunargögnin sem sett er fram í XII. viðauka við þessa reglugerð.

69. gr.

Yfirlýsing seljanda

Að því er varðar beitingu 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má yfirlýsing seljanda um að afgreiddar vörur hafi ekki verið framleiddar með erfðabreyttum lífverum fylgja fyrirmyndinni sem sett er fram í XIII. viðauka við þessa reglugerð.

2. KAFLI

Sértækar kröfur um eftirlit með plöntum og plöntuafurðum úr landbúnaðarframleiðslu eða söfnun

70. gr.

Fyrirkomulag eftirlits

1. Nákvæma lýsingin á einingunni sem um getur í a-lið 1. mgr. 63. gr. skal:

a) samin jafnvel þó að starfsemi á vegum framleiðanda sé takmörkuð við söfnun villtra plantna,

b) sýna geymslu- og framleiðslustaði, landspildur og/eða söfnunarsvæði og, eftir atvikum, staði þar sem tiltekin vinnsla og/eða pökkun fer fram, og

c) hvaða dag afurðir, sem ekki er heimilt að nota samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr., voru síðast notaðar á viðkomandi landspildum og/eða söfnunarsvæðum.

2. Þegar um er að ræða söfnun villtra plantna skulu tilgreindar í þeim hagnýtu ráðstöfunum, sem um getur í b-lið 1. mgr. 63. gr, ábyrgðir þriðju aðila sem rekstraraðilinn getur veitt til að tryggja að ákvæðum 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 sé fullnægt.

71. gr.

Samskipti

Á hverju ári, fyrir þann dag sem eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn tilgreinir, skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsyfirvaldinu eða eftirlitsaðilanum um framleiðsluáætlun sína um ræktunarafurðir þar sem fram kemur sundurliðun eftir landspildum.

72. gr.

Framleiðsluskýrslur vegna plantna

Framleiðsluskýrslur vegna plantna skal taka saman í skrá sem eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar geta gengið að hvenær sem er á bújörðinni. Til viðbótar við 71. gr. skulu slíkar skýrslur veita a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) að því er varðar notkun áburðar: dagsetning notkunar, gerð og magn áburðar, viðkomandi landspildur,

b) að því er varðar notkun plöntuvarnarefnis: ástæða og dagsetning notkunar, tegund vöru, aðferð við meðhöndlun,

c) að því er varðar kaup á aðföngum til bújarða: dagsetning, tegund og magn vörunnar sem keypt var,

d) að því er varðar uppskeru: dagsetning, gerð og magn ræktaðra nytjaplantna, lífrænna eða sem eru í aðlögun.

73. gr.

Nokkrar framleiðslueiningar reknar af sama rekstraraðila

Starfræki rekstraraðili nokkrar framleiðslueiningar á sama svæði skulu einingar, þar sem framleiddar eru ólífrænar plöntur, ásamt geymslustöðum fyrir aðföng til landbúnaðar einnig falla undir almennu og sértæku eftirlitskröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. kafla og þessum kafla þessa bálks.

3. KAFLI

Kröfur um eftirlit með búfé og búfjárafurðir úr búfjárrækt

74. gr.

Fyrirkomulag eftirlits

1. Þegar eftirlitskerfið, sem gildir sérstaklega um framleiðslu búfjárafurða, er reynt í fyrsta sinn skal nákvæma lýsingin á einingunni sem um getur í a-lið 1. mgr. 63. gr. ná yfir:

a) nákvæma lýsingu á gripahúsum, bithögum, útisvæðum o.s.frv. og, eftir atvikum, aðstöðu vegna geymslu, pökkunar og vinnslu að því er varðar búfé, búfjárafurðir, hráefni og aðföng,

b) nákvæma lýsingu á aðstöðunni þar sem húsdýraáburðurinn er geymdur.

2. Hagnýtu ráðstafanirnar, sem um getur í b-lið 1. mgr. 63. gr. skulu ná yfir:

a) áætlun um dreifingu húsdýraáburðar, sem eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald hefur samþykkt, ásamt nákvæmri lýsingu á þeim svæðum sem eru lögð undir ræktun nytjaplantna,

b) eftir atvikum, að því er varðar dreifingu húsdýraáburðar: skriflega samninga við aðrar bújarðir, eins og um getur í 3. mgr. 3. gr., sem fara að ákvæðum í reglunum um lífræna framleiðslu,

c) stjórnunaráætlun fyrir einingunа þar sem lífræn framleiðsla búfjár er stunduð.

75. gr.

Auðkenning búfjár

Skylt er að auðkenna búfé á varanlegan hátt með tækni sem sniðin er að hverri tegund, hvert dýr fyrir sig ef um stór spendýr er að ræða og hvert dýr eða hvern hóp ef um alifugla eða smærri spendýr er að ræða.

76. gr.

Búfjárskýrslur

Búfjárskýrslur skal taka saman í skrá sem eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar getur gengið að hvenær sem er á bújörðinni. Þessar skýrslur skulu veita nákvæma lýsingu á meðferð bústofnsins og innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) að því er varðar komu dýra á bújörðina: uppruni og komudagur, aðlögunartími, auðkennismerki og forsaga um meðhöndlun dýralæknis,

b) að því er varðar brottflutning búfjár af bújörðinni: aldur, fjöldi dýra, þyngd ef um sláturdýr er að ræða, auðkennismerki og ákvörðunarstaður,

c) hvers kyns vanhöld á dýrum og ástæður þeirra,

d) að því er varðar fóður: gerð, þ.m.t. fóðurbótaefni, hlutfall mismunandi innihaldsefna í skömmtum og tímabil þegar dýrin hafa aðgang að gerðum og tímabil farbeitarbúskapar ef takmarkanir gilda,

e) að því er varðar forvarnarstarf gagnvart sjúkdómum og meðhöndlun og umönnun dýralæknis: dagsetning meðhöndlunar, nákvæmar upplýsingar um sjúkdómsgreininguna, skammtastærðir, tegund efnis sem er notað við meðhöndlun, ábendingar um lyfjafræðilega virku efnin sem um ræðir, aðferð við meðhöndlun og lyfseðlar frá dýralækni er varða meðhöndlunina ásamt rökstuðningi og tilskilinn biðtími til afurðanýtingar áður en setja má búfjárafurðirnar á markað, merktar sem lífrænt ræktaðar.

77. gr.

Ráðstafanir vegna eftirlits með dýralyfjum fyrir búfé

Þegar dýralyf eru notuð skal upplýsingunum samkvæmt e-lið 76. gr. komið á framfæri við eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilann áður en búféð eða búfjárafurðirnar eru settar á markað sem lífrænt framleiddar. Skylt er að auðkenna greinilega það búfé, sem fær meðhöndlun, hvert dýr fyrir sig ef um stór dýr er að ræða eða hvert dýr, hvern hóp eða hvert býflugnabú ef um alifugla, smærri dýr og býflugur er að ræða.

78. gr.

Sértækar eftirlitsráðstafanir varðandi býrækt

1. Býflugnaræktandinn skal leggja fram hjá eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila uppdrátt í heppilegum mælikvarða sem sýnir staðsetningu býflugnabúanna. Ef engin svæði eru tilgreind í samræmi við 2. mgr. 13. gr. skal býflugnaræktandinn leggja viðeigandi skjöl og sönnunargögn fyrir eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilann, þ.m.t. viðunandi greiningar ef nauðsyn krefur, sem sýna að þau svæði, sem sambú hans hafa aðgang að, uppfylli þau skilyrði sem krafist er í þessari reglugerð.

2. Eftirfarandi upplýsingar um notkun á fóðri skal færa í skrá býgarðsins: vörutegund, dagsetningar, magn og hvaða býflugnabú nutu fóðrunar.

3. Þegar nota á dýralyf er skylt að skrá tegund lyfsins greinilega, þ.m.t. ábendingar um lyfjafræðilega virka efnið, ásamt nákvæmum upplýsingum um sjúkdómsgreininguna, stærð skammta, aðferð við lyfjagjöf, lengd meðhöndlunar og lögbundinn biðtíma til afurðanýtingar og tilkynna það eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila áður en afurðirnar eru settar á markað sem lífræn framleiðsla.

4. Skrá skal svæðið þar sem býgarðurinn er ásamt auðkenni býgarðanna. Tilkynna skal eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila um flutning á býgörðum innan frests sem samið er um við eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðila.

5. Sérstaklega skal tryggja að hunangstekja, vinnsla og geymsla býræktarafurðanna fari fram á fullnægjandi hátt. Skylt er að skrá allar ráðstafanir sem eru gerðar í því skyni að uppfylla þessa kröfu.

6. Skylt er að færa í skrá býgarðsins hvenær safnkistur (e. *honey super*) eru fjarlægðar úr búunum og hvenær hunangstekja fer fram.

79. gr.

Nokkrar framleiðslueiningar reknar af sama rekstraraðila

Starfræki rekstraraðili fleiri en eina framleiðslueiningu, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 17. gr., 40. gr. og 41. gr., skulu þær einingar, sem framleiða ólífrænt alið búfé eða ólífrænar búfjárafurðir, einnig falla undir eftirlitskerfið sem mælt er fyrir um í 1. kafla og þessum kafla í þessum bálki.

4. KAFLI

Kröfur um eftirlit með einingum þar sem vinnsla plöntu- og búfjárafurða og matvæla úr plöntu- og búfjárafurðum fer fram

80. gr.

Fyrirkomulag eftirlits

Þegar um er að ræða einingu þar sem vinnsla afurða fer fram fyrir eigin reikning eða vegna þriðja aðila, þ.m.t. m.a. einingar þar sem slíkum afurðum er pakkað og/eða endurpakkað eða einingar þar sem slíkar afurðir eru merktar og/eða endurmerktar, skal í nákvæmu lýsingunni á einingunni, sem um getur í a-lið 1. mgr. 63. gr., greina frá aðstöðunni sem notuð er til móttöku, vinnslu, pökkunar, merkingar og geymslu landbúnaðarafurða, bæði fyrir og eftir þá vinnslu sem þeim tengist, ásamt tilhögun flutninga á afurðunum.

5. KAFLI

Kröfur um eftirlit með innflutningi á plöntum, plöntuafurðum, búfé, búfjárafurðum og matvælum úr plöntu- og/eða búfjárafurðum, fóðri, fóðurblöndum og fóðurefnum frá þriðju löndum

81. gr.

Gildissvið

Þessi kafli gildir um alla rekstraraðila sem stunda innflutning, sem innflytjendur og/eða fyrstu viðtakendur, og/eða taka við lífrænum vörum fyrir eigin reikning eða vegna annars rekstraraðila.

82. gr.

Fyrirkomulag eftirlits

1. Þegar um er að ræða innflytjandann skal nákvæma lýsingin á einingunni, sem um getur í a-lið 1. mgr. 63. gr., ná yfir athafnasvæði innflytjandans og innflutningsstarfsemi hans og tilgreina skal komustaði varanna inn í Bandalagið og alla aðra aðstöðu sem innflytjandinn hyggst nota til að geyma innfluttu vörurnar uns þær eru afhentar fyrsta viðtakanda.

Það að auki skal yfirlýsingin, sem um getur í 2. mgr. 63. gr., fela í sér skuldbindingu innflytjandans um að tryggja að öll aðstaða, sem innflytjandinn mun nota til geymslu á vörum, sé háð eftirliti sem eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald framkvæmir eða, ef geymsluaðstaðan er staðsett í öðru aðildarríki eða á öðru svæði, samþykktur eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald í viðkomandi aðildarríki eða svæði.

2. Þegar um er að ræða fyrsta viðtakanda skal í nákvæmu lýsingunni á einingunni, sem um getur í a-lið 1. mgr. 63. gr., greina frá aðstöðunni sem notuð er til móttöku og geymslu.

3. Þegar innflytjandi og fyrsti viðtakandi eru sami lögaðilinn og starfa innan sömu einingarinnar er leyfilegt að steypa skýrslunum, sem um getur í öðrum undirlið 2. mgr. 63. gr., saman í eina skýrslu.

83. gr.

Skriflegt bókhald

Innflytjandinn og fyrsti viðtakandi skulu halda aðskilið birgða- og fjárhagsbókhald nema þegar þeir starfa innan sömu einingarinnar.

Fari eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili þess á leit skal veita allar upplýsingar um fyrirkomulag flutninga frá útflytjanda í þriðja landi til fyrsta viðtakanda og frá athafnasvæði eða geymsluaðstöðu fyrsta viðtakanda til viðtakenda innan Bandalagsins.

84. gr.

Upplýsingar um innfluttar vörusendingar

Innflytjandinn skal tilkynna eftirlitsaðilanum eða eftirlitsyfirvaldinu í tæka tíð um hverja vörusendingu sem flytja á inn í Bandalagið og veita eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn og heimilisfang fyrsta viðtakanda,

b) allar upplýsingar sem eðlilegt má telja að eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið geti farið fram á,

   i. þegar um er að ræða vörur, sem eru fluttar inn í samræmi við 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007: skriflegu sönnunargögnin sem um getur í þeirri grein,

   ii. þegar um er að ræða vörur, sem eru fluttar inn í samræmi við 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007: afrit af skoðunarvottorðinu sem um getur í þeirri grein.

Fari eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald þess á leit við innflytjanda skal hann senda upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu málsgrein, til eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalds fyrsta viðtakanda.

85. gr.

Eftirlitsheimsóknir

Eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn skal athuga skriflega bókhaldið sem um getur í 83. gr. þessarar reglugerðar og vottorðið sem um getur í d-lið 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 eða skriflegu sönnunargögnin sem um getur í c-lið 1. mgr. 32. gr. síðari reglugerðarinnar.

Fari innflutningsstarfsemin fram innan mismunandi eininga eða á mismunandi athafnasvæðum skal innflytjandinn, sé þess óskað, láta skýrslurnar, sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 63. gr. þessarar reglugerðar, í té fyrir hverja aðstöðu fyrir sig.

6. KAFLI

Kröfur um eftirlit með einingum þar sem fengist er við framleiðslu, vinnslu eða innflutning lífrænna vara og sem gert hafa verktakasamninga við þriðju aðila um hluta af starfseminni eða alla starfsemina sem um er að ræða

86. gr.

Fyrirkomulag eftirlits

Að því er varðar starfsemi sem verktakasamningur við þriðju aðila er gerður um skal nákvæma lýsingin á einingunni, sem um getur í a-lið 1. mgr. 63. gr., ná yfir:

a) skrá yfir undirverktaka með lýsingu á starfsemi þeirra ásamt upplýsingum um eftirlitsaðilana eða yfirvöldin sem þeir heyra undir,

b) skriflegt samkomulag undirverktakanna um að bújörð þeirra muni falla undir eftirlitsfyrirkomulagið í V. bálki reglugerðar (EB) nr. 834/2007,

c) allar þær hagnýtu ráðstafanir, þ.m.t. er m.a. viðeigandi kerfi skriflegs bókhalds, sem gera skal innan einingarinnar til að tryggja að hægt sé að rekja vörur, sem rekstraraðili setur á markað, til birgja, seljenda, viðtakenda og kaupenda eins og við á.

7. KAFLI

Kröfur um eftirlit með einingum sem framleiða fóður

87. gr.

Gildissvið

Þessi kafli gildir um allar einingar þar sem fengist er við vinnslu á afurðum, sem um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, fyrir eigin reikning eða vegna þriðja aðila.

88. gr.

Fyrirkomulag eftirlits

1. Í nákvæmu lýsingunni á einingunni, sem um getur í a-lið 1. mgr. 63. gr., skal tilgreina:

a) aðstöðu fyrir viðtöku, vinnslu og geymslu á vörum, sem eru ætlaðar til dýrafóðurs, fyrir og eftir vinnslu þeirra,

b) aðstöðu fyrir geymslu á öðrum vörum sem notaðar eru við tilreiðslu á fóðri,

c) aðstöðu fyrir geymslu á vörum til hreinsunar og sótthreinsunar,

d) ef nauðsyn krefur, lýsingu á fóðurblöndunni sem rekstraraðilinn hyggst framleiða, í samræmi við a-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 79/373/EBE, og tegundir eða flokk búfjár, sem fóðurblandan er ætluð,

e) ef nauðsyn krefur, heiti fóðurefna sem rekstraraðilinn hyggst tilreiða.

2. Ráðstafanirnar sem rekstraraðilar skulu grípa til, eins og um getur í b-lið 1. mgr. 63. gr., til að tryggja samræmi við reglur um lífræna framleiðslu skulu fela í sér ráðstafanirnar sem um getur í 26. gr.

3. Eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn skal nota þessar ráðstafanir til að vinna almennt mat á þeirri áhættu sem fylgir hverri tilreiðslueiningu og til að semja eftirlitsáætlun. Í þessari eftirlitsáætlun skal kveða á um lágmarksfjölda slembisýna með hliðsjón af hugsanlegri áhættu.

89. gr.

Skriflegt bókhald

Til að hægt sé að hafa eðlilegt eftirlit með starfseminni skal skriflega bókhaldið, sem um getur í 66. gr., taka til upplýsinga um uppruna, eðli og magn fóðurefna, aukefna, sölu og fullunninna vara.

90. gr.

Eftirlitsheimsóknir

Eftirlitsheimsóknin, sem um getur í 65. gr., skal fela í sér fullkomið eftirlit á öllum athafnasvæðum. Enn fremur skal eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn fara í markvissar heimsóknir á grundvelli almenns mats á hugsanlegri áhættu á því að ekki sé farið að reglum um lífræna framleiðslu.

Eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið skal huga sérstaklega að þýðingarmiklum eftirlitsþáttum, sem því er bent á, með það í huga að ganga úr skugga um hvort vöktun og eftirlit séu framkvæmd með réttum hætti.

Heimilt er að skoða allt athafnasvæðið, sem rekstraraðilinn notar við starfsemi sína, eins oft og áhættan sem því fylgir gefur tilefni til.

8. KAFLI

Brot og upplýsingaskipti

91. gr.

Ráðstafanir vegna gruns um brot og frávik

1. Ef rekstraraðili telur eða grunar að vara, sem hann hefur framleitt, tilreitt, flutt inn eða fengið afhenta frá öðrum rekstraraðila, sé ekki í samræmi við reglur um lífræna framleiðslu skal hann gera ráðstafanir, annaðhvort til að fjarlægja af vörunni allar tilvísanir í framleiðslu með lífrænum aðferðum eða til að aðskilja og auðkenna vöruna. Honum er einungis heimilt að koma vörunni í vinnslu, pökkun eða á markað eftir að þessari óvissu hefur verið eytt nema að varan sé sett á markað án merkinga sem vísa til lífrænnar framleiðsluaðferðar. Þegar um slíka óvissu er að ræða skal rekstaraðilinn tafarlaust gera eftirlitsaðila eða yfirvaldi viðvart. Eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn getur lagt bann við því að afurðin sé sett á markað með merkingum sem vísa til lífrænu framleiðsluaðferðarinnar þangað til hann er þess fullviss, á grundvelli upplýsinga sem hann hefur fengið frá rekstraraðilanum eða eftir öðrum leiðum, að óvissunni hafi verið eytt.

2. Ef eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili hefur rökstuddan grun um að rekstraraðili hyggist setja á markað vöru sem ekki er í samræmi við reglur um lífræna framleiðslu en ber tilvísun til lífrænnar framleiðsluaðferðar getur eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn til bráðabirgða bannað rekstraraðilanum að

markaðssetja vöruna með þessari tilvísun í tiltekinn tíma sem eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn ákveður. Áður en slík ákvörðun er tekin skal eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn heimila rekstraraðilanum að gera athugasemd. Ef eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn er þess fullviss að varan sé ekki í samræmi við kröfur um lífræna framleiðslu skal auk þess krafist að allar tilvísanir í að varan sé framleidd með lífrænni aðferð séu fjarlægðar af henni.

Ef grunurinn er ekki staðfestur innan fyrrnefnds frests skal hins vegar fella niður ákvörðunina, sem um getur í fyrsta undirlið, eigi síðar en þegar fresturinn rennur út. Rekstraraðilinn skal aðstoða eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald á allan hátt við að komast til botns í málinu.

3. Aðildarríkin skulu grípa til hverra þeirra ráðstafana og viðurlaga sem nauðsynleg eru til að koma í veg fyrir sviksamlega notkun þeirra merkinga sem um getur í IV. bálki reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og III. bálki og/eða XI. viðauka við þessa reglugerð.

92. gr.

Upplýsingaskipti

1. Þegar rekstraraðili og undirverktakar hans sæta eftirliti mismunandi eftirlitsyfirvalda eða eftirlitsaðila skal yfirlýsingin, sem um getur í 2. mgr. 63. gr., fela í sér samþykki rekstraraðilans fyrir sína hönd og undirverktaka sinna fyrir því að mismunandi eftirlitsaðilum eða eftirlitsyfirvöldum sé heimilt að skiptast á upplýsingum um starfsemina, sem þeir hafa eftirlit með, og um það hvernig þessi upplýsingaskipti skulu fara fram.

2. Verði aðildarríki vart við brot á reglum eða frávik í tengslum við beitingu þessarar reglugerðar að því er varðar vöru sem kemur frá öðru aðildarríki og er með merkingar eins og um getur í IV. bálki reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og III. bálki og/eða XI. viðauka við þessa reglugerð, skal það tilkynna aðildarríkinu, sem tilnefndi eftirlitsaðilann eða eftirlitsyfirvaldið, og framkvæmdastjórninni þar um.

V. BÁLKUR

SENDING UPPLÝSINGA TIL FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR, UMBREYTINGARÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

1. KAFLI

Sending upplýsinga til framkvæmdastjórnarinnar

93. gr.

Tölfræðilegar upplýsingar

1. Aðildarríkin skulu, fyrir 1. júlí ár hvert, senda framkvæmdastjórninni árlegar tölfræðilegar upplýsingar um lífræna framleiðslu, sem um getur í 36. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, með því að nota tölvukerfi, sem gerir það kleift að skiptast rafrænt á skjölum og upplýsingum, sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) leggur til.

2. Tölfræðilegu upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu einkum innihalda gögn um eftirfarandi:

a) fjölda lífrænna framleiðanda, vinnsluaðila, innflytjenda og útflytjenda,

b) lífræna ræktun nytjaplantna og uppskerusvæði sem verið er að aðlaga og sem eru notuð fyrir lífræna framleiðslu,

c) fjölda búfjár sem alið er á lífrænan hátt og magn lífrænna dýraafurða,

d) gögn um lífræna iðnaðarframleiðslu eftir tegund starfsemi.

3. Þegar senda á tölfræðilegu upplýsingarnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu aðildarríkin nota miðlæga gagnagrunninn (e. *Single Entry point*) sem framkvæmdastjórnin leggur til (Hagstofa Evrópubandalaganna).

4. Skilgreina skal ákvæði varðandi eiginleika tölfræðilegu gagnanna og lýsigagnanna í tengslum við hagskýrsluáætlun Bandalagsins á grundvelli fyrirmyndanna eða spurningalistanna sem eru gerðir aðgengilegir í gegnum kerfið sem um getur í 1. mgr.

94. gr.

Aðrar upplýsingar

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar með því að nota tölvukerfið, sem gerir það kleift að skiptast rafrænt á skjölum og upplýsingum, sem framkvæmdastjórnin (stjórnarsvið landbúnaðarmála og dreifbýlisþróunar) leggur til fyrir upplýsingar aðrar en tölfræðilegar upplýsingar:

a) upplýsingarnar sem um getur í a-lið 35 gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 fyrir 1. janúar 2009 og eftir það við hverja breytingu á þeim upplýsingum,

b) upplýsingarnar sem um getur í b-lið 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 fyrir 31. mars á hverju ári að því er varðar eftirlitsyfirvöld og -aðila sem samþykkt voru 31. desember á næstliðnu ári,

c) allar aðrar upplýsingar, sem krafist er eða sem eru nauðsynlegar í samræmi við þessa reglugerð, fyrir 1. júlí á hverju ári.

2. Lögbært yfirvald eða aðilinn, sem hefur verið falið það hlutverk, skal miðla þessum gögnum, skrá þau og uppfæra í kerfið, sem um getur í 1. mgr., á ábyrgð lögbæra yfirvaldsins eins og um getur í 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

3. Skilgreina skal ákvæði varðandi eiginleika gagna og lýsigagna á grundvelli fyrirmyndanna eða spurningalistanna sem eru gerðir aðgengilegir í gegnum kerfið sem um getur í 1. mgr.

2. KAFLI

Umbreytingarákvæði og lokaákvæði

95. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Á umbreytingartímabili, sem rennur út 31. desember 2010 er heimilt að tjóðra nautgripi í byggingum, sem þegar höfðu verið reistar fyrir 24. ágúst 2000, að því tilskildu að dýrunum sé séð fyrir reglulegri hreyfingu og að eldið fari fram í samræmi við kröfur um velferð dýra, á svæðum sé þægilegur undirburður og hirt sé um hvert og eitt dýr og að því tilskildu að lögbæra yfirvaldið hafi heimilað þessa ráðstöfun. Lögbæra yfirvaldið má heimila að þessari ráðstöfun verði beitt áfram í takmarkaðan tíma, sem lýkur fyrir 31. desember 2013, að beiðni einstaka rekstraraðila, samkvæmt þeim viðbótarskilyrðum að eftirlitsheimsóknirnar, sem um getur í 1. mgr. 65. gr., séu framkvæmdar a.m.k. tvisvar á ári.

2. Lögbæra yfirvaldið má heimila, á umbreytingartímabili sem rennur út 31. desember 2010, undantekningar varðandi aðbúnað og þéttleika dýra, sem gildir um búfjárhús þar sem búfjárframleiðsla er stunduð, á grundvelli undanþágunnar sem kveðið er á um í lið 8.5.1 í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91. Þeir rekstraraðilar sem njóta góðs af þessari framlengingu skulu leggja áætlun fyrir eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilann sem inniheldur lýsingu á þeirri tilhögun sem ætlað er að tryggja að farið verði að ákvæðum reglnanna um lífræna framleiðslu í lok umbreytingartímabilsins. Lögbæra yfirvaldið má heimila að þessari ráðstöfun verði beitt áfram í takmarkaðan tíma, sem lýkur fyrir 31. desember 2013, að beiðni einstaka rekstraraðila, samkvæmt þeim viðbótar-skilyrðum að eftirlitsheimsóknirnar, sem um getur í 1. mgr. 65. gr., séu framkvæmdar a.m.k. tvisvar á ári.

3. Á umbreytingartímabili, sem rennur út 31. desember 2010, má lokaáfangi sláturreldis hjá sauðfé og svínum, eins og mælt er fyrir um samkvæmt lið 8.3.4 í I. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 2092/91, fara fram innandyra með því skilyrði að eftirlitsheimsóknirnar, sem um getur í 1. mgr. 65. gr., séu framkvæmdar a.m.k. tvisvar á ári.

4. Heimilt er að vana smágrísi án deyfingar og/eða verkjastillingar á meðan umbreytingartímabilið, sem rennur út 31. desember 2011, stendur yfir.

5. Meðan þess er beðið að nákvæmar reglur um vinnslu gæludýrafóðurs verði teknar upp skulu landsreglur gilda eða, ef þeim er ekki fyrir að fara, einkastaðlar sem aðildarríkin hafa samþykkt eða viðurkennt.

6. Að því er varðar j-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og á meðan beðið er skráningar á tilteknum efnum samkvæmt f-lið 16. gr. þeirrar reglugerðar er aðeins heimilt að nota efni sem lögbær yfirvöld heimila.

7. Leyfi fyrir ólífrænum innihaldsefnum úr landbúnaði sem aðildarríkin veita samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 207/93 mega teljast veitt samkvæmt þessari reglugerð. Hins vegar skulu leyfi, sem veitt voru í samræmi við 6. mgr. 3. gr. fyrri reglugerðar, renna út 31. desember 2009.

8. Á umbreytingartímabili, sem rennur út 1. júlí 2010, er rekstraraðilum heimilt að nota ákvæðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 2092/91, fyrir merkinguna að því er varðar:

i. kerfið sem notað er til að reikna út hlutfall lífrænna innihaldsefna í matvælum,

ii. kenninúmerið og/eða nafn eftirlitsaðilans eða eftirlitsyfirvaldsins.

9. Birgðir af vörum, sem eru framleiddar, pakkaðar og merktar fyrir 1. janúar 2009 í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 má áfram setja á markað með hugtökum sem vísa til lífrænnar framleiðslu þar til birgðir eru uppurnar.

10. Heimilt er, í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2092/91, að halda áfram að nota umbúðaefni fyrir vörur, sem eru settar á markað með merkingu sem vísar til lífrænnar framleiðslu, til 1. janúar 2012 ef varan uppfyllir að öðru leyti kröfur reglugerðar (EB) 834/2007.

96. gr.

Niðurfelling

Reglugerðir (EBE) nr. 207/93, (EB) nr. 223/2003 og (EB) nr. 1452/2003 eru felldar úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar og reglugerð (EBE) nr. 2092/91 sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XIV. viðauka.

97. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2009.

Hins vegar skal a-liður 2. mgr. 27. gr. og 58. gr. gilda frá og með 1. júlí 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. september 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann FISCHER BOEL

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Áburður og jarðvegsnæring sem um getur í 1. mgr. 3. gr.

Athugasemd:

A: Heimilt samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2092/91 og yfirfært með c-lið 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007
B: Heimilt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 834/2007

Heimild	Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
A	Samsettar afurðir eða afurðir sem innihalda aðeins efni sem tilgreind eru hér á eftir: Húsdýraáburður	Afurð sem er blanda af húsdýraskít og plöntuefni (hálmur). Ekki úr verksmiðjubúskap (e. *factory farming*)
A	Þurrkaður húsdýraáburður og þurrkaður alifuglaáburður	Ekki úr verksmiðjubúskap
A	Myltaður húsdýraskítur, þ.m.t. alifuglaáburður og myltaður húsdýraáburður	Ekki úr verksmiðjubúskap
A	Fljótandi húsdýraúrgangur	Notkun eftir stýrða gerjun og/eða hæfilega þynningu Ekki úr verksmiðjubúskap
A	Myltað eða gerjað húsasorp	Afurð fengin úr flokkuðu húsasorpi, sem hefur verið myltað eða beitt loftfirrtri gerjun til að framleiða lífgas Einungis húsasorp úr jurta- og dýraríki Einungis ef það er framleitt í lokuðu og vöktuðu söfnunarkerfi sem aðildarríkið samþykkir Hámarksstyrkur í mg/kg af þurrefni: kadmíum: 0,7; kopar: 70; nikkel: 25; blý: 45; sink: 200; kvikasilfur: 0,4; króm (alls): 70; króm (VI): 0
A	Mór	Notkun takmörkuð við garðyrkju (garðyrkja í atvinnuskyni, blómarækt, trjárækt, gróðrarstöð)
A	Úrgangur frá svepparæktun	Upprunaleg samsetning næringarefnablöndunnar skal takmarkast við afurðirnar í þessum viðauka
A	Úrgangur frá ormum (ormamolta (e. *vermicompost*)) og skordýrum	
A	Gúanó	
A	Myltuð eða gerjuð blanda úr plöntuefni	Afurð fengin úr blöndum plöntuefnis, sem hafa verið myltaðar eða beittar loftfirrtri gerjun til að framleiða lífgas
A	Eftirfarandi afurðir eða aukaafurðir úr dýraríkinu: blóðmjölmjöl úr hófum og klaufum hornamjöl beinamjöl eða gelatínsneytt beinamjöl fiskimjöl kjötmjöl fjaðrir, hár og „chiquette“ mjöl ull loðskinn hár mjólkurafurðir	Hámarksstyrkur í mg/kg af þurrefni úr krómi (VI): 0

Heimild	Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
A	Afurðir og aukaafurðir úr jurtaríkinu sem notaðar eru í áburði	Dæmi: Mjöl úr olíukökum, kakóhýði, maltspírur
A	Þang og þari og afurðir úr þangi og þara	Þegar þær eru fengnar með: i. eðlisrænum aðferðum, þ.m.t. vatnssneyðing, frysting og mölun ii. útdrætti með vatni eða vatnskenndri sýru og/eða basískri lausn iii. gerjun
A	Sag og viðarspænir	Viður sem hefur ekki verið efnafræðilega meðhöndlaður eftir að hann var höggvinn
A	Myltur börkur	Viður sem hefur ekki verið efnafræðilega meðhöndlaður eftir að hann var höggvinn
A	Viðaraska	Af viði sem hefur ekki verið efnafræðilega meðhöndlaður eftir að hann var höggvinn
A	Lint, mulið hráfosfat	Vara eins og tilgreint er í 7. lið I. viðauka A.2. við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 (1) um áburð, 7 Kadmíuminnihald ekki meira en 90 mg/kg P205
A	Álkalsíumfosfat	Vara eins og tilgreint er í 6. lið I. viðauka A.2. við reglugerð 2003/2003. Kadmíuminnihald ekki meira en 90 mg/kg P205 Notkun takmörkuð við basískan jarðveg (pH > 7,5)
A	Basískt gjall	Vörur eins og tilgreindar eru í 1. lið I. viðauka A.2. við reglugerð 2003/2003
A	Kalíumhrásalt eða kaínít	Vörur eins og tilgreindar eru í 1. lið I. viðauka A.3. við reglugerð 2003/2003
A	Kalíumsúlfat sem inniheldur hugsanlega magnesíumsalt	Vara fengin úr kalíumhrásalti með eðlisfræðilegri útdráttaraðferð og inniheldur hugsanlega einnig magnesíumsölt
A	Eimingarsafi og eimingarsafaútdráttur	Að undanskildum ammóníumeimingarsafa
A	Kalsíumkarbónat (kalksteinn, mergill, malaður kalksteinn, þörungakalk (Breton ameliorant), fosfatkalksteinn	Aðeins af náttúrulegum uppruna
A	Magnesíum og kalsíumkarbónat	Aðeins af náttúrulegum uppruna t.d. magnesíumkalk, mulið magnesíum, kalksteinn
A	Magnesíumsúlfat (kíserít)	Aðeins af náttúrulegum uppruna
A	Kalsíumklóríðlausn	Meðhöndlun laufblaða á eplatrjám eftir að kalsíumskortur hefur komið í ljós
A	Kalsíumsúlfat (gifs)	Vörur eins og tilgreindar eru í 1. lið I. viðauka D við reglugerð 2003/2003 Aðeins af náttúrulegum uppruna
A	Kalkleðja úr sykurframleiðslu	Aukaafurð sem fellur til við sykurframleiðslu úr sykurrófum
A	Kalkleðja úr vakúmsaltframleiðslu	Aukaafurð sem fellur til við framleiðslu á vakúmsalti úr saltvatni sem finnst í fjöllum
A	Brennisteinn sem frumefni	Vörur eins og tilgreindar eru í I. viðauka D.3 við reglugerð 2003/2003
A	Snefilefni	Ólífræn snefilefni eins og tilgreind eru í E-hluta I. viðauka við reglugerð 2003/2003
A	Natríumklóríð	Aðeins óhreinsað salt (e. *mined salt*)
A	Steinduft og leir	

([1]) Stjtíð. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1.

II. VIÐAUKI

Varnarefni — plöntuvarnarefni eins og um getur í 1. mgr. 5. gr.

Athugasemd:

A: Heimilt samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2092/91 og yfirfært með c-lið 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007
B: Heimilt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 834/2007

1. **Efni úr plöntu- eða dýraríki**

Heimild	Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
A	Asadíraktín, dregið út úr *Azadirachta indica* (Neem-tré)	Skordýraeitur
A	Bývax	Efni til að meðhöndla sár á trjám
A	Gelatín	Skordýraeitur
A	Vatnsrofin prótín.	Löðunarefni, aðeins til viðurkenndrar notkunar í samsetningu með öðrum viðeigandi vörum á þessari skrá
A	Lesitín	Sveppaeyðir
A	Plöntuolíur (t.d. mintuolía, furuolía, kúmenolía).	Skordýraeitur, mítlasæfir, sveppaeyðir og spírunarlati.
A	Pýretrín, dregið út úr *Chrysanthemum cinerariaefolium*	Skordýraeitur
A	Beiskjuviður, dreginn út úr *Quassia amara*	Skordýraeitur, fæliefni
A	Rótenón, dregið út úr *Derris* spp. og *Lonchocarpus* spp. og *Terphrosia* spp	Skordýraeitur

2. **Örverur sem eru notaðar til að berjast gegn lífrænum skaðvöldum og til sjúkdómsvarna**

Heimild	Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
A	Örverur (bakteríur, veirur og sveppir)	

3. **Efni sem er framleitt með örverum**

Heimild	Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
A	Spínósað	Skordýraeitur Einungis ef ráðstafanir eru gerðar til að draga sem mest úr áhættu á helstu banvænum sníklum og áhættu á þróun viðnáms

4. **Efni til notkunar í gildrum og/eða skömmturum**

Heimild	Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
A	Díammóníumfosfat	Löðunarefni, aðeins í gildrur

Heimild	Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
A	Ferómón	Löðunarefni; raskar kynhegðun; aðeins í gildrur og skammtara
A	Pýretróíð (aðeins deltametrín eða lambdasýhalótrín)	Skordýraeitur; aðeins í gildrur með sérstöku löðunarefni; aðeins gegn *Bactrocera oleae* og *Ceratitis capitata Wied*.

5. **Efnablöndur sem á að sprauta á yfirborðið milli ræktaðra plantna**

Heimild	Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
A	Járnfosfat (járn (III) ortófosfat)	Lindýraeitur

6. **Önnur efni sem hefðbundin notkun er fyrir í lífrænum búskap**

Heimild	Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
A	Kopar í formi koparhýdroxíðs, koparoxýklóríðs (þríbasísks) koparsúlfats, koparoxíðs, koparoktanóats	Sveppaeyðir Allt að 6 kg af kopar á hektara á ári Að því er varðar fjölæra ræktun er aðildarríkjunum heimilt, þrátt fyrir fyrri málsgrein, að kveða á um að fara megi yfir 6 kg. mörkin fyrir kopar á tilteknu ári að því tilskildu að meðaltalsmagn sem er raunverulega notað á 5 ára tímabili, sem samanstendur af því ári og fjórum næstliðnum árum, fari ekki yfir 6. kg.
A	Etýlen	Þroskun banana, kívís og kakíaldins; þroskun sítrusávaxta einungis sem hluti af áætlun til að koma í veg fyrir skemmdir í sítrusávöxtum af völdum ávaxtaflugna; framköllun blómgunar á ananas; spírunarhömlun á kartöflum og lauk
A	Fitusýrukalíumsalt (grænsápa)	Skordýraeitur
A	Kalíumál (álsúlfat) (Kalínít)	Kemur í veg fyrir þroskun banana
A	Brennisteinskalk (kalsíumfjölsúlfíð)	Sveppaeyðir, skordýraeitur, mítlasæfir
A	Paraffínolía	Skordýraeitur, mítlasæfir
A	Jarðolíur	Skordýraeitur, sveppaeyðir; aðeins í aldintrjám, vínviði, ólífutrjám og hitabeltisplöntum (t.d. bananar)
A	Kalíumpermanganat	Sveppaeyðir, bakteríueyðir, aðeins í aldintrjám, ólífutrjám og vínviði.
A	Kvarssandur	Fæliefni
A	Brennisteinn	Sveppaeyðir, mítlasæfir, fæliefni

7. **Önnur efni**

Heimild	Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu og skilyrði fyrir notkun
A	Kalsíumhýdroxíð	Sveppaeyðir Aðeins í aldintrjám, þ.m.t. í gróðrarstöðvum, til varnar gegn *Nectria galligena*
A	Kalíumbíkarbónat	Sveppaeyðir

III. VIÐAUKI

Lágmarksyfirborðsflötur innan- og utanhúss og aðrir eiginleikar húsakosts fyrir mismunandi tegundir dýra og mismunandi tegundir framleiðslu sem um getur í 4. mgr. 10. gr.

1. **Nautgripir, dýr af hestaætt, sauðfé, geitur og svín**

	Innanhúsvæði (heildarsvæði sem dýrin hafa aðgang að)		Svæði utanhúss (svæði til hreyfingar, að undanskildum bithaga)
	Lágmarkslífþyngd (kg)	M^2/dýr	M^2/dýr
Nautgripir og dýr af hestaætt til undaneldis og í slátureldi	allt að 100	1,5	1,1
	allt að 200	2,5	1,9
	allt að 350	4,0	3
	yfir 350	5 að lágmarki 1 m^2/100 kg	3,7 að lágmarki 0,75 m^2/100 kg
Mjólkurkýr		6	4,5
Þarfanaut		10	30
Sauðfé og geitur		1,5 sauðfé/geit	2,5
		0,35 lamb/kiðlingur	0,5
Gotgyltur með grísi allt að 40 daga		7,5 gylta	2,5
Eldissvín	allt að 50	0,8	0,6
	allt að 85	1,1	0,8
	allt að 110	1,3	1
Smágrísir	eldri en 40 daga gamlir og allt að 30 kg	0,6	0,4
Undaneldissvín		2,5 kvendýr	1,9
		6 karldýr Ef stíurnar eru notaðar fyrir náttúrulega pörun: 10 m^2/göltur	8,0

2. **Alifuglar**

	Innanhúsvæði (heildarsvæði sem dýrin hafa aðgang að)			Svæði utanhúss (svæði í m^2 sem er til ráðstöfunar fyrir skipti/dýr)
	Fjöldi dýra/m^2	cm prikum/dýr	hreiður	
Varphænur	6	18	7 varphænur á hreiður eða 120 cm^2/fugl ef hreiður er sameiginlegt	4, svo fremi að ekki sé farið yfir 170 kg af N/ha/ár
Eldisalifuglar (í föstum húsum)	10 að hámarki 21 kg lífþyngd/m^2	20 (eingöngu fyrir perluhænsn)		4 holdakjúklingar og perluhænsn 4,5 endur 10 kalkúnar 15 gæsir. Ekki er farið yfir mörkin 170 kg N/ha/ár að því er varðar allar tegundirnar sem taldar eru upp hér að ofan

	Innanhússsvæði (heildarsvæði sem dýrin hafa aðgang að)			Svæði utanhúss (svæði í m^2 sem er til ráðstöfunar fyrir skipti/dýr)
	Fjöldi dýra/m^2	cm prikum/dýr	hreiður	
Eldisalifuglar í færanlegum húsum	16 ([1]) í færanlegum alifuglahúsum með að hámarki 30 kg lífþyngd/m^2			2,5, svo fremi að ekki sé farið yfir 170 kg af N/ha/ár

([1]) Eingöngu ef um er að ræða færanleg hús með gólffleti sem er ekki yfir 150 m^2.

IV. VIÐAUKI

Hámarksfjöldi dýra á hektara eins og um getur í 2. mgr. 15. gr.

Flokkur eða tegund	Hámarksfjöldi dýra á hektara sem jafngildir 170 kg N/ha/ár
Hestar eldri en sex mánaða	2
Eldiskálfar	5
Aðrir nautgripir yngri en ársgamlir	5
Naut sem eru a.m.k. eins árs en yngri en tveggja ára	3,3
Kýr sem eru a.m.k. eins árs en yngri en tveggja ára	3,3
Naut tveggja ára eða eldri	2
Undaneldiskvígur	2,5
Eldiskvígur	2,5
Mjólkurkýr	2
Aflóga mjólkurkýr	2
Aðrar kýr	2,5
Undaneldiskanínur, kvendýr	100
Ær	13,3
Geitur	13,3
Smágrísir	74
Undaneldisgyltur	6,5
Eldissvín	14
Önnur svín	14
Sláturkjúklingar	580
Varphænur	230

V. VIÐAUKI

Fóðurefni sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 22. gr.

1. ÓLÍFRÆN FÓÐUREFNI ÚR JURTARÍKINU

1.1. **Korn, afurðir þess og aukaafurðir:**

— Hafragrjón, -flögur, -fóðurmjöl, -hýði og -klíð

— Byggkorn, -prótín og -fóðurmjöl

— Rískímkaka

— Hirsikorn

— Rúgkorn og rúgfóðurmjöl

— Dúrrukorn

— Hveitikorn, -fóðurmjöl, -klíð, -glútenfóður, -glúten og -kím

— Speltkorn

— Rúghveitikorn

— Maískorn, -klíð, -fóðurmjöl, -kímkaka og -glúten

— Maltspírur

— Dreggjar úr ölgerð

1.2. **Olíufræ, olíurík aldin, afurðir þeirra og aukaafurðir**

— Repjufræ, -kaka og -hýði

— Sojabaunir, einnig ristaðar, sojakaka og -hýði

— Sólblómafræ og -kaka

— Baðmullarfræ og -kaka

— Hörfræ og -kaka

— Sesamfræskaka

— Pálmakjarnakaka

— Risagraskersfrækaka

— Ólífur, ólífualdinmauk

— Jurtaolíur (með eðlisfræðilegum útdrætti).

1.3. **Belgjurtafræ, afurðir þeirra og aukaafurðir.**

— Kjúklingabaunir sem fræ, fóðurmjöl og klíð

— Linsuflækjur sem fræ, -fóðurmjöl og -klíð

— Varpabaunir sem fræ sem hafa fengið viðeigandi hitameðhöndlun, varpabaunafóðurmjöl og -klíð

— Ertur sem fræ, ertufóðurmjöl og -klíð

— Breiðbaunir sem fræ, breiðbaunafóðurmjöl og -klíð

— Hestabaunir sem fræ, hestabaunafóðurmjöl og -klíð

— Flækjur sem fræ, flækjufóðurmjöl og -klíð

— Lúpínur sem fræ, lúpínufóðurmjöl og -klíð

1.4. **Hnýði, rætur, afurðir þeirra og aukaafurðir:**

— Sykurrófumauk

— Kartöflur

— Sætuhnúðar sem hnýði

— Kartöflumauk (aukaafurð sem fellur til við útdrátt kartöflusterkju)

— Kartöflusterkja

— Kartöfluprótín

— Kassavarót.

1.5. **Önnur fræ og aldin, afurðir þeirra og aukaafurðir:**

— Karób

— Jóhannesarbrauð og -mjöl

— Risagrasker

— Sítrusmauk

— Epli, kveði, perur, ferskjur, fíkjur, þrúgur og mauk úr þeim

— Kastaníuhnetur

— Valhnetukaka

— Heslihnetukaka

— Kakóhýði og -kaka

— Akörn.

1.6. **Fóðurjurtir og gróffóður:**

— Refasmári

— Refasmáramjöl

— Smári

— Smáramjöl

— Gras (úr fóðurjurtum)

— Grasmjöl

— Hey

— Vothey

— Hálmur korntegunda

— Rótarávextir sem fóður

1.7. **Aðrar jurtir, afurðir þeirra og aukaafurðir:**

— Melassi

— Þang- og þaramjöl (unnið með því að þurrka og mala þang og þara og skolað til að minnka joðinnihald)

— Duft og kjarni úr plöntum

— Plöntuprótínkjarni (eingöngu fyrir ung dýr)

— Krydd

— Kryddjurtir

2. FÓÐUREFNI ÚR DÝRARÍKINU

2.1. **Mjólk og mjólkurafurðir:**

— Hrámjólk

— Mjólkurduft

— Undanrenna, undanrennuduft

— Áfir, áfaduft

— Mysa, mysuduft, sykurskert mysuduft, mysuprótínduft (dregið út með eðlisfræðilegri meðhöndlun)

— Kaseinduft

— Laktósaduft

— Ystingur og súr mjólk

2.2. **Fiskur, önnur sjávardýr, afurðir þeirra og aukaafurðir:**

Með eftirfarandi takmörkunum: Afurðir sem eru eingöngu upprunnar úr sjálfbærum sjávarútvegi og einungis til notkunar fyrir aðrar tegundir en grasbíta

— Fiskur

— Fisklýsi og þorskalýsi, óhreinsað

— Sjálfmelta fisks, lindýra eða krabbadýra

— Vatnsrofsefni og prótínrofsefni (e. *proteolysates*), fengin með ensímverkun, einnig í leysanlegu formi, eingöngu fyrir ung dýr

— Fiskimjöl

2.3. **Egg og eggjaafurðir**

— Egg og eggjaafurðir til fóðrunar alifugla, einkum frá sömu bújörð.

3. FÓÐUREFNI ÚR STEINEFNUM

3.1. **Natríum**:

— óhreinsað sjávarsalt

— óunnið steinsalt

— natríumsúlfat

— natríumkarbónat

— natríumbíkarbónat

— natríumklóríð

3.2. **Kalíum**:

— kalíumklóríð

3.3. **Kalsíum**:

— þörungakalk og mergill

— skeljar sjávardýra (þar á meðal blekfiskaskeljar)

— kalsíumkarbónat

— kalsíumlaktat

— kalsíumglúkónat

3.4. **Fosfór**:

— afflúorað tvíkalsíumfosfat

— afflúorað einkalsíumfosfat

— einnatríumfosfat

— kalsíummagnesíumfosfat

— kalsíumnatríumfosfat

3.5. **Magnesíum**:

— magnesíumoxíð (vatnsfrí magnesía)

— magnesíumsúlfat

— magnesíumklóríð

— magnesíumkarbónat

— magnesíumfosfat

3.6. **Brennisteinn**:

— natríumsúlfat.

VI. VIÐAUKI

Fóðuraukefni og tiltekin efni notuð í fóður sem um getur í 4. mgr. 22. gr.

1. FÓÐURAUKEFNI

Aukefni sem eru skráð verða að hafa hlotið samþykki samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 ([1]) um aukefni í fóðri

1.1. **Viðbætt næringarefni**

a) *Vítamín*

— vítamín sem eru unnin úr náttúrulegum hráefnum í fóðri,

— tilbúin vítamín sem eru eins og náttúruleg vítamín fyrir einmaga dýr,

— tilbúin A-, D- og E-vítamín sem eru eins og náttúruleg vítamín fyrir jórturdýr, með fyrirframleyfi aðildarríkisins á grundvelli mats á möguleika lífrænt alinna jórturdýra á að afla sér nauðsynlegs magns af fyrrnefndum vítamínum úr fóðurskömmtum.

b) *Snefilefni*

E1 Járn:
járn(II)karbónat
járn(II)súlfat, einvatnað og/eða sjövatnað
járn(III)oxíð;

E2 Joð:
kalsíumjoðat, vatnsfrítt
kalsíumjoðat, sexvatnað
natríumjoðíð;

E3 Kóbalt:
kóbalt(II)súlfat, einvatnað og/eða sjövatnað
basískt kóbalt(II)karbónat, einvatnað;

E4 Kopar:
kopar(II)oxíð
basískt kopar(II)karbónat, einvatnað
kopar(II)súlfat, fimmvatnað;

E5 Mangan:
mangan(II)karbónat
mangan(II og III)oxíð
mangan(II)súlfat, ein- og/eða fjórvatnað;

E6 Sink:
sinkkarbónat
sinkoxíð
sinksúlfat, ein- og/eða sjövatnað;

E7 Mólýbden:
ammóníummólýbdat, natríummólýbdat.

E8 Selen:
natríumselenat
natríumselenít.

1.2. **Dýraræktaraukefni**

Ensím og örverur

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

1.3. **Tæknileg aukefni**

a) *Rotvarnarefni*

E 200	Sorbínsýra
E 236	Maurasýra (*)
E 260	Ediksýra (*)
E 270	Mjólkursýra (*)
E 280	Própíónsýra (*)
E 330	Sítrónusýra.

(*) Fyrir vothey: aðeins þegar veðurskilyrði eru þannig að gerjun verði annars ófullnægjandi.

b) *Þráavarnarefni*

E 306 — Tókóferólauðugur kjarni af náttúrulegum uppruna sem er notaður sem þráavarnarefni

c) *Bindiefni og kekkjavarnarefni*

E 470	Kalsíumsterat af náttúrulegum uppruna
E 551b	Silíkat sem myndar sviflausn
E 551c	Kísilgúr
E 558	Bentónít
E 559	Kaólínleir
E 560	Náttúrlegar blöndur steríts og klóríts
E 561	Vermikúlít
E 562	Sepíólít
E 599	Perlusteinn.

d) *Íblöndunarefni til votheysverkunar*

Ensím, gersveppi og bakteríur má nota sem íblöndunarefni til votheysverkunar

Því aðeins er heimilt að nota mjólkur-, maura-, própíón- og ediksýru við votheysverkun að veðurskilyrði séu þannig að gerjun verði annars ófullnægjandi.

2. TILTEKIN EFNI NOTUÐ Í FÓÐUR

Efni sem er skráð verður að hafa hlotið samþykki samkvæmt tilskipun ráðsins 82/471/EBE um ákveðnar afurðir í dýrafæðu ([1])

Gersveppir:

Saccharomyces cerevisiae

Saccharomyces carlsbergiensis

3. EFNI TIL VOTHEYSFRAMLEIÐSLU

— sjávarsalt

— óunnið steinsalt

— mysa

— sykur

— sykurrófumauk

— mjöl úr korni

— melassi

([1]) Stjtíð. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8.

VII. VIÐAUKI

Vörur til hreinsunar og sótthreinsunar eins og um getur í 4. mgr. 23. gr.

Vörur til hreinsunar og sótthreinsunar á byggingum og aðstöðu til dýraeldis:

— Kalíum- og natríumsápa

— Vatn og gufa

— Leskjað kalk

— Kalk

— Óleskjað kalk

— Natríumhýpóklórít (t.d. sem fljótandi bleikiefni)

— Vítissódi

— Basísk pottaska

— Vetnisperoxíð

— Náttúrulegir kjarnar úr plöntum

— Sítrónu-, peredik-, maura-, mjólkur-, oxal- og ediksýra

— Alkóhól

— Saltpéturssýra (búnaður í mjólkuriðnaði/-framleiðslu)

— Fosfórsýra (búnaður í mjólkuriðnaði/-framleiðslu)

— Formaldehýð

— Vörur til að hreinsa og sótthreinsa júgur og mjaltabúnað

— Natríumkarbónat

VIII. VIÐAUKI

Tilteknar vörur og efni til notkunar við framleiðslu á unnum lífrænum matvælum eins og um getur í a-lið 1. mgr. 27. gr.

Athugasemd:

A: Heimilt samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2092/91 og yfirfært með 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007
B: Heimilt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 834/2007

A-ÞÁTTUR — MATVÆLAAUKEFNI, Þ.M.T. BURÐAREFNI

Að því er varðar útreikninginn sem um getur í ii. lið a-liðar 4. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skal reikna matvælaaukefni, sem merkt eru með stjörnu í kenninúmersdálkinum, sem innihaldsefni úr landbúnaði.

Heimild	Kóði	Heiti	Vinnsla matvæla úr		Sérstök skilyrði
			jurtaríkinu	dýraríkinu	
A	E 153	Viðarkolsvart		X	Geitaostur með ösku Morbier-ostur
A	E 160b*	Annattó, bixín, norbixín		X	Red Leicester-ostur Double Gloucester-ostur Cheddar Mimolette-ostur
A	E 170	Kalsíumkarbónat	X	X	Má ekki nota til litunar eða kalsíumauðgunar í matvælum
A	E 220 eða	Brennisteinsdíoxíð	X	X	Í ávaxtavín (*) án viðbætts sykurs (þ.m.t. epla- og peruvín) eða í mjöð: 50 mg (**)
	E 224	Kalíummetabísúlfít	X	X	Fyrir epla- og peruvín með viðbættum sykri eða safaþykkni eftir gerjun: 100 mg (**)
					(*) Í þessu samhengi er ávaxtavín skilgreint sem vín úr öðrum ávöxtum en þrúgum. (**) Hámarksgildi án tillits til uppruna, gefin upp sem SO_2 í mg/l.
A	E 250 eða	Natríumnítrít		X	Fyrir kjötafurðir ([1]):
	E 252	Kalíumnítrat		X	Fyrir E 250: leiðbeinandi ísett magn, gefið upp sem $NaNO_2$: 80 mg/kg Fyrir E 252: leiðbeinandi ísett magn, gefið upp sem $NaNO_3$: 80 mg/kg Fyrir E 250: hámarksmagn leifa, gefið upp sem $NaNO_2$: 50 mg/kg Fyrir E 252: hámarksmagn leifa, gefið upp sem $NaNO_3$: 50 mg/kg
A	E 270	Mjólkursýra	X	X	
A	E 290	Koltvísýringur	X	X	
A	E 296	Eplasýra	X		
A	E 300	Askorbínsýra	X	X	Kjötafurðir ([2])
A	E 301	Natríumaskorbat		X	Kjötafurðir ([2]) í tengslum við nítrít og nítröt

Heimild	Kóði	Heiti	Vinnsla matvæla úr		Sérstök skilyrði
			jurtaríkinu	dýraríkinu	
A	E 306*	Tókóferólauðugur kjarni	X	X	Þráavarnarefni fyrir fitu og olíur
A	E 322*	Lesitín	X	X	Mjólkurafurðir ([2])
A	E 325	Natríumlaktat		X	Afurðir sem er að stofni til úr mjólk og kjötafurðir
A	E 330	Sítrónusýra	X		
A	E 331	Natríumsítrat		X	
A	E 333	Kalsíumsítrat	X		
A	E 334	Vínsýra (L(+)–)	X		
A	E 335	Natríumtartrat	X		
A	E 336	Kalíumtartrat	X		
A	E 341 (i)	Einkalsíumfosfat	X		Lyftiefni fyrir sjálflyftandi hveiti
A	E 400	Algínsýra	X	X	Afurðir sem eru að stofni til úr mjólk ([2])
A	E 401	Natríumalgínat	X	X	Afurðir sem eru að stofni til úr mjólk ([2])
A	E 402	Kalíumalgínat	X	X	Afurðir sem eru að stofni til úr mjólk ([2])
A	E 406	Agar	X	X	Afurðir sem er að stofni til úr mjólk og kjötafurðir ([2])
A	E 407	Karragenan	X	X	Afurðir sem eru að stofni til úr mjólk ([2])
A	E 410*	Karóbgúmmí	X	X	
A	E 412*	Gúargúmmí	X	X	
A	E 414*	Arabískt gúmmí	X	X	
A	E 415	Xantangúmmí	X	X	
A	E 422	Glýseról	X		Fyrir plöntuseyði
A	E 440 (i)*	Pektín	X	X	Afurðir sem eru að stofni til úr mjólk ([2])
A	E 464	Hýdroxýprópýlmetýl-sellulósi	X	X	Hylkjaefni fyrir hylki
A	E 500	Natríumkarbónöt	X	X	„Dulce de leche” ([3]), smjör úr sýrðum rjóma og súrmjólkurostur ([2])
A	E 501	Kalíumkarbónöt	X		
A	E 503	Ammóníumkarbónöt	X		
A	E 504	Magnesíumkarbónöt	X		
A	E 509	Kalsíumklóríð		X	Hleyping mjólkur
A	E 516	Kalsíumsúlfat	X		Burðarefni
A	E 524	Natríumhýdroxíð	X		Yfirborðsmeðferð „Laugengebäck“
A	E 551	Kísildíoxíð	X		Kekkjavarnarefni fyrir krydd og kryddjurtir.

Heimild	Kóði	Heiti	Vinnsla matvæla úr		Sérstök skilyrði
			jurtaríkinu	dýraríkinu	
A	E 553b	Talkúm	X	X	Hjúpefni fyrir kjötafurðir
A	E 938	Argon	X	X	
A	E 939	Helíum	X	X	
A	E 941	Köfnunarefni	X	X	
A	E 948	Súrefni	X	X	

([1]) Aðeins er heimilt að nota þetta aukefni ef sýnt hefur verið fram á með fullnægjandi hætti, að mati lögbærs yfirvalds, að annars konar tækni, sem tryggir sömu ábyrgðir og/eða viðheldur tilteknum eiginleikum vörunnar, sé ekki fáanleg.

([2]) Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.

([3]) „Dulce de leche“ eða „Confiture de lait“ er mjúkur, gómsætur, brúnn rjómi gerður úr mjólk sem hefur verið þykkt og sykurbætt

B-ÞÁTTUR — HJÁLPAREFNI VIÐ VINNSLU OG AÐRAR VÖRUR SEM HEIMILT ER AÐ NOTA VIÐ VINNSLU LÍFRÆNT FRAMLEIDDRA LÍFRÆNNA INNIHALDSEFNA ÚR LANDBÚNAÐI

Athugasemd:

A: Heimilt samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2092/91 og yfirfært með 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007
B: Heimilt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 834/2007

Heimild	Heiti	Vinnsla matvæla úr jurtaríkinu	Vinnsla matvæla úr dýraríkinu	Sérstök skilyrði
A	Vatn	X	X	Drykkjarvatn í skilningi tilskipunar ráðsins 98/83/EB
A	Kalsíumklóríð	X		Storknunarefni
A	Kalsíumkarbónat	X		
	Kalsíumhýdroxíð	X		
A	Kalsíumsúlfat	X		Storknunarefni
A	Magnesíumklóríð (eða nígari)	X		Storknunarefni
A	Kalíumkarbónat	X		Þurrkun þrúgna
A	Natríumkarbónat	X		Sykurframleiðsla
A	Mjólkursýra		X	Til að stjórna sýrustiginu á saltleginum sem ostarnir eru baðaðir upp úr í framleiðsluferlinu ([1])
A	Sítrónusýra	X	X	Til að stjórna sýrustiginu á saltleginum sem ostarnir eru baðaðir upp úr í framleiðsluferlinu ([1]) Olíuframleiðsla og vatnsrof sterkju ([2])
A	Natríumhýdroxíð	X		Sykurframleiðsla Olíuframleiðsla úr repjufræi (*Brassica* spp)
A	Brennisteinssýra	X	X	Gelatínframleiðsla ([1]) Sykurframleiðsla ([2])
A	Saltsýra		X	Gelatínframleiðsla Til að stjórna sýrustiginu á saltleginum sem Gouda-, Edam-, og Maasdammer-ostar, Boerenkaas, Friese og Leidse Nagelkaas eruð baðaðir upp úr í framleiðsluferlinu
A	Ammóníumhýdroxíð		X	Gelatínframleiðsla
A	Vetnisperoxíð		X	Gelatínframleiðsla
A	Koltvísýringur	X	X	
A	Köfnunarefni	X	X	
A	Etanól	X	X	Leysir
A	Tannínsýra	X		Síunarefni
A				
A	Eggjahvítualbúmín	X		
A	Kasein	X		
A	Gelatín	X		
A	Fiskilím	X		
A	Jurtaolía	X	X	Smurningsefni, leysari eða froðueyðir

Heimild	Heiti	Vinnsla matvæla úr jurtaríkinu	Vinnsla matvæla úr dýraríkinu	Sérstök skilyrði
A	Kísildíoxíðhlaup eða kvoðulausn	X		
A	Virk kolefni	X		
A	Talkúm	X		Í samræmi við sérstök hreinleikaskilyrði fyrir matvælaaukefnið E 553b
A	Bentónít	X	X	Tærunarefni fyrir mjöð ([1]) Í samræmi við sérstök hreinleikaskilyrði fyrir matvælaaukefnið E 558
A	Kaólín	X	X	Býþéttir ([1]) Í samræmi við sérstök hreinleikaskilyrði fyrir matvælaaukefnið E 559
A	Sellulósi	X	X	Gelatínframleiðsla ([1])
A	Kísilgúr	X	X	Gelatínframleiðsla ([1])
A	Perlusteinn	X	X	Gelatínframleiðsla ([1])
A	Heslihnetuhýði	X		
A	Hrísmjöl	X		
A	Bývax	X		Leysari
A	Karnúbavax	X		Leysari

([1]) Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.
([2]) Takmörkunin varðar eingöngu plöntuafurðir.

IX. VIÐAUKI

Innihaldsefni úr landbúnaði sem eru ekki framleidd með lífrænni aðferð og um getur í 28. gr.

1. ÓUNNAR VÖRUR ÚR JURTARÍKINU SEM OG VÖRUR FENGNAR ÚR ÞEIM MEÐ VINNSLUAÐFERÐUM

1.1. ***Æt æt aldin, hnetur og fræ:***

— akörn *Quercus* spp.

— kólahnetur *Cola acuminata*

— stikilsber *Ribes uva-crispa*

— píslaraldin *Passiflora edulis*

— hindber (þurrkuð) *Rubus idaeus*

— rifsber (þurrkuð) *Ribes rubrum*

1.2. ***Æt krydd og kryddjurtir:***

— perúpipar *Schinus molle* L.

— piparrótarfræ *Armoracia rusticana*

— dverggalangal *Alpinia officinarum*

— blóm litunarþistils *Carthamus tinctorius*

— brunnperla *Nasturtium officinale*

1.3. **Ýmislegt**:

Þörungar, þ.m.t. þang og þari, sem eru heimilaðir í vinnslu á ólífrænum matvælum

2. VÖRUR ÚR JURTARÍKINU

2.1. **Fituefni og olíur, einnig hreinsaðar en ekki efnafræðilega umbreyttar, úr öðrum plöntum en:**

— kakótré *Theobroma cacao*

— kókospálma *Cocos nucifera*

— ólífutré *Olea europaea*

— sólblómi *Helianthus annuus*

— pálma *Elaeis guineensis*

— repju *Brassica napus, rapa*

— litunarþistli *Carthamus tinctorius*

— sesamjurt *Sesamum indicum*

— soja *Glycine max*

2.2. **Eftirtaldar sykrur, sterkjuafurðir og aðrar afurðir úr korni og hnýðum:**

— frúktósi

— hrískappír

— þunnt ósýrt brauð

— sterkja úr hrísgrjónum og amýlópektínríkum maís sem hefur ekki verið efnafræðilega umbreytt

2.3. **Ýmislegt**:

— ertuprótín *Pisum* spp.

— romm: eingöngu úr sykurreyrssafa

— kirsuberjabrennivín, að stofni til úr ávöxtum og bragðefnum eins og um getur í c-lið 1. mgr. 27. gr.

3. DÝRAAFURÐIR

vatnalífverur, aðrar en eldislífverur, sem eru heimilaðar í vinnslu á ólífrænum matvælum

— gelatín

— mysuduft („*herasuola*“)

— garnir

X. VIÐAUKI

Tegundir lífrænt ræktaðra fræja eða útsæðiskartaflna sem sýnt hefur verið fram á að til sé nægilegt magn og verulegur fjöldi yrkja af alls staðar í Bandalaginu, eins og um getur í 3. mgr. 45. gr.

XI. VIÐAUKI

Kennimerki Bandalagsins eins og um getur í 57. gr.

A. KENNIMERKI BANDALAGSINS

1. **Skilyrði er varða útlit og notkun kennimerkis Bandalagsins**

1.1. Kennimerki Bandalagsins, sem um getur hér að framan, skal vera í samræmi við fyrirmyndirnar í hluta B.2 í þessum viðauka.

1.2. Ábendingarnar, sem verða að vera á kennimerkinu, eru tilgreindar í hluta B.3 í þessum viðauka. Mögulegt er að sameina kennimerkið og ábendinguna sem getið er í viðaukanum við reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007.

1.3. Við notkun kennimerkis Bandalagsins og þeirra ábendinga sem um getur í hluta B.3 í þessum viðauka skal farið að reglum um tæknilega eftirgerð sem mælt er fyrir um í grafísku handbókinni í hluta B.4 í þessum viðauka.

B.2. **Fyrirmyndir**

Español



Čeština



Dansk



Deutsch



Deutsch



Eesti keel



Eesti keel



Ελλαδα



English



Français



Italiano



Latviešu valoda



Lietuvių kalba



Magyar



Malti



Nederlands



Polski



Português



Slovenčina (slovenský jazyk)



Slovenščina (slovenski jezik)



Suomi



Svenska



Български



Română



Nederlands/Français



Suomi/Svenska



Français/Deutsch



B.3. **Ábendingar sem bæta skal við kennimerki Bandalagsins**

B.3.1. *Einfaldar ábendingar:*

BG: БИОЛОГИЧНО ЗЕМЕДЕЛИЕ

ES: AGRICULTURA ECOLÓGICA

CS: EKOLOGICKÉ ZEMĚDĚLSTVÍ

DA: ØKOLOGISK JORDBRUG

DE: BIOLOGISCHE LANDWIRTSCHAFT, ÖKOLOGISCHER LANDBAU

ET: MAHEPÕLLUMAJANDUS, ÖKOLOOGILINE PÕLLUMAJANDUS

EL: ΒΙΟΛΟΓΙΚΗ ΓΕΩΡΓΙΑ

EN: ORGANIC FARMING

FR: AGRICULTURE BIOLOGIQUE

IT: AGRICOLTURA BIOLOGICA

LV: BIOLOĞISKĀ LAUKSAIMNIECĪBA

LT: EKOLOGINIS ŽEMĖS ŪKIS

HU: ÖKOLÓGIAI GAZDÁLKODÁS

MT: AGRIKULTURA ORGANIKA

NL: BIOLOGISCHE LANDBOUW

PL: ROLNICTWO EKOLOGICZNE

PT: AGRICULTURA BIOLÓGICA

RO: AGRICULTURĂ ECOLOGICĂ

SK: EKOLOGICKÉ POĽNOHOSPODÁRSTVO

SL: EKOLOŠKO KMETIJSTVO

FI: LUONNONMUKAINEN MAATALOUSTUOTANTO

SV: EKOLOGISKT JORDBRUK

B.3.2. *Samsetning tveggja ábendinga:*

Samsetningar tveggja ábendinga á þeim málum sem getið er í B.3.1. eru heimilar með fyrirvara um að þær verði settar fram í samræmi við eftirfarandi dæmi:

NL/FR: BIOLOGISCHE LANDBOUW — AGRICULTURE BIOLOGIQUE

FI/SV: LUONNONMUKAINEN MAATALOUSTUOTANTO — EKOLOGISKT JORDBRUK

FR/DE: AGRICULTURE BIOLOGIQUE — BIOLOGISCHE LANDWIRTSCHAFT

B.4. **Grafísk handbók**

INNIHALD

1. Inngangur

2. Almenn notkun kennimerkisins

2.1. Kennimerki í lit (viðmiðunarlitir)

2.2. Einlitt kennimerki: svarthvítt kennimerki

2.3. Andstæða við bakgrunnsliti

2.4. Leturgerð

2.5. Tungumál

2.6. Minnstu stærðir

2.7. Sérstök notkunarskilyrði varðandi kennimerkið

3. Ljósmyndapappír fyrir frummyndir

3.1. Kennimerki í tveimur litum

3.2. Útlínur kennimerkisins

3.3. Einlitt kennimerki: svarthvítt kennimerki

3.4. Litasýnishorn

1. INNGANGUR

Grafíska handbókin er hjálpartæki fyrir rekstraraðila til að endurgera kennimerkið.

2. ALMENN NOTKUN KENNIMERKISINS

2.1. **Kennimerki í lit** (viðmiðunarlitir)

Þegar kennimerki í lit er notað skal annaðhvort nota sérliti (Pantone) eða fjögurra lita prentun. Viðmiðunarlitirnir eru gefnir upp hér á eftir.

Kennimerki í pantone litum



GREEN: Pantone 367

BLUE: Pantone Reflex Blue
Text in blue

Kennimerki í fjögurra lita prentun



GREEN: 30,5% cyan + 60% yellow

BLUE: 100% cyan + 80% magenta
Text in blue

2.2. **Einlitt kennimerki: Svarthvítt kennimerki**

Svarthvítt kennimerki má nota á eftirfarandi hátt:



2.3. **Andstæða við bakgrunnsliti**

Ef kennimerki í lit er notað á litaðan bakgrunn sem gerir lestur textans erfiðan skal nota afmarkandi ytri hring utan um kennimerkið til að bæta andstæðu við bakgrunnsliti eins og sýnt er hér á eftir:

Kennimerki á lituðum bakgrunni



2.4. **Leturgerð**

„Notið feitt, þrengt Frutiger- eða Myriad-letur í hástöfum fyrir textann.

Leturstærðin skal minnkuð í samræmi við reglurnar í lið 2.6.


2.5. **Tungumál**

Heimilt er að nota kennimerkið á þeim tungumálum sem óskað er eftir í samræmi við forskriftirnar sem gefnar eru upp í B.3.

2.6. **Minnstu stærðir**

Ef smækkun er nauðsynleg þegar kennimerkið er notað á mismunandi stærðir merkimiða skal lágmarksstærðin vera:

a) Á kennimerki með einni ábendingu: lágmarksþvermál 20 mm.



b) Á kennimerki með samsetningu tveggja ábendinga: lágmarksþvermál 40 mm.



2.7. **Sérstök notkunarskilyrði varðandi kennimerkið**

Tilgangurinn með notkun kennimerkisins er að gefa vörunum sérstakt gildi. Notkun kennimerkisins mun því bera mestan árangur sé það í lit þar sem það er sýnilegra á þann hátt sem verður til þess að auðvelda neytendum að koma auga á það.

Einungis er mælt með notkun kennimerkisins í svarthvítu, samkvæmt lið 2.2., í þeim tilvikum þar sem notkun þess í lit er óhentug.

3. LJÓSMYNDAPAPPÍR FYRIR FRUMMYNDIR

3.1. **Kennimerki í tveimur litum**

— Einföld ábending á öllum tungumálum

— Dæmi um tungumálasamsetningarnar sem um getur í B.3.2

ESPAÑOL

PANTONE 367







PANTONE REFLEX BLUE







DANSK

PANTONE 367







PANTONE REFLEX BLUE







DEUTSCH

PANTONE 367







PANTONE REFLEX BLUE







ΕΛΛΗΝΙΚΑ

PANTONE 367







PANTONE REFLEX BLUE







ENGLISH

PANTONE 367







PANTONE REFLEX BLUE







FRANÇAIS

PANTONE 367







PANTONE REFLEX BLUE







ITALIANO

PANTONE 367







PANTONE REFLEX BLUE







NEDERLANDS

PANTONE 367







PANTONE REFLEX BLUE







PORTUGUÊS

PANTONE 367







PANTONE REFLEX BLUE







SUOMI

PANTONE 367







PANTONE REFLEX BLUE







SVENSKA

PANTONE 367







PANTONE REFLEX BLUE







— Dæmi um tungumálasamsetningarnar sem um getur í B.3.2

NEDERLANDS/FRANÇAIS

PANTONE 367



PANTONE REFLEX BLUE





SUOMI/SVENSKA

PANTONE 367





PANTONE REFLEX BLUE





FRANÇAIS/DEUTSCH

PANTONE 367





PANTONE REFLEX BLUE





3.2. **Útlínur kennimerkisins**



3.3. **Einlitt kennimerki: svarthvítt kennimerki**



3.4. **Litasýnishorn**

PANTONE REFLEX BLUE

PANTONE 367

XII. VIÐAUKI

Fyrirmynd fyrir skrifleg sönnunargögn sem afhenda skal rekstaraðilanum skv. 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 sem um getur í 68. gr. þessarar reglugerðar

<table>
<tr><td colspan="2">Skrifleg sönnunargögn sem afhenda skal rekstraraðilanum skv. 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007
Skjal númer:</td></tr>
<tr><td>Nafn og heimilisfang rekstraraðila: aðalstarfsemi (framleiðandi, vinnsluaðili, innflytjandi o.s.frv.):</td><td>Nafn, heimilisfang og kenninúmer eftirlitsaðila/ eftirlitsyfirvalds:</td></tr>
<tr><td>Vöruflokkar/starfsemi:
— Plöntur og plöntuafurðir:
— Búfé og búfjárafurðir:
— Unnar afurðir:</td><td>skilgreint sem:
lífræn framleiðsla, vörur í aðlögun og einnig ólífræn framleiðsla þar sem á sér stað hliðstæð fram-leiðsla/vinnsla skv. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007</td></tr>
<tr><td>Gildistími:
Plöntuafurðir frá … til …
Búfjárafurðir frá … til …
Unnar afurðir frá … til …</td><td>Eftirlitsdagsetning(ar):</td></tr>
<tr><td colspan="2">Þetta skjal er gefið út á grundvelli 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og reglugerðar (EB) nr. 889/2008. Rekstraraðilinn sem um ræðir hefur leyft eftirlit á starfsemi sinni og uppfyllir þær kröfur sem mælt er fyrir um í fyrrnefndum reglugerðum.
Dagsetning, staður:
Undirskrift fyrir hönd útgáfueftirlitsaðila/útgáfueftirlitsyfirvalds:</td></tr>
</table>

XIII. VIÐAUKI

Fyrirmynd að yfirlýsingu seljanda sem um getur í 69. gr.

Yfirlýsing seljanda skv. 3. mgr. 9. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007	
Heiti og heimilisfang seljanda:	
Auðkenni (t.d. númer framleiðslulotu eða birgðanúmer):	Heiti vöru:
Efnisþættir: (Tilgreinið alla efnisþætti sem varan inniheldur/ sem síðast eru notaðir í framleiðsluferlinu) …… …… …… …… ……	
Ég lýsi því yfir að þessi vara var hvorki framleidd úr né með erfðabreyttum lífverum eins og þau hugtök eru notuð í 2. og 9. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007. Ég bý ekki yfir neinum upplýsingum sem gætu bent til þess að þessi yfirlýsing sé röng. Því lýsi ég því yfir að framangreind vara er í samræmi við 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 að því er varðar bann við notkun erfðabreyttra lífvera. Ég skuldbind mig til að tilkynna viðskiptavini okkar og eftirlitsaðila/eftirlityfirvaldi hans um það þegar í stað ef þessi yfirlýsing er dregin til baka, eða henni er breytt, eða ef eitthvað kemur í ljós sem dregur úr nákvæmni hennar. Ég heimila eftirlitsaðilanum eða eftirlitsyfirvaldinu, eins og skilgreint er í 2. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007, sem hefur eftirlit með viðskiptavini okkar, að kanna áreiðanleika þessarar yfirlýsingar og, ef nauðsyn krefur, að taka sýni til greiningar. Ég samþykki einnig að óháðum stofnunum, sem eftirlitsaðilinn hefur tilnefnt skriflega, sé heimilt að framkvæma þetta verkefni. Undirritaður tekur ábyrgð á áreiðanleika þessarar yfirlýsingar.	
Land, staður, dagsetning og undirskrift seljanda:	Fyrirtækjastimpill seljanda (*ef við á*):

XIV. VIÐAUKI

Samsvörunartafla eins og um getur í 96. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 2092/91	(1) Reglugerð (EB) nr. 207/93 (2) Reglugerð (EB) nr. 223/2003 (3) Reglugerð (EB) nr. 1452/2003	Þessi reglugerð
—		1. gr.
—		a-liður 2. gr.
15. mgr. 4. gr.		b-liður 2. gr.
Fyrsti undirliður III. viðauka C		c-liður 2. gr.
Annar undirliður III. viðauka C		d-liður 2. gr.
—		e-liður 2. gr.
—		f-liður 2. gr.
—		g-liður 2. gr.
—		h-liður 2. gr.
24. mgr. 4. gr.		i-liður 2. gr.
—		1. mgr. 3. gr.
Liður 7.1 og 7.2 í I. viðauka B		2. mgr. 3. gr.
Liður 7.4 í I. viðauka B		3. mgr. 3. gr.
Liður 2.4 í I. viðauka A		4. mgr. 3. gr.
Liður 2.3 í I. viðauka A		5. mgr. 3. gr.
—		4. gr.
1. mgr. 6. gr., 3. liður I. viðauka A		5. gr.
Liður 5 í I. viðauka A		6. gr.
I. viðauki B og C (fyrirsagnir)		7. gr.
Liður 3.1 í I. viðauka B		1. mgr. 8. gr.
Liður 3.1 í I. viðauka C		2. mgr. 8. gr.
Liðir 3.4, 3.8, 3.9, 3.10 og 3.11 í I. viðauka B		1. til 4. mgr. 9. gr.
Liður 3.6 í I. viðauka C		5. mgr. 9. gr.
Liður 8.1.1 í I. viðauka B		1. mgr. 10. gr.
Liður 8.2.1 í I. viðauka B		2. mgr. 10. gr.
Liður 8.2.2 í I. viðauka B		3. mgr. 10. gr.
Liður 8.2.3 í I. viðauka B		4. mgr. 10. gr.
Liður 8.3.5 í I. viðauka B		1. mgr. 11. gr.
Liður 8.3.6 í I. viðauka B		2. mgr. 11. gr.
Liður 8.3.7 í I. viðauka B		3. mgr. 11. gr.
Liður 8.3.8 í I. viðauka B		4. og 5. mgr. 11. gr.
Liðir 6.1.9 og 8.4.1 til 8.4.5 í I. viðauka B		1. til 4. mgr. 12. gr.
Liður 6.1.9 í I. viðauka B		5. mgr. 12. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 2092/91	(1) Reglugerð (EB) nr. 207/93 (2) Reglugerð (EB) nr. 223/2003 (3) Reglugerð (EB) nr. 1452/2003	Þessi reglugerð
Liðir 4 og 8.1 til 8.5 í I. viðauka C		13. gr.
Liður 8.1.2 í I. viðauka B		14. gr.
Liðir 7.1 og 7.2 í I. viðauka B		15. gr.
liður 1.2 í I. viðauka B		16. gr.
liður 1.6 í I. viðauka B		1. mgr. 17. gr.
liður 1.7 í I. viðauka B		2. mgr. 17. gr.
liður 1.8 í I. viðauka B		3. mgr. 17. gr.
liður 4.10 í I. viðauka B		4. mgr. 17. gr.
Liður 6.1.2 í I. viðauka B		1. mgr. 18. gr.
Liður 6.1.3 í I. viðauka B		2. mgr. 18. gr.
Liður 7.2 í I. viðauka C		3. mgr. 18. gr.
Liður 6.2.1 í I. viðauka B		4. mgr. 18. gr.
liður 4.3 í I. viðauka B		1. mgr. 19. gr.
Liðir 5.1 og 5.2 í I. viðauka C		2. til 4. mgr. 19. gr.
Liðir 4.1, 4.5, 4.7 og 4.11 í I. viðauka B		20. gr.
liður 4.4 í I. viðauka B		21. gr.
7. gr.		22. gr.
Liðir 3.13, 5.4, 8.2.5 og 8.4.6 í I. viðauka B		23. gr.
Liðir 5.3, 5.4, 5.7 og 5.8 í I. viðauka B		24. gr.
Liður 6 í I. viðauka C		25. gr.
Liðir E.3 og B í III. viðauka		26. gr.
3. mgr. 5. gr. og A- og B-hluti VI. viðauka		27. gr.
3. mgr. 5. gr.		28. gr.
3. mgr. 5. gr.	(1): 3. gr.	29. gr.
Liður B.3 í III. viðauka		30. gr.
7. liður í III. viðauka		31. gr.
Liður E.5 í III. viðauka		32. gr.
Liður 7a í III. viðauka		33. gr.
Liður C.6 í III. viðauka		34. gr.
8. liður III. viðauka og liður A.2.5 í III. viðauka		35. gr.
Liðir 1.1 til 1.4 í I. viðauka A		36. gr.
Liður 2.1.2 í I. viðauka B		37. gr.
Liðir 2.1.1 og 2.2.1,2.3 í I. viðauka B og liðir 2.1 og 2.3 í I. viðauka C		38. gr.
Liður 6.1.6 í I. viðauka B		39. gr.
Liður A1.3 og b-liður í III. viðauka		40. gr.
Liður 1.3 í I. viðauka C		41. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 2092/91	(1) Reglugerð (EB) nr. 207/93 (2) Reglugerð (EB) nr. 223/2003 (3) Reglugerð (EB) nr. 1452/2003	Þessi reglugerð
Fyrsti undirliður í lið 3.4 og b-liður í lið 3.6 í I. viðauka B		42. gr.
liður 4.8 í I. viðauka B		43. gr.
Liður 8.3 í I. viðauka C		44. gr.
3. mgr. 6. gr.		45. gr.
	(3): 1. og 2. mgr. 1. gr.	1. og 2. mgr. 45. gr.
	(3): a-liður 3. gr.	1. mgr. 45. gr.
	(3): 4. gr.	3. mgr. 45. gr.
	(3): 1. mgr. 5. gr.	4. mgr. 45. gr.
	(3): 2. mgr. 5. gr.	5. mgr. 45. gr.
	(3): 3. mgr. 5. gr.	6. mgr. 45. gr.
	(3): 4. mgr. 5. gr.	7. mgr. 45. gr.
	(3): 5. mgr. 5. gr.	8. mgr. 45. gr.
Liður 8.3.4 í I. viðauka B		46. gr.
a-liður í lið 3.6 í I. viðauka B		1. mgr. 47. gr.
liður 4.9 í I. viðauka B		2. mgr. 47. gr.
Liður 3.5 í I. viðauka C		3. mgr. 47. gr.
	(3): 6. gr.	48. gr.
	(3): 7. gr.	49. gr.
	(3): 1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 50. gr.
	(3): 2. mgr. 8. gr.	2. mgr. 50. gr.
	(3): 1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 51. gr.
	(3): 2. og 3. mgr. 9. gr.	2. mgr. 51. gr.
		3. mgr. 51. gr.
	(3): 10. gr.	52. gr.
	(3): 11. gr.	53. gr.
	(3): 1. mgr. 12. gr.	1. mgr. 54. gr.
	(3): 2. mgr. 12. gr.	2. mgr. 54. gr.
	(3): 13. gr.	55. gr.
	(3): 14. gr.	56. gr.
		57. gr.
		58. gr.
	(2): 1. og 5. gr.	59. gr.
	(2): 5. og 3. gr.	60. gr.
	(2): 4. gr.	61. gr.
5. mgr. 5. gr.		62. gr.
3. liður III. viðauka		63. gr.
4. liður III. viðauka		64. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 2092/91	(1) Reglugerð (EB) nr. 207/93 (2) Reglugerð (EB) nr. 223/2003 (3) Reglugerð (EB) nr. 1452/2003	Þessi reglugerð
5. liður III.viðauka		65. gr.
6. liður III. viðauka		66. gr.
10. liður III. viðauka		67. gr.
—		68. gr.
—		69. gr.
Liður A.1. í III. viðauka		70. gr.
Liður A.1.2. í III. viðauka		71. gr.
—		72. gr.
Liður A.1.3 í III. viðauka		73. gr.
Liður A.2.1 í III. viðauka		74. gr.
Liður A.2.2 í III. viðauka		75. gr.
Liður A.2.3 í III. viðauka		76. gr.
liður 5.6 í I. viðauka B		77. gr.
Liðir 5.5, 6.7, 7.7 og 7.8 í I. viðauka C		78. gr.
Liður A.2.4 í III. viðauka		79. gr.
Liður B.1. í III. viðauka		80. gr.
III. VIÐAUKI C		81. gr.
Liður C.1. í III. viðauka		82. gr.
Liður C.2. í III. viðauka		83. gr.
Liður C.3. í III. viðauka		84. gr.
Liður C.5. í III. viðauka		85. gr.
Liður D í III. viðauka		86. gr.
Liður E í III. viðauka		87. gr.
Liður E.1. í III. viðauka		88. gr.
Liður E.2. í III. viðauka		89. gr.
Liður E.4. í III. viðauka		90. gr.
9. liður III. viðauka		91. gr.
11. liður III. viðauka		92. gr.
		93. gr.
—		94. gr.
Liður 6.1.5 í I. viðauka B		1. mgr. 95. gr.
Liður 8.5.1 í I. viðauka B		2. mgr. 95. gr.
—		3. til 8. mgr. 95. gr.
—		95. gr.
—		96. gr.
—		97. gr.
A-hluti II. viðauka		I. viðauki

Reglugerð (EBE) nr. 2092/91	(1) Reglugerð (EB) nr. 207/93 (2) Reglugerð (EB) nr. 223/2003 (3) Reglugerð (EB) nr. 1452/2003	Þessi reglugerð
B-hluti II. viðauka		II. viðauki
VIII. viðauki		III. viðauki
VII. viðauki		IV. viðauki
C-hluti II. viðauka.		V. viðauki
D-hluti II. viðauka.		VI. viðauki
E-hluti II. viðauka.		VII. viðauki
A- og B-hluti VI. viðauka		VIII. viðauki
C-hluti VI. viðauka.		IX. viðauki
—		X. viðauki
—		XI. viðauki
—		XIII. viðauki
—		IX. viðauki

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 967/2008 **2017/EES/24/06**

frá 29. september 2008

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]) voru innleiddar reglur um lögboðnar upplýsingar sem nota skal fyrir lífrænar vörur, sem frá 1. janúar 2009 fela í sér notkun kennimerkis Bandalagsins á forpökkuð matvæli, í samræmi við b-lið 1. mgr. 24. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Fram hefur komið að hægt sé að rugla núverandi kennimerki Bandalagsins, skv. V. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ([2]), saman við önnur gildandi kennimerki fyrir verndaðar, landfræðilegar merkingar og verndaðar upprunatáknanir, samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1898/2006 frá 14. desember 2006 um nákvæmar reglur um framkvæmd á reglugerð ráðsins (EB) nr. 510/2006 um vernd landfræðilegra merkinga og upprunatáknana fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli ([3]), og saman við kennimerkið fyrir hefðbundnar afurðir eða matvæli sem viðurkennt er að hafi tiltekin sérkenni, eins og skilgreint er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1216/2007 frá 18. október 2007 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 509/2006 um landbúnaðarafurðir og matvæli sem hefðbundnar afurðir eða matvæli sem viðurkennt er að hafi tiltekin sérkenni ([4]).

3) Það er mikilvægt, með tilliti til skilnings neytenda, að tryggja upplýsandi merkingar með greinilegu og aðlaðandi kennimerki Bandalagsins, sem táknar lífræna framleiðslu og auðkennir vörurnar með greinilegum hætti. Það tekur tiltekinn tíma að útfæra slíkt kennimerki Bandalagsins og að kynna það almenningi.

4) Til að forðast óþarfa fjárhagslegar og skipulagslegar byrðar fyrir rekstraraðila skal fresta lögboðinni notkun kennimerkis Bandalagsins um þann tíma sem þarf til að útfæra nýtt kennimerki Bandalagsins. Þessi ákvörðun kemur ekki í veg fyrir að rekstraraðilar noti, að eigin frumkvæði, núverandi kennimerki sem skilgreint er í V. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 834/2007 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007:

„Þó skulu ákvæði b- og c-liðar 1. mgr. 24. gr. gilda frá og með 1. janúar 2010.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 264, 3.10.2008, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 369, 23.12.2006, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 275, 19.10.2007, bls. 3.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. september 2008.

Fyrir hönd ráðsins,

M. BARNIER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1235/2008 2017/EES/24/07

frá 8. desember 2008

um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 2. mgr. 33. gr., d-lið 38. gr. og 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 32. og 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er mælt fyrir um almenn ákvæði vegna innflutnings á lífrænum vörum. Með það fyrir augum að tryggja rétta og samræmda beitingu þessara ákvæða skal mælt fyrir um ítarlegar reglur og málsmeðferðarreglur varðandi beitingu þessara ákvæða.

2) Þar sem veruleg reynsla hefur fengist allt frá árinu 1992 að því er varðar innflutning vara þar sem lagðar eru fram jafngildar tryggingar skal veita eftirlitsaðilum og eftirlitsyfirvöldum tiltölulega skamman tíma til að óska eftir að verða færð á skrána yfir jafngildi skv. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Hins vegar skal veita eftirlitsaðilum og eftirlitsyfirvöldum, sem óska eftir að verða færð á skrána yfir samræmi skv. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, lengri tíma þar sem engin reynsla er af beinni beitingu á reglum Bandalagsins um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara utan yfirráðasvæðis Bandalagsins. Því skal veita lengri frest til að leggja fram þessar beiðnir og fyrir meðferð þeirra.

3) Viðkomandi rekstraraðilar verða að geta lagt fram skrifleg sönnunargögn að því er varðar vörur sem fluttar eru inn skv. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Nauðsynlegt er að koma á fyrirmynd að þessum skriflegu sönnunargögnum. Afurðir, sem eru fluttar inn skv. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, skulu falla undir skoðunarvottorð. Nauðsynlegt er að mæla fyrir um ítarlegar reglur að því er varðar útgáfu slíks skoðunarvottorðs. Auk þess skal mæla fyrir um málsmeðferð til að samræma á vettvangi Bandalagsins tiltekið eftirlit með vörum sem fluttar eru inn frá þriðju löndum og ætlunin er að markaðssetja innan Bandalagsins sem lífræna framleiðslu.

4) Argentína, Ástralía, Kostaríka, Indland, Ísrael, Nýja-Sjáland og Sviss voru áður skráð sem þriðju lönd þaðan sem heimilt er að markaðssetja innfluttar vörur sem lífræna framleiðslu innan Bandalagsins, samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 345/2008 frá 17. apríl 2008 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ([2]). Framkvæmdastjórnin hefur endurskoðað stöðu þessara landa samkvæmt viðmiðunum, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 834/2007, með tilliti til gildandi framleiðslureglna og þeirrar reynslu sem fengist hefur af innflutningi lífrænna vara frá þessum þriðju löndum sem áður voru skráð skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/2091. Á grundvelli þessa er niðurstaðan sú að Argentína, Ástralía, Kostaríka, Indland, Ísrael og Nýja-Sjáland uppfylli skilyrðin til að vera færð á skrána yfir jafngild þriðju lönd skv. 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

5) Evrópubandalagið og Ríkjasambandið Sviss hafa gert samning um viðskipti með landbúnaðarafurðir ([3]) sem samþykktur var með ákvörðun ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar 2002/309/EB ([4]). Ákvæði 9. viðauka við þann samning gilda um lífrænt ræktaðar landbúnaðarafurðir og matvæli og þar er tilgreint að aðilar hans verði að grípa til nauðsynlegra ráðstafana svo að unnt sé að flytja inn og setja á markað lífrænar vörur sem eru í samræmi við lög og reglugerðir hins aðilans. Til glöggvunar skal einnig bæta Sviss á skrána yfir jafngild þriðju lönd skv. 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

6) Yfirvöld aðildarríkjanna hafa öðlast mikilvæga reynslu og sérþekkingu þegar kemur að því að veita lífrænum innflutningsvörum aðgang að yfirráðasvæði Bandalagsins. Til að koma á og halda skrár yfir þriðju lönd, eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld skal styðjast við þessa reynslu og framkvæmdastjórnin á að geta tekið til greina skýrslur frá aðildarríkjunum og öðrum sérfræðingum. Þeim verkefnum, sem þetta kallar á, skal úthlutað með sanngjörnum hætti og í réttu hlutfalli.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 108, 18.4.2008, bls. 8.

([3]) Stjtíð. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132.

([4]) Stjtíð. EB L 114, 30.4.2002, bls. 1.

7) Einnig skal kveða á um umbreytingarráðstafanir sem gilda um umsóknir þriðju landa sem framkvæmdastjórnin hefur móttekið fyrir 1. janúar 2009, gildistökudagsetningu reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

8) Til að raska ekki alþjóðaviðskiptum og til að auðvelda umskiptin á milli þeirra reglna sem komið var á með reglugerð (EBE) nr. 2092/2091 og þeirra sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 834/2007 er nauðsynlegt að bjóða aðildarríkjunum áfram upp á þann kost að heimila innflytjendum í hverju tilviki fyrir sig að setja vörur á markað í Bandalaginu þar til gerðar hafa verið nauðsynlegar ráðstafanir til innleiðingar nýrra innflutningsreglna, einkum að því er varðar viðurkenningu á þeim eftirlitsaðilum og eftirlitsyfirvöldum sem um getur í 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Horfið skal frá þessum kosti í áföngum eftir því sem skráin yfir eftirlitsaðilana, sem um getur í greininni, er fullgerð.

9) Til að auka gagnsæi og tryggja beitingu þessarar reglugerðar skal gera ráð fyrir því að koma á fót rafrænu kerfi fyrir upplýsingaskipti á milli framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna, þriðju landanna, eftirlitsaðilanna og eftirlitsyfirvaldanna.

10) Þær ítarlegu reglur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð koma í stað þeirra sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 345/2008 og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 605/2008 frá 20. júní 2008 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd ákvæðanna er varða skoðunarvottorð vegna innflutnings frá þriðju löndum skv. 11. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ([1]). Því skulu þessar reglugerðir felldar úr gildi og ný reglugerð koma í þeirra stað.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

INNGANGSÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um innflutning vara sem uppfylla kröfur og innflutning vara þar sem lagðar eru fram jafngildar tryggingar eins og kveðið er á um í 32. og 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „skoðunarvottorð“: skoðunarvottorðið sem um getur í d-lið 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og nær yfir eina vörusendingu,

2. „skriflegt sönnunargagn“: skjalið sem um getur í 68. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([2]) og í 6. gr. þessarar reglugerðar en fyrirmynd skjalsins er sett fram í II. viðauka við þessa reglugerð,

3. „vörusending“: magn vara samkvæmt einu eða fleiri númerum sameinuðu nafnaskrárinnar sem falla undir eitt skoðunarvottorð, eru fluttar með sama flutningatæki og fluttar inn frá sama þriðja landi,

4. „fyrsti viðtakandi“: sá einstaklingur eða lögaðili sem er skilgreindur í d-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008,

5. „sannprófun vörusendingar“: sannprófun viðkomandi yfirvalda aðildarríkis á því að skoðunarvottorð uppfylli 13. gr. þessarar reglugerðar og, telji yfirvöldin það eiga við, að vörurnar standist kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 834/2007, í reglugerð (EB) nr. 889/2008 og í þessari reglugerð,

6. „viðkomandi yfirvöld aðildarríkja“: tollyfirvöld eða önnur yfirvöld sem aðildarríkin tilnefna,

7. „matsskýrsla“: matsskýrslan sem um getur í 2. mgr. 32. gr. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og er samantekt frá óháðum þriðja aðila sem uppfyllir kröfur ISO-staðals 17011 eða frá viðkomandi lögbæru yfirvaldi og skal innihalda upplýsingar um endurskoðun skjala, þ.m.t. þær lýsingar sem um getur í b-lið 3. mgr. 4. gr. og b-lið 3. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar, um skrifstofuúttektir, þ.m.t. mikilvæg svæði og um áhættumiðaðar vitnisúttektir sem eru framkvæmd í viðkomandi þriðju löndum.

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 27.6.2008, bls. 3.

([2]) Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

II. BÁLKUR

INNFLUTNINGUR VARA SEM UPPFYLLA KRÖFUR

1. KAFLI

Skrá yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar samræmi

3. gr.

Samantekt og efni skrárinnar yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar samræmi

1. Framkvæmdastjórnin skal gera skrá yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar samræmi skv. 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Skrána skal birta í I. viðauka við þessa reglugerð. Í 4., 16. og 17. gr. þessarar reglugerðar eru skilgreindar þær málsmeðferðarreglur sem nota skal þegar skráin er samin og henni breytt. Skráin skal vera aðgengileg almenningi á Netinu í samræmi við 4. mgr. 16. gr. og 17. gr. þessarar reglugerðar.

2. Skráin skal innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar að því er varðar hvern eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald til að hægt sé að sannprófa hvort þær vörur sem settar eru á markað í Bandalaginu hafi sætt eftirliti af hálfu eftirlitsaðila eða -yfirvalds sem hefur hlotið viðurkenningu í samræmi við 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, einkum eftirfarandi:

a) heiti og heimilisfang eftirlitsaðilans eða eftirlitsyfirvaldsins, þ.m.t. tölvupóstfang, veffang og kenninúmer,

b) þau þriðju lönd sem um er að ræða og þar sem vörurnar eiga uppruna sinn,

c) vöruflokka sem um ræðir fyrir hvert þriðju landanna,

d) hversu lengi færsla eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalds á skránni gildir,

e) veffangið þar sem er að finna skrá yfir rekstraraðila sem falla undir eftirlitskerfið, vottunarstöðu þeirra og þá vöruflokka sem um er að ræða, auk rekstraraðila og vara með tímabundna eða varanlega ógildingu vottunar.

4. gr.

Málsmeðferð vegna beiðna um færslu á skrá yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar samræmi

1. Framkvæmdastjórnin skal taka til athugunar hvort viðurkenna skuli eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald og bæta því á skrána, sem kveðið er á um í 3. gr., að móttekinni beiðni um færslu á skrána frá fulltrúa viðkomandi eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalds. Við samantekt fyrstu skrárinnar skal aðeins taka til greina fullgerðar beiðnir sem hafa borist fyrir 31. október 2011 og byggjast á fyrirmyndinni að umsókn sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengilega í samræmi við 2. mgr. 17. gr. Að því er varðar næstu almanaksár verða aðeins teknar til greina fullgerðar beiðnir sem borist hafa fyrir 31. október ár hvert.

2. Eftirlitsaðilar og eftirlitsyfirvöld innan Bandalagsins eða þriðju landa geta lagt fram beiðnina.

3. Beiðnin skal felast í tæknilegum málsskjölum með öllum nauðsynlegum upplýsingum til að framkvæmdastjórnin geti tryggt að allar lífrænar vörur sem ætlunin er að flytja út til Bandalagsins uppfylli þau skilyrði sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, nánar tiltekið:

a) yfirliti yfir starfsemi eftirlitsaðilans eða eftirlitsyfirvaldsins í því þriðja landi eða þriðju löndum sem um er að ræða, þar sem kemur fram áætlaður fjöldi hlutaðeigandi rekstraraðila og upplýsingar um áætlað eðli og magn þeirra landbúnaðarafurða og matvæla sem eiga uppruna sinn í viðkomandi þriðja landi eða þriðju löndum og eru ætluð til útflutnings til Bandalagsins samkvæmt þeim reglum sem settar eru fram í 1. og 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007,

b) ítarlegri lýsingu á því hvernig II., III. og IV. bálkur reglugerðar (EB) nr. 834/2007, auk ákvæða reglugerðar (EB) nr. 889/2008, hafa komið til framkvæmda í þriðja landinu eða í hverju þeirra þriðju landa sem um ræðir,

c) afriti af matsskýrslunni samkvæmt fjórðu undirgrein 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007:

   i. sem sannar að geta eftirlitsaðilans eða eftirlitsyfirvaldsins til að fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 hafi verið metin með fullnægjandi hætti,

   ii. sem tryggir þá þætti sem um getur í 2., 3., 5., 6. og 12. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007,

   iii. sem sér til þess að eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið uppfylli þær eftirlitskröfur og varúðarráðstafanir sem settar eru fram í IV. bálki reglugerðar (EB) nr. 889/2008 og

iv. staðfestir að viðkomandi aðili hafi hrundið eftirlitsstarfsemi sinni í framkvæmd með skilvirkum hætti samkvæmt þessum skilyrðum og kröfum,

d) sönnun þess að eftirlitsaðilinn eða -yfirvaldið hafi gert yfirvöldum viðkomandi þriðja lands kunnugt um starfsemi sína og skuldbindi sig til að virða þau lagaskilyrði sem yfirvöld viðkomandi þriðja lands setja því,

e) veffangi þar sem er að finna skrá yfir rekstraraðila sem falla undir eftirlitskerfið, auk tengiliðar þar sem auðvelt er að nálgast upplýsingar um vottunarstöðu þeirra, þá vöruflokka sem um ræðir, auk rekstraraðila og vörur með tímabundna eða varanlega ógildingu vottunar,

f) skuldbindingu um að uppfylla ákvæði 5. gr. þessarar reglugerðar,

g) hvers kyns öðrum upplýsingum sem eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið eða framkvæmdastjórnin telur skipta máli.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt, þegar beiðni um færslu á skrána yfir eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvöld er tekin til athugunar, og einnig hvenær sem er að skráningu lokinni, að óska eftir hvers kyns frekari upplýsingum, þ.m.t. kynningu á einni eða fleiri vettvangsrannsóknarskýrslum frá óháðum sérfræðingum. Ef grunur leikur á frávikum er framkvæmdastjórninni auk þess heimilt, á grundvelli áhættumats, að fela sérfræðingum sem hún hefur sjálf tilnefnt að framkvæma vettvangsrannsókn.

5. Framkvæmdastjórnin skal meta hvort tæknilegu málsskjölin sem um getur í 3. mgr. og upplýsingarnar sem um getur í 4. mgr. séu fullnægjandi og getur í kjölfarið ákveðið að viðurkenna eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald og bæta þeim á skrána. Ákvörðunin skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

5. gr.

Umsýsla og endurskoðun skrárinnar yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar samræmi

1. Aðeins má bæta eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvaldi á skrána sem um getur í 3. gr. að uppfylltum eftirfarandi skuldbindingum:

a) ef einhverjar breytingar verða á þeim ráðstöfunum, sem eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald grípur til, eftir að eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvaldi hefur verið bætt á skrána, skal sá eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald tilkynna framkvæmdastjórninni það og einnig skal tilkynna fram kvæmdastjórninni um beiðnir um að breyta upplýsingum að því er varðar eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald sem um getur í 2. mgr. 3. gr.,

b) eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald sem er að finna á skránni skal hafa aðgengilegar allar upplýsingar sem varða eftirlitsstarfsemina í þriðja landinu og afhenda þær um leið og þess er óskað og eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald skal veita sérfræðingum, sem framkvæmdastjórnin tilnefnir, aðgang að skrifstofum sínum og starfsstöðvum,

c) fyrir 31. mars ár hvert skal eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald senda framkvæmdastjórninni hnitmiðaða ársskýrslu þar sem uppfærðar eru upplýsingarnar í tæknilegu málsskjölunum sem um getur í 3. mgr. 4. gr. og í ársskýrslunni skal greint frá þeirri eftirlitsstarfsemi sem eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið hefur annast í þriðju löndunum á næstliðnu ári, þeim niðurstöðum sem fengist hafa, frávikum og brotum sem komið hafa í ljós og ráðstöfunum til úrbóta, auk þess skal skýrslan innihalda nýjustu matsskýrsluna eða uppfærslu á henni, með upplýsingum um niðurstöður úr reglulegum vettvangsrannsóknum, -eftirliti og -endurmati til margra ára sem um getur í 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, og er framkvæmdastjórninni heimilt að óska eftir öllum öðrum upplýsingum sem hún telur nauðsynlegar,

d) í ljósi þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni berast getur hún hvenær sem er breytt forskriftunum að því er varðar eftirlitsaðilann eða eftirlitsyfirvaldið og fellt færslu þess aðila eða yfirvalds á skrána, sem um getur í 3. gr., tímabundið úr gildi, einnig má taka svipaða ákvörðun þegar eftirlitsaðili eða -yfirvald hefur ekki afhent þær upplýsingar sem krafist er eða hefur ekki samþykkt vettvangsrannsókn,

e) eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald skal hafa stöðugt uppfærða skrá yfir rekstraraðila og vörur sem hlotið hafa lífræna vottun aðgengilega hagsmunaaðilum á vefsetri á Netinu.

2. Ef eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald sendir ekki ársskýrsluna sem um getur í c-lið 1. mgr., hefur ekki aðgengilegar eða tilkynnir ekki allar upplýsingar sem varða tæknileg málsskjöl, eftirlitskerfi eða uppfærða skrá þess yfir rekstraraðila og vörur sem hlotið hafa lífræna vottun, eða samþykkir ekki vettvangsrannsókn, sem framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir, innan tímaramma sem framkvæmdastjórnin skal ákveða samkvæmt alvarleika vandamálsins og sem má almennt ekki vera skemmri en 30 dagar, má fella þann eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald brott af skránni yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld, í samræmi við þá málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

Ef eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald grípur ekki til skjótra og viðeigandi aðgerða til úrbóta skal framkvæmdastjórnin fella færslu viðkomandi brott af skránni án tafar.

2. KAFLI

Skrifleg sönnunargögn sem krafist er vegna innflutnings vara sem uppfylla kröfur

6. gr.

Skrifleg sönnunargögn

1. Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar skulu þau skriflegu sönnunargögn, sem krafist er vegna innflutnings vara sem uppfylla kröfur og um getur í c-lið 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, byggjast á fyrirmyndinni sem sett er fram í II. viðauka við þessa reglugerð og innihalda a.m.k. alla þá þætti sem eru hluti af þeirri fyrirmynd.

2. Upprunalegu skriflegu sönnunargögnin skulu útbúin af eftirlitsyfirvaldi eða þeim eftirlitsaðila sem hefur verið falið að gefa út viðkomandi skjal samkvæmt ákvörðun sem um getur í 4. gr.

3. Yfirvald eða aðili sem gefur út hin skriflegu sönnunargögn skal fara eftir þeim reglum sem settar eru í samræmi við 2. mgr. 17. gr. og í fyrirmynd, athugasemdum og leiðbeiningum sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengilegar í gegnum tölvukerfið sem gerir rafræna miðlun á skjölum og upplýsingum mögulega og um getur í 1. mgr. 17. gr.

III. BÁLKUR

INNFLUTNINGUR VARA ÞAR SEM LAGÐAR ERU FRAM JAFNGILDAR TRYGGINGAR

1. KAFLI

Skrá yfir viðurkennd þriðju lönd

7. gr.

Samantekt og innihald skrárinnar yfir þriðju lönd

1. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skrá yfir viðurkennd þriðju lönd í samræmi við 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Skráin yfir viðurkennd lönd er sett fram í III. viðauka við þessa reglugerð. Í 8. og 16. gr. þessarar reglugerðar eru skilgreindar þær málsmeðferðarreglur sem nota skal þegar skráin er samin og henni breytt. Breytingar á skránni skulu gerðar aðgengilegar almenningi á Netinu í samræmi við 4. mgr. 16. gr. og 17. gr. þessarar reglugerðar.

2. Skráin skal innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar að því er varðar hvert þriðja land til að hægt sé að sannprófa hvort þær vörur sem settar eru á markað í Bandalaginu hafi fallið undir eftirlitskerfi viðkomandi þriðja lands sem hefur hlotið viðurkenningu í samræmi við 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, einkum eftirfarandi:

a) viðkomandi vöruflokka,

b) uppruna varanna,

c) tilvísun í framleiðslustaðlana sem gilda í þriðja landinu,

d) lögbært yfirvald í þriðja landinu sem ber ábyrgð á eftirlitskerfinu, heimilisfang þess, tölvupóstfang og veffang,

e) eftirlitsyfirvald eða -yfirvöld í þriðja landinu og/eða eftirlitsaðili eða -aðilar sem hafa hlotið viðurkenningu af hálfu fyrrnefnds lögbærs yfirvalds til að sinna eftirliti, heimilisföng þeirra og, þar sem það á við, tölvupóstföng og vefföng,

f) yfirvald eða yfirvöld eða eftirlitsaðili eða -aðilar í þriðja landinu sem bera ábyrgð á því að gefa út vottorð í því skyni að flytja vörur inn til Bandalagsins, heimilisföng þeirra og kenninúmer og, þar sem það á við, tölvupóstföng og vefföng,

g) hversu lengi færsla eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalds á skránni gildir.

8. gr.

Málsmeðferð vegna beiðni um færslu á skrána yfir þriðju lönd

1. Framkvæmdastjórnin skal taka til athugunar hvort bæta skuli þriðja landi á skrána, sem kveðið er á um í 7. gr., að móttekinni beiðni um færslu á skrána frá fulltrúa viðkomandi þriðja lands.

2. Framkvæmdastjórninni ber aðeins skylda til að taka til athugunar þær skráningarbeiðnir sem uppfylla eftirfarandi skilyrði.

Skráningarbeiðnin skal fullgerð með tæknilegum málsskjölum sem skulu innihalda allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin þarf til að tryggja að skilyrðin, sem sett eru fram í 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, séu uppfyllt hvað varðar vörur sem ætlunin er að flytja út til Bandalagsins, nánar tiltekið:

a) almennar upplýsingar um þróun lífrænnar framleiðslu í þriðja landinu, þær vörur sem framleiddar eru, ræktunarsvæði, framleiðsluhéruð, fjölda framleiðenda, matvælavinnslu sem þar fer fram,

b) upplýsingar um áætlað eðli og magn lífrænna landbúnaðarafurða og matvæla sem ætluð eru til útflutnings til Bandalagsins,

c) upplýsingar um framleiðslustaðlana sem gilda í þriðja landinu, auk mats á jafngildi þeirra gagnvart þeim stöðlum sem gilda í Bandalaginu,

d) upplýsingar um eftirlitskerfi sem stuðst er við í þriðja landinu, þ.m.t. vöktun og eftirlit sem lögbær yfirvöld í þriðja landinu láta fara fram, auk mats á því hvort skilvirkni kerfisins sé jafngild í samanburði við þau eftirlitskerfi sem starfrækt eru í Bandalaginu,

e) veffang eða annað aðsetur þar sem er að finna skrá yfir rekstraraðila sem falla undir eftirlitskerfið, auk tengiliðar þar sem auðvelt er að nálgast upplýsingar um vottunarstöðu þeirra og þá vöruflokka sem um er að ræða,

f) þær upplýsingar sem þriðja landið vill að komi fram í skránni sem um getur í 7. gr.,

g) skuldbindingu um að uppfylla ákvæði 9. gr.,

h) hvers kyns aðrar upplýsingar sem þriðja landið eða framkvæmdastjórnin telur skipta máli.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt, þegar beiðni um færslu á skrána yfir viðurkennd þriðju lönd er tekin til athugunar, og einnig hvenær sem er að skráningu lokinni, að óska eftir hvers kyns frekari upplýsingum, þ.m.t. kynningu á einni eða fleiri vettvangsrannsóknarskýrslum frá óháðum sérfræðingum. Ef grunur leikur á frávikum er framkvæmdastjórninni auk þess heimilt, á grundvelli áhættumats, að fela sérfræðingum sem hún hefur sjálf tilnefnt að framkvæma vettvangsrannsókn.

4. Framkvæmdastjórnin skal meta hvort tæknilegu málsskjölin sem um getur í 2. mgr. og upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. séu fullnægjandi og getur í kjölfarið ákveðið að viðurkenna þriðja land og bæta því á skrána. Ákvörðunin skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

9. gr.

Starfræksla og endurskoðun skrárinnar yfir þriðju lönd

1. Framkvæmdastjórninni er aðeins skylt að taka til greina skráningarbeiðnir þegar þriðja landið skuldbindur sig til að samþykkja eftirfarandi skilyrði:

a) ef einhverjar breytingar verða á gildandi ráðstöfunum í þriðja landinu eða framkvæmd þeirra eftir að þriðja landi hefur verið bætt á skrána, einkum hvað varðar eftirlitskerfi þess, skal viðkomandi þriðja land tilkynna framkvæmdastjórninni það og einnig skal tilkynna framkvæmdastjórninni um beiðnir um að breyta upplýsingum að því er varðar þriðja landið sem um getur í 2. mgr. 7. gr.,

b) ársskýrslan, sem um getur í 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, þar sem uppfærðar eru upplýsingarnar í tæknilegu málsskjölunum sem um getur í 2. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar og í ársskýrslunni skal einkum greint frá vöktun og eftirliti sem lögbær yfirvöld í þriðja landinu láta fara fram, niðurstöðum sem fengist hafa og ráðstöfunum til úrbóta,

c) í ljósi þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni berast getur hún hvenær sem er breytt forskriftunum að því er varðar þriðja landið og fellt færslu þess lands á skrána, sem um getur í 7. gr., tímabundið úr gildi, einnig má taka svipaða ákvörðun þegar þriðja land hefur ekki afhent þær upplýsingar sem krafist er eða hefur ekki samþykkt vettvangsrannsókn,

2. Ef þriðja land sendir ekki ársskýrsluna sem um getur í 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, hefur ekki aðgengilegar eða tilkynnir allar upplýsingar sem varða tæknileg málsskjöl eða eftirlitskerfi þess eða samþykkir ekki vettvangsrannsókn, sem framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir, innan þess tímaramma sem framkvæmdastjórnin skal ákveða í samræmi við alvarleika vandamálsins og sem má almennt ekki vera skemmri en 30 dagar, er heimilt að fella viðkomandi þriðja land brott af skránni, í samræmi við þá málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

2. KAFLI

Skrá yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar samræmi

10. gr.

Samantekt og efni skrárinnar yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar jafngildi

1. Framkvæmdastjórnin skal gera skrá yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar jafngildi í samræmi við 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Skrána skal birta í IV. viðauka við þessa reglugerð. Í 11., 16. og 17. gr. þessarar reglugerðar eru skilgreindar þær málsmeðferðarreglur sem nota skal þegar skráin er samin og henni breytt. Skráin skal vera aðgengileg almenningi á Netinu í samræmi við 4. mgr. 16. gr. og 17. gr. þessarar reglugerðar.

2. Skráin skal innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar að því er varðar hvern eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald til að hægt sé að sannprófa hvort þær vörur sem settar eru á markað í Bandalaginu hafi sætt eftirliti af hálfu eftirlitsaðila eða -yfirvalds sem hefur hlotið viðurkenningu í samræmi við 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, einkum eftirfarandi:

a) heiti, heimilisfang og kenninúmer eftirlitsaðilans eða -yfirvaldsins, og, þar sem það á við, tölvupóstfang og veffang viðkomandi,

b) þriðju lönd sem ekki er að finna á skránni sem kveðið er á um í 7. gr. þar sem viðkomandi vörur eru upprunnar,

c) vöruflokka sem um ræðir fyrir hvert þriðju landanna,

d) hversu lengi færsla eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalds á skránni gildir og

e) veffang þar sem er að finna skrá yfir rekstraraðila sem falla undir eftirlitskerfið, auk tengiliðar þar sem auðvelt er að nálgast upplýsingar um vottunarstöðu þeirra, þá vöruflokka sem um ræðir, auk rekstraraðila og vörur með tímabundna eða varanlega ógildingu vottunar.

3. Þrátt fyrir b-lið 2. mgr. má bæta vörum, sem eiga uppruna sinn í þriðju löndum sem eru á skránni yfir viðurkennd þriðju lönd sem um getur í 7. gr. og sem tilheyra flokki sem ekki er getið um í skránni, á skrána sem kveðið er á um í þessari grein.

11. gr.

Málsmeðferð vegna beiðna um færslu á skrá yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar jafngildi

1. Framkvæmdastjórnin skal taka til athugunar að bæta eftirlitsaðilum eða eftirlitsyfirvöldum á skrána, sem kveðið er á um í 10. gr., að fenginni skráningarbeiðni frá fulltrúa viðkomandi eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalda sem byggist á fyrirmyndinni af umsókn sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengilega í samræmi við 2. mgr. 17. gr. Aðeins skal taka til athugunar fullgerðar beiðnir sem hafa borist fyrir 31. október 2009 við samantekt fyrstu skrárinnar. Næstu almanaksár skal framkvæmdastjórnin skuldbinda sig til að uppfæra skrána reglulega eins og við á samkvæmt fullgerðum beiðnum sem borist hafa fyrir 31. október ár hvert.

2. Eftirlitsaðilar og eftirlitsyfirvöld innan Bandalagsins eða þriðju landa geta lagt fram beiðnina.

3. Skráningarbeiðnin skal samanstanda af tæknilegum málsskjölum sem skulu innihalda allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin þarf til að tryggja að skilyrðin, sem sett eru fram í 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, séu uppfyllt hvað varðar vörur sem ætlunin er að flytja út til Bandalagsins, nánar tiltekið:

a) yfirlit yfir starfsemi eftirlitsaðilans eða eftirlitsyfirvaldsins í því þriðja landi eða þriðju löndum sem um er að ræða, þar sem kemur fram áætlaður fjöldi hlutaðeigandi rekstraraðila og áætlað eðli og magn þeirra landbúnaðarafurða og matvæla sem eru ætluð til útflutnings til Bandalagsins samkvæmt þeim reglum sem settar eru fram í 1. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007,

b) lýsingu á þeim framleiðslustöðlum og eftirlitsráðstöfunum sem beitt er í þriðju löndunum, þ.m.t. mat á jafngildi þessara staðla og ráðstafana gagnvart III., IV. og V. bálki reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og gagnvart tilheyrandi framkvæmdarreglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 889/2008,

c) afrit af matsskýrslunni samkvæmt fjórðu undirgrein 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007:

i. sem sannar að geta eftirlitsaðilans eða eftirlitsyfirvaldsins til að fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru fram í 1. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 hafi verið metin með fullnægjandi hætti,

ii. staðfestir að viðkomandi aðili hafi hrundið starfsemi sinni í framkvæmd með skilvirkum hætti samkvæmt þessum skilyrðum og iii. sýnir fram á og staðfestir jafngildi framleiðslustaðlanna og varnarráðstafananna sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar,

d) sönnun þess að eftirlitsaðilinn eða -yfirvaldið hafi gert yfirvöldum hvers þriðja lands kunnugt um starfsemi sína og skuldbindi sig til að virða þau lagaskilyrði sem yfirvöld hvers þriðja lands setja því,

e) veffang þar sem er að finna skrá yfir rekstraraðila sem falla undir eftirlitskerfið, auk tengiliðar þar sem auðvelt er að nálgast upplýsingar um vottunarstöðu þeirra, þá vöruflokka sem um ræðir, auk rekstraraðila og vörur með tímabundna eða varanlega ógildingu vottunar,

f) skuldbindingu um að uppfylla ákvæði 12. gr.,

g) hvers kyns aðrar upplýsingar sem eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið eða framkvæmdastjórnin telur skipta máli.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt, þegar beiðni um færslu á skrána yfir eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvöld er tekin til athugunar, og einnig hvenær sem er að skráningu lokinni, að óska eftir hvers kyns frekari upplýsingum, þ.m.t. kynningu á einni eða fleiri vettvangsrannsóknarskýrslum frá óháðum sérfræðingum. Enn fremur getur framkvæmdastjórnin, með nálgun, byggðri á áhættumati og þegar grunur leikur á frávikum, skipulagt vettvangsrannsókn sérfræðinga sem hún hefur sjálf tilnefnt.

5. Framkvæmdastjórnin skal meta hvort tæknilegu málsskjölin sem um getur í 2. mgr. og upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. séu fullnægjandi og getur í kjölfarið ákveðið að viðurkenna eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald og bæta þeim á skrána. Ákvörðunin skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

12. gr.

Umsýsla og endurskoðun skrárinnar yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar jafngildi

1. Aðeins má bæta eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvaldi á skrána sem um getur í 10. gr. að uppfylltum eftirfarandi skuldbindingum:

a) ef einhverjar breytingar verða á þeim ráðstöfunum, sem eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald grípur til, eftir að eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvaldi hefur verið bætt á skrána, skal sá eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald tilkynna framkvæmdastjórninni það og einnig skal tilkynna framkvæmdastjórninni um beiðnir um að breyta upplýsingum að því er varðar eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald sem um getur í 2. mgr. 10. gr.,

b) eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald skal senda hnitmiðaða ársskýrslu til framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 31. mars ár hvert. Í ársskýrslunni eru uppfærðar upplýsingarnar í tæknilegu málsskjölunum sem um getur í 3. mgr. 11. gr. og í ársskýrslunni skal greint frá þeirri eftirlitsstarfsemi sem eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið hefur annast í þriðju löndunum á næstliðnu ári, þeim niðurstöðum sem fengist hafa, frávikum og brotum sem komið hafa í ljós og ráðstöfunum til úrbóta, auk þess skal skýrslan innihalda nýjustu matsskýrsluna eða uppfærslu á henni, með upplýsingum um niðurstöður úr reglulegum vettvangsrannsóknum, -eftirliti og -endurmati til margra ára sem um getur í 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, og er framkvæmdastjórninni heimilt að óska eftir öllum öðrum upplýsingum sem hún telur nauðsynlegar,

c) í ljósi þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni berast getur hún hvenær sem er breytt forskriftunum að því er varðar eftirlitsaðilann eða eftirlitsyfirvaldið og fellt færslu þess aðila eða yfirvalds á skrána, sem um getur í 10. gr., tímabundið úr gildi, einnig má taka svipaða ákvörðun þegar eftirlitsaðili eða -yfirvald hefur ekki afhent þær upplýsingar sem krafist er eða hefur ekki samþykkt vettvangsrannsókn,

d) eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald skal hafa stöðugt uppfærða skrá yfir rekstraraðila og vörur, sem hlotið hafa lífræna vottun aðgengilega hagsmunaaðilum, með rafrænum hætti.

2. Ef eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald sendir ekki ársskýrsluna sem um getur í b-lið 1. mgr., hefur ekki aðgengilegar eða tilkynnir ekki allar upplýsingar sem varða tæknileg málsskjöl, eftirlitskerfi eða uppfærða skrá þess yfir rekstraraðila og vörur sem hlotið hafa lífræna vottun, eða samþykkir ekki vettvangsrannsókn, sem framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir, innan tímaramma sem framkvæmdastjórnin skal ákveða samkvæmt alvarleika vandamálsins og sem má almennt ekki vera skemmri en 30 dagar, má fella þann eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald brott af skránni yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld, í samræmi við þá málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

Ef eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald grípur ekki til skjótra og viðeigandi aðgerða til úrbóta skal framkvæmdastjórnin fella færslu viðkomandi brott af skránni án tafar.

3. KAFLI

Vörur, sem fluttar eru inn í samræmi við 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, afgreiddar í frjálst flæði

13. gr.

Skoðunarvottorð

1. Afgreiðsla vörusendinga í frjálst flæði innan Bandalagsins, sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og eru fluttar inn í samræmi við 33. gr. þeirrar reglugerðar, er bundin eftirfarandi skilyrðum:

a) upprunalegt skoðunarvottorð hefur verið afhent viðkomandi yfirvaldi aðildarríkis og

b) viðkomandi yfirvald aðildarríkis hefur sannprófað vörusendinguna og skoðunarvottorðið hefur verið áritað í samræmi við 8. mgr. þessarar greinar.

2. Upprunalegt skoðunarvottorð skal útbúið í samræmi við 2. mgr. 17. gr. og 3. til 7. mgr. þessarar greinar, byggt á fyrirmyndinni og athugasemdunum sem settar eru fram í V. viðauka. Framkvæmdastjórnin skal gera athugasemdirnar og fyrirmyndina, ásamt leiðbeiningunum sem um getur í 2. mgr. 17. gr., aðgengilegar í gegnum tölvukerfið sem gerir rafræna miðlun á skjölum og upplýsingum mögulega og um getur 17. gr.

3. Til að hljóta vottun verður skoðunarvottorðið að vera útgefið af:

a) viðurkenndu eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila, sem hefur verið falið að gefa út skoðunarvottorðið sem um getur í 2. mgr. 7. gr., í þriðja landi sem er viðurkennt skv. 4. mgr. 8. gr. eða

b) eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila í þriðja landinu sem er á skrá fyrir hönd viðkomandi þriðja lands og er viðurkennt skv. 5. mgr. 11. gr.

4. Yfirvaldið eða aðilinn sem gefur út skoðunarvottorðið skal aðeins gefa út skoðunarvottorðið og árita yfirlýsinguna í reit 15 á vottorðinu eftir að:

a) hafa sannprófað skjöl á grundvelli allra tilskilinna skoðunarskjala, þ.m.t. einkum framleiðsluáætlunar fyrir viðkomandi vörur, flutningsskjala og viðskiptaskjala og

b) hafa annaðhvort annast eftirlit með ástandi viðkomandi vörusendingar eða fengið beina yfirlýsingu frá útflytjanda um að viðkomandi vörusending sé framleidd og/eða hafi verið undirbúin í samræmi við 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og skal yfirvaldið eða aðilinn framkvæma sannprófun á trúverðugleika þessarar yfirlýsingar sem byggist á áhættumiðaðri nálgun.

Yfirvaldið eða aðilinn skal auk þess setja raðnúmer á hvert útgefið vottorð og halda skrá yfir vottorð sem eru afhent í tímaröð.

5. Skoðunarvottorðið skal vera á einu af opinberum tungumálum Bandalagsins og eingöngu vera, að frátöldum stimplum og undirritunum, annaðhvort með hástöfum eða vélritað.

Skoðunarvottorðið skal vera á einu af opinberum tungumálum viðtökuaðildarríkisins. Ef nauðsyn ber til geta viðkomandi yfirvöld aðildarríkisins óskað eftir því að skoðunarvottorðið verði þýtt á eitt af opinberum tungumálum í því aðildarríki.

Vottorð er ógilt ef óvottaðar breytingar eða útstrikanir eiga sér stað.

6. Skoðunarvottorðið skal vera í einu eintaki.

Fyrsti viðtakandi eða innflytjandi, ef við á, má taka afrit í þeim tilgangi að veita eftirlitsyfirvöldum eða eftirlitsaðilum upplýsingar í samræmi við 83. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008. Á slíkt afrit skal prenta eða stimpla orðið „AFRIT“ eða „EFTIRRIT“.

7. Að því er varðar vörur sem eru fluttar inn samkvæmt umbreytingarreglunum sem mælt er fyrir um í 19. gr. þessarar reglugerðar skal eftirfarandi gilda:

a) í reit 16 á skoðunarvottorðinu í b-lið 3. mgr. skal vera, þegar vottorðið er lagt fram í samræmi við 1. mgr., yfirlýsing lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu þar sem leyfi er veitt samkvæmt málsmeðferðinni í 19. gr.,

b) lögbært yfirvald í aðildarríkinu, þar sem leyfi er veitt, getur veitt eftirlitsyfirvaldinu eða -aðilanum, sem hefur eftirlit með innflytjandanum í samræmi við eftirlitsráðstafanirnar í V. bálki reglugerðar (EBE nr. 834/2007, umboð til að tilgreina yfirlýsinguna í reit 16 eða þeim yfirvöldum sem eru tilnefnd yfirvöld viðkomandi aðildarríkis,

c) ekki þarf að setja yfirlýsingu í reit 16:

i. ef innflytjandi leggur fram upprunalegt skjal, sem lögbært yfirvald aðildarríkis, sem veitir leyfi í samræmi við 19. gr. þessarar reglugerðar, gefur út, og sýnir fram á að vörusendingin falli undir það leyfi, eða

ii. ef yfirvald aðildarríkisins, sem veitti leyfið sem um getur í 19. gr., leggur fullnægjandi sönnunargögn með beinum hætti fyrir yfirvaldið, sem annast sannprófun vörusendingar, um að vörusendingin falli undir það leyfi en það er undir aðildarríkinu, sem veitti leyfið, komið að ákvarða hvort það beiti þessari málsmeðferð til að veita upplýsingar með beinum hætti;

d) í skjalinu með sönnunargögnunum, sem krafist er í i. og ii. lið c-liðar, skal vera:

i. tilvísunarnúmer innflutningsleyfis og síðasti gildisdagur leyfis,

ii. nafn og heimilisfang innflytjanda,

iii. þriðja land sem upprunaland,

iv. upplýsingar um útgáfuaðila eða –yfirvald og, sé ekki um sömu aðila að ræða, upplýsingar um skoðunaraðila eða –yfirvald í þriðja landi,

v. heiti viðkomandi vara.

8. Við sannprófun á sendingu vara skal viðkomandi yfirvald aðildarríkis árita reit 17 í upprunalega skoðunarvottorðinu sem síðan er afhent einstaklingnum sem lagði fram vottorðið.

9. Þegar fyrsti viðtakandi tekur við sendingunni skal hann fylla út reit 18 á frumriti skoðunarvottorðsins til að votta að tekið hafi verið við sendingunni í samræmi við 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008.

Fyrsti viðtakandi sendir því næst frumrit vottorðsins til innflytjanda, sem um getur í reit 11 á vottorðinu, til að fullnægja kröfunni sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, nema vottorðið eigi að fylgja sendingunni áfram sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

10. Skoðunarvottorðið má útbúa með rafrænum hætti þar sem stuðst er við þá aðferð sem eftirlitsyfirvöldum eða eftirlitsaðilum er boðið upp á af viðkomandi aðildarríkjum. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna geta krafist þess að rafrænni útgáfu skoðunarvottorðsins fylgi þróuð, rafræn undirskrift í skilningi 2. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB ([1]). Í öllum öðrum tilvikum skulu lögbær yfirvöld krefjast rafrænnar undirskriftar, sem veitir jafngildar tryggingar að því er varðar virkni undirskriftar, með því að beita sömu reglum og skilyrðum og eru skilgreind í ákvæðum framkvæmdastjórnarinnar um rafræn og stafræn skjöl sem sett eru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/563/EB, KBE ([2]).

14. gr.

Sérstök tollmeðferð

1. Ef ætlunin er að vörusending frá þriðja landi fari í tollvörugeymsluferli eða innri aðvinnslu í formi niðurfellingarkerfis eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 ([3]) og sé tekin til vinnslu í einum eða fleiri liðum, eins og skilgreint er í i-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, skal vörusendingin heyra undir þær ráðstafanir sem um getur í 1. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar áður en fyrsti liður vinnslunnar fer fram.

Vinnslan getur m.a. falist í eftirfarandi:

a) pökkun eða endurpökkun, eða

b) merkingum í því skyni að tilgreina lífræna framleiðsluaðferð.

Að þessari vinnslu lokinni skal áritað frumrit skoðunarvottorðs fylgja vörusendingunni og skal sýna það viðkomandi yfirvaldi aðildarríkisins, sem sannprófar vörusendinguna í þeim tilgangi að afgreiða hana í frjálst flæði.

Því næst skal, ef við á, skila frumriti skoðunarvottorðs til innflytjanda vörusendingarinnar, sem er tilgreindur í reit 11 á vottorðinu, til að fullnægja kröfunni sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

2. Ef vörusending frá þriðja landi, sem enn hefur ekki verið afgreidd í frjálst flæði í Bandalaginu, er í samræmi við frestun á tollafgreiðslu samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2913/92 og ætluð til skiptingar í mismunandi framleiðslulotur í aðildarríki verður að beita þeim ráðstöfunum, sem um getur í 1. mgr. 13. gr. í þessari reglugerð, í tengslum við þessa sendingu áður en skiptingin fer fram.

Fyrir hverja framleiðslulotu, sem verður til við skiptingu, skal afhenda viðkomandi yfirvaldi aðildarríkisins útdrátt úr skoðunarvottorði sem er í samræmi við fyrirmynd og athugasemdir í VI. viðauka. Yfirvaldi viðkomandi aðildarríkis ber að árita reit 14 á útdrætti úr skoðunarvottorðinu.

Einstaklingurinn, sem er upprunalegur innflytjandi vörusendingarinnar og er tilgreindur í reit 11 á skoðunarvottorðinu, skal geyma eintak af hverjum árituðum útdrætti úr skoðunarvottorðinu ásamt upprunalega skoðunarvottorðinu. Á slíkt afrit skal prenta eða stimpla orðið „AFRIT“ eða „EFTIRRIT“.

Að skiptingu lokinni skal áritað frumrit hvers útdráttar úr skoðunarvottorði fylgja viðkomandi framleiðslulotu og skal sýna það viðkomandi yfirvaldi aðildarríkisins sem sannprófar viðkomandi framleiðslulotu í þeim tilgangi að afgreiða hana í frjálst flæði.

Þegar viðtakandi tekur við framleiðslulotu skal hann fylla út reit 15 á upprunalegum útdrætti skoðunarvottorðsins til að votta að viðtaka hennar hafi farið fram í samræmi við 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008.

Viðtakandi framleiðslulotu skal hafa útdrátt úr skoðunarvottorði tiltækan fyrir eftirlitsyfirvöld og/eða eftirlitsaðila eigi skemur en í tvö ár.

3. Vinnsla og skipting sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu fara fram í samræmi við viðeigandi ákvæði sem sett eru fram í V. bálki reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og í IV. bálki reglugerðar (EB) nr. 889/2008.

15. gr.

Vörur sem ekki uppfylla kröfur

Með fyrirvara um hugsanlegar ráðstafanir eða aðgerðir sem gripið er til í samræmi við 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og/eða 85. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008 er skilyrði fyrir því að afgreiða vörur, sem uppfylla ekki kröfur þessara reglugerða, í frjálst flæði í Bandalaginu að merkingar, þar sem lífræn framleiðsla er tilgreind, séu teknar af merkimiðum, úr auglýsingum og fylgiskjölum.

([1]) Stjtíð. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12.
([2]) Stjtíð. ESB L 251, 27.7.2004, bls. 9.
([3]) Stjtíð. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1.

IV. BÁLKUR

SAMEIGINLEGAR REGLUR

16. gr.

Mat á beiðnum og útgáfa skránna

1. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka mótteknar beiðnir í samræmi við 4., 8. og 11. gr. að fenginni aðstoð frá nefndinni um lífræna framleiðslu, sem um getur í 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 (hér á eftir kölluð „nefndin“). Í þessum tilgangi skal nefndin samþykkja sérstakar innri starfsreglur.

Framkvæmdastjórnin skal koma á fót hópi sérfræðinga stjórnvalda og úr einkageiranum til að aðstoða við rannsókn beiðnanna og við starfrækslu og endurskoðun skránna.

2. Að móttekinni hverri beiðni og að höfðu viðeigandi samráði við aðildarríkin í samræmi við hinar sérstöku innri starfsreglur skal framkvæmdastjórnin tilnefna tvö aðildarríki sem meðskýrslugjafa. Framkvæmdastjórnin skal skipta beiðnunum á milli aðildarríkjanna í réttu hlutfalli við atkvæðafjölda hvers aðildarríkis í nefndinni um lífræna framleiðslu. Aðildarríki sem eru meðskýrslugjafar skulu rannsaka gögnin og upplýsingarnar sem settar eru fram í 4., 8. og 11. gr. og tengjast beiðninni og taka saman skýrslu. Með starfrækslu og endurskoðun skránna í huga skulu aðildarríkin einnig rannsaka ársskýrslurnar og allar aðrar upplýsingar sem um getur í 5., 9. og 12. gr. og lúta að færslunum á skránum.

3. Með tilliti til niðurstaðna úr rannsókn þess aðildarríkis sem er meðskýrslugjafi skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, að því er varðar að viðurkenna þriðju lönd, eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvöld, bæta þeim á skrárnar eða gera aðrar breytingar á skránum, þ.m.t. að úthluta þessum aðilum og yfirvöldum kenninúmeri. Ákvarðanirnar skulu birtar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

4. Framkvæmdastjórnin skal gera skrárnar aðgengilegar almenningi með hvers kyns viðeigandi tækni, þ.m.t. útgáfu á Netinu.

17. gr.

Samskipti

1. Þegar framkvæmdastjórninni eða aðildarríkjunum eru send skjöl eða aðrar upplýsingar sem um getur í 32. og 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og í þessari reglugerð skulu lögbær yfirvöld þriðju landa, eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar notast við rafrænar sendingar. Ef framkvæmdastjórnin eða aðildarríkin hafa tiltæk sérstök, rafræn sendingarkerfi skal notast við þau kerfi. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu einnig notast við þessi kerfi til að skiptast á skjölum sem um er að ræða.

2. Vegna sniðs og innihalds þeirra skjala og upplýsinga sem um getur í 32. og 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og í þessari reglugerð skal framkvæmdastjórnin taka saman leiðbeiningar, fyrirmyndir og spurningalista þar sem við á og gera aðgengileg í því tölvukerfi sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Framkvæmdastjórnin skal aðlaga og uppfæra þessar leiðbeiningar, fyrirmyndir og spurningalista eftir að hafa upplýst aðildarríkin og lögbær yfirvöld þriðju landanna um það, auk eftirlitsyfirvalda og eftirlitsaðila sem hafa hlotið viðurkenningu í samræmi við þessa reglugerð.

3. Tölvukerfið, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal geta haldið utan um þær beiðnir, skjöl og upplýsingar sem um getur í þessari reglugerð, þar sem við á, þ.m.t. leyfi sem veitt eru skv. 19. gr.

4. Lögbær yfirvöld þriðju landanna og eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar skulu geyma þau fylgiskjöl sem um getur í 32. og 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og í þessari reglugerð, einkum 4., 8. og 11. gr., og hafa þau tiltæk framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum í a.m.k. þrjú ár eftir árið sem eftirlitið átti sér stað eða skoðunarvottorðin og skriflegu sönnunargögnin voru afhent.

5. Ef skjal eða málsmeðferð, sem kveðið er á um í 32. og 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 eða í ítarlegum reglum um beitingu hennar, krefst undirskriftar þar til bærs einstaklings eða samþykkis einstaklings á einu eða fleiri stigum þeirrar málsmeðferðar verða tölvukerfin, sem sett hafa verið upp fyrir miðlun þessara skjala, að gera það kleift að staðfesta ótvírætt deili á hverjum einstaklingi og veita nægilega tryggingu fyrir því að ekki sé hægt að breyta innihaldi skjalanna, þ.m.t. að því er varðar einstaka áfanga málsmeðferðarinnar, í samræmi við löggjöf Bandalagsins, einkum ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/563/EB, KBE.

V. BÁLKUR

LOKAREGLUR OG UMBREYTINGARREGLUR

18. gr.

Umbreytingarreglur um skrána yfir þriðju lönd

Skráningarbeiðnir frá þriðju löndum sem lagðar hafa verið fram í samræmi við 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 345/2008 fyrir 1. janúar 2009 skulu meðhöndlaðar sem umsóknir skv. 8. gr. þessarar reglugerðar.

Fyrsta útgáfa skrárinnar yfir viðurkennd lönd skal innihalda Argentínu, Ástralíu, Kostaríku, Indland, Ísrael, Nýja-Sjáland og Sviss. Skráin skal ekki innihalda kenninúmerin sem um getur í f-lið 2. mgr. 7. gr. í þessari reglugerð. Þessum kenninúmerum skal bætt við fyrir 1. júlí 2010 með því að uppfæra skrána í samræmi við 2. mgr. 17. gr.

19. gr.

Umbreytingarreglur um jafngildan innflutning á vörum sem eiga ekki uppruna sinn í skráðum þriðju löndum

1. Í samræmi við 40. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 getur lögbært yfirvald aðildarríkis veitt innflytjendum í því aðildarríki, þar sem innflytjandinn hefur tilkynnt starfsemi sína í samræmi við 28. gr. þeirrar reglugerðar, leyfi til að setja vörur á markað sem eru fluttar inn frá þriðju löndum sem eru ekki á skránni sem um getur í 2. mgr. 33. gr. þeirrar reglugerðar, að því tilskildu að innflytjandinn leggi fram nægileg sönnunargögn þess efnis að skilyrðunum, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 33. gr. þeirrar reglugerðar, sé fullnægt.

Þegar aðildarríkið lítur svo á að þessum skilyrðum sé ekki lengur fullnægt skal það draga leyfisveitingu sína til baka, eftir að hafa gefið innflytjandanum eða hverjum öðrum hlutaðeigandi einstaklingi færi á að koma athugasemdum á framfæri.

Leyfi skulu falla úr gildi eigi síðar en 24 mánuðum eftir birtingu fyrstu skrárinnar yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld sem hafa hlotið viðurkenningu skv. 10. gr. þessarar reglugerðar.

Fyrir innfluttu vörurnar skulu vera tiltæk skoðunarvottorð, eins og sett er fram í 13. gr., sem gefin eru út af því eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila sem lögbært yfirvald þess aðildarríkis, sem veitti leyfið, hefur samþykkt að gefi út skoðunarvottorð. Frumrit vottorðsins verður að fylgja vörunum til athafnasvæðis fyrsta viðtakanda. Eftir það skal innflytjandi hafa vottorðið tiltækt fyrir eftirlitsaðila og, eftir því sem við á, eftirlitsyfirvald í a.m.k. tvö ár.

2. Hvert aðildarríki skal tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um sérhvert leyfi sem veitt er samkvæmt þessari grein, þ.m.t. upplýsingar um viðkomandi framleiðslustaðla og fyrirkomulag eftirlits.

3. Að beiðni aðildarríkis eða að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar skal nefndin um lífræna framleiðslu gera úttekt á leyfum sem veitt eru samkvæmt þessari grein. Ef þessi úttekt leiðir í ljós að skilyrðin, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eru ekki uppfyllt skal framkvæmdastjórnin krefjast þess að aðildarríkið, sem veitti leyfið, afturkalli það.

4. Aðildarríkin mega ekki lengur veita leyfin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar að liðnum tólf mánuðum frá útgáfu fyrstu skrárinnar yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld sem um getur í 5. mgr. 11. gr., nema ef framleiðsla viðkomandi innfluttra vara hefur í þriðja landinu heyrt undir eftirlit af hálfu eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalds sem ekki er að finna á skránni sem sett er fram í samræmi við 10. gr.

5. Frá og með 1. janúar 2013 skulu aðildarríkin ekki lengur veita nein leyfi sem um getur í 1. mgr.

6. Þau leyfi til þess að setja á markað vörur sem fluttar eru inn frá þriðja landi sem lögbært yfirvald aðildarríkis hefur veitt innflytjanda fyrir 31. desember 2008 skv. 6. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 skulu falla úr gildi eigi síðar en 31. desember 2009.

20. gr.

Niðurfelling

Reglugerðir (EB) nr. 345/2008 og (EB) nr. 605/2008 eru felldar úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VII. viðauka.

21. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann Fischer BOEL

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR EFTIRLITSAÐILA OG EFTIRLITSYFIRVÖLD AÐ ÞVÍ ER VARÐAR SAMRÆMI OG VIÐEIGANDI FORSKRIFTIR SEM UM GETUR Í 3. GR.

II. VIÐAUKI

FYRIRMYND FYRIR SKRIFLEG SÖNNUNARGÖGN

sem um getur í 1. mgr. 6. gr.

<table>
<tr><td colspan="2">Skrifleg sönnunargögn fyrir rekstraraðilann skv. c-lið 1. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 sem krafist er vegna innflutnings vara sem uppfylla kröfur í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008

1. Númer skjals:</td></tr>
<tr><td>2. Nafn og heimilisfang rekstraraðila:

aðalstarfsemi (framleiðandi, vinnsluaðili, innflytjandi o.s.frv.):</td><td>3. Heiti, heimilisfang og kenninúmer eftirlitsaðila/eftirlitsyfirvalds:</td></tr>
<tr><td>4. Vöruflokkar/starfsemi:

– Plöntur og plöntuafurðir:

– Búfé og búfjárafurðir:

– Unnar vörur:</td><td>5. skilgreint sem:

lífræn framleiðsla, vörur í aðlögun og einnig ólífræn framleiðsla þar sem á sér stað hliðstæð framleiðsla/vinnsla skv. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007</td></tr>
<tr><td>6. Gildistími:

Plöntuafurðir ... frá til ...

Búfjárafurðir ... frá til ...

Unnar afurðir ... frá til ...</td><td>7. Eftirlitsdagsetning(ar):</td></tr>
<tr><td colspan="2">8. Þetta skjal er gefið út í samræmi við c-lið 1. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Rekstraraðilinn sem gefinn er upp hefur leyft eftirlit með starfsemi sinni og uppfyllir þær kröfur sem mælt er fyrir um í fyrrnefndum reglugerðum.

Dagsetning, staður:

Undirskrift fyrir hönd útgáfueftirlitsaðila/útgáfueftirlitsyfirvalds:</td></tr>
</table>

III. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÞRIÐJU LÖND OG VIÐEIGANDI FORSKRIFTIR SEM UM GETUR Í 7. GR.

ARGENTÍNA

1. **Afurðaflokkar**:

   a) lifandi eða óunnar landbúnaðarafurðir, plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar, að undanskildu eftirfarandi:

      — búfé og búfjárafurðum sem bera eða er ætlað að bera merkingar sem vísa til aðlögunar að lífrænum landbúnaði,

   b) unnum landbúnaðarafurðum sem nota á sem matvæli, að undanskildu eftirfarandi:

      — búfjárafurðum sem bera eða er ætlað að bera merkingar sem vísa til aðlögunar að lífrænum landbúnaði.

2. **Uppruni**: afurðir í flokki 1 a og lífrænt framleidd innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem hafa verið framleidd í Argentínu.

3. **Framleiðslustaðlar**: Ley 25 127 sobre "Producción ecológica, biológica y orgánica".

4. **Lögbært yfirvald**: Servicio Nacional de Sanidad y Calidad Agroalimentaria SENASA, www.senasa.gov.ar

5. **Eftirlitsaðilar**:

   — Food Safety SA, www.foodsafety.com.ar

   — Instituto Argentino para la Certificación y Promoción de Productos Agropecuarios Orgánicos SRL (Argencert), www.argencert.com

   — Letis SA, www.letis.com.ar

   — Organización Internacional Agropecuaria (OIA), www.oia.com.ar

6. **Aðilar sem gefa út vottorð**: sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar**: 30. júní 2013.

ÁSTRALÍA

1. **Afurðaflokkar**:

   a) óunnar plöntuafurðir, plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar,

   b) unnar landbúnaðarafurðir til notkunar sem matvæli sem eru aðallega samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu.

2. **Uppruni**: afurðir í flokki 1 a og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem hafa verið ræktuð í Ástralíu.

3. **Framleiðslustaðlar**: National standard for organic and bio-dynamic produce.

4. **Lögbært yfirvald**: Australian Quarantine and Inspection Service AQIS, www.aqis.gov.au

5. **Eftirlitsaðilar og -yfirvöld**:

   — Australian Certified Organic Pty. Ltd., www.australianorganic.com.au

   — Australian Quarantine and Inspection Service (AQIS), www.aqis.gov.au

   — Bio-dynamic Research Institute (BDRI), www.demeter.org.au

   — National Association of Sustainable Agriculture, Australia (NASAA), www.nasaa.com.au

   — Organic Food Chain Pty Ltd (OFC), www.organicfoodchain.com.au

6. **Aðilar og yfirvöld sem gefa út vottorð**: sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar**: 30. júní 2013.

KOSTARÍKA

1. **Afurðaflokkar:**

   a) óunnar plöntuafurðir, plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar,

   b) unnar plöntuafurðir sem nota á sem matvæli.

2. **Uppruni**: afurðir í flokki 1 a og lífrænt framleidd innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem hafa verið framleidd í Kostaríku.

3. **Framleiðslustaðlar**: Reglamento sobre la agricultura orgánica.

4. **Lögbært yfirvald**: Servicio Fitosanitario del Estado, Ministerio de Agricultura y Ganadería, www.protecnet.go.cr/SFE/Organica.htm

5. **Eftirlitsaðilar**:

   — BCS Oko-Garantie, www.bcs-oeko.com

   — Eco-LOGICA, www.eco-logica.com

6. **Yfirvald sem gefur út vottorð**: Ministerio de Agricultura y Ganadería.

7. **Gildistími skráningar**: 30. júní 2011.

INDLAND

1. **Afurðaflokkar:**

   a) óunnar plöntuafurðir og plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar,

   b) unnar landbúnaðarafurðir til notkunar sem matvæli sem eru aðallega samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu.

2. **Uppruni**: afurðir í flokki 1 a og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem hafa verið ræktuð á Indlandi.

3. **Framleiðslustaðlar**: National Programme for Organic Production.

4. **Lögbært yfirvald**: Agricultural and Processed Food Export Development Authority APEDA, www.apeda.com/organic

5. **Eftirlitsaðilar og -yfirvöld**:

   — APOF Organic Certification Agency (AOCA), www.aoca.in

   — Bureau Veritas Certification India Pvt. Ltd, www.bureauveritas.co.in

   — Control Union Certifications, www.controlunion.com

   — Ecocert SA (India Branch Office), www.ecocert.in

   — IMO Control Private Limited, www.imo.ch

   — Indian Organic Certification Agency (Indocert), www.indocert.org

   — Lacon Quality Certification Pvt. Ltd, www.laconindia.com

   — Natural Organic Certification Association, www.nocaindia.com

   — OneCert Asia Agri Certification private Limited, www.onecertasia.in

— SGS India Pvt. Ltd, www.in.sgs.com

— Uttaranchal State Organic Certification Agency (USOCA), www.organicuttarakhand.org/products_certification.htm

— Rajasthan Organic Certification Agency (ROCA), http://www.rajasthankrishi.gov.in/Departments/SeedCert/index_eng.asp

6. **Aðilar og yfirvöld sem gefa út vottorð**: sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar**: 30. júní 2009.

ÍSRAEL

1. **Afurðaflokkar**:

   a) óunnar plöntuafurðir, plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar,

   b) unnar landbúnaðarafurðir til notkunar sem matvæli sem eru aðallega samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu.

2. **Uppruni**: afurðir í flokki 1 a og lífrænt framleidd innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem hafa verið framleidd í Ísrael eða flutt inn til Ísraels:

   — annaðhvort frá Bandalaginu

   — eða frá þriðja landi innan ramma reglna sem eru viðurkenndar sem jafngildar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

3. **Framleiðslustaðlar**: National Standard for organically grown plants and their products.

4. **Lögbært yfirvald**: Plant Protection and Inspection Services (PPIS), www.ppis.moag.gov.il

5. **Eftirlitsaðilar og -yfirvöld**:

   — Agrior Ltd.-Organic Inspection & Certification, www.agrior.co.il

   — IQC Institute of Quality & Control, www.iqc.co.il

   — Plant Protection and Inspection Services (PPIS), www.ppis.moag.gov.il

   — Skal Israel Inspection & Certification, www.skal.co.il

6. **Aðilar og yfirvöld sem gefa út vottorð**: sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar**: 30. júní 2013.

SVISS

1. **Afurðaflokkar**: Lifandi eða óunnar landbúnaðarafurðir og plöntufjölgunarefni, unnar landbúnaðarafurðir sem ætlaðar eru til notkunar sem matvæli, fóður og fræ til ræktunar, að undanskildu eftirfarandi:

   — afurðum sem eru framleiddar á aðlögunartímanum og afurðum með innihaldsefni úr landbúnaði sem er framleitt á aðlögunartímanum.

2. **Uppruni**: vörur og lífrænt framleidd innihaldsefni í vörum sem hafa verið framleidd í Sviss eða flutt inn til Sviss:

   — annaðhvort frá Bandalaginu

   — eða frá þriðja landi, enda hafi Sviss viðurkennt að framleiðsla og eftirlit með vörunum í þriðja landinu hafi verið samkvæmt reglum sem séu jafngildar þeim reglum sem mælt er fyrir um í svissneskri löggjöf.

3. **Framleiðslustaðlar**: Ordinance on organic farming and the labelling of organically produced plant products and food-stuffs.

4. **Lögbært yfirvald**: Federal Office for Agriculture FOAG, http://www.blw.admin.ch/themen/00013/00085/00092/index.html?lang=en

5. **Eftirlitsaðilar**:

   — Bio Test Agro (BTA), www.bio-test-agro.ch

   — bio.inspecta AG, www.bio-inspecta.ch

   — Institut für Marktökologie (IMO); www.imo.ch

   — ProCert Safety AG, www.procert.ch

6. **Aðilar sem gefa út vottorð**: sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar**: 30. júní 2013.

NÝJA-SJÁLAND

1. **Afurðaflokkar**:

   a) lifandi eða óunnar landbúnaðarafurðir, plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar, að undanskildu eftirfarandi:

      — búfé og búfjárafurðum sem bera eða er ætlað að bera merkingar sem vísa til breytingar yfir í lífrænan landbúnað,

      — afurðum úr lagareldi,

   b) unnum landbúnaðarafurðum sem nota á sem matvæli, að undanskildu eftirfarandi:

      — búfjárafurðum sem bera eða er ætlað að bera merkingar sem vísa til breytingar yfir í lífrænan landbúnað,

      — afurðum sem innihalda afurðir úr lagareldi.

2. **Uppruni**: afurðir í flokki 1 a og lífrænt framleidd innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem hafa verið framleidd á Nýja-Sjálandi eða flutt inn til Nýja-Sjálands:

   — annaðhvort frá Bandalaginu

   — eða frá þriðja landi innan ramma reglna sem eru viðurkenndar sem jafngildar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007,

   — eða frá þriðja landi þar sem reglur um framleiðslu og skoðunarkerfi hafa verið viðurkenndar sem jafngildar áætlun ráðuneytis landbúnaðar og skógarnytja um opinbera tryggingu fyrir lífrænt framleidd matvæli á grundvelli þeirra trygginga og upplýsinga sem lögbær yfirvöld þess lands veita í samræmi við ákvæðin sem ráðuneyti landbúnaðar setur og að því tilskildu að einungis séu flutt inn lífrænt framleidd innihaldsefni sem nota á í afurðir í flokki 1 b, framleiddar í Nýja-Sjálandi. Innihaldsefnin mega þó ekki nema meira en 5% af landbúnaðarafurðum.

3. **Framleiðslustaðlar**: NZFSA Technical Rules for Organic Production.

4. **Lögbært yfirvald**: New Zealand Food Safety Authority NZFSA, http://www.nzfsa.govt.nz/organics/

5. **Eftirlitsaðilar**:

   — AsureQuality, www.organiccertification.co.nz

   — BIO-GRO New Zealand, www.bio-gro.co.nz

6. **Yfirvald sem gefur út vottorð**: Ministry of Agriculture and Forestry (MAF) — New Zealand Food Safety Authority (NZFSA).

7. **Gildistími skráningar**: 30. júní 2011.

IV. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR EFTIRLITSAÐILA OG EFTIRLITSYFIRVÖLD AÐ ÞVÍ ER VARÐAR JAFNGILDI OG VIÐEIGANDI FORSKRIFTIR SEM UM GETUR Í 10. GR.

V. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ SKOÐUNARVOTTORÐI

vegna innflutnings á lífrænum framleiðsluvörum til Evrópubandalagsins eins og um getur í 13. gr.

Fyrirmyndin að vottorðinu er ákvörðuð með tilliti til:

— texta,

— sniðs, á einni síðu,

— útlits og stærðar einstakra reita.

SKOÐUNARVOTTORÐ VEGNA INNFLUTNINGS Á LÍFRÆNUM FRAMLEIÐSLUVÖRUM TIL EVRÓPUBANDALAGSINS

<table>
<tr><td>1. Útgáfuaðili eða -yfirvald (heiti og heimilisfang)</td><td colspan="2">2. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007, 2. mgr. 33. gr. □ eða 3. mgr. 33. gr. □ eða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008, 19. gr. □</td></tr>
<tr><td>3. Raðnúmer skoðunarvottorðs</td><td colspan="2">4. Tilvísunarnúmer leyfis skv. 19. gr.</td></tr>
<tr><td>5. Útflytjandi (nafn og heimilisfang)</td><td colspan="2">6. Eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald (heiti og heimilisfang)</td></tr>
<tr><td rowspan="2">7. Framleiðandi eða vinnslustöð vöru (heiti og heimilisfang)</td><td colspan="2">8. Sendingarland</td></tr>
<tr><td colspan="2">9. Viðtökuland</td></tr>
<tr><td>10. Fyrsti viðtakandi í Bandalaginu (nafn og heimilisfang)</td><td colspan="2">11. Nafn og heimilisfang innflytjanda</td></tr>
<tr><td>12. Merki og númer. Gámanúmer. Fjöldi og tegund. Viðskiptaheiti vöru</td><td>13. SN-númer</td><td>14. Uppgefið magn</td></tr>
<tr><td colspan="3">15. Yfirlýsing aðila eða yfirvalds sem gefur út vottorðið sem um getur í reit 1.

Það vottast hér með að vottorð þetta er gefið út á grundvelli tilskilins eftirlits skv. 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 og að framangreindar vörur eru framleiddar eftir reglum um framleiðslu og eftirlit með lífrænum framleiðsluaðferðum er teljast jafngilda ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

Dagsetning

Nafn og undirritun þar til bærs einstaklings

Stimpill útgáfuyfirvalds eða -aðila</td></tr>
</table>

16. Yfirlýsing lögbærs yfirvalds aðildarríkis að Evrópusambandinu, sem veitti leyfið, eða aðila sem yfirvaldið tilnefnir.

Það vottast hér með að heimilt er að markaðssetja framangreindar vörur í Evrópubandalaginu í samræmi við málsmeðferðina í 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 samkvæmt því leyfisnúmeri sem er tilgreint í reit 4.

Dagsetning

Nafn og undirritun þar til bærs einstaklings

Stimpill lögbærs yfirvalds eða tilnefnds aðila í aðildarríki

17. Sannprófun viðkomandi yfirvalda aðildarríkis á vörusendingu.

Aðildarríki: ……..

Innflutningsskráning (tegund, númer og dagsetning tollskýrslu og skrifstofan þar sem hún er gefin): ……..

Dagsetning: ……

Nafn og undirritun þar til bærs einstaklings

Stimpill

18. Yfirlýsing fyrsta viðtakanda.

Það vottast hér með að tekið var við vörunum í samræmi við ákvæði 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008.

Heiti fyrirtækisins

Dagsetning

Nafn og undirritun þar til bærs einstaklings

Athugasemdir

Reitur 1: Yfirvald eða aðili eða annað tilnefnt yfirvald eða aðili sem um getur í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Þessi aðili fyllir einnig út reiti 3 og 15.

Reitur 2: Í þessum reit eru tilgreindar þær EB-reglugerðir sem varða útgáfu og notkun þessa vottorðs. Tilgreina skal viðkomandi ákvæði.

Reitur 3: Raðnúmer vottorðs sem útgáfuaðili eða -yfirvald úthlutar í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008.

Reitur 4: Leyfisnúmer við innflutning, skv. 19. gr. Útgáfuaðilinn fyllir út þennan reit, eða innflytjandinn ef upplýsingar liggja ekki fyrir þegar útgáfuaðilinn áritar reit 15.

Reitur 5: Nafn og heimilisfang útflytjanda.

Reitur 6: Eftirlitsaðili eða -yfirvald sem hefur eftirlit með því að síðasta aðgerð (framleiðsla, undirbúningur, þ.m.t. pökkun og merkingar) hafi verið í samræmi við reglur um lífrænar framleiðsluaðferðir í þriðja sendingarlandi.

Reitur 7: Rekstraraðili sem sá um síðustu aðgerð (framleiðslu, vinnslu, þ.m.t. pökkun og merkingu) á vörusendingunni í því þriðja landi sem er tilgreint í reit 8.

Reitur 9: Með ákvörðunarlandi er átt við land fyrsta viðtakanda í Bandalaginu.

Reitur 10: Nafn og heimilisfang fyrsta viðtakanda vörusendingarinnar í Bandalaginu. Fyrsti viðtakandi er sá einstaklingur eða lögaðili sem fær vörusendinguna afhenta og tekur hana til frekari vinnslu og/eða markaðssetningar. Fyrsti viðtakandi skal einnig fylla út reit 18.

Reitur 11: Nafn og heimilisfang innflytjanda. Innflytjandi er sá einstaklingur eða lögaðili innan Evrópubandalagsins sem annaðhvort sjálfur eða í gegnum fulltrúa sinn leggur vörusendingu fram til afgreiðslu í frjálst flæði í Evrópubandalaginu.

Reitur 13: Númer viðkomandi vara samkvæmt sameinuðu nafnaskránni.

Reitur 14: Uppgefið magn, tilgreint í viðeigandi einingum (nettóþyngd í kg, lítrum o.s.frv.).

Reitur 15: Yfirlýsing aðila eða yfirvalds sem gefur út skoðunarvottorðið. Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaði textinn.

Reitur 16: Aðeins vegna innflutnings samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Þennan reit fyllir út lögbært yfirvald í aðildarríkinu, sem veitti leyfið, eða aðili eða yfirvald, sem hefur það hefur verið falið, hafi umboð verið veitt í samræmi við b-lið 7. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Ekki skal fylla út reitinn ef undanþágan, sem um getur í c-lið 7. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008, á við.

Reitur 17: Fyllist út hjá viðkomandi yfirvaldi aðildarríkis, annaðhvort við sannprófun vörusendingar í samræmi við 1. mgr. 13. gr. eða áður en undirbúningur eða skipting fer fram við þær aðstæður sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008.

Reitur 18: Fyllist út hjá fyrsta viðtakanda þegar hann hefur tekið við vörunum og sinnt því eftirliti sem kveðið er á um í 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008.

VI. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ ÚTDRÆTTI ÚR SKOÐUNARVOTTORÐI

sem um getur í 14. gr.

Fyrirmyndin að útdrættinum er ákvörðuð með tilliti til:

— texta,

— sniðs,

— útlits og stærðar einstakra reita.

ÚTDRÁTTUR Nr. … ÚR SKOÐUNARVOTTORÐI VEGNA INNFLUTNINGS Á LÍFRÆNUM FRAMLEIÐSLUVÖRUM TIL EVRÓPUBANDALAGSINS

<table>
<tr><td colspan="2">1. Aðili eða yfirvald sem gefur út skoðunarvottorð sem liggur til grundvallar (heiti og heimilisfang)</td><td colspan="2">2. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007, 2. mgr. 33. gr. □ eða 3. mgr. 33. gr. □ eða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008, 19. gr. □</td></tr>
<tr><td colspan="2">3. Raðnúmer skoðunarvottorðs sem liggur til grundvallar</td><td colspan="2">4. Tilvísunarnúmer leyfis skv. 19. gr.</td></tr>
<tr><td colspan="2">5. Rekstraraðili sem skipti upprunalegu vörusendingunni í framleiðslulotur (nafn og heimilisfang)</td><td colspan="2">6. Eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald (heiti og heimilisfang)</td></tr>
<tr><td>7. Nafn og heimilisfang innflytjanda upprunalegu vörusendingarinnar</td><td>8. Sendingarland upprunalegu vörusendingarinnar</td><td colspan="2">9. Uppgefið heildarmagn upprunalegu vörusendingarinnar</td></tr>
<tr><td colspan="4">10. Viðtakandi framleiðslulotu sem verður til við skiptingu (nafn og heimilisfang)</td></tr>
<tr><td>11. Merki og númer. Gámanúmer. Fjöldi og tegund. Viðskiptaheiti framleiðslulotu</td><td>12. SN-númer</td><td colspan="2">13. Uppgefið magn framleiðslulotunnar</td></tr>
<tr><td colspan="4">14. Yfirlýsing viðkomandi yfirvalds aðildarríkis sem áritar útdráttinn úr vottorðinu.

Þessi útdráttur á við um framangreinda framleiðslulotu sem verður til við skiptingu vörusendingar sem fellur undir upprunalegt skoðunarvottorð með raðnúmeri sem tilgreint er í reit 3:

Aðildarríki: ……..

Dagsetning: ……..

Nafn og undirritun þar til bærs einstaklings Stimpill</td></tr>
<tr><td colspan="4">15. Yfirlýsing viðtakanda framleiðslulotunnar

Það vottast hér með að tekið var við framleiðslulotunni í samræmi við 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008.

Heiti fyrirtækisins

Dagsetning:

Nafn og undirritun þar til bærs einstaklings</td></tr>
</table>

Athugasemdir

Útdráttur nr. …: Númer útdráttarins svarar til númers framleiðslulotu sem verður til við skiptingu á upprunalegu vörusendingunni.

Reitur 1: Heiti stofnunar eða yfirvalds í þriðja landi sem gaf út skoðunarvottorðið sem liggur til grundvallar.

Reitur 2: Í þessum reit eru tilgreindar þær EB-reglugerðir sem varða útgáfu þessa útdráttar. Tilgreina skal viðkomandi ákvæði sem varða innflutningsfyrirkomulag vörusendingar, sjá reit 2 á skoðunarvottorðinu sem liggur til grundvallar.

Reitur 3: Raðnúmer vottorðs, sem liggur til grundvallar, sem útgáfustofnun eða -yfirvald úthlutar í samræmi við 4 mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008.

Reitur 4: Tilvísunarnúmer leyfis sem er veitt skv. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008, sjá reit 4 á skoðunarvottorðinu sem liggur til grundvallar.

Reitur 6: Eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald sem hefur eftirlit með þeim rekstraraðila sem skipti vörusendingunni.

Reitur 7, 8, 9: Sjá viðeigandi upplýsingar á skoðunarvottorðinu sem liggur til grundvallar.

Reitur 10: Viðtakandi framleiðslulotu (sem verður til við skiptingu) í Evrópubandalaginu.

Reitur 12: Númer framleiðslulotu viðkomandi vara samkvæmt sameinuðu nafnaskránni.

Reitur 13: Uppgefið magn, tilgreint í viðeigandi einingum (nettóþyngd í kg, lítrum o.s.frv.).

Reitur 14: Fyllist út hjá viðkomandi yfirvaldi aðildarríkis fyrir hverja framleiðslulotu sem verður til við skiptinguna sem um getur í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008.

Reitur 15: Fyllist út þegar tekið er við framleiðslulotunni og viðtakandi hefur sinnt því eftirliti sem kveðið er á um í 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008.

VII. VIÐAUKI

Samsvörunartafla sem um getur í 20. gr.

Reglugerð (EB) nr. 345/2008	Reglugerð (EB) nr. 605/2008	Þessi reglugerð
—	1. mgr. 1. gr.	1. gr.
—	2. mgr. 1. gr.	—
—	Inngangsorð og 1. mgr. 2. gr.	Inngangsorð og 1. mgr. 2. gr.
	—	2. liður 2. gr.
	2. liður 2. gr.	3. liður 2. gr.
	3. liður 2. gr.	4. liður 2. gr.
	4. liður 2. gr.	—
	5. liður 2. gr.	5. liður 2. gr.
—	—	3. gr.
—	—	4. gr.
—	—	5. gr.
—	—	6. gr.
1. gr.	—	7. gr.
1. mgr. 2. gr.	—	1. mgr. 8. gr.
2. mgr. 2. gr.	—	2. mgr. 8. gr.
3. mgr. 2. gr.	—	3. mgr. 8. gr.
4. mgr. 2. gr.	—	3. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr.
—	—	4. mgr. 8. gr.
5. mgr. 2. gr.		1. mgr. 9. gr.
6. mgr. 2. gr.		3. mgr. 9. gr. og 4. mgr. 9. gr.
—	—	10. gr.
—	—	11. gr.
—	—	12. gr.
—	3. og 4. gr.	13. gr.
—	5. gr.	14. gr.
—	6. gr.	15. gr.
—	—	16. gr.
—	—	17. gr.
—	1. mgr. 7. gr.	—
—	2. mgr. 7. gr.	—
—	—	18. gr.
—	—	19. gr.
3. gr.	8. gr.	20. gr.

Reglugerð (EB) nr. 345/2008	Reglugerð (EB) nr. 605/2008	Þessi reglugerð
4. gr.	9. gr.	21. gr.
II. viðauki	—	—
—	—	I. viðauki
—	—	II. viðauki
I. viðauki	—	III. viðauki
—	—	IV. viðauki
—	I. viðauki	V. viðauki
—	II. viðauki	VI. viðauki
III. viðauki	IV. viðauki	VII. viðauki

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1254/2008 2017/EES/24/08

frá 15. desember 2008

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 20. gr. (3. mgr.), 21. gr. (2. mgr.), 22. gr. (2. mgr.) og 38. gr. (a-liður),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 834/2007, einkum 20. gr. hennar, er mælt fyrir um grunnkröfur sem gerðar eru við lífræna framleiðslu gers. Mæla skal fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd þessara krafna í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([2]).

2) Þar sem innleiða skal ákvæði um lífræna framleiðslu gers skal gildissvið reglugerðar (EB) nr. 889/2008 nú einnig að ná yfir ger sem notuð eru sem matvæli eða fóður.

3) Með það fyrir augum að aðstoða bændur með lífrænan búskap að hafa fullnægjandi fóðurbirgðir fyrir dýrin sín og til að greiða fyrir aðlögun svæða að lífrænni ræktun til að koma til móts við auknar kröfur neytenda um lífrænar vörur þykir rétt að leyfa notkun á allt að 100% hlutfalli fóðurs sem er í aðlögun, sem framleitt er á bújörð bóndans, í fóðurskömmtum lífrænt alinna dýra.

4) Samkvæmt B-þætti VI. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 ([3]) var eingöngu leyfilegt að nota ensím, sem yfirleitt eru notuð sem hjálparefni við vinnslu, við lífræna vinnslu en ensím sem notuð eru sem aukefni í matvælum skulu færð á skrána yfir leyfileg aukefni í matvælum í lið A.1 í A-þætti VI. viðauka við þá reglugerð. Nauðsynlegt er að endurinnleiða þetta ákvæði í nýju framkvæmdareglurnar.

5) Þar sem ger telst ekki til landbúnaðarafurða í skilningi 3. mgr. 32. gr. sáttmálans, og til þess að unnt sé að merkja lífrænt ger sem lífrænt, er nauðsynlegt að breyta ákvæðinu um útreikning á innihaldsefnum. Útreikningur á geri og gerafurðum sem innihaldsefni úr landbúnaði verður þó skyldubundinn frá og með 31. desember 2013. Þetta tímabil er nauðsynlegt fyrir iðnaðinn til að aðlagast aðstæðum.

6) Á tilteknum svæðum innan Evrópusambandsins er hefð fyrir því að skreyta soðin egg með litum á tilteknum árstíma og þar sem lífræn egg geta einnig verið lituð og sett á markað hafa tiltekin aðildarríki lagt fram beiðni um að leyfa liti í þeim tilgangi en nefnd óháðra sérfræðinga rannsakaði tiltekna liti og önnur efni til að sótthreinsa og varðveita soðnu eggin ([4]) og komst að þeirri niðurstöðu að leyfa mætti tímabundið allmarga náttúrulega liti, ásamt efnasmíðuðu járnoxíði og járnhýdroxíði. Þar sem framleiðslan er staðbundin og árstíðabundin er þó við hæfi að láta lögbærum yfirvöldum eftir að veita viðeigandi leyfi.

7) Eins og nefnd um lífrænt ger ([5]) hefur mælt með ættu nokkrar vörur og efni, sem nauðsynleg eru við lífræna framleiðslu gers, verkun þess og lögun, að vera heimiluð skv. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Í 20. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um að við lífræna framleiðslu gers skuli aðeins nota næringarefnablöndu úr lífrænni framleiðslu og að ger úr lífrænni ræktun skuli ekki nota í matvæli eða fóður úr lífrænni framleiðslu ásamt hefðbundnu geri. Sérfræðinganefndin mælti þó með því í niðurstöðum sínum frá 10. júlí 2008 að leyfa tímabundið, þar til lífrænir gerkjarnar verða tiltækir, 5 % hlutfall ólífrænna gerkjarna við lífræna framleiðslu gers, sem næringarefnablöndu til viðbótar, sem uppsprettu köfnunarefnis, fosfórs, vítamína og steinefna. Í samræmi við reglurnar um sveigjanleika, skv. e-lið 2. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar, skal heimila 5% hlutfall ólífrænna gerkjarna við lífræna framleiðslu gers.

8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 80. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerð (EBE) nr 2092/91 er felld úr gildi og í stað hennar kemur reglugerð (EB) nr. 834/2007 frá og með 1. janúar 2009.

([4]) Tilmæli hóps óháðra sérfræðinga um „umsókn um litunarefni til litunar lífrænna páskaeggja“ www.organic-farming.europa.eu

([5]) Tilmæli hóps óháðra sérfræðinga um „ákvæði um lífrænt ger“ www.organic-farming.europa.eu

9) Breytingarnar skulu gilda frá og með gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 889/2008.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í 2. mgr. 1. gr. falli d-liður brott.

2. Í stað 1. mgr. 21. gr. komi eftirfarandi:

„1. Að meðaltali má allt að 30% af fóðrinu í fóðurskömmtunum vera fóður í aðlögun. Ef fóðrið, sem er í aðlögun, er frá einingu, sem er hluti af bújörðinni sjálfri, má auka þetta hlutfall í 100%.“

3. Ákvæðum 27. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi málsliður bætist við í b-lið 1. mgr.:

„hinsvegar verður að skrá ensím sem nota á sem aukaefni í matvælum í A-þætti VIII. viðauka.“,

b) eftirfarandi c-liður bætist við í 2. mgr.:

„c) skal reikna ger og gerafurðir sem innihaldsefni úr landbúnaði frá og með 31. desember 2013.“,

c) eftirfarandi 4. mgr. bætist við:

„4. Lögbært yfirvald getur heimilað, fyrir tiltekinn árstíma, notkun náttúrulegra lita og náttúrulegra húðunarefna við hefðbundna skreytingu á skurn soðinna eggja, sem framleidd eru í þeim tilgangi að setja þau á markað á þeim tíma sem um getur hér að framan. Heimildin getur náð yfir efnasmíðað járnoxíð og járnhýdroxíð til 31. desember 2013. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum um slíkar heimildir.“

4. Eftirfarandi 27. gr. a bætist við:

„27. gr. a

Að því er varðar beitingu 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er heimilt nota eftirfarandi efni við framleiðslu, verkun og lögun gers:

a) efni sem skráð eru í C-þætti VIII. viðauka við þessa reglugerð,

b) vörur og efni sem um getur í b- og e-lið 1. mgr. 27. gr. þessarar reglugerðar.“

5. Eftirfarandi 3. þáttur a bætist við 6. kafla II. bálks:

„3. þáttur a

Framleiðslureglur í sérstökum undanteknингartilvikum að því er varðar notkun á tilteknum afurðum og efnum í vinnslunni í samræmi við e-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007

46. gr. a

Ólífrænum gerkjarna bætt við

Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í e-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eiga við er leyfilegt, við lífræna framleiðslu gers, að bæta allt að 5% hlutfalli ólífrænna gerkjarna eða sjálfrofinna gerefna við næringarefnablönduna (reiknað sem þurrefni), ef rekstraraðilum er ókleift að afla gerkjarna eða sjálfrofinna gerefna úr lífrænni framleiðslu.

Endurskoða skal tiltækileika lífrænna gerkjarna eða sjálfrofinna gerefna fyrir 31. desember 2013 með það fyrir augum að fella niður þetta ákvæði.“

6. Ákvæðum VIII. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann Fischer BOEL

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrirsagnar VIII. viðauka komi eftirfarandi:

„Tilteknar vörur og efni til notkunar við framleiðslu á unnum lífrænum matvælum, geri og gerafurðum sem um getur í a-lið 1. mgr. 27. gr. og a-lið 27. gr. a“.

2. Eftirfarandi bætist við sem C-þáttur:

„C-ÞÁTTUR — HJÁLPAREFNI VIÐ VINNSLU TIL FRAMLEIÐSLU Á GERI OG GERAFURÐUM

Heiti	Frumræktarger	Verkun/lögun gers	Sérstök skilyrði
Kalsíumklóríð	X		
Koltvísýringur	X	X	
Sítrónusýra	X		Til að stjórna sýrustiginu við framleiðslu gers
Mjólkursýra	X		Til að stjórna sýrustiginu við framleiðslu gers
Köfnunarefni	X	X	
Súrefni	X	X	
Kartöflusterkja	X	X	Til síunar
Natríumkarbónat	X	X	Til að stjórna sýrustiginu
Jurtaolía	X	X	Smurningsefni, leysari eða froðueyðir.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 537/2009 **2017/EES/24/09**

frá 19. júní 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar skrána yfir þriðju lönd þar sem tilteknar landbúnaðarafurðir, sem eru lífræn framleiðsla, verða að vera upprunnar til að setja megi þær á markað í Bandalaginu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 2. mgr. 33. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 834/2007 hefur verið tekin saman skrá í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum ([2]) yfir þau þriðju lönd sem hafa framleiðslukerfi og eftirlitsráðstafanir fyrir lífræna framleiðslu sem viðurkennd eru sem jafngild. Í ljósi nýrra umsókna og upplýsinga, sem framkvæmdastjórninni hafa borist frá þriðju löndum síðan skráin var síðast birt, skal íhuga að gera á henni tilteknar breytingar og bæta þeim upplýsingum við eða fella þær inn í skrána.

2) Yfirvöld í Ástralíu og Kostaríku hafa sent framkvæmdastjórninni beiðni um að bæta við nýjum eftirlits- og vottunaraðila. Yfirvöld í Ástralíu og Kostaríku hafa látið framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar ábyrgðir til að sýna fram á að nýju eftirlits- og vottunaraðilarnir uppfylli viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008.

3) Gildistími skráningar Indlands í skránni, sem kveðið er á um í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, rennur út 30. júní 2009. Til að komast hjá röskun í viðskiptum þarf að framlengja skráningu Indlands. Yfirvöld á Indlandi hafa sent framkvæmdastjórninni beiðni um að bæta við fjórum nýjum eftirlits- og vottunaraðilum. Indversk yfirvöld hafa látið framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar ábyrgðir til að sýna fram á að nýju eftirlits- og vottunaraðilarnir uppfylli viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Indversk yfirvöld hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að tiltekinn eftirlitsaðili hafi breytt heiti sínu.

4) Ísraelsk yfirvöld hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að tiltekinn eftirlitsaðili hafi breytt heiti sínu.

5) Tilteknar landbúnaðarafurðir, sem fluttar eru inn frá Túnis, eru nú á markaði í Bandalaginu samkvæmt umbreytingarreglunum sem kveðið er á um í 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Túnis lagði fram beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um að vera færð á skrána sem kveðið er á um í III. viðauka við þá reglugerð. Túnis lagði fram þær upplýsingar sem krafist er skv. 7. og 8. gr. þeirrar reglugerðar. Athugun á þessum upplýsingum og viðræður við yfirvöld í Túnis, sem fylgdu í kjölfarið, leiddu til þeirrar niðurstöðu að í landinu væru reglur um framleiðslu og eftirlit með landbúnaðarafurðum jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007. Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram vettvangseftirlit, sem kveðið er á um í 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, með því að framleiðslureglum og eftirlitsráðstöfunum sé beitt í reynd á Túnis.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 159, 20.6.2009, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júní 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Mariann FISCHER BOEL
framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í textanum, sem varðar Ástralíu, er eftirfarandi undirlið bætt við í 5. lið:

„— AUS-QUAL Pty Ltd, www.ausqual.com.au“

2. Í textanum, sem varðar Kostaríku, er eftirfarandi undirlið bætt við í 5. lið:

„— Control Union Certifications, www.cuperu.com“

3. Textanum sem varðar Indland er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„— Aditi Organic Certifications Pvt. Ltd, www.aditicert.net

— APOF Organic Certification Agency (AOCA), www.aoca.in

— Bureau Veritas Certification India Pvt. Ltd, www.bureauveritas.co.in

— Control Union Certifications, www.controlunion.com

— ECOCERT India Private Limited, www.ecocert.in

— Food Cert India Pvt. Ltd, www.foodcert.in

— IMO Control Private Limited, www.imo.ch

— Indian Organic Certification Agency (Indocert), www.indocert.org

— ISCOP (Indian Society for Certification of Organic products), www.iscoporganiccertification.com

— Lacon Quality Certification Pvt. Ltd, www.laconindia.com

— Natural Organic Certification Association, www.nocaindia.com

— OneCert Asia Agri Certification private Limited, www.onecertasia.in

— SGS India Pvt. Ltd, www.in.sgs.com

— Uttaranchal State Organic Certification Agency (USOCA), www.organicuttarakhand.org/products_certification.htm

— Vedic Organic certification Agency, www.vediccertification.com

— Rajasthan Organic Certification Agency (ROCA), http://www.rajasthankrishi.gov.in/Departments/SeedCert/index_eng.asp“

b) Í stað „2009“ í 7. lið komi „2014“.

4. í textanum, sem varðar Ísrael, komi eftirfarandi í stað fjórða undirliðar í 5. lið:

„— Secal Israel Inspection and certification, www.skal.co.il“

5. Á eftir textanum, sem varðar Sviss, er eftirfarandi texta bætt við:

„TÚNIS

1. **Afurðaflokkar**:

   a) óunnar plöntuafurðir og plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar,

   b) unnar landbúnaðarafurðir til notkunar sem matvæli sem eru aðallega samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu.

2. **Uppruni**: afurðir í flokki 1 a og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem hafa verið ræktuð í Túnis.

3. **Framleiðslustaðlar**: Lög nr. 99-30 frá 5. apríl 1999 sem tengjast lífrænum búskap; tilskipun landbúnaðarráðherra frá 28. febrúar 2001 um samþykkt á stöðluðum forskriftum fyrir ræktun nytjaplantna samkvæmt lífrænum aðferðum.

4. **Lögbært yfirvald**: Direction générale de la Production Agricole, www.agriportail.tn

5. **Eftirlitsaðilar**:

   — Ecocert SA en Tunisie, www.ecocert.com

   — Istituto Mediterraneo di Certificazione IMC, www.imcert.it

   — BCS, www.bcs-oeko.com

   — Lacon, www.lacon-institute.com

6. **Aðilar sem gefa út vottorð**: sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar**: 30. júní 2012.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 271/2010 2017/EES/24/10

frá 24. mars 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr 834/2007 að því er varðar kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 25. gr. (3. mgr.), 38. gr. (b-liður) og 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er mælt fyrir um að kennimerki Bandalagsins skuli vera meðal þeirra lögboðnu upplýsinga sem nota skal á umbúðir vara sem merktar eru með hugtökum sem vísa til lífrænnar framleiðsluaðferðar, eins og um getur í 1. mgr. 23. gr., og að notkun kennimerkisins sé valkvæð fyrir vörur sem eru fluttar inn frá þriðju löndum. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er heimilt að nota kennimerki Bandalagsins til merkingar kynningar og auglýsingar á vörum sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þeirri reglugerð.

2) Reynsla af beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ([2]), en í hennar stað kom reglugerð (EB) nr. 834/2007, hefur leitt í ljós að kennimerki Bandalagsins, en notkun þess hefur verið valfrjáls, uppfyllir ekki lengur þær kröfur sem rekstraraðilar í geiranum og neytendur gera.

3) Taka skal nýjar reglur varðandi kennimerkið upp í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit ([3]). Með þessum reglum skal heimilað að kennimerkið verði lagað betur að þróun í geiranum, einkum með því að auðvelda neytendum að bera kennsl á lífrænar vörur sem falla undir reglugerðir ESB varðandi lífræna framleiðslu.

4) Í kjölfar gildistöku Lissabonsáttmálans telst rétt að skipta út tilvísun í „kennimerki Bandalagsins fyrir lífræna framleiðslu“ fyrir tilvísun í „kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu“.

5) Framkvæmdastjórnin efndi til samkeppni meðal list- og hönnunarnema í aðildarríkjunum í því skyni að safna tillögum að nýju kennimerki og óháð dómnefnd valdi og forgangsraðaði tíu bestu tillögunum. Að lokinni frekari athugun með hliðsjón af hugverkaréttindum voru þrjár bestu tillögurnar valdar og birtar á Netinu til umsagnar frá 7. desember 2009 til 31. janúar 2010. Tillagan að kennimerki sem meirihluti gesta vefsetursins valdi á því tímabili skal samþykkt sem nýtt kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu.

6) Breyting á kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu frá og með 1. júlí 2010 ætti ekki að valda neinum vandkvæðum á markaði og einkum ætti að heimila að lífrænar vörur sem þegar hafa verið settar á markað megi selja án þeirra lögboðnu upplýsingar sem krafist er skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, að því tilskildu að viðkomandi vara sé í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 eða reglugerð (EB) nr. 834/2007.

7) Í því skyni að hægt sé að taka kennimerkið í notkun um leið og notkun þess verður lögboðin í samræmi við löggjöf ESB og til að tryggja skilvirka starfsemi innri markaðarins, tryggja sanngjarna samkeppni og vernda hagsmuni neytenda var hið nýja kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu skráð sem heildarmerki fyrir lífrænan búskap hjá Hugverkaréttindastofu Benelúx-landanna og er þar af leiðandi gilt, nothæft og verndað. Kennimerkið verður einnig skráð innan Bandalagsins og í alþjóðlegar skrár.

8) Í 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008 er mælt fyrir um að kenninúmer eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalds skuli staðsetja beint fyrir neðan kennimerki Bandalagsins án sértækra upplýsinga um snið og úthlutun þessara númera. Í því skyni að koma á fót samhæfðri beitingu þessara kenninúmera skal setja ítarlegar reglur um snið og úthlutun þeirra.

9) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2010, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1

([3]) Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrirsagnar I. kafla í III. bálki komi eftirfarandi:

„Kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu“.

2. Í stað 57. gr. komi eftirfarandi:

„57. gr.

Kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu

Í samræmi við 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skal kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu (hér á eftir nefnt „kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu“) vera í samræmi við fyrirmyndina í A-hluta XI. viðauka við þessa reglugerð.

Aðeins skal nota kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu ef viðkomandi vara er framleidd í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EBE) nr. 2092/91 og framkvæmdarreglugerðum hennar eða reglugerð (EB) nr. 834/2007 og kröfurnar í þessari reglugerð."

3. Eftirfarandi komi í stað b-, c- og d-liðar 1. mgr. 58. gr.:

„b) innihalda hugtak sem kemur á tengslum við lífrænu framleiðsluaðferðina, eins og um getur í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, í samræmi við 2. lið B-hluta XI. viðauka við þessa reglugerð,

c) innihalda tilvísunarnúmer framkvæmdastjórnin skal ákvarða eða lögbært yfirvald í aðildarríkjunum í samræmi við 3. lið B-hluta XI. viðauka við þessa reglugerð og d) koma fram á sama sjónsviðinu og kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu ef kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu er notað í merkingunni.“

4. Í stað 9. og 10. mgr. 95. gr. komi eftirfarandi:

„9. Birgðir af vörum, sem eru framleiddar, pakkaðar og merktar fyrir 1. júlí 2010 í samræmi við annaðhvort reglugerð (EBE) nr. 2092/91 eða reglugerð (EB) nr. 834/2007 má áfram setja á markað með hugtökum sem vísa til lífrænnar framleiðslu þar til birgðir eru uppurnar.

10. Heimilt er, í samræmi við annaðhvort reglugerð (EBE) nr. 2092/91 eða reglugerð (EB) nr. 834/2007, að halda áfram að nota umbúðaefni fyrir vörur, sem eru settar á markað með hugtökum sem vísa til lífrænnar framleiðslu, til 1. júlí 2012 ef varan uppfyllir að öðru leyti kröfur reglugerðar (EB) 834/2007.“

5. Í stað XI. viðauka komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júlí 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

„XI. VIÐAUKI


A. **Kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu sem um getur í 57. gr.**

1. Kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu skal samræmast fyrirmyndinni hér að neðan:



2. Pantone-viðmiðunarliturinn er grænn (Pantone nr. 376) og grænn (50% blátt (cyan) + 100% gult) þegar notast er við fjögurra lita prentun.

3. Kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu má einnig nota í svarthvítu, eins og sýnt er hér, en þá aðeins í þeim tilvikum þar sem notkun þess í lit er óhentug:



4. Ef bakgrunnslitur umbúðanna eða vörumiðans er dökkur má nota táknin negatíf með sama bakgrunnslit og umbúðirnar eða vörumiðinn.

5. Ef tákn er notað í lit eða á lituðum bakgrunni sem gerir það að verkum að erfitt er að sjá það er heimilt að nota afmarkandi línu utan um táknið til að auka andstæður við bakgrunnslitina.

6. Í tilteknum, sértækum aðstæðum þegar einlitar merkingar eru á umbúðunum má nota kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu í sama lit.

7. Kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu verður að vera minnst 9 mm á hæð og minnst 13,5 mm á breidd og skal hlutfall hæðar/breiddar alltaf vera 1:1,5. Í undantekningartilvikum má lágmarksstærð vera allt niður í 6 mm þegar um mjög smágerðar umbúðir er að ræða.

8. Kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu má nota í tengslum við mynd- eða textaeiningar sem vísa til lífræns búskapar, með því skilyrði að slíkar einingar valdi hvorki breytingum á eðli kennimerkis ESB fyrir lífræna framleiðslu né á neinum þeim upplýsingum sem um getur í 58. gr. Þegar kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu er notað í tengslum við landsbundin kennimerki eða kennimerki einkaaðila í grænum lit sem er frábrugðinn viðmiðunarlitnum, sem um getur í 2. lið, má nota kennimerki ESB í þeim lit þótt hann sé ekki viðmiðunarlitur.

9. Notkun kennimerkis ESB fyrir lífræna framleiðslu skal vera í samræmi við reglurnar sem fylgja skráningu þess sem heildarmerki fyrir lífrænan búskap hjá Hugverkaréttindastofu Benelúx-landanna og í vörumerkjaskrám í Bandalaginu og alþjóðlegum vörumerkjaskrám.

B. **Kenninúmer sem um getur í 58. gr.**

Almennt snið kenninúmera skal vera eftirfarandi:

AB-CDE-999

þar sem:

1. „AB“ er ISO-kóðinn eins og hann er tilgreindur í a-lið 1. mgr. 58. gr. fyrir það land þar sem eftirlit fer fram og 2. „CDE“ er hugtak sem samanstendur af þremur bókstöfum sem framkvæmdastjórnin eða hvert aðildarríki fyrir sig ákveður, svo sem „bio“ eða „öko“ eða „org“ eða „eko“, og sem kemur á tengslum við lífræna framleiðsluaðferð eins og tilgreint er í b-lið 1. mgr. 58. gr. og 3. „999“ er tilvísunarnúmerið, gefið upp með að hámarki þremur tölustöfum, sem skal úthluta, eins og tilgreint er í c-lið 1. mgr. 58 gr., af:

   a) lögbæru yfirvaldi innan hvers aðildarríkis til þeirra eftirlitsyfirvalda eða -aðila sem yfirvaldið hefur falið eftirlitsstörf í samræmi við 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007,

   b) framkvæmdastjórninni til:

      i. eftirlitsyfirvalda og -aðila sem um getur í a-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 (*) og sem talin eru upp í I. viðauka við þá reglugerð,

      ii. lögbærra yfirvalda eða eftirlitsaðila í þriðju löndum sem um getur í f-lið 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 og sem taldir eru upp í III. viðauka við þá reglugerð,

      iii. eftirlitsyfirvalda og -aðila sem um getur í a-lið 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 og sem talin eru upp í IV. viðauka við þá reglugerð,

   c) lögbæru yfirvaldi í hverju aðildarríki til eftirlitsyfirvalda eða -aðila sem hafa fengið heimild fram að 31. desember 2012 til að gefa út skoðunarvottorð í samræmi við fjórðu undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 (innflutningsleyfi), að beiðni framkvæmdastjórnarinnar.

Framkvæmdastjórnin skal gera kenninúmerin aðgengileg almenningi með hvers kyns viðeigandi tækni, þ.m.t. útgáfu á Netinu.

(*) Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 471/2010 2017/EES/24/11

frá 31. maí 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar skrána yfir þriðju lönd þar sem tilteknar landbúnaðarafurðir, sem eru lífræn framleiðsla, verða að vera upprunnar til að setja megi þær á markað í Sambandin (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 2. mgr. 33. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 hefur verið tekin saman skrá í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum ([2]) yfir þau þriðju lönd sem hafa framleiðslukerfi og eftirlitsráðstafanir fyrir lífræna framleiðslu á landbúnaðarafurðum sem viðurkennd eru sem jafngild því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Í ljósri nýrrar umsóknar og upplýsinga, sem framkvæmdastjórninni hafa borist frá þriðju löndum síðan skráin var síðast birt, skal íhuga að gera á henni tilteknar breytingar og bæta þeim upplýsingum við eða fella þær inn í skrána.

2) Áströlsk yfirvöld hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að tiltekinn eftirlitsaðili hafi endurskipulagt starfsemi sína og breytt heiti sínu. Áströlsk yfirvöld hafa látið framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar ábyrgðir til að sýna fram á að hinn endurskipulagði eftirlitsaðili uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008.

3) Tilteknar landbúnaðarafurðir, sem fluttar eru inn frá Japan, eru nú á markaði í Sambandinu samkvæmt umbreytingarreglunum sem kveðið er á um í 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Japan sendi framkvæmdastjórninni beiðni um að það yrði fært á skrána, sem kveðið er á um í III. viðauka við þá reglugerð, og sendi inn upplýsingarnar sem krafist er skv. 7. og 8. gr. reglugerðarinnar. Athugun á þessum upplýsingum og viðræður við yfirvöld í Japan, sem fylgdu í kjölfarið, leiddu til þeirrar niðurstöðu að í landinu væru reglur um framleiðslu og eftirlit með lífrænni framleiðslu jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007. Framkvæmdastjórnin hefur framkvæmt vettvangseftirlit, sem kveðið er á um í 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, með því að framleiðslureglum og eftirlitsráðstöfunum sé beitt í reynd í Japan. Þar af leiðandi skal framkvæmdastjórnin færa Japan á skrána sem kveðið er á um í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 134, 1.6.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bið birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. maí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í textanum, sem varðar Ástralíu, komi eftirfarandi í stað 4. undirliðar í 5. lið:

„— NASAA Certified Organic (NCO), www.nasaa.com.au“.

2. Á eftir textanum, sem varðar Ísrael, er eftirfarandi texta bætt við:

„JAPAN

1. **Afurðaflokkar:**

   a) óunnar plöntuafurðir, plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar,

   b) unnar landbúnaðarafurðir til notkunar sem matvæli sem eru aðallega samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu.

2. **Uppruni**: afurðir í flokki 1 a og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem hafa verið ræktuð í Japan.

3. **Framleiðslustaðlar**: Japanese Agricultural Standard for Organic Plants (Notification No 1605 of the MAFF of October 27, 2005), Japanese Agricultural Standard for Organic Processed Foods (Notification No 1606 of MAFF of October 27, 2005).

4. **Lögbær yfirvöld**: Labelling and Standards Division, Food Safety and Consumer Affairs Bureau, Ministry of Agriculture, Forestry and Fisheries, www.maff.go.jp/j/jas/index.html og Food and Agricultural Materials Inspection Center (FAMIC), www.famic.go.jp

5. **Eftirlitsaðilar**:

   — Hyogo prefectural Organic Agriculture Society (HOAS), www.hyoyuken.org

   — AFAS Certification Center Co., Ltd, www.afasseq.com

   — NPO Kagoshima Organic Agriculture Association, www.koaa.or.jp

   — Center of Japan Organic Farmers Group, www.yu-ki.or.jp

   — Japan Organic & Natural Foods Association, http://jona-japan.org/organic

   — Ecocert-QAI Japan Ltd, http://ecocert.qai.jp

   — Japan Certification Services, Inc., www.pure-foods.co.jp

   — OCIA Japan, www.ocia-jp.com

   — Overseas Merchandise Inspection Co., Ltd, www.omicnet.com/index.html.en

   — Organic Farming Promotion Association, www3.ocn.ne.jp/~yusuikyo

   — ASAC Stands for Axis' System for Auditing and Certification and Association for Sustainable Agricultural Certification, www.axis-asac.net

   — Environmentally Friendly Rice Network, www.epfnetwork.org/okome

   — Ooita Prefecture Organic Agricultural Research Center, www.d-b.ne.jp/oitayuki

6. **Aðilar sem gefa út vottorð**: sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar**: 30. júní 2013.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 344/2011 **2017/EES/24/12**

frá 8. apríl 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 25. gr. (3. mgr.), 38. gr. (b-liður) og 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er mælt fyrir um að kennimerki Evrópusambandsins um lífræna framleiðslu („kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu“) sé meðal lögboðnu upplýsinganna, sem nota skal að því er varðar forpökkuð matvæli sem merkt eru með hugtökum sem vísa til lífrænnar framleiðsluaðferðar, eins og um getur í 1. mgr. 23. gr., en notkun kennimerkisins er valkvæð að því er varðar þessar vörur sem fluttar eru inn frá þriðju löndum. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er heimilt að nota kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu til merkingar, kynningar og auglýsingar á öðrum vörum sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þeirri reglugerð.

2) Veita skal neytendum tryggingu fyrir því að lífrænar vörur hafi verið framleiddar í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([2]). Í því skyni er rekjanleiki hverrar vöru, sem ber kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu, á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, mikilvægur þáttur. Því telst gagnlegt að greina skýrar frá því að einungis rekstraraðilum fyrirtækja, sem falla undir eftirlitskerfi með lífrænum búskap, sé heimilt að nota kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu í merkingar.

3) Skráning á kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu sem vörumerki, í skrár Sambandsins og alþjóðlegar skrár, er óháð reglum reglugerða (EB) nr. 834/2007 og (EB) nr. 889/2008 sem gilda um notkun kennimerkisins. Til að óhæði þessara reglna sé skýrt skal fjarlægja tenginguna á milli þessara reglugerða og allra skráninga.

4) Eftir breytingarnar á merkingarkerfinu fyrir lífræna framleiðslu, og þar sem beðið er eftir að sértækar Sambandsreglur um lífræna vínframleiðslu verði teknar upp, ríkti mikil óvissa innan geirans varðandi möguleika þess að framleiða vín með vísun í lífræna framleiðslu. Til að leyfa sölu á víni, sem framleitt er á vínárunum 2010/11 og 2011/12 úr lífrænum þrúgum, án lögboðnu upplýsinganna, sem krafist er í 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, er nauðsynlegt að framlengja umbreytingartímabilið, sem sett er fram í 8. og 9. mgr. 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008, varðandi tiltekin ákvæði um merkingar fyrir slíkar vörur, fram til 31. júlí 2012, að því tilskildu að vörurnar sem um ræðir séu í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ([3]) eða reglugerð (EB) nr. 834/2007. Framlenging umbreytingartímabilsins skal taka gildi 1. júlí 2010.

5) Að loknu mati Matvælaöryggisstofnununar Evrópu á notkun rósmarínkjarna sem matvælaaukefni ([4]) var heimilt að nota „rósmarínkjarna“ sem þráavarnarefni og hann tilgreindur sem E-númer í D-hluta III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni ([5]). Því er nauðsynlegt að heimila notkun rósmarínkjarna sem aukefni í matvælum við vinnslu lífrænna matvæla, sé hann notaður sem slíkur, með því að fella vöruna inn í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 96, 9.4.2011, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

([4]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 721, bls. 1.

([5]) Stjtíð. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

1. í stað annarrar málsgreinar 57. gr. komi eftirfarandi:

„Rekstraraðilar sem uppfylla kröfurnar um eftirlitskerfið, sem um getur í 27., 28., 29., 32. og 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, skulu einungis nota kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu við merkingar ef viðkomandi vara er framleidd í samræmi við kröfur reglugerðar (EB) nr. 834/2007, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 (*) og þessarar reglugerðar.

(*) Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.“

2. eftirfarandi 10. mgr. a bætist við 95. gr.:

„10.a Að því er varðar vín skal umbreytingartímabilið sem um getur í 8. mgr. renna út 31. júlí 2012.

Birgðir af víni, sem er framleitt, pakkað og merkt fyrir 31. júlí 2012 annaðhvort í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 eða reglugerð (EB) nr. 834/2007, má áfram setja á markað þar til birgðir eru uppurnar.“,

3. í A-þætti VIII. viðauka bætist eftirfarandi lína við á eftir matvælaaukefninu E 341 (i) (einkalsíumfosfat):

„B	E 392*	Rósmarín-kjarni	X	X	Einungis þegar hann er fenginn úr lífrænni framleiðslu og ef einungis etanól er notað við útdráttinn.“

4. Ákvæði 9. liðar A-hluta XI. viðauka falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þó skulu ákvæði 2. liðar 1. gr. gilda frá og með 1. júlí 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 426/2011 **2017/EES/24/13**

frá 2. maí 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 6. mgr. 28. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er mælt fyrir um að kennimerki Evrópusambandsins um lífræna framleiðslu („kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu“) sé meðal lögboðnu upplýsinganna, sem nota skal að því er varðar forpökkuð matvæli sem merkt eru með hugtökum sem vísa til lífrænnar framleiðsluaðferðar, eins og um getur í 1. mgr. 23. gr., en notkun kennimerkisins er valkvæð að því er varðar þessar vörur sem fluttar eru inn frá þriðju löndum. Veita skal neytendum tryggingu fyrir því að lífrænar vörur hafi verið framleiddar í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([2]). Í því skyni er rekjanleiki hverrar vöru, sem ber kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu, á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, mikilvægur þáttur.

2) Til að gefa neytendum kost á því að fá upplýsingar um rekstraraðilana og vörur þeirra, sem falla undir eftirlitskerfið með lífrænum búskap, skulu aðildarríki sjá til þess, á viðeigandi hátt, að viðkomandi upplýsingar um rekstraraðilana, sem heyra undir þetta kerfi, séu tiltækar, en jafnframt virða kröfurnar um vernd persónuupplýsinga eins og mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([3]).

3) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 8. kafla IV. bálks reglugerðar (EB) nr. 889/2008 bætist við eftirfarandi 92. gr. a:

„92. gr. a

Birting upplýsinga

Aðildarríkin skulu gera uppfærðu skrárnar, sem um getur í 5. mgr. 28. gr. í reglugerð (EB) nr. 834/2007, aðgengilegar almenningi á viðeigandi hátt, þ.m.t. með birtingu á Netinu, sem innihalda uppfærð skrifleg sönnunargögn sem tengjast hverjum rekstraraðila, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 29. gr. þeirrar reglugerðar, og notast við fyrirmyndina sem sett er fram í XII. viðauka við þessa reglugerð. Aðildarríkin skulu á viðeigandi hátt virða kröfurnar um vernd persónuupplýsinga eins og mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB (*).

(*) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þó skal 1. gr. gilda frá og með 1. janúar 2013.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 113, 3.5.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. maí 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 590/2011 **2017/EES/24/14**

frá 20. júní 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 2. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ([2]) er settur fram tiltölulega stuttur frestur fyrir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld til að senda inn umsóknir sínar um viðurkenningu að því er varðar samræmi skv. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Þar sem engin reynsla af beinni beitingu á reglum Sambandsins um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara utan yfirráðasvæðis þess er fyrir hendi skal veita eftirlitsaðilum og eftirlitsyfirvöldum, sem óska eftir að vera færð á skrána yfir samræmi, lengri frest.

2) Í samræmi við 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 hefur verið tekin saman skrá í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 yfir þau þriðju lönd sem hafa framleiðslukerfi og eftirlitsráðstafanir fyrir lífræna framleiðslu á landbúnaðarafurðum sem viðurkennd eru sem jafngild því sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007. Í ljósi nýrra umsókna og upplýsinga, sem framkvæmdastjórninni hafa borist frá þriðju löndum síðan skráin var síðast birt, skal íhuga að gera á henni tilteknar breytingar og aðlaga hana í samræmi við það.

3) Tilteknar landbúnaðarafurðir, sem fluttar eru inn frá Kanada, eru nú á markaði í Sambandinu samkvæmt umbreytingarreglunum sem kveðið er á um í 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Kanada lagði fram beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um að vera fært á skrána sem kveðið er á um í III. viðauka við þá reglugerð. Kanada lagði fram þær upplýsingar sem krafist er skv. 7. og 8. gr. þeirrar reglugerðar. Athugun á þessum upplýsingum og viðræður við yfirvöld í Kanada, sem fylgdu í kjölfarið, leiddu til þeirrar niðurstöðu að í landinu væru reglur um framleiðslu og eftirlit með landbúnaðarafurðum jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007. Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram vettvangseftirlit, sem kveðið er á um í 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, með því að framleiðslureglum og eftirlitsráðstöfunum sé beitt í reynd í Kanada.

4) Yfirvöld í Kostaríku, á Indlandi, í Ísrael, Japan og Túnis hafa beðið framkvæmdastjórnina um að færa nýju eftirlits- og vottunaraðilana á skrána og hafa látið framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar ábyrgðir fyrir því að þeir uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008.

5) Gildistími skráningar Kostaríku og Nýja-Sjálands í skránni, sem kveðið er á um í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, rennur út 30. júní 2011. Til að komast hjá röskun í viðskiptum þarf að framlengja skráningu Kostaríku og Nýja-Sjálands. Í ljósi fenginnar reynslu skal framlengja skráninguna í ótakmarkaðan tíma.

6) Í kjölfar nýlegrar sameiningar ráðuneytis landbúnaðar og skógarnytja og Matvælaöryggisstofnunar Nýja-Sjálands sendi Nýja-Sjáland inn ritstjórnarlegar breytingar á viðkomandi forskriftum sem gefnar eru í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í 4. gr. komi „31. október 2014“ í stað „31. október 2011“.

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 161, 21.6.2011, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júní 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Á eftir textanum, sem varðar Ástralíu, er eftirfarandi texta bætt við:

„KANADA

1. **Vöruflokkar:**
   a) lifandi eða óunnar landbúnaðarafurðir, plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar,
   b) unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli,
   c) fóður.
2. **Uppruni:** afurðir í flokki 1 a og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem hafa verið ræktuð í Kanada.
3. **Framleiðslustaðlar:** Reglugerð um lífrænar vörur.
4. **Lögbær yfirvöld:** Canadian Food Inspection Agency (CFIA), www.inspection.gc.ca
5. **Eftirlitsaðilar:**
   — Atlantic Certified Organic Cooperative Limited (ACO), www.atlanticcertifiedorganic.ca
   — British Columbia Association for Regenerative Agriculture (BCARA), www.centifiedorganic.bc.ca
   — Certification Services Limited Liability Company (CCOF), www.ccof.org
   — Centre for Systems Integration (CSI), www.csi-ics.com
   — Consorzio per il Controllo dei Prodotti Biologici Società a responsabilità limitata (CCPB SRL), www.ccpb.it
   — Control Union Certifications (CUC), www.controlunion.com
   — Ecocert Canada, www.ecocertcanada.com
   — Fraser Valley Organic Producers Association (FVOPA), www.fvopa.ca
   — Global Organic Alliance, www.goa-online.org
   — International Certification Services Incorporated (ICS), www.ics-intl.com
   — LETIS SA, www.letis.com.ar
   — Oregon Tilth Incorporated (OTCO), http://tilth.org
   — Organic Certifiers, www.organiccertifiers.com
   — Organic Crop Improvement Association (OCIA), www.ocia.org/
   — Organic Producers Association of Manitoba Cooperative Incorporated (OPAM), www.opam-mb.com
   — Pacific Agricultural Certification Society (PACS), www.pacscertifiedorganic.ca
   — Pro-Cert Organic Systems Ltd (Pro-Cert), www.ocpro.ca/
   — Quality Assurance International Incorporated (QAI), www.qai-inc.com
   — Quality Certification Services (QCS), www.qcsinfo.org
   — Organisme de Certification Québec Vrai (OCQV), www.quebecvrai.org
   — SAI Global Certification Services Limited, www.saiglobal.com
6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið.
7. **Gildistími skráningar:** 30. júní 2014.“

2) Í textanum, sem varðar Kostaríku, er eftirfarandi undirlið bætt við í 5. lið:

„— Mayacert, www.mayacert.com“

3) Í textanum, sem varðar Kostaríku, komi eftirfarandi í stað 7. liðar:

„7. **Gildistími skráningar:** ótilgreindur.“

4) Í textanum, sem varðar Indland, er eftirfarandi undirliðum bætt við í 5. lið:

„— Chhattisgarh Certification Society (CGCERT), www.cgcert.com

— Tamil Nadu Organic Certification Department (TNOCD), www.tnocd.net

— TUV India Pvt. Ltd, www.tuvindia.co.in/0_mngmt_sys_cert/orgcert.htm

— Intertek India Pvt. Ltd, www.intertek.com“

5) Í textanum, sem varðar Ísrael, er eftirfarandi undirlið bætt við í 5. lið:

„— LAB-PATH Ltd, www.lab-path.co.il“

6) Í textanum, sem varðar Japan, er eftirfarandi undirliðum bætt við í 5. lið:

„— AINOU, www.ainou.or.jp/ainohtm/disclosure/nintei-kouhyou.htm

— SGS Japan Incorporation, www.jp.sgs.com/ja/home_jp_v2.htm

— Ehime Organic Agricultural Association, www12.ocn.ne.jp/~aiyuken/ninntei20110201.html

— Center for Eco-design Certification Co. Ltd, http://www.eco-de.co.jp/list.html

— Organic Certification Association, www.yuukinin.jimdo.com

— Japan Eco-system Farming Association, www.npo-jefa.com

— Hiroshima Environment and Health Association, www.kanhokyo.or.jp/jigyo/jigyo_05A.html

— Assistant Center of Certification and Inspection for Sustainability, www.accis.jp

— Organic Certification Organization Co. Ltd, www.oco45.net“

7) Í textanum, sem varðar Túnis, er eftirfarandi undirlið bætt við í 5. lið:

„— Instituto per la certificazione etica e ambientale (ICEA), www.icea.info“

8) Í textanum, sem varðar Nýja-Sjáland, kemur „MAF Official Organic Assurance Programme Technical Rules for Organic Production“ í stað „MAF Food Official Organic Assurance Programme“ í 2. lið.

9) Í textanum, sem varðar Nýja-Sjáland, komi eftirfarandi í stað 3. til 7. liðar:

„3. **Framleiðslustaðlar:** MAF Official Organic Assurance Programme Technical Rules for Organic Production.

4. **Lögbært yfirvald:** Ministry of Agriculture and Forestry (MAF), http://www.foodsafety.govt.nz/industry/sectors/organics/

5. **Eftirlitsaðilar:**

— AsureQuality Limited, www.organiccertification.co.nz

— BioGro New Zealand, www.biogro.co.nz

6. **Yfirvald sem gefur út vottorð:** Ministry of Agriculture and Forestry (MAF)

7. **Gildistími skráningar:** ótilgreindur“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1084/2011 **2017/EES/24/15**

frá 27. október 2011

um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 2. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ([2]) er kveðið á um að skráin yfir viðurkennd þriðju lönd skuli innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar að því er varðar hvert þriðja land til að hægt sé að sannprófa hvort þær vörur sem settar eru á markað í Sambandinu hafi fallið undir eftirlitskerfi viðkomandi þriðja lands sem hefur hlotið viðurkenningu í samræmi við 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Túnis hefur sent breytingu á forskriftunum sem kveðið er á um í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 í kjölfar myndunar nýrrar stofnunar um lífrænan búskap, innan landbúnaðarráðuneytisins, sem er nú er orðið nýtt, lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á eftirlitskerfinu í Túnis.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 590/2011 ([3]) var nýjum texta sem varðar Kanada bætt inn í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Í 1. lið þess texta, „Vöruflokkar“, er villa sem felst í því að setja fram sérstakan c-lið, „fóður“, sem einn af þessum flokkum þegar liðurinn fjallar í raun um eina mögulega notkun á „unnum landbúnaðarafurðum“ sem um getur í b-lið 1. liðar umrædds texta.

3) Kanada upplýsti framkvæmdastjórnina um að í skránni yfir eftirlitsaðila sem er í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 sé önnur villa þar sem eftirlitsaðilarnir „Control Union Certifications“ hafi ekki heimild frá matvælaeftirlitsstofnun Kanada (e. *Canadian Food Inspection Agency*) til að veita vottunarþjónustu í Kanada.

4) Því ber að breyta og leiðrétta reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við þetta.

5) Vegna réttarvissu skulu leiðréttingarákvæðin í þessari reglugerð gilda frá gildistökudegi reglugerðar (ESB) nr. 590/2011.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingaákvæði

Eftirfarandi komi í stað 4. liðar í textanum varðandi Túnis í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008:

„4. **Lögbært yfirvald**: Direction générale de l’Agriculture Biologique (Ministère de l’Agriculture et de l’Envi-ronnement); www.agriportail.tn“.

2. gr.

Leiðréttingarákvæði

Textanum varðandi Kanada í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi komi í stað b- og c-liðar 1. liðar:

„b) unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli og fóður.“

2) Sjötti undirliður 5. liðar, „Control Union Certifications (CUC), www.controlunion.com“, falli niður.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Ákvæði 2. gr. gilda hins vegar frá 28. júní 2011.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 281, 28.10.2011, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.

([3]) Stjtíð. ESB L 161, 21.6.2011, bls. 9.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. október 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1267/2011 **2017/EES/24/16**

frá 6. desember 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 3. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ([2]) skal framkvæmdastjórnin gera skrá yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi og skal hún birta skrána í IV. viðauka við þá reglugerð.

2) Framkvæmdastjórnin hefur athugað beiðnir um færslu á skrána sem bárust fyrir 31. október 2009 og hefur aðeins tekið til greina fullgerðar beiðnir. Viðkomandi eftirlitsaðilar og eftirlitsyfirvöld voru beðin um að leggja fram viðbótarupplýsingar innan tveggja mánaða til að gera framkvæmdastjórninni kleift að sannreyna hvort þau uppfylli kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Eingöngu skal færa þá eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu eftir athugun á öllum mótteknum upplýsingum að þau stæðust þessar kröfur, í skrána í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

3) Þar eð fjöldi eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvalda, sem hafa lagt fram beiðnir, voru beðin um að leggja fram viðbótarupplýsingar, tók það lengri tíma en fyrirhugað var að meta beiðnirnar og taka saman fyrstu skrána. Í ljósi reynslunnar skal heimila aðildarríkjum að veita áfram innflutningsleyfi en þau leyfi skulu hafa takmarkaðan gildistíma og veita skal aðildarríkjunum lengri tíma þar sem þau geta haldið áfram að veita viðkomandi leyfi.

4) Við mat á beiðnum geta komið upp vandamál varðandi skilning á þeim aðstæðum sem verða þess valdandi að fella má eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald brott af skránni skv. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Til að forðast frekari erfiðleika er nauðsynlegt að útlista nánar hverjar þær aðstæður eru. Hins vegar skal þessi nánari útlistun ekki leggja neinar nýjar skyldur á eftirlitsaðilana eða eftirlitsyfirvöldin.

5) Reynslan hefur sýnt að erfiðleikar geta komið upp við að túlka afleiðingar af frávikum eða brotum sem hafa áhrif á það hvort afurð teljist lífræn framleiðsla. Til að forðast frekari erfiðleika og til að skýra tengslin milli reglugerðar (EB) nr. 1235/2008, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, og annarra gildandi ákvæða að því er varðar innflutning lífrænna afurða frá þriðju löndum, virðist því nauðsynlegt að minna á skyldur eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjunum að því er varðar vörur, sem ekki uppfylla kröfur, sem eru fluttar inn í samræmi við 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Hins vegar skal þessi nánari útlistun ekki leggja neinar nýjar skyldur á eftirlitsaðilann eða eftirlitsyfirvaldið og aðildarríkin.

6) Til að tryggja snurðulausa umbreytingu frá kerfinu fyrir landsbundin leyfi yfir í skrána yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi, skal þessi reglugerð gilda frá 1. júlí 2012.

7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„2. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, er heimilt að fella eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald eða tilvísun í tiltekinn afurðaflokk eða tiltekið þriðja land í tengslum við viðkomandi eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald brott af skránni sem um getur í 10. gr. þessarar reglugerðar í eftirfarandi tilvikum:

a) ef ársskýrslan, sem um getur í b-lið 1. mgr., hefur ekki borist framkvæmdastjórninni fyrir 31. mars,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 324, 7.12.2011, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.

b) ef eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald tilkynnir framkvæmdastjórninni ekki tímanlega um breytingar á tæknilegum málsskjölum sínum,

c) ef eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið veitir framkvæmdastjórninni ekki upplýsingar á meðan tilvik, þar sem um frávik er að ræða, eru rannsökuð,

d) ef eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið grípur ekki til fullnægjandi ráðstafana til úrbóta til að bregðast við frávikunum og brotunum sem komið hafa í ljós,

e) ef eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið samþykkir ekki vettvangsrannsókn sem framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir eða niðurstaða vettvangsrannsóknarinnar er neikvæð vegna kerfisbundins galla í eftirlitsráðstöfununum,

f) í öðrum aðstæðum þar sem skapast áhætta á að villt sé um fyrir neytandanum að því er varðar rétta eiginleika varanna sem hafa fengið vottun eftirlitsaðilanna eða eftirlitsyfirvaldanna.

Ef eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald grípur ekki til skjótra og viðeigandi aðgerða til úrbóta sem framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir, innan tímamarka sem framkvæmdastjórnin skal ákveða í samræmi við alvarleika vandamálsins og sem má almennt ekki vera skemmri en 30 dagar, skal framkvæmdastjórnin fella viðkomandi brott af skránni án tafar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Ákvörðunin um að fella brott af skránni skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Framkvæmdastjórnin skal gera breyttu skrárnar aðgengilegar almenningi eins fljótt og auðið er með hvers kyns viðeigandi tækni, þ.m.t. birtingu á Netinu.“

2) Í stað 15. gr. komi eftirfarandi:

„15. gr.

Vörur sem ekki uppfylla kröfur

1. Með fyrirvara um hverjar þær ráðstafanir eða aðgerðir sem gripið er til í samræmi við 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og/eða reglugerð (EB) nr. 889/2008 er skilyrði fyrir því að afgreiða vörur, sem uppfylla ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 834/2007, í frjálst flæði í Sambandinu að merkingar, þar sem lífræn framleiðsla er tilgreind, séu teknar af merkimiðum, úr auglýsingum og fylgiskjölum.

2. Með fyrirvara um hverjar þær ráðstafanir eða aðgerðir sem grípa skal til í samræmi við 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skal innflytjandinn, ef upp kemur, í tengslum við innfluttar vörur, í samræmi við 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, grunur um brot og frávik frá kröfunum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við 1. mgr. 91. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008.

Innflytjandinn og eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn, sem gaf út skoðunarvottorðið sem um getur í 13. gr. þessarar reglugerðar, skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi eftirlitsaðilum, eftirlitsyfirvöldum og lögbærum yfirvöldum viðkomandi aðildarríkja og þeirra þriðju landa sem koma að lífrænni framleiðslu viðkomandi vara og, eftir því sem við á, framkvæmdastjórninni, um það. Eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn getur lagt bann við því að afurðin sé sett á markað með merkingum sem vísa til lífrænu framleiðsluaðferðarinnar þangað til hann er þess fullviss, á grundvelli upplýsinga sem hann hefur fengið frá rekstraraðilanum eða eftir öðrum leiðum, að óvissunni hafi verið eytt.

3. Með fyrirvara um hverjar þær ráðstafanir eða aðgerðir sem grípa skal til í samræmi við 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skal eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili aðildarríkis eða þriðja lands, ef hann hefur staðfest að grunur um brot eða frávik frá því að kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð sé fylgt sé réttur, að því er varðar vörur frá þriðju löndum sem fluttar eru inn í samræmi við 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við 2. mgr. 91. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008 og skal tafarlaust tilkynna eftirlitsaðilum, eftirlitsyfirvöldum og lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkja og þriðju landa sem koma að lífrænni framleiðslu viðkomandi vara, sem og framkvæmdastjórninni, um það.“

3) Ákvæðum 19. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað þriðju undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Leyfi skulu falla úr gildi eigi síðar en 12 mánuðum eftir að þau eru veitt nema þau sem þegar hafa verið veitt til lengri tíma fyrir 1. júlí 2012.“

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Frá og með 1. júlí 2013 skulu aðildarríkin ekki lengur veita leyfin sem um getur í 1. mgr. nema:

— viðkomandi innfluttar vörur séu vörur þar sem lífræna framleiðslan í þriðja landinu hefur heyrt undir eftirlit af hálfu eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalds sem ekki er að finna á skránni sem sett er fram í samræmi við 10. gr., eða

— viðkomandi innfluttar vörur séu vörur þar sem lífræna framleiðslan í þriðja landinu hefur heyrt undir eftirlit af hálfu eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalds sem er á skránni sem sett er fram í samræmi við 10. gr., en vörurnar falla ekki undir neinn afurðaflokk sem skráður er í IV. viðauka að því er varðar eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald viðkomandi þriðja lands.“

c) Í stað „1. janúar 2013“ í 5. mgr. komi „1. júlí 2014“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

4) Í stað IV. viðauka komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. desember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

„IV. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR EFTIRLITSAÐILA OG EFTIRLITSYFIRVÖLD AÐ ÞVÍ ER VARÐAR JAFNGILDI OG VIÐEIGANDI FORSKRIFTIR SEM UM GETUR Í 10. GR.

Í þessum viðauka eru afurðaflokkarnir tilgreindir með eftirfarandi kóða:

A: Óunnar plöntuafurðir

B: Lifandi dýr eða óunnar dýraafurðir

C: Lagareldisafurðir

D: Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli (*)

E: Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem fóður (*)

F: Fræ og fjölgunarefni

Vefsetrið á Netinu, í samræmi við e-lið 2. mgr. 10. gr., þar sem er að finna skrá yfir rekstraraðila sem falla undir eftirlitskerfið, auk tengiliðar þar sem auðvelt er að nálgast upplýsingar um vottunarstöðu þeirra, þá afurðaflokka sem um ræðir, auk rekstraraðila og vörur með tímabundna eða varanlega ógildingu vottunar, er hægt að finna með veffanginu sem um getur í 2. lið fyrir hvern eftirlitsaðila eða hvert eftirlitsyfirvald, nema annað sé tekið fram.

„Organska Kontrola“

1. Heimilisfang: Hamdije Čemerlića 2/10, 71000 Sarajevo, Bosnia and Herzegovina

2. Veffang: http://www.organskakontrola.ba

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
BA	BA-BIO-101	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„CCPB Srl“

1. Heimilisfang: Via Jacopo Barozzi N.8, 40126 Bologna, Italy

2. Veffang: http://www.ccpb.it

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
HR	HR-BIO-102	—	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Organic Food Development Center“

1. Heimilisfang: 8 Jiang-Wang-Miao St., Nanjing 210042, China

2. Veffang: http://www.ofdc.org.cn

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
CN	CN-BIO-103	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Certificadora Mexicana de productos y procesos ecológicos S.C.“

1. Heimilisfang: Calle 16 de septiembre No 204, Ejido Guadalupe Victoria, Oaxaca, Mexico, C.P. 68026

2. Veffang: http://www.certimexsc.com

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
MX	MX-BIO-104	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„California Certified Organic Farmers“

1. Heimilisfang: 2155 Delaware Avenue, Suite 150, Santa Cruz, CA 95060, United States

2. Veffang: http://www.ccof.org

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
MX	MX-BIO-105	x	—	—	x	—	x
US	US-BIO-105	x	x	—	x	x	x

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Organic Certifiers“

1. Heimilisfang: 6500 Casitas Pass Road, Ventura, CA 93001, United States

2. Veffang: http://www.organiccertifiers.com

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
KR	KR-BIO-106	x	—	—	x	—	—
MX	MX-BIO-106	x	—	—	—	—	—
PH	PH-BIO-106	x	—	—	x	—	—
US	US-BIO-106	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Australian Certified Organic“

1. PO Box 530 — 766 Gympie Rd, Chermside QLD 4032, Australia

2. Veffang: http://www.australianorganic.com.au

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
CK	CK-BIO-107	x	—	—	—	—	—
FJ	FJ-BIO-107	x	—	—	x	—	—
FK	FK-BIO-107	—	x	—	—	—	—
HK	HK-BIO-107	x	—	—	x	—	—
KR	KR-BIO-107	—	—	—	x	—	—
MG	MG-BIO-107	x	—	—	x	—	—
PG	PG-BIO-107	x	—	—	x	—	—
TH	TH-BIO-107	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Organic Standard“

1. Heimilisfang: 51-B, Bohdana Khmelnytskoho str., Kyiv, 01030, Ukraine

2. Veffang: http://www.organicstandard.com.ua

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
UA	UA-BIO-108	x	x	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Ekolojik Tarim Kontrol Organizasyonu“

1. Heimilisfang: 160 Sok. 13/7 Bornova, 35040 Izmir, Turkey

2. Veffang: http://www.etko.org

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
AZ	AZ-BIO-109	x	—	—	x	—	—
GE	GE-BIO-109	x	—	—	—	—	—
KZ	KZ-BIO-109	x	—	—	x	—	—
RU	RU-BIO-109	x	—	—	x	—	—
RS	RS-BIO-109	x	—	—	x	—	—
TR	TR-BIO-109	x	x	—	x	—	—
UA	UA-BIO-109	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Organización Internacional Agropecuaria“

1. Heimilisfang: Av. Santa Fe 830 — (B1641ABN) — Acassuso, Buenos Aires — Argentina

2. Veffang: http://www.oia.com.ar

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
UY	UY-BIO-110	—	x	—	—	—	—
BR	BR-BIO-110	—	x	—	—	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„International Certification Services, Inc.“

1. Heimilisfang: 301 5th Ave SE Medina, ND 58467, United States

2. Veffang: http://www.ics-intl.com

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
MX	MX-BIO-111	—	—	—	x	—	—
PF	PF-BIO-111	—	—	—	x	—	—
US	US-BIO-111	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Ecoglobe“

1. Heimilisfang: 1, A. Khachaturyan Str., apt. 66, 0033 Yerevan, Armenia

2. Veffang: http://www.ecoglobe.am

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
AM	AM-BIO-112	x	—	—	x	—	—
RU	RU-BIO-112	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Quality Assurance International“

1. Heimilisfang: 9191 Town Centre Road, Suite 200, San Diego, CA 92122, United States

2. Veffang: http://www.qai-inc.com

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
MX	MX-BIO-113	x	—	—	x	—	—
PY	PY-BIO-113	x	—	—	x	—	—
US	US-BIO-113	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„LibanCert“

1. Heimilisfang: Chiah-Boulevard Kamil Chamoun — Baaklini Center — 4th floor, Beirut, Lebanon

2. Veffang: http://www.libancert.org

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
JO	JO-BIO-114	x	—	—	x	—	—
LB	LB-BIO-114	x	—	—	x	—	—
SY	SY-BIO-114	x	—	—	—	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Istituto Certificazione Etica e Ambientale“

1. Heimilisfang: Via Nazario Sauro 2, 40121 Bologna, Italy

2. Veffang: http://www.icea.info

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
AE	AE-BIO-115	x	—	—	x	—	—
AL	AL-BIO-115	x	—	—	x	—	—
LA	LA-BIO-115	—	—	—	x	—	—
LB	LB-BIO-115	—	—	—	x	—	—
MD	MD-BIO-115	x	—	—	x	—	—
MG	MG-BIO-115	x	—	—	x	—	—
MX	MX-BIO-115	x	—	—	x	—	—
MY	MY-BIO-115	—	—	—	x	—	—
SN	SN-BIO-115	x	—	—	—	—	—
SY	SY-BIO-115	x	—	—	x	—	—
TH	TH-BIO-115	—	—	—	x	—	—
TR	TR-BIO-115	x	—	—	x	—	—
UY	UY-BIO-115	x	—	—	x	—	—
VN	VN-BIO-115	—	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Oregon Tilth“

1. Heimilisfang: 260 SW Madison Ave, Ste 106, Corvallis, OR 97333, United States

2. Veffang: http://tilth.org

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
US	US-BIO-116	x	—	—	x	—	x

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Caucacert Ltd“

1. Heimilisfang: 2, Marshal Gelovani Street, 5th floor, Suite 410, Tbilisi 0159, Georgia

2. Veffang: http://www.caucascert.ge

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
GE	GE-BIO-117	x	—	—	—	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Bio Latina Certificadora“

1. Heimilisfang: Av. Alfredo Benavides 330, Ofic. 203, Miraflores, Lima 18, Peru

2. Veffang: http://www.biolatina.com

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
PE	PE-BIO-118	x	—	—	—	—	—
BO	BO-BIO-118	x	—	—	—	—	—
NI	NI-BIO-118	x	—	—	—	—	—
HN	HN-BIO-118	x	—	—	—	—	—
CO	CO-BIO-118	x	—	—	—	—	—
GT	GT-BIO-118	x	—	—	—	—	—
PA	PA-BIO-118	x	—	—	—	—	—
MX	MX-BIO-118	x	—	—	—	—	—
VE	VE-BIO-118	x	—	—	—	—	—
SV	SV-BIO-118	x	—	—	—	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„The national association for sustainable agriculture, Australia“

1. Heimilisfang: Unit 7/3 Mount Barker Road, Stirling SA 5152, Australia

2. Veffang: http://www.nasaa.com.au

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
ID	ID-BIO-119	—	—	—	x	—	—
LK	LK-BIO-119	—	—	—	x	—	—
NP	NP-BIO-119	—	—	—	x	—	—
PG	PG-BIO-119	—	—	—	x	—	—
SB	SB-BIO-119	—	—	—	x	—	—
TL	TL-BIO-119	—	—	—	x	—	—
WS	WS-BIO-119	—	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Organic crop improvement association“

1. Heimilisfang: 1340 North Cotner Boulevard, Lincoln, NE 68505-1838, United States

2. Veffang: http://www.ocia.org

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
GT	GT-BIO-120	x	—	—	x	—	—
MX	MX-BIO-120	x	—	—	x	—	—
NI	NI-BIO-120	x	—	—	x	—	—
PE	PE-BIO-120	x	—	—	x	—	—
SV	SV-BIO-120	x	—	—	x	—	—
US	US-BIO-120	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Organic agriculture certification Thailand“

1. Heimilisfang: 619/43 Kiatngamwong Building, Ngamwongwan Rd., Tambon Bangkhen, Muang District, Nonthaburi 11000, Thailand

2. Veffang: http://www.actorganic-cert.or.th

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
ID	ID-BIO-121	x	—	—	x	—	—
LA	LA-BIO-121	x	—	—	x	—	—
TH	TH-BIO-121	x	—	—	x	—	—
VN	VN-BIO-121	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Instituto Biodinamico Certificações“

1. Heimilisfang: Rua Dr Costa Leite, 1351, 18.602.110, Botucatu SP, Brazil

2. Veffang: http://www.ibd.com.br

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
BR	BR-BIO-122	x	x	—	x	x	—
CN	CN-BIO-122	x	—	—	x	—	—
MX	MX-BIO-122	—	x	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„IMO Control Latinoamérica Ltda.“

1. Heimilisfang: Calle Pasoskanki 2134, Cochabamba, Bolivia

2. Veffang: http://www.imo.ch

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
BO	BO-BIO-123	x	—	—	x	—	—
DO	DO-BIO-123	x	—	—	—	—	—
GT	GT-BIO-123	x	—	—	—	—	—
MX	MX-BIO-123	x	—	—	x	—	—
NI	NI-BIO-123	x	—	—	—	—	—
PE	PE-BIO-123	x	—	—	x	—	—
PY	PY-BIO-123	x	—	—	x	—	—
SV	SV-BIO-123	x	—	—	—	—	—
VE	VE-BIO-123	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Uganda Organic Certification Ltd“

1. Heimilisfang: P.O. Box 33743, Kampala, Uganda

2. Veffang: http://www.ugocert.org

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
UG	UG-BIO-124	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Center of Organic Agriculture in Egypt“

1. Heimilisfang: 14 Ibrahim Shawarby St. New Nozha, P.O.Box 1535 Alf Maskan 11777, Cairo, Egypt

2. Veffang: http://www.coae-eg.com

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
EG	EG-BIO-125	x	—	—	x	—	x
SA	SA-BIO-125	x	—	—	—	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Bolicert Ltd“

1. Heimilisfang: Street Colon 756, floor 2, office 2A, Edif. Valdivia Casilla 13030, La Paz, Bolivia

2. Veffang: http://www.bolicert.org

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
BO	BO-BIO-126	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Washington State Department of Agriculture“

1. Heimilisfang: 1111 Washington Street, PO Box 42560 Olympia WA 98504-2560, United States

2. Veffang: http://agr.wa.gov

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
US	US-BIO-127	x	—	—	—	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Certisys“

1. Heimilisfang: Rue Joseph Bouché 57/3, 5310 Bolinne, Belgium

2. Veffang: http://www.certisys.eu

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
BF	BF-BIO-128	x	—	—	x	—	—
GH	GH-BIO-128	x	—	—	x	—	—
ML	ML-BIO-128	x	—	—	x	—	—
SN	SN-BIO-128	x	—	—	x	—	—
VN	VN-BIO-128	—	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„Doalnara Certified Organic Korea, LLC“

1. Heimilisfang: 192-3 Jangyang-ri, Socho-myeon, Wonju-si, Gangwon, South Korea

2. Veffang: http://dcok.systemdcok.or.kr

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
KR	KR-BIO-129	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.

„BioGro New Zealand Limited“

1. Heimilisfang: PO Box 9693 Marion Square, Wellington 6141, New Zealand

2. Veffang: http://www.biogro.co.nz

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
VU	VU-BIO-130	x	—	—	—	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 126/2012 **2017/EES/24/17**

frá 14. febrúar 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 að því er varðar skrifleg sönnunargögn og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá Bandaríkjum Ameríku (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 2. og 3. mgr. 33. gr. og c- og d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er þess krafist að eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar útvegi hverjum þeim rekstraraðila sem þeir hafa eftirlit með skrifleg sönnunargögn.

2) Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skulu rekstraraðilar sem flytja út vörur sem framleiddar eru í samræmi við framleiðslureglurnar, sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, beita eftirlitskerfinu, sem um getur í 27. gr. þeirrar reglugerðar, í fyrirtækjum sínum.

3) Samkvæmt fyrrnefndu eftirlitskerfi og með hliðsjón af framleiðslureglunum sem komið er á með e-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og 24. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit ([2]), sannprófa eftirlitsyfirvöldin og eftirlitsaðilarnir sem stendur búfjárskýrslur rekstraraðilans, þ.m.t. varðandi meðferð sem varðar heilbrigði dýra og dýraafurða og notkun sýklalyfja. Í ljósi þessarar markvissu beitingar eftirlitskerfisins og í þágu framleiðenda í lífrænni búfjárframleiðslu í Sambandinu er rétt að tryggja að unnt sé að sanngreina tilteknar framleiðsluaðferðir, þar sem ekki er notast við sýklalyf, þegar rekstraraðilinn óskar eftir slíkri sanngreiningu. Einnig er þörf á fullnægjandi upplýsingum um séreinkenni framleiðsluaðferðarinnar til að auðvelda aðgang að markaðinum í Bandaríkjunum. Þessi séreinkenni skulu staðfest með skriflegum viðbótarsönnunargögnum sem útveguð eru í samræmi við 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, til viðbótar við skriflegu sönnunargögnin sem um getur í 68. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008.

4) Tilteknar landbúnaðarafurðir, sem fluttar eru inn frá Bandaríkjunum, eru nú á markaði í Sambandinu samkvæmt umbreytingarreglunum sem kveðið er á um í 19. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum ([3]). Bandaríkin lögðu fram beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um að vera færð á skrána sem kveðið er á um í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Bandaríkin lögðu fram þær upplýsingar sem krafist er skv. 7. og 8. gr. þeirrar reglugerðar. Athugun á þessum upplýsingum og viðræður við yfirvöld í Bandaríkjunum, sem fylgdu í kjölfarið, leiddu til þeirrar niðurstöðu að í landinu væru reglur um framleiðslu og eftirlit með lífrænum landbúnaðarafurðum jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007. Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram fullnægjandi vettvangseftirlit, sem kveðið er á um í 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, með því að framleiðslureglum og eftirlitsráðstöfunum sé beitt í reynd í Bandaríkjunum. Þar af leiðandi skal færa Bandaríkin á skrána sem sett er fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

5) Skrá yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld, sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi, er í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Í kjölfar þess að Bandaríkin eru færð á skrá í III. viðauka við þá reglugerð skal fella viðkomandi eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld Bandaríkjanna brott úr IV. viðauka að því marki að þau hafi eftirlit með framleiðslu í Bandaríkjunum.

6) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 889/2008 og (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 41, 15.2.2012, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í 1. mgr. 63. gr. bætist eftirfarandi d-liður við:

„d) séreinkennum framleiðsluaðferðarinnar sem er notuð ef rekstraraðilinn ætlar að óska eftir skriflegum sönnunargögnum í samræmi við 2. mgr. 68. gr.“

2) Í stað 68. gr. komi eftirfarandi:

„68. gr.

Skrifleg sönnunargögn

1. Að því er varðar beitingu 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skulu eftirlitsyfirvöldin og eftirlitsaðilarnir nota fyrirmyndina fyrir skriflegu sönnunargögnin sem sett er fram í XII. viðauka við þessa reglugerð.

2. Ef rekstraraðili, sem fellur undir eftirlit eftirlitsyfirvaldanna og eftirlitsaðilanna eins og um getur í 1. mgr., óskar þess, innan frests sem viðkomandi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar tilgreina, skulu eftirlitsyfirvöldin og eftirlitsaðilarnir útvega skrifleg viðbótarsönnunargögn, með því að nota fyrirmyndina sem er sett fram í XII. viðauka a, þar sem staðfest eru séreinkenni framleiðsluaðferðarinnar sem notuð er.

Umsóknir um skrifleg viðbótarsönnunargögn skulu innihalda viðkomandi færslu, sem tilgreind er í XII. viðauka b., í reit 2 í fyrirmyndinni sem er sett fram í XII. viðauka a.“

3) Í fyrirsögn XII. viðauka komi tilvísun í „1. mgr. 68. gr.“ í stað tilvísunarinnar „68. gr.“.

4) Ákvæðum XII. viðauka a og XII. viðauka b er bætt við í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Hún gildir frá og með 1. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

„XII. VIÐAUKI a

Fyrirmynd fyrir skrifleg viðbótarsönnunargögn sem afhenda skal rekstaraðilanum skv. 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 sem um getur í 2. mgr. 68. gr. þessarar reglugerðar

Skrifleg viðbótarsönnunargögn sem afhenda skal rekstraraðilanum skv. 1. mgr. 29. gr. Reglugerðar (EB) nr. 834/2007
1.1. Númer skjalsins: 1.2. Tilvísun í skriflegu sönnunargögnin sem útveguð eru í samræmi við 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007: ([1])
2. Séreinkenni framleiðsluaðferðarinnar sem rekstraraðilinn notar, sem um getur í 2. mgr. 68. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008: ([2])
3. Þetta skjal er gefið út á grundvelli 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og 2. mgr. 68. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008. Rekstraraðilinn sem um ræðir hefur leyft eftirlit með starfsemi sinni og uppfyllir þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessum reglugerðum. Dagsetning, staður: Undirskrift og stimpill fyrir hönd útgáfueftirlitsaðila/útgáfueftirlitsyfirvalds:
([1]) Færið inn númer skriflegu sönnunargagnanna sem útveguð eru í samræmi við 1. mgr. 68. gr. þessarar reglugerðar og XII. viðauka við þessa reglugerð. ([2]) Færið inn viðkomandi færslu sem sett er fram í XII. viðauka b við þessa reglugerð.

XII. VIÐAUKI b

Færsla sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 68. gr.:

— *Á búlgörsku*: Животински продукти, произведени без използване на антибиотици

— *Á spænsku*: Productos animales producidos sin utilizar antibióticos

— *Á tékknesku*: Živočišné produkty vyprodukované bez použití antibiotik

— *Á dönsku*: Animalske produkter, der er produceret uden brug af antibiotika

— *Á þýsku*: Ohne Anwendung von Antibiotika erzeugte tierische Erzeugnisse

— *Á eistnesku*: Loomsed tooted, mille tootmisel ei ole kasutatud antibiootikume

— *Á grísku*: Ζωικά προϊόντα που παράγονται χωρίς τη χρήση αντιβιοτικών

— *Á ensku*: Animal products produced without the use of antibiotics

— *Á frönsku*: produits animaux obtenus sans recourir aux antibiotiques

— *Á ítölsku*: Prodotti animali ottenuti senza l'uso di antibiotici

— *Á lettnesku*: Dzīvnieku izcelsmes produkti, kuru ražošanā nav izmantotas antibiotikas

— *Á litháísku*: nenaudojant antibiotikų pagaminti gyvūniniai produktai

— *Á ungversku*: Antibiotikumok alkalmazása nélkül előállított állati eredetű termékek

— *Á maltnesku*: Il-prodotti tal-annimali prodotti mingħajr l-użu tal-antibijotiċi

— *Á hollensku*: Zonder het gebruik van antibiotica geproduceerde dierlijke producten

— *Á pólsku*: Produkty zwierzęce wytwarzane bez użycia antybiotyków

— *Á portúgölsku*: Produtos de origem animal produzidos sem utilização de antibióticos

— *Á rúmensku*: Produse de origine animală obținute a se recurge la antibiotice

— *Á slóvakísku*: Výrobky živočíšneho pôvodu vyrobené bez použitia antibiotík

— *Á slóvensku*: Živalski proizvodi, proizvedeni brez uporabe antibiotikov

— *Á finnsku*: Eläintuotteet, joiden tuotannossa ei ole käytetty antibiootteja

— *Á sænsku*: Animaliska produkter som produceras utan antibiotika"

II. VIÐAUKI

Breytingar á III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008

1) Eftirfarandi texti bætist við í III. viðauka:

„BANDARÍKI AMERÍKU

1. **Afurðaflokkar:**

a) lifandi eða óunnar landbúnaðarafurðir, plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar, að undanskildum lagareldisafurðum, að því tilskildu að ef um er að ræða innflutning á eplum og perum skal leggja fram sérstakt vottorð, sem viðkomandi eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald gefur út, sem vottar að engin meðhöndlun með sýklalyfjum hafi átt sér stað til að verjast perubrandi (e. *fire blight*) (t.d. með tetrasýklíni og streptómýsíni) í framleiðsluferlinu,

b) unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli og fóður, að undanskildum lagareldisafurðum, að því tilskildu að ef um er að ræða innflutning á unnum eplum og perum skal leggja fram sérstakt vottorð, sem viðkomandi eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald gefur út, sem vottar að engin meðhöndlun með sýklalyfjum hafi átt sér stað til að verjast perubrandi (t.d. með tetrasýklíni og streptómýsíni) í framleiðsluferlinu.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki 1 a og 1 b og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem voru ræktuð í Bandaríkjunum eða flutt inn til Bandaríkjanna í samræmi við bandarísk löggjöf.

3. **Framleiðslustaðlar:** Organic Foods Production Act of 1990 (7 U.S.C. 6501 et seq.), National Organic Program (7 CFR 205).

4. **Lögbær yfirvöld:** United States Department of Agriculture (USDA), Agricultural Marketing Service (AMS), www.usda.gov

5. **Eftirlitsaðilar og -yfirvöld:**

— A Bee Organic, www.abeeorganic.com

— Agricultural Services Certified Organic, www.ascorganic.com/

— Baystate Organic Certifiers, www.baystateorganic.org

— BCS – Oko Garantie GmbH, www.bcs-oeko.com/en_index.html

— BioAgriCert, www.bioagricert.org/English/index.php

— CCOF Certification Services, www.ccof.org

— Colorado Department of Agriculture, www.colorado.gov

— Control Union Certifications, www.skalint.com

— Department of Plant Industry, www.clemson.edu/public/regulatory/plant_industry/organic_certification/

— Ecocert S.A., www.ecocert.com

— Georgia Crop Improvement Association, Inc., www.certifiedseed.org

— Global Culture, www.globalculture.us

— Global Organic Alliance, Inc., www.goa-online.org

— Global Organic Certification Services, www.globalorganicservices.com

— Idaho State Department of Agriculture, www.agri.idaho.gov/Categories/PlantsInsects/Organic/indexOrganicHome.php

— Indiana Certified Organic LLC, www.indianacertifiedorganic.com

— International Certification Services, Inc., www.ics-intl.com

— Iowa Department of Agriculture and Land Stewardship, www.agriculture.state.ia.us

— Kentucky Department of Agriculture, www.kyagr.com/marketing/plantmktg/organic/index.htm

— LACON GmbH, www.lacon-institut.com

— Louisiana Department of Agriculture and Forestry, www.ldaf.state.la.us/portal/DesktopModules/BrowseBy/portal/Offices/AgriculturalEnvironmentalSciences/PesticidesEnvironmentalPrograms/OrganicCertificationPrograms/tabid/435/Default.aspx

— Marin County, www.co.marin.ca.us/depts/ag/main/moca.cfm

— Maryland Department of Agriculture, www.mda.state.md.us/md_products/certified_md_organic_farms/index.php

— Mayacert S.A., www.mayacert.com

— Midwest Organic Services Association, Inc., www.mosaorganic.org

— Minnesota Crop Improvement Association, www.mncia.org

— MOFGA Certification Services, LLC, www.mofga.org/

— Montana Department of Agriculture, www.agr.mt.gov.organic/Program.asp

— Monterey County Certified Organic, www.ag.co.monterey.ca.us/pages/organics

— Natural Food Certifiers, www.nfccertification.com

— Nature's International Certification Services, www.naturesinternational.com/

— Nevada State Department of Agriculture, http://www.agri.state.nv.us

— New Hampshire Department of Agriculture, Division of Regulatory Services, http://agriculture.nh.gov/divisions/markets/organic_certification.htm

— New Jersey Department of Agriculture, www.state.nj.us/agriculture/

— New Mexico Department of Agriculture, Organic Program, http://nmdaweb.nmsu.edu/organics-program/Organic%20Program.html

— NOFA – New York Certified Organic, LLC, http://www.nofany.org

— Ohio Ecological Food and Farm Association, www.oeffa.org

— OIA North America, LLC, www.oianorth.com

— Oklahoma Department of Agriculture, www.oda.state.ok.us

— OneCert, www.onecert.com

— Oregon Department of Agriculture, www.oregon.gov/ODA/CID

— Oregon Tilth Certified Organic, www.tilth.org

— Organic Certifiers, Inc., http://www.organiccertifiers.com

— Organic Crop Improvement Association, www.ocia.org

— Organic National & International Certifiers (ON&IC), http://www.on-ic.com

— Organizacion Internacional Agropecuraria, www.oia.com.ar

— Pennsylvania Certified Organic, www.paorganic.org

— Primuslabs.com, www.primuslabs.com

— Pro-Cert Organic Systems, Ltd, www.pro-cert.org

— Quality Assurance International, www.qai-inc.com

— Quality Certification Services, www.QCSinfo.org

— Rhode Island Department of Environmental Management, www.dem.ri.gov/programs/bnatres/agricult/orgcert.htm

— Scientific Certification Systems, www.SCScertified.com

— Stellar Certification Services, Inc., http://demeter-usa.org/

— Texas Department of Agriculture, www.agr.state.tx.us

— Utah Department of Agriculture, http://ag.utah.gov/divisions/plant/organic/index.html

— Vermont Organic Farmers, LLC, http://www.nofavt.org

— Washington State Department of Agriculture, http://agr.wa.gov/FoodAnimal?Organic/default.htm

— Yolo County Department of Agriculture, www.yolocounty.org/Index.aspx?page=501

6. **Aðilar og yfirvöld sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar:** 30. júní 2015.“

2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Að því er varðar „California Certified Organic Farmers“ falli línan sem varðar þriðja land „US“ og kenninúmer „US-BIO-105“ í 3. lið brott.

b) Að því er varðar „Organic Certifiers“ falli línan sem varðar þriðja land „US“ og kenninúmer „US-BIO-106“ í 3. lið brott.

c) Að því er varðar „International Certification Services, Inc.“ falli línan sem varðar þriðja land „US“ og kenninúmer „US-BIO-111“ í 3. lið brott.

d) Að því er varðar „Quality Assurance International“ falli línan sem varðar þriðja land „US“ og kenninúmer „US-BIO-113“ í 3. lið brott.

e) Öll færslan fyrir „Oregon Tilth“ falli brott.

f) Að því er varðar „Organic Crop Improvement Association“ falli línan sem varðar þriðja land „US“ og kenninúmer „US-BIO-120“ í 3. lið brott.

g) Öll færslan fyrir „Washington State Department of Agriculture“ falli brott.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 203/2012 **2017/EES/24/18**

frá 8. mars 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar ítarlegar reglur um lífrænt vín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 19. gr. (annarri undirgr. 3. mgr.), 21. gr. (2. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 38. gr. (a-liður) og 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 834/2007, einkum 4. kafla í III. bálki hennar, er mælt fyrir um grunnkröfur að því er varðar lífræna framleiðslu unninna matvæla. Ítarlegar reglur um framkvæmd þessara grunnkrafna voru settar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit ([2]).

2) Mæla skal fyrir um sértæk ákvæði um framleiðslu á lífrænu víni í reglugerð (EB) nr. 889/2008. Þessi ákvæði skulu gilda um vörur úr víngeiranum eins og um getur í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) ([3]).

3) Vinnsla á lífrænu víni gerir kröfu um notkun á tilteknum vörum og efnum sem aukefnum eða hjálparefnum við vinnslu við vel skilgreindar aðstæður. Í þeim tilgangi, og á grundvelli tilmælanna í rannsókninni „Lífræn vínrækt og vínframleiðsla: þróun umhverfis- og neytendavænnar tækni til að auka gæði lífræns víns og lagaramma á vísindalegum grunni“ (e. *Organic viticulture and wine-making: development of environment and consumer friendly technologies for organic wine quality improvement and scientifically based legislative framework*) (einnig þekkt sem „ORWINE“) ([4]) á vettvangi Sambandsins, skal leyfa notkun slíkra vara og efna í samræmi við 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

4) Tilteknar vörur og efni, sem notuð eru sem aukefni og hjálparefni við vinnslu að því er varðar vínfræðilegar vinnsluaðferðir samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 frá 10. júlí 2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi ([5]), eru fengin úr hráefni úr landbúnaði. Í slíkum tilvikum geta hráefnin verið fáanleg á markaði í lífrænu formi. Til að stuðla að aukinni eftirspurn eftir slíku hráefni á markaðnum skal notkun aukefna og hjálparefna við vinnslu, sem fengin eru úr lífrænt ræktuðu hráefni, hafa forgang.

5) Aðferðir og tækni fyrir framleiðslu á víni eru fastsett á vettvangi Sambandsins með reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og framkvæmdarreglum hennar eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 606/2009 og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 frá 14. júlí 2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknanir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða ([6]). Notkun þessara aðferða og tækni við framleiðslu á lífrænu víni kann að vera í ósamræmi við markmiðin og meginreglurnar sem eru fastsett í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og einkum sértæku meginreglurnar sem eiga við um vinnslu lífrænt ræktaðra matvæla, sem um getur í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Því skal setja sértæk höft og takmarkanir á tilteknar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu.

6) Aðrar tilteknar aðferðir, sem eru víða notaðar við matvælavinnslu, er einnig unnt að nota við vínframleiðslu og geta þær einnig haft viss áhrif á tiltekin einkenni lífrænu varanna og þar með á rétta eiginleika þeirra, en sem stendur er engin tækni aðgengileg sem unnt er að nota í stað þeirra. Þetta á við um hitameðhöndlun, síun, himnusíun og notkun jónaskiptaresíns. Því skulu þessar aðferðir standa lífrænum vínframleiðendum til boða en notkun þeirra skal vera takmörkuð. Endurskoðun að því er varðar hitameðhöndlun, jónaskiptaresín og himnusíun skal því fara fram í tæka tíð.

7) Vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnsla, sem gætu verið misvísandi að því er varðar rétta eiginleika lífrænu varanna, skulu útilokuð frá framleiðslu lífræns víns.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 71, 9.3.2012, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

([4]) http://www.orwine.org/default.asp?scheda=263

([5]) Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1.

([6]) Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 60.

Þetta gildir um þykkingu víns með kælingu, fjarlægingu vínanda, fjarlægingu brennisteinsdíoxíðs með eðlisrænni aðferð, rafskiljun og með plúsjónaskiptum þar eð þessar vínfræðilegu vinnsluaðferðir breyta samsetningu vörunnar umtalsvert að því marki að það gæti orðið misvísandi að því er varðar rétta eiginleika lífræna vínsins. Af sömu ástæðu getur notkun eða viðbót tiltekinna efna einnig verið misvísandi að því er varðar rétta eiginleika lífræna vínsins. Því er rétt að mæla fyrir um að ekki skuli nota slík efni eða bæta þeim við í tengslum við lífrænar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og meðhöndlunaraðferðir.

8) Einkum að því er varðar súlfít hafa niðurstöðurnar úr ORWINE-rannsókninni sýnt að lífrænum vínframleiðendum innan Sambandsins hefur þegar tekist að lækka gildi brennisteinsdíoxíðs í víni, sem framleitt eru úr lífrænum þrúgum, borið saman við hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs sem leyfilegt er fyrir ólífræn vín. Því þykir rétt að ákvarða hámarksinnihald brennisteins sérstaklega fyrir lífræn vín og skal það vera lægra en leyfilegt gildi í ólífrænum vínum. Nauðsynlegt magn brennisteinsdíoxíðs veltur á mismunandi flokkum víns og einnig á tilteknum eðliseiginleikum vínsins, einkum sykurinnihaldi þess, og skal það haft í huga þegar hámarksgildi brennisteinsdíoxíðs í lífrænu víni er ákvarðað. Óvenjuleg veðurskilyrði geta þó skapað erfiðleika á tilteknum vínræktarsvæðum sem gerir það að verkum að nauðsynlegt er að nota viðbótarmagn af súlfítum við framleiðslu á víni til að ná stöðugleika í fullunnu vörunni á viðkomandi ári. Því skal leyfilegt að auka hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs þegar slík skilyrði eru uppfyllt.

9) Vín er vara með mikið geymsluþol og hefð fyrir því að sumar vintegundir séu geymdar í nokkur ár í tunnum eða tönkum áður en þær eru settar á markað. Samkvæmt skilyrðum reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ([1]) og í takmarkaðan tíma, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 889/2008, skal leyfa setningu á slíku víni á markað með því að viðhalda þeim kröfum sem gerðar eru um merkingar samkvæmt þeirri reglugerð, þar til birgðir eru uppurnar.

10) Hluti af því víni sem er í geymslu var framleitt með vínframleiðsluferli þar sem reglunum um framleiðslu á lífrænu víni, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, er þegar fylgt. Þegar slíkt er hægt að sanna skal leyfa notkun kennimerkis Bandalagsins fyrir lífræna framleiðslu, eins og um getur í 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, sem kallast frá 1. júlí 2010 „kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu“, til að stuðla að sanngjörnum samanburði og samkeppni milli lífrænna vína sem eru framleidd fyrir og eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Ef ekki er um slíkt að ræða skal vínið eingöngu merkt sem „vín framleitt úr lífrænum þrúgum“ án kennimerkis ESB fyrir lífræna framleiðslu, að því tilskildu að vínið sé framleitt í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 og reglugerð (EB) nr. 889/2008 áður en henni var breytt með þessari reglugerð.

11) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. bálks er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorða 1. mgr. 27. gr. komi eftirfarandi:

„Að því er varðar b-lið 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má aðeins nota eftirfarandi efni við vinnslu lífrænna matvæla, að undanskildum vörum í víngeiranum sem ákvæði 3. kafla a skulu gilda um:“

b) Nýr kafli, 3. kafli a, bætist við:

„3. KAFLI A

Sértækar reglur um vínframleiðslu

29. gr. b

Gildissvið

1. Í þessum kafla mælt fyrir um sértækar reglur um lífræna framleiðslu á vörum í víngeiranum, eins og um getur í l-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1234/2007 ([*]).

2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 ([**]) og (EB) nr. 607/2009 ([***]) skulu gilda ef ekki er skýrt kveðið á um annað í þessum kafla.

29. gr. c

Notkun á tilteknum vörum og efnum

1. Að því er varðar a-lið 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skulu vörur í víngeiranum framleiddar úr lífrænu hráefni.

2. Að því er varðar b-lið 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er aðeins hægt að nota vörur og efni, sem tilgreind eru í VIII. viðauka a við þessa reglugerð, við framleiðslu á vörum í víngeiranum, þ.m.t. vinnsla og vínfræðilegar vinnsluaðferðir, háð skilyrðunum og takmörkununum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og reglugerð (EB) nr. 606/2009 og einkum í I. viðauka A við þá reglugerð.

3. Nota skal vörur og efni, sem eru tilgreind í VIII. viðauka a við þessa reglugerð og eru merkt með stjörnu og fengin úr lífrænu hráefni, þegar þau eru fáanleg.

([1]) Stjtíð. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerð (EBE) nr 2092/91 hefur verið felld úr gildi og í stað hennar kom reglugerð (EB) nr. 834/2007 frá og með 1. janúar 2009.

29. gr. d

Vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir

1. Með fyrirvara um 29. gr. c og sértæk bönn og takmarkanir, sem kveðið er á um í 2.–5. mgr. þessarar greinar, skal eingöngu leyfa vínfræðilegar vinnsluaðferðir, vinnslu og meðhöndlun, þ.m.t. takmarkanirnar sem kveðið er á um í 120. gr. c og 120. gr. d í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og í 3., 5.–9. og 11.–14. gr. reglugerðar (EB) nr. 606/2009 og viðaukum þeirra, sem notuð er fyrir 1. ágúst 2010.

2. Notkun eftirfarandi vínfræðilegra vinnsluaðferða, vinnslu og meðhöndlunar er bönnuð:

a) þykking að hluta til með kælingu samkvæmt c-lið í lið B.1 í XV. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 1234/2007,

b) fjarlæging brennisteinsdíoxíðs með eðlisrænum aðferðum skv. 8. lið í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009,

c) meðhöndlun með rafskiljun til að tryggja stöðugun víns með tilliti til vínsýrumagns skv. 36. lið í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009,

d) fjarlæging vínanda að hluta til úr víni skv. 40. lið í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009,

e) meðhöndlun með plúsjónaskiptum til að tryggja stöðugun vínsins með tilliti til vínsýrumagns skv. 43. lið í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009.

3. Notkun eftirfarandi vínfræðilegra vinnsluaðferða, vinnslu og meðhöndlunar er heimil við eftirfarandi skilyrði:

a) að því er varðar hitameðhöndlun skv. 2. lið í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009 skal hitastigið ekki fara yfir 70 °C,

b) að því er varðar skiljun í skilvindu og síun, með eða án hvarftregs síunarhjálparefnis, skv. 3. lið í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009 skal opstærð ekki vera minni en 0,2 µm.

4. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða notkun eftirfarandi vínfræðilegra vinnsluaðferða, vinnslu og meðhöndlunar fyrir 1. ágúst 2015 með það fyrir augum að hverfa frá þessum aðferðum í áföngum eða til að takmarka þær enn frekar:

a) hitameðhöndlun eins og um getur í lið 2 í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009,

b) notkun jónaskiptaresíns eins og um getur í 20. lið í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009,

c) himnusíun samkvæmt b-lið í lið B.1 í XV. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 1234/2007.

5. Allar breytingar sem innleiddar eru eftir 1. ágúst 2010 að því er varðar vínfræðilegu vinnsluaðferðina, vinnslu og meðhöndlun, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 eða reglugerð (EB) nr. 606/2009, geta einungis átt við um lífræna framleiðslu á víni eftir að þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar framleiðslureglnanna, sem kveðið er á um í 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eru samþykktar og, ef við á, eftir matsferli skv. 21. gr. þeirrar reglugerðar.

_____

(*) Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.
(**) Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1.
(***) Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 60.“

c) Ákvæðum 47. gr. er breytt sem hér segir:

i. Í fyrstu málsgrein bætist eftirfarandi e-liður við:

„e) notkun brennisteinsdíoxíðs upp að hámarksinnihaldinu, sem er fastsett í samræmi við I. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 606/2009, ef óvenjuleg veðurfarsskilyrði til-tekins uppskeruárs spilla heilbrigðisstöðu lífrænu þrúganna á tilteknu landfræðilegu svæði vegna alvarlegra árása af völdum baktería eða sveppa sem þvinga vínframleiðandann til að nota meira brennisteinsdíoxíð en undangengin ár til að fá sambærilega fullunna vöru.“

ii. Í stað annarrar málsgreinar komi eftirfarandi:

„Að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds skulu einstakir rekstraraðilar halda til haga skriflegum sönnunargögnum um notkun á framangreindum undanþágum. Aðildarríki skulu tilkynna hvort öðru og framkvæmdastjórninni um undanþágur sem þau hafa veitt samkvæmt c- og e-lið fyrstu málsgreinar.“

2) Ákvæðum V. bálks er breytt sem hér segir:

a) Í 1. mgr. 94. gr. bætist eftirfarandi d-liður við:

„d) undanþágur sem aðildarríkin veita skv. c- og e-lið fyrstu málsgreinar 47. gr. innan mánaðar frá samþykki þeirra.“

b) Í stað 10. mgr. a í 95. gr. komi eftirfarandi:

„10a. Að því er varðar vörur í víngeiranum skal umbreytingartímabilið, sem um getur í 8. mgr., renna út 31. júlí 2012.

Birgðir af víni, sem er framleitt fram til 31. júlí 2012, annaðhvort í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 eða reglugerð (EB) nr. 834/2007, má áfram setja á markað þar til birgðir eru uppurnar, að uppfylltum eftirfarandi kröfum varðandi merkingar:

a) nota má kennimerki Bandalagsins fyrir lífræna framleiðslu, eins og um getur í 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, sem kallast frá 1. júlí 2010 „kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu“, að því tilskildu að vínframleiðsluferlinu í 3. kafla a í II. bálki þessarar reglugerðar sé fylgt,

b) rekstraraðilar sem nota „kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu“ skulu halda skráð sönnunargögn í a.m.k. fimm ár eftir að þeir settu vínið úr lífrænum þrúgum á markað, þ.m.t. um tilheyrandi magn af víni í lítrum, í hverjum vínflokki og á hverju ári,

c) ef sönnunargögnin, sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar, eru ekki aðgengileg er heimilt að merkja slíkt vín sem „vín framleitt úr lífrænum þrúgum“, að því tilskildu að það uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð, að undanskildum þeim sem kveðið er á um í 3. kafla a í II. bálki,

d) vín sem er merkt „vín framleitt úr lífrænum þrúgum“ má ekki merkja með „kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu“.“

3) Nýr VIII. viðauki a bætist við og texti hans kemur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

„VIII. VIÐAUKI a

Vörur og efni sem eru heimiluð til notkunar í eða til viðbótar við lífrænar vörur í víngeiranum sem um getur í 29. gr. c

Tegund meðhöndlunar, í samræmi við I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009	Heiti vara eða efna	Sérstök skilyrði og takmarkanir innan þeirra marka og skilyrða sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og reglugerð (EB) nr. 606/2009
Liður 1: Notkun til loftunar eða súrefnismettunar	— Loft — Loftkennt súrefni	
Liður 3: Skiljun í skilvindu og síun	— Perlusteinn — Sellulósi — Kísilgúr	Eingöngu til notkunar sem hvarftregt síunarhjálparefni
Liður 4: Notað til að skapa óvirkar aðstæður og til að meðhöndla vöruna án þess að hún komist í snertingu við loft	— Köfnunarefni — Koltvísýringur — Argon	
Liður 5, 15 og 21: Notkun	— Ger ([1])	
Liður 6: Notkun	— Díammóníumfosfat — Þíamínhýdróklóríð	
Liður 7: Notkun	— Brennisteinsdíoxíð — Kalíumbísúlfít eða kalíummetabísúlfít	a) hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs skal ekki fara yfir 100 milligrömm á lítra í rauðvínum, eins og um getur í a-lið 1. liðar A-hluta I. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 606/2009, og magn af sykurleifum skal vera minna en 2 grömm á lítra, b) hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs skal ekki fara yfir 150 milligrömm á lítra í hvítvínum og rósavínum, eins og um getur í b-lið 1. liðar A-hluta I. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 606/2009, og magn af sykurleifum skal vera minna en 2 grömm á lítra, c) að því er varðar alla aðra vínflokka skal hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs, sem notað er í samræmi við I. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 606/2009 1. ágúst 2010, minnkað um 30 milligrömm á lítra.
Liður 9: Notkun	— Viðarkol til vínfræðilegrar notkunar	
Liður 10: Botnfelling	— Ætt gelatín ([2]) — Plöntuprótín úr hveiti eða ertum ([2]) — Fiskilím ([2]) — Eggjahvítualbúmín ([2]) — Tannín ([2])	
	— Kasein — Kalíumkaseinat — Kísildíoxíð — Bentónít — Pektólítísk ensím	

Tegund meðhöndlunar, í samræmi við I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009	Heiti vara eða efna	Sérstök skilyrði og takmarkanir innan þeirra marka og skilyrða sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og reglugerð (EB) nr. 606/2009
Liður 12: Notkun til sýringar	— Mjólkursýra — L(+)-vínsýra	
Liður 13: Notkun til afsýringar	— L(+)-vínsýra — Kalsíumkarbónat — Hlutlaust kalíumtartrat — Kalíumbíkarbónat	
Liður 14: Viðbót	— Resín úr aleppófuru	
Liður 17: Notkun	— Mjólkursýrugerlar	
Liður 19: Viðbót	— L-askorbínsýra	
Liður 22: Notkun til loftbólunar	— Köfnunarefni	
Liður 23: Viðbót	— Koltvísýringur	
Liður 24: Viðbót til að stöðga vín	— Sítrónusýra	
Liður 25: Viðbót	— Tannín ([2])	
Liður 27: Viðbót	— Metavínsýra	
Liður 28: Notkun	— Arabískt gúmmí ([2])	
Liður 30: Notkun	— Kalíumbítartrat	
Liður 31: Notkun	— Kúprísítrat	
Liður 31: Notkun	— Koparsúlfat	Leyft til 31. júlí 2015
Liður 38: Notkun	— Eikarspænir	
Liður 39: Notkun	— Kalíumalgínat	
Tegund meðhöndlunar í samræmi við b-lið 2. liðar A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 606/2009	— Kalsíumsúlfat	Eingöngu fyrir „vino generoso“ eða „vino generoso de licor“

([1]) Fyrir einstaka gerstofna: fengið úr lífrænu hráefni, ef fáanlegt.

([2]) Fengið úr lífrænu hráefni, ef fáanlegt.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 505/2012 **2017/EES/24/19**

frá 14. júní 2012

um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 14. gr. (2. mgr.), 16. gr. (d-liður 1. mgr. og a-liður 3. mgr.), 21. gr. (2. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 26. gr. (a-liður) og 38. gr. (a- og b-liður),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í d-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er mælt fyrir um almennar framleiðslureglur um lífrænt fóður að því er varðar uppruna. Fóður, sem er framleitt á eigin bújörð, lýkur í því samhengi lífræna framleiðsluferlinu á býli. Fóðurframleiðsla á býli og/eða notkun fóðurs frá sama landsvæði dregur úr flutningum og er umhverfis- og náttúruvæn. Af þessum sökum, til þess að geta betur mætt lífrænum markmiðum reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og í ljósi reynslunnar, þykir rétt að ákvarða lágmarkshluta fóðurs, sem framleitt er á eigin bújörð, fyrir svín og alifugla og að auka lágmarkshluta fyrir grasbíta.

2) Lárétta löggjöfin um fóðurefni, fóðurblöndur og fóðuraukefni var endurskoðuð með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB ([2]). Því skal breyta viðkomandi greinum og viðaukum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([3]).

3) Þróun samræmdra reglna um lífræna framleiðslu fyrir unga alifugla á vettvangi Sambandsins er flókið ferli þar eð sjónarmið hlutaðeigandi aðila eru mjög ólík að því er varðar tæknilegar kröfur. Til þess að unnt sé að fá meiri tíma til að þróa ítarlegar reglur um framleiðslu á lífrænt öldum unghænum skal framlengja undantekningarregluna um notkun ólífrænt alinna unghæna.

4) Framleiðslan á lífrænt ræktuðum prótínjurtum annar ekki eftirspurn. Einkum er bæði eigindlegt og megindlegt framboð á lífrænt ræktuðu prótíni á markaði Sambandsins ekki ennþá nægilegt til að uppfylla næringarþarfir svína og alifugla sem eru alin á lífrænum býlum. Því er rétt að leyfa lítinn hluta af ólífrænt ræktuðu prótínfóðri sem undantekningarreglu í takmarkaðan tíma.

5) Umorða skal viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 889/2008 til þess að skilgreina og skýra frekar notkun hugtaksins „lífrænn“ og kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu á merkingum á fóðri sem framleitt er úr lífrænum innihaldsefnum.

6) Heimila má notkun fóðuraukefna í framleiðslu á lífrænt ræktuðu fóðri með vissum skilyrðum. Aðildarríkin hafa lagt fram umsóknir fyrir fjölda nýrra efna sem þarf að leyfa skv. 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Á grundvelli tilmæla frá sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu (EGTOP) ([4]), sem komst að þeirri niðurstöðu að fóðuraukefnin natríumformat, natríumferrósýaníð, natrólítfónólít og klínoptílólít séu í samræmi við lífrænu markmiðin og meginreglurnar, skal skrá þessi efni í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 154, 15.6.2012, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

([4]) Lokaskýrsla um fóður (EGTOP/1/2011), http://ec.europa.eu/agriculture/organic/files/eu-policy/expert-recommendations/expert_group/final_report_on_feed_to_be_published_en.pdf

7) Í A-þætti VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 er skekkja í kröfum varðandi notkun á rósmarínkjarna sem lífrænu aukefni í matvælum og því skal leiðrétta hana.

8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.

9) Til að gera rekstraraðilum kleift að hafa samfellu í notkun undantekningarreglna í framleiðslu í tengslum við ólífrænt fóður og ólífrænt aldar unghænur eftir að núgildandi reglur falla úr gildi skulu breytingarnar á undantekningarreglunum, sem gerðar eru með þessari reglugerð, gilda frá og með 1. janúar 2012 með það fyrir augum að forðast hindranir eða truflun á lífrænni framleiðslu.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingaákvæði

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 19. gr. komi eftirfarandi:

„19. gr.

Fóður frá eigin bújörð og fóður af öðrum uppruna

1. Þegar um er að ræða grasbíta, nema á þeim tíma á hverju ári þegar dýr fara milli bithaga skv. 4. mgr. 17. gr., skulu a.m.k. 60% af fóðrinu koma frá bújörðinni sjálfri eða, ef því verður ekki komið við, framleidd í samvinnu við aðrar lífrænar bújarðir sem eru á sama svæði.

2. Þegar um er að ræða svín og alifugla skulu a.m.k. 20% af fóðrinu koma frá bújörðinni sjálfri eða, ef því verður ekki komið við, framleidd á sama svæði í samvinnu við aðrar lífrænar bújarðir eða stjórnendur fóðurfyrirtækja.

3. Ef um er að ræða býflugur skal við lok framleiðsluskeiðsins skilja eftir nægilegan forða af hunangi og frjókornum í býflugnabúunum til að tryggja að þær lifi veturinn.

Fóðrun býflugnasambúa skal aðeins heimil ef afkomu býflugnabúanna er stefnt í hættu vegna loftslagsskilyrða. Fóðrið skal vera lífrænt hunang, lífrænt sykursýróp eða lífrænn sykur.“

2) Í stað 22. gr. komi eftirfarandi:

„22. gr.

Notkun á tilteknum vörum og efnum í fóður

Að því er varðar iv. lið d-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er aðeins heimilt að nota eftirfarandi efni við vinnslu lífrænt ræktaðs fóðurs og fóðrun lífrænt alinna dýra:

a) ólífræn fóðurefni úr jurta- eða dýraríkinu, eða önnur fóðurefni sem tilgreind eru í 2. þætti V. viðauka, að því tilskildu að:

   i. þau hafi verið framleidd eða tilreidd án efnafræðilegra leysiefna, og

   ii. farið sé eftir takmörkununum sem mælt er fyrir um í 43. gr. eða c-lið 47. gr,

b) ólífræn krydd, kryddjurtir og melassa, að því tilskildu að:

   i. þau hafi ekki verið fáanleg í lífrænu formi,

   ii. þau hafi verið framleidd eða tilreidd án efnafræðilegra leysiefna, og

   iii. notkun þeirra sé takmörkuð við 1% af fóðurskammti fyrir tilteknar tegundir, reiknað árlega sem hlutfall af þurrefni fóðurs úr landbúnaði,

c) lífræn fóðurefni úr dýraríkinu,

d) fóðurefni úr steinaríkinu sem tilgreind eru í 1. þætti V. viðauka,

e) vörur úr sjálfbærum sjávarútvegi, að því tilskildu að:

   i. þær hafi verið framleiddar eða tilreiddar án efnafræðilegra leysiefna,

   ii. notkun þeirra sé takmörkuð við tegundir sem ekki eru grasbítar, og

   iii. notkun vatnsrofsmyndefni fiskprótína sé takmörkuð eingöngu við ung dýr,

f) salt í formi sjávarsalts, óunnið steinsalt,

g) fóðuraukefni sem tilgreind eru í VI. viðauka.“

3) Í stað 2. mgr. 24. gr. komi eftirfarandi:

„2. Nota skal jurtalækningalyf, snefilefni og vörur, sem eru tilgreindar í 1. þætti V. viðauka og 3. þætti VI. viðauka, fremur en að nota hefðbundin lyf til dýralækninga, sem eru framleidd með efnafræðilegum aðferðum, að því tilskildu að lækningaverkun þeirra sé áhrifarík fyrir viðkomandi dýrategund og það ástand sem meðhöndlunin beinist að.“

4) Í stað d-liðar 25. gr. k komi eftirfarandi:

„d) lífræn fóðurefni úr jurta- eða dýraríkinu.“

5) Í stað 1. mgr. 25. gr. m komi eftirfarandi:

„1. Eingöngu má nota fóðurefni úr steinaríkinu í lífrænu lagareldi ef það er skráð í 1. þætti V. viðauka.“

6) Í b-lið 42. gr. komi dagsetningin „31. desember 2014“ í stað „31. desember 2011“.

7) Í stað 43. gr. komi eftirfarandi:

„43. gr.

„Notkun prótínfóðurs úr jurta- og dýraríkinu, sem ekki er lífrænt ræktað, fyrir búfé

Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eiga við og ef bændum er ókleift að afla fóðurs eingöngu úr lífrænni framleiðslu er heimilt að nota takmarkað hlutfall af ólífrænu fóðri fyrir svín og alifugla.

Mesta leyfilega hlutfall af ólífrænu prótínfóðri á hverju 12 mánaða tímabili fyrir þessar tegundir skal vera 5% fyrir almanaksárin 2012, 2013 og 2014.

Tölurnar skal reikna árlega sem hlutfall af þurrefni fóðurs úr landbúnaði.

Rekstraraðilinn skal halda til haga skriflegum sönnunargögnum um nauðsyn þess að nota þetta ákvæði.“

8) Í stað 59. og 60. gr. komi eftirfarandi:

„59. gr.

Gildissvið, notkun vörumerkja og vörulýsing

Þessi kafli gildir ekki um gæludýrafóður eða fóður fyrir loðdýr.

Einungis er heimilt að nota vörumerki og vörulýsingar með merkingum, sem um getur í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, ef öll innihaldsefnin úr jurta- eða dýraríkinu eru úr lífrænni framleiðslu og a.m.k. 95% af þurrefni vörunnar er úr slíkum innihaldsefnum.

60. gr.

Merkingar á unnu fóðri

1. Heimilt er að nota hugtökin sem um getur í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu á unnu fóðri að því tilskildu að farið sé að eftirfarandi kröfum:

a) að unna fóðrið uppfylli ákvæðin í reglugerð (EB) nr. 834/2007, einkum iv. og v. lið d-liðar í 1. mgr. 14. gr. fyrir búfé eða d-lið 1. mgr. 15. gr. fyrir lagareldisdýr og 18. gr. reglugerðarinnar,

b) að unna fóðrið uppfylli ákvæðin í þessari reglugerð, einkum, 22. og 26. gr.,

c) að öll innihaldsefnin úr jurta- eða dýraríkinu í unna fóðrinu séu úr lífrænni framleiðslu,

d) að a.m.k. 95% af þurrefni vörunnar sé úr lífrænum landbúnaðarafurðum.

2. Með fyrirvara um kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. er eftirfarandi yfirlýsing leyfileg ef um er að ræða vörur sem samanstanda af mismunandi magni fóðurs úr lífrænni framleiðslu og/eða fóðurefnum úr afurðum í aðlögun að lífrænum búskap og/eða vörum eins og um getur í 22. gr. þessarar reglugerðar:

„heimilt að nota í lífrænni framleiðslu í samræmi við reglugerðir (EB) nr. 834/2007 og (EB) nr. 889/2008“.“

9) Í stað V. og VI. viðauka komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Leiðréttingarákvæði

Í stað línunnar varðandi matvælaaukefnið E 392 í A-þætti VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 komi eftirfarandi:

„B	E 392*	Rósmarín-kjarni	X	X	Einungis þegar hann er fenginn úr lífrænni framleiðslu“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þó skulu 6. og 7. mgr. 1. gr. gilda frá 1. janúar 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

„V. VIÐAUKI

Fóðurefni eins og um getur í 22. gr. (d-lið), 24. gr. (2.mgr.) og 25. gr. m (1. mgr.)

1. FÓÐUREFNI ÚR STEINARÍKINU

A	Kalkríkar sjávarskeljar	
A	Mergill	
A	Þörungakalk	
A	Kalsíumglúkónat	
A	Kalsíumkarbónat	
A	Magnesíumoxíð (vatnsfrí magnesía)	
A	Magnesíumsúlfat	
A	Magnesíumklóríð	
A	Magnesíumkarbónat	
A	Afflúorað fosfat	
A	Kalsíummagnesíumfosfat	
A	Magnesíumfosfat	
A	Mónónatríumfosfat	
A	Kalsíumnatríumfosfat	
A	Natríumklóríð	
A	Natríumbíkarbónat	
A	Natríumkarbónat	
A	Natríumsúlfat	
A	Kalíumklóríð	

2. ÖNNUR FÓÐUREFNI

Gerjun (auka)afurða úr örverum þar sem frumurnar hafa verið gerðar óvirkar eða deyddar:

A	Saccharomyces cerevisiae	
A	Saccharomyces carlsbergiensis	

VI. VIÐAUKI

Fóðuraukefni notuð í fóður sem um getur í 22. gr. (g-lið), 24. gr. (2.mgr.) og 25. gr. m (2. mgr.)

Fóðuraukefni sem tilgreind eru í þessum viðauka verða að vera samþykkt samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 (*).

1. TÆKNILEG AUKEFNI

a) *Rotvarnarefni*

Heimild	Kenninúmer (ID)		Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
A	1a	E 200	Sorbínsýra	
A	1a	E 236	Maurasýra	
B	1a	E 237	Natríumformat	
A	1a	E 260	Ediksýra	
A	1a	E 270	Mjólkursýra	
A	1a	E 280	Própíónsýra	
A	1a	E 330	Sítrónusýra	

b) *Þráavarnarefni*

Heimild	Kenninúmer		Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
A	1b	E 306	Tókóferólauðugur kjarni af náttúrulegum uppruna	

c) *Ýruefni og stöðgarar, þykkingarefni og hleypiefni*

Heimild	Kenninúmer		Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
A	1	E 322	Lesitín	Einungis ef fengið úr lífrænu hráefni Notkun takmörkuð við fóður fyrir lagareldisdýr

d) *Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni*

Heimild	Kenninúmer		Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
B	1	E 535	Natríumferrósýaníð	Hámarksskammtur á 20 mg/kg NaCl reiknað sem mínusjón ferrósýaníðs
A	1	E 551b	Silíkat sem myndar sviflausn	
A	1	E 551c	Kísilgúr (hreinsaður)	
A	1	E 558	Bentónít-montmórillónít	
A	1	E 559	Kaólínleir án asbests	

Heimild	Kenninúmer		Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
A	1	E 560	Náttúrlegar blöndur steríts og klóríts	
A	1	E 561	Vermikúlít	
A	1	E 562	Sepíólít	
B	1	E 566	Natrólít-fónólít	
B	1	E 568	Klínoptílólít sem er upprunnið úr seti [eldissvín, eldiskjúklingar, eldiskalkúnar, nautgripir, lax]	
A	1	E 599	Perlusteinn	

e) *Íblöndunarefni til votheysverkunar*

Heimild	Kenninúmer	Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
A	1k	Ensím, gersveppir og bakteríur	Notkun takmörkuð við votheysverkun þegar veðurskilyrði eru þannig að gerjun verður annars ófullnægjandi

2. SKYNRÆN AUKEFNI

Heimild	Kenninúmer		Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
A	2b		Bragðefni	Eingöngu útdráttur úr landbúnaðarafurðum

3. NÆRINGARAUKEFNI

a) *Vítamín*

Heimild	Kenninúmer		Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
A	3a		Vítamín og forvítamín	Unnin úr landbúnaðarafurðum — Ef þau eru unnin með efnafræðilegum aðferðum er eingöngu heimilt að nota þau, sem eru eins og vítamín sem unnin eru úr landbúnaðarafurðum, fyrir einmaga dýr og lagareldisdýr. — Ef þau eru unnin með efnafræðilegum aðferðum er eingöngu heimilt að nota A-, D- og E-vítamín, sem eru eins og vítamín sem eru unnin úr landbúnaðarafurðum, fyrir jórturdýr, notkunin er háð fyrirframleyfi aðildarríkjanna á grundvelli mats á möguleika lífrænt alinna jórturdýra á að afla sér nauðsynlegs magns af fyrrnefndum vítamínum úr fóðurskömmtum.

b) *Snefilefni*

Heimild	Kenninúmer		Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
A	3b	E1 Járn	— járnoxíð — ferrókarbónat — járnsúlfat, sjövatnað — járnsúlfat, einvatnað	
A	3b	E2 Joð	— kalsíumjoðat, vatnsfrítt	

Heimild	Kenninúmer		Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
A	3b	E3 Kóbalt	— basískt kóbaltkarbónat, einvatnað — kóbaltsúlfat, einvatnað og/eða sjövatnað	
A	3b	E4 Kopar	— basískt kúpríkarbónat, einvatnað — kúpríoxíð — kúprísúlfat, fimmvatnað	
A	3b	E5 Mangan	— mangankarbónat — manganoxíð — mangansúlfat, einvatnað	
A	3b	E6 Sink	— sinkoxíð — sinksúlfat, einvatnað — sinksúlfat, sjövatnað	
A	3b	E7 Mólýbden	— natríummólýbdat	
A	3b	E8 Selen	— natríumselenat — natríumselenít	

4. DÝRARÆKTARAUKEFNI

Heimild	Kenninúmer	Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
A		Ensím og örverur	

(*) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 508/2012 **2017/EES/24/20**

frá 20. júní 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 33. gr. (2. mgr.), 33. gr. (3. mgr.), d-lið 38. gr. og 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur með beitingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ([2]), telst birting á heitum og vefföngum eftirlitsyfirvalds eða -yfirvalda eða eftirlitsaðila, sem hlotið hafa viðurkenningu af hálfu lögbæra yfirvaldsins til að framkvæma eftirlit í þriðju löndunum, vera fullnægjandi að því er varðar þá reglugerð. Þó þykir rétt að krefjast áfram birtingarinnar á kenninúmeri yfirvaldsins eða yfirvaldanna eða eftirlitsaðilans eða -aðilanna í þriðja landinu sem bera ábyrgð á því að gefa út vottorð í því skyni að flytja vörur inn til Sambandsins.

2) Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd jafngildiskerfisins skal bæta þriðja landi, sem er viðurkennt að því er varðar jafngildi, á skrána sem um getur í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008, til reynslu í þrjú ár til að byrja með. Ef viðkomandi land heldur áfram að uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og reglugerð (EB) nr. 1235/2008 eftir þann tíma og hefur látið framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar ábyrgðir skal framlengja skráninguna.

3) Til að raska ekki alþjóðaviðskiptum og til að auðvelda umskiptin á milli þeirra reglna sem komið var á með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ([3]) og þeirra sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 834/2007 er aðildarríkjunum, með 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008, áfram boðið upp á þann kost að heimila innflytjendum, í hverju tilviki fyrir sig, að setja vörur á markað í Sambandinu þar til gerðar hafa verið nauðsynlegar ráðstafanir til að innleiða nýjar innflutningsreglur. Horfið skal frá þessum kosti í áföngum eftir því sem skráin yfir löndin, sem sett eru fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, er fullgerð.

4) Þegar þriðja land er viðurkennt sem jafngilt innan Sambandsins er ekki lengur þörf á að aðildarríki veiti slíkt leyfi.

5) Þó hefur reynslan sem fengist hefur með jafngildiskerfinu sýnt að í sumum tilvikum er viðeigandi, af tæknilegum ástæðum, að takmarka gildissvið viðurkenninga á þriðja landi við tiltekna afurðaflokka eða vörur sem eru upprunnar í því þriðja landi.

6) Því skal koma skýrt fram að aðildarríki eigi þess kost að veita slík leyfi fyrir innfluttar vörur frá þriðja landi, sem skráð er í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, til 30. júní 2014 ef innfluttu vörurnar sem um er að ræða eru vörur sem falla ekki undir flokkana og/eða upprunann sem skráður er fyrir viðkomandi land.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 162, 21.6.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.

([3]) Stjtíð. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerð (EBE) nr 2092/91 var felld úr gildi og í stað hennar kom reglugerð (EB) nr. 834/2007 frá og með 1. janúar 2009.

7) Sum aðildarríki kunna að hafa veitt leyfin, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008, í ótiltekinn tíma fyrir 1. júlí 2012. Þessi innflutningsleyfi skulu falla úr gildi eigi síðar en 1. júlí 2014.

8) Reynslan hefur sýnt að erfiðleikar geta komið upp við að sanngreina vörurnar sem falla undir afurðaflokkana sem skráðir eru í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Í ljósi þeirrar reynslu og upplýsinga sem hafa fengist er nauðsynlegt að skýra að tilteknar vörur eru ekki taldar með í þessum afurðaflokkum.

9) Að því er varðar lífrænt vín, sem flutt er út frá Bandaríkjunum til Sambandsins, hafa bandarísk yfirvöld samþykkt, frá og með 1. ágúst 2012 og þar til sameiginlegur vinnuhópur hefur lokið rannsókn sinni varðandi jafngildi reglna um lífrænar vínframleiðsluaðferðir, að beita reglum um lífrænt vín, sem mælt er fyrir um í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit ([1]), eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 203/2012 ([2]), og votta að farið sé eftir þeim. Af þessum sökum er nauðsynlegt að skýra að víni verður bætt á skrána frá 1. ágúst 2012 í afurðaflokkunum sem varða Bandaríkin í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

10) Framsetning á afurðaflokkum þeirra landa sem skráð eru í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 skal vera í samræmi við flokkana sem skilgreindir eru í IV. viðauka.

11) Gildistími skráningar Túnis í skránni, sem sett er fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, fellur úr gildi 30. júní 2012. Þar eð Túnis veitti ekki nægilegar upplýsingar sem tengjast eftirlitskerfi þess, sem framkvæmdastjórnin óskaði eftir í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008, skal aðeins framlengja skráninguna um eitt ár.

12) Yfirvöld í Kostaríku, á Indlandi, í Japan og Túnis hafa beðið framkvæmdastjórnina um að færa nýju eftirlitsaðilana og aðilana sem gefa út vottorð á skrána og hafa látið framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar ábyrgðir fyrir því að þeir uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Yfirvöld í Kostaríku hafa upplýst framkvæmdastjórnina um að eftirlitsaðilinn „Mayacert“ hljóti ekki viðurkenningu þeirra lengur og hafa beðið framkvæmdastjórnina um að taka hann af skránni. Lögbær yfirvöld Bandaríkjanna hafa upplýst framkvæmdastjórnina um að eftirlitsaðilinn „Louisiana Department of Agriculture“ sé ekki faggiltur lengur og því skuli taka hann af skránni.

13) Skrá yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi er sett fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1267/2011 ([3]). Framkvæmdastjórnin hefur, í ljósi móttekinna viðbótarupplýsinga, haldið áfram mati á skráningarbeiðnum sem mótteknar voru fyrir 31. október 2009 og hefur metið beiðnirnar sem mótteknar voru fyrir 31. október 2010. Eingöngu skal færa þá eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu eftir athugun á öllum mótteknum upplýsingum að þau stæðust viðeigandi kröfur, í þessa skrá. Í tilteknum tilvikum hafa heiti eftirlitsaðilanna, sem skráðir eru í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, verið skammstöfuð. Til glöggvunar skal nýr viðauki koma í hans stað.

14) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað e- og f-liðar 2. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„e) heiti og vefföng eftirlitsyfirvaldsins eða -yfirvaldanna eða eftirlitsaðilans eða -aðilanna sem hlotið hafa viðurkenningu af hálfu lögbærra yfirvaldsins, sem um getur í d-lið, til að sinna eftirliti,

f) heiti, vefföng og kenninúmer yfirvaldsins eða yfirvaldanna eða eftirlitsaðilans eða -aðilanna í þriðja landinu sem bera ábyrgð á því að gefa út vottorð í því skyni að flytja vörur inn til Sambandsins.“

2) Í stað 4. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórnin skal meta hvort tæknilegu málsskjölin sem um getur í 2. mgr. og upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. séu fullnægjandi og getur í kjölfarið ákveðið að viðurkenna þriðja land og bæta því á skrána til þriggja ára. Ef framkvæmdastjórnin telur að skilyrðin, sem

([1]) Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 71, 9.3.2012, bls. 42.
([3]) Stjtíð. ESB L 324, 7.12.2011, bls. 9.

mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og í þessari reglugerð, verði enn uppfyllt þá er henni heimilt að framlengja skráninguna á þriðja landinu eftir umrætt þriggja ára tímabil.

Ákvörðunin, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.“

3) Ákvæðum 19. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi setning bætist við fyrstu undirgrein:

„Lögbæru yfirvaldi í aðildarríki er einnig heimilt að veita slíkt leyfi með sömu skilyrðum og gilda um innfluttar vörur frá þriðja landi, sem er að finna á skránni sem um getur í 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, ef innfluttu vörurnar sem um er að ræða eru vörur sem falla ekki undir flokkana og/eða upprunann sem skráður er fyrir viðkomandi land.“

ii. Eftirfarandi setning bætist við þriðju undirgrein:

„Leyfi sem eru veitt fyrir 1. júlí 2012 skulu falla úr gildi eigi síðar en 1. júlí 2014.“

b) Ákvæði 6. mgr. falli brott.

4) Í stað III. viðauka komi texti I. viðauka við þessa reglugerð.

5) Í stað IV. viðauka komi texti II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þó skulu ákvæði ii. liðar a-liðar í 3. lið og 5. liður 1. gr. gilda frá 1. júlí 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÞRIÐJU LÖND OG VIÐEIGANDI FORSKRIFTIR SEM UM GETUR Í 7. GR.

ARGENTÍNA

1. **Afurðaflokkar:**

Flokkur afurða	Tilgreining á flokki eins og í IV. viðauka	Takmarkanir
Óunnar plöntuafurðir ([1])	A	
Lifandi dýr eða óunnar dýraafurðir	B	Að undanskildu búfé og búfjárafurðum sem bera eða er ætlað að bera merkingar sem vísa til aðlögunar að lífrænum landbúnaði
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli ([2])	D	Að undanskildum búfjárafurðum sem bera eða er ætlað að bera merkingar sem vísa til aðlögunar að lífrænum landbúnaði
Plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar	F	

([1]) Þang og þari ekki talin með.
([2]) Vín og ger ekki talin með.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki A, B og F og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki D sem hafa verið framleidd í Argentínu.
3. **Framleiðslustaðlar:** Ley 25 127 sobre „Producción ecológica, biológica y orgánica“.
4. **Lögbært yfirvald:** Servicio Nacional de Sanidad y Calidad Agroalimentaria SENASA, www.senasa.gov.ar
5. **Eftirlitsaðilar:**

Kenninúmer	Heiti	Veffang
AR-BIO-001	Food Safety SA	www.foodsafety.com.ar
AR-BIO-002	Instituto Argentino para la Certificación y Promoción de Productos Agropecuarios Orgánicos SA (Argencert)	www.argencert.com
AR-BIO-003	Letis SA	www.letis.com.ar
AR-BIO-004	Organización Internacional Agropecuaria (OIA),	www.oia.com.ar

6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið
7. **Gildistími skráningar:** ótilgreindur.

ÁSTRALÍA

1. **Afurðaflokkar:**

Flokkur afurða	Tilgreining á flokki eins og í IV. viðauka	Takmarkanir
Óunnar plöntuafurðir ([1])	A	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli ([2])	D	Aðallega samsettar úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu
Plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar	F	

([1]) Þang og þari ekki talin með.
([2]) Vín og ger ekki talin með.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki A og F og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki D sem hafa verið ræktuð í Ástralíu.

3. **Framleiðslustaðlar:** National standard for organic and bio-dynamic produce.

4. **Lögbært yfirvald:** Australian Quarantine and Inspection Service, www.aqis.gov.au

5. **Eftirlitsaðilar:**

Kenninúmer	Heiti	Veffang
AU-BIO-001	Australian Certified Organic Pty. Ltd	www.australianorganic.com.au
AU-BIO-002	Australian Quarantine and Inspection Service (AQIS)	www.aqis.gov.au
AU-BIO-003	Bio-dynamic Research Institute (BDRI)	www.demeter.org.au
AU-BIO-004	NASAA Certified Organic (NCO)	www.nasaa.com.au
AU-BIO-005	Organic Food Chain Pty Ltd (OFC)	www.organicfoodchain.com.au
AU-BIO-006	AUS-QUAL Pty Ltd	www.ausqual.com.au

6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið

7. **Gildistími skráningar:** ótilgreindur.

KANADA

1. **Afurðaflokkar:**

Flokkur afurða	Tilgreining á flokki eins og í IV. viðauka	Takmarkanir
Óunnar plöntuafurðir	A	
Lifandi dýr eða óunnar dýraafurðir	B	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli ([1])	D	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem fóður	E	
Plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar	F	

([1]) Vín ekki talið með.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki A, B og F og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki D og E sem hafa verið ræktuð í Kanada.

3. **Framleiðslustaðlar:** Organic Products Regulation.

4. **Lögbært yfirvald:** Canadian Food Inspection Agency (CFIA), www.inspection.gc.ca

5. **Eftirlitsaðilar:**

Kenninúmer	Heiti	Veffang
CA-ORG-001	Atlantic Certified Organic Cooperative Limited (ACO)	www.atlanticcertifiedorganic.ca
CA-ORG-002	British Columbia Association for Regenerative Agriculture (BCARA)	www.centifiedorganic.bc.ca

Kenninúmer	Heiti	Veffang
CA-ORG-003	CCOF Certification Services	www.ccof.org
CA-ORG-004	Centre for Systems Integration (CSI)	www.csi-ics.com
CA-ORG-005	Consorzio per il Controllo dei Prodotti Biologici Società a responsabilità limitata (CCPB SRL)	www.ccpb.it
CA-ORG-006	Ecocert Canada	www.ecocertcanada.com
CA-ORG-007	Fraser Valley Organic Producers Association (FVOPA)	www.fvopa.ca
CA-ORG-008	Global Organic Alliance	www.goa-online.org
CA-ORG-009	International Certification Services Incorporated (ICS)	www.ics-intl.com
CA-ORG-010	LETIS SA	www.letis.com.ar
CA-ORG-011	Oregon Tilth Incorporated (OTCO)	http://tilth.org
CA-ORG-012	Organic Certifiers	www.organiccertifiers.com
CA-ORG-013	Organic Crop Improvement Association (OCIA)	www.ocia.org
CA-ORG-014	Organic Producers Association of Manitoba Cooperative Incorporated (OPAM)	www.opam-mb.com
CA-ORG-015	Pacific Agricultural Certification Society (PACS)	www.pacscertifiedorganic.ca
CA-ORG-016	Pro-Cert Organic Systems Ltd (Pro-Cert)	www.ocpro.ca
CA-ORG-017	Quality Assurance International Incorporated (QAI)	www.qai-inc.com
CA-ORG-018	Quality Certification Services (QCS)	www.qcsinfo.org
CA-ORG-019	Organisme de Certification Québec Vrai (OCQV)	www.quebecvrai.org
CA-ORG-020	SAI Global Certification Services Limited	www.saiglobal.com

6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið

7. **Gildistími skráningar:** 30. júní 2014.

KOSTARÍKA

1. **Afurðaflokkar:**

Flokkur afurða	Tilgreining á flokki eins og í IV. viðauka	Takmarkanir
Óunnar plöntuafurðir ([1])	A	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli ([2])	D	Eingöngu unnar plöntuafurðir
Plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar	F	

([1]) Þang og þari ekki talin með.
([2]) Vín og ger ekki talin með.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki A og F og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki D sem hafa verið framleidd í Kostaríku.

3. **Framleiðslustaðlar:** Reglamento sobre la agricultura orgánica.

4. **Lögbært yfirvald:** Servicio Fitosanitario del Estado, Ministerio de Agricultura y Ganadería, www.protecnet.go.cr/SFE/Organica.htm

5. **Eftirlitsaðilar:**

Kenninúmer	Heiti	Veffang
CR-BIO-001	Servicio Fitosanitario del Estado, Ministerio de Agricultura y Ganadería	www.protecnet.go.cr/SFE/Organica.htm
CR-BIO-002	BCS Oko-Garantie	www.bcs-oeko.com
CR-BIO-003	Eco-LOGICA	www.eco-logica.com
CR-BIO-004	Control Union Certifications	www.cuperu.com
CR-BIO-006	Primus Labs. Esta	www.primuslabs.com

6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** Ministerio de Agricultura y Ganadería

7. **Gildistími skráningar:** ótilgreindur.

INDLAND

1. **Afurðaflokkar:**

Flokkur afurða	Tilgreining á flokki eins og í IV. viðauka	Takmarkanir
Óunnar plöntuafurðir ([1])	A	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli ([2])	D	Aðallega samsettar úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu
Plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar	F	

([1]) Þang og þari ekki talin með.
([2]) Vín og ger ekki talin með.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki A og F og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki D sem hafa verið ræktuð í Indlandi.

3. **Framleiðslustaðlar:** National Programme for Organic Production.

4. **Lögbært yfirvald:** Agricultural and Processed Food Export Development Authority APEDA, www.apeda.com/organic.

5. **Eftirlitsaðilar:**

Kenninúmer	Heiti	Veffang
IN-ORG-001	Aditi Organic Certifications Pvt. Ltd	www.aditicert.net
IN-ORG-002	APOF Organic Certification Agency (AOCA)	www.aoca.in
IN-ORG-003	Bureau Veritas Certification India Pvt. Ltd	www.bureauveritas.co.in
IN-ORG-004	Control Union Certifications	www.controlunion.com

Kenninúmer	Heiti	Veffang
IN-ORG-005	ECOCERT India Private Limited	www.ecocert.in
IN-ORG-006	Food Cert India Pvt. Ltd	www.foodcert.in
IN-ORG-007	IMO Control Private Limited	www.imo.ch
IN-ORG-008	Indian Organic Certification Agency (Indocert)	www.indocert.org
IN-ORG-009	ISCOP (Indian Society for Certification of Organic products)	www.iscoporganiccertification.com
IN-ORG-010	Lacon Quality Certification Pvt. Ltd	www.laconindia.com
IN-ORG-011	Natural Organic Certification Agro Pvt. Ltd (NOCA Pvt. Ltd)	www.nocaindia.com
IN-ORG-012	OneCert Asia Agri Certification private Limited	www.onecertasia.in
IN-ORG-013	SGS India Pvt. Ltd	www.in.sgs.com
IN-ORG-014	Uttarakhand State Organic Certification Agency	www.organicuttarakhand.org/certification.html
IN-ORG-015	Vedic Organic certification Agency	www.vediccertification.com
IN-ORG-016	Rajasthan Organic Certification Agency (ROCA)	www.rajasthankrishi.gov.in/Departments/SeedCert/index_eng.asp
IN-ORG-017	Chhattisgarh Certification Society (CGCERT)	www.cgcert.com
IN-ORG-018	Tamil Nadu Organic Certification Department (TNOCD)	www.tnocd.net
IN-ORG-019	TUV India Pvt. Ltd	www.tuvindia.co.in/0_mngmt_sys_cert/orgcert.htm
IN-ORG-020	Intertek India Pvt. Ltd	www.intertek.com
IN-ORG-021	Madhya Pradesh State Organic Certification Agency (MPSOCA)	md.mpsoca@gmail.com
IN-ORG-022	Biocert India Pvt. Ltd, Indore	www.biocertindia.com

6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið

7. **Gildistími skráningar:** ótilgreindur.

ÍSRAEL

1. **Afurðaflokkar:**

Flokkur afurða	Tilgreining á flokki eins og í IV. viðauka	Takmarkanir
Óunnar plöntuafurðir ([1])	A	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli ([2])	D	Aðallega samsettar úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu
Plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar	F	

([1]) Þang og þari ekki talin með.
([2]) Vín og ger ekki talin með.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki A og F og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki D sem hafa verið framleidd í Ísrael eða flutt inn til Ísraels:

   — annaðhvort frá Sambandinu,

   — eða frá þriðja landi innan ramma reglna sem eru viðurkenndar sem jafngildar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

3. **Framleiðslustaðlar:** National Standard for organically grown plants and their products.

4. **Lögbært yfirvald:** Plant Protection and Inspection Services (PPIS), www.ppis.moag.gov.il.

5. **Eftirlitsaðilar:**

Kenninúmer	Heiti	Veffang
IL-ORG-001	Secal Israel Inspection and certification	www.skal.co.il
IL-ORG-002	Agrior Ltd-Organic Inspection & Certification	www.agrior.co.il
IL-ORG-003	IQC Institute of Quality & Control	www.iqc.co.il
IL-ORG-004	Plant Protection and Inspection Services (PPIS)	www.ppis.moag.gov.il
IL-ORG-005	LAB-PATH Ltd	www.lab-path.co.il

6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar:** ótilgreindur.

JAPAN

1. **Afurðaflokkar:**

Flokkur afurða	Tilgreining á flokki eins og í IV. viðauka	Takmarkanir
Óunnar plöntuafurðir ([1])	A	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli ([2])	D	Aðallega samsettar úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu
Plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar	F	

([1]) Þang og þari ekki talin með.
([2]) Vín ekki talið með.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki A og F og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki D sem hafa verið ræktuð í Japan.

3. **Framleiðslustaðlar:** Japanese Agricultural Standard for Organic Plants (Notification No 1605 of the MAFF of October 27, 2005), Japanese Agricultural Standard for Organic Processed Foods (Notification No 1606 of MAFF of October 27, 2005).

4. **Lögbær yfirvöld:** Labelling and Standards Division, Food Safety and Consumer Affairs Bureau, Ministry of Agriculture, Forestry and Fisheries, www.maff.go.jp/j/jas/index.html og Food and Agricultural Materials Inspection Center (FAMIC), www.famic.go.jp

5. **Eftirlitsaðilar:**

Kenninúmer	Heiti	Veffang
JP-BIO-001	Hyogo prefectural Organic Agriculture Society (HOAS)	www.hyoyuken.org
JP-BIO-002	AFAS Certification Center Co., Ltd	www.afasseq.com
JP-BIO-003	NPO Kagoshima Organic Agriculture Association	www.koaa.or.jp
JP-BIO-004	Center of Japan Organic Farmers Group	www.yu-ki.or.jp
JP-BIO-005	Japan Organic & Natural Foods Association	http://jona-japan.org/organic
JP-BIO-006	Ecocert Japan Limited.	http://ecocert.qai.jp
JP-BIO-007	Japan Certification Services, Inc.	www.pure-foods.co.jp
JP-BIO-008	OCIA Japan	www.ocia-jp.com
JP-BIO-009	Overseas Merchandise Inspection Co., Ltd	www.omicnet.com/index.html.en
JP-BIO-010	Organic Farming Promotion Association	www3.ocn.ne.jp/~yusuikyo
JP-BIO-011	ASAC Stands for Axis' System for Auditing and Certification and Association for Sustainable Agricultural Certification	www.axis-asac.net
JP-BIO-012	Environmentally Friendly Rice Network	www.epfnetwork.org/okome
JP-BIO-013	Ooita Prefecture Organic Agricultural Research Center	www.d-b.ne.jp/oitayuki
JP-BIO-014	AINOU	www.ainou.or.jp/ainohtm/disclosure/nintei-kouhyou.htm
JP-BIO-015	SGS Japan Incorporation	www.jp.sgs.com/ja/home_jp_v2.htm
JP-BIO-016	Ehime Organic Agricultural Association	www12.ocn.ne.jp/~aiyuken/ninntei20110201.html
JP-BIO-017	Center for Eco-design Certification Co. Ltd	http://www.eco-de.co.jp/list.html
JP-BIO-018	Organic Certification Association	www.yuukinin.jimdo.com
JP-BIO-019	Japan Eco-system Farming Association	www.npo-jefa.com
JP-BIO-020	Hiroshima Environment and Health Association	www.kanhokyo.or.jp/jigyo/jigyo_05A.html
JP-BIO-021	Assistant Center of Certification and Inspection for Sustainability	www.accis.jp
JP-BIO-022	Organic Certification Organization Co. Ltd	www.oco45.net
JP-BIO-023	Minkan Inasaku Kenkyujo Ninsyo Center	http://inasaku.or.tv/center/
JP-BIO-024	Aya town miyazaki, Japan	http://www.town.aya.miyazaki.jp/ayatown/organicfarming/index.html
JP-BIO-025	Tokushima Organic Certified Association	http://www.tokukaigi.or.jp/yuuki/
JP-BIO-026	Association of Certified Organic Hokkaido	http://www.acohorg.org/

6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið

7. **Gildistími skráningar:** 30. júní 2013.

SVISS

1. **Afurðaflokkar:**

Flokkur afurða	Tilgreining á flokki eins og í IV. viðauka	Takmarkanir
Óunnar plöntuafurðir ([1])	A	Að undanskildum afurðum sem eru framleiddar á aðlögunartímanum
Lifandi dýr og óunnar dýraafurðir	B	Að undanskildum afurðum sem eru framleiddar á aðlögunartímanum
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli ([2])	D	Að undanskildum afurðum með innihaldsefni úr landbúnaði sem er framleitt á aðlögunartímanum.
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem fóður	E	Að undanskildum afurðum með innihaldsefni úr landbúnaði sem er framleitt á aðlögunartímanum.
Plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar	F	

([1]) Þang og þari ekki talin með.
([2]) Vín og ger ekki talin með.

9) Því til viðbótar þykir rétt að útlista nánar tilhögunina varðandi upplýsingaskipti milli aðildarríkja ef um er að ræða frávik eða brot, með tilliti til bestu starfsvenja sem komið hefur verið á frá árinu 2009.

10) Til að tryggja samræmi við 1. mgr. 33. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 65/2011 frá 27. janúar 2011 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1698/2005 að því er varðar framkvæmd eftirlitsaðferða og samtengd greiðsluskilyrði að því er varðar stuðningsráðstafanir fyrir dreifbýlisþróun ([2]), er mikilvægt að útlista nánar að aðildarríki skulu tryggja að greiðslustofnunin fái nægjanlegar upplýsingar um það eftirlit sem framkvæmt er, í þeim tilvikum sem greiðslustofnunin framkvæmir ekki eftirlitið.

11) Í samræmi við a-lið 1. mgr. 44. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ([3]) er þess krafist af aðildarríkjum að í ársskýrslum þeirra komi fram allar breytingar á landsbundnum eftirlitsáætlunum til margra ára til að taka m.a. tillit til nýrrar löggjafar. Framkvæmdastjórnin skal hafa nauðsynleg gögn og upplýsingar um eftirlitið sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna framkvæma í tengslum við lífræna framleiðslu. Því skal gerð krafa um að aðildarríki breyti landsbundnum eftirlitsáætlunum sínum til að þær taki til þess konar eftirlits og að þau tilgreini breytingarnar og viðeigandi gögn varðandi lífrænu framleiðsluna í ársskýrslunni sem um getur í 44. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Aðildarríkjunum skal heimilt að leggja gögnin varðandi lífrænu framleiðsluna fram í sérstökum kafla í landsbundnu eftirlitsáætluninni og í ársskýrslunni.

12) Til viðbótar við skyldurnar í tengslum við eftirlit, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 882/2004, hafa sértækari ákvæði verið sett fram í V. bálki reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og reglugerð (EB) nr. 889/2008 varðandi eftirlit í lífræna geiranum. Ef lögbæra yfirvaldið felur eftirlitsaðilum í einkaeign eftirlitsstörf þá gilda ítarlegri kröfur og skyldur, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 834/2007, sem allir eftirlitsaðilar skulu uppfylla.

13) Reynslan hefur leitt í ljós að sértæku ákvæðin um eftirlit með lífrænni framleiðslu þurfa að vera ítarlegri, einkum til að styrkja eftirlit lögbærra yfirvalda með eftirlitsaðilum sem falið er eftirlitsstarf. Eftirlitskerfi aðildarríkjanna, sem komið er á fót í samræmi við 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, skal fela í sér þessi ákvæði sem samræmdar lágmarkskröfur.

14) Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu hafa skjalfestar verklagsreglur varðandi úthlutun verkefna til eftirlitsaðila og eftirlit með þeim til að tryggja að kröfur samkvæmt reglum séu uppfylltar.

15) Upplýsingaskipti innan aðildarríkja, meðal aðildarríkja og milli aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar varðandi eftirlitið sem lögbæru yfirvöldin framkvæma skulu bætt og samþykkja skal samræmdar lágmarkskröfur.

16) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.

17) Til að fyrirkomulag eftirlitsins verði skilvirkara skulu þeir þættir, sem bætast við með þessari reglugerð og sem falla undir skuldbindingarnar í yfirlýsingunni sem rekstraraðilinn undirritar, eins og um getur í 2. mgr. 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008, einnig gilda um rekstraraðila sem undirrituðu yfirlýsinguna áður en þessi reglugerð tekur gildi.

18) Til að tryggja snurðulausa umbreytingu frá núverandi eftirlitskerfi yfir í breytta kerfið skal þessi reglugerð gilda frá 1. janúar 2014.

19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 889/2008

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi s-liður bætist við 2. gr.:

„s) „eftirlitsskrá“: allar upplýsingar og gögn í tengslum við eftirlitskerfið sem eru send til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna eða til eftirlitsyfirvalda og eftirlitsaðila af hálfu rekstraraðila sem heyrir undir eftirlitskerfið eins og um getur í 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, þ.m.t. allar viðkomandi upplýsingar og gögn í tengslum við rekstraraðilann eða starfsemi hans sem lögbær yfirvöld, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar hafa undir höndum, að undanskildum upplýsingum eða gögnum sem hafa engin áhrif á starfsemi eftirlitskerfisins.“

2) Í fyrsta undirlið 2. mgr. 63. gr. bætist eftirfarandi d- til h-liður við:

([1]) Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.
([2]) Stjtíð. ESB L 25, 28.1.2011, bls. 8.
([3]) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

„d) hann samþykki, í þeim tilvikum þar sem rekstraraðilinn og/eða undirverktakar hans eru undir eftirliti mismunandi eftirlitsyfirvalda eða eftirlitsaðila í samræmi við eftirlitskerfið sem hlutaðeigandi aðildarríki kemur á fót, upplýsingaskiptin á milli þessara yfirvalda eða aðila,

e) hann samþykki, í þeim tilvikum þar sem rekstraraðilinn og/eða undirverktakar hans skipta um eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðila, að viðkomandi eftirlitsskrár verði sendar því eftirlitsyfirvaldi eða þeim eftirlitsaðila sem tekur við,

f) hann samþykki, í þeim tilvikum þar sem rekstraraðilinn dregur sig út úr eftirlitskerfinu, að tilkynna það viðkomandi lögbæru yfirvaldi og eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila án tafar,

g) hann samþykki, í þeim tilvikum þar sem rekstraraðilinn dregur sig út úr eftirlitskerfinu, að eftirlitsskráin verði varðveitt í a.m.k. fimm ár,

h) hann samþykki að tilkynna án tafar viðkomandi eftirlitsyfirvöldum eða eftirlitsaðilum um öll frávik eða brot sem hafa áhrif á það hvort vörur hans teljist lífræn framleiðsla eða lífrænar vörur sem hann fær frá öðrum rekstraraðilum eða undirverktökum.“

3) Í stað 2. mgr. 65. gr. komi eftirfarandi:

„2. Eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn skal taka og greina sýni úr vörum sem ekki eru leyfðar til lífrænnar framleiðslu, til að athuga hvort framleiðslutækni samræmist reglum um lífræna framleiðslu eða til að greina þau með tilliti til hugsanlegrar mengunar af völdum vara sem ekki eru leyfðar til lífrænnar framleiðslu. Fjöldi sýna sem eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn skal taka og greina árlega skal svara til a.m.k. 5% af fjölda rekstraraðila sem hann hefur eftirlit með. Valið á rekstraraðilum þar sem taka á sýni skal byggt á almennu mati á áhættu á því að reglum um lífræna framleiðslu sé ekki fylgt. Þetta almenna mat skal ná yfir öll stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar.

Eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar skulu taka og greina sýni í öllum tilvikum þar sem grunur leikur á um notkun á vörum eða tækni sem ekki er leyfð til lífrænnar framleiðslu. Í slíkum tilvikum á lágmarksfjöldi sýna, sem skal taka og greina, ekki við.

Eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila er einnig heimilt að taka og greina sýni í öðrum tilvikum úr vörum sem ekki eru leyfðar til lífrænnar framleiðslu, til að athuga hvort framleiðslutækni samræmist reglum um lífræna framleiðslu eða til að greina þau með tilliti til hugsanlegrar mengunar af völdum vara sem ekki eru leyfðar til lífrænnar framleiðslu.“

4) Eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr. 68. gr.:

„Þegar um rafræna vottun er að ræða, eins og um getur í 3. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, er ekki þörf á undirritun skriflegu sönnunargagnanna í reit 8 ef sýnt er fram á, með öðrum hætti, sannvottaðan uppruna skriflegu sönnunargagnanna með rafrænni aðferð sem ekki er hægt að eiga við.“

5) Í stað 92. gr. og 92. gr. a komi eftirfarandi:

„92. gr.

Upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda, eftirlitsaðila og lögbærra yfirvalda

1. Þegar rekstraraðili og/eða undirverktakar hans sæta eftirliti mismunandi eftirlitsyfirvalda eða eftirlitsaðila skulu eftirlitsyfirvöldin eða eftirlitsaðilarnir skiptast á viðkomandi upplýsingum um starfsemina sem þeir hafa eftirlit með.

2. Þegar rekstraraðilar og/eða undirverktakar þeirra skipta um eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðila skal viðkomandi eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili tilkynna lögbæra yfirvaldinu um skiptin án tafar.

Fyrra eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili skal afhenda eftirlitsyfirvaldinu eða eftirlitsaðilanum sem tekur við, viðkomandi þætti úr eftirlitsskránni varðandi hlutaðeigandi rekstraraðila og skýrslurnar sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 63. gr.

Nýja eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn skal tryggja að rekstraraðilinn hafi tekið á eða sé að taka á þeim tilvikum þar sem ósamræmi er fyrir hendi, sem fyrra eftirlitsvald eða eftirlitsaðili hefur skráð í skýrsluna.

3. Þegar rekstraraðili dregur sig til baka úr eftirlitskerfinu skal eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili rekstraraðilans án tafar tilkynna það lögbæra yfirvaldinu.

4. Þegar eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili verður var við frávik eða brot sem hafa áhrif á það hvort vörur teljist lífræn framleiðsla skal hann án tafar tilkynna það lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins sem tilnefndi eða samþykkti hann í samræmi við 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

Lögbæra yfirvaldinu er einnig heimilt að krefjast, að eigin frumkvæði, allra upplýsinga um frávik eða brot.

Þegar um frávik eða brot er að ræða að því er varðar vörur sem eru undir eftirliti annarra eftirlitsyfirvalda eða eftirlitsaðila skal einnig tilkynna það þessum yfirvöldum eða aðilum án tafar.

5. Aðildarríkin skulu grípa til viðeigandi ráðstafana og setja skjalfestar verklagsreglur til að koma á upplýsingaskiptum milli eftirlitsyfirvalda sem þau hafa tilnefnt og/eða allra eftirlitsaðila sem þau hafa samþykkt í samræmi við 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, þ.m.t. tilhögun varðandi upplýsingaskipti til að staðfesta skrifleg sönnunargögn sem um getur í 1. mgr. 29. gr. þeirrar reglugerðar.

6. Aðildarríkin skulu grípa til viðeigandi ráðstafana og setja skjalfestar verklagsreglur til að tryggja að upplýsingar varðandi niðurstöður eftirlits og heimsókna, eins og um getur í 65. gr. þessarar reglugerðar, séu tilkynntar greiðslustofnuninni í samræmi við þarfir greiðslustofnunarinnar, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 33. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 65/2011 (*).

92. gr. a

Upplýsingaskipti milli mismunandi aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar

1. Verði aðildarríki vart við brot á reglum eða frávik í tengslum við beitingu þessarar reglugerðar að því er varðar vöru sem kemur frá öðru aðildarríki og er með merkingar eins og um getur í IV. bálki reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og í III. bálki og/eða XI. viðauka við þessa reglugerð, skal það tilkynna aðildarríkinu, sem tilnefndi eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilann, hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þar um án tafar í gegnum kerfið sem um getur í 1. mgr. 94. gr. þessarar reglugerðar.

2. Verði aðildarríki vart við brot á reglum eða frávik að því er varðar samræmi varanna, sem eru fluttar inn í samræmi við 2. eða 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð eða reglugerð (EB) nr. 1235/2008 skal það tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þar um án tafar í gegnum kerfið sem um getur í 1. mgr. 94. gr. þessarar reglugerðar.

3. Verði aðildarríki vart við brot á reglum eða frávik að því er varðar samræmi varanna, sem eru fluttar inn í samræmi við 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008, við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð og reglugerð (EB) nr. 834/2007 skal það tilkynna aðildarríkinu sem gaf út leyfið, hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þar um án tafar í gegnum kerfið sem um getur í 1. mgr. 94. gr. þessarar reglugerðar. Ef frávikið eða brotið varðar vörur sem aðildarríkið hefur sjálft veitt leyfi fyrir, sem um getur í 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008, skal tilkynningin send hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni.

4. Aðildarríkið sem tekur við tilkynningu varðandi vörur sem ekki uppfylla kröfur í samræmi við 1. eða 3. mgr. eða aðildarríkið sem veitti leyfið sem um getur í 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 fyrir vöru þar sem vart varð við frávik eða brot, skal rannsaka uppruna frávikanna eða brotanna. Það skal þegar í stað grípa til viðeigandi aðgerða.

Það skal tilkynna aðildarríkinu sem sendi tilkynninguna, hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um niðurstöður rannsóknarinnar og um þær aðgerðir sem gripið er til með því að svara upphaflegu tilkynningunni í gegnum kerfið sem um getur í 1. mgr. 94. gr. Svarið skal sent innan 30 almanaksdaga frá dagsetningu upphaflegu tilkynningarinnar.

5. Ef þörf krefur er aðildarríkinu sem sendi upphaflegu tilkynninguna heimilt að biðja aðildarríkið sem svarar um viðbótarupplýsingar. Aðildarríkið sem sendi upphaflegu tilkynninguna skal ávallt, að fengnu svari eða viðbótarupplýsingum frá aðildarríkinu sem fær tilkynningu, skrá nauðsynlegar færslur og uppfærslur í kerfið sem um getur í 1. mgr. 94. gr.

92. gr. b

Birting upplýsinga

Aðildarríki skulu gera uppfærðu skrárnar, sem um getur í 5. mgr. 28. gr. í reglugerð (EB) nr. 834/2007, aðgengilegar almenningi á viðeigandi hátt, þ.m.t. með birtingu á Netinu, sem innihalda uppfærð skrifleg sönnunargögn sem tengjast hverjum rekstraraðila, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 29. gr. þeirrar reglugerðar, og notast við fyrirmyndina sem sett er fram í XII. viðauka við þessa reglugerð. Aðildarríkin skulu á viðeigandi hátt virða kröfurnar um vernd persónuupplýsinga eins og mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB (**).

(*) Stjtíð. ESB L 25, 28.1.2011, bls. 8.
(**) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.“

6) Eftirfarandi 9. kafli bætist við IV. bálk:

„9. KAFLI

Eftirlit lögbærra yfirvalda

92. gr. c

Eftirlitsstarfsemi varðandi eftirlitsaðila

1. Lögbær yfirvöld sem fela eftirlitsaðila eftirlitsstörf, í samræmi við b-lið 4. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, skulu í eftirlitsstarfsemi sinni leggja áherslu á að meta rekstrarframmistöðu eftirlitsaðilanna, með tilliti til niðurstaðanna úr starfi faggildingarstofunnar í aðildarríkinu, eins og um getur í 11. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 (*).

Eftirlitsstörfin skulu fela í sér mat á innri málsmeðferð eftirlitsaðila varðandi eftirlit, stjórnun og athugun á eftirlitsskrám, með hliðsjón af skuldbindingunum sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 834/2007, og eftirlit með því hvernig ósamræmi, málskot og kærur eru meðhöndluð.

2. Lögbæru yfirvöldin skulu krefjast þess að eftirlitsaðilar leggi fram gögn um aðferð þeirra við áhættugreiningu.

Aðferðin við áhættugreininguna skal útfærð á þann hátt að:

a) niðurstöðurnar úr áhættugreiningunni veiti grundvöll fyrir ákvörðun á tíðni tilkynnts eftirlits og heimsókna á hverju ári, sem og þeirra sem ekki er tilkynnt um fyrirfram,

b) farið er í frekari eftirlitsheimsóknir af handahófi, sem framkvæmdar eru í samræmi við 4. mgr. 65. gr., til a.m.k. 10% rekstraraðila samkvæmt samningi, í samræmi við áhættuflokkinn,

c) a.m.k. 10% alls eftirlits og heimsókna, sem framkvæmdar eru í samræmi við 1. og 4. mgr. 65. gr., eru ekki tilkynntar fyrirfram,

d) val á rekstraraðilum, sem skulu gangast undir eftirlit, og heimsóknir sem ekki er tilkynnt um fyrirfram skal ákvarða á grundvelli áhættugreiningarinnar og það skal skipulagt eftir áhættustigi.

3. Lögbær yfirvöld sem fela eftirlitsaðilum eftirlitsstörf skulu ganga úr skugga um að starfsfólk eftirlitsaðilanna hafi næga þekkingu, þ.m.t. þekking á áhættuþáttunum sem hafa áhrif á það hvort vara teljist lífræn framleiðsla, hæfi, þjálfun og reynslu að því er varðar lífræna framleiðslu almennt og einkum varðandi viðkomandi reglur Sambandsins á því sviði og að viðeigandi reglur um skipti eftirlitsmanna séu í gildi.

4. Lögbær yfirvöld skulu hafa skjalfestar verklagsreglur varðandi úthlutun verkefna til eftirlitsaðila í samræmi við 5. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og fyrir eftirlit í samræmi við þessa grein, með ítarlegum reglum varðandi upplýsingarnar sem eftirlitsaðilar skulu leggja fram.

92. gr. d

Skrá yfir ráðstafanir vegna frávika og brota

Lögbær yfirvöld skulu samþykkja og senda eftirlitsaðila, sem hefur verið falið eftirlitsstarf, skrá sem inniheldur a.m.k. lista yfir brot og frávik sem hafa áhrif á það hvort vara telst lífræn framleiðsla og samsvarandi ráðstafanir sem eftirlitsaðilar skulu beita vegna brota eða frávika af hálfu rekstraraðila sem eru undir þeirra eftirliti og fást við lífræna framleiðslu.

Lögbærum yfirvöldum er heimilt að eigin frumkvæði að tilgreina aðrar viðeigandi upplýsingar í skránni.

92. gr. e

Árlegt eftirlit með eftirlitsaðilum

Lögbær yfirvöld skulu skipuleggja árlegt eftirlit með eftirlitsaðilum sem er falið eftirlitsstarf í samræmi við b-lið 4. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Að því er árlega eftirlitið varðar skal lögbæra yfirvaldið taka tillit til niðurstaðna úr starfi faggildingarstofunnar í aðildarríkinu, eins og um getur í 11. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008. Á meðan á árlegu eftirliti stendur skal lögbæra yfirvaldið einkum sannprófa:

a) að farið sé að staðlaðri eftirlitsaðferð eftirlitsaðilans sem eftirlitsaðilinn leggur fyrir lögbæra yfirvaldið í samræmi við a-lið 6. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007,

b) að eftirlitsaðilinn hafi yfir að ráða nægu starfsfólki með viðeigandi menntun og hæfi í samræmi við b-lið 5. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og að þjálfun varðandi áhættu sem hefur áhrif á það hvort vara telst lífræn framleiðsla, hafi verið framkvæmd,

c) að eftirlitsaðilinn búi yfir og fari eftir skjalfestum verklagsreglum og sniðmátum fyrir:

i. árlegu áhættugreininguna í samræmi við 3. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007,

ii. undirbúning áhættutengdar sýnatökuaðferðar og framkvæmd sýnatöku og greiningu á rannsóknarstofu,

iii. upplýsingaskipti við aðra eftirlitsaðila og lögbæra yfirvaldið,

iv. upphaflegt eftirlit og framhaldseftirlit með rekstraraðilum undir þeirra eftirliti,

v. notkun skrárinnar yfir ráðstafanir og eftirfylgni við hana, sem beita skal ef um er að ræða brot eða frávik,

vi. að virða kröfurnar um vernd persónuupplýsinga rekstraraðilanna, sem eru undir hans eftirliti, eins og mælt er fyrir um í aðildarríkinu þar sem lögbæra yfirvaldið starfar og í samræmi við tilskipun 95/46/EB.

92. gr. f

Gögn varðandi lífræna framleiðslu í landsbundinni eftirlitsáætlun til margra ára og í ársskýrslu

Aðildarríki skulu tryggja að landsbundnar eftirlitsáætlanir þeirra til margra ára, sem um getur í 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004, taki til eftirlits með því eftirliti sem er með lífrænu framleiðslunni í samræmi við þessa reglugerð og að tiltekin gögn varðandi það eftirlit, hér á eftir nefnd „gögn um lífræna framleiðslu“, séu innifalin í ársskýrslunni sem um getur í 44. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Gögnin um lífræna framleiðslu skulu ná yfir þau atriði sem tilgreind eru í XIII. viðauka b við þessa reglugerð.

Gögnin um lífræna framleiðslu skulu byggja á upplýsingum um eftirlit sem eftirlitsaðilar og/eða eftirlitsyfirvöld framkvæma og á úttekt sem lögbæra yfirvaldið framkvæmir.

Gögnin skulu lögð fram samkvæmt sniðmátunum sem sett eru fram í XIII. viðauka c við þessa reglugerð, frá og með árinu 2015 fyrir árið 2014.

Aðildarríkjum er heimilt að bæta gögnunum um lífræna framleiðslu við sem sérstökum kafla um lífræna framleiðslu í landsbundnu eftirlitsáætluninni og ársskýrslunni þeirra.

(*) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.“

7) Textanum sem kemur fram í viðaukanum við þessa reglugerð er bætt við sem XIII. viðauka b og XIII. viðauka c.

2. gr.

Umbreytingarákvæði

Ákvæði d- til h-liðar fyrstu undirgreinar 2. mgr. 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008, sem bætt er við með 2. lið. 1. gr. þessarar reglugerðar, skulu einnig gilda um rekstraraðila sem undirrituðu yfirlýsinguna sem um getur í 2. mgr. 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008 fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar.

3. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

„XIII. VIÐAUKI b

Atriði sem lögbær landsyfirvöld skulu fjalla um í gögnunum um lífræna framleiðslu sem um getur í 92. gr. f

1. Upplýsingar um lögbæra yfirvaldið fyrir lífrænu framleiðsluna
   - hvaða aðili er lögbært yfirvald
   - hjálpargögn sem eru aðgengileg lögbæra yfirvaldinu
   - lýsing á úttekt sem lögbæra yfirvaldið framkvæmir (hvernig og hver)
   - skjalfestar verklagsreglur lögbæra yfirvaldsins
2. Lýsing á eftirlitskerfinu fyrir lífræna framleiðslu
   - kerfi eftirlitsaðila og/eða eftirlitsyfirvalda
   - skráðir rekstraraðilar sem heyra undir eftirlitskerfið — lágmarkseftirlit á hverju ári
   - hvernig er nálguninni, sem byggð er á áhættumati, beitt
3. Upplýsingar um eftirlitsaðila/eftirlitsyfirvöld
   - skrá yfir eftirlitsaðila/eftirlitsyfirvöld
   - verkefni sem eftirlitsaðilum eru falin/eftirlitsyfirvöldum eru veitt
   - eftirlit með eftirlitsaðila sem hefur verið falið verkefni (af hálfu hvers og hvernig)
   - samræming aðgerða ef um er að ræða fleiri en einn eftirlitsaðila/eftirlitsyfirvald
   - þjálfun starfsfólks sem annast eftirlitið
   - eftirlit og heimsóknir sem eru tilkynnt/sem ekki er tilkynnt um fyrirfram

XIII. VIÐAUKI c

Sniðmát fyrir gögn varðandi lífræn framleiðslu sem um getur í 92. gr. f

Skýrsla um opinbert eftirlit innan lífræna geirans

Land:
Ár:

1) Upplýsingar um eftirlit með rekstraraðilum:

Kenninúmer eftirlitsaðila eða eftirlits-yfirvalds	Fjöldi skráðra rekstr-araðila á hvern eftirlits-aðila eða hvert eftirlits-yfirvald	Fjöldi skráðra rekstraraðila						Fjöldi eftirlita á ári						Fjöldi áhættutengdra viðbótarheimsókna						Heildarfjöldi eftirlita/heimsókna					
		Fram-leið-endur í land-búnaði (*)	Fram-leiðslu-einingar fyrir lagar-eldisdýr	Vinnslu aðilar (**)	Innflytj-endur	Útflytj-endur	Aðrir rekstr-araðilar (***)	Fram-leið-endur í land-búnaði (*)	Fram-leiðslu-einingar fyrir lagar-eldisdýr	Vinnslu aðilar (**)	Innflytj-endur	Útflytj-endur	Aðrir rekstr-araðilar (***)	Fram-leið-endur í land-búnaði (*)	Fram-leiðslu-einingar fyrir lagar-eldisdýr	Vinnslu-aðilar (**)	Inn-flytj-endur	Útflytj-endur	Aðrir rekstr-araðilar (***)	Fram-leið-endur í land-búnaði (*)	Fram-leiðslu-einingar fyrir lagar-eldisdýr	Vinnslu-aðilar (**)	Innflytj-endur	Útflytj-endur	Aðrir rekstr-araðilar (***)
MS-BIO-01																									
MS-BIO-02																									
MS-BIO-…																									
Samtals																									

(*) Með framleiðendum í landbúnaði er átt við framleiðendur sem eru eingöngu framleiðendur í landbúnaði, framleiðendur sem eru einnig vinnsluaðilar, framleiðendur sem eru einnig innflytjendur og framleiðendur með blandaðan rekstur sem eru ekki flokkaðir annars staðar.

(**) Með vinnsluaðilum er átt við vinnsluaðila sem eru eingöngu vinnsluaðilar, vinnsluaðila sem eru einnig innflytjendur og vinnsluaðila með blandaðan rekstur sem eru ekki flokkaðir annars staðar.

(***) Með öðrum rekstraraðilum er átt við kaupmenn (heildsala og smásala) og aðra rekstraraðila sem eru ekki flokkaðir annars staðar.

Kenninúmer eftirlitsaðila, eftirlitsvalds eða heiti lögbærs yfirvalds	Fjöldi skráðra rekstraraðila						Fjöldi greindra sýna						Fjöldi sýna þar sem vísbendingar eru um brot gegn ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og reglugerðar (EB) nr. 1235/2008					
	Framleiðendur í landbúnaði (*)	Framleiðslueiningar fyrir lagareldisdýr	Vinnslu-aðilar (**)	Innflytj-endur	Útflytj-endur	Aðrir rekstr araðilar (***)	Fram-leiðendur í landbúnaði (*)	Framleiðslu-einingar fyrir lagareldisdýr	Vinnslu-aðilar (**)	Innflytj-endur	Útflytj-endur	Aðrir rekstr-araðilar (***)	Fram-leiðendur í landbúnaði (*)	Framleiðslu-einingar fyrir lagareldisdýr	Vinnslu-aðilar (**)	Innflytj-endur	Útflytj-endur	Aðrir rekstr-araðilar (***)
MS-BIO-01																		
MS-BIO-02																		

Kenninúmer eftirlitsaðila, eftirlitsvalds eða heiti lögbærs yfirvalds	Fjöldi skráðra rekstraraðila						Fjöldi greindra sýna						Fjöldi sýna þar sem vísbendingar eru um brot gegn ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og reglugerðar (EB) nr. 1235/2008					
	Framleiðendur í landbúnaði (*)	Framleiðslueiningar fyrir lagareldisdýr	Vinnsluaðilar (**)	Innflytjendur	Útflytjendur	Aðrir rekstraraðilar (***)	Framleiðendur í landbúnaði (*)	Framleiðslueiningar fyrir lagareldisdýr	Vinnsluaðilar (**)	Innflytjendur	Útflytjendur	Aðrir rekstraraðilar (***)	Framleiðendur í landbúnaði (*)	Framleiðslueiningar fyrir lagareldisdýr	Vinnsluaðilar (**)	Innflytjendur	Útflytjendur	Aðrir rekstraraðilar (***)
MS-BIO-…																		
Samtals																		

(*) Með framleiðendum í landbúnaði er átt við framleiðendur sem eru eingöngu framleiðendur í landbúnaði, framleiðendur sem eru einnig vinnsluaðilar, framleiðendur sem eru einnig innflytjendur og framleiðendur með blandaðan rekstur sem eru ekki flokkaðir annars staðar.

(**) Með vinnsluaðilum er átt við vinnsluaðila sem eru eingöngu vinnsluaðilar, vinnsluaðila sem eru einnig innflytjendur og vinnsluaðila með blandaðan rekstur sem eru ekki flokkaðir annars staðar.

(***) Með öðrum rekstraraðilum er átt við kaupmenn (heildsala og smásala) og aðra rekstraraðila sem eru ekki flokkaðir annars staðar.

Kenninúmer eftirlitsaðila eða eftirlits-yfirvalds	Fjöldi skráðra rekstraraðila						Fjöldi frávika eða brota sem koma í ljós (1)						Fjöldi ráðstafana sem er beitt varðandi lotuna eða framleiðslulotuna (2)						Fjöldi ráðstafana sem er beitt varðandi rekstraraðilann (3)					
	Framleiðendur í landbúnaði (*)	Framleiðslueiningar fyrir lagareldisdýr	Vinnsluaðilar (**)	Innflytjendur	Útflytjendur	Aðrir rekstraraðilar (***)	Framleiðendur í landbúnaði (*)	Framleiðslueiningar fyrir lagareldisdýr	Vinnsluaðilar (**)	Innflytjendur	Útflytjendur	Aðrir rekstraraðilar (***)	Framleiðendur í landbúnaði (*)	Framleiðslueiningar fyrir lagareldisdýr	Vinnsluaðilar (**)	Innflytjendur	Útflytjendur	Aðrir rekstraraðilar (***)	Framleiðendur í landbúnaði (*)	Framleiðslueiningar fyrir lagareldisdýr	Vinnsluaðilar (**)	Innflytjendur	Útflytjendur	Aðrir rekstraraðilar (***)
MS-BIO-01																								
MS-BIO-02																								
MS-BIO-…																								
Samtals																								

(*) Með framleiðendum í landbúnaði er átt við framleiðendur sem eru eingöngu framleiðendur í landbúnaði, framleiðendur sem eru einnig vinnsluaðilar, framleiðendur sem eru einnig innflytjendur og framleiðendur með blandaðan rekstur sem eru ekki flokkaðir annars staðar.

(**) Með vinnsluaðilum er átt við vinnsluaðila sem eru eingöngu vinnsluaðilar, vinnsluaðila sem eru einnig innflytjendur og vinnsluaðila með blandaðan rekstur sem eru ekki flokkaðir annars staðar.

(***) Með öðrum rekstraraðilum er átt við kaupmenn (heildsala og smásala) og aðra rekstraraðila sem eru ekki flokkaðir annars staðar.

(1) Eingöngu frávik og brot sem hafa áhrif á það hvort vara telst lífræn og/eða hafa í för með sér beitingu ráðstafana eru þar með talin.

(2) Þegar vart verður fráviks frá því að kröfunum sem settar eru fram í þessari reglugerð sé fylgt skal eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili tryggja að ekki sé vísað til lífrænnar framleiðsluaðferðar í merkingu og auglýsingu fyrir alla lotuna eða framleiðslulotuna sem frávikið hefur áhrif á þar sem það er í réttu hlutfalli við réttmæti kröfunnar sem hunsuð hefur verið og eðli og kringumstæður þeirrar starfsemi sem frávikið fólst í (eins og um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007).

(3) Þegar upp kemur alvarlegt brot eða brot sem hefur langvarandi áhrif skal eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili banna viðkomandi rekstraraðila að markaðssetja vörur, þar sem vísað er til lífrænnar framleiðsluaðferðar á merkingu og í auglýsingum, á tímabili sem samið verður um við lögbært yfirvald aðildarríkisins (eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007).

2) Upplýsingar um eftirlit og úttektir:

Kenninúmer eftirlitsaðila eða eftirlits-yfirvalds	Fjöldi skráðra rekstr-araðila á hvern eftirlits-aðila eða hvert eftirlits-yfirvald	Fjöldi skráðra rekstraraðila						Endurskoðun skjala og skrifstofuúttektir ([1]) (Fjöldi yfirfarinna skráa rekstraraðila)						Fjöldi endurskoðunarúttekta ([2])						Fjöldi vitnisúttekta ([3])					
		Fram-leið-endur í land-búnaði (*)	Fram-leiðslu-einingar fyrir lagar-eldisdýr	Vinnslu aðilar (**)	Innflytj-endur	Útflytj-endur	Aðrir rekstr-araðilar (***)	Fram-leið-endur í land-búnaði (*)	Fram-leiðslu-einingar fyrir lagar-eldisdýr	Vinnslu-aðilar (***)	Innflytj-endur	Útflytj-endur	Aðrir rekstr-araðilar (***)	Fram-leið-endur í land-búnaði (*)	Fram-leiðslu-einingar fyrir lagar-eldisdýr	Vinnslu-aðilar (**)	Innflytj-endur	Útflytj-endur	Aðrir rekstr-araðilar (***)	Fram-leið-endur í land-búnaði (*)	Fram-leiðslu-einingar fyrir lagar-eldisdýr	Vinnslu-aðilar (**)	Innflytj-endur	Útflytj-endur	Aðrir rekstr-araðilar (***)
MS-BIO-01																									
MS-BIO-02																									
MS-BIO-…																									
Samtals																									

(*) Með framleiðendum í landbúnaði er átt við framleiðendur sem eru eingöngu framleiðendur í landbúnaði, framleiðendur sem eru einnig vinnsluaðilar, framleiðendur sem eru einnig innflytjendur og framleiðendur með blandaðan rekstur sem eru ekki flokkaðir annars staðar.

(**) Með vinnsluaðilum er átt við vinnsluaðila sem eru eingöngu vinnsluaðilar, vinnsluaðila sem eru einnig innflytjendur og vinnsluaðila með blandaðan rekstur sem eru ekki flokkaðir annars staðar.

(***) Með öðrum rekstraraðilum er átt við kaupmenn (heildsala og smásala) og aðra rekstraraðila sem eru ekki flokkaðir annars staðar.

([1]) Endurskoðun viðkomandi almennra skjala sem lýsa skipulagi, starfsemi og gæðastjórnun eftirlitsaðilans. Skrifstofuúttekt hjá eftirlitsaðila, þ.m.t. athugun á skrám rekstraraðila og eftirlit með því hvernig ósamræmi og kærur eru meðhöndluð, þ.m.t. lágmarkstíðni eftirlits, notkun á nálgun sem byggð er á áhættumati, heimsóknir sem ekki eru tilkynntar og framhaldsheimsóknir, stefna varðandi sýnatöku og upplýsingaskipti við aðra eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld.

([2]) Endurskoðunarúttekt: eftirlit lögbærs yfirvalds með rekstraraðila til að sannprófa það að farið sé að verklagsreglum eftirlitsaðilans og til að sannprófa skilvirkni hans.

([3]) Vitnisúttekt: eftirlit lögbærs yfirvalds með skoðun sem skoðunarmaður á vegum eftirlitsaðilans framkvæmir.

3) Niðurstöður varðandi eftirlitskerfið fyrir lífrænu framleiðsluna:

Kenninúmer eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalds	Afturköllun samþykkis			Aðgerðir sem framkvæmdar eru til að tryggja skilvirka starfsemi eftirlitskerfisins fyrir lífrænu framleiðsluna (framfylgd)
	Já/Nei	Frá (dagsetning)	Til (dagsetning)	
MS-BIO-01				
MS-BIO-02				
MS-BIO-…				

Yfirlýsing varðandi heildarframmistöðu eftirlitskerfisins fyrir lífrænu framleiðsluna:“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 567/2013 **2017/EES/24/24**

frá 18. júní 2013

um leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 2. og 3. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ([2]) er sett fram skrá yfir þriðju lönd þar sem kerfi framleiðslu- og eftirlitsráðstafana fyrir lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða eru viðurkennd sem jafngild þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007. Í tengslum við nokkur lönd sem skráð eru í þeim viðauka, eins og honum var breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 508/2012 ([3]), eru tilgreind vefföng nokkurra eftirlitsaðila ekki rétt eða ekki lengur rétt.

2) Skrá yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi er sett fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Í tengslum við nokkra eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvöld inniheldur textinn í þeim viðauka, eins og honum var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 508/2012 og framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 125/2013 ([4]), skekkjur að því er varðar afurðaflokkana sem tilgreindir eru fyrir nokkur þriðju lönd.

3) Þar að auki er veffang eins eftirlitsaðilans. sem tilgreint er í III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, rangt.

4) Því ber að breyta III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

5) Vegna réttarvissu skulu leiðréttu ákvæðin sem varða „AGRECO R.F. GÖDERZ GmbH“ gilda frá gildistökudegi II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 508/2012 og leiðréttu ákvæðin sem varða „IMO-Control Sertifikasyon Tic. Ltd Şti“ og „Organización Internacional Agropecuaria“ skulu gilda frá gildistökudegi II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 125/2013.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er leiðrétt sem hér segir:

1) Ákvæði III. viðauka eru leiðrétt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Ákvæði IV. viðauka eru leiðrétt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Ákvæði 1. liðar í II. viðauka skulu þó gilda frá 1. júlí 2012 og ákvæði 3. og 4. liðar í II. viðauka skulu gilda frá 1. apríl 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 167, 19.6.2013, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.

([3]) Stjtíð. ESB L 162, 21.6.2012, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 43, 14.2.2013, bls. 1

I. VIÐAUKI

Ákvæði III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 eru leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar varðandi CA-ORG-002 í 5. lið í textanum sem varðar Kanada komi eftirfarandi:

„CA-ORG-002	British Columbia Association for Regenerative Agriculture (BCARA)	www.certifiedorganic.bc.ca“

2) Í stað 4. liðar í textanum sem varðar Kostaríku komi eftirfarandi:

„4. Lögbært yfirvald: Servicio Fitosanitario del Estado, Ministerio de Agricultura y Ganadería, www.sfe.go.cr“

3) Textinn sem varðar Indland er leiðréttur sem hér segir:

a) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

„4. Lögbært yfirvald: Agricultural and Processed Food Export Development Authority APEDA, http://www.apeda.gov.in/apedawebsite/index.asp“

b) Í stað færslnanna varðandi IN-ORG-009, IN-ORG-011, IN-ORG-016, IN-ORG-019 og IN-ORG-021 í 5. lið komi eftirfarandi:

„IN-ORG-009	ISCOP (Indian Society for Certification of Organic products)	www.iscoporganiccertification.org
IN-ORG-011	Natural Organic Certification Agro Pvt. Ltd (NOCA Pvt. Ltd)	www.nocaagro.com
IN-ORG-016	Rajasthan Organic Certification Agency (ROCA)	www.krishi.rajasthan.gov.in
IN-ORG-019	TUV India Pvt. Ltd	www.tuvindia.co.in
IN-ORG-021	Madhya Pradesh State Organic Certification Agency (MPSOCA)	www.mpkrishi.org“

4) Í stað færslunnar varðandi JP-BIO-005 í 5. lið í textanum sem varðar Japan komi eftirfarandi:

„JP-BIO-005	Japan Organic & Natural Foods Association	http://jona-japan.org/english/“

5) Í stað færslunnar varðandi TN-BIO-004 í 5. lið í textanum sem varðar Túnis komi eftirfarandi:

„TN-BIO-004	Lacon	www.lacon-institut.com“

6) Í stað færslunnar varðandi US-ORG-005, US-ORG-023, US-ORG-028 og US-ORG-055 í 5. lið í textanum sem varðar Bandaríkin komi eftirfarandi:

„US-ORG-005	BIOAGRIcert	http://www.bioagricert.org/english
US-ORG-023	Maryland Department of Agriculture	http://mda.maryland.gov/foodfeedquality/Pages/certified_md_organic_farms.aspx
US-ORG-028	Montana Department of Agriculture	http://agr.mt.gov/agr/Producer/Organic/Info/index.html
US-ORG-055	Texas Department of Agriculture	http://www.texasagriculture.gov/regulatoryprograms/organics.aspx“

II. VIÐAUKI

Ákvæði IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 eru leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar varðandi Gana í 3. lið í textanum sem varðar „AGRECO R.F. GÖDERZ GmbH“ komi eftirfarandi:

„Gana	GH-BIO-151	x	—	—	x	—	—“

2) Í stað 2. liðar í textanum sem varðar „BioAgriCert S.r.l.“ komi eftirfarandi:

„2. Veffang: http://www.bioagricert.org/english/“

3) Í stað 3. liðar í textanum sem varðar „IMO-Control Sertifikasyon Tic. Ltd Ști“ komi eftirfarandi:

„3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Tyrkland	TR-BIO-158	x	—	—	x	—	—“

4) Í stað færslunnar varðandi Argentínu í 3. lið í textanum sem varðar „Organización Internacional Agropecuaria“ komi eftirfarandi:

„Argentína	AR-BIO-110	—	—	x	—	—	—“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 586/2013 **2017/EES/24/25**

frá 20. júní 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum og um undanþágu frá reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar framlagningardag ársskýrslunnar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 2. og 3. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ([2]) hefur að geyma reglur varðandi innflutning á lífrænum vörum frá þriðju löndum og einkum skrá yfir viðurkennd þriðju lönd og skrá yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar jafngildi.

2) Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur með eftirlitinu með jafngildiskerfinu er nauðsynlegt að breyta innihaldi skrárinnar yfir eftirlitsaðilana og eftirlitsyfirvöldin, sem hlotið hafa viðurkenningu í samræmi við 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, til að tryggja að upplýsingar um rekstraraðila, sem þessir eftirlitsaðilar og eftirlitsyfirvöld hafa eftirlit með, séu uppfærðar.

3) Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur með eftirlitinu með jafngildiskerfinu og með tilliti til liðar 5.1.4 í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar sem ber heitið „Viðmiðunarreglur ESB fyrir bestu starfsvenjur varðandi valfrjálst kerfi vottunar fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli“ (e. *EU best practice guidelines for voluntary certification schemes for agricultural products and foodstuffs*) ([3]), þar sem mælt er með að nákvæmari skilgreiningar kerfisins, þ.m.t. opinber samantekt, verði gerð aðgengileg t.d. á vefsetri, og með tilliti til þeirrar staðreyndar að nokkrir eftirlitsaðilar og eftirlitsyfirvöld, sem skráð eru í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, birta lífræna staðla sína á vefsetrum sínum, er rétt að krefjast þess að eftirlitsaðilar og eftirlitsyfirvöld, sem hlotið hafa viðurkenningu í samræmi við 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2008, birti framleiðslustaðlana og varnarráðstafanirnar, sem þau hafa hlotið viðurkenningu fyrir, á vefsetrum sínum og þar séu einnig tilgreind vefsetur á Netinu þar sem hægt er að finna þessar upplýsingar í skránni yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld sem hlotið hafa viðurkenningu.

4) Til að dreifa vinnuálagi sem varðar eftirlit með viðurkenndum þriðju löndum og viðurkenndum eftirlitsaðilum og eftirlitsyfirvöldum er rétt að setja annan eindaga fyrir framlagningu ársskýrslu viðurkenndra eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvalda en þann sem settur er fyrir framlagningu ársskýrslu viðurkenndra þriðju landa. Því skal dagsetningin fyrir framlagningu fullgerðra umsókna um færslu á skrá yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld einnig færð fram um einn mánuð.

5) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er skrá yfir þriðju lönd þar sem kerfi framleiðslu- og eftirlitsráðstafana fyrir lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða eru viðurkennd sem jafngild þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007. Í ljósi nýrra upplýsinga, sem framkvæmdastjórninni hafa borist frá þriðju löndum síðan viðaukanum var síðast breytt, skal gera tilteknar breytingar á skránni.

6) Yfirvöld í Japan og Bandaríkjunum hafa beðið framkvæmdastjórnina um að færa nýju eftirlits- og vottunaraðilana á skrána og hafa látið framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar ábyrgðir fyrir því að þeir uppfylli skilyrðin sem um getur í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008.

7) Gildistími skráningar Japans í skránni, sem sett er fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, rennur út 30. júní 2013. Þar eð Japan uppfyllir áfram skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og í ljósi reynslunnar af vöktun skal framlengja skráninguna í ótakmarkaðan tíma.

8) Gildistími skráningar Túnis í skránni, sem sett er fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, rennur út 30. júní 2013. Í ljósi reynslunnar af vöktun skal framlengja skráninguna til 30. júní 2014.

9) Viðurkenning á Sviss skv. 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 gildir sem stendur um óunnar landbúnaðarafurðir og unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli og fóður. Yfirvöld í Sviss hafa lagt fram beiðni til framkvæmdastjórnarinnar um að viðurkenna einnig jafngildi lífræns víns. Athugun á upplýsingunum sem lagðar voru fram með beiðninni og nánari útlistun sem yfirvöld í Sviss lögðu fram í kjölfarið leiddi til þeirrar niðurstöðu að reglurnar um

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 169, 21.6.2013, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.

([3]) Stjtíð. ESB C 341, 16.12.2010, bls. 5.

framleiðslu og eftirlit með lífrænu víni í landinu væru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit ([1]). Af þessum sökum skal jafngildisviðurkenning Sviss að því er varðar unnar afurðir sem nota á sem matvæli einnig gilda um lífrænt vín.

10) Viðurkenning á Bandaríkjunum skv. 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 gildir um óunnar landbúnaðarafurðir og unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli og fóður eða um vörur sem fluttar hafa verið inn í Bandaríkin. Þörf er á að skýra að til þess að lífrænu vörurnar, sem fluttar eru inn í Bandaríkin, teljist viðurkenndar sem jafngildar þarf að vinna þær eða pakka þeim í Bandaríkjunum í samræmi við bandarískra löggjöf.

11) Skrá yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi er sett fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Í ljósi nýrra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist frá eftirlitsaðilum og eftirlitsyfirvöldum sem skráð eru í þeim viðauka skal gera tilteknar breytingar á skránni.

12) Framkvæmdastjórnin hefur athugað beiðnir um færslur á skrána, sem sett er fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, sem bárust fyrir 31. október 2012. Færa skal eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu eftir athugun á öllum mótteknum upplýsingum að þau stæðust viðeigandi kröfur, í þessa skrá.

13) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

14) Til að tryggja snurðulaus umskipti og til að veita eftirlitsaðilum og eftirlitsyfirvöldum nægan tíma fyrir framkvæmd breyttu ákvæðanna sem þau varðar skal ákveða seinni gildistökudag fyrir breytingar varðandi vefsetur á Netinu, ársskýrslur og málsmeðferð vegna beiðni um færslu á skrána yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld.

15) Vegna tæknivandamála sem tengjast fyrstu notkun sérstaka, rafræna sendingarkerfisins sem framkvæmdastjórnin lætur í té skal dagsetning fyrir framlagningu ársskýrslunnar fyrir árið 2013, sem eftirlitsaðilar og eftirlitsyfirvöld, sem skráð eru í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, leggja fram og er sem stendur fastákveðin 31. mars ár hvert, frestast til 30. apríl. Undanþágan skal gilda afturvirkt frá og með 31. mars 2013.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

([1]) Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1235/2008

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. mgr. 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) vefsetur á Netinu þar sem er að finna uppfærða skrá yfir rekstraraðila sem falla undir eftirlitskerfið, vottunarstöðu þeirra og þá vöruflokka sem um er að ræða, auk tengiliða þar sem auðvelt er að nálgast upplýsingar varðandi rekstraraðila og vörur með tímabundna eða varanlega ógildingu vottunar.“

b) Eftirfarandi f-liður bætist við:

„f) vefsetur á Netinu þar sem er að finna fullgerða framsetningu á framleiðslustöðlunum og eftirlitsráðstöfununum sem eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald í þriðja landi beitir.“

2) Í stað 1. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal taka til athugunar að bæta eftirlitsaðilum eða eftirlitsyfirvöldum á skrána, sem kveðið er á um í 10. gr., að fenginni skráningarbeiðni frá fulltrúa viðkomandi eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalda sem byggist á fyrirmyndinni af umsókn sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengilega í samræmi við 2. mgr. 17. gr. Aðeins skal taka til athugunar fullgerðar beiðnir sem hafa borist fyrir 30. september ár hvert við uppfærslu skrárinnar. Framkvæmdastjórnin skal skuldbinda sig til að uppfæra skrána reglulega eins og við á samkvæmt fullgerðum beiðnum sem borist hafa fyrir 30. september ár hvert.“

3) Í stað „31. mars“ í b-lið 1. mgr. 12. gr. og í a-lið 2. mgr. 12. gr. komi „28. febrúar“.

4) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

5) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Undanþágur fyrir árið 2013

Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. 12. gr. og a-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008, að því er varðar árið 2013, skulu eftirlitsaðilar og eftirlitsyfirvöld, sem skráð eru í IV. viðauka við reglugerðina, senda framkvæmdastjórninni ársskýrslur sínar fyrir 30. apríl 2013.

3. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. gr. gilda hins vegar frá 31. mars 2013.

Ákvæði a-liðar 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 1. gr. skulu gilda frá 1. janúar 2014 og b-liður 1. mgr. 1. gr. skal gilda frá 1. júlí 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

Forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í 5. lið í textanum sem varðar Indland falli línan fyrir IN-ORG-011 brott.

2) Textanum sem varðar Japan er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línur bætist við 5. lið:

„JP-BIO-027	NPO Kumamoto Organic Agriculture Association	http://www.kumayuken.org/jas/certification/index.html
JP-BIO-028	Hokkaido Organic Promoters Association	http://www.hosk.jp/CCP.html
JP-BIO-029	Association of organic agriculture certification Kochi corporation NPO	http://www8.ocn.ne.jp/~koaa/jisseki.html
JP-BIO-030	LIFE Co., Ltd	http://www.life-silver.com/jas/“

b) Í stað 7. liðar komi eftirfarandi:

„7. Gildistími skráningar: ótilgreindur.“

3) Í stað 2. nmgr. í afurðaflokknum „Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli“, í textanum sem varðar Sviss, komi eftirfarandi:

„([2]) Ger ekki talið með.“

4) Í stað 7. liðar í textanum sem varðar Túnis komi eftirfarandi:

„7. Gildistími skráningar: 30. júní 2014.“

5) Textanum sem varðar Bandaríkin er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. **UPPRUNI**: afurðir í flokki A, B og F og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki D og E sem:

– voru ræktuð í Bandaríkjunum, eða

– voru flutt inn til Bandaríkjanna og unnin eða pökkuð inn í Bandaríkjunum í samræmi við bandarísk löggjöf.“

b) Eftirfarandi lína bætist við 5. lið:

„US-ORG-060	Institute for Marketecology (IMO)	http://imo.ch/“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað textans sem varðar „Albinspekt“ komi eftirfarandi:

„„Albinspekt“

1. Heimilisfang: Rruga Ded Gjon Luli, Pall. 5, Shk.1, Ap.8, 1000 Tirana, Albania
2. Veffang: http://www.albinspekt.com
3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Albanía	AL-BIO-139	x	x	—	x	—	—
Kósóvó ([1])	XK-BIO-139	x	x	—	x	—	—

([1]) Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósóvó og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisyfirlýsingu Kósóvó.

4. Undantekningar: vörur í aðlögun, vín
5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2015.“

2) Í stað textans sem varðar „ARGENCERT SA“ komi eftirfarandi:

„„ARGENCERT SA“

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

2. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. júlí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1287/2014 **2017/EES/24/34**

frá 28. nóvember 2014

um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 2. og 3. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ([2]) er kveðið á um frest fyrir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld til að senda inn beiðni sína um viðurkenningu að því er varðar samræmi skv. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Þar eð framkvæmd ákvæðanna, að því er varðar innflutning vara sem uppfylla kröfur, er enn til athugunar og tengdar leiðbeiningar, fyrirmyndir, spurningalistar og nauðsynleg rafræn gagnasendingarkerfi eru enn í þróun ætti að framlengja frest eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvalda til framlagningar á beiðnum.

2) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er sett fram skrá yfir þriðju lönd þar sem kerfi framleiðslu- og eftirlitsráðstafana fyrir lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða eru viðurkennd sem jafngild þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007.

3) Samkvæmt upplýsingum frá Ísrael hefur viðkomandi framleiðslustöðlum verið breytt og viðurkenning á einum eftirlitsaðilanna, sem áður var viðurkenndur, hefur verið afturkölluð.

4) Samkvæmt upplýsingum sem Túnis lagði fram hefur viðurkenning á einum eftirlitsaðilanna, sem hefur hætt starfsemi vegna samruna, verið afturkölluð en hinum aðilanum, sem átti aðild að samrunanum, hefur verið bætt við á skrá yfir eftirlitsaðila sem eru viðurkenndir af hálfu Túnis. Viðurkenning á tveimur öðrum eftirlitsaðilum hefur verið afturkölluð.

5) Skrá yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi er sett fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

6) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðnir frá eftirlitsaðilum um að vera færðir í skrána sem er sett fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 sem og beiðnir um breytingar á forskrifum skráðra eftirlitsaðila.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 348, 4.12.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

7) Færa ætti eftirlitsaðila, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu eftir athugun á öllum mótteknum upplýsingum að þeir uppfylltu viðeigandi kröfur, á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Breyta ætti forskriftum eftirlitsaðila sem eru skráðir í þann viðauka þar sem komist var að þeirri niðurstöðu, eftir athugun á öllum mótteknum upplýsingum, að þeir uppfylltu viðeigandi kröfur.

8) Framkvæmdastjórninni hafa borist upplýsingar í formi hnitmiðaðra ársskýrslna, sem lagðar voru fram eigi síðar en 31. mars 2013 eða 28. febrúar 2014, í samræmi við við b-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 og einnig með samskiptum við eftirlitsaðila.

9) Samkvæmt c-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 er framkvæmdastjórninni hvenær sem er heimilt, í ljósi upplýsinga sem henni berast eða ef upplýsingar sem krafist er berast ekki, að breyta forskriftum eða fella færslu eftirlitsaðila í IV. viðauka við þá reglugerð tímabundið úr gildi. Á grundvelli þess ætti að breyta forskriftum eftirlitsaðila þar sem komist var að þeirri niðurstöðu, eftir athugun á öllum mótteknum upplýsingum, að viðeigandi kröfur væru ekki lengur uppfylltar.

10) IMOswiss AG, sem er skráð í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, upplýsti framkvæmdastjórnina um það 17. júní 2014 að það hefði hætt starfsemi sinni í Kína. Í viðbótarupplýsingum, sem IMOswiss AG lagði fram 7. mars 2014, með ársskýrslunni fyrir 2012 var ennfremur yfirlýsing frá matsaðilanum Swiss Accreditation Service um að Brasilía og Súrínam væru ekki tekin með í mati hans á IMOswiss AG. Framkvæmdastjórnin fór þess á leit við IMOswiss að það legði fram aðra matsskýrslu, í samræmi við við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 834/2007, en svar barst ekki innan tilskilins frests. Þar til fullnægjandi upplýsingar eru lagðar fram ætti því að fjarlægja þessi lönd úr forskriftunum fyrir IMOswiss AG í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

11) Organic Food Development Center er skráð í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 fyrir Kína. Framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir frekari upplýsingum um ársskýrslu Organic Food Development Center að því er varðar eftirlitsstarfsemi árið 2012. Að auki, í ljósi þess að margs konar varnarefnaleifar hafa fundist í sýnum úr lífrænum vörum, sem eru fluttar inn til Sambandsins frá Kína, hefur framkvæmdastjórnin óskað eftir því að Organic Food Development Center grípi til aðgerða og komi á auknum eftirlitsráðstöfunum í tengslum við Kína. Framkvæmdastjórninni barst ekki svar við þessari beiðni innan tilskilins frests. Þar til fullnægjandi upplýsingar eru lagðar fram ætti því að fjarlægja Organic Food Development Center af skránni í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

12) Samkvæmt upplýsingum sem bárust frá IBD Certifications Ltd og Organska Kontrola, sem eru skráð í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, hefur heimilisföngum þeirra verið breytt.

13) IMO Control Private Limited tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á veffangi.

14) Istituto Mediterraneo di Certificazione s.r.l. (IMC) og CCPB Srl tilkynntu framkvæmdastjórninni að eftirlitsaðilarnir tveir hafi sameinað starfsemi sína frá 1. júlí 2014, að IMC hafi hætt rekstri og að CCPB Srl muni halda starfsemi sinni áfram. Því ætti að fella Istituto Mediterraneo di Certificazione s.r.l. brott af skránni í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

15) Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 er framkvæmdastjórninni heimilt, í tilteknum tilvikum, að fella eftirlitsaðila eða tilvísun í sérstakan vöruflokk eða í tiltekið þriðja land í tengslum við þann eftirlitsaðila, brott af skránni í IV. viðauka við þá reglugerð. Á grundvelli þess ætti að fella eftirlitsaðila, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu, eftir athugun á öllum mótteknum upplýsingum, að þeir uppfylltu ekki viðeigandi kröfur, brott af þessari skrá.

16) Bio Latina Certificadora er skráð í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Framkvæmdastjórnin fór þess á leit við Bio Latina Certificadora að lagðar yrðu fram niðurstöður rannsókna þeirra á sex tilvikum þar sem um frávik er að ræða, sem framkvæmdastjórnin tilkynnti um, en svar barst hvorki innan tilskilins frests né eftir áminningu þar um. Því ætti að taka viðkomandi lönd og vöruflokka undan gildissviði viðurkenningar þeirra eins og sett er fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Enn fremur tilkynnti Bio Latina Certificadora framkvæmdastjórninni um breytingu á heimilisfangi sínu sem ætti að endurspeglast í þeim viðauka.

17) Australian Certified Organic, BCS Öko-Garantie GmbH, Bioagricert S.r.l., Control Union Certifications og Organic agriculture certification Thailand eru skráð í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 fyrir „Búrma/Mjanmar“. Í samræmi við heiti sem mælst er til að séu notuð í gerðum sambandsins ætti „Mjanmar/Búrma“ að koma í stað „Búrma/Mjanmar“.

18) Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, eins og henni var breytt með með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 355/2014 ([1]), er Bioagricert S.r.l. skráð sem viðurkenndur eftirlitsaðili fyrir vöruflokk A. Þar eð Indland er skráð í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 fyrir vöruflokka A og F hefði ekki verið hægt að viðurkenna Bioagricert S.r.l. fyrir Indland fyrir þessa vöruflokka í samræmi við b-lið 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Því ætti að fella brott viðurkenninguna fyrir vöruflokk A. Framkvæmdastjórnin hefur farið þess á leit við Bioagricert S.r.l. að það votti ekki vörur sem falla undir vöruflokk A á grundvelli rangrar tilvísunar í þann vöruflokk.

19) Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 829/2014 ([2]), er skekkja í tengslum við kenninúmer Sambíu fyrir eftirlitsstofnunina Control Union Certifications. Þessa skekkju ber að leiðrétta.

20) Því ætti að breyta og leiðrétta III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

21) Til að tryggja tímanlega framlengingu á frestinum fyrir framlagningu beiðna um viðurkenningu að því er varðar samræmi við kröfur, í samræmi við 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún er birt. Í því skyni að veita rekstraraðilum ráðrúm til að aðlagast þeim breytingunum sem gerðar eru á skránum í III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 ættu ákvæðin, sem breyta þessum viðaukum, þó eingöngu að gilda eftir hæfilegan tíma.

22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað „31. október 2014“ í 1. mgr. 4. mgr. komi „31. október 2015“.

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

3) Ákvæðum IV. viðauka er breytt og þau leiðrétt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. og 3. liðar 1. gr. ættu þó að gilda frá 24. desember 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. nóvember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 355/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 106, 9.4.2014, bls. 15).

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 829/2014 frá 30. júlí 2014 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 228, 31.7.2014, bls. 9).

I. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Færslunni sem varðar Ísrael er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

„3 **Framleiðslustaðall:** Law for the Regulation of Organic Produce, 5765-2005, and its relevant Regulations“

b) Í 5. lið falli línan fyrir IL-ORG-005 brott.

2) Í stað 5. liðar í færslunni sem varðar Túnis komi eftirfarandi:

„5 **Eftirlitsaðilar:**

Kenninúmer	Heiti	Veffang
TN-BIO-001	Ecocert SA en Tunisie	www.ecocert.com
TN-BIO-003	BCS	www.bcs-oeko.com
TN-BIO-006	Institut National de la Normalisation et de la Propriété Industrielle (INNORPI)	www.innorpi.tn
TN-BIO-007	Suolo e Salute	www.suoloesalute.it
TN-BIO-008	CCPB Srl	www.ccpb.it“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt og þau leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað 3. liðar í færslunni sem varðar „**Australian Certified Organic**“ komi eftirfarandi:

„3 Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Ástralía	AU-BIO-107	—	x	—	x	—	x
Kína	CN-BIO-107	x	—	—	x	—	—
Cooks-eyjar	CK-BIO-107	x	—	—	—	—	—
Fídjíeyjar	FJ-BIO-107	x	—	—	x	—	—
Falklandseyjar	FK-BIO-107	—	x	—	—	—	—
Hong Kong	HK-BIO-107	x	—	—	x	—	—
Indónesía	ID-BIO-107	x	—	—	x	—	—
Suður-Kórea	KR-BIO-107	—	—	—	x	—	—
Madagaskar	MG-BIO-107	x	—	—	x	—	—
Mjanmar/Búrma	MM-BIO-107	x	—	—	x	—	—
Malasía	MY-BIO-107	x	—	—	x	—	—
Papúa Nýja-Gínea	PG-BIO-107	x	—	—	x	—	—
Singapúr	SG-BIO-107	x	—	—	x	—	—
Taívan	TW-BIO-107	x	—	—	x	—	—
Taíland	TH-BIO-107	x	—	—	x	—	—
Tonga	TO-BIO-107	x	—	—	x	—	—
Vanúatú	VU-BIO-107	x	—	—	x	—	—“

2) Í stað 3. liðar í færslunni sem varðar **„BCS Öko-Garantie GmbH“** komi eftirfarandi:

„3 Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Albanía	AL-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Alsír	DZ-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Angóla	AO-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Armenía	AM-BIO-141	x	—	—	x	—	—

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Aserbaídsjan	AZ-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Hvíta-Rússland	BY-BIO-141	x	—	—	x	x	—
Bólivía	BO-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Botsvana	BW-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Brasilía	BR-BIO-141	x	x	—	x	x	—
Kambódía	KH-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Tsjad	TD-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Síle	CL-BIO-141	x	x	x	x	—	x
Kína	CN-BIO-141	x	x	x	x	x	x
Kólumbía	CO-BIO-141	x	x	—	x	—	—
Kostaríka	CR-BIO-141	—	—	x	—	—	—
Fílabeinsströndin	CI-BIO-141	x	—	—	x	x	—
Kúba	CU-BIO-141	x	x	—	x	—	—
Dóminíska lýðveldið	DO-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Ekvador	EC-BIO-141	x	x	x	x	x	—
Egyptaland	EG-BIO-141	x	—	—	x	—	—
El Salvador	SV-BIO-141	x	x	—	x	x	—
Eþíópía	ET-BIO-141	x	x	—	x	x	—
Georgía	GE-BIO-141	x	—	—	x	x	—
Gana	GH-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Gvatemala	GT-BIO-141	x	—	—	x	x	—
Gínea-Bissá	GW-BIO-141	x	—	—	x	—	x
Haítí	HT-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Hondúras	HN-BIO-141	x	—	—	x	x	—
Hong Kong	HK-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Indland	IN-BIO-141	—	—	—	x	—	—
Indónesía	ID-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Íran	IR-BIO-141	x	x	—	x	—	—

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Japan	JP-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Kenía	KE-BIO-141	—	—	—	x	—	—
Kósóvó (*)	XK-BIO-141	x	—	—	x	x	—
Kirgistan	KG-BIO-141	x	—	—	x	x	—
Laos	LA-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Lesótó	LS-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu)	MK-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Malaví	MW-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Malasía	MY-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Mexíkó	MX-BIO-141	x	x	—	x	x	—
Moldóva	MD-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Svartfjallaland	ME-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Mósambík	MZ-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Mjanmar/Búrma	MM-BIO-141	x	—	x	x	—	—
Namibía	NA-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Níkaragva	NI-BIO-141	x	x	—	x	x	—
Óman	OM-BIO-141	x	—	—	x	x	—
Panama	PA-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Paragvæ	PY-BIO-141	x	x	—	x	x	—
Perú	PE-BIO-141	x	—	—	x	x	—
Filippseyjar	PH-BIO-141	x	—	x	x	—	—
Rússland	RU-BIO-141	x	—	—	x	x	—
Sádi-Arabía	SA-BIO-141	x	x	—	x	x	—
Senegal	SN-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Serbía	RS-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Suður-Afríka	ZA-BIO-141	x	x	—	x	x	—
Suður-Kórea	KR-BIO-141	x	—	x	x	x	—

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Srí Lanka	LK-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Súdan	SD-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Svasíland	SZ-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Franska Pólýnesía	PF-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Taívan	TW-BIO-141	x	—	x	x	—	—
Tansanía	TZ-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Taíland	TH-BIO-141	x	—	x	x	x	—
Tyrkland	TR-BIO-141	x	x	—	x	x	—
Úganda	UG-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Úkraína	UA-BIO-141	x	—	—	x	x	—
Sameinuðu arabísku furstadæmin	AE-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Úrúgvæ	UY-BIO-141	x	x	—	x	x	—
Venesúela	VE-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Víetnam	VN-BIO-141	x	—	x	x	—	—

(*) Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósóvó og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisyfirlýsingu Kósóvó.“

3) Í stað 3. liðar í færslunni sem varðar **„Bioagricert S.r.l.“** komi eftirfarandi:

„3 Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Brasilía	BR-BIO-132	x	—	—	x	—	—
Kambódía	KH-BIO-132	x	—	—	x	—	—
Kína	CN-BIO-132	x	—	—	x	—	—
Ekvador	EC-BIO-132	x	—	—	x	—	—
Franska Pólýnesía	PF-BIO-132	x	—	—	x	—	—
Indland	IN-BIO-132	—	—	—	x	—	—
Laos	LA-BIO-132	x	—	—	x	—	—
Nepal	NP-BIO-132	x	—	—	x	—	—

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Mexíkó	MX-BIO-132	x	x	—	x	—	—
Marokkó	MA-BIO-132	x	—	—	x	—	—
Mjanmar/Búrma	MM-BIO-132	x	—	—	x	—	—
San Marínó	SM-BIO-132	—	—	—	x	—	—
Serbía	RS-BIO-132	x	x	—	—	—	—
Suður-Kórea	KR-BIO-132	x	—	—	x	—	—
Taíland	TH-BIO-132	x	x	—	x	—	—
Tógó	TG-BIO-132	x	—	—	x	—	—
Tyrkland	TR-BIO-132	x	—	—	x	—	—
Úkraína	UA-BIO-132	x	—	—	x	—	—“

4) Færslunni sem varðar **„Bio Latina Certificadora“** er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1 Heimilisfang: Jr. Domingo Millán 852, Jesús Maria, Lima 11, Lima- Peru”

b) Í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

„3 Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Bólivía	BO-BIO-118	x	x	—	x	—	—
Kólumbía	CO-BIO-118	x	—	—	x	—	—
Gvatemala	GT-BIO-118	x	—	—	x	—	—
Hondúras	HN-BIO-118	x	—	—	x	—	—
Mexíkó	MX-BIO-118	x	—	—	x	—	—
Níkaragva	NI-BIO-118	—	x	—	x	—	—
Panama	PA-BIO-118	x	—	—	x	—	—
Perú	PE-BIO-118	—	x	x	x	—	—
El Salvador	SV-BIO-118	x	—	—	x	—	—
Venesúela	VE-BIO-118	x	—	—	x	—	—“

5) Í stað 3. liðar í færslunni sem varðar **„CCPB Srl“** komi eftirfarandi:

„3 Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Kína	CN-BIO-102	x	—	—	x	—	—
		A	B	C	D	E	F
Egyptaland	EG-BIO-102	x	x	—	x	—	—
Írak	IQ-BIO-102	x	—	—	x	—	—
Líbanon	LB-BIO-102	x	x	—	x	—	—
Marokkó	MA-BIO-102	x	x	—	x	—	—
Filippseyjar	PH-BIO-102	x	—	—	x	—	—
San Marínó	SM-BIO-102	x	x	—	x	—	—
Sýrland	SY-BIO-102	x	—	—	x	—	—
Túnis	TN-BIO-102	—	x	—	—	—	—
Tyrkland	TR-BIO-102	x	x	—	x	—	—“

6) Í stað 3. liðar í færslunni sem varðar **„CERES Certification of Environmental Standards GmbH“** komi eftirfarandi:

„3 Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Albanía	AL-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Aserbaídsjan	AZ-BIO-140	x	—	—	x	—	—
Benín	BJ-BIO-140	x	—	—	x	—	—
Bólivía	BO-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Búrkína Fasó	BF-BIO-140	x	—	—	x	—	—
Bútan	BT-BIO-140	x	—	—	x	—	—
Brasilía	BR-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Síle	CL-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Kína	CN-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Kólumbía	CO-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Dóminíska lýðveldið	DO-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Ekvador	EC-BIO-140	x	x	—	x	—	—

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Egyptaland	EG-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Eþíópía	ET-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Gana	GH-BIO-140	x					
Grenada	GD-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Indónesía	ID-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Íran	IR-BIO-140	x	—	—	x	—	—
Jamaíka	JM-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Kasakstan	KZ-BIO-140	x	—	—	x	—	—
Kenía	KE-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Kirgistan	KG-BIO-140	x	—	—	x	—	—
Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu)	MK-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Malí	ML-BIO-140	x	—	—	x	—	—
Mexíkó	MX-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Moldóva	MD-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Marokkó	MA-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Papúa Nýja-Gínea	PG-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Paragvæ	PY-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Perú	PE-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Filippseyjar	PH-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Rússland	RU-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Rúanda	RW-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Sádi-Arabía	SA-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Senegal	SN-BIO-140	x	—	—	x	—	—
Serbía	RS-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Singapúr	SG-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Suður-Afríka	ZA-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Sankti Lúsía	LC-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Taívan	TW-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Tansanía	TZ-BIO-140	x	x	—	x	—	—

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Taíland	TH-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Tyrkland	TR-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Tógó	TG-BIO-140	x	—	—	x	—	—
Úganda	UG-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Úkraína	UA-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Úsbekistan	UZ-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Víetnam	VN-BIO-140	x	x	—	x	—	—“

7) Í stað 3. liðar í færslunni sem varðar **„Control Union Certifications“** komi eftirfarandi:

„3 Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Afganistan	AF-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Albanía	AL-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Bermúdaeyjar	BM-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Bútan	BT-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Brasilía	BR-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Búrkína Fasó	BF-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Kambódía	KH-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Kanada	CA-BIO-149	—	—	x	—	—	—
Kína	CN-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Kólumbía	CO-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Kostaríka	CR-BIO-149	—	x	x	—	x	—
Fílabeinsströndin	CI-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Dóminíska lýðveldið	DO-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Ekvador	EC-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Egyptaland	EG-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Eþíópía	ET-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Gana	GH-BIO-149	x	x	x	x	x	x

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
Gínea	GN-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Hondúras	HN-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Hong Kong	HK-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Indland	IN-BIO-149	—	x	x	x	x	—
Indónesía	ID-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Íran	IR-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Ísrael	IL-BIO-149	—	x	x	—	x	—
Japan	JP-BIO-149	—	x	x	—	x	—
Suður-Kórea	KR-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Kirgistan	KG-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Laos	LA-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu)	MK-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Malasía	MY-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Malí	ML-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Máritíus	MU-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Mexíkó	MX-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Moldóva	MD-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Mósambík	MZ-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Mjanmar/Búrma	MM-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Nepal	NP-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Nígería	NG-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Pakistan	PK-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Hernumdu svæðin í Palestínu	PS-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Panama	PA-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Paragvæ	PY-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Perú	PE-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Filippseyjar	PH-BIO-149	x	x	x	x	x	x

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
Rúanda	RW-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Serbía	RS-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Síerra Leóne	SL-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Singapúr	SG-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Suður-Afríka	ZA-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Srí Lanka	LK-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Sviss	CH-BIO-149	—	—	x	—	—	—
Sýrland	SY-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Tansanía	TZ-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Taíland	TH-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Tímor-Leste	TL-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Tyrkland	TR-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Úganda	UG-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Úkraína	UA-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Sameinuðu arabísku furstadæmin	AE-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Bandaríkin	US-BIO-149	—	—	x	—	—	—
Úrúgvæ	UY-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Úsbekistan	UZ-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Víetnam	VN-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Sambía	ZM-BIO-149	x	x	x	x	x	x“

8) Í stað 3. liðar í færslunni sem varðar **„Ecocert SA“** komi eftirfarandi:

„3 Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Alsír	DZ-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Andorra	AD-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Aserbaídsjan	AZ-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Barein	BH-BIO-154	—	—	—	x	—	—
Benín	BJ-BIO-154	x	—	—	x	—	—

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Bosnía og Hersegóvína	BA-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Brasilía	BR-BIO-154	x	x	—	x	x	x
Brúnei	BN-BIO-154	—	—	x	—	—	—
Búrkína Fasó	BF-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Búrúndí	BI-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Kambódía	KH-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Kamerún	CM-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Kanada	CA-BIO-154	—	—	—	x	—	—
Tsjad	TD-BIO-154	x	—	—	—	—	—
Kína	CN-BIO-154	x	x	x	x	x	x
Kólumbía	CO-BIO-154	x	—	—	x	—	x
Kómoreyjar	KM-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Fílabeinsströndin	CI-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Kúba	CU-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Dóminíska lýðveldið	DO-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Ekvador	EC-BIO-154	x	—	x	x	x	—
Fídjíeyjar	FJ-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Gana	GH-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Gvatemala	GT-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Gínea	GN-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Gvæjana	GY-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Haítí	HT-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Indland	IN-BIO-154	—	—	x	x	—	—
Indónesía	ID-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Íran	IR-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Japan	JP-BIO-154	—	—	—	x	—	—
Kasakstan	KZ-BIO-154	x	—	—	—	—	—
Kenía	KE-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Kúveit	KW-BIO-154	x	—	—	x	—	—

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Kirgistan	KG-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Laos	LA-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu)	MK-BIO-154	x	—	—	x	—	x
Madagaskar	MG-BIO-154	x	x	x	x	—	—
Malaví	MW-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Malasía	MY-BIO-154	x	x	—	x	—	—
Malí	ML-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Máritíus	MU-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Mexíkó	MX-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Moldóva	MD-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Mónakó	MC-BIO-154	x	—	—	x	x	—
Mongólía	MN-BIO-154	x	—	—	—	—	—
Marokkó	MA-BIO-154	x	x	x	x	—	x
Mósambík	MZ-BIO-154	x	—	x	x	—	—
Namibía	NA-BIO-154	x	—	—	—	—	—
Nepal	NP-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Níger	NE-BIO-154	x	—	—	—	—	—
Nígería	NG-BIO-154	x	—	—	—	—	—
Pakistan	PK-BIO-154	x	—	—	—	—	x
Paragvæ	PY-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Perú	PE-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Filippseyjar	PH-BIO-154	x	—	—	x	x	x
Rússland	RU-BIO-154	x	—	—	—	—	—
Rúanda	RW-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Saó Tóme og Prinsípe	ST-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Sádi-Arabía	SA-BIO-154	x	—	—	x	x	x
Senegal	SN-BIO-154	x	—	—	x	—	—

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Serbía	RS-BIO-154	x	—	—	x	—	x
Sómalía	SO-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Suður-Afríka	ZA-BIO-154	x	x	—	x	x	x
Suður-Kórea	KR-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Súdan	SD-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Svasíland	SZ-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Sýrland	SY-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Tansanía	TZ-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Taíland	TH-BIO-154	x	x	x	x	—	x
Tógó	TG-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Túnis	TN-BIO-154	—	—	x	x	—	—
Tyrkland	TR-BIO-154	x	x	x	x	x	x
Úganda	UG-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Úkraína	UA-BIO-154	x	—	—	—	—	—
Sameinuðu arabísku furstadæmin	AE-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Bandaríkin	US-BIO-154	—	—	x	—	—	—
Úrúgvæ	UY-BIO-154	x	x	—	x	—	—
Úsbekistan	UZ-BIO-154	x	—	—	—	—	—
Vanúatú	VU-BIO-154	x	—	—	—	—	x
Víetnam	VN-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Sambía	ZM-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Simbabve	ZW-BIO-154	x	—	—	x	—	x“

9) Færslunni sem varðar **„Ecoglobe“** er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

„3 Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Afganistan	AF-BIO-112	x	—	—	x	—	—
Armenía	AM-BIO-112	x	—	—	x	—	—

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
Hvíta-Rússland	BY-BIO-112	x	—	—	x	—	—
Íran	IR-BIO-112	x	—	—	x	—	—
Kasakstan	KZ-BIO-112	x	—	—	x	—	—
Kirgistan	KG-BIO-112	x	—	—	x	—	—
Pakistan	PK-BIO-112	x	—	—	x	—	—
Rússland	RU-BIO-112	x	—	—	x	—	—
Tadsjikistan	TJ-BIO-112	x	—	—	x	—	—
Túrkmenistan	TM-BIO-112	x	—	—	x	—	—
Úkraína	UA-BIO-112	x	—	—	x	—	—
Úsbekistan	UZ-BIO-112	x	—	—	x	—	—“

b) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

„4 Undantekningar: vörur í aðlögun“

10) Í stað 1. liðar í færslunni sem varðar **„IBD Certifications Ltd“** komi eftirfarandi:

„1 Heimilisfang: Rua Amando de Barros 2275, Centro, CEP: 18.602.150, Botucatu SP, Brazil“

11) Í stað 3. liðar í færslunni sem varðar **„IMOswiss AG“** komi eftirfarandi:

„3 Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Afganistan	AF-BIO-143	x	x	—	x	—	—
Albanía	AL-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Armenía	AM-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Aserbaídsjan	AZ-BIO -143	x	—	—	x	—	—
Bangladess	BD-BIO-143	x	—	x	x	—	—
Bólivía	BO-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Bosnía og Hersegóvína	BA-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Búrkína Fasó	BF-BIO-143	x	—	—	—	—	—
Kamerún	CM-BIO-143	x	—	—	—	—	—
Kanada	CA-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Síle	CL-BIO-143	x	x	x	x	—	x

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Kólumbía	CO-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Lýðstjórnarlýðveldið Kongó	CD-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Fílabeinsströndin	CI-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Dóminíska lýðveldið	DO-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Ekvador	EC-BIO-143	x	—	x	—	—	—
El Salvador	SV-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Eþíópía	ET-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Georgía	GE-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Gana	GH-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Gvatemala	GT-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Haítí	HT-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Indland	IN-BIO-143	—	—	x	x	—	—
Indónesía	ID-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Japan	JP-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Jórdanía	JO-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Kasakstan	KZ-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Kenía	KE-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Kirgistan	KG-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Liechtenstein	LI-BIO-143	x	—	—	—	—	—
Malí	ML-BIO-143	x	—	—	—	—	—
Mexíkó	MX-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Marokkó	MA-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Namibía	NA-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Nepal	NP-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Níkaragva	NI-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Níger	NE-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Nígería	NG-BIO-143	x	—	—	x	—	—

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Hernumdu svæðin í Palestínu	PS-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Pakistan	PK-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Paragvæ	PY-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Perú	PE-BIO-143	x	—	x	x	—	—
Filippseyjar	PH-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Rússland	RU-BIO-143	x	—	—	x	—	x
Rúanda	RW-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Síerra Leóne	SL-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Singapúr	SG-BIO-143	—	—	—	x	—	—
Suður-Afríka	ZA-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Srí Lanka	LK-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Súdan	SD-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Sýrland	SY-BIO-143	x	—	—	—	—	—
Tadsjikistan	TJ-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Taívan	TW-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Tansanía	TZ-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Taíland	TH-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Tógó	TG-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Úganda	UG-BIO-143	x	—	—	x	—	x
Úkraína	UA-BIO-143	x	x	—	x	—	x
Sameinuðu arabísku furstadæmin	AE-BIO-143	—	—	—	x	—	—
Úsbekistan	UZ-BIO-143	x	—	—	x	—	x
Venesúela	VE-BIO-143	x	—	—	x	—	—
Víetnam	VN-BIO-143	x	—	x	x	—	—“

12) Í stað 2. liðar í færslunni sem varðar **„IMO Control Private Limited“** komi eftirfarandi:

„2 Veffang: www.imocontrol.in“

13) Færslan sem varðar **„Istituto Mediterraneo di Certificazione s.r.l.“** falli brott.

14) Færslunni sem varðar **„Letis S.A.“** er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

„3 Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Argentína	AR-BIO-135	—	—	x	x	—	—
Bólivía	BO-BIO-135	x	—	—	x	—	—
Kanada	CA-BIO-135	—	—	—	x	—	—
Paragvæ	PY-BIO-135	x	—	—	x	—	—
Perú	PE-BIO-135	x	—	x	—	—	—
Úrúgvæ	UY-BIO-135	x	—	—	—	—	—“

b) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

„4 Undantekningar: vörur í aðlögun, vörur sem falla undir III. viðauka“

15) Í stað 3. liðar í færslunni sem varðar **„Organic agriculture certification Thailand“** komi eftirfarandi:

„3 Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Indónesía	ID-BIO-121	x	—	—	x	—	—
Laos	LA-BIO-121	x	—	—	x	—	—
Malasía	MY-BIO-121	—	—	—	x	—	—
Mjanmar/Búrma	MM-BIO-121	—	—	—	x	—	—
Nepal	NP-BIO-121	—	—	—	x	—	—
Taíland	TH-BIO-121	x	—	—	x	—	—
Víetnam	VN-BIO-121	x	—	—	x	—	—“

16) Færslan sem varðar **„Organic Food Development Center“** falli brott.

17) Í stað 1. liðar í færslunni sem varðar **„Organska Kontrola“** komi eftirfarandi:

„1 Heimilisfang: Dzemala Bijedića br.2, 71000 Sarajevo, Bosnia and Herzegovina“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1358/2014 **2017/EES/24/35**

frá 18. desember 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar uppruna lagareldisdýra úr lífrænu eldi, búskaparhætti í lagareldi, fóður fyrir lagareldisdýr úr lífrænu eldi og vörur og efni sem leyfilegt er að nota við lífrænt lagareldi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 13. gr. (3. mgr.), 15. gr. (2. mgr.) og 16. gr. (1. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 834/2007 var komið á grunnkröfum um lífræna framleiðslu á þangi og þara og á lagareldisdýrum. Mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd þessara krafna í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([2]).

2) Á tímabilinu frá nóvember 2012 til apríl 2013 óskuðu tiltekin aðildarríki eftir endurskoðun á reglum varðandi vörur, efni, fóðurgjafa og tækni sem leyfilegt er að nota við lífrænt lagareldi. Sérfræðingahópurinn um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu (hér á eftir nefndur „sérfræðingahópurinn“), sem var komið á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2009/427 ([3]), hefur metið þessar beiðnir. Framkvæmdastjórnin hefur, að teknu tilliti til álits sérfræðingahópsins, tilgreint þörf fyrir að uppfæra og samþætta fyrirliggjandi reglur um framkvæmd krafnanna um lífræna framleiðslu á þangi og þara og lagareldisdýrum.

3) Samkvæmt ii. lið a-liðar 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 má flytja ólífrænt alin dýr til bújarðar við tiltekin skilyrði þegar ungviði, sem er upprunnið í lífrænt ræktuðum eldisstofni eða á bújörðum þar sem lífræn framleiðsla er stunduð, er ekki tiltækt. Í reglugerð (EB) nr. 899/2008 er mælt fyrir um tilteknar takmarkanir að því er varðar veidd, villt lagardýr, þ.m.t. söfnun ungra, villtra lagardýra. Sumar hefðbundnar vinnsluaðferðir umfangsmikils fiskeldis í votlendi, s.s. í ísöltum tjörnum, svæðum milli flóðmarka og í strandlónum, sem er lokað af með stíflugörðum og vatnsbökkum, hafa verið stundaðar í árhundruði og eru dýrmætar fyrir nærsamfélagið með tilliti til menningararfleifðar, líffræðilegrar fjölbreytni og frá efnahagslegu sjónarmiði. Við tiltekin skilyrði hefur þessi vinnsla ekki áhrif á ástand stofns viðkomandi tegunda.

4) Söfnun villtra seiða, til þroskunar á frekari vaxtarstigum í þessu hefðbundna lagareldi, er því talin vera í samræmi við markmið, viðmiðanir og meginreglur lífræns lagareldis, að því tilskildu að stjórnunarráðstafanir, sem eru samþykktar af viðkomandi yfirvöldum sem bera ábyrgð á stjórnun umræddra fiskistofna, séu til staðar til að tryggja sjálfbæra nýtingu á umræddum tegundum, að endurnýjun sé í samræmi við þessar ráðstafanir og að fiskurinn sé eingöngu fóðraður með fóðri sem er til staðar í umhverfinu frá náttúrunnar hendi.

5) Sérfræðingahópurinn lét í ljós áhyggjur þess efnis að fóðurgjafar og aukefni, sem eru leyfð í lífrænu lagareldi, uppfylli ekki nægilega næringarþarfir fisktegunda sem eru kjötætur. Samkvæmt i. lið d-liðar 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skal gefa dýrum fóður sem uppfyllir næringarþarfir þeirra á mismunandi þroskaskeiðum. Því ætti að heimila notkun á heilum fiski sem fóðurgjafa fyrir kjötætur í lífrænu lagareldi. Það ætti þó ekki að leiða til aukins þrýstings á stofna í útrýmingarhættu eða ofveidda stofna. Af þeirri ástæðu ætti eingöngu að nota fiskafurðir, sem hafa verið vottaðar sjálfbærar af þriðja aðila, við framleiðslu á fóðri fyrir kjötætur í lífrænu lagareldi. Með tilliti til þess er

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 365, 19.12.2014, bls. 97. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (EB) 2009/427 frá 3. júní 2009 um að koma á fót sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu (Stjtíð. ESB L 139, 5.6.2009, bls. 29).

trúverðugleiki sjálfbærniáætlunarinnar, sem er notuð, mikilvæg til að fullvissa neytendur um sjálfbærni lífrænu lagareldisafurðarinnar þegar í heildina er litið. Þess vegna ættu lögbær yfirvöld að tilgreina vottunarkerfin sem þau telja fullnægjandi, í ljósi meginreglna um sjálfbæran sjávarútveg sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 1380/2013 ([1]), til þess að sýna fram á sjálfbærni fiskafurða til notkunar sem fóður í lífrænu lagareldi. Við mat á hentugleika vottunarkerfa er hægt að nota leiðbeiningar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna frá 2009, „Guidelines for the ecolabelling of fish and fisheries products from marine capture fisheries“ ([2]).

6) Sérfræðingahópurinn lagði einnig áherslu á þá þörf að sjá fyrir nægilegu magni af histidíni í fæðu laxfiska til þess að tryggja hátt stig heilbrigðis og velferðar dýra af þessari tegund. Að teknu tilliti til verulegra frávika á histidíninnihaldi hráefna úr sjó eftir tegund og árstíð sem og til framleiðslu-, vinnslu- og geymsluskilyrða ætti að leyfa notkun á histidíni, sem er framleitt með gerjun, til að tryggja að næringarþarfir laxfiska séu uppfylltar.

7) Hámarksmagn fiskimjöls, sem er sem stendur leyft í fóður fyrir rækjur, nægir ekki til að uppfylla næringarþarfir þeirra og ætti því að auka það. Í samræmi við ráðleggingar skýrslu sérfræðingahópsins ætti að leyfa að bæta kólesteróli í fóður þegar þörf er á að uppfylla megindlegar næringarþarfir. Í þeim tilgangi ætti að nota lífrænt kólesteról ef það er fyrir hendi. Ef lífrænt kólesteról er ekki fyrir hendi má nota kólesteról sem er fengið úr ull, skelfiski eða öðrum gjöfum.

8) Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. mgr. 25. gr. k, fellur úr gildi 31. desember 2014; því ætti að fella þá málsgrein brott.

9) Í því skyni að tryggja að farið sé að ákvæðum í a-lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, í tengslum við eldi á ungviði sem er upprunnið í lífrænt ræktuðum eldisstofni og bújörðum þar sem lífræn framleiðsla er stunduð, telst nauðsynlegt og í samræmi við skýrslu sérfræðingahópsins að innleiða sértækar reglur um notkun á svifi til fóðrunar á lífrænu ungviði. Svif er nauðsynlegt við eldi á ungviði og er ekki framleitt samkvæmt reglum um lífræna ræktun.

10) Sérfræðingahópurinn lagði einnig til að uppfæra skrána yfir leyfileg efni til hreinsunar og sótthreinsunar í lífrænu lagareldi, einkum í tengslum við möguleikann á að nota einnig sum efnanna, sem þegar eru skráð, þegar dýrin eru á staðnum. Því ætti að breyta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.

11) Skilgreina ætti gildissvið XIII. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 889/2008, eins og það er skilgreint í 2. mgr. 25. gr. f, á skýrari hátt, einkum í tengslum við búskaparhætti.

12) Auka ætti hámark leyfilegs þéttleika fyrir bleikju í því skyni að koma betur til móts við þarfir tegundarinnar. Einnig ætti að skilgreina hámarksþéttleika fyrir vatnakrabba. Því ætti að breyta XIII. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.

13) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 4. mgr. 25. gr. e komi eftirfarandi:

„Ef um er að ræða þroskun á frekari vaxtarstigum skal söfnun ungra, villtra lagardýra sérstaklega takmörkuð við eftirfarandi tilvik:

a) náttúrulegt innstreymi af fiska- eða krabbadýraseiðum þegar tjarnir, afmörkunarkerfi og kvíar eru fylltar,

b) evrópskan glerál, að því tilskildu að samþykkt stjórnunaráætlun fyrir ál sé fyrir hendi fyrir staðinn og tæknifrjóvgun áls sé áfram óleyst,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1380/2013 frá 11. desember 2013 um sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna, um breytingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1954/2003 og (EB) nr. 1224/2009 og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 2371/2002 og (EB) nr. 639/2004 og ákvörðun ráðsins 2004/585/EB (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 22).

([2]) ISBN 978-92-5-006405-5

c) söfnun villtra seiða af öðrum tegundum en evrópuál vegna þroskunar á frekari vaxtarstigum í hefðbundnu umfangsmiklu lagareldi í votlendi, s.s. í ísöltum tjörnum, svæðum milli flóðmarka og í strandlónum, sem er lokað af með stíflugörðum og vatnsbökkum, að því tilskildu að:

i. endurnýjun stofna sé í samræmi við stjórnunarráðstafanir, sem eru samþykktar af viðkomandi yfirvöldum sem bera ábyrgð á stjórnun umræddra fiskistofna, í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu á umræddum tegundum og

ii. fiskurinn sé eingöngu fóðraður með fóðri sem er til staðar í umhverfinu frá náttúrunnar hendi.“

2) Í stað 2. mgr. 25. gr. f komi eftirfarandi:

„2. Kveðið er á um þéttleika dýra og búskaparhætti í XIII. viðauka a eftir tegundum eða tegundahópum. Þegar áhrif þéttleika dýra og búskaparhátta á velferð eldisfisks eru höfð í huga skal vakta ástand fisksins (eins og uggaskaða, önnur meiðsli, vaxtarhraða, sýnda hegðun og almennt heilsufar) og vatnsgæði.“

3) Eftirfarandi e-liður bætist við í 1. mgr. 25. gr. k:

„e) fóðurvörur sem eru unnar úr heilum fiski sem er fenginn frá sjávarútvegi sem hefur verið vottaður sjálfbær samkvæmt kerfi sem er viðurkennt af lögbæra yfirvaldinu í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1380/2013 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1380/2013 frá 11. desember 2013 um sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna, breytingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1954/2003 og (EB) nr. 1224/2009 og niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 2371/2002 og (EB) nr. 639/2004 og ákvörðun ráðsins 2004/585/EB (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 22).“

4) Ákvæði 2. mgr. 25. gr. k falli brott.

5) Við 25. gr. k bætist eftirfarandi málsgrein:

„5. Nota má histidín, sem er framleitt með gerjun, í fóðurskammta fyrir laxfiska ef fóðurgjafarnir, sem eru tilgreindir í 1. mgr., gefa ekki nægilegt magn af histidíni til að uppfylla næringarþarfir fisksins og koma í veg fyrir drer.“

6) Í stað 3. mgr. 25. gr. l komi eftirfarandi:

„3. Ef bætt er við náttúrulegt fóður í samræmi við 2. mgr.:

a) getur fóðurskammtur fyrir fengrana (*Pangasius* spp.), eins og um getur í 9. þætti í XIII. viðauka a, samanstaðið af að hámarki 10% af fiskimjöli eða fisklýsi sem fengið er frá sjálfbærum sjávarútvegi,

b) getur fóðurskammtur fyrir rækjur, eins og um getur í 7. þætti í XIII. viðauka a, samanstaðið af að hámarki 25% af fiskimjöli og 10% af fisklýsi sem fengið er frá sjálfbærum sjávarútvegi. Til þess að tryggja megindlega fóðurþörf rækja má nota lífrænt kólesteról sem viðbót í fóður þeirra; ef lífrænt kólesteról er ófáanlegt má nota ólífrænt kólesteról sem er fengið úr ull, skelfiski eða öðrum gjöfum.“

7) Eftirfarandi grein bætist við:

„25. gr la

Sértækar reglur um fóður fyrir ungviði úr lífrænu eldi

Við lirfueldi ungviðis úr lífrænu eldi er heimilt að nota hefðbundið plöntu- og dýrasvif sem fóður.“

8) Í stað 6. mgr. 25. gr. s komi eftirfarandi:

„6. Til að tryggja lífrænar varnir gegn útsníklum skal leggja áherslu á að nota hreinni fisk og á notkun á ferskvatni, sjó og natríumklóríðlausnum.“

9) Ákvæðum VII. viðauka og XIII. viðauka a er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Henni skal beitt frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

1. Í stað 2. liðar VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 komi eftirfarandi:

„2. Vörur til hreinsunar og sótthreinsunar við framleiðslu lagareldisdýra og þangs og þara sem um getur í 6. gr. e (2. mgr.), 25. gr. s (2. mgr.) og 29. gr. a.

2.1. Með fyrirvara um samræmi við viðeigandi ákvæði Sambandsins og landsákvæði, sem um getur í 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, og einkum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*) mega vörur, sem eru notaðar til hreinsunar og sótthreinsunar á búnaði og aðstöðu þegar lagareldisdýr eru fjarverandi, innihalda eftirfarandi virk efni:

– óson

– natríumhýpóklórít

– kalsíumhýpóklórít

– kalsíumhýdroxíð

– kalsíumoxíð

– vítissódi

– alkóhól

– koparsúlfat: einungis til 31. desember 2015

– kalíumpermanganat

– tefrækaka gerð úr náttúrulegum terunnafræjum (notkun takmörkuð við rækjuframleiðslu)

– blöndur kalíumperoxómónósúlfats og natríumklóríðs sem mynda hýpóklórsýru

2.2. Með fyrirvara um samræmi við viðeigandi ákvæði Sambandsins og landsákvæði, sem um getur í 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, og einkum við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB (**), mega vörur, sem eru notaðar til hreinsunar og sótthreinsunar á búnaði og aðstöðu, hvort sem lagareldisdýr eru fjarverandi eða ekki, innihalda eftirfarandi virk efni:

– kalksteinn (kalsíumkarbónat) til að stjórna sýrustigi

– dólómít til leiðréttingar á sýrustigi (notkun takmörkuð við rækjuframleiðslu)

– natríumklóríð

– vetnisperoxíð

– natríumperkarbónat

– lífrænar sýrur (edik-, mjólkur- og sítrónusýra)

– moldarsýra

– perediksýrur

– peredik- og peroktansýrur

– joðófór (eingöngu ef egg eru fyrir hendi)“

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1).

2. Ákvæðum XIII. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

a) Í stað „Bleikja 20 kg/m^3“ í línunni „Hámarksþéttleiki dýra“ í töflunni í 1. þætti, komi „Bleikja 25 kg/m^3“

b) Eftirfarandi þáttur bætist við á eftir 7. þætti:

„7. þáttur a

Lífræn framleiðsla á vatnakrabba

Viðkomandi dýrategundir: *Astacus astacus, Pacifastacus leniusculus*.

Hámarksþéttleiki dýra:	Ef um er að ræða litla vatnakrabba (< 20 mm): 100 dýr á hvern m^2. Ef um er að ræða meðalstóra vatnakrabba (20–50 mm): 30 dýr á hvern m^2. Ef um er að ræða fullvaxna vatnakrabba (> 50 mm): 10 dýr á hvern m^2, að því tilskildu að viðunandi felustaðir séu til staðar.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/131 **2017/EES/24/36**

frá 26. janúar 2015

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 2. og 3. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ([2]) er sett fram skrá yfir þriðju lönd þar sem kerfi framleiðslu- og eftirlitsráðstafana fyrir lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða eru viðurkennd sem jafngild þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007.

2) Lýðveldið Kórea lagði beiðni fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, um að verða færð í skrána, sem er sett fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, yfir tilteknar unnar landbúnaðarafurðir. Lýðveldið Kórea lagði fram upplýsingarnar sem krafist er skv. 7. og 8. gr. þeirrar reglugerðar. Athugun á þessum upplýsingum, viðræður við yfirvöld í Lýðveldinu Kóreu, sem fylgdu í kjölfarið, og vettvangsrannsókn á reglum um framleiðslu og eftirlitsráðstöfunum sem beitt er í Lýðveldinu Kóreu leiddu til þeirrar niðurstöðu að í landinu séu reglur um framleiðslu og eftirlit með lífrænni framleiðslu á unnum landbúnaðarafurðum, sem nota á sem matvæli, jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007. Því ætti að bæta Lýðveldinu Kóreu í skrána, sem er sett fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, yfir unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli (afurðir í flokki D)

3) Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er skrá yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi. Af skráningu Lýðveldisins Kóreu í III. viðauka við þá reglugerð leiðir að fella ætti viðeigandi eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld, sem hingað til hafa verið viðurkennd vegna innflutnings afurða í flokki D frá Lýðveldinu Kóreu, brott úr IV. viðauka.

4) Því ætti að breyta III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

5) Skráning Lýðveldisins Kóreu í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 ætti að gilda frá 1. febrúar 2015. Í því skyni að veita rekstraraðilum ráðrúm til að aðlagast þeim breytingunum sem gerðar eru á III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 ættu ákvæði seinni viðaukans þó eingöngu að gilda eftir hæfilegan tíma.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 23, 29.1.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. liðar 1. gr. gilda frá 1. febrúar 2015.

Ákvæði 2. liðar 1. gr. gilda frá 1. maí 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. janúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Eftirfarandi texti bætist við í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008:

„LÝÐVELDIÐ KÓREA

1. **Afurðaflokkar:**

Flokkur afurða	Tilgreining á flokki eins og í IV. viðauka	Takmarkanir
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli	D	

5) Samkvæmt upplýsingum frá Kanada hefur eftirlitsaðilinn „SAI Global Certification Services Limited“ hætt starfsemi og ætti hann ekki að vera lengur á skrá í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Enn fremur ætti að færa nýjan eftirlitsaðila „TransCanada Organic Certification Services (TCO Cert)“ á skrá í þann viðauka.

6) Samkvæmt upplýsingum frá Costa Rica hefur veffangi eftirlitsyfirvaldsins „Servicio Fitosanitario del Estado“ verið breytt.

7) Samkvæmt upplýsingum frá Indlandi hefur lögbært yfirvald á Indlandi afturkallað viðurkenningu sína á „Biocert India Pvt. Ltd, Indore“ og „TUV India Pvt. Ltd“ og þessir eftirlitsaðilar ættu ekki að vera lengur á skrá í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Enn fremur hefur lögbært yfirvald á Indlandi viðurkennt þrjá eftirlitsaðila sem ætti að bæta á skrána í þeim viðauka: „Odisha State Organic Certification Agency“, „Gujarat Organic Products Certification Agency“ og „Uttar Pradesh State Organic Certification Agency“.

8) Samkvæmt upplýsingum frá Japan hefur heiti lögbærs yfirvalds breyst.

9) Samkvæmt upplýsingum frá Túnis hefur veffang lögbæra yfirvaldsins breyst.

10) Samkvæmt upplýsingum frá Bandaríkjunum hefur heiti eftirlitsaðilans „Department of Plant Industry“ verið breytt í „Clemson University“, heiti eftirlitsaðilans „Indiana Certified Organic LLC“ verið breytt í „Ecocert ICO, LLC“, heiti eftirlitsaðilans „Marin County“ verið breytt í „Marin Organic Certified Agriculture“ og heiti eftirlitsaðilans „OIA North America, LLC“ hefur verið breytt í „Americert International (AI)“. Enn fremur hefur eftirlitsaðilinn „Organic National & International Certifiers (ON&IC)“ hætt starfsemi og ætti það ekki að vera lengur á skrá í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 330, 16.12.2015, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

11) Samkvæmt upplýsingum frá Lýðveldinu Kóreu hefur lögbært yfirvald í Kóreu viðurkennt tvo eftirlitsaðila að auki sem ætti að bæta á skrána í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008: „Neo environmentally-friendly“ og „Green Environmentally-Friendly certification center“.

12) Skrá yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi er sett fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

13) Í 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er kveðið á um að að því er varðar vörur, sem eru ekki fluttar inn skv. 32. gr. og ekki fluttar inn frá þriðja landi sem er viðurkennt í samræmi við 2. mgr. 33. gr. þeirrar reglugerðar, er framkvæmdastjórninni heimilt að viðurkenna eftirlitsaðila sem eru til þess bærir að sinna verkefnum er varða innflutning vara þar sem lagðar eru fram jafngildar tryggingar. Í b-lið 2. mgr. og 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 er því kveðið á um að eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili geti ekki verið viðurkenndur að því er varðar vöru sem er upprunnin í þriðja landi sem er á skrá yfir viðurkennd þriðju lönd í III. viðauka við þá reglugerð og tilheyrir vöruflokki sem viðkomandi þriðja land er viðurkennt fyrir.

14) Þar eð Kanada og Japan eru bæði viðurkennd þriðju lönd í samræmi við 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og eru skráð fyrir vöruflokk A í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 virðist sem þessi ákvæði hafi ekki verið að fullu virt fram að þessu að því er varðar viðurkenningu á eftirfarandi eftirlitsaðilum sem tilgreindir eru í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar vörur sem eru upprunnar í Kanada og Japan og tilheyra vöruflokki A: „CCOF Certification Services“, „IMOswiss AG“, „International Certification Services, Inc.“, „Istituto Certificazione Etica e Ambientale“, „Japan Organic and Natural Foods Association“, „Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH“, „Organic crop improvement association“ og „Quality Assurance International“.

15) Framkvæmdastjórnin hefur haft samband við viðkomandi eftirlitsaðila til að upplýsa þá um þá ætlun sína að afturkalla viðurkenningu fyrir vöruflokk A í Kanada og Japan. Hún hefur skoðað athugasemdirnar, sem henni bárust, vandlega.

16) „Afrisco Certified Organic, CC“ hefur upplýst framkvæmdastjórnina um að það hafi hætt vottunarstarfsemi sinni í öllum þriðju löndum sem það var viðurkennt fyrir og ætti það ekki að vera lengur á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

17) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Agreco R.F. Göderz GmbH“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Rússlands og að því er varðar vöruflokk D til Bólivíu, Bosníu og Hersegóvínu, Dóminíska lýðveldisins, Ekvadors, Egyptalands, Georgíu, Indónesíu, Kasakstans, Kirgistans, Madagaskars, Montenegrós (Svartfjallaland), Perús, Serbíu, Tansaníu, Taílands, Tógós, Túrkmenistans, Úsbekistans og Venesúela.

18) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Australia Certified Organic“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokk B til Kína og Vanúatús og að því er varðar vöruflokk D til Cooks-eyja.

19) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Bio.inspecta AG“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli upplýsinganna komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Bosníu og Hersegóvínu, Marokkós og Sameinuðu arabísku furstadæmanna.

20) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Bureau Veritas Certification France SAS“ um að vera fært á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem borist hafa er niðurstaðan sú að réttlætanlegt sé að viðurkenna „Bureau Veritas Certification France SAS“ að því er varðar vöruflokka A og D í Madagaskar, Máritíus, Mónakó, Marokkó og Níkaragva, að því er varðar vöruflokk C í Madagaskar og Níkaragva og vöruflokk E í Máritíus.

21) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „CERES Certification of Environmental Standards GmbH“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó, Montenegrós (Svartfjallaland), Nepals, hernumdu svæðanna í Palestínu og Pakistans, að því er varðar vöruflokka A, B og D til Kamerúns og Nígeríu og vöruflokk C til Kína og Taívans.

22) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Certificadora Mexicana de productos y procesos ecológicos S.C.“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokk D til Kólumbíu.

23) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Control Union Certifications“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A, D og F til Benín, Botsvana, Kamerúns, Kúbu, Curaçao, Haítís, Kenya, Lesótós, Malavís, Mongólíu, Marokkós, Namibíu, Senegals, Súrínams, Svasílands, Taívans, Tógós og Zimbabwes, að því er varðar vöruflokka A, B, C, D, E og F til Armeníu og Kasakstans og vöruflokka A, B, C, D og F til Íraks.

24) „Doalnara Certified Organic Korea, LLC“ hefur upplýst framkvæmdastjórnina um að það hafi hætt vottunarstarfsemi sinni í Lýðveldinu Kóreu, eina landinu sem það var viðurkennt fyrir, og ætti það ekki að vera lengur á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

25) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Ecocert SA“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokk A til Botsvana, vöruflokka A og D til Armeníu, Belíss, Grænhöfðaeyja, Mið-Afríkulýðveldisins, Kongó (Brazzaville), Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó, El Salvadors, Miðbaugs-Gíneu, Georgíu, Gínea-Bissaúr, Hondúrass, Hong Kong, Líberíu, Máritaníu, Myanmar/Búrma, Níkaragva, Panama, Samóa, Seychelles-eyja, Singapúrs, Srí Lanka, Súrínams, Tadsíkistans, Tímor-Lestes og Venesúela, vöruflokka A, B og D til Afganistans og Síerra Leónes, vöruflokka A, D og E til Túrkmenistans, vöruflokk B til Benín, Kamerúns, Kólumbíu, Côte d'Ivoire, Ekvadors, Indónesíu, Mónakós, Filippseyja, Serbíu, Túniss, Víetnams og Zambiu, vöruflokk C til Suður-Kóreu, vöruflokk D til Chads, Eþíópíu, Mongólíu, Namibíu, Nígers, Nígeríu, Pakistans og Vanúatús, vöruflokk E til Indlands, Kirgistans, Marokkós, Sýrlands, Taílands og Úrúgvæs, vöruflokka B og E til Kenya, Paragvæs og Úganda, vöruflokka B, D og E til Úkraínu, vöruflokka B, E og F til Búrkína Fasós, Mexíkós og Perús, vöruflokka D og E til Kasakstans, Rússlands og Úsbekistans og vöruflokka E og F til Madagaskars.

26) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „IMO Control Latinoamérica Ltda.“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Belíss. Enn fremur upplýsti „IMO Control Latinoamérica Ltda.“ framkvæmdastjórnina um að það hefði breytt veffangi sínu.

27) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A and D til Gambíu, Líberíu, Pakistans, Tadsíkistans, Túrkmenistans og Úsbekistans, að því er varðar vöruflokka A, D og E til Kasakstans, að því er varðar vöruflokk B til Gvatemala, Kirgistans, Perús og Rússlands og að því er varðar vöruflokk E til Sameinuðu arabísku furstadæmanna.

28) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Mayacert“ um að vera fært á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem borist hafa er niðurstaðan sú að réttlætanlegt sé að viðurkenna „Mayacert“ að því er varðar vöruflokka A, B og D í Mexíkó, vöruflokka A og D í Gvatemala, Hondúras og Níkaragva og vöruflokk D í Kólumbíu, Dóminíska lýðveldinu og El Salvador.

29) 'Onecert, Inc.' tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á nafni sínu í „OneCert International PVT Ltd“. Það tilkynnti einnig um breytingu á heimilisfangi.

30) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Organic Standard“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Tadsíkistans og að því er varðar vöruflokk E til Kasakstans og Rússlands.

31) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Organización Internacional Agropecuaria“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Chiles (Síles), Ekvadors og Perús.

32) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „ORSER“ um að vera fært á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem borist hafa er niðurstaðan sú að réttlætanlegt sé að viðurkenna „ORSER“ að því er varðar vöruflokka A og D í Tyrklandi.

33) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Overseas Merchandising Inspection Co. Ltd“ um að vera fært á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar vöruflokk D í Japan. Eins og bent er á í 13. forsendu er í b-lið 2. mgr. og 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 kveðið á um að eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili geti ekki verið viðurkenndur að því er varðar vöru sem er upprunnin í þriðja landi sem er á skrá yfir viðurkennd þriðju lönd í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 og tilheyrir flokki sem viðkomandi þriðja land er viðurkennt fyrir. Japan er viðurkennt sem þriðja land í samræmi við 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og skráð í þeim viðauka að því er varðar vöruflokk D. Þar eð viðurkenningin nær ekki yfir öll innihaldsefni sem löglegt er að flytja inn til Japans og vinna þar er viðurkenning á eftirlitsaðila fyrir unnar afurðir, sem falla ekki undir viðurkenninguna á Japan fyrir vöruflokk D í samræmi við III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, hins vegar viðeigandi til að koma í veg fyrir að vörur, sem eru upprunnar í Japan og eru unnar með innihaldsefnum sem löglegt er að flytja inn til Japans en falla ekki undir viðurkenninguna samkvæmt þeim viðauka, séu ekki fluttar inn til Sambandsins. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem borist hafa er niðurstaðan sú að réttlætanlegt sé að viðurkenna „Overseas Merchandising Inspection Co., Ltd“ að því er varðar vöruflokk D, að undanskildu víni, í Japan fyrir vörur sem falla ekki undir viðurkenninguna skv. 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 í samræmi við III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

34) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „QC&I“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokk D til víns.

35) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Quality Partner“ um að vera fært á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem borist hafa er niðurstaðan sú að réttlætanlegt sé að viðurkenna „Quality Partner“ að því er varðar vöruflokka C og D í Indónesíu.

36) Því ætti að breyta III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

37) Í því skyni að gefa eftirlitsaðilunum, sem verða fyrir áhrifum af afturköllun viðurkenningarinnar fyrir vöruflokk A í Kanada og Japan, möguleikann á að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að laga viðskiptatengsl sín að nýju aðstæðunum ættu viðkomandi breytingar á IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að taka gildi sex mánuðum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

38) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 6., 13., 14., 15. og 16. liðar, d-liðar 17. liðar og ákvæði 20. og 25. liðar í II. viðauka gilda frá og með sex mánuðum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað veffangs eftirlitsaðilans „Letis SA“ í færslunni sem varðar **Argentínu** í 5. lið komi „www.letis.org“.

2) Færslunni sem varðar **Ástralíu** er breytt sem hér segir:

   a) Í stað veffangs lögbæra yfirvaldsins í 4. lið komi:

   „www.agriculture.gov.au/export/food/organic-bio-dynamic“

   b) Í 5. lið falli línan sem varðar kenninúmerið AU-BIO-002 brott.

3) Í færslunni sem varðar **Kanada** er 5. lið breytt sem hér segir:

   a) Línan sem varðar kenninúmerið CA-ORG-020 falli brott.

   b) Eftirfarandi lína bætist við:

„CA-ORG-021	TransCanada Organic Certification Services (TCO Cert)	www.tcocert.ca“

4) Í færslunni sem varðar **Costa Rica** er 5. lið breytt sem hér segir:

   a) Í stað línunnar sem varðar kenninúmerið CR-BIO-001 komi eftirfarandi:

„CR-BIO-001	Servicio Fitosanitario del Estado, Ministerio de Agricultura y Ganadería	www.sfe.go.cr“

   b) Í stað línunnar sem varðar kenninúmerið CR-BIO-002 komi eftirfarandi:

„CR-BIO-002	Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH	www.bcs-oeko.com“

5) Í færslunni sem varðar **Indland** er 5. lið breytt sem hér segir:

   a) Línurnar sem varða kenninúmerin IN-ORG-019 og IN-ORG-022 falli brott.

   b) Eftirfarandi línur bætist við:

„IN-ORG-024	Odisha State Organic Certification Agency	www.ossopca.nic.in
IN-ORG-025	Gujarat Organic Products Certification Agency	www.gopca.in
IN-ORG-026	Uttar Pradesh State Organic Certification Agency	www.upsoca.org“

6) Í stað 4. liðar í færslunni sem varðar Japan komi eftirfarandi:

„4. Lögbær yfirvöld: Food Manufacture Affairs Division, Food Industry Affairs Bureau, Ministry of Agriculture, Forestry and Fisheries, www.maff.go.jp/j/jas/index.html og Food and Agricultural Materials Inspection Center (FAMIC), www.famic.go.jp“

7) Færslunni sem varðar **Túnis** er breytt sem hér segir:

   a) Í stað veffangs lögbæra yfirvaldsins í 4. lið komi:

   „www.agriculture.tn og www.onagri.tn“

   b) Í stað línunnar sem varðar kenninúmerið TN-BIO-003 í 5. lið komi eftirfarandi:

„TN-BIO-003	Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH	www.bcs-oeko.com“

8) Í færslunni sem varðar *Bandaríkin* er 5. lið breytt sem hér segir:

a) Í stað línunnar sem varðar kenninúmerið US-ORG-004 komi eftirfarandi:

„US-ORG-004	Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH	www.bcs-oeko.com“

b) Í stað línunnar sem varðar kenninúmerið US-ORG-009 komi eftirfarandi:

„US-ORG-009	Clemson University	www.clemson.edu/public/regulatory/plant_industry/organic_certification“

c) Í stað línunnar sem varðar kenninúmerið US-ORG-016 komi eftirfarandi:

„US-ORG-016	Ecocert ICO, LLC	www.ecocertico.com“

d) Í stað línunnar sem varðar kenninúmerið US-ORG-022 komi eftirfarandi:

„US-ORG-022	Marin Organic Certified Agriculture	www.marincounty.org/depts/ag/moca“

e) Í stað línunnar sem varðar kenninúmerið US-ORG-038 komi eftirfarandi:

„US-ORG-038	Americert International (AI)	www.americertorganic.com“

f) Línan sem varðar kenninúmerið US-ORG-045 falli brott.

9) Í færslunni sem varðar *Suður-Kóreu* er 5. lið breytt sem hér segir:

a) Línan sem varðar kenninúmerið KR-ORG-002 falli brott.

b) Í stað línunnar sem varðar kenninúmerið KR-ORG-011 komi eftirfarandi:

„KR-ORG-011	Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH	www.bcs-oeko.com“

c) Eftirfarandi línur bætist við:

„KR-ORG-019	Neo environmentally-friendly	café.naver.com/neoefcc
„KR-ORG-020	Green Environmentally-Friendly certification center	www.greenorganic4us.co.kr“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Öll færslan sem varðar „**Afrisco Certified Organic, CC**“ falli brott.

2) Í færslunni sem varðar „**Agreco R.F. Göderz GmbH**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lína bætist við:

„Rússland	RU-BIO-151	x	—	—	x	—	—“

b) Í línunum sem varða Bólivíu, Bosníu og Hersegóvínu, Dóminíska Lýðveldið, Ekvador, Egyptaland, Georgíu, Indónesíu, Kasakstan, Kirgistan, Madagaskar, Montenegró (Svartfjallaland), Perú, Serbíu, Tansaníu, Taíland, Tógó, Túrkmenistan, Úsbekistan og Venesúela bætist krossmerki við í dálki D.

3) Í færslunni sem varðar „**Australian Certified Organic**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Í línunum sem varða Kína og Vanúatú bætist krossmerki við í dálki B.

b) Í línunni sem varðar Cooks-eyjar bætist krossmerki við í dálki D.

4) Í færslunni sem varðar „**Bio.inspecta AG**“ í 3. lið bætast eftirfarandi línur við í viðeigandi röð:

„Bosnía og Hersegóvína	BA-BIO-161	x	—	—	x	—	—
Marokkó	MA-BIO-161	x	—	—	x	—	—
Sameinuðu arabísku furstadæmin	AE-BIO-161	x	—	—	x	—	—“

5) Á eftir færslunni sem varðar **„Bolicert Ltd“** komi eftirfarandi ný færsla:

„„„Bureau Veritas Certification France SAS”

1. Heimilisfang: Immeuble Le Guillaumet — 60 avenue du Général de Gaulle 92046 — Paris La Défense Cedex — Frakkland
2. Veffang: http://www.qualite-france.com
3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Madagaskar	MG-BIO-165	x	—	x	x	—	—
Máritíus	MU-BIO-165	x	—	—	x	x	—
Mónakó	MC-BIO-165	x	—	—	x	—	—
Marokkó	MA-BIO-165	x	—	—	x	—	—
Níkaragva	NI-BIO-165	x	—	x	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun
5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2018.“

6) Í færslunni sem varðar „**CCOF Certification Services**“ í 3. lið, í línunni sem varðar Kanada, falli krossmerkið í dálki A brott.

7) Í færslunni sem varðar „**CERES Certification of Environmental Standards GmbH**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línur bætast við í viðeigandi röð:

„Kamerún	CM-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Lýðstjórnarlýðveldið Kongó	CD-BIO-140	x	—	—	x	—	—
Montenegró (Svartfjallaland)	ME-BIO-140	x	—	—	x	—	—
Nepal	NP-BIO-140	x	—	—	x	—	—
Nígería	NG-BIO-140	x	x	—	x	—	—
Hernumdu svæðin í Palestínu	PS-BIO-140	x	—	—	x	—	—
Pakistan	PK-BIO-140	x	—	—	x	—	—“

b) Í línunni sem varðar Kína bætist krossmerki við í dálki C.

c) Í línunni sem varðar Taívan bætist krossmerki við í dálki C.

8) Í færslunni sem varðar „**Certificadora Mexicana de productos y procesos ecológicos S.C.**“ í 3. lið í línunni sem varðar Kólumbíu bætist krossmerki við í dálki D.

9) Í færslunni sem varðar „**Control Union Certifications**“ í 3. lið bætast eftirfarandi línur við í viðeigandi röð:

„Armenía	AM-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Benín	BJ-BIO-149	x	—	—	x	—	x
Botsvana	BW-BIO-149	x	—	—	x	—	x
Kamerún	CM-BIO-149	x	—	—	x	—	x
Kúba	CU-BIO-149	x	—	—	x	—	x
Curaçao	CW-BIO-149	x	—	—	x	—	x
Haítí	HT-BIO-149	x	—	—	x	—	x
Írak	IQ-BIO-149	x	x	x	x	—	x
Kasakstan	KZ-BIO-149	x	x	x	x	x	x
Kenya	KE-BIO-149	x	—	—	x	—	x
Lesótó	LS-BIO-149	x	—	—	x	—	x

Malaví	MW-BIO-149	x	—	—	x	—	x
Mongólía	MN-BIO-149	x	—	—	x	—	x
Marokkó	MA-BIO-149	x	—	—	x	—	x
Namibía	NA-BIO-149	x	—	—	x	—	x
Senegal	SN-BIO-149	x	—	—	x	—	x
Súrínam	SR-BIO-149	x	—	—	x	—	x
Svasíland	SZ-BIO-149	x	—	—	x	—	x
Taívan	TW-BIO-149	x	—	—	x	—	x
Tógó	TG-BIO-149	x	—	—	x	—	x
Zimbabwe	ZW-BIO-149	x	—	—	x	—	x“

10) Öll færslan sem varðar „**Doalnara Certified Organic Korea, LLC**“ falli brott.

11) Í færslunni sem varðar „**Ecocert SA**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línur bætast við í viðeigandi röð:

„Afganistan	AF-BIO-154	x	x	—	x	—	—
Armenía	AM-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Belís	BZ-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Botsvana	BW-BIO-154	x	—	—	—	—	—
Grænhöfðaeyjar	CV-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Mið-Afríkulýðveldið	CF-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Kongó (Brazzaville)	CG-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Lýðstjórnarlýðveldið Kongó	CD-BIO-154	x	—	—	x	—	—
El Salvador	SV-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Miðbaugs-Gínea	GQ-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Georgía	GE-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Gínea-Bissaú	GW-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Hondúras	HN-BIO-154	x	—	—	x	—	—

Hong Kong	HK-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Líbería	LR-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Máritanía	MR-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Mjanmar/Búrma	MM-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Níkaragva	NI-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Panama	PA-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Samóa	WS-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Seychelles-eyjar	SC-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Síerra Leóne	SL-BIO-154	x	x	—	x	—	—
Singapúr	SG-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Srí Lanka	LK-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Súrínam	SR-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Tadsíkistan	TJ-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Tímor-Leste	TL-BIO-154	x	—	—	x	—	—
Túrkmenistan	TM-BIO-154	x	—	—	x	x	—
Venesúela	VE-BIO-154	x	—	—	x	—	—“

b) Í línunum sem varða Benín, Kamerún, Kólumbíu, Côte d’Ivoire, Ekvador, Indónesíu, Mónakó, Filippseyjar, Serbíu, Túnis, Víetnam og Zambiu bætist krossmerki við í dálki B.

c) Í línunni sem varðar Suður-Kóreu bætist krossmerki við í dálki C.

d) Í línunum sem varða Chad, Eþíópíu, Mongólíu, Namibíu, Níger, Nígeríu, Pakistan og Vanúatú bætist krossmerki við í dálki D.

e) Í línunum sem varða Indland, Kirgistan, Marokkó, Sýrland, Taíland og Úrúgvæ bætist krossmerki við í dálki E.

f) Í línunum sem varða Kenya, Paragvæ og Úganda bætist krossmerki við í dálkum B og E.

g) Í línunni sem varðar Úkraínu bætist krossmerki við í dálkum B, D og E.

h) Í línunum sem varða Búrkína Fasó, Mexíkó og Perú bætist krossmerki við í dálkum B, E og F.

i) Í línunum sem varða Kasakstan, Rússland og Úsbekistan bætist krossmerki við í dálkum D og E.

j) Í línunni sem varðar Madagaskar bætist krossmerki við í dálkum E og F.

12) Færslunni sem varðar „**IMO Control Latinoamérica Ltda.**“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. Veffang: http://www.imo-la.com“

b) Í 3. lið bætist eftirfarandi lína við:

„Belís	BZ-BIO-123	x	—	—	x	—	—“

13) Í færslunni sem varðar „**IMOswiss AG**“ í 3. lið, í línunum sem varða Kanada og Japan, falli krossmerkið í dálki A brott.

14) Í færslunni sem varðar „**International Certification Services, Inc.**“ í 3. lið, í línunni sem varðar Kanada, falli krossmerkið í dálki A brott.

15) Í færslunni sem varðar „**Istituto Certificazione Etica e Ambientale**“ í 3. lið, í línunni sem varðar Japan, falli krossmerkið í dálki A brott.

16) Í færslunni sem varðar „**Japan Organic and Natural Foods Association**“ í 3. lið, í línunni sem varðar Japan, falli krossmerkið í dálki A brott.

17) Í færslunni sem varðar „**Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línur bætast við í viðeigandi röð:

„Gambía	GM-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Kasakstan	KZ-BIO-141	x	—	—	x	x	—
Líbería	LR-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Pakistan	PK-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Tadsíkistan	TJ-BIO-141	x	—	—	x	—	—
Túrkmenistan	TM-BIO-141	x		—	x	—	—
Úsbekistan	UZ-BIO-141	x	—	—	x	—	—“

b) Í línunum sem varða Gvatemala, Kirgistan, Perú og Rússland bætist krossmerki við í dálki B.

c) Í línunni sem varðar Sameinuðu arabísku furstadæmin bætist krossmerki við í dálki E.

d) Í línunni sem varðar Japan falli krossmerkið í dálki A brott.

18) Á eftir færslunni sem varðar *„Letis SA“* komi eftirfarandi ný færsla:

„„„Mayacert“

1. Heimilisfang: 18 calle 7-25 zona 11, Colonia Mariscal, 01011 Guatemala City, Gvatemala
2. Veffang: http://www.mayacert.com
3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Kólumbía	CO-BIO-169	—	—	—	x	—	—
Dóminíska lýðveldið	DO-BIO-169	—	—	—	x	—	—

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
El Salvador	SV-BIO-169	—	—	—	x	—	—
Gvatemala	GT-BIO-169	x	—	—	x	—	—
Hondúras	HN-BIO-169	x	—	—	x	—	—
Mexíkó	MX-BIO-169	x	x	—	x	—	—
Níkaragva	NI-BIO-169	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun, vín

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2018.“

19) Í stað fyrirsagnar og 1. liðar í færslunni sem varðar *„Onecert, Inc.“*komi eftirfarandi:

„„OneCert International PVT Ltd”

1. Heimilisfang: H-08, Mansarovar Industrial Area, Mansarovar, Jaipur-302020, Rajasthan, Indland“

20) Í færslunni sem varðar „**Organic crop improvement association**“ í 3. lið, í línunum sem varða Kanada og Japan, falli krossmerkið í dálki A brott.

21) Í færslunni sem varðar „**Organic Standard**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lína bætist við:

„Tadsíkistan	TJ-BIO-108	x	—	—	x	—	—“

b) Í línunum sem varða Kasakstan og Rússland bætist krossmerki við í dálki E.

22) Í færslunni sem varðar „**Organización Internacional Agropecuaria**“ í 3. lið bætast eftirfarandi línur við í viðeigandi röð:

„Chile (Síle)	CL-BIO-110	x	—	—	x	—	—
Ekvador	EC-BIO-110	x	—	—	x	—	—
Perú	PE-BIO-110	x	—	—	x	—	—“

23) Á eftir færslunni sem varðar *„Organska Kontrola“* komi eftirfarandi nýjar færslur:

„„ORSER“

1. Heimilisfang: Paris Caddesi No: 6/15, Ankara 06540, Tyrkland

2. Veffang: http://orser.com.tr

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og vöruflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Tyrkland	TR-BIO-166	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2018.

„Overseas Merchandising Inspection Co., Ltd“

1. Heimilisfang: 15-6 Nihonbashi Kabuto-cho, Chuo-ku, Tokyo 103-0026, Japan

2. Veffang: http://www.omicnet.com/omicnet/services-en/organic-certification-en.html

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Japan	JP-BIO-167	—	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun, vín og vörur sem falla undir III. viðauka

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2018.“

24) Í stað 4. liðar í færslunni sem varðar „*QC&I GmbH*“ komi eftirfarandi:

„4. Undantekningar: vörur í aðlögun“

25) Í færslunni sem varðar „**Quality Assurance International**“ í 3. lið, í línunni sem varðar Kanada, falli krossmerkið í dálki A brott.

26) Á eftir færslunni sem varðar „**Quality Assurance International**“ komi eftirfarandi ný færsla:

„„Quality Partner“

1. Heimilisfang: Rue Hayeneux, 62, 4040 Herstal, Belgía

2. Veffang: http://www.quality-partner.be

3. Hlutaðeigandi þriðju lönd, kenninúmer og völuflokkar:

Þriðja land	Kenninúmer	Flokkur afurða					
		A	B	C	D	E	F
Indónesía	ID-BIO-168	—	—	x	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun, þörungar og vín

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30. júní 2018.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/459 **2017/EES/24/40**

frá 18. mars 2016

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 2. og 3. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ([2]) er sett fram skrá yfir þriðju lönd þar sem kerfi framleiðslu- og eftirlitsráðstafana fyrir lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða eru viðurkennd sem jafngild þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007.

2) Viðurkenning á Kanada skv. 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 á sem stendur m.a. við um unnar landbúnaðarafurðir til notkunar sem matvæli og til notkunar sem fóður með lífrænum innihaldsefnum sem hafa verið ræktuð í Kanada. Kanada hefur lagt beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um að rýmka viðurkenninguna þannig að hún nái til unninna afurða til notkunar sem matvæli og til notkunar sem fóður með lífrænum innihaldsefnum sem flutt eru inn frá þriðju löndum og vottuð í samræmi við kanadíska löggjöf um lífrænar vörur. Athugun á upplýsingunum sem lagðar voru fram með þeirri beiðni, nánari útlistun sem Kanada veitti í kjölfarið og vettvangsrannsókn á framleiðslu og eftirlitsráðstöfunum sem beitt er varðandi unnar afurðir með innfluttum innihaldsefnum hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að reglur sem gilda í landinu um framleiðslu og eftirlit með unnum afurðum með innfluttum lífrænum innihaldsefnum séu jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([3]). Viðurkenning á jafngildi framleiðslukerfa og eftirlitsráðstafana í Kanada ætti því einnig að gilda um unnar afurðir til notkunar sem matvæli og til notkunar sem fóður með innfluttum lífrænum innihaldsefnum vottuðum í samræmi við kanadíska löggjöf.

3) Enn fremur fellur lífrænt vín ekki undir gildandi viðurkenningu Kanada. Kanada hefur lagt beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um að rýmka viðurkenninguna þannig að hún nái til lífræns víns sem er vottað í samræmi við kanadíska löggjöf um lífrænar afurðir. Athugun á upplýsingunum sem lagðar voru fram með þeirri beiðni og nánari útlistun sem Kanada veitti í kjölfarið, hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að reglur sem gilda í landinu um framleiðslu og eftirlit með lífrænu víni séu jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og reglugerð (EB) nr. 889/2008. Viðurkenning á jafngildi framleiðslukerfa og eftirlitsráðstafana í Kanada ætti því einnig að gilda um lífrænt vín sem er vottað í samræmi við kanadíska löggjöf.

4) Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er skrá yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi. Í kjölfar þess að viðurkenning að því er varðar Kanada er rýmkuð og nær nú yfir unnar afurðir til notkunar í matvælum og til notkunar sem fóður með innfluttum lífrænum innihaldsefnum og yfir lífrænt vín, í samræmi við kanadíska löggjöf og samsvarandi breytingar á III. viðauka við þá reglugerð, ætti að fella brott úr IV. viðauka við umræddа reglugerð viðeigandi eftirlitsaðila, sem hingað til hafa verið viðurkenndir vegna innflutnings á unnum afurðum til notkunar sem matvæli með innfluttum lífrænum afurðum og á lífrænu víni (vöruflokkur D) frá Kanada.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 80, 31.3.2016, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

5) Því ætti að breyta III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

6) Til að eftirlitsstofnanirnar, sem skráðar eru í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 og viðurkenndar fyrir Kanada að því er varðar unnar afurðir til notkunar sem matvæli með innfluttum lífrænum innihaldsefnum og lífrænt vín, geti aðlagast þeim breytingum sem gerðar eru með þessari reglugerð ætti breytingin á IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 eingöngu að gilda eftir hæfilegan tíma.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. liðar 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 7. júlí 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í færslunni sem varðar Kanada falli neðanmálsgrein (1) í 1. lið „Afurðaflokkar“ við línuna „Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli“ brott.

2) Í stað 2. liðar, „Uppruni“ komi eftirfarandi:

„2. **Uppruni**: afurðir í flokki A, B og F, sem hafa verið ræktaðar í Kanada, og afurðir í flokki D og E, sem hafa verið unnar í Kanada með lífrænt ræktuðum innihaldsefnum sem hafa verið ræktuð í Kanada eða flutt inn til Kanada í samræmi við kanadíska löggjöf.“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í færslunni sem varðar „*CCOF Certification Services*“ í 3. lið falli línan varðandi Kanada brott.

2) Í færslunni sem varðar „*Ecocert SA*“ í 3. lið falli línan varðandi Kanada brott.

3) Í færslunni sem varðar „*IMOswiss AG*“ í 3. lið falli línan varðandi Kanada brott.

4) Í færslunni sem varðar „*International Certification Services, Inc.*“ í 3. lið falli línan varðandi Kanada brott.

5) Í færslunni sem varðar „*Letis S.A.*“ í 3. lið falli línan varðandi Kanada brott.

6) Í færslunni sem varðar „*Oregon Tilth*“ í 3. lið falli línan varðandi Kanada brott.

7) Í færslunni sem varðar „*Organic crop improvement association*“ í 3. lið falli línan varðandi Kanada brott.

8) Í færslunni sem varðar „*Quality Assurance International*“ í 3. lið falli línan varðandi Kanada brott.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/673 **2017/EES/24/41**

frá 29. apríl 2016

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 13. gr. (3. mgr.), 16. gr. (1. mgr. og a-liður 3. mgr.), 19. gr. (3. mgr.), 20. gr. (3. mgr.), 21. gr. (2. mgr.), 22. gr. (1. mgr.) og 38. gr. (a-liður),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þang og þari og aðrir þörungar falla undir 12. kafla Brussel-tollnafnaskrárinnar sem er tilgreind í I. viðauka við sáttmálann. Þang og þari og aðrir þörungar eru því landbúnaðarafurðir sem falla undir a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 1. gr. í reglugerð (EB) nr. 834/2007. Þar sem „aðrir þörungar“ eru m.a. „smáþörungar“ falla smáþörungar undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

2) Þar sem ekki hefur verið mælt fyrir um neinar ítarlegar framleiðslureglur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([2]) varðandi smáþörunga til notkunar í matvæli fyrr en nú, og spurningar hafa vaknað varðandi hvaða framleiðslureglum rekstraraðilar skulu fylgja við ræktun smáþörunga sem nota á sem matvæli, þarf að skýra stöðuna og mæla fyrir um ítarlegar framleiðslureglur að því er varðar slíkar afurðir.

3) Framleiðsla á smáþörungum er um margt lík framleiðslu á þangi og þara þótt hún fari ekki fram í sjó. Enn fremur, þegar smáþörungar eru til frekari nota sem fóður fyrir lagareldisdýr líkt og fjölfrumusjávarþörungar og plöntusvif, gilda nú þegar um þá ítarlegar framleiðslureglur um tekju og eldi á þangi og þara á grundvelli 6. gr. a í reglugerð (EB) nr. 889/2008. Því þykir rétt að skýra að ítarlegu framleiðslureglurnar varðandi þang og þara ættu einnig að gilda um framleiðslu á smáþörungum til frekari notkunar sem matvæli.

4) Umbreytingarráðstöfunum varðandi notkun á ungviði sem ekki er úr lífrænu eldi og ungviði samlokna sem ekki er úr lífrænum klakstöðvum í lífrænni framleiðslu, sem kveðið er á um í 3. mgr. 25. gr e og í þriðju undirgrein 1. mgr. 25. gr. o í reglugerð (EB) nr. 889/2008 lýkur 31. desember 2015, sem felur í sér að eftir þann dag skal allt ungviði og allt skelfisksungviði, sem notað er í lífrænni framleiðslu, vera lífrænt. Þar sem komið hefur í ljós að ungviði og skelfisksungviði úr lífrænu eldi er ekki tiltækt í nægilegu magni ætti að fresta þessari dagsetningu um 1 ár til að gefa rekstraraðilum tíma til að rækta ungviði og skelfisksungviði úr lífrænu eldi í nægilegu magni.

5) Í samræmi við 4. mgr. 29. gr. d í reglugerð (EB) nr. 889/2008 á framkvæmdastjórnin að endurskoða notkun tiltekinna vínfræðilegra vinnsluaðferða, vinnslu og meðhöndlunar fyrir 1. ágúst 2015 með það fyrir augum að hverfa frá þessum aðferðum í áföngum eða til að takmarka þær enn frekar.

6) Framkvæmdastjórnin fór þess á leit við sérfræðingahópinn um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu að hann mæti áhrifin af þessum vínfræðilegu vinnsluaðferðum, vinnslu og meðhöndlun á tiltekna grundvallareiginleika lífræns víns og hvort staðgönguaðferðir geti komið í þeirra stað. Sérfræðingahópurinn um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu mælti með ([3]) að haldið yrði áfram að leyfa notkun þeirra við framleiðslu á lífrænu víni vegna þess að ekki er völ á öðrum vænlegum kostum sem stendur. Einnig er mælt með því að endurmeta þessar aðferðir eftir tiltekinn tíma í sama tilgangi og nú, þ.e. til að hverfa frá þeim í áföngum eða til að takmarka þær frekar. Af þessum sökum er rétt að framlengja frestinn sem rennur út 1. ágúst 2015 um þrjú ár.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 116, 30.4.2016, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

([3]) Lokaskýrsla:http://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports/

7) Lögbær yfirvöld eiga þess kost að leyfa tímabundnar undanþágur frá framleiðslureglunum sem varða dýr í þeim tilvikum þar sem sérstakar aðstæður gætu komið í veg fyrir að rekstraraðilar haldi lífrænni framleiðslu áfram eða hefji hana aftur. Einkum ef um er að ræða að mörg dýr hafa drepist vegna kringumstæðna sem rekja má til heilbrigðisvanda eða hamfara þá geta þau heimilað að endurnýja eða byggja upp aftur hjörð eða hóp með ólífrænt öldum dýrum ef lífrænt alin dýr eru ekki fáanleg. Rétt er að taka skýrt fram að í slíkum tilvikum verður engu að síður að virða viðkomandi aðlögunartíma í tengslum við ólífrænt öldu dýrin sem bætt er við hjörðina eða hópinn.

8) Þar sem möguleikar á notkun á ungviði, sem ekki er úr lífrænu eldi, í lífrænni framleiðslu hafa verið takmarkaðir á undanförnum árum er að auki rétt að kveða á um sambærilegar framleiðslureglur í sérstökum undantekningartilvikum ef um er að ræða háa dánartíðni hjá lagareldisdýrum.

9) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 eru tilgreindar þær vörur sem heimilt er að nota við lífræna framleiðslu í samræmi við h-lið 1. mgr. 12. gr. og a-lið 1. mgr. 16. gr. í reglugerð (EB) nr. 834/2007. Þessar vörur hafa verið flokkaðar í sjö flokka á grundvelli mismunandi viðmiðana, s.s. notkunar eða uppruna. Gagnlegt er að einfalda framsetninguna og nota eingöngu viðmiðunina um uppruna við flokkunina.

10) Í hægri dálki í töflunni í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 er gerð grein fyrir lýsingu, kröfum um samsetningu og skilyrðum fyrir notkun varanna sem tilgreindar eru í þeim viðauka, þ.m.t. örverur og efni. Skilyrðin fyrir notkun þessara vara í lífrænni framleiðslu, einkum í samsvarandi notkunarflokki (s.s. skordýraeitur, mítlasæfir eða sveppaeyðir), verða þó að samræmast skilyrðum fyrir notkun virkra efna, eins og fram kemur í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([1]), að því er varðar búskap almennt. Ef notkunin sætir takmörkunum að því er varðar búskap almennt samkvæmt þeirri reglugerð þá eru leyfi fyrir notkuninni við lífræna framleiðslu einnig takmörkuð. Auk þess hefur reynslan sýnt að skilyrðin fyrir notkun varanna, sem tilgreindar eru í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008, eru mjög oft hin sömu í lífrænum landbúnaði og í hefðbundnum landbúnaði og að takmarkanir á notkun eru takmarkaðar.

11) Þess vegna ætti að einfalda kerfið til að koma í veg fyrir að í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 sé tilgreind notkun sem ekki er lengur samþykkt samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011. Jafnframt ætti að benda á að öll notkun sem er samþykkt fyrir búskap almennt, samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er sjálfkrafa samþykkt fyrir lífræna framleiðslu, nema þegar sérstaklega er tekið fram að strangari skilyrði gildi um tiltekna notkun.

12) Í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 hafa aðildarríki lagt fram málsskjöl um tiltekin efni til hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í því skyni að fá leyfi fyrir efnunum og bæta þeim við í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008. Þessi málsskjöl voru yfirfarin af sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu og framkvæmdastjórninni.

13) Sérfræðingahópurinn um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu komst m.a. að þeirri niðurstöðu í tilmælum sínum ([2]) að efnin koltvísýringur, kísilgúr, fitusýrur og kalíumbíkarbónat séu í samræmi við lífrænu markmiðin og meginreglurnar. Því ætti að skrá þessi efni í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 889/2008. Til að heiti virku efnanna séu í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 þykir auk þess rétt að breyta heiti fitusýrukalíumsalts (grænsápa) í fitusýrur.

14) Grunnefni eru, skv. 23. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ([3]), efni sem eru gagnleg við plöntuvernd en eru ekki að mestu notuð í þeim tilgangi. Hefð er fyrir notkun margra þeirra í lífrænum búskap jafnvel áður en þau voru flokkuð sem grunnefni. Þeirra á meðal eru ýmis matvæli úr jurta- eða dýraríkinu. Rétt þykir að heimila notkun þessara grunnefna í lífrænum búskap og bæta þeim af þeim sökum við í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 ef þau uppfylla tvær viðmiðanir, þ.e. að falla undir skilgreininguna á „matvæli“ í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðins (EB) nr. 178/2002 ([4]) og að þau séu upprunnin í jurta- eða dýraríkinu.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([2]) Lokaskýrsla:http://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports/egtop-final-report-on-ppp-ii_en.pdf

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

15) Í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 eru tilgreind fóðuraukefni sem eru leyfð í lífrænum vörum í samræmi við d-lið 1. mgr. 14. gr. og d-lið 1. mgr. 16. gr. í reglugerð (EB) nr. 834/2007.

16) Breyta ætti framsetningu VI. viðauka til hún sé í samræmi við nálgunina sem notuð er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 ([1]). Einkum ætti að breyta vinstri dálkinum í töflunni í VI. viðauka með því að tilgreina sérstök kenninúmer aukefnanna eða virku hópanna og flokkun í hópinn „tæknileg aukefni“ og „næringaraukefni“ til samræmingar við flokkunina sem notuð er í reglugerð (EB) nr. 1831/2003. Einnig ætti að samræma heiti efnanna í hópnum „dýraræktaraukefni“ í 4. lið VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 við orðalagið í reglugerð (EB) nr. 1831/2003.

17) Í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 3. mgr. 16. gr. í reglugerð (EB) nr. 834/2007 hafa aðildarríki lagt fram málsskjöl um tiltekin fóðuraukefni til hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í því skyni að fá leyfi fyrir efnunum og bæta þeim við í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008. Þessi málsskjöl voru yfirfarin af sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu og framkvæmdastjórninni. Á grundvelli tilmæla frá sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu að því er varðar fóðurefni og fóðuraukefni ([2]) ætti að heimila notkun eftirfarandi efna sem sérfræðingahópurinn telur að samrýmist lífrænum meginreglum og markmiðum: selenauðgað ger, tvíkoparklóríðtríhýdroxíð (TBCC) og sinkklóríðhýdroxíðmónóhýdrat (TBZC).

18) Í ljósi breytinganna sem voru innleiddar með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 131/2014 ([3]), (ESB) 2015/861 ([4]) og (ESB) 2015/1152 ([5]) er nauðsynlegt að láta nýju efnin í sama flokki koma í stað efnanna „tókóferólauðugur kjarni af náttúrulegum uppruna“, „E2 Joð“ og „E3 Kóbalt“, sem eru ekki lengur til, eftir því sem við á. Auk þess eru tiltekin ónákvæmnisatriði að því er varðar kenninúmer bentónít-montmórillóníts og klínoptíólíts í virka hópnum „d) bindiefni og kekkjavarnarefni“ sem ætti að leiðrétta.

19) Í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 eru tilgreind tiltekin efni sem eru leyfð við framleiðslu á unnum lífrænum matvælum, geri og gerafurðum í samræmi við b-lið 2. mgr. 19. gr. og 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

20) Til að halda samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 ([6]) þarf að breyta sérstökum skilyrðum um notkun kísildíoxíðhlaups eða kvoðulausnar (E 551) og sérstökum hreinleikaskilyrðum fyrir bentónít. Afturkalla ætti gildandi leyfi fyrir kaólíni (E 559) þar sem notkun þessa aukefnis var leyfð til 31. janúar 2014 samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

21) Í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 hafa aðildarríki lagt fram málsskjöl um matvælaaukefni, hjálparefni við vinnslu og önnur tiltekin efni til hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í því skyni að fá leyfi fyrir efnunum og bæta þeim við í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008. Þessi málsskjöl voru yfirfarin af sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu og framkvæmdastjórninni.

22) Á grundvelli tilmæla frá sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu í tengslum við matvælaaukefni ([7]) ætti að heimila notkun eftirfarandi efna sem sérfræðingahópurinn telur að samrýmist lífrænum meginreglum og markmiðum: bývax (E 901), karnúbavax (E 903), gellangúmmí (E 418) og erýtrítól (E 968).

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29).

([2]) Lokaskýrsla:http://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports/egtop-final-report-feed-ii_en.pdf

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 131/2014 frá 11. febrúar 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 601/2013 um leyfi fyrir kóbalt(II)asetattetrahýdrati, kóbalt(II)karbónati, kóbalt(II)karbónathýdroxíð(2:3)mónóhýdrati, kóbalt(II)súlfatheptahýdrati og húðuðu, kornuðu kóbalt(II)karbónathýdroxíð(2:3)mónóhýdrati sem fóðuraukefnum (Stjtíð. ESB L 41, 12.2.2014, bls. 3).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/861 frá 3. júní 2015 um leyfi fyrir kalíumjoðíði, vatnsfríu kalsíumjoðati og húðuðu, kornuðu, vatnsfríu kalsíumjoðati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 137, 4.6.2015, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1152 frá 14. júlí 2015 um leyfi fyrir tókóferólkjarna úr jurtaolíum, tókóferólauðugum kjarna úr jurtaolíum (δ-auðugum) og α-tókóferóli sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 187, 15.7.2015, bls. 5).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16).

([7]) Lokaskýrsla:
http://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports/final_report_egtop_on_organic_food_en.pdf
http://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports/egtop-final-report-food-ii_en.pdf
http://ec.europa.eu/agriculture/organic/eu-policy/expert-advice/documents/final-reports/egtop-final-report-food-iii_en.pdf

23) Auk þess ætti að breyta skilyrðunum fyrir notkun eftirfarandi aukefna í kjölfar tilmæla sérfræðingahóps um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu: brennisteinsdíoxíðs, kalíummetabísúlfíts, tókóferólauðugs kjarna, lesitíns, sítrónusýru, natríumsítrats, vínsýru, glýseróls, natríumkarbónats, kísildíoxíðhlaups eða kvoðulausnar og natríumhýdroxíðs. Lesitín sem fengið er úr lífrænu hráefni er aðgengilegt á markaði en þörf er á þess háttar lesitíni með viðeigandi gæði til flestrar notkunar í vinnsluiðnaðinum fyrir lífræn matvæli. Sem stendur eru viðunandi gæði ekki fyrir hendi í nægilegu magni fyrir lífræna matvælaframleiðslu. Með tilliti til tímabundins skorts á mismunandi gæðum lífræns lesitíns, sem þarf í lífræna framleiðslu matvæla, ætti að kveða á um að á þriggja ára umbreytingartímabili sé heimilt að nota lesitín, sem er ekki fengið úr lífrænu hráefni, við framleiðslu á lífrænum matvælum.

24) Á grundvelli tilmæla frá sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu varðandi hjálparefni við vinnslu ætti að heimila ediksýru/edik, þíamínvetnisklóríð, díammóníumfosfat, natríumkarbónat og viðartrefjar. Breyta ætti sérstöku skilyrðunum að því er varðar natríumkarbónat, sítrónusýru, natríumhýdroxíð, jurtaolíur, bentónít, bývax og karnúbavax.

25) Að því er varðar hjálparefni við vinnslu, sem notuð eru við framleiðslu gers, ætti að gera kröfu um að kartöflusterkja og jurtaolíur séu einungis notaðar ef þær eru fengnar úr lífrænni framleiðslu þar sem þessi hjálparefni við vinnslu eru nú fáanleg í lífrænu formi í nægilegu magni og gæðum.

26) Að lokum á ekki lengur við í II., VI. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 að vísa til reglugerðarinnar þar sem vörurnar og efnin hafa verið heimiluð.

27) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.

28) Til að gefa rekstraraðilum og eftirlitsyfirvöldum hæfilegan tíma til að aðlagast þeirri staðreynd að ítarlegu framleiðslureglurnar varðandi þang og þara gilda einnig um framleiðslu á smáþörungum til frekari notkunar sem matvæli ætti breytingin á 6. gr. a í reglugerð (EB) nr. 889/2008 að gilda frá og með 12 mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

29) Til að gera það kleift að hafa samfellu og framlengja þann möguleika að nota ungviði sem ekki er úr lífrænu eldi og ungviði samlokna sem ekki er úr lífrænum klakstöðvum ætti breytingin á 3. mgr. 25. gr. e og 1. mgr. 25. gr. o í reglugerð (EB) nr. 889/2008 að gilda afturvirkt frá 1. janúar 2016.

30) Til að gefa rekstraraðilum möguleika á að aðlagast þeim breytingum sem innleiddar eru að því er varðar tilteknar vörur og efni til notkunar við framleiðslu á unnum lífrænum matvælum, geri og gerafurðum ættu breytingar á VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 að koma til framkvæmda frá og með 6 mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

31) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 889/2008

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 6. gr. a komi eftirfarandi:

„6. gr. a

Gildissvið

Í þessum kafla er mælt fyrir um ítarlegar framleiðslureglur varðandi þang og þara.

Að því er varðar þennan kafla er „þang og þari“ m.a. fjölfrumusjávarþörungar, plöntusvif og smáþörungar.“

2) Í stað 3. mgr. 25. gr. e komi eftirfarandi:

„3) Hámarkshundraðshluti ungviðis lagareldisdýra sem ekki er lífrænt ræktað og er flutt í eldisstöð skal vera 80% eigi síðar en 31. desember 2011, 50% eigi síðar en 31. desember 2014 og 0% eigi síðar en 31. desember 2016.“

3) Í stað þriðju undirgreinar 1. mgr. 25. gr. o komi eftirfarandi:

„Hins vegar skal hámarkshundraðshluti ungviðis úr ólífrænum klakstöðvum samlokna sem flytja má í lífrænu framleiðslueininguna vera 80% eigi síðar en 31. desember 2011, 50% eigi síðar en 31. desember 2014 og 0% eigi síðar en 31. desember 2016.“

4) Í 4. mgr. 29. gr. d komi dagsetningin „1. ágúst 2018“ í stað „1. ágúst 2015“.

5) Ákvæðum fyrstu undirgreinar 47. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) ef um er að ræða að mörg dýr hafa drepist vegna kringumstæðna sem rekja má til heilbrigðisvanda eða hamfara: að endurnýja eða byggja upp aftur hjörð eða hóp með ólífrænt öldum dýrum ef lífrænt alin dýr eru ekki fáanleg og að því tilskildu að viðkomandi aðlögunartími sé notaður að því er varðar ólífrænt öldu dýrin“,

b) Eftirfarandi f-liður bætist við:

„f) ef um er að ræða að mörg lagareldisdýr hafa drepist vegna kringumstæðna sem skráðar eru í a- til d-lið 1. mgr. 57. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 508/2014(*): að endurnýja eða byggja upp aftur lagareldisstofn með ólífrænt öldum lagareldisdýrum ef lífrænt alin dýr eru ekki fáanleg og að því tilskildu að minnst seinni tveimur þriðju hlutum tímalengdar framleiðsluferlisins sé stjórnað samkvæmt lífrænni stjórnun.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 508/2014 frá 15. maí 2014 um Sjávarútvegssjóð Evrópu og niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 2328/2003 og (EB) nr. 861/2006, (EB) nr. 1198/2006 og (EB) nr. 791/2007 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1255/2011 (Stjtíð. ESB L 149, 20.5.2014, bls. 1).“

6) Í stað II. viðauka komi textinn í I. viðauka við þessa reglugerð.

7) Í stað VI. viðauka komi textinn í II. viðauka við þessa reglugerð.

8) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Eftirfarandi liðir 1. gr. skulu koma til framkvæmda frá og með þeim degi sem tilgreindur er fyrir þá:

a) Ákvæði 1. liðar skulu koma til framkvæmda frá og með 7. maí 2017.

b) Ákvæði 2. og 3. liðar skulu koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016.

c) Ákvæði 8. liðar skulu koma til framkvæmda frá og með 7. nóvember 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Varnarefni - vörur sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

Öll efni sem tilgreind eru í þessum viðauka skulu a.m.k. uppfylla skilyrðin fyrir notkun sem tilgreind eru í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([1]). Strangari skilyrði fyrir notkun í lífrænni framleiðslu eru tilgreind í öðrum dálki í hverri töflu.

1. **Efni úr jurta- eða dýraríki**

Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
Asadíraktín, dregið út úr *Azadirachta indica* (Neem-tré)	
Grunnefni	Einungis þau grunnefni, í skilningi 1. mgr. 23. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ([1]), sem falla undir skilgreininguna á „matvæli“ í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([2]) og eru upprunnin í jurta- eða dýraríkinu. Efni sem á ekki nota sem illgresiseyða heldur eingöngu til varnaraðgerða gegn skaðvöldum og sjúkdómum.
Bývax	Einungis sem efni til að meðhöndla sár á trjám/til að vernda sár.
Vatnsrofin prótín, þó ekki gelatín	
Lamínarín	Þari skal annaðhvort ræktaður lífrænt í samræmi við 6. gr. d eða uppskorinn á sjálfbæran hátt í samræmi við 6. gr. c.
Ferómón	Einungis í gildrur og skammtara.
Plöntuolíur	Öll notkun heimil nema sem illgresiseyðir.
Pýretrín, dregið út úr *Chrysanthemum cinerariaefolium*	
Pýretróíð (aðeins deltametrín eða lambdasýhalótrín)	Eingöngu í gildrur með sérstöku löðunarefni; eingöngu gegn *Bactrocera oleae* og *Ceratitis capitata* Wied.
Sviðatré, dregið út úr *Quassia amara*	Einungis sem skordýraeitur, fæliefni.
Efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör	Einungis á óæta hluta nytjaplantna og þar sem sauðfé eða geitur éta ekki nytjaplöntur.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

2. **Örverur eða efni sem er framleitt með örverum**

Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
Örverur	Ekki úr erfðabreyttum lífverum.
Spínósað	

3. **Önnur efni en þau sem tilgreind eru í 1. og 2. lið**

Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði eða takmarkanir fyrir notkun
Álsílíkat (kaólín)	
Kalsíumhýdroxíð	Ef notað sem sveppaeyðir, aðeins í aldintrjám, þ.m.t. í gróðrarstöðvum, til varnar gegn *Nectria galligena.*
Koltvísýringur	
Koparefnasambönd í formi: koparhýdroxíðs, koparoxýklóríðs, koparoxíðs, Bordeaux-blöndu og tríbasísks koparsúlfats	Allt að 6 kg af kopar á hektara á ári. Að því er varðar fjölæra ræktun er aðildarríkjunum heimilt, þrátt fyrir fyrstu málsgreinina, að kveða á um að fara megi yfir 6 kg mörkin fyrir kopar á tilteknu ári að því tilskildu að meðaltalsmagn sem er raunverulega notað á 5 ára tímabili, sem samanstendur af því ári og fjórum næstliðnum árum, fari ekki yfir 6 kg.
Etýlen	
Fitusýrur	Öll notkun heimil nema sem illgresiseyðir.
Járnfosfat (járn (III) ortófosfat)	Efnablöndur sem á að sprauta á yfirborðið milli ræktaðra plantna.“
Kísilgúr	
Brennisteinskalk (kalsíumfjölsúlfíð)	
Paraffínolía	
Kalíumvetniskarbónat (einnig þekkt sem kalíumbíkarbónat)	
Kvarssandur	
Brennisteinn	

II. VIÐAUKI

„VI. VIÐAUKI

Fóðuraukefni notuð í fóður sem um getur í 22. gr. (g-lið), 24. gr. (2.mgr.) og 25. gr. m (2. mgr.)

Fóðuraukefni, sem tilgreind eru í þessum viðauka verða að vera heimiluð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 ([1]).

1. TÆKNILEG AUKEFNI

a) *Rotvarnarefni*

Kenninúmer eða virkir hópar		Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
	E 200	Sorbínsýra	
	E 236	Maurasýra	
	E 237	Natríumformat	
	E 260	Ediksýra	
	E 270	Mjólkursýra	
	E 280	Própíónsýra	
	E 330	Sítrónusýra	

b) *Þráavarnarefni*

Kenninúmer eða virkir hópar		Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
	1b306(i)	Tókóferólkjarni úr jurtaolíum	
	1b306(ii)	Tókóferólauðugur kjarni úr jurtaolíum (δ-auðugur)	

c) *Ýruefni, stöðgarar, þykkingarefni og hleypiefni*

Kenninúmer eða virkir hópar		Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
	E 322	Lesitín	Einungis ef fengið úr lífrænu hráefni. Notkun takmörkuð við fóður fyrir lagareldisdýr.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29).

d) *Bindiefni og kekkjavarnarefni*

Kenninúmer eða virkir hópar		Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
	E 535	Natríumferrósýaníð	Hámarksskammtur á 20 mg/kg NaCl reiknað sem mínusjón ferrósýaníðs.
	E 551b	Silíkat sem myndar sviflausn	
	E 551c	Kísilgúr (hreinsaður)	
	1m558i	Bentónít	
	E 559	Kaólínleir án asbests	
	E 560	Náttúrulegar blöndur steatíts og klóríts	
	E 561	Vermikúlít	
	E 562	Sepíólít	
	E 566	Natrólít-fónólít	
	1g568	Klínoptílólít sem er upprunnið úr seti	
	E 599	Perlusteinn	

e) *Íblöndunarefni til votheysverkunar*

Kenninúmer eða virkir hópar	Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
1k	Ensím og örverur	Notkun takmörkuð við votheysverkun þegar veðurskilyrði eru þannig að gerjun verður annars ófullnægjandi.

2. SKYNRÆN AUKEFNI

Kenninúmer eða virkir hópar	Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
2b	Bragðefni	Eingöngu útdráttur úr landbúnaðarafurðum.

3. NÆRINGARAUKEFNI

a) *Vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun*

Kenninúmer eða virkir hópar	Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
3a	Vítamín og forvítamín	— Unnin úr landbúnaðarafurðum. — Ef þau eru unnin með efnafræðilegum aðferðum er eingöngu heimilt að nota þau, sem eru eins og vítamín sem unnin eru úr landbúnaðarafurðum, fyrir einmaga dýr og lagareldisdýr. — Ef þau eru unnin með efnafræðilegum aðferðum er eingöngu heimilt að nota A-, D- og E-vítamín, sem eru eins og vítamín sem eru unnin úr landbúnaðarafurðum, fyrir jórturdýr, notkunin er háð fyrirframleyfi aðildarríkjanna á grundvelli mats á möguleika lífrænt alinna jórturdýra á að afla sér nauðsynlegs magns af fyrrnefndum vítamínum úr fóðurskömmtum.

b) *Snefilefnasambönd*

Kenninúmer eða virkir hópar		Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
	E1 Járn	Járnoxíð Ferrókarbónat Járnsúlfat, sjövatnað Járnsúlfat, einvatnað	
	3b201 3b202 3b203	Kalíumjoðíð Kalsíumjoðat, vatnsfrítt Húðað, kornað, vatnsfrítt kalsíumjoðat	
	3b301 3b302 3b303 3b304 3b305	Kóbalt(II)asetattetrahýdrat Kóbalt(II)karbónat Kóbalt(II)karbónat-hýdroxíð(2:3)mónóhýdrat Húðað kornað kóbalt(II)karbónat Kóbalt(II)súlfatheptahýdrat	
	E4 Kopar	Basískt kúpríkarbónat, einvatnað	

Kenninúmer eða virkir hópar		Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
		Kúpríoxíð Kúprísúlfat, fimmvatnað	
	3b409	Tvíkoparklóríðtríhýdroxíð (TBCC)	
	E5 Mangan	Manganoxíð Mangansúlfat, einvatnað Mangankarbónat	
	E6 Sink	Sinkoxíð Sinksúlfat, einvatnað Sinksúlfat, sjövatnað	
	3b609	Sinkklóríðhýdroxíðmónóhýdrat (TBZC)	
	E7 Mólýbden	Natríummólýbdat	
	E8 Selen	Natríumselenít Natríumselenat	
	3b8.10, 3b8.11, 3b8.12, 3b813 og 3b817	Selenauðgað ger, óvirkjað	

4. DÝRARÆKTARAUKEFNI

Kenninúmer eða virkir hópar	Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
4a, 4b, 4c og 4d	Ensím og örverur í hópnum „dýraræktaraukefni““	

III. VIÐAUKI

Ákvæðum VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

1) Athugasemd fyrir ofan fyrirsögn A-þáttar, athugasemd fyrir neðan fyrirsögn B-þáttar og fyrsti dálkur í töflunum í A- og B-þætti með fyrirsögninni „Heimild“ eru felld brott.

2) Ákvæðum A-þáttar er breytt sem hér segir:

a) Í stað línanna sem varða brennisteinsdíoxíð, kalíummetabísúlfít, tókóferólauðugan kjarna, lesitín, sítrónusýru, natríumsítrat, vínsýru, glýseról, natríumkarbónat, kísildíoxíð, natríumhýdroxíð komi eftirfarandi línur:

„E 220	Brennisteinsdíoxíð	X	X (eingöngu fyrir mjöð)	Í ávaxtavíni (*) og miði með eða án viðbætts sykurs: 100 mg (**)
E 224	Kalíummetabísúlfít	X	X (eingöngu fyrir mjöð)	Í ávaxtavíni (*) og miði með eða án viðbætts sykurs: 100 mg (**)
E 306 (*)	Tókóferólauðugur kjarni	X	X	Þrávarnarefni
E 322 (*)	Lesitín	X	X	Mjólkurafurðir ([2]) Einungis ef fengið úr lífrænu hráefni (***)
E 330	Sítrónusýra	X	X	
E 331	Natríumsítrat	X	X	
E 334	Vínsýra (L(+)–)	X	X (eingöngu fyrir mjöð)	
E 422	Glýseról	X		Úr jurtaríkinu. Fyrir plöntuseyði og bragðefni
E 500	Natríumkarbónat	X	X	
E 551	Kísildíoxíðhlaup eða kvoðulausn	X	X	Fyrir þurrkaðar kryddjurtir og krydd í duftformi Bragðefni og býþétti
E 524	Natríumhýdroxíð	X		Yfirborðsmeðferð „Laugengebäck“ og stjórnun á sýruinnihaldi lífrænna bragðefna

(*) Í þessu samhengi er ávaxtavín skilgreint sem vín úr öðrum ávöxtum en þrúgum (þ.m.t. epla- og peruvín).
(**) Hámarksgildi án tillits til uppruna, gefin upp sem SO2 í mg/l.
(***) Frá og með 1. janúar 2019.“

b) Eftirfarandi línur bætast við í röð eftir kenninúmeri:

„E 418	Gellangúmmí	X	X	Eingöngu með miklu asýli
E 901	Bývax	X		Eingöngu sem húðunarefni fyrir sælgæti. Bývax frá lífrænni býrækt

E 903	Karnúbavax	X		Eingöngu sem húðunarefni fyrir sælgæti. Einungis ef fengið úr lífrænu hráefni“

c) Eftirfarandi lína bætist við:

„E 968	Erýtrítól	X	X	Einungis ef fengið úr lífrænni framleiðslu án þess að nota jónaskiptatækni“

3) Ákvæðum B-þáttar er breytt sem hér segir:

a) Í stað línanna sem varða natríumkarbónat, sítrónusýru, natríumhýdroxíð, jurtaolíur, bentónít, bývax og karnúbavax komi eftirfarandi línur:

„Natríumkarbónat	X	X	
Sítrónusýra	X	X	
Natríumhýdroxíð	X		Til sykurframleiðslu. Til olíuframleiðslu að undanskilinni ólífuolíuframleiðslu
Jurtaolíur	X	X	Smurningsefni, leysari eða froðueyðir. Einungis ef fengnar úr lífrænni framleiðslu
Bentónít	X	X	Tærunarefni fyrir mjöð ([1])
Bývax	X		Leysari. Bývax frá lífrænni býrækt
Karnúbavax	X		Leysari. Einungis ef fengið úr lífrænu hráefni“

b) Línan sem varðar kaólín falli brott.

c) Eftirfarandi línur bætast við:

„Ediksýra/edik		X	Einungis ef fengin úr lífrænni framleiðslu. Fyrir vinnslu á fiski, einungis af líftæknilegum uppruna nema ef það er framleitt af eða úr erfðabreyttum lífverum
Þíamínvetnisklóríð	X	X	Eingöngu til notkunar við vinnslu ávaxtavíns, þ.m.t. epla- og peruvíns og mjaðar
Díammóníumfosfat	X	X	Eingöngu til notkunar við vinnslu ávaxtavíns, þ.m.t. epla- og peruvíns og mjaðar
Viðartrefjar	X	X	Takmarka ætti uppruna viðar við vottaðan við úr sjálfbærri skógrækt. Viður sem er notaður má ekki innihalda eitraða efnisþætti (frá meðhöndlun eftir uppskeru, eiturefni úr náttúrulegu umhverfi eða eiturefni frá örverum)“

4) Í stað línanna sem varða kartöflusterkju og jurtaolíur í C-þætti komi eftirfarandi línur:

„Kartöflusterkja	X	X	Til síunar Einungis ef fengin úr lífrænni framleiðslu
Jurtaolíur	X	X	Smurningsefni, leysari eða froðueyðir Einungis ef fengnar úr lífrænni framleiðslu.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/910 **2017/EES/24/42**

frá 9. júní 2016

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 3. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Skrá yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi er sett fram í IV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ([2]).

2) Gildistími viðurkenningar nokkurra eftirlitsaðila, í samræmi við 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, rennur út 30. júní 2006. Á grundvelli niðurstaðna samfellds eftirlits af hálfu framkvæmdastjórnarinnar ætti að framlengja viðurkenningu eftirlitsaðilanna „AsureQuality Limited“, „Balkan Biocert Skopje“, „Bio.inspecta AG“, „IMO-Control Sertifikasyon Tic. Ltd Şti“, „Organic Control System“ og „TÜV Nord Integra“ til 30. júní 2018.

3) Því ætti að breyta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað „30. júní 2016“ í færslunum í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 sem tengjast „AsureQuality Limited“, „Balkan Biocert Skopje“, „Bio.inspecta AG“, „IMO-Control Sertifikasyon Tic. Ltd Şti“, „Organic Control System“ og „TÜV Nord Integra“ komi „30. júní 2018“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 153, 10.6.2016, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1330 **2017/EES/24/43**

frá 2. ágúst 2016

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 2. og 3. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ([2]) er sett fram skrá yfir þriðju lönd þar sem kerfi framleiðslu- og eftirlitsráðstafana fyrir lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða eru viðurkennd sem jafngild þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007.

2) Samkvæmt upplýsingum frá Ástralíu hefur veffangi eftirlitsaðilans „Australian Certified Organic Pty. Ltd“ verið breytt.

3) Samkvæmt upplýsingum frá Kanada hefur viðurkenning á einum eftirlitsaðila verið afturkölluð.

4) Eftirlitsaðilinn „SGS India Pvt. Ltd“ var fjarlægður úr færslunni fyrir Indland í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 árið 2014 þar sem hann virti ekki gildissvið viðurkenningar Indlands að því er varðar hvaða vörur megi flytja inn. Á grundvelli niðurstaðna eftirlits af hálfu Indlands er heimilt að færa þennan eftirlitsaðila aftur í færsluna fyrir Indland í III. viðauka við þá reglugerð.

5) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við upplýsingum um breytt veffang eftirlitsaðilans „IMO Control Private Limited“ á Indlandi.

6) Samkvæmt upplýsingum frá Bandaríkjunum hefur viðurkenning á einum eftirlitsaðila verið afturkölluð og einum eftirlitsaðila hefur verið bætt við skrána yfir eftirlitsaðila sem eru viðurkenndir af hálfu Bandaríkjanna.

7) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við upplýsingum um breytt veffang eftirlitsaðilans „AsureQuality Limited“ á Nýja-Sjálandi.

8) Vegna stjórnsýslulegra mistaka var „Doalnara Organic Certificated Korea“ fellt brott úr III. viðauka með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2345 ([3]). Þar sem það var ekki ætlunin ætti að færa það aftur á skrána yfir eftirlitsaðila sem eru viðurkenndir af hálfu Lýðveldisins Kóreu.

9) Skrá yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi er sett fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 330, 16.12.2015, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2345 frá 15. desember 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 330, 16.12.2015, bls. 29).

10) „Egyptian Center of Organic Agriculture (ECOA)“, „Istituto Certificazione Etica e Ambientale“, „Letis SA“, „Oregon Tilth“ og „Organic Standard“ hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni um breytingu á heimilisfangi.

11) Í 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er kveðið á um að því er varðar vörur, sem eru ekki fluttar inn skv. 32. gr. og ekki fluttar inn frá þriðja landi sem er viðurkennt í samræmi við 2. mgr. 33. gr. þeirrar reglugerðar, að framkvæmdastjórninni sé heimilt að viðurkenna eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru til þess bær að sinna verkefnum er varða innflutning vara þar sem lagðar eru fram jafngildar tryggingar. Í b-lið 2. mgr. og 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 er því kveðið á um að eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili geti ekki verið viðurkenndur að því er varðar vöru sem er upprunnin í þriðja landi sem er á skrá í III. viðauka við þá reglugerð og tilheyrir vöruflokki sem viðkomandi þriðja land er viðurkennt fyrir.

12) Þar eð Ástralía er viðurkennt þriðja land í samræmi við 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og er skráð fyrir vöruflokk F í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 virðist sem þessi ákvæði hafi ekki verið að fullu virt fram að þessu að því er varðar viðurkenningu á „Australian Certified Organic“ sem er viðurkennt í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar vörur sem eru upprunnar í Ástralíu og tilheyra vöruflokki F. Því ætti að afturkalla þessa viðurkenningu.

13) „AsureQuality Limited“ hefur upplýst framkvæmdastjórnina um að það hafi hætt vottunarstarfsemi sinni í öllum þriðju löndum sem það var viðurkennt fyrir og ætti það ekki að vera lengur á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

14) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Bio.inspecta AG“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Fílabeinsstrandarinnar.

15) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „CCPB Srl“ um að breyta forskriftum. Athugun á fengnum upplýsingum leiddi til þeirrar niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokk D til víns.

16) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Certisys“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Búrúndí, Kamerún, Rúanda, Tansaníu og Úganda.

17) Að auki hefur framkvæmdastjórnin tekið við upplýsingum frá „Certisys“ þess efnis að það hafi hætt vottunarstarfsemi sinni í Víetnam og ætti það ekki að vera lengur á skrá fyrir það land í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

18) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Control Union Certifications“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka B, C, D, E og F til Bangladess, vöruflokka A og D til Grænhöfðaeyja og vöruflokka A, C og D til Maldíva.

19) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Ecocert SA“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokk A til Liechtenstein, vöruflokka A og D til Albaníu, Bahamaeyja, Belarús (Hvíta-Rússland), Frönsku Pólýnesíu, Gambíu, Jórdaníu, Lesótó, Montenegró (Svartfjallaland), hernumdu svæðanna í Palestínu og Óman, vöruflokka A, D og E til Bangladess, vöruflokka A, B og F til Chile (Síle), vöruflokk B til Eþíópíu, vöruflokka B og E til Namibíu, vöruflokk D til Botsvana og vöruflokk E til Sameinuðu arabísku furstadæmanna og Zambiu.

20) „Ecocert SA“ hefur einnig upplýst framkvæmdastjórnina um að það hafi eignast nokkur fyrirtæki í IMO-samstæðunni, þ.m.t. IMO-Control Sertifikasyon Tic. Ltd. Şti. Einnig var tekið fram að þetta fyrirtæki og dótturfélag Ecocert SA í Tyrklandi, þ.e. Ecocert Denetim ve Belgelendirme Ltd. Şti., hafi verið sameinuð. Fyrirtækið sem þá varð til og kallast Ecocert IMO Denetim ve Belgelendirme Ltd. Şti mun taka yfir starfsemi IMO-Control Sertifikasyon Tic. Ltd Şti. Af þessum sökum er rétt að fella IMO-Control Sertifikasyon Tic. Ltd Şti brott úr IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 og færa inn Ecocert IMO Denetim ve Belgelendirme Ltd. Şti í þess stað með nauðsynlegum breytingum að því er varðar heimilisfang og veffang.

21) „IBD Certifications Ltd.“ hefur upplýst framkvæmdastjórnina um að það sé opinberlega skráð undir heitinu „IBD Certificações Ltda.“

22) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „IMO Control Latinoamérica Ltda.“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Brasilíu, Chile (Síle), Kúbu, Trínidad og Tóbagó og Úrúgvæ. Enn fremur tilkynnti „IMO Control Latinoamérica Ltda.“ um breytingu á firmaheiti sínu í „IMOcert Latinoamérica Ltda.“ og um breytt veffang.

23) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „IMO Control Private Limited“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Laos, Maldíva og Papúa Nýja-Gíneu.

24) „IMOswiss AG“ hefur upplýst framkvæmdastjórnina um að það hafi hætt vottunarstarfsemi sinni í Úkraínu og því ætti það ekki að vera lengur á skrá fyrir það land í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

25) „International Certification Services, Inc.“ hefur upplýst framkvæmdastjórnina um að það hafi hætt vottunarstarfsemi sinni í öllum þriðju löndum sem það var viðurkennt fyrir og ætti það ekki að vera lengur á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

26) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „OneCert International PVT Ltd“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Eþíópíu, Mósambík, Tansaníu og Srí Lanka og vöruflokk D til Singapúr.

27) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Organización Internacional Agropecuaria“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokk C til Chile (Síle).

28) „Quality Assurance International“ hefur upplýst framkvæmdastjórnina um að það hafi hætt vottunarstarfsemi sinni í Paragvæ og því ætti það ekki að vera lengur á skrá fyrir það land í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

29) Samkvæmt c-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 er framkvæmdastjórninni heimilt hvenær sem er, í ljósi þeirra upplýsinga sem henni berast eða ef upplýsingar sem krafist hafa ekki borist, að breyta forskriftunum eða fella færslu eftirlitsaðila í IV. viðauka við þá reglugerð tímabundið úr gildi. Á grundvelli þess ætti að breyta forskrift eftirlitsaðila þar sem komist var að þeirri niðurstöðu, eftir athugun á öllum mótteknum upplýsingum, að viðeigandi kröfur væru ekki lengur uppfylltar.

30) „Uganda Organic Certification, Ltd“, sem skráð er í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, lagði fram ársskýrslu sína 18. mars 2016 í samræmi við b-lið 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar. Í ársskýrslunni upplýsti faggildingarstofa IOAS að hún hafi tímabundið numið úr gildi faggildinguna fyrir „Uganda Organic Certification, Ltd“. Framkvæmdastjórnin hvatti eftirlitsaðilann til að leggja fram gilt faggildingarvottorð ásamt jákvæðri matsskýrslu, í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 834/2007, en svar barst ekki innan tilskilins frests. Þar til fullnægjandi upplýsingar eru lagðar fram ætti því að taka út tímabundið færsluna fyrir „Uganda Organic Certification, Ltd“ í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

31) Til glöggvunar og einkum til að tryggja að eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar þriðju landa sem skráð eru í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 birtist í sömu röð í öllum tungumálaútgáfum þykir rétt að endurraða landaheitunum eftir kenninúmerunum og skipta viðaukanum út í heild sinni.

32) Því ætti að breyta III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

33) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Í stað IV. viðauka komi texti II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. ágúst 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað veffangs eftirlitsaðilans „Australian Certified Organic Pty. Ltd“ í færslunni sem varðar Ástralíu í 5. lið komi „www.aco.net.au“.

2) Í 5. lið í færslunni sem varðar Kanada falli línan varðandi kenninúmerið CA-ORG-001 brott.

3) Í færslunni sem varðar Indland er 5. lið breytt sem hér segir:

   a) Í stað línunnar sem varðar kenninúmerið IN-ORG-007 komi eftirfarandi:

„IN-ORG-007	IMO Control Private Limited	www.imocontrol.in“

   b) Eftirfarandi lína bætist við á eftir línunni IN-ORG-012:

„IN-ORG-013	SGS India Pvt. Ltd	www.sgsgroup.in“

4) Í færslunni sem varðar Bandaríkin er 5. lið breytt sem hér segir:

   a) Línan sem varðar kenninúmerið US-ORG-032 falli brott.

   b) Eftirfarandi lína bætist við:

„US-ORG-061	Basin and Range Organics (BARO)	www.basinandrangeorganics.org“

5) Í stað veffangs eftirlitsaðilans „AsureQuality Limited“ í færslunni sem varðar Nýja-Sjáland í 5. lið komi „http://www.asurequality.com“.

6) Í færslunni sem varðar Lýðveldið Kóreu er 5. lið breytt sem hér segir:

   a) Eftirfarandi lína bætist við:

„KR-ORG-002	Doalnara Organic Certificated Korea	www.doalnara.or.kr“

II. VIÐAUKI

„IV. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR EFTIRLITSAÐILA OG EFTIRLITSYFIRVÖLD AÐ ÞVÍ ER VARÐAR JAFNGILDI OG VIÐEIGANDI FORSKRIFTIR SEM UM GETUR Í 10. GR.

Í þessum viðauka eru vöruflokkarnir tilgreindir með eftirfarandi kóðum:

A: Óunnar plöntuafurðir

B: Lifandi dýr eða óunnar dýraafurðir

C: Lagareldisafurðir og þang og þari

D: Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli (*)

E: Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem fóður (*)

F: Plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar

Vefsetrið á Netinu, í samræmi við e-lið 2. mgr. 10. gr., þar sem er að finna skrá yfir rekstraraðila sem falla undir eftirlitskerfið, auk tengiliðar þar sem auðvelt er að nálgast upplýsingar um vottunarstöðu þeirra, þá afurðaflokka sem um ræðir, auk rekstraraðila og vörur með tímabundna eða varanlega ógildingu vottunar, er hægt að finna með veffanginu sem um getur í 2. lið undir hverjum eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvaldi, nema annað sé tekið fram.

„Abcert AG“

1. Heimilisfang: Martinstraße 42-44, 73728 Esslingen am Neckar, Germany
2. Veffang: http://www.abcert.de
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
AL-BIO-137	Albanía	x	—	—	x	—	—
AM-BIO-137	Armenía	x	—	—	x	—	—
AZ-BIO-137	Aserbaísjan	x	—	—	x	—	—
BA-BIO-137	Bosnía og Hersegóvína	x	—	—	x	—	—
BY-BIO-137	Belarús (Hvíta-Rússland)	x	—	—	x	—	—
GE-BIO-137	Georgía	x	—	—	x	—	—
IR-BIO-137	Íran	x	—	—	x	—	—
KG-BIO-137	Kirgistan	x	—	—	x	—	—
KZ-BIO-137	Kasakstan	X	—	—	—	—	—
MD-BIO-137	Moldóva	x	x	—	—	—	—

(*) Innihaldsefnin verða að vera vottuð af eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvaldi, sem er viðurkennt í samræmi við 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eða framleidd og vottuð innan gildissviðs þriðja lands, sem er viðurkennt í samræmi við 2. mgr. 33. gr. þeirrar reglugerðar, eða framleidd og vottuð í Sambandinu í samræmi við þá reglugerð.

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
ME-BIO-137	Montenegró (Svartfjallaland)	x	—	—	x	—	—
MK-BIO-137	Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu)	x	—	—	x	—	—
RS-BIO-137	Serbía	x	—	—	x	—	—
RU-BIO-137	Rússland	x	x	—	x	—	—
TJ-BIO-137	Tadsíkistan	x	—	—	x	—	—
TM-BIO-137	Túrkmenistan	x	—	—	x	—	—
UA-BIO-137	Úkraína	x	—	—	x	—	—
UZ-BIO-137	Úsbekistan	x	—	—	x	—	—
XK-BIO-137	Kósovó (*)	x	—	—	x	—	—

(*) Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósovó og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisyfirlýsingu Kósóvó.

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín.
5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2018.

„Agreco R.F. Göderz GmbH“

1. Heimilisfang: Mündener Straße 19, 37218 Witzenhausen, Germany
2. Veffang: http://agrecogmbh.de
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
AZ-BIO-151	Aserbaísjan	x	—	—	x	—	—
BA-BIO-151	Bosnía og Hersegóvína	x	—	—	x	—	—
BF-BIO-151	Búrkína Fasó	x	—	—	x	—	—
BO-BIO-151	Bólivía	x	—	—	x	—	—
CM-BIO-151	Kamerún	x	—	—	x	—	—
CO-BIO-151	Colombia	x	—	—	x	—	—
CU-BIO-151	Kúba	x	—	—	x	—	—
CV-BIO-151	Grænhöfðaeyjar	x	—	—	—	—	—
DO-BIO-151	Dóminíska lýðveldið	x	—	—	x	—	—

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
EC-BIO-151	Ekvador	x	—	—	x	—	—
EG-BIO-151	Egyptaland	x	—	—	x	—	—
ET-BIO-151	Eþíópía	x	—	—	x	—	—
FJ-BIO-151	Fiji	x	—	—	—	—	—
GE-BIO-151	Georgía	x	—	—	x	—	—
GH-BIO-151	Gana	x	—	—	x	—	—
GT-BIO-151	Gvatemala	x	—	—	x	—	—
HN-BIO-151	Hondúras	x	—	—	x	—	—
ID-BIO-151	Indónesía	x	—	—	x	—	—
IR-BIO-151	Íran	x	—	—	—	—	—
KE-BIO-151	Kenya	x	—	—	x	—	—
KG-BIO-151	Kirgistan	x	—	—	x	—	—
KH-BIO-151	Kambódía	x	—	—	—	—	—
KZ-BIO-151	Kasakstan	x	—	—	x	—	—
LK-BIO-151	Srí Lanka	x	—	—	x	—	—
MA-BIO-151	Marokkó	x	—	—	x	—	—
MD-BIO-151	Moldóva	x	—	—	x	—	—
ME-BIO-151	Montenegró (Svartfjallaland)	x	—	—	x	—	—
MG-BIO-151	Madagaskar	x	—	—	x	—	—
MK-BIO-151	Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu)	x	—	—	—	—	—
ML-BIO-151	Malí	x	—	—	x	—	—
MX-BIO-151	Mexíkó	—	—	—	x	—	—
NG-BIO-151	Nígería	x	—	—	x	—	—
NI-BIO-151	Níkaragva	x	—	—	x	—	—

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
NP-BIO-151	Nepal	x	—	—	x	—	—
PE-BIO-151	Perú	x	—	—	x	—	—
PG-BIO-151	Papúa Nýja-Gínea	x	—	—	x	—	—
PH-BIO-151	Filippseyjar	x	—	—	x	—	—
PY-BIO-151	Paragvæ	x	—	—	x	—	—
RS-BIO-151	Serbía	x	—	—	x	—	—
RU-BIO-151	Rússland	x	—	—	x	—	—
SB-BIO-151	Salómonseyjar	x	—	—	—	—	—
SN-BIO-151	Senegal	x	—	—	x	—	—
SR-BIO-151	Súrínam	x	—	—	x	—	—
SV-BIO-151	El Salvador	x	—	—	—	—	—
TG-BIO-151	Tógó	x	—	—	x	—	—
TH-BIO-151	Taíland	x	—	—	x	—	—
TM-BIO-151	Túrkmenistan	x	—	—	x	—	—
TO-BIO-151	Tonga	x	—	—	—	—	—
TV-BIO-151	Túvalú	x	—	—	x	—	—
TZ-BIO-151	Tansanía	x	—	—	x	—	—
UA-BIO-151	Úkraína	x	—	—	x	—	—
UG-BIO-151	Úganda	x	—	—	x	—	—
UY-BIO-151	Úrúgvæ	—	—	—	x	—	—
UZ-BIO-151	Úsbekistan	x	—	—	x	—	—
VE-BIO-151	Venesúela	x	—	—	x	—	—
VN-BIO-151	Víetnam	x	—	—	x	—	—
WS-BIO-151	Samóa	x	—	—	—	—	—
ZA-BIO-151	Suður-Afríka	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín.

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2018.

„Albinspekt“

1. Heimilisfang: Sheshi Hari Trumen, Nd. 1, Hy. 25, Ap. 10, 1016 Tirana, Albania
2. Veffang: http://www.albinspekt.com
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
AL-BIO-139	Albanía	x	x	—	x	—	—
XK-BIO-139	Kósovó (*)	x	x	—	x	—	—

(*) Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósovó og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisyfirlýsingu Kósóvó.

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín.
5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2018.

„ARGENCERT SA“

1. Heimilisfang: Bernardo de Irigoyen 972 4 piso „B“, C1072AAT Buenos Aires, Argentina
2. Veffang: www.argencert.com.ar
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
AR-BIO-138	Argentína	—	—	—	x	—	—
CL-BIO-138	Chile (Síle)	x	—	—	x	—	—
PY-BIO-138	Paragvæ	x	—	—	x	—	—
UY-BIO-138	Úrúgvæ	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vörur sem falla undir III. viðauka.
5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2018.

„Australian Certified Organic“

1. Heimilisfang: PO Box 810 — 18 Eton St, Nundah, QLD 4012, Australia
2. Veffang: http://www.aco.net.au
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
AU-BIO-107	Ástralía	—	x	—	x	—	—
CK-BIO-107	Cooks-eyjar	x	—	—	x	—	—
CN-BIO-107	Kína	x	x	—	x	—	—
FJ-BIO-107	Fiji	x	—	—	x	—	—
FK-BIO-107	Falklandseyjar	—	x	—	—	—	—

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
HK-BIO-107	Hong Kong	x	—	—	x	—	—
ID-BIO-107	Indónesía	x	—	—	x	—	—
MG-BIO-107	Madagaskar	x	—	—	x	—	—
MM-BIO-107	Myanmar (Mjanmar)/Búrma	x	—	—	x	—	—
MY-BIO-107	Malasía	x	—	—	x	—	—
PG-BIO-107	Papúa Nýja-Gínea	x	—	—	x	—	—
SG-BIO-107	Singapúr	x	—	—	x	—	—
TH-BIO-107	Taíland	x	—	—	x	—	—
TO-BIO-107	Tonga	x	—	—	x	—	—
TW-BIO-107	Taívan	x	—	—	x	—	—
VU-BIO-107	Vanúatú	x	x	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vörur sem falla undir III. viðauka.
5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2018.

„Balkan Biocert Skopje“

1. Heimilisfang: 2/9, Frederik Sopen Str., 1000 Skopje, the former Yugoslav Republic of Macedonia
2. Veffang: http://www.balkanbiocert.mk
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
MK-BIO-157	Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu)	x	x	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín.
5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2018.

„Bioagricert S.r.l.“

1. Heimilisfang: Via dei Macabraccia 8, Casalecchio di Reno, 40033 Bologna, Italy
2. Veffang: http://www.bioagricert.org
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
BR-BIO-132	Brasilía	x	—	—	x	—	—
CN-BIO-132	Kína	x	—	—	x	—	—

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
EC-BIO-132	Ekvador	x	—	—	x	—	—
IN-BIO-132	Indland	—	—	—	x	—	—
IR-BIO-132	Íran	x	—	—	x	—	—
KH-BIO-132	Kambódía	x	—	—	x	—	—
KR-BIO-132	Lýðveldið Kórea	x	—	—	—	—	—
LA-BIO-132	Laos	x	—	—	x	—	—
MA-BIO-132	Marokkó	x	—	—	x	—	—
MM-BIO-132	Myanmar (Mjanmar)/Búrma	x	—	—	x	—	—
MX-BIO-132	Mexíkó	x	x	—	x	—	—
NP-BIO-132	Nepal	x	—	—	x	—	—
PF-BIO-132	Franska Pólýnesía	x	—	—	x	—	—
RS-BIO-132	Serbía	x	x	—	—	—	—
SM-BIO-132	San Marínó	—	—	—	x	—	—
TG-BIO-132	Tógó	x	—	—	x	—	—
TH-BIO-132	Taíland	x	x	—	x	—	—
TR-BIO-132	Tyrkland	x	—	—	x	—	—
UA-BIO-132	Úkraína	x	—	—	x	—	—
VN-BIO-132	Víetnam	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín.
5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2018.

„BioGro New Zealand Limited“

1. Heimilisfang: P.O. Box 9693 Marion Square, Wellington 6141, New Zealand
2. Veffang: http://www.biogro.co.nz
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
FJ-BIO-130	Fiji	x	—	—	x	—	—
MY-BIO-130	Malasía	—	—	—	x	—	—
NU-BIO-130	Niue	x	—	—	x	—	—
VU-BIO-130	Vanúatú	x	—	—	x	—	—
WS-BIO-130	Samóa	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín.
5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2018.

„Bio.inspecta AG“

1. Heimilisfang: Ackerstrasse, 5070 Frick, Switzerland
2. Veffang: http://www.bio-inspecta.ch
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
AE-BIO-161	Sameinuðu arabísku furstadæmin	x	—	—	x	—	—
AL-BIO-161	Albanía	x	—	—	x	—	—
AM-BIO-161	Armenía	x	—	—	x	—	—
AZ-BIO-161	Aserbaísjan	x	—	—	x	—	—
BA-BIO-161	Bosnía og Hersegóvína	x	—	—	x	—	—
BF-BIO-161	Búrkína Fasó	x	—	—	—	—	—
BJ-BIO-161	Benín	x	—	—	—	—	—
BR-BIO-161	Brasilía	x	—	—	x	—	—
CI-BIO-161	Fílabeinsströndin	x	—	—	x	—	—
CU-BIO-161	Kúba	x	—	—	x	—	—
DO-BIO-161	Dóminíska lýðveldið	x	—	—	x	—	—
ET-BIO-161	Eþíópía	x	—	—	x	—	—
GE-BIO-161	Georgía	x	—	—	x	—	—
GH-BIO-161	Gana	x	—	—	x	—	—
ID-BIO-161	Indónesía	x	—	—	x	—	—
IR-BIO-161	Íran	x	—	—	x	—	—
KE-BIO-161	Kenya	x	—	—	x	—	—
KG-BIO-161	Kirgistan	x	—	—	x	—	—
KR-BIO-161	Lýðveldið Kórea	x	—	—	—	—	—
KZ-BIO-161	Kasakstan	x	—	—	x	—	—
LB-BIO-161	Líbanon	x	—	—	x	—	—

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
MA-BIO-161	Marokkó	x	—	—	x	—	—
MD-BIO-161	Moldóva	x	—	—	x	—	—
PH-BIO-161	Filippseyjar	x	—	—	x	—	—
RU-BIO-161	Rússland	x	—	—	x	—	—
SN-BIO-161	Senegal	x	—	—	x	—	—
TJ-BIO-161	Tadsíkistan	x	—	—	x	—	—
TR-BIO-161	Tyrkland	x	—	—	x	—	—
TZ-BIO-161	Tansanía	x	—	—	x	—	—
UA-BIO-161	Úkraína	x	—	—	x	—	—
UZ-BIO-161	Úsbekistan	x	—	—	x	—	—
VN-BIO-161	Víetnam	x	—	—	x	—	—
XK-BIO-161	Kósovó (*)	x	—	—	x	—	—
ZA-BIO-161	Suður-Afríka	x	—	—	x	—	—

(*) Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósovó og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisyfirlýsingu Kósóvó.

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín.

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2018.

„Bio Latina Certificadora“

1. Heimilisfang: Jr. Domingo Millán 852, Jesús Maria, Lima 11, Lima- Peru

2. Veffang: http://www.biolatina.com

3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
BO-BIO-118	Bólivía	x	x	—	x	—	—
CO-BIO-118	Colombia	x	—	—	x	—	—
GT-BIO-118	Gvatemala	x	—	—	x	—	—
HN-BIO-118	Hondúras	x	—	—	x	—	—
MX-BIO-118	Mexíkó	x	—	—	x	—	—
NI-BIO-118	Níkaragva	x	x	—	x	—	—

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
PA-BIO-118	Panama	x	—	—	x	—	—
PE-BIO-118	Perú	x	x	—	x	—	—
SV-BIO-118	El Salvador	x	—	—	x	—	—
VE-BIO-118	Venesúela	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín.

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2018.

„Bolicert Ltd“

1. Heimilisfang: Street Colon 756, floor 2, office 2A, Edif. Valdivia Casilla 13030, La Paz, Bolivia

2. Veffang: http://www.bolicert.org

3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
BO-BIO-126	Bólivía	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín.

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2018.

„Bureau Veritas Certification France SAS“

1. Heimilisfang: Immeuble Le Guillaumet, 60 avenue du Général de Gaulle, 92046 Paris La Défense Cedex, France

2. Veffang: http://www.qualite-france.com

3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
MA-BIO-165	Marokkó	x	—	—	x	—	—
MC-BIO-165	Mónakó	x	—	—	x	—	—
MG-BIO-165	Madagaskar	x	—	x	x	—	—
MU-BIO-165	Máritíus	x	—	—	x	x	—
NI-BIO-165	Níkaragva	x	—	x	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun.

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2018.

„Caucacert Ltd“

1. Heimilisfang: 2, Marshal Gelovani Street, 5th floor, Suite 410, Tbilisi 0159, Georgia
2. Veffang: http://www.caucascert.ge
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og völuflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Völuflokkur					
		A	B	C	D	E	F
GE-BIO-117	Georgía	x	x	—	x	—	x

4. Undantekningar: vörur í aðlögun.
5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2018.

„CCOF Certification Services“

1. Heimilisfang: 2155 Delaware Avenue, Suite 150, Santa Cruz, CA 95060, United States
2. Veffang: http://www.ccof.org
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og völuflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Völuflokkur					
		A	B	C	D	E	F
MX-BIO-105	Mexíkó	x	—	—	x	—	x

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín.
5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2018.

„CCPB Srl“

1. Heimilisfang: Viale Masini 36, 40126 Bologna, Italy
2. Veffang: http://www.ccpb.it
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og völuflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Völuflokkur					
6) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([5]), að því er varðar hvort búast megi við að þífensúlfúrónmetýl uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 15. júlí 2015. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurskoðunarskýrslunni um þífensúlfúrónmetýl fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 8. mars 2016.

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(7), 4201. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

8) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir þífensúlfúrónmetýli.

9) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir þífensúlfúrónmetýli byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda þífensúlfúrónmetýl. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem illgresiseyðir.

10) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

11) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

12) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/549 ([1]) var samþykkistímabilið fyrir þífensúlfúrónmetýl framlengt til 30. júní 2017 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að gilda frá 1. nóvember 2016.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu þífensúlfúrónmetýli, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2016.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/549 frá 8. apríl 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin bentasón, sýhalófopbútýl, díkvat, famoxadón, flúmíoxasín, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýl), metalaxýl-M, píkólínafen, prósúlfúrón, pýmetrósín, þíabendasól og þífensúlfúrónmetýl (Stjtíð. ESB L 95, 9.4.2016, bls. 4).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. ágúst 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Þífensúlfúrónmetýl CAS-nr. 79277-27-3 CIPAC-nr. 452	metýl-3-(4-metoxý-6-metýl-1,3,5-tríasín-2-ýlkarbamóýlsúlfamóýl)þíófen-2-karboxýlat	≥ 960 g/kg	1. nóvember 2016	31. október 2031	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um þífensúlfúrónmetýl, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd grunnvatns, — vernd plantna utan markhóps og lagarlífvera. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu og sú skylda að vakta grunnvatn, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: 1) að erfðaeiturhrif umbrotsefna IN-A4098 og afleiður þess IN-B5528, IN-A5546 og IN-W8268 séu ekki fyrir hendi, 2) gögn um verkunarhátt til að útiloka fyrirferðaraukningu í mjólkurkirtli af völdum innkirtlatruflandi verkunarháttar, 3) áhættuna fyrir lagarlífverur af völdum þífensúlfúrónmetýls og umbrotsefnisins IN-D8858 og áhættuna fyrir jarðvegslífverur af völdum umbrotsefnanna IN-JZ789 og 2-sýru-3-tríúrets, 4) mikilvægi umbrotsefnanna IN-A4098, IN-L9223 og IN-JZ789 ef þífensúlfúrónmetýl er flokkað sem æxlunarskaðandi efni í 2. undirflokki samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008(2) og áhættuna á því að þessi umbrotsefni mengi grunnvatn. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar sem krafist er skv. 1. lið eigi síðar en 31. mars 2017, skv. 2. og 3. lið eigi síðar en 30. júní 2017 og skv. 4. lið innan sex mánaða eftir að tilkynnt er um flokkunarákvörðunina varðandi þífensúlfúrónmetýl.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 26 um þífensúlfúrónmetýl brott.

2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (*)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„104	Þífensúlfúrónmetýl CAS-nr. 79277-27-3 CIPAC-nr. 452	metýl-3-(4-metoxý-6-metýl-1,3,5-tríasín-2-ýlkarbamóýlsúlfamóýl)þíófen-2-karboxýlat	≥ 960 g/kg	1. nóvember 2016	31. október 2031	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um þífensúlfúrónmetýl, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd grunnvatns, — vernd plantna utan markhóps og lagarlífvera. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu og sú skylda að vakta grunnvatn, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: 1) að erfðaeiturhrif umbrotsefna IN-A4098 og afleiður þess IN-B5528, IN-A5546 og IN-W8268 séu ekki fyrir hendi, 2) gögn um verkunarhátt til að útiloka fyrirferðaraukningu í mjólkurkirtli af völdum innkirtlatruflandi verkunarháttar, 3) áhættuna fyrir lagarlífverur af völdum þífensúlfúrónmetýls og umbrotsefnisins IN-D8858 og áhættuna fyrir jarðvegslífverur af völdum umbrotsefnanna IN-JZ789 og 2-sýru-3-tríúrets, 4) mikilvægi umbrotsefnanna IN-A4098, IN-L9223 og IN-JZ789 ef þífensúlfúrónmetýl er flokkað sem æxlunarskaðandi efni í 2. undirflokki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og áhættuna á því að þessi umbrotsefni mengi grunnvatn. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar sem krafist er skv. 1. lið eigi síðar en 31. mars 2017, skv. 2. og 3. lið eigi síðar en 30. júní 2017 og skv. 4. lið innan sex mánaða eftir að tilkynnt er um flokkunarákvörðunina varðandi þífensúlfúrónmetýl.“

(*) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1429 **2017/EES/24/52**

frá 26. ágúst 2016

um samþykki fyrir virka efninu *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni MBI 600, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Frakklandi umsókn frá BASF Agricultural Specialities Ltd 28. júní 2013 um samþykki fyrir virka efninu *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni MBI 600.

2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Frakkland, sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 4. september 2013.

3) Hinn 5. janúar 2015 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

4) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu 21. september 2015.

5) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([2]), að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni MBI 600 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 4. desember 2015. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009 bls. 1.

([2]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2016. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance Bacillus amyloliquefaciens strain MBI 600.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016, 14(1), 4359, [37 bls], doi:10.2903/j.efsa.2016.4359.

6) Hinn 8. mars 2016 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni MBI 600 og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni MBI 600.

7) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.

8) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

9) Því er rétt að samþykkja *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni MBI 600.

10) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir.

11) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([1]) til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni MBI 600, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. ágúst 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Bacillus amyloliquefaciens af stofni MBI 600. Vörslunúmer í National Collection of Industrial, Marine and Food Bacteria Ltd (NCIMB), Skotlandi. NCIMB 12376 Vörslunúmer í American Type Culture Collection (ATCC): SD-1414	Á ekki við	Lágmarksstyrkleiki: $5{,}0 \times 10^{14}$ CFU/kg	16. september 2016	16. september 2026	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni MBI 600, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) forskrift fyrir tæknilega efnið, sem framleitt er sem verslunarvara, þ.m.t. nákvæm lýsing á eiginleikum óhreininda og umbrotsefna, b) vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni MBI 600 kunni að vera næmandi. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (*)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„101	*Bacillus amyloliquefaciens* af stofni MBI 600. Vörslunúmer í National Collection of Industrial, Marine and Food Bacteria Ltd (NCIMB), Skotlandi. NCIMB 12376 Vörslunúmer í American Type Culture Collection (ATCC): SD-1414	Á ekki við	Lágmarksstyrkleiki: $5{,}0 \times 10^{14}$ CFU/kg	16. september 2016	16. september 2026	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni MBI 600, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) forskrift fyrir tæknilega efnið, sem framleitt er sem verslunarvara, þ.m.t. nákvæm lýsing á eiginleikum óhreininda og umbrotsefna, b) vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni MBI 600 kunni að vera næmandi. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti.“

(*) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2013/37/ESB **2017/EES/24/53**

frá 26. júní 2013

um breytingu á tilskipun 2003/98/EB um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera (*) (**)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Gögn, sem verða til hjá opinberum aðilum í aðildarríkjunum, eru yfirgripsmikið, fjölbreytt og verðmætt safn heimilda sem getur komið að gagni í þekkingarhagkerfinu.

2) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera ([3]) eru settar lágmarksreglur um endurnotkun og hagnýtar leiðir til að auðvelda endurnotkun gagna sem til eru og eru í vörslu opinberra aðila í aðildarríkjunum.

3) Opin gagnastefna, sem hvetur til greiðs aðgangs að og endurnotkunar á upplýsingum frá hinu opinbera, til einkanota eða viðskiptaskyni, með litlum sem engum lagalegum, tæknilegum eða fjárhagslegum hömlum, og sem stuðlar að dreifingu upplýsinga, ekki aðeins til atvinnurekenda heldur einnig til almennings, getur leikið veigamikið hlutverk í að hrinda af stað þróun nýrrar þjónustu sem byggist á nýstárlegum aðferðum við að setja saman og nýta slíkar upplýsingar, örva hagvöxt og stuðla að félagslegri þátttöku (e. social engagement). Slíkt krefst þó jafnra leikreglna á vettvangi Sambandsins að því er varðar hvort endurnotkun gagna er heimiluð eður ei, sem ekki næst fram ef það er látið ráðast af mismunandi reglum og venjum aðildarríkjanna eða viðkomandi opinberra aðila.

4) Að heimila endurnotkun gagna sem eru í vörslu opinbers aðila færir endurnotendum, endanlegum notendum og samfélaginu öllu virðisauka og í mörgum tilvikum einnig opinbera aðilanum sjálfum, þar sem stuðlað er að gagnsæi og ábyrgð og vegna þess að frá endurnotendum og endanlegum notendum kemur endurgjöf sem gerir viðkomandi opinberum aðila kleift að auka gæði upplýsinga sem aflað hefur verið.

5) Frá því að fyrstu reglur um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera voru samþykktar árið 2003 hefur orðið margföld aukning gagnamagns í heiminum, þ.m.t. opinberra gagna, og nýjar tegundir gagna eru að verða til og þeim safnað. Jafnframt er stöðug þróun á sviði tækni til greiningar, nýtingar og vinnslu gagna. Þessi hraða tækniþróun gerir kleift að búa í haginn fyrir nýja þjónustu og ný notkunarsvið sem byggjast á notkun, söfnun eða samsetningu gagna. Reglurnar frá 2003 eru ekki lengur í takt við þessar öru breytingar og þar af leiðandi er hætta á að þau efnahagslegu og félagslegu tækifæri, sem felast í endurnotkun opinberra gagna, glatist.

6) Á sama tíma hafa aðildarríkin nú tekið upp stefnur um endurnotkun samkvæmt tilskipun 2003/98/EB og hafa sum þeirra samþykkt metnaðarfullar opnar gagnastefnur sem ganga lengra en sú tilskipun mælir fyrir um í því að auðvelda borgurum og fyrirtækjum endurnotkun

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, biður birtingar.

(**) Ath.: Þessi gerð er endurbirt í heild og kemur í stað þeirrar sem birt var í EES-viðbæti nr. 10, 16.2.2017, bls. 196.

([1]) Stjtíð. ESB C 191, 29.6.2012, bls. 129.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 13. júní 2013 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 20. júní 2013.

([3]) Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 90.

aðgengilegra opinberra gagna. Til að koma í veg fyrir að mismunandi reglur í hinum ýmsu aðildarríkjum hindri framboð á vörum og þjónustu yfir landamæri, og til að gera kleift að endurnota sambærileg mengi opinberra gagna fyrir samevrópska þjónustu á grundvelli þeirra, er þörf á lágmarkssamræmingu til að ákvarða hvaða opinber gögn eru aðgengileg til endurnotkunar á innri upplýsingamarkaðnum, í samræmi við viðeigandi fyrirkomulag um aðgang.

7) Tilskipun 2003/98/EB felur ekki í sér skyldu að því er varðar aðgang að gögnum eða skyldu til að heimila endurnotkun gagna. Það er áfram ákvörðun aðildarríkisins eða hlutaðeigandi opinbers aðila hvort heimila skuli slíka endurnotkun eða ekki. Jafnframt byggir tilskipun 2003/98/EB á landsreglum um aðgang að gögnum og því felur sú tilskipun ekki í sér neina skyldu til að heimila endurnotkun gagna ef aðgangur að þeim er takmarkaður (t.d. ef aðgangur takmarkast, samkvæmt innlendum reglum, við borgara eða fyrirtæki sem geta sýnt fram á að hafa sérstakan hag af að fá aðgang að gögnunum) eða útilokaður (t.d. ef landsreglur útiloka aðgang sökum þess að gögnin eru viðkvæm, m.a. á grundvelli ástæðna er varða þjóðaröryggi, varnarmál eða almannaöryggi). Sum aðildarríki hafa tengt sérstaklega réttinn til endurnotkunar rétti til aðgangs, þannig að heimilt er að endurnota öll gögn sem almennur aðgangur er að. Í öðrum aðildarríkjum eru tengslin milli þessara tveggja reglubálka óljósari og það leiðir til réttaróvissu.

8) Því ber að breyta tilskipun 2003/98/EB til að mæla fyrir um skýra skyldu aðildarríkjanna til að heimila endurnotkun allra gagna, nema aðgangur að þeim sé takmarkaður eða útilokaður samkvæmt landsreglum um aðgang að gögnum og með fyrirvara um aðrar undantekningar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Þær breytingar, sem verða með þessari tilskipun, miða ekki að því að skilgreina eða breyta fyrirkomulagi um aðgang í aðildarríkjunum, sem er áfram á þeirra ábyrgð.

9) Með tilliti til löggjafar Sambandsins og alþjóðlegra skuldbindinga aðildarríkjanna og Sambandsins, einkum samkvæmt Bernarsáttmálanum til verndar bókmenntum og listaverkum og samningi um hugverkarétt í viðskiptum, skulu gögn, sem þriðju aðilar eiga hugverkarétt að, vera undanþegin gildissviði tilskipunar 2003/98/EB. Ef þriðji aðili var upprunalegur eigandi að hugverkarétti gagna, sem geymd eru á bókasöfnum, þ.m.t. á háskólabókasöfnum, söfnum og skjalasöfnum og verndartími þess réttar er ekki útrunninn, skal líta á slík gögn, að því er varðar beitingu þessarar tilskipunar, sem gögn sem falla undir hugverkarétt þriðja aðila.

10) Tilskipun 2003/98/EB skal gilda um gögn, sem er á opinberu starfssviði hlutaðeigandi opinberra aðila að afhenda, eins og það er skilgreint í lögum eða öðrum bindandi reglum í aðildarríkjunum. Ef slíkar reglur eru ekki til staðar skal skilgreina opinbert starfssvið í samræmi við almennar stjórnsýsluvenjur í aðildarríkjunum, að því tilskildu að það sé gagnsætt og háð endurskoðun. Opinbert starfssvið má skilgreina almennt eða fyrir einstaka opinbera aðila í hverju tilviki fyrir sig.

11) Þessi tilskipun skal koma til framkvæmda og henni beitt í fullu samræmi við meginreglurnar um vernd persónuupplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]). Einkum ber að hafa í huga að samkvæmt þeirri tilskipun skulu aðildarríkin ákveða með hvaða skilyrðum vinnsla persónuupplýsinga er lögleg. Enn fremur er ein af meginreglunum í þeirri tilskipun að ekki megi vinna persónuupplýsingar frekar eftir söfnun þannig að ósamrýmanlegt sé þeim skýrt tilgreindu og lögmætu markmiðum sem þær voru fengnar með.

12) Tilskipun 2003/98/EB skal vera með fyrirvara um réttindi, þ.m.t. fjárhagsleg og siðferðileg réttindi, sem starfsmenn opinberra aðila kunna að hafa samkvæmt landsreglum.

13) Enn fremur skal hlutaðeigandi opinber aðili halda réttinum til að hagnýta gögn ef þau eru gerð aðgengileg til endurnotkunar.

14) Rýmka skal gildissvið tilskipunar 2003/98/EB svo að það nái til bókasafna, þ.m.t. háskólabókasafna, safna og skjalasafna.

15) Eitt af meginmarkmiðunum með því að koma innri markaðnum á fót er að skapa skilyrði sem stuðla að þróun þjónustu sem nær til alls Sambandsins. Bókasöfn, söfn og skjalasöfn geyma umtalsvert magn verðmætra upplýsinga frá hinu opinbera, einkum þar sem stafvæðingarverkefni hafa leitt til margföldunar á magni stafræns efnis í almenningseigu. Þessi menningarsögulegi safnkostur og skyld lýsigögn eru mögulegur grunnur fyrir stafrænar vörur og þjónustu og búa yfir miklum möguleikum á nýskapandi endurnotkun í geirum á borð við mennta- og ferðamál. Auknir möguleikar á að endurnota opinbert menningarefni ættu m.a. að gera fyrirtækjum í Sambandinu kleift að hagnýta möguleika þess og stuðla að hagvexti og atvinnusköpun.

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

16) Verulegur munur er á reglum og venjum aðildarríkjanna um hagnýtingu opinberra menningarverðmæta og kemur hann í veg fyrir fulla nýtingu efnahagslegra möguleika þessara tilfanga. Eftir því sem bókasöfn, söfn og skjalasöfn halda áfram að fjárfesta í stafvæðingu hafa mörg þeirra þegar gert efni sitt í almenningseigu (e. public domain content) aðgengilegt til endurnotkunar og mörg þeirra leita stöðugt tækifæra til að endurnota það. Venjur menningarstofnana við að hagnýta innihald hafa þó þróast á mismunandi veg vegna þess hve þær starfa í ólíku laga- og menningarumhverfi.

17) Þar eð mismunur á innlendum reglum og venjum eða skortur á skýrleika hindrar snurðulausa starfsemi innri markaðarins og eðlilega þróun upplýsingasamfélagsins í Sambandinu, skal takast á hendur lágmarkssamræmingu á innlendum reglum og venjum um endurnotkun á opinberu menningarefni bókasafna, safna og skjalasafna.

18) Rýmkun á gildissviði tilskipunar 2003/98/EB skal takmarkast við þrjár tegundir menningarstofnana – bókasöfn, þ.m.t. háskólabókasöfn, söfn og skjalasöfn, þar eð safnkostur þeirra er og verður í auknum mæli verðmætt efni til endurnotkunar í margar framleiðsluvörur á borð við hugbúnað í farsamskiptatæki. Aðrar tegundir menningarstofnana (s.s. hljómsveitir, óperur, ballettar og leikhús), þ.m.t. skjalasöfn sem eru hluti af þessum stofnunum, skulu áfram falla utan gildissviðsins vegna sérstöðu þeirra sem „sviðslistastofnana“. Þar eð næstum allt efni þeirra fellur undir hugverkarétt þriðja aðila og félli því utan gildissviðs þeirrar tilskipunar hefði það lítil áhrif að láta gildissviðið ná til þeirra.

19) Notkun stafvæðingar er mikilvæg leið til að tryggja aukinn aðgang að og endurnotkun á menningarefni fyrir nám, vinnu eða frístundir. Hún skapar einnig umtalsverð efnahagsleg tækifæri með því að auðvelda samþættingu menningarefnis við stafræna þjónustu og vörur og stuðlar með því að atvinnusköpun og hagvexti. Lögð var áhersla á þessa þætti, meðal annarra, í ályktun Evrópuþingsins frá 5. maí 2010 um „Europeana — næstu skref“ ([1]), tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2011/711/ESB frá 27. október 2011 um stafvæðingu menningarefnis og að gera það aðgengilegt á Netinu og um varðveislu stafræns efnis ([2]) og í niðurstöðum ráðsins frá 10. maí 2012 um stafvæðingu menningarefnis og að gera það aðgengilegt á Netinu og um varðveislu stafræns efnis ([3]). Í þessum skjölum er skilgreint hvernig fara eigi með lagalega, fjárhagslega og skipulagslega þætti þess að stafvæða menningararfleifð Evrópu og gera hana aðgengilega á Netinu.

20) Til að greiða fyrir endurnotkun skulu opinberir aðilar, ef unnt er og við á, gera gögn aðgengileg á opnu og tölvulesanlegu sniði ásamt lýsigögnum þeirra, með mestu mögulegu nákvæmni og sundurgreinanleika (e. granularity), á sniði sem tryggir rekstrarsamhæfi, t.d. með því að vinna gögnin í samræmi við meginreglur um samrýmanleika- og nothæfiskröfur til landupplýsinga samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) ([4]).

21) Gögn skulu teljast vera á tölvulesanlegu sniði ef þau hafa skráasnið sem er þannig skipað að notkunarhugbúnaður geti auðveldlega borið kennsl á, þekkt aftur og dregið sértæk gögn úr þeim. Gögn sem komið er fyrir í skrám sem hafa tölvulesanlegt snið eru tölvulesanleg gögn. Tölvulesanleg snið geta verið opin eða séreignasnið; um getur verið að ræða formlega staðla eða ekki. Gögn á skráasniði sem takmarkar sjálfvirka vinnslu vegna þess að ekki er unnt eða erfitt er að draga gögn úr sniðinu teljast ekki vera tölvulesanleg. Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á, stuðla að notkun opinna, tölvulesanlegra sniða.

22) Ef opinberir aðilar taka gjald fyrir endurnotkun gagna skulu gjöldin að meginreglu til takmarkast við jaðarkostnað (e. marginal costs). Þó skal taka tillit til nauðsynjar þess að hindra ekki eðlilega starfsemi opinberra aðila sem er skylt að afla tekna til að greiða verulegan hluta af þeim kostnaði sem tengist opinberu starfssviði þeirra eða kostnaði sem tengist söfnun, framleiðslu, fjölföldun og miðlun tiltekinna gagna sem eru gerð aðgengileg til endurnotkunar. Í slíkum tilvikum skulu opinberir aðilar geta sett upp gjald sem er hærra en jaðarkostnaður. Gjöld þessi skal ákveða samkvæmt hlutlægum, gagnsæjum og sannprófanlegum viðmiðunum og skulu heildartekjur af að láta í té og heimila endurnotkun gagna ekki fara fram úr kostnaði við söfnun, framleiðslu, fjölföldun og miðlun auk sanngjarns hagnaðarhlutar af fjárfestingunni. Krafan um að afla tekna til að greiða verulegan hluta af þeim kostnaði opinberra aðila sem tengist opinberu starfssviði þeirra eða kostnaði sem tengist söfnun, framleiðslu, fjölföldun og dreifingu tiltekinna gagna þarf ekki að vera lagaskilyrði en getur t.d. leitt af stjórnsýsluvenjum í aðildarríkjunum. Aðildarríkin skulu endurmeta slíka kröfu reglubundið.

([1]) Stjtíð. ESB C 81 E, 15.3.2011, bls. 16.
([2]) Stjtíð. ESB L 283, 29.10.2011, bls. 39.
([3]) Stjtíð. ESB C 169, 15.6.2012, bls. 5.
([4]) Stjtíð. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

23) Bókasöfn, söfn og skjalasöfn skulu einnig geta innheimt gjald sem er yfir jaðarkostnaði, svo að ekki verði hindranir á eðlilegri starfsemi þeirra. Þegar um slíka opinbera aðila er að ræða skulu heildartekjur af að láta í té og leyfa endurnotkun gagna á viðeigandi uppgjörstímabili ekki fara fram úr kostnaði við söfnun, framleiðslu, fjölföldun, dreifingu, varðveislu og réttindaleyfi auk sanngjarns hagnaðarhlutar af fjárfestingunni. Að því er varðar bókasöfn, söfn og skjalasöfn er, með hliðsjón af sérkennum þeirra, hægt að taka tillit til verðlagningar á endurnotkun samskonar eða svipaðra gagna í einkageiranum þegar sanngjarn hagnaðarhluti af fjárfestingunni er reiknaður út.

24) Efri mörk gjalda, sem eru sett í þessari tilskipun, eru með fyrirvara um rétt aðildarríkjanna til að innheimta lægri gjöld eða engin gjöld.

25) Aðildarríkin skulu setja viðmiðanir fyrir gjaldtöku sem er yfir jaðarkostnaði. Í því tilliti geta aðildarríkin t.d. mælt fyrir um slíkar viðmiðanir í innlendum reglum eða tilnefnt einn eða fleiri viðeigandi aðila, aðra en sjálfan opinbera aðilann, sem eru til þess bærir að setja slíkar viðmiðanir. Skipulag slíks aðila skal vera í samræmi við lög og stjórnskipun aðildarríkjanna. Hann getur verið starfandi aðili með framkvæmdarvald á sviði fjárlaga og pólitíska ábyrgð.

26) Í tengslum við hverskonar endurnotkun gagna geta opinberir aðilar sett skilyrði, með leyfi ef við á, s.s. um að tilgreina beri heimildina og hvort endurnotandi hafi breytt gögnunum á einhvern hátt. Hverskonar leyfi fyrir endurnotkun á upplýsingum frá hinu opinbera skal ávallt setja eins fáar takmarkanir á endurnotkun og unnt er, t.d. takmarkast við kröfuna um að tilgreina heimild. Opin leyfi, sem eru aðgengileg á Netinu og veita víðtækari endurnotkunarrétt án tæknilegra, fjárhagslegra eða landfræðilegra takmarkana og byggjast á opnum gagnasniðum, skulu gegna veigamiklu hlutverki í þessu tilliti. Aðildarríkin skulu því hvetja til notkunar opinna leyfa sem með tímanum ætti að verða að almennri venju alls staðar í Sambandinu.

27) Framkvæmdastjórnin hefur stutt þróun stigatöflu á Netinu fyrir upplýsingar frá hinu opinbera (e. online Public Sector Information scoreboard) með viðeigandi árangursvísbendum fyrir endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera í öllum aðildarríkjunum. Reglubundin uppfærsla stigatöflunnar stuðlar að upplýsingaskiptum á milli aðildarríkjanna og að upplýsingar um stefnur og venjur alls staðar í Sambandinu séu aðgengilegar.

28) Leiðir til kvartana skulu ná yfir möguleika á endurskoðun af hálfu óhlutdrægs endurskoðunaraðila. Sá aðili getur verið innlent yfirvald, sem þegar er fyrir hendi, s.s. landsbundið samkeppnisyfirvald, landsbundið gagnaaðgangsyfirvald eða innlendur dómstóll. Skipulag þess aðila skal vera í samræmi við lög og stjórnskipun aðildarríkjanna og skal ekki hafa áhrif á aðrar leiðir til kvartana sem standa til boða einstaklingum, sem sækja um að fá að endurnota gögn. Hann skal þó vera aðskilinn frá því kerfi aðildarríkjanna sem annast setningu viðmiðana fyrir gjaldtöku sem er yfir jaðarkostnaði. Leiðir til kvartana skulu ná yfir möguleika á endurskoðun á synjun beiðna en einnig á ákvörðunum sem að vísu leyfa endurnotkun en geta þó haft áhrif á umsækjendur af öðrum ástæðum, einkum með tilliti til gjaldtökureglnanna. Endurskoðunarferlið skal vera fljótlegt í samræmi við þarfir ört breytilegs markaðar.

29) Virða skal samkeppnisreglur við setningu meginreglna um endurnotkun gagna og forðast eins og mögulegt er gerð einkaréttarsamninga milli opinberra aðila og einkaaðila. Hins vegar kann einkaréttur á endurnotkun sérstakra gagna frá hinu opinbera stundum að vera nauðsynlegur í því skyni að veita þjónustu í þágu almennings. Þetta getur m.a. gilt ef enginn atvinnuútgefandi myndi gefa upplýsingar út án slíks einkaréttar. Til að taka tillit til þessa leyfir tilskipun 2003/98/EB einkanytjafyrirkomulag, háð reglulegri endurskoðun, ef einkaréttur er nauðsynlegur til að veita þjónustu í þágu almennings.

30) Í kjölfar þess að gildissvið tilskipunar 2003/98/EB er víkkað út til að ná einnig yfir bókasöfn, þ.m.t. háskólabókasöfn, söfn og skjalasöfn er rétt að taka tillit til núverandi mismunar á stafvæðingu menningarverðmæta í aðildarríkjunum sem ekki hefur verið hægt að bregðast við á skilvirkan hátt samkvæmt núgildandi reglum þeirrar tilskipunar um einkanytjafyrirkomulag. Til eru mörg dæmi um samstarfsfyrirkomulag milli bókasafna, þ.m.t. háskólabókasafna, safna, skjalasafna og einkaaðila sem tekur til stafvæðingar menningarverðmæta þar sem einkaaðilum er veittur einkaréttur. Reynslan sýnir að slík samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila geta greitt fyrir þýðingarmikilli notkun á menningarlegum safnkosti og jafnframt flýtt fyrir því að almenningur fái aðgang að menningararfleifðinni.

31) Ef einkaréttur varðar stafvæðingu menningarverðmæta kann tiltekið einkaréttartímabil að vera nauðsynlegt til að gefa einkaaðilanum möguleika á að endurheimta fjárfestingu sína. Það tímabil skal þó vera afmarkað og eins stutt og unnt er, til að virða þá meginreglu að opinbert efni í almenningseigu skuli einnig vera almenningseign eftir stafvæðingu þess. Gildistími einkaréttar á stafvæðingu menningarverðmæta skal að meginreglu til ekki vera lengra en 10 ár. Ef gildistími einkaréttar er lengri en 10 ár skal hann háður endurskoðunum með tilliti til tæknilegra, fjárhagslegra og stjórnsýslulegra breytinga í viðkomandi umhverfi frá því að fyrirkomulagið var ákveðið. Allt samstarf

opinberra aðila og einkaaðila um stafvæðingu menningarverðmæta skal auk þess veita menningarstofnuninni, sem er aðili að samstarfinu, fullan rétt til að nota stafvæddu menningarverðmætin þegar fyrirkomulagið fellur úr gildi.

32) Til að taka tilhlýðilegt tillit til samninga og annars fyrirkomulags, sem veitir einkarétt og ákveðið var fyrir gildistöku þessarar tilskipunar, skal gera viðeigandi umbreytingarráðstafanir til að vernda hagsmuni hlutaðeigandi aðila ef einkaréttur þeirra fellur ekki undir undantekningar sem eru leyfðar samkvæmt þessari tilskipun. Slíkar umbreytingarráðstafanir skulu heimila að einkaréttur aðilanna geti gilt uns samningurinn rennur út eða, þegar samningar eru gerðir til óákveðins tíma eða hafa mjög langan gildistíma, nógu lengi til þess að aðilarnir geti gert viðeigandi ráðstafanir. Þessar umbreytingarráðstafanir skulu ekki gilda um samninga eða annað fyrirkomulag, sem gert er eftir gildistöku þessarar tilskipunar en áður en landsráðstafanir til lögleiðingar þessari tilskipun koma til framkvæmda, til að komast hjá aðstæðum þar sem gerðir eru samningar eða annað fyrirkomulag til langs tíma, sem eru ekki í samræmi við þessa tilskipun, til að sniðganga landsráðstafanir til lögleiðingar sem til stendur að samþykkja. Samningar eða annað fyrirkomulag, sem gert er eftir gildistöku þessarar tilskipunar en áður en landsráðstafanir til lögleiðingar þessari tilskipun koma til framkvæmda, skulu því vera í samræmi við þessa tilskipun frá og með þeim degi þegar landsráðstafanir til lögleiðingar þessari tilskipun koma til framkvæmda.

33) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að greiða fyrir tilurð upplýsingavara og -þjónustu alls staðar í Sambandinu á grundvelli gagna frá hinu opinbera, að tryggja skilvirka notkun einkafyrirtækja annars vegar, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, yfir landamæri á gögnum frá hinu opinbera til að búa til upplýsingavörur og þjónustu sem hafa aukið virði og ríkisborgara hins vegar til að greiða fyrir frjálsu flæði upplýsinga og samskipta, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna samevrópskra áhrifa fyrirhugaðrar aðgerðar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, sbr. 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

34) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, þ.m.t. vernd persónuupplýsinga (8. gr.) og eignarréttinn (17. gr.). Ekkert í þessari tilskipun skyldi túlkað eða hrint í framkvæmd á einhvern hátt sem er í ósamræmi við Evrópusáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

35) Nauðsynlegt er að tryggja að aðildarríkin gefi framkvæmdastjórninni skýrslu um umfang endurnotkunar á upplýsingum frá hinu opinbera, skilyrðin fyrir aðgangi að þeim og framkvæmd að því er varðar kvartanir.

36) Framkvæmdastjórnin skal aðstoða aðildarríkin við samræmda framkvæmd þessarar tilskipunar með því að gefa út viðmiðunarreglur, einkum um ráðlögð, stöðluð leyfi, gagnamengi og gjaldtöku fyrir endurnotkun gagna, að höfðu samráði við hagsmunaaðila.

37) Því ber að breyta tilskipun 2003/98/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2003/98/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 1. gr. breytist sem hér segir:

a) Ákvæði 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) gögn ef afhending þeirra er utan við starfssvið hlutaðeigandi opinberra aðila eins og það er skilgreint í lögum eða öðrum bindandi reglum í aðildarríkinu, eða, ef slíkar reglur eru ekki til staðar, eins og það er skilgreint í samræmi við almennar stjórnsýsluvenjur í aðildarríkinu sem um ræðir, að því tilskildu að starfssvið sé gagnsætt og falli undir endurskoðun“.

ii. Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) gögn sem ekki er aðgangur að samkvæmt fyrirkomulagi um aðgang í aðildarríkjunum, þ.m.t vegna:

– verndar þjóðaröryggis (þ.e. öryggis ríkisins), landvarna eða almannaöryggis,

– trúnaðarkvaðar í hagskýrslum,

– viðskiptaleyndar (þ.e. viðskipta-, atvinnu- eða fyrirtækjaleyndarmála),“.

iii. Eftirfarandi liðir bætist við:

„ca) gögn sem takmarkaður aðgangur er að samkvæmt fyrirkomulagi um aðgang í aðildarríkjunum, þ.m.t. tilvik þar sem borgarar eða fyrirtæki verða að sýna fram á að hafa sérstakan hag af að fá aðgang að gögnunum,

cb) hlutar gagna sem eingöngu innihalda kennimerki, skjaldarmerki og einkennismerki,

cc) gögn, sem ekki er aðgangur að eða takmarkaður aðgangur er að samkvæmt fyrirkomulagi um aðgang vegna verndar persónuupplýsinga, og hluta gagna, sem aðgangur er að samkvæmt því fyrirkomulagi, sem innihalda persónuupplýsingar og skilgreint hefur verið í lögum að endurnotkun þeirra sé ósamrýmanleg lögum um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga,“.

iv. Í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) gögn sem eru í vörslu mennta- og rannsóknastofnana, þ.m.t. stofnana sem komið er á fót til að yfirfæra rannsóknarniðurstöður, skóla og háskóla, fyrir utan háskólabókasöfn, og“.

v. Í stað f-liðar komi eftirfarandi:

„f) gögn sem eru í vörslu annarra menningarstofnana en bókasafna, safna og skjalasafna.“

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Tilskipun þessi byggir á og er með fyrirvara um fyrirkomulag um aðgang í aðildarríkjunum.“

c) Í 4. mgr. komi orðið „Sambandsins“ í stað orðsins „Bandalagsins“.

2) Eftirfarandi liðir bætist við 2. gr.:

„6. „tölvulesanlegt snið“: skrársnið sem er þannig skipað að notkunarhugbúnaður geti auðveldlega borið kennsl á, þekkt aftur og dregið sértæk gögn úr því, þ.m.t. stakar yfirlýsingar byggðar á staðreyndum (e. individual statements of fact), ásamt innri skipan þeirra,

7. „opið snið“: skrársnið sem er óháð verkvangi og aðgengilegt almenningi án nokkurra takmarkana sem hefta endurnotkun gagna,

8. „formlegur, opinn staðall“: staðall sem mælt hefur verið fyrir um með skriflegum hætti og inniheldur forskriftir fyrir kröfur um hvernig tryggja skuli rekstrarsamhæfi hugbúnaðar,

9. „háskóli“: opinber aðili sem veitir æðri menntun sem leiðir til háskólaprófs“.

3) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Almenn meginregla

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skulu aðildarríkin tryggja að gögn, sem tilskipun þessi gildir um í samræmi við 1. gr., skuli vera hægt að endurnota í viðskiptaskyni eða tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis í samræmi við skilyrðin sem sett eru í III. og IV. kafla.

2. Þegar um er að ræða gögn sem falla undir hugverkaréttindi bókasafna, þ.m.t. háskólabókasafna, safna og skjalasafna skulu aðildarríkin tryggja að ef endurnotkun slíkra gagna er heimil skuli vera hægt að endurnota þessi gögn í viðskiptaskyni eða tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis í samræmi við skilyrðin sem sett eru í III. og IV. kafla.“

4) Í stað 3. og 4. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„3. Ef beiðni er synjað skulu opinberir aðilar tilkynna umsækjandanum ástæður synjunarinnar á grundvelli viðeigandi ákvæða fyrirkomulagsins um aðgang í því aðildarríki eða innlendra ákvæða sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun, einkum a- til cc-liðar 2. mgr. 1. gr. eða 3. gr. Ef synjun er byggð á b-lið 2. mgr. 1. gr. skal opinber aðili láta fylgja tilvísun til einstaklingsins eða lögaðilans sem er rétthafi, ef hann er þekktur, eða að öðrum kosti leyfisveitandans sem opinberi aðilinn fékk viðeigandi efni frá. Bókasöfnum, þ.m.t. háskólabókasöfnum, söfnum og skjalasöfnum ber ekki skylda til að láta slíka tilvísun fylgja.

4. Allir úrskurðir varðandi endurnotkun skulu innihalda tilvísun til leiða til kvartana ef umsækjandi skyldi óska eftir því að áfrýja úrskurðinum. Leiðir til kvartana skulu ná yfir möguleika á endurskoðun af hálfu óhlutdrægs endurskoðunaraðila með viðeigandi sérþekkingu, s.s. landsbundins samkeppnisyfirvalds, landsbundins gagnaaðgangsyfirvalds eða innlends dómstóls, sem tekur ákvarðanir sem eru bindandi gagnvart hlutaðeigandi opinberum aðila.“

5) Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

Tiltæk snið

1. Opinberir aðilar skulu gera gögn sín aðgengileg á sniði eða máli sem til er og, ef unnt er og við á, á opnu og tölvulesanlegu sniði ásamt lýsigögnum þeirra. Bæði snið og lýsigögn skulu, eftir því sem unnt er, vera í samræmi við formlega, opna staðla.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki fela í sér skyldu fyrir opinbera aðila til að búa til eða breyta gögnum eða gera útdrátt úr þeim, í því skyni að fara að þeirri málsgrein, þegar slíkt hefur óhóflega fyrirhöfn í för með sér og er meira en bara einföld aðgerð.

3. Ekki er hægt að krefjast þess á grundvelli þessarar tilskipunar að opinberir aðilar haldi áfram að útbúa og geyma tiltekna tegund gagna til endurnotkunar af hálfu aðila í einkageiranum eða hins opinbera.“

6) Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

Meginreglur um gjaldtöku

1. Ef tekið er gjald fyrir endurnotkun gagna skulu gjöldin takmarkast við jaðarkostnað við fjölföldun þeirra, afhendingu og dreifingu.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um eftirfarandi:

a) opinbera aðila sem ber skylda til að afla tekna til að greiða verulegan hluta af þeim kostnaði sem tengist opinberu starfssviði þeirra,

b) í undantekningartilvikum, gögn þar sem hlutaðeigandi opinberum aðila er skylt að afla nægra tekna til að greiða verulegan hluta af þeim kostnaði sem tengist söfnun, framleiðslu, fjölföldun og dreifingu þeirra. Slíkar kröfur skulu skilgreindar í lögum eða öðrum bindandi reglum í aðildarríkinu. Ef slíkar reglur eru ekki til staðar skal skilgreina þær í samræmi við almennar stjórnsýsluvenjur í aðildarríkinu,

c) bókasöfn, þ.m.t. háskólabókasöfn, söfn og skjalasöfn.

3. Í þeim tilvikum, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr., skulu hlutaðeigandi opinberir aðilar reikna út heildargjöld samkvæmt hlutlægum, gagnsæjum og sannprófanlegum viðmiðunum sem aðildarríkin mæla fyrir um. Heildartekjur þessara aðila af því að láta í té og leyfa endurnotkun gagna á viðeigandi uppgjörstímabili skulu ekki vera meiri en kostnaðurinn við söfnun, framleiðslu, fjölföldun og dreifingu auk sanngjarns hagnaðarhlutar af fjárfestingunni. Gjöld skulu reiknuð út í samræmi við þær reikningsskila-reglur sem gilda um þann opinbera aðila sem málið varðar.

4. Ef opinberir aðilar, sem um getur í c-lið 2. mgr., innheimta gjald skulu heildartekjur af að láta í té og leyfa endurnotkun gagna á viðeigandi uppgjörstímabili ekki fara fram úr kostnaði við söfnun, framleiðslu, fjölföldun, dreifingu, varðveislu og réttindaleyfi auk sanngjarns hagnaðarhlutar af fjárfestingunni. Gjöld skulu reiknuð út í samræmi við þær reikningsskilareglur sem gilda um þann opinbera aðila sem málið varðar.“

7) Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

Gagnsæi

1. Þegar um er að ræða stöðluð gjöld fyrir endurnotkun gagna í vörslu opinberra aðila skulu öll viðeigandi skilyrði og raunveruleg fjárhæð gjaldanna, þ.m.t. grundvöllur útreikninga á slíkum gjöldum, ákveðin fyrir fram og birt með rafrænum hætti ef unnt er og við á.

2. Þegar um er að ræða önnur gjöld fyrir endurnotkun en þau sem um getur í 1. mgr. skal viðkomandi opinber aðili tilgreina strax í upphafi hvaða þættir verða teknir til greina við útreikning á þessum gjöldum. Ef þess er óskað skal viðkomandi opinber aðili einnig tilgreina hvernig slík gjöld hafa verið reiknuð út í tengslum við tiltekna beiðni um endurnotkun.

3. Kröfurnar, sem um getur í b-lið 2. mgr. 6. gr., skulu ákveðnar fyrir fram. Þær skulu birtar með rafrænum hætti ef unnt er og við á.

4. Opinberir aðilar skulu tryggja að umsækjendum um endurnotkun gagna sé gerð grein fyrir þeim leiðum sem tiltækar eru til að leggja fram kvartanir varðandi úrskurði eða venjur sem hafa áhrif á þá.“

8) Í stað 1. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„1. Opinberir aðilar geta heimilað endurnotkun án skilyrða eða sett skilyrði, með leyfi ef við á. Þessi skilyrði skulu ekki takmarka að óþörfu möguleika á endurnotkun og skulu ekki notuð til að takmarka samkeppni.“

9) Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

Hagnýtt fyrirkomulag

Aðildarríkin skulu koma á hagnýtu fyrirkomulagi sem auðveldar leit að gögnum sem eru aðgengileg til endurnotkunar, s.s. í formi skráa yfir helstu gögn ásamt viðeigandi lýsigögnum sem, ef unnt er og við á, eru aðgengilegar á Netinu og á tölvulesanlegu sniði, og vefgátta sem eru tengdar við sjálfstæðar skrár. Þegar mögulegt er skulu aðildarríkin auðvelda leit að gögnum á milli tungumála .“

10) Ákvæði 11. gr. breytist sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirliður bætist við 2. mgr.:

„Þessi málsgrein skal ekki gilda um stafvæðingu menningarverðmæta.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Ef einkaréttur varðar stafvæðingu menningarverðmæta skal gildistími einkaréttar að meginreglu til, þrátt fyrir 1. mgr., ekki vera lengra en 10 ár. Í tilvikum þegar viðkomandi tímabil er lengra en 10 ár skal lengd þess endurmetin á ellefta árinu og, ef við á, á sjö ára fresti eftir það.

Það einkaréttarfyrirkomulag, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal vera gagnsætt og birt opinberlega.

Þegar fyrir liggur einkaréttur, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal hlutaðeigandi opinber aðili fá afrit af stafvæddu menningarverðmætunum án endurgjalds, sem hluta af því fyrirkomulagi. Það afrit skal vera aðgengilegt til endurnotkunar í lok gildistíma einkaréttar.“

c) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Einkanytjafyrirkomulagi, sem er fyrir hendi 1. júlí 2005 og uppfyllir ekki skilyrði um undantekningu skv. 2. mgr., skal slitið í lok samningsins eða eigi síðar en 31. desember 2008.“

d) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Með fyrirvara um 3. mgr. skal einkanytjafyrirkomulagi, sem er fyrir hendi 17. júlí 2013 og uppfyllir ekki skilyrði um undantekningu skv. 2. mgr. og 2. mgr. a, slitið í lok samningsins eða eigi síðar en 18. júlí 2043.“

11) Í stað 13. gr. komi eftirfarandi:

„13. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram endurskoðun á beitingu þessarar tilskipunar fyrir 18. júlí 2018 og skal tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um niðurstöður þessarar endurskoðunar ásamt tillögum um breytingar á tilskipuninni.

2. Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina þriðja hvert ár um aðgengi að upplýsingum frá hinu opinbera til endurnotkunar, skilyrðin fyrir aðgangi að þeim og framkvæmd að því er varðar kvartanir. Á grundvelli þeirrar skýrslu, sem skal birt, skulu aðildarríkin láta fara fram endurskoðun á framkvæmd 6. gr., einkum að því er varðar gjaldtöku sem er yfir jaðarkostnaði.

3. Endurskoðunin, sem um getur í 1. mgr., skal einkum taka til gildissviðs og áhrifa þessarar tilskipunar, þ.m.t. aukningar á endurnotkun gagna frá hinu opinbera, áhrifa meginreglnanna sem gilda um gjaldtöku og endurnotkunar opinberra laga- og stjórnsýslutexta, samspilsins milli reglna um gagnavernd og möguleikanna á endurnotkun, sem og frekari möguleika á að bæta eðlilega starfsemi innri markaðarins og þróunar evrópsks efnisiðnaðar.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 18. júlí 2015. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 18. júlí 2015.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. júní 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	A. SHATTER
forseti.	*forseti.*

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2006/114/EB 2017/EES/24/54

frá 12. desember 2006

um villandi auglýsingar og samanburðarauglýsingar

(kerfisbundin útgáfa) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um villandi auglýsingar ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda þessa tilskipun.

2) Lög þau er gilda í aðildarríkjunum um villandi auglýsingar eru mjög mismunandi. Auglýsingar ná út yfir landamæri einstakra aðildarríkja og hafa því bein áhrif á snurðulausa starfsemi innri markaðarins.

3) Villandi auglýsingar og ólöglegar samanburðarauglýsingar geta leitt til röskunar á samkeppni á innri markaðnum.

4) Auglýsingar hafa áhrif á efnahagslega velferð neytenda og seljenda, hvort heldur þær leiða til samningsgerðar eða ekki.

5) Munurinn á lögum aðildarríkjanna um auglýsingar, sem eru villandi í viðskiptum, hindrar framkvæmd auglýsingaherferða utan landamæra ríkisins og hefur þannig áhrif á frjáls viðskipti með vörur og þjónustu.

6) Tilkomu innri markaðarins fylgir mikið úrval. Þar sem neytendur og seljendur geta nýtt sér og eiga að nýta sér innri markaðinn sem best og þar sem auglýsingar eru mikilvæg aðferð við að skapa raunhæfa markaði fyrir allar vörur og þjónustugreinar í gervöllu Bandalaginu þykir rétt að grundvallarákvæði um form og efni samanburðarauglýsinga séu alls staðar þau sömu og að skilyrði fyrir notkun samanburðarauglýsinga í aðildarríkjunum verði samhæfð. Sé slíkum skilyrðum fullnægt verður hægara um vik að sýna fram á kosti ýmissa sambærilegra vörutegunda með hlutlægum hætti. Samanburðarauglýsingar geta einnig örvað samkeppni milli þeirra sem bjóða vöru og þjónustu þannig að neytandinn njóti góðs af.

7) Koma ber á hlutlægum lágmarksviðmiðunum til þess að skera úr um hvort auglýsingar eru villandi.

8) Þegar bornir eru saman áþreifanlegir, viðeigandi, sannreynanlegir og dæmigerðir þættir í samanburðarauglýsingu, án þess að það sé gert á villandi hátt, kann samanburðarauglýsingin að eiga rétt á sér sem miðill til að upplýsa neytendur um hagsmuni þeirra. Æskilegt er að skilgreina samanburðarauglýsingu á sem víðtækastan hátt svo að allar tegundir samanburðarauglýsinga heyri undir hugtakið.

9) Setja ber skilyrði um leyfilegan samanburð í auglýsingum svo að unnt verði að ákvarða hvaða tegundir samanburðarauglýsinga geta raskað samkeppni, skaðað keppinauta og haft neikvæð áhrif á val neytenda. Til skilyrða fyrir leyfilegum auglýsingum er rétt að telja viðmiðanir um hlutlægan samanburð á eiginleikum vöru og þjónustu.

10) Alþjóðasamningar um höfundarrétt og ákvæði landslaga um samningsbundna og ósamningsbundna ábyrgð gilda þegar vísað er til niðurstaðna samanburðarprófana á vegum þriðja aðila eða þær eru birtar í samanburðarauglýsingu.

11) Skilyrðin fyrir samanburðarauglýsingum skulu vera samstæð og uppfyllt í heild sinni. Í samræmi við sáttmálann eru aðildarríkin sjálfráð um form og aðferðir við að fylgja þessum skilyrðum eftir, að því marki sem ekki er mælt fyrir um form og aðferðir í þessari tilskipun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 30, 10.6.2010, bls. 37.

([1]) Álit frá 26. október 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 12. október 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 30. nóvember 2006.

([3]) Stjtíð. EB L 250, 19.9.1984, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB (Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22).

([4]) Sjá A-hluta I. viðauka.

12) Í þessum skilyrðum er rétt að taka sérstakt tillit til ákvæða sem byggjast á reglugerð ráðsins (EB) nr. 510/2006 frá 20. mars 2006 um verndun landfræðilegra merkinga og upprunatáknana fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli ([1]), einkum 13. gr., og annarra Bandalagsákvæða sem samþykkt hafa verið á sviði landbúnaðar.

13) Í 5. gr. fyrstu tilskipunar ráðsins 89/104/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki ([2]) er kveðið á um einkarétt rétthafa skrásetts vörumerkis á notkun þess og þar með heimild til að banna þriðja aðila að nota í atvinnuskyni tákn sem er eins og vörumerkið eða líkt því til að auðkenna vörur eða þjónustu sem eru eins og eða líkar þeim sem skrásetta vörumerkið auðkennir, einnig aðrar vörur ef svo ber undir.

14) Eigi samanburðarauglýsing að þjóna tilgangi sínum getur eigi að síður verið nauðsynlegt að tilgreina vöru eða þjónustu keppinautar og vísa til vörumerkis eða viðskiptaheitis sem hann er rétthafi að.

15) Slík notkun á vörumerki, viðskiptaheiti eða öðrum auðkennisstöfum annars brýtur ekki í bága við slíkan einkarétt ef hún stenst skilyrðin, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, þar eð eina markmiðið er að greina á milli vörutegunda og vekja með hlutlægum hætti athygli á mismuninum á þeim.

16) Einstaklingar eða samtök, sem að landslögum eru talin hafa lögmætra hagsmuna að gæta í málinu, skulu hafa möguleika á að hefja málssókn gegn villandi auglýsingum og ólöglegum samanburðarauglýsingum, annaðhvort hjá dómstóli eða stjórnvaldi sem er til þess bært að kveða upp úrskurð í kærumálum eða hefja viðeigandi málssókn.

17) Dómstólar eða stjórnvöld skulu hafa umboð til þess að fyrirskipa eða fá því framgengt að villandi auglýsingum og ólöglegum samanburðarauglýsingum verði hætt. Í tilteknum tilvikum kann að vera æskilegt að banna villandi auglýsingar og ólöglegar samanburðarauglýsingar jafnvel áður en þær eru birtar. Þetta ber þó ekki að túlka á þann veg aðaðildarríki séu skuldbundin til þess að taka upp reglur er kveði á um kerfisbundið fyrirframeftirlit með auglýsingum.

18) Eftirlit að eigin frumkvæði af hálfu sjálfseftirlitsstofnana til að útiloka villandi auglýsingar og ólöglegar samanburðarauglýsingar kann að koma í veg fyrir að leita þurfi stjórnvalds- eða dómsvaldsúrræða og ætti því að hvetja til slíks.

19) Þótt sönnunarbyrðin sé ákveðin í landslögum er rétt að dómstólar og stjórnvöld geti krafist þess að seljendur leggi fram sönnun fyrir því að staðhæfingar þeirra um staðreyndir séu réttar.

20) Það er nauðsynlegt eðlilegri starfsemi innri markaðarins að setja reglur um samanburðarauglýsingar. Því þarf að bregðast við á vettvangi Bandalagsins. Samþykkt tilskipunar er tilhlýðileg leið því að þar er kveðið á um samræmdar, almennar meginreglur og aðildarríkjunum er í sjálfsvald sett með hvaða aðferðum og leiðum þau ná fram þessum markmiðum. Slíkt er í samræmi við dreifræðisregluna.

21) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar og beitingar þeirra tilskipana sem eru tilgreindar í B-hluta I. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilgangurinn með þessari tilskipun er að vernda seljendur fyrir villandi auglýsingum og óréttmætum afleiðingum þeirra og að mæla fyrir um skilyrði fyrir því að leyfa samanburðarauglýsingar.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „auglýsing“: gerð hvers konar lýsingar í hvaða formi sem er, í tengslum við verslun, viðskipti, handverk eða sérfræðistarf, í því skyni að vekja athygli á vöru eða þjónustu, þ.m.t. fasteignum, réttindum og skyldum,

b) „villandi auglýsing“: hvers konar auglýsing sem á einhvern hátt, þ.m.t. með framsetningu hennar, villir um fyrir eða er líkleg til að villa um fyrir þeim einstaklingum sem henni er beint að eða sem hún nær til og er líkleg til þess, vegna villandi eðlis síns, að hafa áhrif á meðferð þeirra á fjármunum eða sem af þessum ástæðum skaðar eða er líkleg til að skaða samkeppnisaðila,

c) „samanburðarauglýsingar“: allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinautar eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður.

d) „seljandi“: einstaklingur eða lögaðili sem starfar að þeim markmiðum er varða verslunarstörf hans, handverk, viðskipti eða sérfræðistarf og hver sá sem starfar í nafni seljandans eða fyrir hönd hans.

([1]) Stjtíð. ESB L 93, 30.9.2006, bls. 12.
([2]) Stjtíð. ESB L 40, 7.3.2008, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með ákvörðun 92/10/EBE (Stjtíð. EB L 6, 11.1.1992, bls. 35).

e) „reglusetningaraðili“: sérhver aðili, þ.m.t. seljandi, eða hópur seljenda, sem ber ábyrgð á því að setja og endurskoða siðareglur og/eða á því að fylgjast með því að þeir sem hafa skuldbundið sig til þess fari eftir reglunum.

3. gr.

Þegar skera á úr um það hvort auglýsing er villandi skal taka til greina öll atriði er hana varða, einkum hverjar þær upplýsingar er í henni kunna að felast um:

a) eiginleika vöru eða þjónustu, s.s. hvort slíkt sé á boðstólum, hvert sé eðli þess, frágangur, úr hverju unnið, með hvaða framleiðsluaðferð og hvenær framleitt, hvenær afhent, hversu vel henti tilgangi sínum, notkunarmöguleika, magn, lýsingu, landfræðilegan eða viðskiptalegan uppruna eða ætlaðan árangur af notkun, eða niðurstöður og efnisatriði tilrauna eða kannana sem gerðar hafa verið á vörunum eða þjónustunni,

b) verð eða hvernig verð er reiknað út sem og þau skilyrði sem gilda um afhendingu vöru eða veitta þjónustu,

c) eðli, einkenni og rétt auglýsanda, s.s. hver hann er og hverjar eignir hans eru, hæfi hans og eignarhald á höfundarrétti á sviði iðnaðar, viðskipta eða hugverka, eða þau verðlaun eða viðurkenningar sem hann hefur hlotið.

4. gr.

Samanburðarauglýsingar skulu, að því er samanburð varðar, leyfðar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a) að þær séu ekki villandi í skilningi 2. gr. (b-liður), 3. gr. og 8. gr. (1. mgr.) þessarar tilskipunar eða 6. og 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum ([1]),

b) að samanburðurinn taki til vöru eða þjónustu sem fullnægir sömu þörfum eða er ætluð til sömu nota,

c) að gerður sé samanburður á einum eða fleiri áþreifanlegum, viðeigandi, sannreynanlegum og dæmigerðum eiginleika eða eiginleikum vöru eða þjónustu, að meðtöldu verði ef vill,

d) að ekki sé kastað rýrð á eða talað með lítilsvirðingu um vörumerki, viðskiptaheiti, aðra auðkennisstafi, vöru, þjónustu, starfsemi eða aðstæður samkeppnisaðila,

e) að ávallt séu bornar saman vörur með sömu merkingum ef um er að ræða vörur með upprunamerkingum,

f) að ekki sé með óréttmætum hætti hagnýttur orðstír vörumerkis, viðskiptaheitis eða annarra auðkennisstafa samkeppnisaðila eða upprunamerkingar samkeppnisvöru,

g) að vara eða þjónusta sé ekki kynnt sem eftirlíking eða eftirgerð vöru eða þjónustu sem ber verndað vörumerki eða viðskiptaheiti,

h) að auglýsing verði þess ekki valdandi að seljendur villist á auglýsanda og keppinaut hans eða á vörumerkjum, viðskiptaheitum, öðrum auðkennisstöfum, vörum og þjónustu auglýsanda og samkeppnisaðila.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi séu fullnægjandi og árangursrík úrræði til að berjast gegn villandi auglýsingum og til að tryggja að farið sé að ákvæðunum um samanburðarauglýsingar í þágu seljenda og samkeppnisaðila.

Slík úrræði skulu taka til ákvæða í lögum er heimila einstaklingum eða samtökum, sem samkvæmt landslögum teljast hafa lögmætra hagsmuna að gæta í baráttunni gegn villandi auglýsingum eða við setningu reglna um samanburðarauglýsingar:

a) að hefja málsókn gegn slíkum auglýsingum

eða

b) að skjóta slíkum auglýsingum til stjórnvalds sem er til þess bært að annaðhvort úrskurða í kærumálum eða hefja viðeigandi málarekstur.

2. Aðildarríkin skulu ákveða það hvert fyrir sig hver þessara möguleika, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr., skuli vera fyrir hendi og hvort dómstólar eða stjórnvöld eigi að geta krafist þess að áður séu reyndar aðrar þekktar leiðir til að bregðast við kvörtunum, þ.m.t. þær sem um getur í 6. gr.

Hvert aðildarríki fyrir sig skal ákveða:

a) hvort beina skuli þessum lagaúrræðum að hverjum seljanda fyrir sig eða sameiginlega gagnvart mörgum seljendum í sama atvinnuvegi

og

b) hvort beita megi þessum lagaúrræðum gagnvart reglusetningaraðila þar sem viðkomandi reglur stuðla að því að farið sé í kringum lagakröfur.

([1]) Stjtíð. ESB L 149, 5.11.2005, bls. 22.

3. Samkvæmt lagaákvæðum, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu aðildarríki veita dómstólum eða stjórnvöldum heimild er geri þeim kleift, telji þau slíkar ráðstafanir nauðsynlegar með tilliti til hagsmuna allra hlutaðeigandi, einkum hagsmuna almennings:

a) að fyrirskipa að hætt verði við eða hafinn viðeigandi málarekstur til að stöðva villandi auglýsingar eða ólöglegar samanburðarauglýsingar

eða

b) hafi villandi auglýsingar eða ólöglegar samanburðarauglýsingar ekki enn verið birtar, en birting er yfirvofandi, að fyrirskipa bann við eða að hefja viðeigandi málarekstur til að banna slíka birtingu.

Fyrsta undirgrein gildir einnig þótt ekki séu sannanir fyrir því að raunverulegt tap eða skaði hafi hlotist eða fyrir ásetningi eða vanrækslu af hálfu auglýsandans.

Aðildarríki skulu einnig kveða á um að þær ráðstafanir, sem um getur í fyrstu undirgrein, geti, eftir ákvörðun aðildarríkjanna, fengið flýtimeðferð, annaðhvort til bráðabirgða eða til frambúðar.

4. Þegar tekin hefur verið endanleg ákvörðun um að stöðva villandi auglýsingu eða ólöglega samanburðarauglýsingu er aðildarríkjunum heimilt, í því skyni að útiloka áframhaldandi áhrif hennar, að veita dómstólum eða stjórnvöldum umboð til:

a) að krefjast birtingar þeirrar ákvörðunar í heild eða að hluta til og á því formi sem þau telja fullnægjandi,

b) að krefjast þess einnig að birt verði leiðrétting.

5. Stjórnvöldin, sem um getur í b-lið annarrar undirgreinar 1. mgr., skulu:

a) vera þannig samsett að enginn vafi leiki á um óhlutdrægni,

b) hafa nægar heimildir til að geta, þegar þau ákvarða í kvörtunarmálum, fylgst með og framfylgt því á skilvirkan hátt að ákvarðanir þeirra séu virtar,

c) að öðru jöfnu rökstyðja ákvarðanir sínar.

6. Ef stjórnvald veitir einkaleyfi samkvæmt heimildunum, sem um getur í 3. og 4. mgr., skal það alltaf færa rök fyrir ákvörðun sinni. Í því tilviki skal ákveða málsmeðferð þar sem óviðeigandi eða ósanngjörn beiting stjórnvalds á heimildum sínum eða ósanngjörn eða óviðeigandi vanræksla við meðferð slíkra heimilda getur leitt til endurskoðunar dómsvalds.

6. gr.

Tilskipun þessi útilokar ekki að valfrjálst eftirlit, sem aðildarríki geta stuðlað að, sé haft með villandi auglýsingum eða samanburðarauglýsingum af hálfu sjálfseftirlitsstofnana og að einstaklingar og samtök, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 5. gr., geti skotið málum til slíkra stofnana með því skilyrði að málsmeðferð af því tagi sé viðbót við dómsmeðferð eða stjórnvaldsmeðferð sem um getur í þeirri grein.

7. gr.

Aðildarríkin skulu veita dómstólum eða stjórnvöldum umboð er heimili þeim, í þeirri dóms- eða stjórnvaldsmeðferð sem um getur í 5. gr.:

a) að krefjast þess að auglýsandinn leggi fram sönnunargögn um réttmæti staðhæfinga um staðreyndir í auglýsingum, ef slík krafa virðist réttmæt með tilliti til lögmætra hagsmuna auglýsanda og hvers þess aðila annars er málið varðar, sem og á grundvelli aðstæðna í því tiltekna máli, og sé um að ræða samanburðarauglýsingu, að krefjast þess að auglýsandinn leggi fram slík gögn með skömmum fyrirvara

og

b) að dæma staðhæfingar um staðreyndir rangar ef sönnunargögnin, sem krafist er samkvæmt a-lið, hafa ekki verið lögð fram eða eru talin ófullnægjandi af dóms- eða stjórnvaldi.

8. gr.

1. Tilskipun þessi kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin viðhaldi eða samþykki ákvæði um villandi auglýsingar í því skyni að tryggja víðtækari vernd fyrir seljendur og samkeppnisaðila.

Fyrsta undirgrein skal ekki, að því er samanburð varðar, eiga við um samanburðarauglýsingar.

2. Ákvæði þessarar tilskipunar gilda með fyrirvara um ákvæði Bandalagsins um auglýsingar á tilteknum tegundum vöru og/eða þjónustu eða takmarkanir á eða bönn við auglýsingum í tilteknum miðlum.

3. Þau ákvæði þessarar tilskipunar sem varða samanburðarauglýsingar skuldbinda ekki aðildarríki, sem í samræmi við ákvæði sáttmálans viðhalda banni eða leggja bann við auglýsingu á tiltekinni vöru eða þjónustu, hvort heldur er beint eða fyrir milligöngu aðila eða stofnunar sem ber að lögum aðildarríkisins ábyrgð á eftirliti með verslunarstarfsemi, iðn, handverki eða sérfræðistörfum, til að heimila samanburðarauglýsingar um slíka vöru eða þjónustu. Takmarkist bannið við tiltekna miðla á þessi tilskipun við um þá miðla þar sem slíkt bann gildir ekki.

4. Ekkert í tilskipun þessari kemur í veg fyrir að aðildarríkin, í samræmi við ákvæði sáttmálans, komi á eða viðhaldi banni eða takmörkunum gagnvart samanburði á sérfræðiþjónustu í auglýsingum, hvort heldur er beint eða fyrir milligöngu aðila eða stofnunar sem ber að lögum aðildarríkisins ábyrgð á eftirliti með starfsemi sérfræðinga.

9. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

10. gr.

Tilskipun 84/450/EBE er hér með felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar og beitingar þeirra tilskipana sem eru tilgreindar í B-hluta I. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

11. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 12. desember 2007.

12. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 12. desember 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BORRELL FONTELLES	M. PEKKARINEN
forseti	*forseti*

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með síðari breytingum

Tilskipun ráðsins 84/450/EBE (Stjtíð. EB L 250, 19.9.1984, bls. 17) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/55/EB (Stjtíð. EB L 290, 23.20.1997, bls. 18). Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB (Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22)	eingöngu 14. gr.

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 10. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
84/450/EBE	1. október 1986	—
97/55/EB	23. apríl 2000	—
2005/29/EB	12. júní 2007	12. desember 2007

II. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 84/450/EBE	Þessi tilskipun
1. gr.	*1. gr.*
Inngangsorð 2. gr.	Inngangsorð 2. gr.
1. liður 2. gr.	a-liður 2. gr.
2. liður 2. gr.	b-liður 2. gr.
liður 2a í 2. gr.	c-liður 2. gr.
3. liður 2. gr.	d-liður 2. gr.
4. liður 2. gr.	e-liður 2. gr.
3. gr.	*3. gr.*
1. mgr. 3. gr. a	*4. gr.*
Fyrsti málsliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 4. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 5. gr.
Annar málsliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 4. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 5. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 4. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 5. gr.
Þriðja undirgrein 1. mgr. 4. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 5. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 2. mgr. 4. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 3. mgr. 5. gr.
Fyrsti undirliður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 4. gr.	a-liður fyrstu undirgreinar 3. mgr. 5. gr
Annar undirliður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 4. gr.	b-liður fyrstu undirgreinar 3. mgr. 5. gr.
Lokaorð fyrstu undirgreinar 2. mgr. 4. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 5. gr.
Inngangsorð annarrar undirgreinar 2. mgr. 4. gr.	Þriðja undirgrein 3. mgr. 5. gr.
Fyrsti undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 4. gr.	Þriðja undirgrein 3. mgr. 5. gr.
Annar undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 4. gr.	Þriðja undirgrein 3. mgr. 5. gr.
Lokaorð annarrar undirgreinar 2. mgr. 4. gr.	Þriðja undirgrein 3. mgr. 5. gr.
Inngangsorð þriðju undirgreinar 2. mgr. 4. gr.	Inngangsorð 4. mgr. 5. gr
Fyrsti undirliður þriðju undirgreinar 2. mgr. 4. gr.	a-liður 4. mgr. 5. gr.
Annar undirliður þriðju undirgreinar 2. mgr. 4. gr.	b-liður 4. mgr. 5. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 4. gr.	5. mgr. 5. gr.
Önnur undirgrein 3. mgr. 4. gr.	6. mgr. 5. gr.
5. gr.	*6. gr.*
6. gr.	*7. gr.*
1. mgr. 7. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 8. gr
7. mgr. 2. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 8. gr.
3. mgr. 7. gr.	8. mgr. 2. gr.
7. mgr. 4. gr.	8. mgr. 3. gr.
7. mgr. 5. gr.	8. mgr. 4. gr.
Fyrsta undirgrein 8. gr.	—
Önnur undirgrein 8. gr.	*9. gr.*
—	*10. gr.*
—	*11. gr.*
9. gr.	*12. gr.*
—	I. viðauki
—	II. viðauki

Skrá yfir þriðju lönd sem eru viðurkennd að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna samkvæmt tilskipun 2008/106/EB ([1]) **2017/EES/24/55**

(Staðan 1. ágúst 2015)

(2015/C 261/04) (*)

— Alsír ([2])

— Argentína ([3])

— Ástralía ([4])

— Aserbaísjan ([5])

— Bangladess ([6])

— Brasilía ([7])

— Kanada ([8])

— Grænhöfðaeyjar ([9])

— Chile (Síle) ([10])

— Kína ([11])

— Kúba ([12])

— Ekvador ([13])

— Egyptaland ([14])

— Georgía ([15])

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 261, 8.8.2015, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/363/ESB frá 28. júní 2010 um viðurkenningu á Alsír að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til viðurkenningar á atvinnuskírteinum (Stjtíð. ESB L 163, 30.6.2010, bls. 42).

([3]) Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8; Stjtíð. ESB C 311, 19.12.2006, bls. 59.

([4]) Stjtíð. EB C 155, 29.6.2002, bls. 11; Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8; Stjtíð. ESB C 311, 19.12.2006, bls. 59.

([5]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/517/ESB frá 25. ágúst 2011 um viðurkenningu á Aserbaídsjan samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna (Stjtíð. ESB L 220, 26.8.2011, bls. 22)

([6]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/822/ESB frá 7. desember 2011 um viðurkenningu á Bangladess samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna (Stjtíð. ESB L 327, 9.12.2011, bls. 68)

([7]) Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 311, 19.12.2006, bls. 59.

([8]) Stjtíð. EB C 155, 29.6.2002, bls. 11; Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8; Stjtíð. ESB C 311, 19.12.2006, bls. 59.

([9]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/821/ESB frá 7. desember 2011 um viðurkenningu á Grænhöfðaeyjum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna (Stjtíð. ESB L 327, 9.12.2011, bls. 67).

([10]) Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7.

([11]) Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8.

([12]) Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 311, 19.12.2006, bls. 59.

([13]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/385/ESB frá 28. júní 2011 um viðurkenningu á Ekvador samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna (Stjtíð. ESB L 170, 30.6.2011, bls. 38).

([14]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/505/ESB frá 17. september 2012 um viðurkenningu á Egyptalandi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 57).

([15]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/794/ESB frá 19. desember 2013 um viðurkenningu á Georgíu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna (Stjtíð. ESB L 349, 21.12.2013, bls. 105).

— Gana ([1])

— Hong Kong ([2])

— Indland ([3])

— Indónesía ([4])

— Íran ([5])

— Ísrael ([6])

— Jamaíka ([7])

— Japan ([8])

— Jórdanía ([9])

— Suður-Kórea ([10])

— Madagaskar ([11])

— Malasía ([12])

— Mexíkó ([13])

— Marokkó ([14])

— Myanmar (Mjanmar) ([15])

— Nýja-Sjáland ([16])

— Pakistan ([17])

— Perú ([18])

([1]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/75/ESB frá 9. febrúar 2012 um viðurkenningu á Gana samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna (Stjtíð. ESB L 38, 11.2.2012, bls. 45).

([2]) Stjtíð. ESB C 155, 29.6.2002, bls. 11; Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 311, 19.12.2006, bls. 59.

([3]) Stjtíð. EB C 155, 29.6.2002, bls. 11; Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8; Stjtíð. ESB C 311, 19.12.2006, bls. 59.

([4]) Stjtíð. ESB C 155, 29.6.2002, bls. 11; Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8.

([5]) Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8.

([6]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/361/ESB frá 28. júní 2010 um viðurkenningu á Ísrael að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til viðurkenningar á atvinnuskírteinum (Stjtíð. ESB L 161, 29.6.2010, bls. 9).

([7]) Stjtíð. ESB C 155, 29.06.2002, bls. 11; Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2005, bls. 7.

([8]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/935/ESB frá 17. desember 2014 um viðurkenningu á Japan samkvæmt tilskipun 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna (Stjtíð. ESB L 365, 19.12.2014, bls. 158).

([9]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/783/ESB frá 13. desember 2012 um viðurkenningu á Jórdaníu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna (Stjtíð. ESB L 347, 15.12.2012, bls. 28).

([10]) Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8.

([11]) Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8.

([12]) Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8; Stjtíð. ESB C 311, 19.12.2006, bls. 59.

([13]) Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7.

([14]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/520/ESB frá 31. ágúst 2011 um viðurkenningu á Marokkó samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna (Stjtíð. ESB L 226, 1.9.2011, bls. 10).

([15]) Stjtíð. ESB C 155, 29.06.2002, bls. 11; Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2005, bls. 7.

([16]) Stjtíð. ESB C 155, 29.6.2002, bls. 11; Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 311, 19.12.2006, bls. 59.

([17]) Stjtíð. ESB C 155, 29.6.2002, bls. 11; Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8.

([18]) Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7.

— Filippseyjar ([1])

— Rússland ([2])

— Senegal ([3])

— Serbía ([4])

— Singapúr ([5])

— Suður-Afríka ([6])

— Srí Lanka ([7])

— Túnis ([8])

— Tyrkland ([9])

— Úkraína ([10])

— Bandaríkin ([11])

— Úrúgvæ ([12])

— Víetnam ([13])

([1]) Stjtíð. ESB C 155, 29.6.2002, bls. 11; Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8.

([2]) Stjtíð. EB C 155, 29.6.2002, bls. 11; Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8; Stjtíð. ESB C 311, 19.12.2006, bls. 59.

([3]) Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8; Stjtíð. ESB C 311, 19.12.2006, bls. 59.

([4]) Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8; Stjtíð. ESB C 311, 19.12.2006, bls. 59.

([5]) Stjtíð. ESB C 155, 29.6.2002, bls. 11; Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 311, 19.12.2006, bls. 59.

([6]) Stjtíð. ESB C 155, 29.6.2002, bls. 11; Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 311, 19.12.2006, bls. 59.

([7]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/704/ESB frá 22. nóvember 2010 um viðurkenningu á Srí Lanka að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til viðurkenningar á atvinnuskírteinum (Stjtíð. ESB L 306, 23.11.2010, bls. 77).

([8]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/259/ESB frá 27. apríl 2011 um viðurkenningu á Túnis að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til viðurkenningar á atvinnuskírteinum (Stjtíð. ESB L 110, 29.4.2011, bls. 34).

([9]) Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8.

([10]) Stjtíð. EB C 155, 29.6.2002, bls. 11; Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 85, 7.4.2005, bls. 8; Stjtíð. ESB C 311, 19.12.2006, bls. 59.

([11]) Stjtíð. ESB C 155, 29.6.2002, bls. 11; Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7; Stjtíð. ESB C 311, 19.12.2006, bls. 59.

([12]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/76/ESB frá 9. febrúar 2012 um viðurkenningu á Úrúgvæ samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna (Stjtíð. ESB L 38, 11.2.2012, bls. 46).

([13]) Stjtíð. ESB C 268, 7.11.2003, bls. 7.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1361 **2017/EES/24/56**

frá 9. ágúst 2016

um viðurkenningu á International Sustainability and Carbon Certification system til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísileldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE ([1]), einkum annarri undirgrein 4. mgr. 7. gr. c,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB ([2]), einkum annarri undirgrein 4. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 7. gr. b og 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og í IV. viðauka við hana og í og 17. og 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB og í V. viðauka við hana er mælt fyrir um svipaðar viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti og svipaðar málsmeðferðarreglur um sannprófun á því að farið sé að þessum viðmiðunum.

2) Þegar telja skal lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti með, að því er a-, b- og c-lið 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB varðar, skulu aðildarríkin krefjast þess að rekstraraðilar sýni að viðmiðanirnar um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti, sem settar eru fram í 2.–5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB, hafi verið uppfylltar.

3) Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að valfrjálsar landsbundnar eða alþjóðlegar áætlanir, sem setja staðla um framleiðslu lífmassaafurða, innihaldi nákvæm gögn að því er varðar 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB og/eða sýni fram á að sendingar af lífeldsneyti eða fljótandi lífeldsneyti uppfylli viðmiðanirnar um sjálfbærni sem settar eru fram í 3. til 5. mgr. 17. gr. og/eða að engum efnum hafi verið breytt af ásetningi eða þeim fleygt til að sendingin eða hluti hennar myndi falla undir IX. viðauka. Þegar rekstraraðili leggur fram sannanir eða gögn, sem aflað er í samræmi við valfrjálsa áætlun sem framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt, að því marki sem þau falla undir þá ákvörðun um viðurkenningu, er aðildarríki óheimilt að krefjast þess að birgir leggi fram frekari gögn sem sýna fram á að viðmiðanirnar um sjálfbærni hafi verið uppfylltar.

4) Beiðni um að viðurkenna að áætlunin „International Sustainability and Carbon Certification system“, Hohenzollernring 72, 50762 Köln, Þýskalandi, sýni fram á að lífeldsneytissendingar uppfylli viðmiðanir um sjálfbærni, sem settar eru fram í tilskipun 98/70/EB og tilskipun 2009/28/EB, var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 23. júní 2016. Áætlunin nær yfir margs konar hráefni, þ.m.t. úrgang og leifar og alla aðfangakeðjuna. Gera ætti skjöl viðurkenndu áætlunarinnar aðgengileg á gagnsæisvettvanginum sem var komið á fót samkvæmt tilskipun 2009/28/EB.

5) Mat á áætluninni „International Sustainability and Carbon Certification system“ sýndi að hún tekur með fullnægjandi hætti tillit til viðmiðana um sjálfbærni í tilskipun 2009/28/EB, auk þess sem beitt er massajöfnuðaraðferð í samræmi við kröfur 1. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB.

6) Í mati á áætluninni „International Sustainability and Carbon Certification system“ kom fram að hún uppfyllir með fullnægjandi hætti kröfur um áreiðanleika, gagnsæi og óháða endurskoðun og uppfyllir einnig aðferðafræðilegar kröfur í IV. viðauka við tilskipun 98/70/EB og V. viðauka við tilskipun 2009/28/EB.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sjálfbærni lífeldsneytis og fljótandi lífeldsneytis.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 215, 10.8.2016, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

([2]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Áætlunin „International Sustainability and Carbon Certification system“ (hér á eftir nefnd „áætlunin“), en beiðni um viðurkenningu hennar var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 23. júní 2016, sýnir að sendingar af lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti, sem er framleitt í samræmi við staðla fyrir framleiðslu á lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti sem settir eru fram í áætluninni, uppfylla viðmiðanir um sjálfbærni eins og mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB og 3., 4. og 5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB.

Áætlunin inniheldur einnig nákvæm gögn að því er varðar 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB og 2. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB.

2. gr.

Ákvörðunin gildir í fimm ár eftir að hún öðlast gildi. Ef gerðar eru breytingar á efni áætlunarinnar, eins og hún var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 23. júní 2016 til viðurkenningar, sem kunna að hafa áhrif á grundvöll þessarar ákvörðunar, skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingarnar án tafar. Framkvæmdastjórnin leggur mat á tilkynntar breytingar með það fyrir augum að ákvarða hvort áætlunin taki enn með fullnægjandi hætti til viðmiðana um sjálfbærni sem liggja að baki viðurkenningu hennar.

3. gr.

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að fella þessa ákvörðun úr gildi, m.a. við eftirfarandi aðstæður:

a) ef sýnt hefur verið fram á það með skýrum hætti að áætlunin hafi ekki komið til framkvæmda þáttum sem hafa afgerandi þýðingu fyrir þessa ákvörðun eða ef alvarlegt rof hefur orðið í uppbyggingu þessara þátta,

b) ef ekki er lögð ársskýrsla fyrir framkvæmdastjórnina vegna áætlunarinnar eins og kveðið er á um í 6. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og 6. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB,

c) ef ekki eru innleiddir staðlar með áætluninni vegna óháðrar endurskoðunar, sem eru tilgreindir í framkvæmdargerðum sem um getur í þriðju undirgrein 5. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og þriðju undirgrein 5. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009(28/EB, eða endurbætur á öðrum hlutum áætlunarinnar sem teljast hafa afgerandi þýðingu fyrir áframhaldandi viðurkenningu.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 9. ágúst 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1362 **2017/EES/24/57**

frá 9. ágúst 2016

um viðurkenningu á Roundtable on Sustainable Biomaterials EU RED til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísileldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE ([1]), einkum annarri undirgrein 4. mgr. 7. gr. c,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB ([2]), einkum annarri undirgrein 4. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 7. gr. b og 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og í IV. viðauka við hana og í og 17. og 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB og í V. viðauka við hana er mælt fyrir um svipaðar viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti og svipaðar málsmeðferðarreglur um sannprófun á því að farið sé að þessum viðmiðunum.

2) Þegar telja skal lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti með, að því er a-, b- og c-lið 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB varðar, skulu aðildarríkin krefjast þess að rekstraraðilar sýni að viðmiðanirnar um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti, sem settar eru fram í 2.–5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB, hafi verið uppfylltar.

3) Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að valfrjálsar landsbundnar eða alþjóðlegar áætlanir, sem setja staðla um framleiðslu lífmassaafurða, innihaldi nákvæm gögn að því er varðar 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB og/eða sýni fram á að sendingar af lífeldsneyti eða fljótandi lífeldsneyti uppfylli viðmiðanirnar um sjálfbærni sem settar eru fram í 3. til 5. mgr. 17. gr. og/eða að engum efnum hafi verið breytt af ásetningi eða þeim fleygt til að sendingin eða hluti hennar myndi falla undir IX. viðauka. Þegar rekstraraðili leggur fram sannanir eða gögn, sem aflað er í samræmi við valfrjálsa áætlun sem framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt, að því marki sem þau falla undir þá ákvörðun um viðurkenningu, er aðildarríki óheimilt að krefjast þess að birgir leggi fram frekari gögn sem sýna fram á að viðmiðanirnar um sjálfbærni hafi verið uppfylltar.

4) Beiðni um að viðurkenna að áætlunin „Roundtable on Sustainable Biomaterials EU RED“, 7-9 Chemin de Balexert 1219 Chatelaine, Sviss, sýni fram á að lífeldsneytissendingar uppfylli viðmiðanir um sjálfbærni, sem settar eru fram í tilskipun 98/70/EB og tilskipun 2009/28/EB, var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 27. júní 2016. Áætlunin nær yfir margs konar hráefni, þ.m.t. úrgang og leifar og alla aðfangakeðjuna. Gera ætti skjöl viðurkenndu áætlunarinnar aðgengileg á gagnsæisvettvanginum sem var komið á fót samkvæmt tilskipun 2009/28/EB.

5) Mat á áætluninni „Roundtable on Sustainable Biomaterials EU RED“ sýndi að hún tekur með fullnægjandi hætti tillit til viðmiðana um sjálfbærni í tilskipun 2009/28/EB, auk þess sem beitt er massajöfnuðaraðferð í samræmi við kröfur 1. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB.

6) Í mati á áætluninni „Roundtable on Sustainable Biomaterials EU RED“ kom fram að hún uppfyllir með fullnægjandi hætti kröfur um áreiðanleika, gagnsæi og óháða endurskoðun og uppfyllir einnig aðferðafræðilegar kröfur í IV. viðauka við tilskipun 98/70/EB og V. viðauka við tilskipun 2009/28/EB.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sjálfbærni lífeldsneytis og fljótandi lífeldsneytis.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 215, 10.8.2016, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

([2]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Áætlunin „Roundtable on Sustainable Biomaterials EU RED“ (hér á eftir nefnd „áætlunin“), en beiðni um viðurkenningu hennar var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 27. júní 2016, sýnir að sendingar af lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti, sem er framleitt í samræmi við staðla fyrir framleiðslu á lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti sem settir eru fram í áætluninni, uppfylla viðmiðanir um sjálfbærni eins og mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB og 3., 4. og 5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB.

Áætlunin inniheldur einnig nákvæm gögn að því er varðar 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB og 2. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB.

2. gr.

Ákvörðunin gildir í fimm ár eftir að hún öðlast gildi. Ef gerðar eru breytingar á efni áætlunarinnar, eins og hún var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 27. júní 2016 til viðurkenningar, sem kunna að hafa áhrif á grundvöll þessarar ákvörðunar, skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingarnar án tafar. Framkvæmdastjórnin leggur mat á tilkynntar breytingar með það fyrir augum að ákvarða hvort áætlunin taki enn með fullnægjandi hætti til viðmiðana um sjálfbærni sem liggja að baki viðurkenningu hennar.

3. gr.

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að fella þessa ákvörðun úr gildi, m.a. við eftirfarandi aðstæður:

a) ef sýnt hefur verið fram á það með skýrum hætti að áætlunin hafi ekki komið til framkvæmda þáttum sem hafa afgerandi þýðingu fyrir þessa ákvörðun eða ef alvarlegt rof hefur orðið í uppbyggingu þessara þátta,

b) ef ekki er lögð ársskýrsla fyrir framkvæmdastjórnina vegna áætlunarinnar eins og kveðið er á um í 6. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og 6. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB,

c) ef ekki eru innleiddir staðlar með áætluninni vegna óháðrar endurskoðunar, sem eru tilgreindir í framkvæmdargerðum sem um getur í þriðju undirgrein 5. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og þriðju undirgrein 5. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009(28/EB, eða endurbætur á öðrum hlutum áætlunarinnar sem teljast hafa afgerandi þýðingu fyrir áframhaldandi viðurkenningu.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 9. ágúst 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1433 **2017/EES/24/58**

frá 26. ágúst 2016

um viðurkenningu á Biomass Biofuels Sustainability voluntary scheme til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísileldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE ([1]), einkum annarri undirgrein 4. mgr. 7. gr. c,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB ([2]), einkum annarri undirgrein 4. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 7. gr. b og 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og í IV. viðauka við hana og í og 17. og 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB og í V. viðauka við hana er mælt fyrir um svipaðar viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti og svipaðar málsmeðferðarreglur um sannprófun á því að farið sé að þessum viðmiðunum.

2) Þegar telja skal lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti með, að því er a-, b- og c-lið 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB varðar, skulu aðildarríkin krefjast þess að rekstraraðilar sýni að viðmiðanirnar um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti, sem settar eru fram í 2.–5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB, hafi verið uppfylltar.

3) Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að valfrjálsar landsbundnar eða alþjóðlegar áætlanir, sem setja staðla um framleiðslu lífmassaafurða, innihaldi nákvæm gögn að því er varðar 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB og/eða sýni fram á að sendingar af lífeldsneyti eða fljótandi lífeldsneyti uppfylli viðmiðanirnar um sjálfbærni sem settar eru fram í 3. til 5. mgr. 17. gr. og/eða að engum efnum hafi verið breytt af ásetningi eða þeim fleygt til að sendingin eða hluti hennar myndi falla undir IX. viðauka. Þegar rekstraraðili leggur fram sannanir eða gögn, sem aflað er í samræmi við valfrjálsa áætlun sem framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt, að því marki sem þau falla undir þá ákvörðun um viðurkenningu, er aðildarríki óheimilt að krefjast þess að birgir leggi fram frekari gögn sem sýna fram á að viðmiðanirnar um sjálfbærni hafi verið uppfylltar.

4) Beiðni um að viðurkenna að áætlunin „Biomass Biofuels Sustainability voluntary scheme“, 11, rue de Monceau, 75008 París, Frakklandi, sýni fram á að lífeldsneytissendingar uppfylli viðmiðanir um sjálfbærni, sem settar eru fram í tilskipun 98/70/EB og tilskipun 2009/28/EB, var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 25. júlí 2016. Áætlunin nær yfir margs konar hráefni, þ.m.t. úrgang og leifar og alla aðfangakeðjuna. Gera ætti skjöl viðurkenndu áætlunarinnar aðgengileg á gagnsæisvettvanginum sem var komið á fót samkvæmt tilskipun 2009/28/EB.

5) Mat á áætluninni „Biomass Biofuels Sustainability voluntary scheme“ sýndi að hún tekur með fullnægjandi hætti tillit til viðmiðana um sjálfbærni í tilskipun 2009/28/EB, auk þess sem beitt er massajöfnuðaraðferð í samræmi við kröfur 1. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB.

6) Í mati á áætluninni „Biomass Biofuels Sustainability voluntary scheme“ kom fram að hún uppfyllir með fullnægjandi hætti kröfur um áreiðanleika, gagnsæi og óháða endurskoðun og uppfyllir einnig aðferðafræðilegar kröfur í IV. viðauka við tilskipun 98/70/EB og V. viðauka við tilskipun 2009/28/EB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 232, 27.8.2016, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

([2]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sjálfbærni lífeldsneytis og fljótandi lífeldsneytis.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Áætlunin „Biomass Biofuels Sustainability voluntary scheme“ (hér á eftir nefnd „áætlunin“), en beiðni um viðurkenningu hennar var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 25. júlí 2016, sýnir að sendingar á lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti, sem er framleitt í samræmi við staðla fyrir framleiðslu á lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti sem settir eru fram í áætluninni. uppfylla viðmiðanir um sjálfbærni eins og mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB og 3., 4. og 5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB.

Áætlunin inniheldur einnig nákvæm gögn að því er varðar 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB og 2. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB.

2. gr.

Ákvörðunin gildir í fimm ár eftir að hún öðlast gildi. Ef gerðar eru breytingar á efni áætlunarinnar, eins og hún var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 25. júlí 2016 til viðurkenningar, sem kunna að hafa áhrif á grundvöll þessarar ákvörðunar, skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingarnar án tafar. Framkvæmdastjórnin leggur mat á tilkynntar breytingar með það fyrir augum að ákvarða hvort áætlunin taki enn með fullnægjandi hætti til viðmiðana um sjálfbærni sem liggja að baki viðurkenningu hennar.

3. gr.

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að fella þessa ákvörðun úr gildi, m.a. við eftirfarandi aðstæður:

a) ef sýnt hefur verið fram á það með skýrum hætti að áætlunin hafi ekki komið til framkvæmda þáttum sem hafa afgerandi þýðingu fyrir þessa ákvörðun eða ef alvarlegt rof hefur orðið í uppbyggingu þessara þátta,

b) ef ekki er lögð ársskýrsla fyrir framkvæmdastjórnina vegna áætlunarinnar eins og kveðið er á um í 6. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og 6. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB,

c) ef ekki eru innleiddir staðlar með áætluninni vegna óháðrar endurskoðunar, sem eru tilgreindir í framkvæmdargerðum sem um getur í þriðju undirgrein 5. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og þriðju undirgrein 5. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009(28/EB, eða endurbætur á öðrum hlutum áætlunarinnar sem teljast hafa afgerandi þýðingu fyrir áframhaldandi viðurkenningu.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 26. ágúst 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2039 **2017/EES/24/59**

frá 13. nóvember 2015

um jafngildi milli regluramma Suður-Afríku um miðlæga mótaðila og krafnanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 6. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Málsmeðferðin við viðurkenningu á miðlægum mótaðilum, sem hafa staðfestu í þriðju löndum, sem sett er fram í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, miðar að því að gera miðlægum mótaðilum sem hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðju löndum, sem hafa eftirlitsstaðla sem eru jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, kleift að veita stöðustofnunaraðilum eða viðskiptavettvangi, sem hafa staðfestu í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu. Viðurkenningarferlið og ákvörðunin um jafngildi, sem þar er kveðið á um, stuðlar því að því að ná því meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að draga úr kerfisáhættu með því að auka notkun á öruggum og traustum miðlægum mótaðilum til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. ef þessir miðlægu mótaðilar hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðja landi.

2) Til að lagareglur þriðja lands geti talist jafngildar lagareglum Sambandsins að því er varðar miðlæga mótaðila ætti grundvallarniðurstaða gildandi fyrirkomulags laga og eftirlits að vera jafngild kröfum Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að fyrirkomulag laga og eftirlits í Suður-Afríku tryggi að miðlægir mótaðilar, sem hafa staðfestu og starfsleyfi þar, valdi ekki stöðustofnunaraðilum og viðskiptavettvangi með staðfestu í Sambandinu meiri áhættu en síðarnefndi aðilinn gæti staðið frammi fyrir vegna miðlægra mótaðila sem hafa starfsleyfi í Sambandinu og valdi, af þessum sökum, ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu.

3) Þessi ákvörðun byggist á niðurstöðu gildandi fyrirkomulags laga og eftirlits í Suður-Afríku og hversu fullnægjandi það er til að milda áhættuna sem stöðustofnunaraðilar og viðskiptavettvangur, sem hefur staðfestu í Sambandinu, stendur frammi fyrir, með hætti sem telst jafngildur niðurstöðu krafnanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Því ætti einkum að taka tillit til þess að marktækt minni áhætta felst í stöðustofnunarstarfsemi sem fram fer á fjármálamörkuðum sem eru minni en fjármálamarkaður Sambandsins.

4) Í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

5) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu skal miðlægur mótaðili, sem hefur starfsleyfi í þriðja landi, fara að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

6) Lagalega bindandi kröfur Suður-Afríku vegna miðlægra mótaðila, sem hafa þar starfsleyfi, samanstanda af lögunum um fjármálamarkaði, lögum nr. 19 frá 2012 (e. Financial Markets Act, Act No 19 of 2012 („FMA")). Skráningaryfirvald verðbréfaþjónustu („skráningaryfirvaldið") hefur yfirgripsmikið vald til að hafa umsjón og eftirlit með og til að rannsaka stöðustofnunarstöðvar sem hafa leyfi til að starfa í Suður-Afríku („stöðustofnunarstöðvar sem hafa starfsleyfi").

7) Lögin um fjármálamarkaði mæla fyrir um skyldur og kröfur sem stöðustofnunarstöðvar skulu uppfylla. Einkum skal skráningaryfirvaldið, samkvæmt lögunum um fjármálamarkaði, veita leyfi til að starfa sem stöðustofnunarstöð með starfsleyfi, að því tilskildu að umsækjandinn uppfylli þessar kröfur og stuðli að því að markmiðunum, sem sett eru fram í lögunum um fjármálamarkaði, sé náð, þ.m.t. að milda kerfisáhættu og tryggja að fjármálamarkaðir í Suður-Afríku séu sanngjarnir, skilvirkir og gagnsæir. Til að tryggja að þessar kröfur séu uppfylltar getur skráningaryfirvaldið sett skilyrði sem það telur viðeigandi við veitingu starfsleyfis. Stöðustofnunarstöðvar sem hafa starfsleyfi skulu stunda starfsemi sína á sanngjarnan og gagnsæjan hátt og að teknu tilhlýðilegu tilliti til réttinda stöðustofnunaraðila og viðskiptavina þeirra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 298, 14.11.2015, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálapjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

Samkvæmt lögunum um fjármálamarkaði skulu stöðustofnunarstöðvar sem hafa starfsleyfi þar að auki fara að alþjóðlegum eftirlitsstöðlum, þ.m.t. meginreglunum um innviði fjármálamarkaða (PFMIs), sem gefnar voru út af greiðslu- og uppgjörsnefndinni ([1]) og Alþjóðasamtökum eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO) í apríl 2012.

8) Lögin um fjármálamarkaði veita fjármálaráðherra vald til að gefa út reglugerðir um þau viðfangsefni sem krafist er eða leyfilegt er að lögin um fjármálamarkaði mæli fyrir um eða önnur málefni sem eru nauðsynleg fyrir betri stjórnsýslu og framkvæmd á lögunum um fjármálamarkaði. Þar að auki hefur skráningaryfirvaldið vald samkvæmt lögunum um fjármálamarkaði til að gefa út viðmiðunarreglur um beitingu og túlkun á lögunum um fjármálamarkaði og gera allar ráðstafanir sem það telur nauðsynlegar til að sinna vel störfum sínum eða skyldum eða fyrir framkvæmd á lögunum um fjármálamarkaði.

9) Matið á jafngildi fyrirkomulags laga og eftirlits, sem gildir um stöðustofnunarstöðvar sem hafa starfsleyfi, ætti einnig að taka til greina niðurstöðu áhættumildunar sem það tryggir með tilliti til umfangs áhættu sem stöðustofnunaraðilar og viðskiptavettvangur með staðfestu í Sambandinu standa frammi fyrir vegna þátttöku þeirra í stöðustofnunarstöð sem hefur starfsleyfi. Niðurstaða áhættumildunar er bæði ákvörðuð af umfangi áhættu, sem felst í stöðustofnunarstarfseminni sem hlutaðeigandi miðlægur mótaðili framkvæmir, sem er háð stærð fjármálamarkaðar sem hann starfar á, og hversu vel fyrirkomulagi laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila, tekst að milda viðkomandi áhættu. Til að ná fram sömu niðurstöðu áhættumildunar er þörf á strangari kröfum um áhættumildun fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á stærri fjármálamörkuðum þar sem innbyggð áhætta er meiri en fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á minni fjármálamörkuðum sem hafa minni innbyggða áhættu.

10) Stærð fjármálamarkaðarins þar sem stöðustofnunarstöðvar sem hafa starfsleyfi stunda stöðustofnunarstarfsemi sína er umtalsvert minni en sá markaður þar sem miðlægir mótaðilar með staðfestu í Sambandinu stunda starfsemi sína. Á undanförnum þremur árum hefur heildarverðmæti afleiðuviðskipta sem stöðustofnuð voru í Suður-Afríku verið minna en 1% af heildarverðmæti afleiðuviðskipta sem stöðustofnuð voru í Sambandinu. Af þessum sökum hefur þátttaka í stöðustofnunarstöðvum sem hafa starfsleyfi í för með sér marktækt minni áhættu fyrir stöðustofnunaraðila og viðskiptavettvang með staðfestu í Sambandinu en þátttaka í miðlægum mótaðilum sem hafa starfsleyfi í Sambandinu.

11) Fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um stöðustofnunarstöðvar sem hafa starfsleyfi gæti því talist vera jafngilt ef það er fullnægjandi til að milda þessa minni áhættu. Meginreglurnar sem gilda um stöðustofnunarstöðvar sem hafa starfsleyfi, sem krefjast þess að farið sé að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða (PFMIs), milda minni áhættu sem er fyrir hendi í Suður-Afríku og ná fram jafngildri niðurstöðu áhættumildunar og þeirri sem leitast er við að ná fram með reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

12) Framkvæmdastjórnin ályktar því að fyrirkomulag laga og eftirlits Suður-Afríku tryggi að stöðustofnunarstöðvar sem hafa starfsleyfi þar uppfylli lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

13) Samkvæmt öðru skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga og eftirlits í Suður-Afríku, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, kveða á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

14) Skráningaryfirvaldið hefur eftirlit með og framfylgir því að farið sé að lögum um fjármálamarkaði. Einkum metur skráningaryfirvaldið árlega hvort stöðustofnunarstöðvar sem hafa starfsleyfi fari að lögum um fjármálamarkaði og innri reglum og málsmeðferðarreglum þeirra sem og tilskipunum, óskum, skilyrðum eða kröfum skráningaryfirvaldsins, sem eru samkvæmt lögum um fjármálamarkaði. Skráningaryfirvaldið hefur einnig vald til að afturkalla eða fella tímabundið úr gildi starfsleyfi stöðustofnunarstöðvar sem hefur starfsleyfi ef hin síðarnefnda fer ekki að lögum um fjármálamarkaði, innri reglum eða málsmeðferðarreglum þeirra eða tilskipun, ósk, skilyrði eða kröfu skráningaryfirvalds samkvæmt lögum um fjármálamarkaði, meðal annars.

15) Skráningaryfirvaldið hefur vald til að óska eftir upplýsingum eða gögnum frá stöðustofnunarstöðvum sem hafa starfsleyfi og til að framkvæma vettvangsskoðun. Eftir að vettvangsskoðun hefur verið gerð getur skráningaryfirvaldið, m.a., óskað eftir því að stöðustofnunarstöð sem hefur starfsleyfi geri ráðstafanir eða láti eitthvað ógert til að binda enda á eða ráða bót á fráviki. Skráningaryfirvaldið getur beitt viðurlögum ef stöðustofnunarstöð sem hefur starfsleyfi veitir ekki upplýsingar samkvæmt lögum um fjármálamarkaði. Til að tryggja framkvæmd og stjórnsýslu laganna um fjármálamarkaði getur skráningaryfirvaldið þar að auki gefið út almennar tilskipanir eða tilskipanir til tiltekinnar einingar.

16) Framkvæmdastjórnin ályktar því að fyrirkomulag laga og eftirlits í Suður-Afríku, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, kveði á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

([1]) Greiðslu- og uppgjörsnefndin breytti heiti sínu frá og með 1. september 2014 í greiðslu- og markaðsinnviðanefndin (Committee on Payment and Market Infrastructures).

17) Samkvæmt þriðja skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga og eftirlits í Suður-Afríku innihalda skilvirkt, jafngilt kerfi til að viðurkenna miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands („miðlægir mótaðilar þriðja lands“).

18) Miðlægir mótaðilar sem hafa starfsleyfi í þriðja landi, þar sem fyrirkomulag laga og eftirlits er jafngilt reglurammanum í Suður-Afríku, sem hefur jafngilda reglusetningu um baráttuna gegn peningaþvætti og baráttuna gegn fjárhagslegum hryðjuverkum og þar sem miðlægir mótaðilar falla undir skilvirkt eftirlit, geta veitt þjónustu í Suður-Afríku að því tilskildu að þeir hafi hlotið leyfi skráningaryfirvaldsins. Við veitingu starfsleyfis leggur skráningaryfirvaldið mat á umsóknina um leyfi með tilliti til regluramma þriðja lands og getur haft til hliðsjónar upplýsingar frá öðrum eftirlitsyfirvöldum, þ.m.t. eftirlitsyfirvöldum þriðja lands. Þar að auki getur skráningaryfirvaldið undanskilið miðlæga mótaðila þriðja lands frá sumum eða öllum kröfunum sem gerðar eru í lögum um fjármálamarkaði. Skráningaryfirvaldið getur gert samstarfssamninga við eftirlitsyfirvöld þriðja lands í þeim tilgangi að samræma eftirlit á áframhaldandi grundvelli og til að skiptast á upplýsingum um miðlæga mótaðila þriðja lands sem hafa starfsleyfi í þriðja landi þar sem fyrirkomulag laga og eftirlits er jafngilt reglurammanum í Suður-Afríku og falla undir skilvirkt eftirlit í þriðja landinu þar sem þeir hafa starfsleyfi.

19) Enda þótt ljóst sé að fyrirkomulag viðurkenningarferlisins í lagareglum Suður-Afríku, sem gildir um miðlæga mótaðila þriðja lands, sé frábrugðið málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ætti þó eigi að síður að líta svo á að þar sé kveðið á um skilvirkt, jafngilt kerfi til viðurkenningar á miðlægum mótaðilum þriðja lands.

20) Skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 25. gr. í reglugerð (ESB) nr. 648/2012, geta því talist vera uppfyllt með fyrirkomulagi laga og eftirlits í Suður-Afríku að því er varðar stöðustofnunaraðila sem hafa starfsleyfi þar og ætti þetta fyrirkomulag laga og eftirlits að teljast vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa áfram reglubundið eftirlit með þróun laga- og eftirlitsramma Suður-Afríku vegna miðlægra mótaðila og því hvort skilyrðin, sem þessi ákvörðun byggir á, hafi verið uppfyllt.

21) Regluleg endurskoðun á gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits í Suður-Afríku vegna miðlægra mótaðila sem hafa starfsleyfi þar ætti ekki að hafa áhrif á möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að ráðast í sérstaka endurskoðun hvenær sem er utan hinnar almennu endurskoðunar, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem samþykkt var með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til þess að viðurkenning á jafngildi yrði dregin til baka.

22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 telst fyrirkomulag laga og eftirlits í Suður-Afríku, sem samanstendur af lögunum um fjármálamarkaði (e. Financial Markets Act, FMA), sem gilda um stöðustofnunarstöðvar sem hafa starfsleyfi þar, vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 13. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2040 **2017/EES/24/60**

frá 13. nóvember 2015

um jafngildi milli regluramma tiltekinna fylkja í Kanada um miðlæga mótaðila og krafnanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 6. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Málsmeðferðin við viðurkenningu á miðlægum mótaðilum, sem hafa staðfestu í þriðju löndum, sem sett er fram í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, miðar að því að gera miðlægum mótaðilum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðju löndum og sem hafa eftirlitsstaðla sem eru jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, kleift að veita stöðustofnunaraðilum eða viðskiptavettvangi, sem hafa staðfestu í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu. Viðurkenningarferlið og ákvörðunin um jafngildi, sem þar er kveðið á um, stuðlar því að því að ná því meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að draga úr kerfisáhættu með því að auka notkun á öruggum og traustum miðlægum mótaðilum til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. ef þessir miðlægu mótaðilar hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðja landi.

2) Til að lagareglur þriðja lands geti talist jafngildar lagareglum Sambandsins að því er varðar miðlæga mótaðila ætti grundvallarniðurstaða gildandi fyrirkomulags laga og eftirlits að vera jafngild kröfum Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að fyrirkomulag laga og eftirlits í fylkjunum Alberta, Bresku Kólumbíu, Manitóba, Ontaríó og Québec í Kanada (hér á eftir nefnd „viðkomandi fylki“) tryggi að miðlægir mótaðilar, sem hafa staðfestu og starfsleyfi þar, valdi ekki stöðustofnunaraðilum og viðskiptavettvangi með staðfestu í Sambandinu meiri áhættu en síðarnefndi aðilinn gæti staðið frammi fyrir vegna miðlægra mótaðila sem hafa starfsleyfi í Sambandinu og valdi, af þessum sökum, ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu.

3) Þessi ákvörðun byggist á mati á gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits í viðkomandi fylkjum og hversu fullnægjandi það er til að milda áhættuna sem stöðustofnunaraðilar og viðskiptavettvangur, sem hafa staðfestu í Sambandinu, standa frammi fyrir, með hætti sem telst jafngildur niðurstöðu krafnanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Því ætti einkum að taka tillit til þess að marktækt minni áhætta felst í stöðustofnunarstarfsemi sem fram fer á fjármálamörkuðum sem eru minni en fjármálamarkaður Sambandsins.

4) Í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

5) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu skal miðlægur mótaðili, sem hefur starfsleyfi í þriðja landi, fara að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

6) Lagalega bindandi kröfur Kanada vegna miðlægra mótaðila, sem hafa starfsleyfi í viðkomandi fylkjum, samanstanda af viðkomandi lögum um verðbréf ásamt reglum og reglugerðum sem verðbréfaeftirlitsaðilar í sérhverju viðkomandi fylki samþykkja samkvæmt þeim lögum, svo og ákvörðunum, skipunum eða fyrirmælum sem slíkir verðbréfaeftirlitsaðilar gefa út (verðbréfareglur fylkis) og sem gilda um miðlæga mótaðila sem starfa í þessum fylkjum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 298, 14.11.2015, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálapjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

7) Að því er varðar þessa ákvörðun eru verðbréfaeftirlitsaðilarnir Alberta Securities Commission („ASC“) í Alberta; Autorité des marchés financiers („AMF“) í Québec; British Columbia Securities Commission („BCSC“) í Bresku Kólumbíu; Manitoba Securities Commission („MSC“) í Manitóba og Ontario Securities Commission („OSC“) í Ontarió. Verðbréfaeftirlitsaðilarnir vinna saman að þróun og framkvæmd verðbréfamarkaðsréttar og -reglusetningar og að stjórnun, eftirliti og framfylgd gildandi laga á samræmdan og samhæfðan hátt.

8) Miðlægur mótaðili, sem sækist eftir því að stunda starfsemi í viðkomandi fylki, skal hafa til þess leyfi viðeigandi verðbréfaeftirlitsaðila. Starfsleyfið getur annaðhvort verið í formi viðurkenningar eða undanþágu frá viðurkenningu. Viðurkenning gefur til kynna að verðbréfareglum viðkomandi fylkis sé beitt til fulls. Miðlægir mótaðilar, sem starfa í mörgum viðkomandi fylkjanna, skulu hafa leyfi sem viðurkenndur miðlægur mótaðili í a.m.k. einu fylki og falla undir ströngustu kröfur sem gilda í þeim fylkjum þar sem þeir starfa. Undanþága frá viðurkenningu er almennt veitt miðlægum mótaðilum, sem hafa hlotið viðurkenningu í öðru fylki og falla þar með undir beint eftirlit verðbréfaeftirlitsaðila fylkisins þar sem miðlægi mótaðilinn hefur hlotið viðurkenningu, að því tilskildu að viðkomandi verðbréfaeftirlitsaðili telji þá hvorki vera kerfislega mikilvæga né skapa verulega áhættu fyrir fjármagnsmarkaðina. Verðbréfaeftirlitsaðilar setja skilyrði sem gilda um miðlæga mótaðila sem eru undanþegnir viðurkenningu ef þessir miðlægu mótaðilar falla undir mildari kröfur í fylkjunum, sem hafa viðurkennt þá, en í þeim sem hafa undanþegið þá frá viðurkenningu. Seðlabanki Kanada getur einnig tilnefnt miðlæga mótaðila sem kerfislega mikilvæga ef þeir geta mögulega valdið kerfisáhættu fyrir kanadíska fjármálakerfið.

9) Lagalega bindandi kröfur sem gilda um miðlæga mótaðila, sem hafa starfsleyfi í Alberta, samanstanda af lögum um verðbréf (Securities Act (Alberta)), reglum og reglugerðum sem samþykktar eru samkvæmt þeim og öllum ákvörðunum, skipunum eða fyrirmælum sem ASC setur fram eða gefur út (hér á eftir nefnt „verðbréfamarkaðsréttur Alberta“). Til að veita stöðustofnunarþjónustu í Alberta þarf miðlægur mótaðili að hafa til þess leyfi frá ASC, annaðhvort sem viðurkennd stöðustofnunarstofnun eða sem stöðustofnunarstofnun undanþegin viðurkenningu (undanþegin stöðustofnunarstofnun). Miðlægir mótaðilar sem hafa starfsleyfi í Alberta skulu fara að verðbréfamarkaðsrétti Alberta. Almennt veitir ASC miðlægum mótaðilum starfsleyfi sem viðurkenndar stöðustofnunarstofnanir ef það telur rétt að fella þær undir eftirlit sitt. ASC getur þó einnig treyst á eftirlit annarra verðbréfaeftirlitsaðila að því er varðar sumar stöðustofnunarstöðvar sem hafa hlotið viðurkenningu í öðrum fylkjum. ASC getur sett skilyrði og skilmála um leyfisveitingu til stöðustofnunarstofnunar, hvort sem um er að ræða viðurkennda stöðustofnunarstofnun eða undanþegna stöðustofnunarstofnun. ASC hefur gefið út fyrirmæli um viðurkenningu að því er varðar allar stöðustofnunarstofnanir sem hafa fengið starfsleyfi þess sem viðurkenndar stöðustofnunarstofnanir, þar sem þess er krafist að þær fari að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða (PFMIs), sem greiðslu- og uppgjörsnefndin ([1]) og Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði gáfu út í apríl 2012.

10) Lagalega bindandi kröfur sem gilda um miðlæga mótaðila, sem hafa starfsleyfi í Bresku Kólumbíu, samanstanda af lögunum um verðbréf (e. Securities Act (British Columbia)), reglunum og reglugerðunum sem gefnar eru út samkvæmt þeim og fyrirmælum sem BCSC gefur. Til að veita stöðustofnunarþjónustu í Bresku Kólumbíu þarf miðlægur mótaðili að hafa til þess leyfi BCSC, annaðhvort sem viðurkennd stöðustofnunarstofnun eða sem stöðustofnunarstofnun sem er undanþegin viðurkenningu (undanþegin stöðustofnunarstofnun), sem veltur á nokkrum þáttum, þ.m.t. áhrifum af starfsemi stöðustofnunarstofnunarinnar í Bresku Kólumbíu. BCSC getur sett skilyrði og skilmála um leyfisveitingu til stöðustofnunarstofnunar, hvort sem um er að ræða viðurkennda stöðustofnunarstofnun eða undanþegna stöðustofnunarstofnun. BCSC hefur gefið út fyrirmæli um viðurkenningu að því er varðar allar stöðustofnunarstofnanirnar, sem hafa hlotið leyfi BCSC til að starfa sem viðurkenndar stöðustofnunarstofnanir, þar sem þess er krafist að þær fari að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða.

11) Lagalega bindandi kröfur sem gilda um miðlæga mótaðila, sem hafa starfsleyfi í Manitóba, samanstanda af lögum um framtíðarsamninga um hrávörur (e. Commodity Futures Act (Manitoba)), lögum um verðbréf (e. Securities Act (Manitoba)) og reglum og fyrirmælum sem MSC gefur út í samræmi við þau. Til að veita stöðustofnunarþjónustu í Manitóba þarf miðlægur mótaðili að hafa til þess leyfi MSC, annaðhvort sem viðurkennd stöðustofnunarstofnun að því er varðar framtíðarsamninga um hrávörur, eða sem viðurkennd stöðustofnunarstofnun að því er varðar önnur verðbréf, eða sem stöðustofnunarstöð eða stöðustofnunarstofnun, eftir því sem við á, sem er undanþegin viðurkenningu (undanþegin stöðustofnunarstofnun eða stöðustofnunarstöð). MSC getur sett skilyrði og skilmála um leyfisveitingu til

([1]) Greiðslu- og uppgjörsnefndin breytti heiti sínu frá og með 1. september 2014 í greiðslu- og markaðsinnviðanefndin (e. Committee on Payment and Market Infrastructures, „CPMI“).

stöðustofnunarstofnunar eða stöðustofnunarstöðvar, hvort sem um er að ræða viðurkennda stöðustofnunarstofnun eða stöðustofnunarstöð eða undanþegna stöðustofnunarstofnun eða stöðustofnunarstöð. MSC hefur gefið út fyrirmæli um viðurkenningu að því er varðar allar stöðustofnunarstofnanirnar og stöðustofnunarstöðvar, sem hafa hlotið leyfi BCSC til að starfa sem viðurkenndar stöðustofnunarstofnanir eða stöðustofnunarstöðvar, þar sem þess er krafist að þær fari að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða.

12) Lagalega bindandi kröfur sem gilda um miðlæga mótaðila, sem hafa starfsleyfi í Ontaríó, samanstanda af lögum um verðbréf (e. Securities Act (Ontario)) reglugerðum og reglum sem gefnar eru út samkvæmt þeim og leiðbeiningum, ákvörðunum, fyrirmælum, úrskurðum eða öðrum kröfum samkvæmt þeim. Til að veita stöðustofnunarþjónustu í Ontario þarf miðlægur mótaðili að hafa til þess leyfi frá OSC, annaðhvort sem viðurkennd stöðustofnunarstofnun eða sem stöðustofnunarstofnun undanþegin viðurkenningu (undanþegin stöðustofnunarstofnun). OSC getur sett skilyrði og skilmála um leyfisveitingu til stöðustofnunarstofnunar, hvort sem um er að ræða viðurkennda stöðustofnunarstofnun eða undanþegna stöðustofnunarstofnun. OSC hefur gefið út fyrirmæli um viðurkenningu að því er varðar allar stöðustofnunarstofnanir, sem hún hefur veitt starfsleyfi sem viðurkenndar stöðustofnunarstofnanir, þar sem þess er krafist að þær fari að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða.

13) Lagalega bindandi kröfur sem gilda um miðlæga mótaðila, sem hafa starfsleyfi í Québec, samanstanda af lögum um verðbréf (e. Securities Act (Québec)), lögum um afleiður (e. Derivatives Act (Québec)) og lögum um yfirvald fjármálamarkaðarins (e. Act respecting the Autorité des marchés financiers („AAMF“)), reglum sem samþykktar eru samkvæmt lögunum um verðbréf og lögum um afleiður og ákvörðunum og fyrirmælum AMF. Til að veita stöðustofnunarþjónustu í Québec þarf miðlægur mótaðili að hafa til þess leyfi frá AMF, annaðhvort sem viðurkennd stöðustofnunarstöð eða sem stöðustofnunarstöð undanþegin viðurkenningu (undanþegin stöðustofnunarstöð). AMF getur sett skilyrði og skilmála um leyfisveitingu til stöðustofnunarstöðvar, hvort sem um er að ræða viðurkennda stöðustofnunarstöð eða undanþegna stöðustofnunarstöð. AMF hefur gefið út fyrirmæli um viðurkenningu að því er varðar allar stöðustofnunarstöðvar, sem hafa hlotið starfsleyfi AMF sem viðurkenndar stöðustofnunarstöðvar, þar sem þess er krafist að þær fari að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða.

14) Mat á jafngildi fyrirkomulags laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi í viðkomandi fylkjum, ætti einnig að taka til greina niðurstöðu áhættumildunar sem það tryggir með tilliti til umfangs áhættu sem stöðustofnunaraðilar og viðskiptavettvangur með staðfestu í Sambandinu standa frammi fyrir vegna þátttöku þeirra í miðlægum mótaðilum sem hafa starfsleyfi þar. Niðurstaða áhættumildunar er bæði ákvörðuð af umfangi áhættu, sem felst í stöðustofnunarstarfseminni, sem hlutaðeigandi miðlægur mótaðili framkvæmir, sem er háð stærð fjármálamarkaðar sem hann starfar á, og hversu vel fyrirkomulagi laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila, tekst að milda viðkomandi áhættu. Til að ná fram sömu niðurstöðu áhættumildunar er þörf á strangari kröfum um áhættumildun fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á stærri fjármálamörkuðum þar sem innbyggð áhætta er meiri en fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á minni fjármálamörkuðum sem hafa minni innbyggða áhættu.

15) Stærð fjármálamarkaðarins þar sem miðlægir mótaðilar, sem hafa starfsleyfi í viðkomandi fylkjum, stunda stöðustofnunarstarfsemi sína er umtalsvert minni en sá markaður þar sem miðlægir mótaðilar með staðfestu í Sambandinu stunda starfsemi sína. Á undanförnum þremur árum, nánar tiltekið, hefur heildarverðmæti afleiðuviðskipta sem stöðustofnuð hafa verið í Kanada verið minna en 3% af heildarverðmæti afleiðuviðskipta sem stöðustofnuð hafa verið í Sambandinu. Af þessum sökum hefur þátttaka í miðlægum mótaðilum í viðkomandi fylkjum í för með sér marktækt minni áhættu fyrir stöðustofnunaraðila og viðskiptavettvang með staðfestu í Sambandinu en þátttaka í miðlægum mótaðilum sem hafa starfsleyfi í Sambandinu.

16) Fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um miðlæga mótaðila, sem hafa starfsleyfi í viðkomandi fylkjum, gæti því talist vera jafngilt ef það getur mildað þessa minni áhættu. Reglurnar sem gilda um miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi í viðkomandi fylkjum, þ.m.t. fyrirmæli um viðurkenningu sem verðbréfaeftirlitsaðilar hafa gefið út, þar sem þess er krafist að farið sé að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða, milda minni áhættu sem er fyrir hendi í viðkomandi fylkjum og ná fram áhættumildun sem er jafngild þeirri sem stefnt er að með reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

17) Framkvæmdastjórnin ályktar því að fyrirkomulag laga og eftirlits í viðkomandi fylkjum tryggi að miðlægir mótaðilar, sem hafa starfsleyfi þar, uppfylli lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

18) Samkvæmt öðru skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. skal fyrirkomulag laga og eftirlits, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi í viðkomandi fylkjum, kveða á um skilvirkt eftirlit með þessum miðlægu mótaðilum og framfylgd þeirra á áframhaldandi grundvelli.

19) Verðbréfaeftirlitsaðilar í viðkomandi fylkjum starfa saman að eftirliti með miðlægum mótaðilum sem hafa starfsleyfi í mörgum fylkjum. Verðbréfaeftirlitsaðilar viðkomandi fylkja og Seðlabanki Kanada starfa saman að eftirliti með miðlægum mótaðilum sem seðlabankinn telur að geti skapað kerfisáhættu.

20) Í Alberta hefur ASC víðtækar heimildir til að gera úrbætur eða grípa til letjandi aðgerða gegn stöðustofnunarstofnun sem hefur starfsleyfi, hvort sem hún er viðurkennd eða undanþegin viðurkenningu, vegna almannahagsmuna eða ef stöðustofnunarstofnun hefur brotið gegn verðbréfamarkaðsrétti Alberta. Bæði viðurkenndar stöðustofnunarstofnanir og þær sem eru undanþegnar viðurkenningu verða að leggja fram upplýsingar, gögn eða skrár í þeim tilgangi að tryggja að farið sé að gildandi reglum. ASC getur, bæði að því er varðar viðurkenndar stöðustofnunarstofnanir og þær sem eru undanþegnar viðurkenningu, beitt stjórnsýsluviðurlögum og frestað, breytt skilmálum eða afturkallað viðurkenningu stöðustofnunarstofnunar eða fyrirmæli sem veita stöðustofnunarstofnun undanþágu frá viðurkenningu. ASC getur einnig óskað eftir yfirlýsingu frá dómstól um að ekki sé farið lögum, hafið aðra dómsmeðferð og gert rannsóknir sem geta leitt til þess að ýmsum viðurlögum sé beitt. Einnig er mögulegt að beita viðurlögum gagnvart stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum aðila eða fyrirtækja, eða öðrum aðilum sem heimila, leyfa eða láta óátalin brot á verðbréfamarkaðsrétti Alberta. Að því er varðar viðurkenndar stöðustofnunarstofnanir getur ASC að auki framkvæmt vettvangsskoðanir, haft reglulegt samráð og endurskoðað og greint skyldubundna skráningu og getur tekið ákvarðanir að því er varðar innri reglur, málsmeðferð eða venju viðurkenndra stöðustofnunarstofnana ef ASC telur að það þjóni almannahagsmunum.

21) Í Bresku Kólumbíu framkvæmir BCSC viðvarandi eftirlit með viðurkenndum stöðustofnunarstofnunum með því að beita reglubundnum vettvangsskoðunum og hafa regluleg samskipti við framkvæmdastjórn stöðustofnunarstofnunar, auk þess að endurskoða upplýsingar sem stöðustofnunarstofnun veitir og sannreyna hvort farið sé að kröfum stöðustofnunarstofnunar, m.a. að því er varðar áhættustýringu. BCSC hefur víðtækar heimildir til að gera úrbætur eða grípa til letjandi aðgerða gegn viðurkenndri stöðustofnunarstofnun vegna almannahagsmuna eða ef stöðustofnunarstofnun hefur brotið gegn lögunum um verðbréf (Breska Kólumbía). Slíkar aðgerðir fela m.a. í sér að taka ákvarðanir um aukalög, reglur, málsmeðferðarreglur eða venjur stöðustofnunarstofnunar eða með hvaða hætti stofnunin stundar starfsemi sína og BCSC getur tekið ákvarðanir að því er varðar viðurkennda stöðustofnunarstofnun, þ.m.t. um tímabundna niðurfellingu eða afturköllun á viðurkenningu stöðustofnunarstofnana, auk þess að gera rannsóknir sem gætu leitt til beitingar viðurlaga.

22) Í Manitóba framkvæmir MSC viðvarandi eftirlit með stöðustofnunarstofnunum sem hafa starfsleyfi, hvort sem þær eru viðurkenndar eða undanþegnar viðurkenningu. Undanþegnar stöðustofnunarstofnanir falla þó undir takmarkaðra eftirlit MSC. Eftirlit með viðurkenndum stöðustofnunarstofnunum eða stöðustofnunarstöðvum er framkvæmt með reglubundinni endurskoðun á skýrslugjöf, reglubundnum vettvangsskoðunum, reglulegum samskiptum við framkvæmdastjórn stöðustofnunarstofnunar eða stöðustofnunarstöðvar og árlegu mati á áhættu og stjórntækjum. MSC hefur ýmis tæki til að bæta úr brotum viðurkenndrar stöðustofnunarstofnunar eða stöðustofnunarstöðvar, hvort sem hún er viðurkennd eða undanþegin viðurkenningu, á tilteknum kröfum, þ.m.t. að setja skilmála eða skilyrði um starfsleyfi stöðustofnunarstofnunar, fresta eða afturkalla fyrirmæli um starfsleyfi stöðustofnunarstofnunar eða stöðustofnunarstöðvar eða að gera rannsóknir sem gætu leitt til beitingar sekta og annarra viðurlaga.

23) Í Ontaríó framkvæmir OSC viðvarandi eftirlit með miðlægum mótaðilum sem eru viðurkenndar stöðustofnunarstofnanir með því að beita reglubundnum vettvangsskoðunum og hafa regluleg samskipti við framkvæmdastjórn stöðustofnunarstofnunar, meta reglulega áhættu og stjórntæki auk þess að endurskoða upplýsingar sem stöðustofnunarstofnun veitir og athugar hvort farið sé að kröfum stöðustofnunarstofnunar, m.a. að því er varðar áhættustýringu. Undanþegnar stöðustofnunarstofnanir falla þó undir takmarkaðra eftirlit OSC. OSC hefur víðtækar heimildir til að taka ákvörðun að því er varðar aukalög, reglur og málsmeðferð viðurkenndrar stöðustofnunarstofnunar og með hvaða hætti viðurkennd stöðustofnunarstofnun stundar starfsemi sína og til að gera úrbætur eða grípa til letjandi aðgerða að því er varðar viðurkennda stöðustofnunarstofnun, hvort sem hún er viðurkennd eða undanþegin viðurkenningu, vegna almannahagsmuna eða ef stöðustofnunarstofnun hefur brotið gegn lögunum um verðbréf (Ontaríó). Slíkar aðgerðir fela m.a. í sér að samþykkja ákvarðanir eða fyrirmæli að því er varðar stöðustofnunarstofnunina, setja skilmála, skilyrði,

takmarkanir eða kröfur, að því er varðar stöðustofnunarstofnunina, fella tímabundið niður starfsleyfi stöðustofnunarstofnunar eða afturkalla það, auk þess að framkvæma rannsóknir sem geta leitt til beitingar sekta og viðurlaga.

24) Í Québec hefur AMF víðtækt eftirlitsyfirvald að því er varðar alla starfsemi viðurkenndra stöðustofnunarstöðva og hefur eftirlit með því að miðlægir mótaðilar fari að lögum um verðbréf (Québec), lögum um afleiður (Québec) og AAMF. Þessi lög koma á almennum lagaramma sem gildir um eftirlit AMF með fjármálafyrirtækjunum og -stofnunum sem það hefur eftirlit eða umsjón með, s.s. viðurkenndum stöðustofnunarstöðvum. AMF hefur vald til að óska eftir upplýsingum frá öllum stöðustofnunarstöðvum sem hafa starfsleyfi, krefjast eiðsvarinna vitnaleiðslna, til að gera rannsókn og til að framkvæma vettvangsskoðanir. AMF hefur ýmis tiltæk úrræði til að ráða bót á brotum stöðustofnunarstöðva gegn kröfum. Þar á meðal er vald til að fresta beitingu innri reglna og málsmeðferðarreglna viðurkenndrar stöðustofnunarstöðvar, til að fyrirskipa breytingu á tilhögun eða venju viðurkenndrar stöðustofnunarstöðvar til að hún sé í samræmi við gildandi löggjöf, til að grípa til aðgerða gegn stöðustofnunarstöð sem hefur starfsleyfi til að tryggja að farið sé að skuldbindingum gagnvart AMF eða að gildandi löggjöf, til að beita viðurkennda stöðustofnunarstöð sektum og til að breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla allt, eða hluta af, starfsleyfi eða undanþágu sem veitt er stöðustofnunarstöð.

25) Framkvæmdastjórnin ályktar því að fyrirkomulag laga og eftirlits í viðkomandi fylkjum, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, kveði á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

26) Samkvæmt þriðja skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga og eftirlits í viðkomandi fylkjum innihalda skilvirkt, jafngilt kerfi fyrir viðurkenningu á miðlægum mótaðilum sem hafa starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands („miðlægir mótaðilar þriðja lands“).

27) Miðlægir mótaðilar þriðja lands sem sækjast eftir því að stunda starfsemi stöðustofnunarstofnunar eða stöðustofnunarstöðvar í Bresku Kólumbíu og Manitóba geta, og skulu í Alberta, Ontaríó og Québec, sækja um viðurkenningu eða undanþágu frá viðurkenningu í viðkomandi fylki, sem gerir þeim kleift að veita sömu stöðustofnunarþjónustu í Kanada og þeim er heimilt að veita í þriðja landinu, svo fremi sem farið sé að skilyrðunum í fyrirmælum um viðurkenningu eða undanþágu. Veita má undanþágu ef miðlægur mótaðili þriðja lands er ekki kerfislega mikilvægur fyrir markaðinn í fylkinu eða ef hann skapar ekki með öðrum hætti verulega áhættu fyrir fjármagnsmarkaðina, að því tilskildu að hann falli undir sambærilegt reglukerfi. Jafnvel þótt krafist sé að miðlægur mótaðili þriðja lands fái viðurkenningu geta yfirvöld þó reitt sig á opinbert eftirlit þriðja lands ef reglusetningin sem gildir um miðlægan mótaðila þriðja lands er sambærileg reglusetningunni sem á við samkvæmt viðkomandi fyrirkomulagi fylkisins.

28) Enda þótt ljóst sé að fyrirkomulag viðurkenningarferlisins í lagareglum viðkomandi fylkja í Kanada, sem gildir um miðlæga mótaðila þriðja lands, sé frábrugðið málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ætti eigi að síður að líta svo á að þar sé kveðið á um skilvirkt, jafngilt kerfi til viðurkenningar á miðlægum mótaðilum þriðja lands.

29) Skilyrðin sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 geta því talist vera uppfyllt með fyrirkomulagi laga og eftirlits í viðkomandi fylkjum í Kanada og ætti þetta fyrirkomulag laga og eftirlits að teljast vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Framkvæmdastjórnin ætti áfram að hafa eftirlit með þróun laga- og eftirlitsramma viðkomandi fylkja vegna miðlægra mótaðila og með því hvort skilyrðin, sem þessi ákvörðun byggir á, hafi verið uppfyllt.

30) Regluleg endurskoðun á gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits í Kanada vegna miðlægra mótaðila sem hafa starfsleyfi þar ætti ekki að hafa áhrif á möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að gera sérstaka endurskoðun hvenær sem er utan hinnar almennu endurskoðunar, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem samþykkt var með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til þess að viðurkenning á jafngildi yrði dregin til baka.

31) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 telst fyrirkomulag laga og eftirlits í fylkjunum Alberta, Breska Kólumbía, Manitóba, Ontaríó og Québec í Kanada, sem samanstendur af lögum um verðbréf í Alberta (e. Securities Act (Alberta)), lögum um verðbréf í Bresku Kólumbíu (e. Securities Act (British Columbia)), lögum um framtíðarsamninga um hrávörur í Manitóba (e. Commodity Futures Act (Manitoba)), lögum um verðbréf í Manitóba (e. Securities Act (Manitoba)), lögum um verðbréf í Ontaríó (e. Securities Act (Ontaríó)), lögum um verðbréf í Québec (e. Securities Act (Québec)), lögum um afleiður í Québec (e. Derivatives Act (Québec)), lögum um að fara að yfirvaldi fjármálamarkaðarins (e. Act respecting the Autorité des marchés financiers) og reglum, reglugerðum, ákvörðunum, leiðbeiningum og fyrirmælum sem samþykkt eru samkvæmt þeim, þ.m.t. fyrirmælum um viðurkenningu sem gilda um miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, jafngilda kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 13. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2041 **2017/EES/24/61**

frá 13. nóvember 2015

um jafngildi milli regluramma Mexíkó um miðlæga mótaðila og krafnanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 6. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Málsmeðferðin við viðurkenningu á miðlægum mótaðilum, sem hafa staðfestu í þriðju löndum, sem sett er fram í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, miðar að því að gera miðlægum mótaðilum sem hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðju löndum, sem hafa eftirlitsstaðla sem eru jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, kleift að veita stöðustofnunaraðilum eða viðskiptavettvangi, sem hafa staðfestu í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu. Viðurkenningarferlið og ákvarðanir um jafngildi, sem þar er kveðið á um, stuðlar því að því að ná því meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að draga úr kerfisáhættu með því að auka notkun á öruggum og traustum miðlægum mótaðilum til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. ef þessir miðlægu mótaðilar hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðja landi.

2) Til að lagareglur þriðja lands geti talist jafngildar lagareglum Sambandsins að því er varðar miðlæga mótaðila ætti grundvallarniðurstaða gildandi fyrirkomulags laga og eftirlits að vera jafngild kröfum Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að fyrirkomulag laga og eftirlits í Mexíkó tryggi að miðlægir mótaðilar, sem hafa staðfestu og starfsleyfi þar, valdi ekki stöðustofnunaraðilum og viðskiptavettvangi með staðfestu í Sambandinu meiri áhættu en síðarnefndi aðilinn gæti staðið frammi fyrir vegna miðlægra mótaðila sem hafa staðfestu í Sambandinu og valdi, af þessum sökum, ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu.

3) Þessi ákvörðun byggist ekki einvörðungu á samanburðargreiningu á lagalega bindandi kröfum sem gilda um miðlæga mótaðila í Mexíkó heldur einnig á mati á niðurstöðu þessara krafna og hversu fullnægjandi þær eru til að milda áhættuna sem stöðustofnunaraðilar og viðskiptavettvangur, sem hafa staðfestu í Sambandinu, standa frammi fyrir, með hætti sem telst jafngildur niðurstöðu krafnanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Því ætti einkum að taka tillit til þess að marktækt minni áhætta felst í stöðustofnunarstarfsemi sem fram fer á fjármálamörkuðum sem eru minni en fjármálamarkaður Sambandsins.

4) Í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

5) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu skal miðlægur mótaðili, sem hefur starfsleyfi í þriðja landi, fara að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

6) Lagalega bindandi kröfur Mexíkó vegna miðlægra mótaðila sem hafa starfsleyfi þar samanstanda af reglunum sem gilda um þátttakendur á markaði með afleiðusamninga, sem gefnar eru út af Seðlabanka Mexíkó, Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitinu (Comisión Nacional Bancaria y de Valores, CNBV)) og fjármálaráðuneytinu (Secretaría de Hacienda y Crédito Público (SHCP)), og varfærniskröfunum sem gilda um þátttakendur á markaði með skráða afleiðusamninga sem CNBV gefur út (hér á eftir sameiginlega nefndar „megnireglurnar“). Í meginreglunum eru settar fram kröfur sem miðlægir mótaðilar verða uppfylla á áframhaldandi grundvelli til að geta veitt stöðustofnunarþjónustu í Mexíkó. Miðlægir mótaðilar með staðfestu í Mexíkó þurfa leyfi fjármálaráðuneytisins, á grundvelli álits banka- og verðbréfaeftirlitsins og Seðlabanka Mexíkó.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 298, 14.11.2015, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálapjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

7) Bæði banka- og verðbréfaeftirlitið (CNBV) og Seðlabanki Mexíkó hafa gefið út stefnumarkandi yfirlýsingar þar sem segir að miðlægir mótaðilar sem hafa starfsleyfi í Mexíkó skuli fara að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða (PFMIs) sem gefnar voru út af greiðslu- og uppgjörsnefndinni ([1]) og Alþjóðasamtökum eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði í apríl 2012.

8) Samkvæmt meginreglunum skulu miðlægir mótaðilar samþykkja innri reglur og málsmeðferðarreglur sem taka til allra viðeigandi þátta sem tengjast starfsemi þeirra, þ.m.t. verndarráðstafanir til að stýra útlána-, lausafjár- og rekstraráhættu. Fjármálaráðuneytið þarf að samþykkja þessar innri reglur og málsmeðferðarreglur, á grundvelli álits Seðlabanka Mexíkó og banka- og verðbréfaeftirlitsins. Þar að auki má ekki breyta innri reglum og málsmeðferðarreglum ef fjármálaráðuneytið, banka- og verðbréfaeftirlitið eða Seðlabanki Mexíkó hreyfa andmælum. Einnig er unnt að samþykkja innri reglur og málsmeðferðarreglur miðlægra mótaðila eða lagfæringar á þeim með fyrirvara um tilteknar breytingar. Sama málsmeðferð á við um samþykki og lagfæringar á stofnskjölum. Þar að auki er aðferðafræði við útreikning á fjármagni og lausafjáráætlun miðlæga mótaðilans með fyrirvara um samþykki Seðlabanka Mexíkó og álit banka- og verðbréfaeftirlitsins.

9) Lagalega bindandi kröfur í Mexíkó eru því tvískiptar. Í grundvallarreglum fyrir miðlæga mótaðila, sem settar eru fram í meginreglunum, er mælt fyrir um stranga staðla sem miðlægir mótaðilar verða að uppfylla til að fá leyfi til að veita stöðustofnunarþjónustu í Mexíkó. Meginreglurnar eru fyrsta þrepið í lagalega bindandi kröfum í Mexíkó. Til að sýna fram á að farið sé að meginreglunum skulu miðlægir mótaðilar leggja fram innri reglur og málsmeðferðarreglur sínar, stofnskjöl, aðferðafræði við útreikning á fjármagni og lausafjáráætlun miðlæga mótaðilans til samþykkis fyrir lögbær yfirvöld. Þessar innri reglur og málsmeðferðarreglur, stofnskjöl, lausafjáráætlun og aðferðafræði við útreikning á fjármagni miðlæga mótaðilans eru síðara þrepið í lagalega bindandi kröfum í Mexíkó, sem verða að veita ítarlega forskrift að því er varðar með hvaða hætti miðlægur mótaðili muni uppfylla þessa staðla. Banka- og verðbréfaeftirlitið og Seðlabanki Mexíkó meta hvort miðlægur mótaðili uppfyllir þessa staðla og meginreglurnar um innviði fjármálamarkaða. Þegar lögbær yfirvöld hafa samþykkt innri reglurnar og málsmeðferðarreglurnar, stofnskjölin, lausafjáráætlunina og aðferðafræðina fyrir útreikning á fjármagni miðlæga mótaðilans verður það lagalega bindandi fyrir miðlæga mótaðilann.

10) Matið á jafngildi fyrirkomulags laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila með staðfestu í Mexíkó, ætti einnig að taka til greina niðurstöðu áhættumildunar sem það tryggir með tilliti til umfangs áhættu sem stöðustofnunaraðilar og viðskiptavettvangar með staðfestu í Sambandinu standa frammi fyrir vegna þátttöku þeirra í miðlægum mótaðilum með staðfestu í Mexíkó. Niðurstaða áhættumildunar ákvarðast bæði af umfangi áhættu, sem felst í stöðustofnunarstarfseminni sem hlutaðeigandi miðlægur mótaðili framkvæmir, sem er háð stærð fjármálamarkaðar sem hann starfar á, og hversu vel fyrirkomulagi laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila, tekst að milda viðkomandi áhættu. Til að ná fram sömu niðurstöðu áhættumildunar er þörf á strangari kröfum um áhættumildun fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á stærri fjármálamörkuðum þar sem innbyggð áhætta er meiri en fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á minni fjármálamörkuðum sem hafa minni innbyggða áhættu.

11) Stærð fjármálamarkaðarins þar sem stöðustofnunarstöðvar, sem hafa starfsleyfi í Mexíkó, stunda stöðustofnunarstarfsemi sína er umtalsvert minni en sá markaður þar sem miðlægir mótaðilar með staðfestu í Sambandinu, stunda starfsemi sína. Á undanförnum þremur árum hefur heildarverðmæti afleiðuviðskipta, sem stöðustofnuð hafa verið í Mexíkó, verið minna en 1% af heildarverðmæti afleiðuviðskipta sem stöðustofnuð hafa verið í Sambandinu. Af þessum sökum hefur þátttaka í miðlægum mótaðilum með staðfestu í Mexíkó í för með sér marktækt minni áhættu fyrir stöðustofnunaraðila og viðskiptavettvang með staðfestu í Sambandinu en þátttaka í miðlægum mótaðilum sem hafa starfsleyfi í Sambandinu.

12) Fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um miðlæga mótaðila með staðfestu í Mexíkó gæti því talist vera jafngilt ef það er fullnægjandi til að milda þessa minni áhættu. Meginreglurnar sem gilda um miðlæga mótaðila með starfsleyfi í Mexíkó, sem studdar eru af innri reglum og málsmeðferðarreglum, stofnskjölum, lausafjáráætlun og aðferðafræði við útreikning á fjármagni miðlægra mótaðila, sem hrinda í framkvæmd meginreglunum um innviði fjármálamarkaða, milda minni áhættu sem er fyrir hendi í Mexíkó og ná fram jafngildri niðurstöðu áhættumildunar og þeirri sem leitast er við að ná fram með reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

13) Framkvæmdastjórnin ályktar því að fyrirkomulag laga og eftirlits í Mexíkó tryggi að miðlægir mótaðilar sem hafa starfsleyfi þar uppfylli lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

([1]) Greiðslu- og uppgjörsnefndin breytti heiti sínu frá og með 1. september 2014 í greiðslu- og markaðsinnviðanefndin (Committee on Payment and Market Infrastructures.

14) Samkvæmt öðru skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verður fyrirkomulag laga og eftirlits í Mexíkó, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, að kveða á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

15) Eftirlit með miðlægum mótaðilum sem hafa starfsleyfi í Mexíkó er framkvæmt af banka- og verðbréfaeftirlitinu og Seðlabanka Mexíkó, innan valdsviðs hvers yfirvalds. Banka- og verðbréfaeftirlitið og Seðlabanki Mexíkó hafa vald til að framkvæma viðvarandi eftirlit með því hvort miðlægir mótaðilar fara að lagalega bindandi kröfum sem um þá gilda. Í þessu sambandi geta banka- og verðbréfaeftirlitið og Seðlabanki Mexíkó krafist upplýsinga frá miðlægum mótaðilum, framkvæmt vettvangsskoðanir, gefið út fyrirmæli um að bæta úr brotum eða mögulegum brotum á varfærniskröfum eða venjum sem stríða gegn snurðulausri starfsemi fjármálamarkaða og skipað miðlægum mótaðilum að koma á fót innra eftirliti og áhættustýringarráðstöfunum. Banka- og verðbréfaeftirlitið getur einnig vikið stjórninni frá sem og aðilum tiltekinna nefnda og öðru starfsfólki miðlæga mótaðilans. Þar að auki hefur fjármálaráðuneytið, á grundvelli álits banka- og verðbréfaeftirlitsins og Seðlabanka Mexíkó, vald til að afturkalla starfsleyfi miðlægra mótaðila. Banka- og verðbréfaeftirlitið og Seðlabanki Mexíkó geta einnig beitt miðlæga mótaðila viðurlögum og sektum ef þeir fara ekki að gildandi ákvæðum.

16) Framkvæmdastjórnin ályktar því að fyrirkomulag laga og eftirlits í Mexíkó, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, kveði á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

17) Samkvæmt þriðja skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verður fyrirkomulag laga og eftirlits í Mexíkó að fela í sér skilvirkt, jafngilt kerfi til að viðurkenna miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands („miðlægir mótaðilar þriðja lands“).

18) Seðlabanki Mexíkó getur viðurkennt miðlæga mótaðila þriðja lands, sem stöðustofna afleiður og hafa starfsleyfi í þriðju löndum þar sem fyrirkomulag laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, tryggir sambærilega niðurstöðu og þá sem fyrirkomulag laga og eftirlits í Mexíkó tryggir og sem er í samræmi við meginreglurnar um innviði fjármálamarkaða. Þar að auki skulu miðlægir mótaðilar þriðja lands falla undir skilvirkt eftirlit sem tryggir að farið sé að gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits. Einnig er þess krafist að gert sé samkomulag milli Seðlabanka Mexíkó eða banka- og verðbréfaeftirlitsins og lögbærs eftirlitsyfirvalds miðlægs mótaðila þriðja lands sem sækir um til að unnt sé að veita viðurkenningu.

19) Viðurkenningarferlið samkvæmt lagareglum Mexíkó, sem gildir um miðlæga mótaðila þriðja lands, ætti því að teljast kveða á um skilvirkt, jafngilt kerfi fyrir viðurkenningu miðlægra mótaðila þriðja lands.

20) Skilyrðin sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 25. gr. í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 geta því talist vera uppfyllt með fyrirkomulagi laga og eftirlits í Mexíkó að því er varðar miðlæga mótaðila með staðfestu þar og ætti þetta fyrirkomulag laga og eftirlits að teljast jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Framkvæmdastjórnin ætti áfram að hafa eftirlit með þróun laga- og eftirlitsramma Mexíkó vegna miðlægra mótaðila og með því hvort skilyrðin, sem þessi ákvörðun byggir á, hafi verið uppfyllt.

21) Regluleg endurskoðun á gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits í Mexíkó vegna miðlægra mótaðila, sem hafa starfsleyfi þar, ætti ekki að hafa áhrif á möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að gera sérstaka endurskoðun hvenær sem er utan hinnar almennu endurskoðunar, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem samþykkt er með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til þess að viðurkenning á jafngildi yrði dregin til baka.

22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 telst fyrirkomulag laga og eftirlits í Mexíkó, sem samanstendur af reglunum sem gilda um þátttakendur á markaði með afleiðusamninga og varfærniskröfunum sem gilda um þátttakendur á markaði með skráða afleiðusamninga, eins og þær eru studdar af stefnumarkandi yfirlýsingum sem gefnar eru út af Mexíkóska banka- og verðbréfaeftirlitinu (CNBV) og Seðlabanka Mexíkó um beitingu meginreglnanna um innviði fjármálamarkaða og gilda um miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, jafngilda kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 13. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2042 **2017/EES/24/62**

frá 13. nóvember 2015

um jafngildi milli regluramma Sviss um miðlæga mótaðila og krafnanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 6. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Málsmeðferðin við viðurkenningu á miðlægum mótaðilum, sem hafa staðfestu í þriðju löndum, sem sett er fram í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, miðar að því að gera miðlægum mótaðilum sem hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðju löndum, sem hafa eftirlitsstaðla sem eru jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, kleift að veita stöðustofnunaraðilum eða viðskiptavettvangi, sem hafa staðfestu í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu. Viðurkenningarferlið og ákvörðunin um jafngildi, sem þar er kveðið á um, stuðlar því að því að ná því meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að draga úr kerfisáhættu með því að auka notkun á öruggum og traustum miðlægum mótaðilum til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. ef þessir miðlægu mótaðilar hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðja landi.

2) Til að lagareglur þriðja lands geti talist jafngildar lagareglum Sambandsins að því er varðar miðlæga mótaðila ætti grundvallarniðurstaða gildandi fyrirkomulags laga og eftirlits að vera jafngild kröfum Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að fyrirkomulag laga og eftirlits í Sviss tryggi að miðlægir mótaðilar, sem hafa staðfestu og starfsleyfi þar, valdi ekki stöðustofnunaraðilum og viðskiptavettvangi með staðfestu í Sambandinu meiri áhættu en síðarnefndi aðilinn gæti staðið frammi fyrir vegna miðlægra mótaðila sem hafa staðfestu í Sambandinu og valdi, af þessum sökum, ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu.

3) Hinn 1. september 2013 fékk framkvæmdastjórnin tækniráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi í Sviss. Í tækniráðgjöfinni var komist að þeirri niðurstöðu að fyrirkomulag laga og eftirlits, á vettvangi dómsvalds, tryggði að miðlægir mótaðilar sem hafa starfsleyfi í Sviss uppfylltu lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

4) Í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

5) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu verður miðlægur mótaðili, sem hefur starfsleyfi í þriðja landi, að fara að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

6) Lagalega bindandi kröfur Sviss vegna miðlægra mótaðila, sem hafa starfsleyfi þar, samanstanda af landsbundnu bankareglugerðinni („National Bank Ordinance“) frá 18. mars 2004 og reglugerðunum sem Seðlabanki Sviss („SNB“) samþykkir samkvæmt henni, ásamt lögum ríkjasambandsins um banka og sparisjóði („Federal Act on Banks and Saving Banks („Act on Banks“)) og reglugerðunum og umburðarbréfunum sem svissneska fjármálaeftirlitið („FINMA“) gefur út. Landsbundna bankareglugerðin var nýlega endurskoðuð í því skyni að framkvæma meginreglurnar um innviði fjármálamarkaða („PFMIs“) sem greiðslu- og uppgjörsnefndin og Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði („CPSS-IOSCO“) gáfu út og ná fram jafngildi við reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Í endurskoðaða reglurammanum kemur fram ýmiss konar mismunur á lagalega bindandi kröfum sem gilda, á vettvangi dómsvalds, um miðlæga mótaðila í Sviss og lagalega bindandi kröfum sem gilda um miðlæga mótaðila samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Seðlabanki Sviss gaf þó út greinargerð um hlutaendurskoðun á landsbundnu bankareglugerðinni, sem veitir leiðbeiningar til túlkunar á

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 298, 14.11.2015, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálapjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

landsbundnu bankareglugerðinni þar sem einkum er skýrt út að endurskoðaða, landsbundna bankareglugerðin hrindi meginreglunum um innviði fjármálamarkaða í framkvæmd og að landsbundnu bankareglugerðina ætti að túlka með tilliti til meginreglnanna um innviði fjármálamarkaða og IV. og V. bálk reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

7) Þar að auki verða miðlægir mótaðilar, sem hafa starfsleyfi í Sviss, að samþykkja stofnsamþykktir, innri reglur og reglur um hæfi og tilteknar fyrirtækjastefnur (reglur og stefnur fyrirtækis), sem veita ítarlegar forskriftir um með hvaða hætti miðlægir mótaðilar munu uppfylla þessa staðla í samræmi við meginreglurnar um innviði fjármálamarkaða og reglugerð (ESB) nr. 648/2012, eins og skýrt er í greinargerðinni um hlutaendurskoðun á landsbundnu bankareglugerðinni.

8) Seðlabanki Sviss og fjármálaeftirlitið skipta með sér reglusetningar- og eftirlitshlutverki að því er varðar miðlæga mótaðila og vinna saman að framkvæmd þessara hlutverka. Miðlægir mótaðilar með staðfestu í Sviss hafa starfsleyfi fjármálaeftirlitsins til að starfa sem bankar. Fjármálaeftirlitið getur veitt miðlægum mótaðilum undanþágu frá tilteknum ákvæðum laganna um banka og aðlagað ákvæði sín með tilliti til stöðustofnunarstarfsemi og áhættulýsingar miðlægra mótaðila. Umburðarbréf fjármálaeftirlitsins fjalla m.a. um gjaldþol, stjórnunarhætti, áhættustýringu, endurskoðun og skýrslugjöf.

9) Lagalega bindandi kröfur í Sviss eru því tvískiptar. Í meginreglunum um miðlæga mótaðila, sem mælt er fyrir um í lögunum um banka og landsbundnu bankareglugerðinni og reglugerðunum, fyrirmælunum og umburðarbréfunum sem gefin eru út samkvæmt þeim („meginreglurnar“), eru settir fram strangir staðlar sem miðlægir mótaðilar verða að uppfylla til að fá leyfi til að veita stöðustofnunarþjónustu í Sviss. Þessar meginreglur eru fyrsta þrepið í lagalega bindandi kröfum í Sviss. Til að sýna fram á að farið sé að meginreglunum verða miðlægir mótaðilar sem hafa starfsleyfi í Sviss að leggja fram innri reglur sínar og stefnu til fjármálaeftirlitsins til samþykkis. Þessar innri reglur og stefna eru annað þrepið í lagalega bindandi kröfum í Sviss. Þegar fjármálaeftirlitið hefur samþykkt þessar innri reglur og stefnu verða þær lagalega bindandi fyrir miðlæga mótaðilann. Þessar reglur og stefna eru því óaðskiljanlegur hluti fyrirkomulags laga og eftirlits sem miðlægir mótaðilar, sem hafa starfsleyfi í Sviss, verða að fara að. Ef ekki er farið að meginreglunum eða innri reglum eða stefnu miðlægs mótaðila hefur fjármálaeftirlitið valdheimild til að gefa miðlæga mótaðilanum stjórnsýslufyrirmæli, þ.m.t. að afturkalla leyfi hlutaðeigandi miðlægs mótaðila til að veita bankaþjónustu.

10) Meginreglurnar sem gilda um miðlæga mótaðila, að viðbættum innri reglum og stefnu, skila grundvallarniðurstöðum sem jafngilda áhrifum reglnanna sem er að finna í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Einkum skila hinar lagalega bindandi kröfur, sem gilda um alla miðlæga mótaðila sem nú hafa starfsleyfi í Sviss að því er varðar fjölda vanskila sem heildarfjármagn skal standa undir, lausafjáráhættu, rekstrarsamfellu, kröfur um tryggingar, fjárfestingarstefnu, uppgjörsáhættu, aðgreiningu og flytjanleika, útreikning á upphafstryggingum og stjórnunarhætti, þ.m.t. skipulagskröfur, kröfur í tengslum við framkvæmdastjórn, áhættunefnd, skráahald, virkan eignarhlut, upplýsingar sem sendar eru lögbærum yfirvöldum, hagsmunaárekstra, útvistun og viðskiptahætti, grundvallarniðurstöðum sem jafngilda þeim sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og ættu því að teljast jafngildar.

11) Framkvæmdastjórnin ályktar því að fyrirkomulag laga og eftirlits Sviss tryggi að miðlægir mótaðilar sem hafa starfsleyfi þar uppfylli lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

12) Samkvæmt öðru skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verður fyrirkomulag laga og eftirlits í Sviss, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, að kveða á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

13) Miðlægir mótaðilar, sem hafa starfsleyfi í Sviss, falla undir viðvarandi eftirlit fjármálaeftirlitsins og viðvarandi tilsjón Seðlabanka Sviss, sem miðar að því að hafa eftirlit með því að farið sé áfram að skilyrðunum fyrir starfsleyfi og öðrum gildandi reglufestum kröfum. Miðlægir mótaðilar sem hafa starfsleyfi í Sviss falla undir árlega endurskoðun. Miðlægir mótaðilar verða að veita endurskoðandanum þær upplýsingar sem krafist er til að framkvæma endurskoðunina. Ef endurskoðandinn greinir brot á eftirlitsákvæðunum eða önnur frávik gefur hann hlutaðeigandi miðlægum mótaðila frest til að ráða bót á því og upplýsir fjármálaeftirlitið ef sú verður ekki raunin. Ef um er að ræða alvarlegt brot á eftirlitsákvæðunum eða alvarleg frávik tilkynnir endurskoðandinn fjármálaeftirlitinu um það milliliðalaust. Þar að auki þurfa bæði miðlægir mótaðilar og endurskoðendur að veita fjármálaeftirlitinu allar nauðsynlegar upplýsingar til að það geti sinnt hlutverki sínu og verða án tafar að tilkynna því um öll atvik sem skipta verulegu máli fyrir eftirlit. Þar að auki framkvæmir fjármálaeftirlitið einnig sértæka endurskoðun á staðnum, endurskoðar reglubundnar skýrslur og fundar reglulega með stjórn og starfsfólki miðlægra mótaðila.

14) Fjármálaeftirlitið getur samþykkt sértækar ráðstafanir er það kemst að þeirri niðurstöðu að brotið sé gegn fyrirkomulagi laga og eftirlits. Einkum getur fjármálaeftirlitið lagt bann við því að aðili gegni stjórnunarstöðu eða gert hagnað af broti upptækan. Fjármálaeftirlitið getur einnig tilnefnt rannsakanda til að rannsaka tilteknar aðstæður að því er varðar brot gegn fyrirkomulagi laga og eftirlits eða til að framkvæma eftirlitsráðstafanir sem það hefur fyrirskipað. Miðlægur mótaðili sem verið er að rannsaka verður að veita rannsakandanum aðgang að athafnasvæði sínu og veita allar upplýsingar og gögn sem rannsakandinn krefst til að framkvæma rannsóknina. Að lokum getur fjármálaeftirlitið einnig afturkallað leyfi miðlægs mótaðila til að stunda bankastarfsemi eða fellt úr gildi skráningu hans ef hann fer ekki lengur að gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits og getur gefið út tilskipanir til stjórnar miðlæga mótaðilans.

15) Seðlabanki Sviss hefur eftirlit með miðlægum mótaðilum í samvinnu við fjármálaeftirlitið. Seðlabanki Sviss ber einkum ábyrgð á að meta hvort miðlægir mótaðilar uppfylli lágmarkskröfurnar sem mælt er fyrir um í landsbundnu bankareglugerðinni. Miðlægir mótaðilar verða að veita Seðlabanka Sviss nauðsynlegar upplýsingar til að hann geti metið hvort farið sé að þessum lágmarkskröfum og gangast undir vettvangsskoðanir. Einkum skulu miðlægir mótaðilar leggja fram reglubundnar og sérstakar skýrslur til Seðlabanka Sviss og upplýsa hann fyrir fram um tiltekin málefni eða breytingar. Seðlabanki Sviss getur einnig beitt sektum og öðrum viðurlögum ef upplýsingar eða sönnunargögn sem Seðlabanki Sviss óskar eftir eru ekki veitt, ef formlegar kröfur eru ekki virtar, eru ófullnægjandi eða ónákvæmar. Við framkvæmd á matinu treystir Seðlabanki Sviss á breytt svið upplýsinga, þ.m.t. sjálfsmat og innra skjalahald miðlægs mótaðila, endurskoðunarskýrslur og reglubundnar skýrslur og fundi með stjórn og starfsfólki miðlægs mótaðila. Seðlabanki Sviss gefur út tilmæli til miðlægra mótaðila sem uppfylla ekki lágmarkskröfurnar sem mælt er fyrir um í landsbundnu bankareglugerðinni. Ef hlutaðeigandi miðlægur mótaðili fer ekki að tilmælunum mun Seðlabanki Sviss gefa út fyrirmæli. Ef miðlægi mótaðilinn fer ekki að fyrirmælunum getur Seðlabanki Sviss upplýst fjármálaeftirlitið um niðurstöður sínar og getur það þá gripið til frekari eftirlits- og framfylgdarráðstafana gegn miðlæga mótaðilanum.

16) Framkvæmdastjórnin ályktar því að fyrirkomulag laga og eftirlits í Sviss, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, kveði á um skilvirkt eftirlit með þessum miðlægu mótaðilum og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

17) Samkvæmt þriðja skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verður fyrirkomulag laga og eftirlits í Sviss að fela í sér skilvirkt, jafngilt kerfi til að viðurkenna miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands („miðlægir mótaðilar þriðja lands“).

18) Miðlægir mótaðilar þriðja lands geta sótt um viðurkenningu hjá fjármálaeftirlitinu, sem gerir þeim kleift að veita þjónustu í Sviss. Viðurkenning á miðlægum mótaðila þriðja lands í Sviss byggist á því að skilvirkt, jafngilt kerfi sé fyrir hendi í hlutaðeigandi þriðja landi að því er varðar viðurkenningu á miðlægum mótaðilum þriðja lands. Seðlabanki Sviss getur einnig tilgreint miðlægan mótaðila þriðja lands sem kerfislega mikilvægan fyrir stöðugleika fjármálamarkaðarins í Sviss og getur leyst hann undan því að fara að lágmarkskröfunum sem mælt er fyrir um í landsbundnu bankareglugerðinni, að því tilskildu að fyrirkomulag laga og eftirlits í þriðja landi teljist jafngilt og gerðir hafi verið samstarfssamningar við lögbær yfirvöld í þriðja landi vegna eftirlits með miðlægum mótaðilum. Viðurkenndir, miðlægir mótaðilar verða einnig að gefa skýrslu og upplýsa fjármálaeftirlitið um tiltekin málefni. Þó hafa þessar kröfur um skýrslu- og upplýsingagjöf af hálfu viðurkenndra, miðlægra mótaðila til fjármálaeftirlitsins ekki áhrif á eftirlitshlutverkið sem lögbær yfirvöld í þriðja landi bera ábyrgð á.

19) Því ætti að líta svo á að fyrirkomulag laga og eftirlits í Sviss kveði á um skilvirkt, jafngilt kerfi til viðurkenningar á miðlægum mótaðilum þriðja lands.

20) Skilyrðin sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 25. gr. í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 geta því talist vera uppfyllt með fyrirkomulagi laga og eftirlits í Sviss, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, og ætti þetta fyrirkomulag laga og eftirlits að teljast vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Framkvæmdastjórnin ætti áfram að hafa eftirlit með þróun laga- og eftirlitsramma Sviss vegna miðlægra mótaðila og með því hvort skilyrðin, sem þessi ákvörðun byggir á, hafi verið uppfyllt.

21) Regluleg endurskoðun á gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits í Sviss vegna miðlægra mótaðila sem hafa starfsleyfi þar ætti ekki að hafa áhrif á möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að gera sérstaka endurskoðun hvenær sem er utan hinnar almennu endurskoðunar, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem var samþykkt með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til þess að viðurkenning á jafngildi yrði dregin til baka.

22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 telst fyrirkomulag laga og eftirlits í Sviss, sem samanstendur af landsbundnu bankareglugerðinni („National Bank Ordinance“) og reglugerðunum sem samþykktar eru samkvæmt henni, lögum ríkjasambandsins um banka og sparisjóði („Federal Act on Banks and Saving Bank“) og reglugerðunum og umburðarbréfunum gefin eru út samkvæmt henni, eins og hún er studd af greinargerðinni um hlutaendurskoðun á landsbundnu bankareglugerðinni, sem veitir leiðbeiningar við túlkun á landsbundnu bankareglugerðinni og gildir um miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, jafngilda kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 13. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/1013 **2017/EES/24/63**

frá 8. júní 2016

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 184/2005 um hagskýrslugerð Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 338. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vegna gildistöku Lissabonsáttmálans ætti að samræma valdheimildina, sem framkvæmdastjórninni er veitt samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 ([3]), að 290. og 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU).

2) Hagskýrslur um greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu af háum gæðum og sambærileika eru mikilvægar fyrir þá sem bera ábyrgð á opinberri stefnu í Sambandinu, vísindamenn og alla evrópska borgara. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) ætti að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að greiða fyrir auðveldum og notendavænum aðgangi að gagnaröðum á Netinu, sem og að láta notendum í té hugsæja framsetningu gagna.

3) Evrópskar hagskýrslur um greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu eru mjög mikilvægar til að tryggja upplýsta stefnumótun í efnahagsmálum og nákvæma hagspá.

4) Framkvæmdastjórnin hefur, í ljósi samþykktar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([4]), skuldbindið sig, með yfirlýsingu ([5]), til að endurskoða, í ljósi viðmiðana sem mælt er fyrir um í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, gildandi lagagerðir þar sem í eru tilvísanir í reglunefndarmeðferð með grannskoðun.

5) Í reglugerð (EB) nr. 184/2005 er tilvísun í reglunefndarmeðferð með grannskoðun og ætti því að endurskoða hana í ljósi viðmiðananna sem mælt er fyrir um í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins.

6) Valdið til að samþykkja framseldar gerðir og framkvæmdargerðir ætti, í því skyni að samræma reglugerð (EB) nr. 184/2005 að 290. og 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að koma í stað framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið samkvæmt þeirri reglugerð.

7) Framselja ætti vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til framkvæmdastjórnarinnar þegar uppfæra þarf, í kjölfar efnahagslegra eða tæknilegra breytinga, landfræðilega

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 144. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar

([1]) Stjtíð. ESB C 31, 30.1.2015, bls. 3.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 10. maí 2016 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 30. maí 2016.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 frá 12. janúar 2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu (Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 23).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

([5]) Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 19.

sundurliðun, sundurliðun eftir haggeirum og sundurliðun eftir starfsemi eins og sett er fram í 6., 7. og 8. töflu í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 184/2005, að því tilskildu að slíkar uppfærslur hafi hvorki áhrif á skýrslugjafarbyrði né breyti viðeigandi undirliggjandi hugtakaramma. Einnig ætti að framselja valdið til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til framkvæmdarstjórnarinnar þegar fella þarf niður eða lækka tilteknar kröfur um gagnaflæði í I. viðauka við þá reglugerð, að því tilskildu að slík niðurfelling eða skerðing dragi ekki úr gæðum hagskýrslna sem teknar eru saman í samræmi við þessa reglugerð. Þessar framseldu gerðir ættu einnig að ná yfir framlengingu á skilafresti skýrslunnar um niðurstöður kannana á hagskýrslum um beina, erlenda fjárfestingu sem byggja á hugtakinu um eiginlegt eignarhald og hagskýrslur um beina, erlenda fjárfestingu þar sem greint er á milli beinnar, erlendrar fjárfestingar í sprotafyrirtækjum og þeim sem leiða til yfirtöku. Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja að þessar framseldu gerðir leggi ekki verulegar viðbótarbyrðar á aðildarríki eða á svareiningarnar og gangi þannig lengra en nauðsynlegt er að því er varðar þessa reglugerð eða breyti viðeigandi undirliggjandi hugtakaramma. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu ([1]). Evrópuþingið og ráðið fá í hendur, einkum í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkja, og sérfræðingar þeirra hafa kerfisbundið aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem hafa umsjón með undirbúningi framseldra gerða.

8) Fela ætti framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald með það í huga að samræma tilhögun, uppbyggingu og tíðni gæðaskýrslna í því skyni að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 184/2005. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.

9) Greiðslujöfnunarnefndin, sem um getur í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 184/2005, hefur veitt framkvæmdastjórninni ráðgjöf og aðstoðað hana við beitingu framkvæmdarvalds hennar. Nefndin um evrópska hagskýrslukerfið (ESSC) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 ([2]) ætti, samkvæmt stefnunni um nýtt skipulag um evrópskt hagskýrslukerfi (ESS) sem miðaði að því að bæta samræmingu og samvinnu í pýramídauppbyggingu innan evrópska hagskýrslukerfisins, að vera í ráðgjafarhlutverki og aðstoða framkvæmdastjórnina við framkvæmdarvald þess. Í því skyni ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 184/2005 með því að láta tilvísanir í nefndina um evrópska hagskýrslukerfið koma í stað tilvísana í greiðslujöfnunarnefndina.

10) Hið góða rekstrarsamstarf sem nú er á milli seðlabanka aðildarríkjanna og hagstofa aðildarríkjanna, og milli Hagstofu Evrópusambandsins og Evrópska seðlabankans, er ávinningur sem ætti að vernda og þróa frekar með það í huga að bæta heildarsamræmi og gæði þjóðhagslegra hagskýrslna, t.d. hagskýrslna um greiðslujöfnuð, hagskýrslna um fjárhagsmál, hagskýrslna um opinber fjármál og þjóðhagsreikninga. Seðlabankar aðildarríkjanna og hagstofur aðildarríkjanna eiga að halda áfram að taka virkan þátt í undirbúningi allra ákvarðana sem varða greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og hagskýrslur um beinar, erlendar fjárfestingar með þátttöku þeirra í viðeigandi sérfræðingahópum sem bera ábyrgð á greiðslujöfnuði, þjónustuviðskiptum við útlönd og hagskýrslum um beinar, erlendar fjárfestingar. Samstarfið milli evrópska hagskýrslukerfisins og seðlabankakerfis Evrópu (ESCB) er samræmt á skipulagssviði innan evrópska hagskýrsluvettvangsins sem komið var á fót samkvæmt viljayfirlýsingu um samvinnu milli aðila evrópska hagskýrslukerfisins og aðila seðlabankakerfis Evrópu sem var undirrituð 24. apríl 2013.

11) Framkvæmastjórnin ætti, í því skyni að styrkja enn frekar samstarfið milli evrópska hagskýrslukerfisins og seðlabankakerfis Evrópu, að biðja um álit hagskýrslunefndar um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð (CMFB) sem skipuð var með ákvörðun ráðsins 2006/856/EB ([3]), um öll mál sem falla undir valdsvið hennar, eins og getið er um í þeirri ákvörðun.

12) Hafa ætti, skv. 4. mgr. 127. gr. og 5. mgr. 282. gr. sáttmála um starfshætti Evrópusambandsins, samráð við seðlabanka aðildarríkjanna um fyrirhugaðar gerðir Sambandsins á sviðum innan valdsviðs þess.

13) Aðildarríkin ættu að láta í té gögnin, sem farið er fram á til að taka saman evrópskar hagskýrslur tímanlega, á viðeigandi sniði og af tilskildum gæðum að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beinar, erlendar fjárfestingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164).

([3]) Ákvörðun ráðsins 2006/856/EB frá 13. nóvember 2006 um að koma á fót hagskýrslunefnd um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð (Stjtíð. L 332, 30.11.2006, bls. 21).

14) Alþjóðlegt fjármagnsflæði hefur bæði aukist og orðið flóknara frá því að reglugerð (EB) nr. 184/2005 var samþykkt. Aukin notkun á félögum með sérstakan tilgang og lagalegum ráðstöfunum til að finna fjármagnsflæðinu farveg hefur gert eftirlit með slíku flæði erfiðara hvað það varðar að tryggja rekjanleika þeirra og til að forðast tvöfalt eða margfalt bókhald.

15) Því ætti að uppfæra reglugerð (EB) nr. 184/2005 í því skyni að bæta gagnsæi og sundurgreinanleika að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og hagskýrslur um beinar, erlendar fjárfestingar.

16) Aðildarríki ættu að nota allar viðkomandi og viðeigandi heimildir, þ.m.t. heimildir um stjórnsýslugögn á borð við fyrirtækjaskrár eða skrá evruhópsins, í því skyni að safna viðeigandi upplýsingum sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð. Einnig mætti auka gagnsæi með því að færa sér í nyt nýsköpun á borð við viðurkennt alþjóðlegt auðkenni lögaðila og einnig skrár yfir raunverulegt eignarhald, sem komið var á fót innan ramma tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ([1]).

17) Í því skyni að þróa hagskýrslur um beinar, erlendar fjárfestingar sem byggðar eru á hugtakinu um eiginlegt eignarhald og hagskýrslur um beinar, erlendar fjárfestingar sem greina á milli beinna, erlendra fjárfestinga í sprotafyrirtækjum og þeim sem leiða til yfirtöku á tilteknu tímabili en leiða ekki almennt til aukningar í fjárfestingu í aðildarríkjunum, ætti að þróa og efla viðeigandi aðferðafræði fyrir þessi svið. Þetta ætti að gera í samvinnu við viðkomandi hagsmunaaðila á borð við Efnahags- og framfarastofnunina, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og þróun.

18) Forkannanir ættu að skjóta stoðum undir skilyrðin, þ.m.t. aðferðafræðilegan ramma til að innleiða ný gagnasöfn um árlegar hagskýrslur um beinar, erlendar fjárfestingar og meta kostnað af tengdum gagnasöfnunum, við gæði hagskýrslnanna og einnig sambærileika á landsvísu. Niðurstöður þessara kannana ættu að verða viðfangsefni skýrslu sem framkvæmdastjórnin tekur saman og leggur fyrir Evrópuþingið og ráðið.

19) Framkvæmdastjórnin ætti að nota viðeigandi heimildir og valdheimildir sem kveðið er á um í 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009 í því skyni að tryggja gæði hagskýrslugagna sem aðildarríkin leggja fram.

20) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 184/2005 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 184/2005 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 2. gr.:

„3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 10. gr. þegar uppfæra þarf, í kjölfar efnahagslegra eða tæknilegra breytinga, landfræðilega sundurliðun, sundurliðun eftir haggeirum og sundurliðun eftir starfsemi, eins og sett er fram í 6., 7. og 8. töflu I. viðauka, að því tilskildu að slíkar uppfærslur hafi hvorki áhrif á skýrslugjafarbyrði né breyti viðeigandi undirliggjandi hugtakaramma.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 10. gr. þegar fella þarf niður eða lækka tilteknar kröfur um gagnaflæði í I. viðauka, að því tilskildu að slík niðurfelling eða skerðing dragi ekki úr gæðum hagskýrslna sem teknar eru saman í samræmi við þessa reglugerð.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að þessar framseldu gerðir auki ekki álag á aðildarríkin eða svarendurna við framkvæmd þessara valdheimilda.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).

Framkvæmdastjórnin skal enn fremur rökstyðja aðgerðirnar, sem kveðið er á um í þessum framseldu gerðum þar sem hagkvæmni er athuguð, eftir því sem við á, þ.m.t. fyrirhöfn svarenda og kostnaður við gerðina í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum, til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (Stjtíð. ESB. L 87, 31.3.2009, bls. 164).“

2) Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Gæðaviðmiðanir og -skýrslur

1. Í reglugerð þessari gildir gæðaviðmiðunin, sem greint er frá í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009, fyrir öll gögn sem afhenda skal í samræmi við 5. gr. þessarar reglugerðar.

2. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) í té skýrslu um gæði gagnanna sem er skilað („gæðaskýrslu“).

3. Framkvæmdastjórnin skal, við beitingu þeirra viðmiðana um gæðamat sem um getur í 1. mgr., á gögnin sem þessi reglugerð tekur til, skilgreina tilhögun, uppbyggingu og tíðni gæðaskýrslna með framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

4. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal meta gæði gagnanna sem send hafa verið á grundvelli viðeigandi greiningar á gæðaskýrslunum með hjálp nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið sem um getur i 1. mgr. 11. gr. og skal taka saman og birta skýrslu um gæði evrópskra hagskýrslna sem falla undir þessa reglugerð. Leggja skal þessa skýrslu fram fyrir Evrópuþingið og ráðið í upplýsingaskyni.

5. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) um meiriháttar breytingar á aðferðafræði eða annars konar breytingar sem gætu haft áhrif á innsend gögn eigi síðar en þremur mánuðum eftir að slíkar breytingar taka gildi. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu og öðrum aðildarríkjum um slík samskipti.“

3) Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

Gagnaflæði

1. Flokka skal hagskýrslurnar sem á að taka saman fyrir sendingu til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) samkvæmt gagnaflæði sem eru:

a) mánaðarlegar tölur um greiðslujöfnuð,

b) ársfjórðungslegar tölur um greiðslujöfnuð,

c) þjónustuviðskipti við útlönd,

d) beint, erlent fjárfestingaflæði,

e) staða beinnar, erlendrar fjárfestingar.

2. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) og aðildarríkin skulu, í samvinnu við viðkomandi alþjóðlega samstarfsaðila, þróa viðeigandi aðferðafræði til að taka saman hagskýrslur um beinar, erlendar fjárfestingar sem byggðar eru á hugtakinu um eiginlegt eignarhald, til viðbótar við meginregluna um nánasta mótaðila og hagskýrslur um beina, erlenda fjárfestingu sem greinir á milli beinnar, erlendrar fjárfestingar í sprotafyrirtækjum og þeim sem leiða til yfirtöku.

3. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, eigi síðar en 20. júlí 2018, hrinda af stað frumkönnunum sem aðildarríki munu framkvæma að því er varðar árlegar hagskýrslur um beinar, erlendar fjárfestingar sem byggðar eru á hugtakinu um eiginlegt eignarhald og hagskýrslum um beina, erlenda fjárfestingu sem greinir á milli beinnar, erlendrar fjárfestingar í sprotafyrirtækjum og þeim sem leiða til yfirtöku. Tilgangur þessara kannana skal vera sá að setja skilyrði, þ.m.t. aðferðafræðilegan ramma til að innleiða ný gagnasöfn um árlegar hagskýrslur um beinar, erlendar fjárfestingar og meta kostnað af tengdum gagnasöfnum, innbyggðum gæðum hagskýrslnanna og einnig sambærileika á landsvísu.

4. Sambandinu er heimilt að veita aðildarríkjunum fjárhagsstuðning í formi styrkja, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 (*), í því skyni að greiða fyrir framkvæmd kannana þeirra sem um getur í 3. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal taka saman skýrslu um niðurstöður kannana þeirra sem um getur í 3. mgr. eigi síðar en 20. júlí 2019. Framsenda skal skýrslu þessa til Evrópuþingsins og ráðsins og, eftir því sem við á, greina eftirstandandi skilyrði sem þarf að uppfylla til að geta þróað aðferðafræðina sem um getur í 2. mgr.

6. Fela skal framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 10. gr. í því skyni að lengja skilafrest skýrslunnar sem mælt er fyrir um í 5. mgr. þessarar greinar um 12 mánuði, þegar mat framkvæmdastjórnarinnar á frumkönnuninni, sem um getur í þeirri málsgrein, kveður á um að viðeigandi sé að auðkenna eftirstandandi skilyrði.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að þessar framseldu gerðir auki ekki álag á aðildarríkin eða svarendurna við framkvæmd þessara valdheimilda.

Framkvæmdastjórnin skal enn fremur rökstyðja aðgerðirnar sem kveðið er á um í þessum framseldu gerðum, þar sem, eftir því sem við á, athuga skal hagkvæmni, þ.m.t. fyrirhöfn svarenda og kostnaður við gerðina í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.

7. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á og eigi síðar en 12 mánuðum frá útgáfudegi skýrslunnar sem um getur í 5. mgr., koma fram með tillögur þar sem hún byggir einkum á mati framkvæmdastjórnarinnar á niðurstöðum frumkönnunarinnar sem um getur í 3. mgr., um viðbætur við þessa reglugerð í því skyni að skilgreina kröfur um aðferðafræði og gögn fyrir samantekt árlegu hagskýrslnanna um beinar, erlendar fjárfestingar um hugtakið eiginlegt eignarhald og hagskýrslum um beina, erlenda fjárfestingu sem greinir á milli beinnar, erlendrar fjárfestingar í sprotafyrirtækjum og þeim sem leiða til yfirtöku.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 (Stjtíð. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1).“

4) Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

Miðlun

1. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal miðla evrópskum hagskýrslum sem teknar eru saman samkvæmt þessari reglugerð með sams konar tíðni og tilgreind er í I. viðauka. Gera skal hagskýrslur þessar tiltækar á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins).

2. Aðildarríki og framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skulu sjá um miðlun gagna og lýsigagna sem krafist er í þessari reglugerð í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009 og með fyrirvara um vernd trúnaðarkvaða í hagskýrslum og einnig nákvæmrar aðferðafræði sem notuð var við samantektina.“

5) Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

Beiting framsals

1. Fela skal framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Fela skal framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 3. mgr. 2. gr. og 6. mgr. 5. gr., í fimm ár frá 19. júlí 2016. Fela skal framkvæmdastjórninni að taka saman skýrslu um valdaframsal eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framlengja skal valdaframsalið með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsal sem um getur í 3. mgr. 2. gr. og 6. mgr. 5. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmæti framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Framkvæmdastjórnin skal, áður en framseld gerð er samþykkt, hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 (*).

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún jafnhliða tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 3. mgr. 2. gr. og 6. mgr. 5. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

(*) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.“

6) Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 223/2009. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 (*).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).“

7) Í stað 12. gr. komi eftirfarandi:

„12. gr.

Skýrslur um framkvæmd

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 28. febrúar 2018 og síðan á fimm ára fresti, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þessarar reglugerðar.

Í þeirri skýrslu skal einkum:

a) leggja mat á gæði gagna um greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beinar, erlendar fjárfestingar,

b) leggja mat á þann ávinning sem Sambandið, aðildarríkin og veitendur og notendur tölfræðilegra upplýsinga hafa af gerð hagskýrslna, miðað við kostnað,

c) greina svið þar sem umbóta og breytinga, sem teljast nauðsynlegar í ljósi fenginna niðurstaðna, kann að vera þörf.“

8) Eftirfarandi grein bætist við:

„12. gr. a

Samstarf við aðrar nefndir

Framkvæmdastjórnin skal, í öllum málum sem falla undir valdsvið hagskýrslunefndar um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 2006/856/EB (*), krefjast álits þeirrar nefndar í samræmi við ákvæði þeirrar ákvörðunar.

(*) Ákvörðun ráðsins 2006/856/EBE frá 13. nóvember 2006 um að koma á fót hagskýrslunefnd um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð (Stjtíð. ESB L 332, 30.11.2006, bls. 21).“

9) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 8. júní 2016.

Fyrir Evrópuþingið,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	A.G. KOENDERS
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 184/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í stað inngangstexta við töflu 2 komi eftirfarandi:

„Tíðni: Ársfjórðungslega

Fyrsta viðmiðunartímabil: Fyrsti ársfjórðungur ársins 2014

Frestur T+85 frá 2014 til 2016; T+82 frá 2017 ([2])

([2]) Umbreytingin til T+82 skal ekki vera lögboðin fyrir aðildarríki sem eru ekki aðilar að Myntbandalaginu.“

2) Í töflu 2 í E-hluta, „Staða alþjóðlegra fjárfestinga“, kemur eftirfarandi í stað „Fjármálaafleiður (aðrar en gjaldeyrisvarasjóðir) og forkaupsréttur starfsmanna á hlutabréfum“:

„Fjármálaafleiður (aðrar en gjaldeyrisvarasjóðir) og forkaupsréttur starfsmanna á hlutabréfum Eftir innlendum geirum (geiri 2)	Geo 2 ([1])			Geo 2 ([1])			Geo 2 ([1])“

3) Töflu 4.1 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi kemur í stað færslunnar „Beinar fjárfestingar erlendis (DIA) — Viðskipti“:

„Beinar fjárfestingar erlendis (DIA) — Viðskipti	Geo 6	**Geo 6** (*)	**Geo 6** (*)“

b) Eftirfarandi kemur í stað færslunnar „Beinar fjárfestingar í reikningsskilahagkerfinu (DIRE) — Viðskipti“:

„Beinar fjárfestingar í reikningsskilahagkerfinu (DIRE) — Viðskipti	Geo 6	**Geo 6** (*)	**Geo 6** (*)“

c) Eftirfarandi neðanmálsgrein bætist við:

„(*) Geo 6: Geo 6 feitletrað, skyldubundið frá og með viðmiðunarárinu 2015.“

4) Töflu 4.2 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi kemur í stað færslunnar „Beinar fjárfestingar erlendis (DIA) — Tekjur“:

„Beinar fjárfestingar erlendis (DIA) — Tekjur	Geo 6	**Geo 6** (*)	**Geo 6** (*)“

b) Eftirfarandi kemur í stað færslunnar „Beinar fjárfestingar í reikningsskilahagkerfinu (DIRE) — Tekjur“:

„Beinar fjárfestingar í reikningsskilahagkerfinu (DIRE) — Tekjur	Geo 6	**Geo 6** (*)	**Geo 6** (*)“

c) Eftirfarandi neðanmálsgrein bætist við:

„(*) Geo 6: Geo 6 feitletrað, skyldubundið frá og með viðmiðunarárinu 2015.“

5) Töflu 5.1 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi kemur í stað færslunnar „Beinar fjárfestingar erlendis (DIA)“:

„Beinar fjárfestingar erlendis (DIA)	Geo 6	**Geo 6** (*)	**Geo 6** (*)“

b) Eftirfarandi kemur í stað færslunnar „Beinar fjárfestingar í reikningsskilahagkerfinu (DIRE)“:

„Beinar fjárfestingar í reikningsskilahagkerfinu (DIRE)	Geo 6	**Geo 6** (*)	**Geo 6** (*)“

c) Eftirfarandi neðanmálsgrein bætist við:

„(*) Geo 6: Geo 6 feitletrað, skyldubundið frá og með viðmiðunarárinu 2015.“

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2309 **2017/EES/24/64**

frá 16. desember 2016

um fjórðu aðlögun á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum ([1]), einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB er vísað til ákvæða, sem sett eru fram í alþjóðasamningum um flutninga á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum eins og skilgreint er í 2. gr. þeirrar tilskipunar.

2) Ákvæði þessara alþjóðasamninga eru uppfærð á tveggja ára fresti. Því skulu síðustu, breyttar útgáfur þessara samninga gilda frá og með 1. janúar 2017, með umbreytingarfresti til 30. júní 2017.

3) Því ætti að breyta þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutning á hættulegum farmi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2008/68/EB

Tilskipun 2008/68/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað þáttar I.1 í I. viðauka komi eftirfarandi:

„I.1. ADR-samningurinn

Viðaukar A og B við ADR-samninginn, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2017, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

2. Í stað þáttar II.1 í II. viðauka komi eftirfarandi:

„II.1. RID-reglurnar

Viðauki við RID-reglurnar, sem birtar eru í viðbæti C við samninginn um millilandaflutninga með járnbrautum (COTIF), í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2017, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 345 20.12.2016, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13.

3. Í stað þáttar III.1 í III. viðauka komi eftirfarandi:

„III.1. ADN-samningurinn

Reglur sem fylgja með í viðauka við ADN-samninginn, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2017, og einnig f-liður 3. gr., h-liður 3. gr., 1. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 8. gr. ADN-samningsins, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2017. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríki samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.